1. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [1. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Geir H. Haarde, Valgerður Sverrisdóttir, Svavar Gestsson,
Rannveig Guðmundsdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir.

1. gr.

63. gr. verður svohljóðandi:

Allir eiga rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Þó má ekki kenna eða fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu.

2. gr.

64. gr. verður svohljóðandi:

Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri þegnskyldu.

Öllum er frjálst að standa utan trúfélaga. Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild að.

Nú er maður utan trúfélaga og greiðir hann þá til Háskóla Íslands gjöld þau sem honum hefði ella borið að greiða til trúfélags síns. Breyta má þessu með lögum.

3. gr.

65. gr., sem verður upphafsgrein VII. kafla, verður svohljóðandi:

Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.

4. gr.

66. gr. verður svohljóðandi:

Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti. Með lögum má þó ákveða að maður missi þann rétt ef hann öðlast með samþykki sínu ríkisfang í öðru ríki. Útlendingi verður aðeins veittur íslenskur ríkisborgararéttur samkvæmt lögum.

Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi.

Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómara. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku.

Allir, sem dveljast löglega í landinu, skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum.

5. gr.

67. gr. verður svohljóðandi:

Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum.

Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess.

Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem þyngri refsing liggur við en fésekt eða varðhald. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur, en telji dómari fært að láta hann lausan gegn tryggingu skal ákveða í dómsúrskurði hver hún eigi að vera.

Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus.

Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta.

6. gr.

68. gr. verður svohljóðandi:

Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi.

7. gr.

69. gr. verður svohljóðandi:

Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en heimiluð voru í lögum þá er háttsemin átti sér stað.

Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu.

8. gr.

70. gr. verður svohljóðandi:

Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila.

Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.

9. gr.

71. gr. verður svohljóðandi:

Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.

Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.

10. gr.

72. gr. verður svohljóðandi:

Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.

Með lögum má takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi.

11. gr.

73. gr. verður svohljóðandi:

Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar.

Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.

Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðisheföum.

12. gr.

74. gr. verður svohljóðandi:

Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi.

Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.

Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglunni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni ef uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir.

13. gr.

75. gr. verður svohljóðandi:

Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess.

Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu.

14. gr.

76. gr. verður svohljóðandi:

Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika.

Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi.

Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.

15. gr.

77. gr. verður svohljóðandi:

Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.

Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.

16. gr.

78. gr. verður svohljóðandi:

Sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða.

Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta, sem er samhljóða frumvarpi sem flutt var af Geir H. Haarde, Finni Ingólfssyni, Sigbirni Gunnarssyni, Ragnari Arnalds og Kristínu Ástgeirsdóttur og samþykkt var á síðasta þingi, er nú flutt að nýju, sbr. 79. gr. stjórnarskrárinnar, af fulltrúum allra þingflokka.

2. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [2. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, með síðari breytingum.

Flm.: Geir H. Haarde, Valgerður Sverrisdóttir, Svavar Gestsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir.

1. gr.

43. gr. orðast svo:

Endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja skal fara fram á vegum Alþingis og í umboði þess eftir nánari fyrirmælum í lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Umboð þingkjörinna yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fellur úr gildi er þeir hafa lokið skoðun sinni á ríkisreikningi fyrir árið 1994.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 31. og 45. gr. stjórnarskrárinnar skulu næstu reglulegar alþingiskosningar fara fram annan laugardag í maí 1999 nema Alþingi hafi áður verið rofið.

Greinargerð.

Frumvarp þetta, sem er samhljóða frumvarpi sem flutt var af Geir H. Haarde, Finni Ingólfssyni, Sigbirni Gunnarssyni, Ragnari Arnalds og Jónu Valgerði Kristjánsdóttur og samþykkt var á síðasta þingi, er nú flutt að nýju, sbr. 79. gr. stjórnarskrárinnar, af fulltrúum allra þingflokka.

3. Frumvarp til laga [3. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 119. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Innflutningur til landsins á vínanda og áfengi, sem í er meira en 2,25% af vínanda að rúmmáli, fer eftir ákvæðum áfengislaga.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja inn frá útlöndum tóbak, hvort heldur er unnið eða óunnið, og til hvers sem það er ætlað.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Orðin „í því skyni að afla ríkissjóði tekna“ í 1. mgr. falla brott.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal einni heimil starfræksla tóbaksgerðar.
c. 3. mgr. orðast svo:
   Fjármálaráðherra er heimilt að veita leyfi til heildsölu með áfengi, svo og framleiðslu áfengra drykkja, enda sé slík framleiðsla og sala ætluð til útflutnings eða sölu til aðila sem hafa heimild samkvæmt ákvæðum áfengislaga til að selja áfengi.
d. 4. mgr. orðast svo:
   Fjármálaráðherra er heimilt að setja skilyrði fyrir því að leyfi sé veitt til framleiðslu áfengis og kveða á um eftirlit.

3. gr.

1. málsl. 5. gr. laganna orðast svo: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins selur áfengi innan lands, sbr. 11. gr. áfengislaga.

4. gr.

7. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Leggja skal hald á vörur þær sem lög þessi taka til og inn eru fluttar eða framleiddar í heimildarleysi. Innfluttar vörur skulu afhentar Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins til ráðstöfunar.

6. gr.

Í stað orðanna „áfengi, tóbak og lyf“ í fyrirsögn laganna kemur: áfengi og tóbak.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1995.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með þessu frumvarpi er lagt til að einkaréttur ríkisins til innflutnings á áfengi verði afnuminn. Frumvarpið er í meginatriðum samhljóða frumvarpi sem lagt var fram sem stjórnarfrumvarp á síðasta þingi en tókst ekki að afgreiða fyrir þinglok.

Þau rök, sem voru færð fyrir einkarétti ríkisins til innflutnings og heildsölu á áfengi, voru að með þeim hætti mætti afla ríkissjóði tryggra tekna í formi vínandagjalda af vörum þessum, auk þess sem líklegt þótti að slíkt fyrirkomulag tryggði betur en ella hagstæðari innkaup á vörunum til landsins. Einnig var á það bent að með einkaréttinum væri mun auðveldara að annast eftirlit með innflutningi á áfengi þar sem honum mætti aðeins einn aðili sinna með löglegum hætti.

Telja verður að framangreind rök eigi ekki lengur við um innflutning og heildsölu áfengis. Afla má ríkissjóði sömu tekna og hann hefur af vínandagjöldum með öðrum hætti en þeim að ríkið hafi einkarétt á innflutningi og dreifingu umræddra vara í heildsölu. Teknanna má einfaldlega afla með innflutningsgjöldum og sambærilegum gjöldum af innlendri framleiðslu, sé um hana að ræða, á sama hátt og tíðkast varðandi innheimtu ýmissa annarra óbeinna skatta. Möguleikar til eftirlits með ólögmætum innflutningi og sölu áfengis verða ekkert síðri við þessa breytingu.

Í frumvarpi til laga um gjald af áfengi, sem flutt er samhliða frumvarpi þessu, er gerð grein fyrir því, að þessi breyting mun ekki hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs af áfengi. Gjald af áfengi breytist úr vínandagjaldi, sem nú er ákveðið af fjármálaráðherra, í áfengisgjald sem verður bundið í lögum og verður innheimt við tollafgreiðslu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að felld séu úr gildi öll ákvæði er varða einkarétt ríkisins til innflutnings á áfengi. Jafnframt skilgreinir frumvarpið hverjir hafa heimild til að endurselja það áfengi sem flutt er til landsins. Með vísan til þessa þykir ekki ástæða til að fjölyrða frekar um efni þess, en hins vegar er vísað til frumvarps um gjald af áfengi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er opnað fyrir þann möguleika að aðrir aðilar en Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins geti flutt áfengi til landsins. Samkvæmt greininni fer það eftir ákvæðum áfengislaga hverju sinni hvernig heimildir til innflutnings á áfengi eru. Gert er ráð fyrir að öllum verði heimilt að flytja til landsins áfengi en hins vegar verði einungis tilteknum aðilum heimilt að endurselja það. Þeir sem mega endurselja áfengi, sem flutt er til landsins, til neytenda verða Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, veitingastaðir sem hafa rétt til að selja áfengi svo og læknar og lyfsalar sem hafa rétt til lyfjasölu. Þá verður inn-

flytjendum og heildsölum, sem hafa tilskilin leyfi, heimilt að endurselja áfengi til veitingastaða og Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

Um 2. og 3. gr.

Í þessum greinum eru lagðar til breytingar sem miða að því að afnema einkarétt Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins til að flytja inn áfengi til sölu innan lands og til endursölu til þeirra sem hafa vínveitingaleyfi eða hafa leyfi til að framleiða áfengi innan lands.

Um 4. gr.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að ekki verði lengur gerð sú krafa að allar vörur, sem Áfengis- og tóbaksverslun selur, skuli merktar með nafni verslunarinnar eða merki hennar. Þetta kemur þó ekki í veg fyrir það að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins taki ákvörðun um að vörurnar verði merktar með einhverjum hætti.

Um 5. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skylt að taka við áfengi sem framleitt er í heimildarleysi, þ.e. bruggi og gambra. Lagt er til að þessi skylda verði afnumin enda fellur það ekki að annarri starfsemi áfengisverslunarinnar að annast geymslu á slíkum varningi fyrir lögregluyfirvöld. Fer þá um það áfengi eftir almennum reglum.

Um 6. og 7. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru gerðar breytingar á lögunum um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, sem fela í sér afnám á einkarétti ríkisins til innflutnings á áfengi. Samkvæmt frumvarpinu verður öllum heimilt að flytja inn áfengi til landsins til endursölu og einkanota. Þó verður aðeins heimilt að endurselja áfengið til ákveðinna aðila. Þeir sem samkvæmt frumvarpi þessu mega kaupa áfengi, sem flutt er til landsins, eru Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, veitingastaðir með vínveitingaleyfi, læknar og lyfsalar sem hafa rétt til lyfsölu. Samkvæmt frumvarpinu er ekki lengur gert ráð fyrir að öll sala á áfengi innan lands fari í gegnum ÁTVR. Lagt er til að innflytjendur og framleiðendur áfengis geti selt áfengi til ÁTVR og til vínveitingahúsa með almennt vínveitingaleyfi. Ekki er gerð breyting á fyrirkomulagi smásöluverslunar þannig að ÁTVR verður áfram með einkaleyfi á smásöluverslun innan lands.

Samhliða þeim breytingum sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi verður flutt frumvarp þar sem gerðar eru samsvarandi breytingar á áfengislögum, nr. 82/1969. Í tengslum við ofangreind frumvörp verður jafnframt flutt frumvarp til laga um gjald á áfengi þar sem gerðar verða breytingar á fyrirkomulagi í innheimtu opinberra gjalda á áfengi.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarp þetta hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð. Áætlað er að beinar tekjur ríkissjóðs lækki um u.þ.b. 50 millj. kr. Á móti þeirri lækkun ættu að koma nokkuð auknar tekjur af framleiðslu- og innflutningsstarfsemi einkaaðila. Í heild er því gert ráð fyrir að breyting sú sem lögð er fram í frumvarpi þessu hafi ekki teljanleg áhrif á tekjur ríkissjóðs.

4. Frumvarp til laga [4. mál]

um gjald af áfengi.

(Lagt fyrir Alþingi á 119. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Greiða skal til ríkissjóðs sérstakt gjald, áfengisgjald, af áfengi samkvæmt lögum þessum.

Áfengi samkvæmt lögum þessum telst hver sá vökvi sem í er meira en 2,25% af vínanda að rúmmáli. Áfengismagn og áfengisinnihald skal ákveða við 20°C.

2. gr.

Gjaldskyldir samkvæmt lögum þessum eru allir þeir sem flytja inn eða framleiða áfengi hér á landi til sölu eða vinnslu.

Gjaldskyldir eru enn fremur þeir sem flytja með sér til landsins áfengi til eigin nota, svo og þeir sem fá sent áfengi erlendis frá án þess að það sé til sölu eða vinnslu.

3. gr.

Gjald þeirra sem gjaldskyldir eru skv. 1. mgr. 2. gr. skal vera 58,10 kr. á hvern sentilítra af vínanda umfram 2,25 sentilítra í hverjum lítra áfengis.

4. gr.

Af innflutningi þeirra sem gjaldskyldir eru skv. 2. mgr. 2. gr. skal greiða gjald sem hér segir af hverjum lítra hins áfenga drykkjar:

Öl með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli	300 kr.
Vín með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli	600 kr.
Aðrir áfengir drykkir:	
— með 22% af hreinum vínanda að rúmmáli eða minna	1.200 kr.
— með yfir 22% til og með 32% af hreinum vínanda að rúmmáli	1.800 kr.
— með yfir 32% til og með 40% af hreinum vínanda að rúmmáli	2.400 kr.
— með yfir 40% til og með 50% af hreinum vínanda að rúmmáli	3.000 kr.
— með yfir 50% til og með 60% af hreinum vínanda að rúmmáli	3.600 kr.
— með yfir 60% af hreinum vínanda að rúmmáli	7.000 kr.

5. gr.

Þeir sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr. 2. gr. skulu ótilkvaddir senda tilkynningu um starfsemi sína til skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir. Þeir sem hefja gjaldskylda starfsemi skulu senda tilkynningu áður en starfsemin hefst.

Í tilkynningu skal tilgreina nafn, firmanafn, heimili og kennitölu rekstraraðila og hvers konar framleiðslu eða innflutning sé um að ræða.

Skattstjórar skulu hver í sínu umdæmi halda skrár yfir alla þá sem sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr. 2. gr. laga þessara.

Fjármálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um upplýsingaskyldu þeirra sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr. 2. gr., svo og skyldu þeirra til að halda framleiðslu- og birgðabókhald.

6. gr.

Gjald af innfluttu áfengi skal greitt við tollafgreiðslu þess. Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að veita gjaldfrest á áfengisgjaldi við innflutning í allt að tvær vikur enda séu settar fullnægjandi tryggingar.

Af áfengi, sem framleitt er innan lands til sölu þar, reiknast gjald við sölu eða afhendingu vörunnar frá verksmiðju eða framleiðanda til kaupanda og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla fer fram.

Þeir sem skyldir eru til að innheimta gjald skv. 1. mgr. skulu ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því þar sem þeir eru heimilisfastir áfengisgjald sem þeim ber að standa skil á. Greiðslu skal fylgja skýrsla á þar til gerðu eyðublaði um hina gjaldskyldu sölu.

Hvert uppgjörstímabil vegna gjaldskyldrar innlendrar framleiðslu er tvær vikur. Gjaldagi er annar virkur dagur eftir lok uppgjörstímabils.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um innheimtu áfengisgjalds, þar á meðal um tryggingar fyrir skilum á gjaldi skv. 1. og 2. mgr.

7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að ákveða að áfengisgjald skuli fellt niður eða endurgreitt í eftirtöldum tilvikum:

1. Við sölu áfengis úr landi.
2. Við innflutning og sölu á áfengi til fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli.
3. Við innflutning og sölu á áfengi til aðila sem njóta skattfrelsis hér á landi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og aðila sem ríkisstjórn ákveður.
4. Við innflutning og sölu á áfengi til framleiðslu á vörum sem eru gjaldskyldar samkvæmt lögum þessum til framleiðenda sem hafa leyfi til að selja áfengi skv. 3. tölul. 1. mgr. 11. gr. áfengislaga.
5. Af áfengi að tilteknu hámarki sem ferðamenn og farmenn hafa með sér inn í landið til eigin nota.

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka gjald á áfengi sem flutt er inn eða selt til tollfrjálsra verslana og tollfrjálsra forðageymslna, svo og lækna og lyfsala vegna áfengis sem talið er upp í lyfjaskrá og selt er sem lyf, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 11. gr. áfengislaga, og áfengis sem selt er skv. 8. tölul. 1. mgr. 11. gr. sömu laga svo og að endurgreiða gjald sem áður hafði verið innheimt af áfengi, sem ráðstafað er samkvæmt þessari grein eða er endursent úr landi.

8. gr.

Áfengisgjald skv. 3. og 4. gr. er grunngjald sem fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að víkja frá um allt að 5% til hækkunar eða lækkunar.

9. gr.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um gjaldskyldu, gjaldfrelsi, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, lögvernd, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi gjald af innfluttu áfengi samkvæmt lögum þessum skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði tollalaga.

Að því leyti sem ekki eru ákvæði í lögum þessum um álagningu, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, stöðvun atvinnurekstrar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi gjald samkvæmt lögum þessum af áfengi, sem er framleitt eða unnið að einhverju leyti hér á landi, skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði laga um virðisaukaskatt og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim lögum, svo og ákvæði laga um vörugjald.

10. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1995.

Ákvæði til bráðabirgða.

Greiða skal áfengisgjald samkvæmt lögum þessum af framleiðslubirgðum og ótollafgreiddum innflutningsvörum 1. júlí 1995.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er í meginatriðum samhljóða frumvarpi sem lagt var fram á síðasta þingi en ekki tókst að afgreiða fyrir þinglok. Það frumvarp hafði þó verið afgreitt af efnahags- og viðskiptanefnd þar sem meiri hluti nefndarinnar mælti með samþykkt þess.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tekið verði upp nýtt gjald er leggja skal á allt áfengi. Gjaldinu er ætlað að koma í stað vínandagjalds af áfengi og er eins og það föst krónutala á hreinan vínanda í áfengi umfram tiltekið mark. Þessi breyting kemur í kjölfar afnáms á einkaleyfi ÁTVR til innflutnings á áfengi. Þessi breyting er aðlögun að þeim viðskiptaháttum sem tíðkast í nágrannaríkjum okkar og liður í að uppfylla þær skuldbindingar sem gerðar hafa verið í milliríkjasamningum.

Við núverandi aðstæður er talið eðlilegra og einfaldara fyrir ríkið að afla þeirra tekna af áfengissölu, sem taldar eru æskilegar á hverjum tíma, með því að leggja skatt á innflutning þess og framleiðslu í stað þess að fá tekjurnar sem hagnað af starfsemi einkasöluaðila.

Meginhluti af tekjum ríkissjóðs vegna sölu áfengis er sá hluti álagningar ÁTVR sem kallaður hefur verið vínandagjald. Gjaldið er föst krónutala á hvert prósentustig af vínanda að rúmmáli sem er umfram 2,25%. ÁTVR hefur auk þess verðtengdan álagningarþátt sem til þessa hefur skilað tekjum er nægt hafa til að standa undir heildsölu- og smásölukostnaði við dreifingu og sölu áfengis.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tekna ríkissjóðs af sölu áfengis verði fyrst og fremst aflað með gjaldi á áfengi á sama hátt og tíðkast um ýmsar vörur, sem bera vörugjald. Gert er ráð fyrir að þetta gjald, líkt og vínandagjaldið nú, verði föst krónutala á hvern sentilítra af vínanda sem er umfram 2,25 sentilítra í hverjum lítra áfengis. Eftir þessa breytingu mun ÁTVR verða með álagningu á áfengissölu sem standa á straum af kostnaði fyrirtækisins og skila hæfilegum arði af því og fjárfestingum þess. Ekki er gert ráð fyrir að settar verði reglur um heildsölu- og smásöluálagningu ÁTVR fremur en annarra sem annast sölu áfengis. Áfengi verður áfram virðisaukaskattsskylt.

Ekki er gert ráð fyrir að breytingar þessar leiði til breytinga á meðalverði áfengis hjá ÁTVR. Eðlilegt er að álagning ÁTVR byggist hér eftir á almennum rekstrar- og hagnaðarsjónarmiðum og ráðist m.a. af þeim kostnaði sem verslunin hefur af viðkomandi vöru. Má því gera ráð fyrir að breyttar álagningarreglur ÁTVR leiði til einhverra breytinga á verðhlutföllum.

Breytingarnar, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, munu hafa talsverð áhrif á starfsemi ÁTVR. Hlutverk ÁTVR sem innheimtuaðila á gjöldum ríkissjóðs verður afnumið. Meginhluti tekna ríkissjóðs af sölu áfengis verður innheimtur af öðrum innheimtuaðilum. Greiðslur ÁTVR til ríkissjóðs verða eingöngu í formi arðgreiðslna af reglulegri starfsemi. Tekjur ríkissjóðs í milljónum króna af áfengissölu á árinu 1994 voru sem hér segir:

Innkaupsverð ÁTVR á áfengi	1.315
Vínandaskattur	4.100
Álagning	610
Heildartekjur	6.025
Frá dregst:	
Innkaupsverð ÁTVR á áfengi	1.315
Rekstrarkostnaður	400
Hagnaður	4.310

Gert er ráð fyrir að það gjald sem ríkissjóður leggur á áfengi verði 58,10 kr. á hvern sentilítra af vínanda sem er umfram 2,25 sentilítra í hverjum lítra áfengis. Þegar um er að ræða innflutning einstaklinga til eigin nota er gert ráð fyrir að gjaldtakan verði nokkuð einfaldari og þá miðuð við tiltekið gjald á áfengislítra, mismunandi eftir tegundum og styrkleika.

Miðað við sölu síðasta árs mundi áfengisgjald skila um 4.100 millj. kr. til ríkissjóðs. Um 20% af sölu ÁTVR er nú til veitingahúsa. Í kjölfar frjáls innflutnings mun væntanlega draga úr sölu ÁTVR til veitingahúsa. Sé gert ráð fyrir að helmingur hennar færist til einkaaðila og heildsöluálagning ÁTVR verði helmingur heildarálagningar hennar má lauslega áætla breyttar tekjur ÁTVR og ríkissjóðs í milljónum króna þannig:

Innkaupsverð ÁTVR á áfengi	1.185
Álagning	550
Heildartekjur	1.735
Frá dregst:	
Innkaupsverð ÁTVR á áfengi	1.185
Rekstrarkostnaður	390
Hagnaður ÁTVR	160
Áfengisgjald af framleiðslu og innflutningi	4.100
Hagnaður ÁTVR og áfengisgjald samtals	4.260

Samkvæmt framangreindu má því áætla að beinar tekjur ríkisins af áfengissölu lækki um u.þ.b. 50 millj. kr. Á móti þeirri lækkun ættu að koma nokkuð auknar tekjur af framleiðslu- og innflutningsstarfsemi einkaaðila. Í heild er því gert ráð fyrir að breyting sú, sem lögð er til í þessu frumvarpi, hafi ekki teljanleg áhrif á tekjur ríkissjóðs.

Með vísan til þessa er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir að frá og með 1. júlí 1995 afli ríkissjóður tekna af sölu áfengis með sérstöku gjaldi, áfengisgjaldi, sem leggst á allt innflutt áfengi, svo og innlenda áfengisframleiðslu. Um leið leggst niður vínandagjald á áfengi.

Að öðru leyti vísast nánar til athugasemda við einstakar greinar hér á eftir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er lagt til að gjald á áfengi verði lögbundið í stað þess að vera háð ákvörðun fjármálaráðherra á hverjum tíma eins og nú er.

Gert er ráð fyrir að áfengisgjald verði með sama hætti og vörugjald, sbr. lög nr. 97/1987, með síðari breytingum, að öðru leyti en því að áfengisgjald verður magngjald, þ.e. visst gjald á hvern sentilítra af hreinum vínanda, en vörugjaldið er verðgjald, þ.e. er lagt á tiltekið verð vöru. Innflutningur áfengis og innlend framleiðsla verða gjaldskyld með sama hætti.

Um 2. gr.

Í grein þessari er kveðið á um hverjir skuli gjaldskyldir, þ.e. hverjum beri að greiða gjaldið til ríkissjóðs. Eru það annars vegar þeir sem eru með atvinnustarfsemi, þ.e. flytja inn áfengi til endursölu hér á landi eða stunda framleiðslu hér á landi. Hins vegar verða gjaldskyldir þeir sem flytja áfengi með sér inn í landið til eigin nota eða fá það sent erlendis frá án þess að það sé ætlað til sölu eða vinnslu. Getur þar verið um að ræða ferðamenn og farmenn sem heimild hafa til að taka með sér áfengi til landsins til eigin nota og einstaklinga sem fá áfengi sent í sama skyni sem gjöf eða gegn endurgjaldi.

Um 3. gr.

Í greininni er kveðið á um fjárhæð þess áfengisgjalds sem þeir skulu greiða sem flytja inn eða framleiða áfengi til sölu hjá þeim aðilum sem rétt hafa til að stunda smásölu á áfengi, þ.e. ÁTVR og veitingahús með vínveitingaleyfi. Gjaldið er ákveðið 58,10 kr. á hvern sentilítra af hreinum vínanda umfram 2,25% af vínanda í áfenginu. Fjárhæð þessi er hin sama og sá „vínandaskattur“ sem nú er hluti af álagningarreglum ÁTVR.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um gjald á það áfengi sem einstaklingar flytja til landsins til eigin nota í samræmi við heimild í áfengislögum, sbr. 2. mgr. 2. gr. Gjald þetta kemur í stað svokallaðs einkaleyfisgjalds sem nú er lagt á innflutning einstaklinga ef hann er umfram það sem ferðamönnum og farmönnum er heimilt að taka með sér án gjalds. Einkaleyfisgjaldið er einnig lagt á áfengi sem einstaklingar fá sent með pósti eða öðrum hætti og þeir fá afhent með heimild ÁTVR.

Auk áfengisgjaldsins greiðist virðisaukaskattur af verði vörunnar að gjaldinu meðtöldu.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldu gjaldskyldra aðila til að tilkynna starfsemi sína til skattstjóra sem halda eiga skrár yfir framleiðsluaðila og þá sem flytja inn áfengi til endursölu. Þá er gert ráð fyrir að í reglugerð verði sett ákvæði um birgðabókhald gjaldskyldra aðila sem nauðsynlegt er til að tryggja eftirlit með skattskilum.

Um 6. gr.

Í grein þessari er fjallað um innheimtu áfengisgjalds. Er gert ráð fyrir að gjald af innflutningi verði greitt við tollafgreiðslu og að gjald af innlendri framleiðslu verði greitt miðað við afhendingu frá framleiðanda á tveggja vikna fresti. Er gert ráð fyrir að í reglugerð verði kveðið nánar á um innheimtuna.

Óhjákvæmilegt er að innheimta áfengisgjaldsins sé svo að segja án gjaldfrests. Ástæðan er m.a. sú að um er að ræða mikla hagsmuni ríkissjóðs. Gjaldið á að skila ríkissjóði rúmlega 4 milljörðum króna á ári, þannig að hver mánuður í greiðslufresti þýðir að um 300 millj. kr. vörslufé yrði í höndum seljenda. Í því felst annars vegar vaxtatap fyrir ríkissjóð og hins vegar áhætta vegna vanskila, gjaldþrota o.fl.

Reiknað er með að innflytjendur eigi þess kost að geyma vöru sína í tollvörugeymslu og leysa hana út eftir því sem kaupendur, þ.e. ÁTVR og veitingahúsin, taka hana til sín og greiða hana.

Það fyrirkomulag, sem hér um ræðir, er áþekkt því sem er í hliðstæðum tilvikum meðal Evrópusambandsríkja þar sem viðskipti með sérskattavörur eins og áfengi og tóbak fara fram um lokað vöruhúsakerfi. Skattur í hverju landi er yfirleitt gjaldfelldur við töku vörunnar út úr slíku húsi. Í sænsku lagafrumvarpi um áfengisskatt, sem nýlega var lagt fram, er einnig gert ráð fyrir þessu fyrirkomulagi á innheimtu skattsins.

Um 7. gr.

Í grein þessari er opnað fyrir þann möguleika að tiltekin sala áfengis verði gjaldfrjáls. Er þar ekki um breytingu að ræða frá því sem nú er. Í greininni er einnig kveðið á um heimild til fjármálaráðherra til að lækka gjaldið vegna sölu til tollfrjálsra verslana og forðageymslna. Er þá haft í huga að samræmi verði milli tekna ríkissjóðs af áfengissölu í fríhöfnum hvort sem þær eru reknar fyrir reikning ríkissjóðs eða ekki. Einnig verður samkvæmt greininni heimilt að lækka gjald á áfengi sem selt er til lyfjagerðar og ætlað er til lækninga. Þá er gert ráð fyrir að heimilt verði að endurgreiða áður innheimt gjald af áfengi sé því síðar ráðstafað til gjaldfrjálsra aðila eða endursent úr landi.

Um 8. gr.

Í greininni er lagt til að fjármálaráðherra verði heimilt að hækka eða lækka áfengisgjald um allt að 5%. Talið er heppilegt að ráðherra hafi nokkurt svigrúm til þess að bregðast við óvæntum breytingum á verðlagi t.d. vegna gengisbreytinga. Auk þess er heppilegt að hækkun á gjaldinu geti komið án fyrirvara til þess að koma í veg fyrir kaupæði í tengslum við breytingar á skattlagningu áfengis. Þegar ráðherra hefur fullnýtt þá heimild sem felst í þessari grein, hvort sem um er að ræða til hækkunar eða lækkunar, verður að fá heimild löggjafans til þess að auka eða draga úr skattlagningu á áfengi.

Um 9. gr.

Með þessari grein er kveðið á um að um innheimtu áfengisgjalds samkvæmt lögum þessum skuli eftir því sem við getur átt gilda sömu reglur og gilda samkvæmt tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum, lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum, og lögum um vörugjald, nr. 97/1987, með síðari breytingum.

Um 10. gr.

Í þessari grein er lagt til að ráðherra gefi nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara á sama hátt og tíðkast varðandi vörugjald samkvæmt lögum nr. 97/1987.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Rétt þykir að taka af tvímæli um gjaldskyldu áfengisbirgða innlendra framleiðenda og ótollafgreiddrar vöru innflytjenda við gildistöku áfengisgjaldsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um gjald á áfengi.

Með frumvarpi þessu verður í kjölfar afnáms á einkarétti ríkisins til innflutnings á áfengi tekið upp nýtt gjald sem lagt verður á áfengi. Gjaldinu er ætlað að koma í stað vínandagjalds af áfengi og er föst krónutala á hreinan vínanda í áfengi umfram tiltekið mark. Með þessari breytingu verður gjaldið lögbundið í stað þess að vera háð ákvörðun fjármálaráðherra á hverjum tíma líkt og nú er. Gjaldið verður grunngjald sem fjármálaráðherra verður heimilt með reglugerð að víkja frá um allt að 5% til hækkunar eða lækkunar. Gjaldið leggst bæði á innlenda framleiðslu og innflutning áfengis.

Einnig er í frumvarpinu gert ráð fyrir breytingum á fyrirkomulagi við innheimtu áfengisgjaldsins. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sá um innheimtu vínandagjaldsins fyrir ríkið og var því skilað til ríkissjóðs í formi hagnaðar af rekstri. Samkvæmt þessu frumvarpi munu innheimtumenn ríkissjóðs sjá um innheimtu á nýja gjaldinu. Eftir því sem við á munu reglur um vörugjald samkvæmt lögum nr. 97/1987 gilda um innheimtu áfengisgjalds. Áætlað er að gjaldið geti skilað um 4,1 milljarði króna til ríkissjóðs.

Samhliða þessu frumvarpi verða flutt tvö önnur frumvörp þar sem gerðar eru breytingar á áfengislögum, nr. 82/1969, og lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf. Í þeim frumvörpum eru gerðar þær breytingar sem fela í sér afnám á einkarétti ríkisins til innflutnings á áfengi.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarp þetta hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af nýja gjaldinu verði þær sömu og vínandagjaldið skilaði. Áætlað er að beinar tekjur ríkissjóðs lækki um u.þ.b. 50 m.kr. Á móti þeirri lækkun ættu að koma nokkuð auknar tekjur af framleiðslu- og innflutningsstarfsemi einkaaðila. Í heild er því gert ráð fyrir að breyting sú sem lögð er fram í frumvarpi þessu hafi ekki teljanleg áhrif á tekjur ríkissjóðs.

5. Tillaga til þingsályktunar [5. mál]

um aðgerðir til að afnema launamisrétti kynjanna.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að grípa þegar í stað til aðgerða til að afnema launamisrétti kynjanna. Jafnframt verði gerð áætlun um ráðstafanir til að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaði sem komi til framkvæmda í áföngum á næstu fjórum árum. Gripið verði til eftirfarandi aðgerða:

1. Framfærslukostnaður einstaklinga verði skilgreindur.
2. Lægstu laun verði hækkuð í áföngum og miðað við skilgreindan framfærslukostnað.
3. Á grundvelli starfs þess hóps, sem nú vinnur að tillögum um nýtt starfsmat á vegum félagsmálaráðuneytisins, fari fram nýtt og breytt starfsmat hjá ríki og sveitarfélögum sem tekur tillit til starfsreynslu og menntunar og mismunar ekki kynjunum.
4. Í næstu kjarasamningum verði samið um að leggja til hliðar ákveðna upphæð, t.d. 1 milljarð kr., sem verði varið til að bæta lægstu laun hjá stéttum þar sem konur eru yfir 75% starfsmanna og starfsmat sýnir að um vanmat á störfum þeirra sé að ræða. Þessi aðgerð nái jafnt til almenna vinnumarkaðarins sem ríkis og sveitarfélaga.
5. Launakerfi ríkisins verði stokkað upp í því skyni að afnema launamisrétti sem m.a. er falið í ýmiss konar aukagreiðslum, einfaldað og gert gagnsætt.
6. Ákvæðum 3. gr. jafnréttislaganna verði fylgt eftir en hún kveður á um tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna.
7. Fæðingarorlof verði lengt í níu mánuði, þar af verði a.m.k. einn mánuður ætlaður feðrum.
8. Vinnulöggjöfin verði endurskoðuð, einkum með tilliti til réttinda og stöðu kvenna á vinnumarkaði.
9. Viðurlög við brotum á jafnréttislöggjöfinni verði stórlega hert, svo og eftirlit með að henni sé framfylgt.
10. Tryggingakerfið og lífeyris- og skattamál verði endurskoðuð til að jafna stöðu kynjanna.
11. Komið verði á einsetnum skóla, skóladagur lengdur og sveitarfélögum tryggðir tekjustofnar til að grunnskólar geti starfað samkvæmt lögum.
12. Áætlun verði gerð til 10 ára um að fullnægja eftirspurn eftir leikskólaplássum í samvinnu ríkis og sveitarfélaga. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga verði nýttur til aðstoðar þeim sveitarfélögum sem erfitt eiga með að standa við áætlunina.

Greinargerð.

Í kosningabaráttunni vorið 1995 lagði Kvennalistinn fram áætlun í 12 liðum um það hvernig útrýma mætti launamisrétti kynjanna og bæta stöðu kvenna á vinnumarkaði. Sú tillaga, sem hér er flutt af þingflokki Kvennalistans, byggist á þeirri áætlun, en á undanförnum 12 árum hefur Kvennalistinn flutt ótal tillögur sem taka á launamálum kvenna.

Í nýafstaðinni kosningabaráttu tókst að koma launamálum kvenna á dagskrá og lýstu allir stjórnmálaflokkar yfir vilja sínum til að afnema það himinhrópandi launamisrétti kynjanna sem viðgengst hér á landi og var nýlega afhjúpað enn einu sinni í rannsókn sem gerð var fyrir Jafnréttisráð. Niðurstaða hennar var sú að launamunur milli kynjanna er verulegur og eykst því meiri menntun sem fólk hefur. Launamunur kynjanna hefur aukist frá árinu 1980 eins og fram kemur í bæklingi Hagstofunnar *Konur og karlar* (1994), svo og í skýrslu þeirri sem tekin var saman í tilefni af kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin verður í Peking nú í haust. Þessi þróun er ekki í samræmi við það sem gerst hefur meðal þeirra þjóða sem við berum okkur saman við þótt þar sé einnig verulegur launamunur milli kynja. Bent hefur verið á af hálfu nefndar Sameinuðu þjóðanna að launamisrétti kynjanna hér á landi jaðri við mannréttindabrot. Jafnframt blasir við okkur sú staðreynd að laun fjölmennra kvennastétta, sem vinna mjög ábyrgðarmikil störf, eru skammarlega lág, enda ber mikið á óánægju þessara stétta svo sem sést hefur í verkföllum og vinnudeilum undanfarinna ára.

Nú þegar betur árar í íslensku efnahagslífi er tækifæri til að taka á því óréttlæti sem í launamisréttinu felst og jafnframt að grípa til aðgerða sem bætt geta stöðu kvenna á vinnumarkaði og þar með fjölskyldnanna í landinu.

Fyrst þarf að byrja á því að skilgreina framfærslukostnað einstaklinga þannig að ljóst sé hver lágmarkslaun verða að vera. Engin slík viðmiðun er til og mjög mismunandi við hvað er miðað þegar verið er að reikna fólki t.d. námslán, atvinnuleysisbætur eða semja um lægstu taxta.

Lánasjóður íslenskra námsmanna skilgreinir framfærslukostnað einstaklinga í leiguhúsnæði 52.200 kr. á mánuði. Eigi námsmaðurinn eitt barn hækkar framfærslan upp í 75.690 kr. Atvinnuleysisbætur einstaklings á fullum bótum eru 50.028 kr. á mánuði. Ellilífeyrir og tekjutrygging nema 36.694 kr. á mánuði. Sextán ára Sóknarstúlka, sem hefur störf t.d. í eldhúsi á sjúkrahúsi, fær nú í byrjunarlaun 50.200 kr. Þrítug kona, sem vinnur við umönnun og hefur sótt eitt námskeið, fær í grunnlaun 61.526 kr. samkvæmt Sóknartaxta. Fyrir síðustu kosningar lét Kvennalistinn reikna út framfærslukostnað einstaklings eftir tilbúnu dæmi og varð niðurstaðan sú að hann yrði að hafa um 94.000 kr. á mánuði til ráðstöfunar eða um 121.500 kr. í tekjur á mánuði. Hver er framfærslukostnaður í raun? Það þarf að skilgreina hver hann er og niðurstaðan verður að liggja fyrir áður en gengið er í það verk að hækka lægstu laun og gera nauðsynlegar breytingar í skatta- og tryggingakerfinu.

Næsta skref á að vera nýtt og breytt starfsmat sem aðrar þjóðir hafa beitt með góðum árangri til að draga úr launamisrétti og bæta kjör kvenna. Fyrrverandi félagsmálaráðherra, Rannveig Guðmundsdóttir, skipaði hóp sem falið var það hlutverk að safna upplýsingum um starfsmat og leggja fram tillögur um hvernig nýta mætti það til að draga úr launamisrétti. Núverandi launakerfi hjá ríki og sveitarfélögum byggjast á gömlu og úreltu starfsmati sem metur umönnun, uppeldi, þjónustu og ábyrgð á fólki mun minna en umsjón peninga og steinsteypu eins og sjá má á launum fjölmennra kvennastétta. Þegar tillögur hópsins liggja fyrir verður að fara fram nýtt starfsmat hjá ríkinu og sveitar-

félögunum í landinu. Líklegt er að slík aðgerð hefði mikil áhrif á almennan vinnumarkað, en þar þarf ekki síður að taka til hendi.

Mjög mikilvægt er að fylgja jafnréttislögunum eftir og tryggja að vinnuveitendur, hvort sem er á almennum vinnumarkaði eða hjá opinberum aðilum, framfylgi lögunum. Nýta þarf 3. gr. jafnréttislaganna markvisst og í mun ríkara mæli en nú er gert, en hún kveður á um tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna. Þá þarf að stórherða viðurlög við brotum á jafnréttislögunum en þau eru nú þverbrotin. Í löndum eins og Bandaríkjunum er fylgst grannt með því að stofnanir og fyrirtæki virði lög um jafnan rétt þegnanna, eftirlitsmenn eru sendir á vettvang og fyrirtæki lögsótt ef þau brjóta þarlend jafnréttislög.

Til að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaði þarf einnig að grípa til félagslegra aðgerða, svo sem lengingar fæðingarorlofs, endurskoðunar á tryggingakerfinu, svo og að taka á skatta- og lífeyrismálum í þeim tilgangi að jafna stöðu kynjanna. Þá þarf að vinna að endurbótum á skólakerfinu þannig að skólinn taki jafnt mið af þörfum barna sem vinnutíma foreldra þannig að börn fái fyrsta flokks menntun og umönnun. Fullnægja þarf eftirspurn eftir leikskólaplássum og tryggja að öll sveitarfélög geti boðið slíka þjónustu. Loks þarf að endurskoða vinnulöggjöfina með sérstöku tilliti til réttinda og stöðu kvenna á vinnumarkaði. Löggjöfin er frá árinu 1938 og miðast við allt annað þjóðfélag en það sem við nú búum í.

Afnám launamisréttis kynjanna er mannréttinda- og réttlætismál sem krefst tafarlausra aðgerða. Því er þessi tillaga flutt nú á vorþingi.

6. Frumvarp til laga [6. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 119. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Innflutningur á áfengi, hverju nafni sem nefnist, er einungis heimill til einkanota, til framleiðslu áfengra drykkja, sbr. 2. gr. laga um verslun ríkisins með áfengi og tóbak, til sölu samkvæmt heimild í 11. gr. eða til sölu til þess sem hefur heimild skv. 11. gr. til að selja áfengi innan lands. Þó er öllum heimilt að flytja til landsins varning sem inniheldur vínanda hafi hann verið gerður óhæfur til drykkjar og öruggt að ekki sé kleift að gera hann drykkjarhæfan.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal þó einni heimilt að flytja inn vínanda sem fellur undir tollskrárnúmer 2207.1000.

2. gr.

Orðin „nr. 63/1969“ og „með síðari breytingum“ í 1. mgr. 7. gr. laganna falla niður.

3. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Bannað er að eiga, flytja inn, útbúa eða smíða sérhæfð áhöld til að eima áfengi eða til að gera drykkjarhæft áfengi sem ódrykkjarhæft var, nema hafa til þess sérstakt leyfi. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um fyrirkomulag leyfisveitinganna í reglugerð. Slík tæki sem finnast hjá öðrum en þeim sem hafa leyfi samkvæmt ákvæði þessu skulu gerð upptæk, án tillits til þess hvort tækin hafi verið notuð til áfengisgerðar eða ekki.

4. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast sölu áfengis, sbr. lög um verslun ríkisins með áfengi og tóbak.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „aftur áfengi, er keypt hefur verið af Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins eða útsölum hennar“ kemur: áfengi innan lands.
b. Á undan 1. tölul. koma sex nýir töluliðir er orðast svo:
   1. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, sbr. lög um verslun ríkisins með áfengi og tóbak.
   2. Innflytjendur áfengis; þó einungis til þeirra sem um ræðir í 1. og 3.–5. og 7. tölul., svo og til þeirra sem njóta úrlendisréttar og í tollfrjálsar forðageymslur.
   3. Framleiðendur áfengra drykkja og heildsalar, sbr. lög um verslun ríkisins með áfengi og tóbak; þó einungis til þeirra sem um ræðir í 1., 4. og 5. tölul., svo og til þeirra sem njóta úrlendisréttar og í tollfrjálsar forðageymslur.
   4. Tollfrjálsar verslanir, sbr. VIII. kafla tollalaga.
   5. Veitingastaðir sem hafa almennt leyfi til áfengisveitinga, sbr. 12. gr.
   6. Þeir sem hafa leyfi til að veita áfengi, sbr. 2. mgr. 20. gr.
c. Núverandi 1. tölul. verður 7. tölul. og 3. tölul. verður 8. tölul. Núverandi 2. tölul. fellur niður.

6. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna fellur niður.

7. gr.

Í stað „Enn fremur er þeim heimilt“ í 2. mgr. 19. gr. laganna, sbr. 194. gr. laga nr. 19/1991, kemur: Heimilt er.

8. gr.

Í stað „4. mgr. 19. gr.“ í c-lið 34. gr. laganna kemur: 3. mgr. 19. gr.

9. gr.

Á eftir orðunum „eða veita fyrir borgun“ í 36. gr. laganna kemur: andstætt ákvæðum 3., sbr. 11. gr.

10. gr.

48. gr. laganna fellur niður.

11. gr.

50. gr. laganna fellur niður.

12. gr.

Ákvæði til bráðabirgða fellur niður.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1995.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp í meginatriðum samhljóða þessu frumvarpi var lagt fram á síðasta þingi. Frumvarpið tengdist tveimur öðrum lagafrumvörpum sem þá voru og lögð fram, þ.e. frumvarpi til laga um breytingu á lögum um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, nr. 63/1969, og frumvarpi til laga um gjald á áfengi. Frumvarpið er nú flutt á ný með nokkrum minni háttar breytingum.

Með frumvarpi þessu og frumvarpi til breytinga á lögum nr. 63/1969 er lagt til að einkaréttur ríkisins á innflutningi áfengis verði afnuminn. Þau sjónarmið sem einkum hafa verið færð fyrir einkarétti ríkisins til innflutnings og heildsölu á áfengi eru að með þessum hætti mætti afla ríkissjóði tryggra tekna í formi vínandagjalds af vörum þessum, auk þess sem líklegar þótti að fyrirkomulagið tryggði betur en ella hagstæðari innkaup á vörum þessum til landsins. Einnig hefur verið á það bent að með einkaréttinum væri mun auðveldara að annast eftirlit með innflutningi á áfengi þar sem honum mætti aðeins einn aðili sinna með löglegum hætti.

Telja verður að framangreind sjónarmið eigi ekki lengur við um innflutning og heildsölu þessara vara. Afla má ríkissjóði sömu tekna og hann hefur af vínandagjaldi með öðrum hætti en þeim að ríkið hafi einkarétt á innflutningi og dreifingu umræddra vara í heildsölu. Tekna þessara má einfaldlega afla með innflutningsgjöldum og sambærilegum gjöldum á innlenda framleiðslu sé um hana að ræða á sama hátt og tíðkast varðandi innheimtu ýmissa annarra óbeinna skatta. Möguleikar til eftirlits með ólögmætum innflutningi og sölu þessara vara verða ekkert síðri við þessa breytingu. Jafnframt þessu má benda á að óþarft er fyrir ríkið að vera í rekstri sem einkaaðilar eru færir um að leysa af hendi eða að það annist slíkan innflutning fyrir einkaaðila, einkum þegar haft er í huga að ekki skiptir máli fyrir ríkissjóð hvor hátturinn er hafður á.

Í frumvarpi til laga um gjald af áfengi, sem flutt er samhliða frumvarpi þessu, er gerð grein fyrir því að þessi breyting muni ekki hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs af áfengi. Gjöld af áfengi breytast úr vínandagjaldi í áfengisgjald sem verður innheimt við tollafgreiðslu.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að felld verði úr gildi öll ákvæði er varða einkarétt ríkisins til innflutnings á áfengi, sbr. þó ákvæði 1. gr. frumvarpsins um 2. mgr. 3. gr. laganna. Jafnframt skilgreinir frumvarpið hverjir skuli hafa heimild til að endurselja það áfengi sem flutt er til landsins. Með vísan til þessa þykir ekki ástæða til að fjölyrða frekar um efni frumvarpsins almennt, en hins vegar er vísað til frumvarps um gjald af áfengi og frumvarps til laga um breytingar á lögum um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með grein þessari er lagt til að einkaréttur ríkisins til innflutnings á áfengi verði afnuminn.

Í 1. mgr. er lagt til að heimilt verði að flytja inn áfengi til að selja það til aðila sem selja mega áfengi innan lands og til einkanota. Ákvæðið kemur ekki í veg fyrir að veitingahús, sem hefur almennt leyfi til áfengisveitinga, flytji inn áfengi sem ætlað er til sölu í veitingahúsinu. Á sama hátt gæti framleiðandi áfengis flutt inn áfengi til notkunar í framleiðslu sína. Síðari málsliður 1. mgr. er efnislega samhljóða 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 63/1969 og er ætlað að koma í stað þess ákvæðis. Um er að ræða varning sem innflutningur hefur verið frjáls á frá 1969, svo sem ilmvötn, hárvötn, andlitsvötn, bökunardropa og kjarna til iðnaðar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skuli einni heimilt að flytja inn vínanda sem er 80% af styrkleika eða meira. Geta má þess að vara í þessu tollskrárnúmeri fellur ekki undir vörusvið EES-samningsins.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Með þessari grein er lögð til sú breyting að við 8. gr. bætist ný málsgrein sem varðar sérstaklega sérhæfð áhöld til að eima áfengi.

Samkvæmt 8. gr. eins og hún hljóðar nú skal gera upptæk áhöld sem með ólögmætum hætti á að nota eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkjarhæft það áfengi sem ódrykkjarhæft var. Þetta orðalag hefur skapað ákveðin vandamál í framkvæmd, t.d. varðandi upptöku eimingartækja sem verið er að útbúa eða smíða á verkstæði, án beinna tengsla við áfengisframleiðslu.

Við slíkar aðstæður hefur því verið hreyft að óvarlegt sé að slá því föstu að óyggjandi sé að tækin hafi átt að nota til áfengisframleiðslu og það enda þótt um sérhæfð tæki sé að ræða. Það sjónarmið er á hinn bóginn ríkjandi að enginn eigi að geta haft lögmætan hagnað af starfsemi sem tengist ólöglegri áfengisframleiðslu. Sú breyting sem lögð er til á 8. gr. dregur því skýrari línur um þetta á milli viðfangsefna lögreglu og skattyfirvalda.

Í tillögunni er farin sú leið að dómsmálaráðherra skuli setja nánari reglur um það hverjir megi eiga, flytja inn, útbúa eða smíða eimingartæki til áfengisframleiðslu og að frávik frá slíkum reglum varði upptöku eimingartækjanna þótt ásetningur til ólöglegrar áfengisframleiðslu teldist ekki sannaður. Hefur ekki verið talið heppilegt að setja fram í lagaákvæðinu nánari útlistun þeirra tækja sem háð eru leyfi, að öðru leyti en því að talað er um „sérhæfð áhöld“, en fyrir liggur að tæki til að eima áfengi eru úr málmi og að byggingu frábrugðin þeim tækjum sem notuð eru til að eima t.d. vatn. Þótt ekki sé þannig talið fært að afmarka ákvæðið á grundvelli þeirra efna sem tækið er gert úr er allt að einu ljóst að lítil eimingartæki úr gleri, sem tíðkað er að nota á rannsóknarstofum, eru ekki sérhæfð tæki til áfengisframleiðslu og falla utan ákvæðisins.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Í 11. gr. áfengislaga er kveðið á um hverjir mega selja áfengi innan lands. Í frumvarpsgreininni eru annars vegar lagðar til breytingar á orðalagi 11. gr. þar sem ekki er lengur gert ráð fyrir að öll sala innan lands fari í gegnum Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og hins vegar er þeim aðilum fjölgað sem selja mega áfengi innan lands. Lagt er til að innflytjendur og framleiðendur áfengis geti selt varning sinn til áfengisverslunarinnar og til veitingahúsa sem almennt áfengisveitingaleyfi hafa skv. 12. gr. laganna. Þeir sem fá leyfi til áfengisveitinga skv. 2. mgr. 20. gr. laganna gætu hins vegar ekki keypt áfengi af þessum aðilum.

Um 6. gr.

Lagt er til að ekki verði lengur gerð sú krafa að allt áfengi sem Áfengis- og tóbaksverslunin lætur af hendi skuli merkt innsigli hennar. Er hér um að ræða sambærilega breytingu og lögð er til í 4. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Um 7. og 8. gr.

Með 7. gr. er lagt til að lagfært verði orðalag í kjölfar þess að 2. mgr. 19. gr. laganna var felld niður með 194. gr. laga nr. 19/1991 og með 8. gr. er tilvísun í 34. gr. laganna samræmd því.

Um 9. gr.

Breyting sú sem lögð er til leiðir af breytingu á 3. gr. laganna sem lögð er til með 1. gr. frumvarpsins.

Um 10. gr.

Lagt er til að 48. gr. um vinnuskyldu samfara afplánun sekta samkvæmt lögunum falli niður. Um vinnuskyldu fanga eru nú ákvæði í 13. gr. laga um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988.

Um 11. gr.

Í 50. gr. er kveðið á um kynningu á áfengislögunum á erlendum tungum. Telja verður slík fyrirmæli í lögum óþörf og er því lagt til að ákvæðið verði fellt niður.

Um 12. gr.

Með lögum nr. 38/1988, þegar heimild var veitt til sölu áfengs öls, var kveðið á um skipan nefndar til að gera tillögur er stuðlað gætu að því að draga úr heildarneyslu áfengis. Nefnd er hafði þetta verkefni starfaði á árunum 1988 og 1989. Lagt er til að ákvæði um nefndarskipan þessa verði fellt úr lögunum.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru gerðar breytingar á áfengislögum sem fela í sér afnám á einkarétti ríkisins til innflutnings á áfengi. Samkvæmt frumvarpinu verður öllum heimilt að flytja inn áfengi til landsins til endursölu og einkanota. Þó verður aðeins heimilt að endurselja áfengið til ákveðinna aðila. Þeir sem samkvæmt frumvarpi þessu mega kaupa áfengi, sem flutt er til landsins, eru Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, veitingastaðir með vínveitingaleyfi, læknar og lyfsalar sem hafa rétt til lyfjasölu. Samkvæmt frumvarpinu er ekki lengur gert ráð fyrir að öll sala á áfengi innan lands fari í gegnum ÁTVR. Lagt er til að innflytjendur og framleiðendur áfengis geti selt áfengi til ÁTVR og til vínveitingahúsa með almennt vínveitingaleyfi. Ekki er gerð breyting á fyrirkomulagi smásöluverslunar þannig að ÁTVR verður áfram með einkaleyfi á smásöluverslun innan lands.

Samhliða þeim breytingum sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi verður flutt frumvarp þar sem gerðar eru samsvarandi breytingar á lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf. Í tengslum við ofangreind frumvörp verður jafnframt flutt frumvarp til laga um gjald á áfengi þar sem gerðar verða breytingar á fyrirkomulagi á innheimtu opinberra gjalda á áfengi.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarp þetta hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð. Áætlað er að beinar tekjur ríkissjóðs lækki um u.þ.b. 50 m.kr. Á móti þeirri lækkun ættu að koma nokkuð auknar tekjur af framleiðslu- og innflutningsstarfsemi einkaaðila. Í heild er því gert ráð fyrir að breyting sú sem lögð er fram í frumvarpi þessu hafi ekki teljanleg áhrif á tekjur ríkissjóðs.

7. Tillaga til þingsályktunar [7. mál]

um framkvæmdaáætlun til að ná fram launajafnrétti kvenna og karla.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera framkvæmdaáætlun í samráði við aðila vinnumarkaðarins sem hafi það að markmiði að ná fram fullu launajafnrétti kynjanna á næstu fimm árum.

Markmiðið verði að koma með markvissar tillögur um hvernig ná megi fram fullu launajafnrétti kynjanna, m.a. hvernig hægt sé að gera launakerfið sýnilegt og fella heildarlaunagreiðslur inn í launataxtana á þann hátt að greidd verði sömu laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Sérstaklega verði fjallað um þær leiðir sem farnar eru í nágrannalöndunum og m.a. höfð hliðsjón af tillögum stjórnskipaðrar nefndar sem nú fjallar um starfsmat. Einnig verði fjallað um hvernig draga megi úr launamisrétti við gerð kjarasamninga og í því sambandi kannað hvort einhvers konar forgjöf í launamálum sé

fær leið og hvernig nota megi 3. gr. jafnréttislaga sem kveður á um tímabundnar séraðgerðir í þágu kvenna í þessu sambandi.

Framkvæmdaáætlunin, ásamt lagafrumvörpum ef þurfa þykir, verði lögð fyrir Alþingi eigi síðar en 1. janúar 1996.

Greinargerð.

Allar kannanir, sem fram hafa farið á launum kvenna og karla hér á landi, sýna að tekjur karla eru mun hærri en tekjur kvenna. Sá munur, sem er á launum kvenna og karla og ekki hefur tekist að skýra með einhverjum hætti, svo sem lengri vinnutíma, starfsaldri, meiri menntun eða auknu álagi, er töluvert mikill og breytilegur eftir stéttum.

Ýmsar rannsóknir liggja nú fyrir og hægt er að fá mikilsverðar upplýsingar um laun kvenna og karla hjá aðilum eins og Þjóðhagsstofnun, Hagstofu, Félagsvísindastofnun Háskólans og kjararannsóknarnefndum. Nú síðast lét Jafnréttisráð í samræmi við framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um jafnrétti kynjanna gera könnun á launamyndun og kynbundnum launamun í nokkrum fyrirtækjum. Sú rannsókn dregur enn frekar fram þann mikla mun sem er á launum kvenna og karla þegar menntun þeirra eykst. Allar þessar rannsóknir sýna þennan mun. Ekki er ástæða til að ráðast í frekari kannanir eða rannsóknir á stöðunni. Hún er öllum ljós, ekki síst konum. Því er lagt til að ríkisstjórnin láti gera fimm ára framkvæmdaáætlun um hvernig ná megi fram launajafnrétti kynjanna. Í því sambandi verði m.a. höfð hliðsjón af niðurstöðu stjórnskipaðrar nefndar um starfsmat sem félagsmálaráðherra skipaði í kjölfar nýlegrar rannsóknar á launamun kynjanna ásamt því að kannað verði hvernig beita megi 3. gr. jafnréttislaga sem fjallar um tímabundnar séraðgerðir í þágu kvenna og hvernig nýta megi kjarasamninga á tíma framkvæmdaáætlunarinnar til að draga úr launamisrétti kynjanna.

Í nýliðinni kosningabaráttu mátti sjá að það var baráttumál allra stjórnmálaflokka að draga úr launamun kynja. Launajafnrétti var nú orðið keppikefli allra. Til að fylgja þessum áhuga eftir er nauðsynlegt að unnið verði að undirbúningi aðgerða sem taki á launamisréttinu. Launamyndun og kynbundinn launamunur á vinnumarkaðinum er flókið samspil margra þátta sem erfitt hefur reynst að festa hönd á. Orsakirnar eru margþættar og aðgerðirnar verða sömuleiðis að taka mið af þeirri staðreynd.

8. Fyrirspurn [8. mál]

til félagsmálaráðherra um opinbera fjölskyldustefnu og fullgildingu samþykktar um starfsfólk með fjölskylduábyrgð.

Frá Bryndísi Hlöðversdóttur.

1. Hyggst ráðherra fylgja eftir tillögum landsnefndar um ár fjölskyldunnar 1994 um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar?
2. Hyggst ráðherra fylgja eftir tillögum sömu nefndar um að fullgilda samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156 um starfsfólk með fjölskylduábyrgð?

9. Fyrirspurn [9. mál]

til utanríkisráðherra um frísvæði á Suðurnesjum.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hvenær mun undirbúningsnefnd um stofnun frísvæðis á Suðurnesjum ljúka störfum?
2. Styður ráðherra hugmyndir um stofnun frísvæðis á Suðurnesjum?
3. Getur ráðherra fallist á að láta vinnslu vegna stofnunar frísvæðis flytjast frá utanríkisráðuneyti til fjármálaráðuneytis?
4. Telur ráðherra að frísvæði geti afmarkast af samningi við einstakt fyrirtæki á skipulögðu svæði sveitarfélags undir iðnað í stað samnings á afmörkuðu svæði innan girðingar?
5. Telur ráðherra skattfríðindi vega þungt til að laða erlenda aðila að frísvæði á Suðurnesjum?

10. Tillaga til þingsályktunar [10. mál]

um heildarendurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Ágúst Einarsson,
Ásta R. Jóhannesdóttir, Svanfríður Jónasdóttir.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að skipa nefnd með aðild allra þingflokka sem hafi það verkefni að gera heildarendurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar. Við þá endurskoðun verði öryggiskerfi atvinnulausra skoðað frá grunni og lagt mat á mismunandi þarfir einstakra hópa með það að markmiði að leggja fram tillögur til úrbóta er tryggi betur réttindi og framfærslumöguleika atvinnulausra, einkum þeirra sem búið hafa við langvarandi atvinnuleysi. Við endurskoðun laganna verði haft náið samráð við aðila vinnumarkaðarins, Samband íslenskra sveitarfélaga og þá aðila sem annast fræðslu fyrir atvinnulausa.

Frumvarp til nýrra heildarlaga um atvinnuleysistryggingar verði lagt fyrir Alþingi eigi síðar en í janúar 1996.

Greinargerð.

Núgildandi lög um atvinnuleysistryggingar gera einungis ráð fyrir atvinnuleysi til skamms tíma. Í lögin vantar flest úrræði til að mæta langvarandi atvinnuleysi. Lögin eru að grunni til frá árinu 1956 og taka mið af allt öðru atvinnuástandi en ríkt hefur hér á landi undanfarin fimm ár. Þrátt fyrir mismunandi þarfir einstakra hópa gera lögin ekki ráð fyrir neins konar séraðgerðum fyrir einstaka hópa. Atvinnuleysisbætur eru hinar sömu fyrir alla, hvort sem um er að ræða 16 ára ungling í foreldrahúsum eða fyrirvinnur heimila, hvort sem um er að ræða nokkurra daga vinnustopp eða margra ára atvinnuleysi.

Atvinnuleysi hér á landi er samkvæmt upplýsingum frá vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytis 6,4% í mars sl. og hefur sjaldan verið meira. Augljóst er að atvinnuleysi er viðvarandi þrátt fyrir öflugar aðgerðir til að draga úr atvinnuleysi. Það er mat ASÍ að

fram til aldamóta þurfi að skapa 18–19 þúsund ný störf til að takast á við bæði núverandi atvinnuleysi og væntanlega fjölgun landsmanna, en þá er miðað við mannfjöldaspá Hagstofu Íslands. Því má ekki gera ráð fyrir að atvinnuleysi hverfi alveg á næstunni og er brýnt að hugað sé að þeim sem atvinnulausir eru og reynt að finna bestu og hagkvæmustu lausnir fyrir hvern og einn, en núgildandi löggjöf um atvinnuleysistryggingar er sniðin að allt öðru umhverfi á vinnumarkaðnum en við búum við nú.

Á síðasta ári skipaði þáverandi félagsmálaráðherra starfshóp sem hafði það hlutverk að fara yfir þjónustu- og öryggiskerfi atvinnulausra. Hópnum var sérstaklega ætlað að kanna réttindi atvinnulausra með tilliti til bótakerfis almannatrygginga, fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga, starfsmenntunar og námsframboðs. Starfshópnum var ætlað að samræma og leggja fram tillögur til úrbóta er tryggðu betur framfærslumöguleika þeirra sem búið hefðu við langvarandi atvinnuleysi og athuga sérstaklega hvort unnt væri að nýta bótakerfi hins opinbera þannig að það nýttist betur þeim sem helst standa höllum fæti. Einnig átti starfshópurinn að huga að hvernig beita mætti frekari vinnumarkaðsaðgerðum fyrir atvinnulausa, einkum ófaglærða og ungt fólk og þá sem búið hefðu við langvarandi atvinnuleysi. Skyldi þar einkum hugað að atvinnutilboðum gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð og í samstarfsverkefnum ríkis og sveitarfélaga.

Í starfshópnum áttu sæti Árni M. Mathiesen alþingismaður, tilnefndur af þingflokki Sjálfstæðisflokks, Dögg Pálsdóttir skrifstofustjóri, tilnefnd af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Jón Björnsson félagsmálastjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Rannveig Guðmundsdóttir alþingismaður, tilnefnd af þingflokki Alþýðuflokks, og Lára V. Júlíusdóttir hdl. sem skipuð var formaður starfshópsins án tilnefningar.

Hópurinn skilaði skýrslu um starf sitt í júní 1994 þar sem bent er á fjölmörg atriði til úrbóta á því kerfi sem nú er í gildi. *Megintillaga hópsins lýtur þó að nauðsyn þess að fram fari heildarendurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar.*

Heildarendurskoðun laga um atvinnuleysisbætur.

Starfshópurinn leggur til að hið fyrsta verði gerð heildarendurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar þar sem núgildandi lög gera einungis ráð fyrir atvinnuleysi til skamms tíma, í þau vantar flest úrræði til að mæta langvarandi atvinnuleysi og ákvæði um skilgreiningu hlutverka. Framkvæmd laganna er einnig í ýmsu ábótavant svo og framkvæmd þeirra mörgu breytinga sem gerðar hafa verið á einstökum þáttum laganna á umliðnum árum sem hefur rýrt innra samræmi laganna og heildarsvip þeirra.

Aukin félagsleg aðstoð.

Starfshópurinn telur auk þessa nauðsynlegt að afla frekari upplýsinga um atvinnulausa á Íslandi í dag, afmarka betur hóp atvinnulausra, greina hann upp í smærri hópa og leita úrræða fyrir hvern hóp fyrir sig. Atvinnulausir eru ekki einsleitur hópur. Allt önnur úrræði gilda gagnvart þeim sem eru atvinnulausir í langan tíma en þeim sem eru stuttan tíma á bótum. Önnur úrræði þarf líka fyrir ungt fólk sem hætt hefur skólanámi án formlegrar menntunar en þá sem nálgast eftirlaunaaldur. Auka verður sveigjanleika í bótakerfinu þannig að kerfi atvinnuleysisbóta sé ekki notað í stað annarra úrræða. Má þar nefna að endurskoða þarf örorkubætur og gera þær sveigjanlegri svo og að efla fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og rýmka heimildir atvinnulausra til að nýta ónýttan persónuafslátt. Lengingu fæðingarorlofs þarf einnig að skoða.

Við skoðun á fjárhagslegu umhverfi atvinnulausra kemur í ljós að sníða þarf af annmarka á reglum um meðlagsgreiðslur þannig að þær virki ekki atvinnuletjandi. Einnig þarf að huga að því að barnabætur og vaxtabætur greiðist strax og auka þarf möguleika sveitarfélaga á eftirgjöf opinberra gjalda til handa atvinnulausum.

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

Brotalöm er á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og er sú aðstoð engan veginn það öryggisnet sem lög gera ráð fyrir á atvinnuleysistímum. Einungis 24 sveitarfélög höfðu í mars 1994 sent reglur um fjárhagsaðstoð til félagsmálaaráðuneytisins og aðeins 12 höfðu sent reglur um skipan félagsmála. Því má ætla að u.þ.b. fimmti hver atvinnulaus maður á landinu búi í sveitarfélagi þar sem fjárhagsaðstoð er óaðgengileg, fjárhagsaðstoð sem þó er lögboðin og treyst á þegar atvinnuleysi ríkir.

Fjárhag atvinnulauss manns er mjög misvel borgið eftir því hvar hann á heimili. Illmögulegt er fyrir umsækjanda að meta sjálfur hvaða rétt hann á í krónum talið, sæki hann um fjárhagsaðstoð til sveitarfélags síns. Nauðsynlegt er að sveitarfélög setji sér reglur um fjárhagsaðstoð sem nægi til framfærslu.

Samkvæmt athugun Þjóðhagsstofnunar lækka meðaltekjur einstaklinga um 56,7 þús. kr. á mánuði eða um 42% en ráðstöfunartekjur um 29,6% við það að verða atvinnulausir. Mjög er mismunandi eftir stéttum og tekjum hversu mikil tekjurýrnun fylgir atvinnuleysi.

Aukin menntun atvinnulausra.

Stórauka þarf menntun til handa atvinnulausu fólki, sérstaklega ungu fólki og ófaglærðu sem hefur litla skólagöngu að baki. Rýmka þarf reglur um greiðslur atvinnulausra til bóta vegna námskeiða og starfsþjálfunar. Einnig ráði ríki og sveitarfélög ásamt fyrirtækjum fólk sem er að koma úr námi tímabundið til starfa. Enn fremur þarf að endurskipuleggja átaksverkefni sveitarfélaga, koma á markvissri starfsþjálfun fyrir atvinnulausa, koma á frumkvöðlastyrkjum og efla starfsmenntun. Í tengslum við þetta þarf að koma á ráðgjöf við ungt atvinnulaust fólk.

Efla þarf skilvirkni í framkvæmd atvinnuleysisbótakerfisins. Þetta verði gert m.a. með aukinni upplýsingamiðlun og ráðgjöf. Það fyrirkomulag sem við höfum búið við að undanförnu hefur ekki verið sniðið að því atvinnuleysi sem nú er.

Heildarskýrsla starfshópsins um þjónustu- og öryggiskerfi atvinnulausra frá júní 1994 er birt sem fskj. I. Formaður starfshópsins gerði tillögur um hverjar hugmynda hans yrði unnt að framkvæma án lagabreytinga og hverjar þörfnuðust breytinga á lögum og reglugerðum; þær tillögur eru birtar sem fskj. II. Auk þess eru þar sundurliðuð atriði sem þarfnast athugunar ýmissa aðila.

Þingsályktunartillögu þessari fylgdu tvö fylgiskjöl. Á fskj. I var birt heildarskýrsla starfshóps á vegum félagsmálaráðuneytisins um þjónustu- og öryggiskerfi atvinnulausra. Starfshópurinn skilaði skýrslu í júní 1994. Á fskj. II voru birtar tillögur sem formaður starfshópsins gerði um hverjar hugmynda hans yrði unnt að framkvæma án lagabreytinga og hverjar þörfnuðust breytinga á lögum og reglugerðum.

Um fylgiskjölin vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

11. Frumvarp til laga [11. mál]

um starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Ágúst Einarsson,
Svanfríður Jónasdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

I. KAFLI

Starfsemi stjórnmálasamtaka.

1. gr.

Til stjórnmálasamtaka samkvæmt lögum þessum teljast þau samtök einstaklinga og félaga sem bjóða fram til Alþingis eða sveitarstjórnar, starfa í samræmi við lög þessi og eru skráð hjá dómsmálaráðuneyti.

2. gr.

Við skráningu stjórnmálasamtaka hjá dómsmálaráðuneyti skal leggja fram lög samtakanna og stefnuskrá. Stjórnmálasamtök skulu birta opinberlega lög sín, stefnuskrár og stefnumarkandi samþykktir.

3. gr.

Stjórnmálasamtök skulu opin öllum landsmönnum sem náð hafa 16 ára aldri.

4. gr.

Stjórnmálasamtök skulu gæta jafnræðis milli félagsmanna sinna í starfi sínu og skipulagi.

5. gr.

Engan skal heimilt að skrá í stjórnmálasamtök nema hann undirriti yfirlýsingu þess efnis eða lýsi því yfir á annan sannanlegan hátt að hann óski eftir inngöngu.

6. gr.

Æðsta vald í málefnum stjórnmálasamtaka skal vera í höndum félagsmanna eða fulltrúa þeirra á landsfundi eða öðrum sambærilegum vettvangi.

7. gr.

Stjórnmálasamtök skulu setja reglur um störf kjörinna fulltrúa sinna og birta þær opinberlega.

8. gr.

Stjórnmálasamtökum er óheimilt að skrá niður upplýsingar á kjörstað.

9. gr.

Stjórnmálasamtök eru bókhaldsskyld samkvæmt ákvæðum laga um bókhald og þeim ber einnig að skila skattframtali.

Árlega skulu reikningar stjórnmálasamtaka endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og lagðir fram til samþykktar á landsfundi eða öðrum sambærilegum vettvangi stjórnmálasamtaka og þeir síðan sendir dómsmálaráðuneyti sem sér um að birta þá í B-deild Stjórnartíðinda eigi síðar en einum mánuði eftir samþykkt þeirra.

Ársreikningar stjórnmálasamtaka, sem hljóta framlög skv. 11. gr., skulu jafnframt endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun.

10. gr.

Stjórnmálasamtökum er heimilt að taka við fjárframlagi eða ígildi þess frá einstökum aðilum, einstaklingum eða fyrirtækjum, þó þannig að fari framlag yfir 300.000 á hverju reikningsári skal birta nafn styrktaraðila samhliða birtingu ársreikninga, sbr. 2. mgr. 9. gr.

II. KAFLI
Ríkisframlög til stjórnmálasamtaka.

11. gr.

Stjórnmálasamtök, sem bjóða fram til Alþingis, skulu fá framlag úr ríkissjóði til starfsemi sinnar, þ.e. almenns reksturs og útgáfumála. Framlagið skal ákvarðað í fjárlögum hvers árs.

Framlag til einstakra stjórnmálasamtaka byggist á hlutfallslegri skiptingu þingsæta í undangengnum alþingiskosningum, þó þannig að stjórnmálasamtök, sem hafa náð a.m.k. 2,5% af greiddum atkvæðum í kosningunum á landinu öllu án þess að hafa náð þingsæti, eiga rétt á framlagi í eitt ár sem svarar til eins þingsætis. Framlag samkvæmt þessari grein skal greitt í upphafi hvers árs.

12. gr.

Greiða skal úr ríkissjóði til þingflokka tiltekna lágmarksfjárhæð og að auki ákveðna upphæð fyrir hvern þingmann til að kosta sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokkinn og þingmenn hans við þingstörf. Utanflokkaþingmaður fær sömu upphæð og greidd er á hvern þingmann þingflokks. Greiðslur til þingflokks skulu inntar af hendi ársfjórðungslega, þ.e. 1. febrúar, 1. maí o.s.frv., og skulu miðaðar við skipan Alþingis í byrjun ársfjórðungs, þ.e. 1. janúar, 1. apríl o.s.frv.

13. gr.

Forseti Alþingis setur í samráði við formenn þingflokka reglur um skiptingu þess fjár sem hverju sinni er veitt til aðstoðar þingflokkum.

14. gr.

Formenn þingflokka skulu árlega senda forseta Alþingis greinargerð um ráðstöfun þess fjár er þeir veita móttöku samkvæmt lögum þessum eftir nánari reglum er forseti setur. Sama gildir um þingmann utan flokka.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

15. gr.

Dómsmálaráðherra skipar sérstaka þriggja manna nefnd til að skera úr ágreiningi sem rís vegna laga þessara. Nefndarmenn eru skipaðir til sex ára í senn og tilnefnir dómsmálaráðherra tvo, þar af einn sem formann, og Hæstiréttur tilnefnir einn. Nefndarmenn skulu hafa reynslu af dómarastörfum. Ef upp koma ágreiningsatriði um málsmeðferð gilda ákvæði XXIV. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála í héraði. Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir.

16. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara sæta sviptingu fjárframlaga, svo og þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum þar sem það á við.

17. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996 og jafnframt falla úr gildi lög nr. 56 frá 1971, um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Dómsmálaráðherra skal skipa nefnd til að móta samræmdar reglur um óbeina styrki frá opinberum stofnunum og fyrirtækjum til stjórnmálasamtaka í tengslum við kosningar, svo sem afslátt af gjaldskrám, aukinn aðgang að þjónustu, t.d. kjörgögnum frá Hagstofu Íslands. Skal nefndin skila af sér tillögum eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku laga þessara.

II.

Dómsmálaráðherra skal í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga undirbúa löggjöf sem tryggi framboðum til sveitarstjórna framlög úr sveitarsjóðum til starfsemi þeirra. Skal undirbúningi lokið innan eins árs frá gildistöku laga þessara.

Greinargerð.

Oft hefur komið upp umræða á Alþingi og víðar um nauðsyn þess að setja lög um starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka án þess að úr því hafi orðið.

Annars staðar á Norðurlöndum eru engin heildarlög um stjórnmálaflokka nema í Finnlandi. Í Noregi fær stjórnmálaflokkur, sem býður fram til Stórþingsins, framlag af fjárlögum hafi hann boðið fram í a.m.k. helmingi kjördæma og hlotið meira en 2,5% heildaratkvæða yfir landið. Flokkar, sem bjóða fram til sveitarstjórna, fá einnig ríkisstyrk. Í Svíþjóð voru lögfestar reglur um ríkisframlög til stjórnmálaflokka árið 1972. Þar eru ríkisframlög bundin við þá stjórnmálaflokka sem bjóða fram til þings. Árið 1986 voru samþykkt lög í Danmörku um fjárframlög frá ríkinu til stjórnmálaflokka, bæði í tengslum við

lands- og sveitarstjórnarframboð. Framangreind lög taka ekki til starfsemi stjórnmálaflokka að öðru leyti. Í Finnlandi voru eins og áður hefur komið fram lögfest ítarleg ákvæði um starfsemi stjórnmálaflokka árið 1969, svo og fjárframlög til þeirra sem bjóða fram til þings.

Skortur á vönduðum vinnubrögðum í stjórnmálum og stjórnsýslu leiðir oft til trúnaðarbrests milli stjórnvalda og fólksins í landinu. Margt bendir til að ekki gæti nægilega faglegra vinnubragða í stjórnsýslu og stefnumótun hins opinbera á Íslandi. Með lagafrumvarpi þessu er ætlunin að setja stjórnmálamönnum reglur í starfi sínu innan flokkanna og gera starfsemi stjórnmálasamtaka sýnilegri en áður hefur verið. Skilgreining á siðgæði getur verið breytileg frá einum tíma til annars og mismunandi mat á því hjá ólíkum þjóðum. Í þróuðum stjórnkerfum er þó hægt að finna meginreglur sem menn eru almennt sammála um að verði að halda í heiðri. Það er þessi sameiginlegi skilningur sem gerir löggjafanum kleift að setja reglur sem byggja á siðgæðis- og réttarvitund þjóða.

Við samningu frumvarps þessa hefur víða verið leitað fanga og reynt að nýta það sem hefur þótt vænlegt til eftirbreytni, en það á sér enga beina fyrirmynd, hvorki innlenda né erlenda. Á 97. löggjafarþingi (1975–76) lagði Benedikt Gröndal fram frumvarp til laga um stjórnmálaflokka sem ekki náði fram að ganga. Í frumvarpinu var að finna ítarleg ákvæði um starfsemi stjórnmálaflokka, svo og reglur um fjárframlög til þeirra. Frumvarpið náði aðeins til stjórnmálaflokka sem bjóða fram til Alþingis.

Í frumvarpi því sem hér er lagt fram er farin sú leið að setja lagaramma um starfsemi allra stjórnmálaflokka, einnig þeirra sem bjóða fram til sveitarstjórna. Engin haldbær rök eru fyrir því að stjórnmálasamtök, sem bjóða fram til sveitarstjórna, þurfi ekki að búa við nauðsynlegt aðhald löggjafans. II. kafli laganna nær hins vegar aðeins til stjórnmálaflokka sem bjóða fram til Alþingis. Þar eru gerðar ríkari kröfur um endurskoðun, en gert er ráð fyrir að Ríkisendurskoðun endurskoði ársreikninga stjórnmálasamtaka. Í ákvæði til bráðabirgða II er lagt fyrir dómsmálaráðherra að undirbúa löggjöf í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga sem tryggi framboðum til sveitarstjórna framlög úr sveitarsjóðum.

Almennt er lítið vitað um fjármál stjórnmálaflokkanna hér á landi, enda eru þeir hvorki framtalsskyldir né skattskyldir. Þó er greinilegt að mikið fjármagn fer oft og tíðum í gegnum fjárhirslur þeirra, ekki hvað síst í kosningabaráttunni. Markmið þessa frumvarps er að gera fjármál stjórnmálaflokka opin og sýnileg, enda er slík leynd einungis til þess fallin að auka á tortryggni almennings í garð stjórnmálasamtaka. Stjórnmálasamtök eru bókhaldsskyld en hér er lagt til að þau verði einnig framtalsskyld og að þau leggi fram endurskoðaða reikninga árlega í dómsmálaráðuneytinu.

Á Íslandi hefur lengi tíðkast að einstaklingar og fyrirtæki styrki þá stjórnmálaflokka sem þeir styðja fjárhagslega. Það getur skapað tortryggni að leynd hvíli yfir háum styrkjum frá einstaklingum eða fyrirtækum, enda er það óeðlilegt og hætta getur einnig verið á hagsmunaárekstrum.

Auk frjálsra framlaga eru íslenskir stjórnmálaflokkar fjármagnaðir úr ríkissjóði. Þetta er gert til þess öðrum þræði að jafna aðstöðu stjórnmálaflokkanna. Það samræmist ekki hugmyndum manna um lýðræði ef aðeins fjárhagslega sterk samtök geta boðið fram til Alþingis. Í annan stað sporna ríkisstyrkir við þeirri tegund af fyrirgreiðslupólitík þegar stjórnmálasamtök verða óeðlilega háð styrktaraðilum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að mótaðar verði lögbundnar reglur um ríkisframlög sem allir stjórnmálaflokkar geti gengið að. Rétt þykir að hafa sérstök lagaákvæði um sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka, enda eru greiðslur fyrir sérfræðiaðstoð eingöngu ætlaðar, eins og nafnið bendir til, til aðstoðar

þingflokkum. Með því að fella lög nr. 56 frá 1971, um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka, inn í þetta frumvarp verður sjónarmiðum um lagasamræmi náð og krafan um eftirlit með ráðstöfun styrksins verður virkari.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Sett er fram skilgreining á stjórnmálasamtökum til að afmarka hvaða samtök falla undir frumvarpið. Skilyrði fyrir því að samtök geti talist falla undir hugtakið stjórnmálasamtök eru annars vegar að þau bjóði fram fulltrúa við kosningu til sveitarstjórna eða Alþingis og hins vegar að þau séu skráð sem stjórnmálasamtök hjá dómsmálaráðuneytinu.

Um 2. gr.

Með því að skylda stjórnmálasamtök til að leggja fram í dómsmálaráðuneytinu lög samtakanna og stefnuskrá skapast meiri festa og aðhald að starfsemi stjórnmálasamtaka í landinu. Þá skulu stjórnmálasamtök birta opinberlega stefnuskrá, lög og stefnumarkandi samþykktir, enda eru það sjálfsögð mannréttindi að kjósendur hafi greiðan aðgang að upplýsingum um hvað tiltekin stjórnmálasamtök standa fyrir. Verði breyting á stefnuskrá eða lögum samtaka ber að birta slíkar breytingar opinberlega samkvæmt þessari grein.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Greinin vísar til innri starfsemi stjórnmálasamtaka og byggist á því að jafnræðisreglan verði virk.

Um 5. gr.

Þessu ákvæði er ætlað að koma í veg fyrir að hægt verði að skrá menn í tiltekin stjórnmálasamtök án vitundar þeirra. Það er hluti af grundvallarmannréttindum hvers einstaklings að ákveða sjálfur hvort hann verði skráður meðlimur í stjórnmálaflokki og þá hvar.

Um 6. gr.

Greinin skýrir sig að mestu sjálf. Ætlunin er að stuðla að lýðræðislegu fyrirkomulagi í skipulagi stjórnmálasamtaka þar sem meiri háttar breytingu á stefnuskrá samtakanna verður ekki komið við nema með samþykki félagsmanna allra eða fulltrúa þeirra.

Um 7. gr.

Verið er að mæta kröfu almennings um bætt siðferði stjórnmálasamtakanna sem speglast hefur í þjóðfélagsumræðunni undanfarin ár. Fræðimenn hafa bent á að vegna skorts á stjórnsýslureglum hafi íslensku stjórnmálaflokkarnir þróast meira í það að vera fyrirgreiðsluflokkar en hið hefðbundna flokkakerfi í nálægum löndum. Skýrar og tæmandi reglur eru stjórnmálamönnum og öðrum til leiðbeiningar og leiða til þess að faglegra sjónarmiða gætir í starfsháttum þeirra, t.d. við stöðuveitingar og mannaráðningar.

Um 8. gr.

Nokkuð hefur borið á því að stjórnmálaflokkar hafi verið með fulltrúa sína á kjörstað til að skrá niður hverjir koma til að kjósa. Þær upplýsingar eru síðan notaðar til að *ýta á eftir þeim flokksbundnu aðilum sem ekki hafa kosið*. Rétturinn til að ákveða hvort menn vilji kjósa eða ekki á ekki að vera minni en rétturinn til að ákveða hvaða flokkur kosinn er og því er það andstætt þeirri hugsun sem lýðræði grundvallast á að stjórnmálasamtök viðhafi slíkar persónunjósnir á kjörstað.

Um 9. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að allir stjórnmálaflokkar sem falla undir skilgreiningu skv. 1. gr. séu bókhaldsskyldir og er það í samræmi við gildandi rétt. Samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt eru stjórnmálaflokkar undanþegnir framtals- og skattskyldu. Eftirlit skattyfirvalda með stjórnmálaflokkum er því mjög lítið. Til að tryggja nauðsynlegt aðhald gerir frumvarpið ráð fyrir að stjórnmálasamtökum verði gert að skila skattframtali og að reikningar þeirra verði árlega endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum og þeir lagðir fram til samþykktar á landsfundi eða öðrum sambærilegum vettvangi. Síðan verði þeir ársreikningar stjórnmálasamtaka, sem hljóta framlög skv. 11. gr., jafnframt endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun.

Um 10. gr.

Með ákvæði þessu er reynt að stemma stigu við óeðlilegum hagsmunatengslum stjórnmálaflokka við einstaklinga eða fyrirtæki. Reynt er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra með því að gera kröfu um opinbera birtingu á nöfnum þeirra einstaklinga eða fyrirtækja sem veita stjórnmálasamtökum háa styrki. Með fjárhagslegum stuðningi er átt við gjafafé eða annars konar styrkveitingu sem hægt er að meta til fjár. Víða í vestrænum löndum hafa verið lögfestar strangar reglur í þessu sambandi.

Um 11. gr.

Til þess að vega upp á móti hertum reglum um styrki frá einstaklingum og fyrirtækjum gerir frumvarpið ráð fyrir að framlög úr ríkissjóði til stjórnmálasamtaka verði lögbundin. Þannig verði framlag til stjórnmálaflokka sérstakur liður á fjárlögum. Slíkt framlag skal í engu skerða rétt þeirra flokka sem eiga sæti á Alþingi samkvæmt gildandi lögum um sérfræðiaðstoð við þingflokka.

Um 12.–14. gr.

Ákvæði laga um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka, nr. 56/1971, eru hér tekin óbreytt í frumvarpið þar sem eðlilegra þykir að hafa öll lagaákvæði, sem snúa að stjórnmálasamtökum, á einum stað.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 16. gr.

Gert er ráð fyrir að stjórnmálasamtök og þingflokkar geti misst rétt sinn til ríkisframlaga skv. 11. og 12. gr. ef þeir fara ekki að ákvæðum laganna. Komi hins vegar til brota á öðrum lögum, svo sem bókhaldslögum, geta legið við þyngri refsingar.

Um 17. og 18. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Engar samræmdar reglur gilda í dag um afslætti og ýmiss konar ókeypis þjónustu sem flokkunum er látin í té í tengslum við kosningar, svo sem frá Hagstofu Íslands eða undirstofnunum ráðuneyta. T.d. hafa flokkarnir iðulega fengið afslátt af gjöldum Pósts og síma, en þó hefur þurft að sækja um það í hvert tiltekið skipti og ekki er ljóst hvort það sama á við um alla í því efni. Eðlilegt er að settar verði skýrar samræmdar reglur um þetta sem flokkarnir geta gengið að sem vísum.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Í Danmörku fá sveitarstjórnir styrki til starfsemi sinnar úr sveitarsjóði og er lagt til að sami háttur verði hafður hér á. Sömu sjónarmið og fram koma í athugasemd við 11. gr. eiga hér við.

12. Frumvarp til laga [12. mál]

um breyting á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Flm.: Svavar Gestsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Hjörleifur Guttormsson, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Ólafur Ragnar Grímsson, Ragnar Arnalds, Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað 1.–3. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Námsmaður, sem byrjar í námi, á ekki rétt á láni fyrr en að loknu einu missiri enda hafi hann skilað fullnægjandi námsárangri miðað við þær kröfur sem viðkomandi skóli gerir.

Námsmaður, sem lokið hefur námi í eitt missiri skv. 1. mgr., fær lán fyrir liðið missiri og svo áfram mánaðarlega og jafnóðum meðan hann stundar nám samkvæmt ákvæðum laga þessara.

b. 7. mgr. um lántökugjöld fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt tvisvar á síðasta kjörtímabili en náði þá ekki fram að ganga.

Vorið 1992 gjörbreytti ríkisstjórn Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Þá voru teknar upp svokallaðar „eftirágreiðslur“ námslána sem höfðu í för með sér stórfelldar hækkanir vaxtakostnaðar námsmanna. Þess vegna fækkaði lánþegum LÍN á síðasta kjörtímabili verulega, ekki síst í hópi þeirra sem stunduðu nám erlendis, og athyglisvert var að þeim sem stunduðu nám í raungreinum og sóttu framfærslueyri til Lánasjóðsins fækkaði meira en öðrum.

Stjórnarandstöðuflokkar síðasta kjörtímabils börðust hart gegn þessari eyðileggingu laganna um LÍN. Þeir lýstu því allir yfir fyrir síðustu kosningar að samtímagreiðslur námslána yrðu teknar upp á ný. Þar kom að lokum að Alþýðuflokkurinn tók undir þessi sjónarmið. Því er ljóst að meiri hluti þingmanna gaf fyrir kosningar fyrirheit um að breyta lögunum um LÍN í því skyni að taka upp samtímagreiðslur námslána á ný.

Með endurflutningi þessa frumvarps gefst kostur á að breyta fyrirheitunum í veruleika. Því er frumvarpið endurflutt óbreytt. Hér fer einnig á eftir sú greinargerð sem þá fylgdi frumvarpinu en þar koma fram efnisatriði sem skýra aðdraganda málsins:

„Þegar lögin umdeildu um Lánasjóð íslenskra námsmanna voru sett í vor komu fjöldamargar breytingartillögur fram við frumvarpið frá stjórnarandstöðunni innan þings og námsmannahreyfingum utan þings. Stjórnarliðið hafnaði þessum tillögum og sett voru ný lög um Lánasjóðinn sem breyttu á einni nóttu framtíðaráformum þúsunda ungmenna. Fækkun innritana í Háskóla Íslands segir þá sögu sem segja þarf, en þar fyrir utan eru hundruð námsmanna að reyna að hefja nám af krappari efnum en fyrr og er augljóst að íslenskir námsmenn verða svo skuldsettir að loknu námi að þeim mun ekki endast starfsævin til þess að ljúka við greiðslur lánanna.

Umdeildasta atriðið í lögunum um Lánasjóðinn var þó það að afnema lán til handa námsmönnum haustið 1992 og koma þannig aftan að þúsundum fjölskyldna námsmanna og aðstandenda þeirra. Þegar þetta ákvæði var afgreitt á Alþingi lýsti formaður Alþýðubandalagsins því yfir að flokkurinn mundi flytja frumvarp strax á sumarþinginu til að afnema þessa ósvinnu. Þess vegna er þetta frumvarp nú flutt og eru flutningsmenn allir þingmenn Alþýðubandalagsins.

Þegar frumvarpið var afgreitt gerðu þingmenn allra flokka grein fyrir afstöðu sinni til 6. gr. frumvarpsins sem fjallar um bann við samtímagreiðslum námslána. Þá kom fram að formaður þingflokks Alþýðuflokksins kvaðst mundu beita sér fyrir breytingum á þeirri grein ef hún hefði þau áhrif í framkvæmd að námsmönnum fækkaði. Nú liggur það þegar fyrir. Á flokksþingi Alþýðuflokksins, annars stjórnarflokksins, í júní var samþykkt að flokkurinn ætti að beita sér fyrir breytingum á þessu ákvæði á Alþingi. Þess vegna verður að ætla að fyrir þeirri breytingu, sem hér er gerð tillaga um, sé þingmeirihluti.

Þingflokkur Alþýðubandalagsins telur að setja þurfi ný heildarlög um Lánasjóð íslenskra námsmanna og mun þingflokkurinn undirbúa slíkt frumvarp. 6. gr. laganna er hins vegar tekin út úr til þess að láta á það reyna hvort þingmeirihluti er fyrir málinu nú þegar þannig að það verði afgreitt fyrir áramót.

Með greinargerð þessari birtast sem fylgiskjöl breytingartillögurnar frá síðasta vori þannig að hafa megi þær til hliðsjónar. Þá er birt samþykkt flokksþings Alþýðuflokksins frá júnímánuði sl.“

Með frumvarpinu voru birtar sem fylgiskjal breytingartillögur frá minni hluta menntamálanefndar við mál sama efnis, 214. mál 115. löggjafarþings, þskj. 790, á bls. 4822–4823 í A-deild Alþt. 1991–92.

13. Frumvarp til laga [13. mál]

um breyting á lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 1. júní 1989.

(Lagt fyrir Alþingi á 119. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

6. gr. laganna verður svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra getur skipað fulltrúa við héraðsdómstól til að framkvæma dómsathafnir í umboði og á ábyrgð dómstjóra eða héraðsdómara, þar sem eigi er skipaður dómstjóri. Sá einn getur hlotið slíka skipun sem fullnægir skilyrðum 1. og 3.–6. tölul. 5. gr.

2. gr.

4. mgr. 8. gr. laganna verður svohljóðandi:

Ákvæði 3. mgr. gilda einnig um dómara skv. 7. gr. og fulltrúa dómara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Fimmtudaginn 18. maí 1995 var í Hæstarétti kveðinn upp dómur í máli ákæruvaldsins gegn manni vegna meints brots hans á umferðarlögum og reglugerð settri samkvæmt þeim um hámarksöxulþunga bifreiðar. Í héraði var málið rekið fyrir héraðsdómi Austurlands og fór dómarafulltrúi með málið og dæmdi í því.

Í Hæstarétti krafðist ákærði þess aðallega að hinn áfrýjaði dómur yrði ómerktur á þeirri forsendu að sú skipan dómsvalds í héraði að fela dómarafulltrúa meðferð og úrlausn máls sé með öllu ósamrýmanleg 2. gr. stjórnarskrárinnar og jafnframt sé sú skipan andstæð 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Í niðurstöðum dóms Hæstaréttar segir:

„Í g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, er mælt fyrir um að dómari sé vanhæfur til að fara með mál ef fyrir hendi eru atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa. Þessu ákvæði ber einnig að beita um opinber mál skv. 6. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála.

Í máli þessu hefur ekki verið sýnt fram á ákveðin atvik sem bendi til þess að dómarafulltrúinn, sem kvað upp héraðsdóminn, hafi verið vilhallur. Af hálfu ákærða er í raun ekki gerð tilraun til þess. Ákærði telur hins vegar að þegar aðstæður íslenskra dómarafulltrúa séu virtar í heild á hlutlægan mælikvarða megi fullyrða að þeir séu svo háðir framkvæmdarvaldinu að full ástæða sé til að draga sjálfstæði þeirra í efa.

Í málinu verður því að skera úr um það hvort aðstæður dómarafulltrúans hafi verið slíkar þá er hann fór með mál ákærða að ákærði hafi haft réttmæta ástæðu til að efast um að hann hafi verið sjálfstæður og óvilhallur gagnvart framkvæmdarvaldshöfum. Við það mat verður að líta til lagaákvæða og lagaframkvæmdar varðandi stöðu dómarafulltrúa, eins og þeim hefur verið lýst hér að framan og bera saman við þær kröfur sem ákærði má

gera til dómsvalds í lýðræðisþjóðfélagi eins og þeim er lýst í áðurgreindum stjórnarskrárákvæðum og ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu.

Í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 92/1989 kemur fram að nauðsynlegt var talið að viðhalda stöðu dómarafulltrúa í því skyni að þjálfa lögfræðinga í dómaraverkum. Ráðningarkjör dómarafulltrúans ein og sér geta ekki skorið úr um það að hann verði talinn svo háður framkvæmdarvaldinu að hann geti ekki farið með dómsathafnir í umsjón, á ábyrgð og í nafni embættisdómara. Að framan er því hins vegar lýst hvernig þetta hefur orðið í framkvæmd og að ekki verði á það fallist að umfangsmikil dómstörf dómarafulltrúa geti verið á ábyrgð héraðsdómara. Í raun starfa þeir á sama hátt og embættisdómarar og oft að eins þýðingarmiklum dómstörfum. Þeir hafa þó sjaldnast sambærilega reynslu og hafa ekki þurft að gangast við ábyrgð af dómstörfum sínum í upphafi starfs með heiti um að virða stjórnarskrá lýðveldisins. Dómsmálaráðherra hefur formlega heimild til að afturkalla löggildingu þeirra og víkja þeim úr starfi án þess að bera það undir dómstóla og framkvæmdarvaldið getur með áhrifum sínum og ráðstöfunum bundið enda á ráðningu þeirra á skömmum tíma. Verður því að fallast á það að staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú fyrir komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins svo sem þær verða skýrðar með hliðsjón af 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um sjálfstæða og óvilhalla dómara til þess að þeir geti í eigin nafni og á eigin ábyrgð farið með þau dómstörf sem lýst er í bréfi dómsmálaráðuneytisins hér að framan.

Af framansögðu leiðir að ákærði þurfti ekki að hlíta því að dómarafulltrúi dæmdi í máli hans. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og alla meðferð málsins fyrir héraðsdómi Austurlands og vísa því heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar."

II.

Samkvæmt 2. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 1. júní 1989, eru héraðsdómstólarnir 8. Við þá starfa samtals 38 héraðsdómarar. Við héraðsdóm Reykjavíkur eru 21 héraðsdómari, við héraðsdóm Norðurlands eystra eru 3 héraðsdómarar, við héraðsdóm Suðurlands eru 3 héraðsdómarar og við héraðsdóm Reykjaness eru 7 héraðsdómarar. Við héraðsdóma Vesturlands, Vestfjarða, Norðurlands vestra og Austurlands er einn héraðsdómari við hvern dómstól.

Við héraðsdómstólana hafa starfað að dómstörfum 13 dómarafulltrúar. Við héraðsdóm Reykjavíkur eru 6 fulltrúar, auk skrifstofustjóra sem hefur löggildingu til dómstarfa. Við héraðsdóm Reykjaness eru 2 fulltrúar og við héraðsdómstóla Vesturlands, Vestfjarða, Norðurlands eystra og Austurlands er einn fulltrúi við hvern dómstól.

Dómarafulltrúarnir eru allir ráðnir til starfa af forstöðumönnum héraðsdómstólanna. Ráðningin er ýmist tímabundin eða ótímabundin með gagnkvæmum þriggja mánaða uppsagnarfresti. Forstöðumennirnir undirrita ráðningarsamninga sem vinnuveitendur en dómsmálaráðuneytið áritar þá. Í þeim eru jafnframt ákvæði um að þeir öðlist ekki gildi fyrr en fjármálaráðuneytið hefur staðfest þá. Þá eru dómarafulltrúar löggiltir til starfa af dómsmálaráðherra.

Dómarafulltrúarnir hafa allir sinnt dómstörfum með einum eða öðrum hætti. Þeir hafa starfað algerlega sjálfstætt í reynd. Í Reykjavík hafa þeir einkum sinnt skriflega fluttum einkamálum og útivistarmálum, þeir hafa stýrt reglulegum dómþingum í einkamálum, afgreitt aðfararbeiðnir, farið að mestu með ágreiningsmál vegna aðfarar, nauðungarsölu, dánarbússkipta, gjaldþrotaskipta og þinglýsinga, farið með gjaldþrotamál og opinber skipti

á dánarbúum, kveðið upp alla úrskurði um gjaldþrotaskipti og rannsóknarúrskurði í opinberum málum. Þá hafa þeir dæmt í litlum mæli munnlega flutt einkamál og örfá sakamál. Utan Reykjavíkur fóru dómarafulltrúar með alla málaflokka til jafns við héraðsdómara. Þó var verkaskipting með ýmsu móti.

Fjölmargir dómar frá dómarafulltrúum hafa verið endurskoðaðir í Hæstarétti fyrir og eftir gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði og hefur aldrei fyrr en nú verið fundið að þessu fyrirkomulagi.

III.

Eftir uppkvaðningu dóms Hæstaréttar verður að telja að dómarafulltrúar geti ekki að óbreyttum lögum sinnt neins konar dómstörfum. Ef ekki verður gripið til ráðstafana nú þegar er hætta á að meðferð mála fari að dragast hjá dómstólunum, en frá gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði 1. júlí 1992 hefur málatími styst verulega frá því sem áður var.

Á undanförnum missirum hefur staða og hlutverk dómarafulltrúa talsvert verið til umræðu og umfjöllunar. Réttarfarsnefnd vinnur nú að frumvarpi til dómstólalaga og er þess að vænta að það liggi fyrir á næsta ári. Stefnt er að því að í frumvarpinu verði lagður grunnur að framtíðarskipulagi dómstólaskipunar í landinu og þar með hvort og með hvaða hætti viðhalda eigi fulltrúakerfinu.

Til að koma í veg fyrir að ófremdarástand skapist hjá héraðsdómstólunum þar til tími vinnst til að gera endanlegar tillögur um dómstólaskipan er nauðsynlegt að breyta nú þegar þeim ákvæðum laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði sem varða dómarafulltrúa og stöðu þeirra.

Þar sem nú stendur yfir vinna við gerð frumvarps til dómstólalaga þar sem gerðar verða tillögur um framtíðarskipulag á meðferð dómsvalds í héraði eru í þessu frumvarpi lagðar til þær breytingar einar á lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði sem hafa sem minnsta röskun í för með sér frá gildandi fyrirkomulagi en dómarafulltrúum jafnframt tryggt sjálfstæði gagnvart framkvæmdarvaldinu til að þeir geti sinnt dómstörfum.

Efnisatriði frumvarpsins eru tvö. Í fyrsta lagi er lagt til að dómsmálaráðherra geti skipað fulltrúa við héraðsdómstóla til að framkvæma dómsathafnir í umboði og á ábyrgð forstöðumanns viðkomandi héraðsdómstóls og í öðru lagi er lagt til að um brottvikningu dómarafulltrúa og setudómara gildi sömu ákvæði og um skipaða dómara.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 6. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði getur dómsmálaráðherra löggilt fulltrúa við héraðsdómstól til að framkvæmda dómsathafnir sem forstöðumaður dómstólsins felur honum. Skilyrði þess að heimilt sé að löggilda fulltrúa eru að hann fullnægi sömu skilyrðum og sett eru í 5. gr. laganna um embættisgengi héraðsdómara, að því undanskildu að fulltrúinn þarf ekki að vera orðinn 30 ára til að heimilt sé að löggilda hann og hann þarf ekki að hafa þá starfsreynslu sem krafist er af þeim sem skipaður er dómari. Í greininni er jafnframt ákvæði um að þar sem héraðsdómarar eru fleiri en einn ákveði dómstjóri hvert sé starfssvið fulltrúa og undir umsjón hvaða héraðsdómara hann starfi hverju sinni.

Lagt er til að dómsmálaráðherra geti skipað fulltrúa til að framkvæma dómsathafnir í umboði og á ábyrgð forstöðumanns héraðsdómstóls. Tekið skal fram að þó fulltrúi framkvæmi dómsathafnir í umboði og á ábyrgð forstöðumanns héraðsdómstóls er gert ráð fyrir að hann leysi úr störfum sínum í eigin nafni, þótt þau séu unnin í lögbundnu umboði yfirmanns. Fulltrúarnir munu framkvæma dómsathafnir sínar í skjóli valds yfirmannsins. Í ákvæðinu eru gerðar sömu kröfur um hæfisskilyrði fulltrúa og í gildandi ákvæði. Skipun á dómarafulltrúum til starfa kemur í stað þess að fulltrúar séu ráðnir með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti og hljóti löggildingu dómsmálaráðherra til að mega framkvæma dómsathafnir. Tekið skal fram að það leiðir af sjálfu sér að í forföllum dómarafulltrúa, t.d. vegna veikinda eða orlofs, er unnt að setja dómarafulltrúa til ákveðins tíma og mundi slíkur fulltrúi njóta verndar 3. mgr. 8. gr. laganna, sbr. 4. mgr. sömu greinar.

Um 2. gr.

Samkvæmt 4. mgr. 8. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði getur dómsmálaráðherra tekið af dómarafulltrúa eða setudómara starfann án þess að bera þurfi málið undir dómstóla ef hann telur þessa dómendur hafa misst hin almennu dómaraskilyrði eða gert sig seka um misferli í dómarastarfi, enda hafi áminning eigi komið að haldi eða ráðherra telur þá hafa með öðrum hætti rýrt svo álit sitt siðferðislega að viðkomandi megi ekki lengur gegna dómaraembætti.

Lagt er til að um setudómara og dómarafulltrúa gildi sömu ákvæði og um dómara þegar víkja ber þeim úr starfi, þ.e. að ráðherra víki viðkomandi úr starfi um stundarsakir en síðan höfði hann mál á hendur viðkomandi til embættismissis svo fljótt sem verða má. Með þessum hætti á að vera tryggt að setudómarar og dómarafulltrúar verði ekki taldir svo háðir framkvæmdarvaldinu að þeir geti ekki sinnt dómstörfum.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989.

Frumvarp þetta er lagt fram í kjölfar dóms Hæstaréttar sem kveður á um að sú skipan dómsvalds í héraði að fela dómarafulltrúa meðferð og úrlausn máls sé ósamrýmanleg stjórnarskránni og mannréttindasáttmála Evrópu. Dómarafulltrúar eru ekki skipaðir og hafa þriggja mánaða uppsagnarfrest. Þeir eru því að mati Hæstaréttar ekki nægilega sjálfstæðir og óvilhallir gagnvart framkvæmdarvaldinu og staða þeirra uppfyllir ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins.

Breytingarnar, sem frumvarpið felur í sér, eru tvíþættar. Annars vegar er lagt til að dómsmálaráðherra geti skipað fulltrúa við héraðsdómstóla. Þetta er í raun formbreyting á ráðningarfyrirkomulagi dómarafulltrúa sem til þessa hafa verið ráðnir með þriggja mánaða uppsagnarfrest. Hins vegar er lagt til að um brottvikningu dómarafulltrúa og setudómara gildi sömu ákvæði og um skipaða dómara.

Ekki verður séð að þetta frumvarp hafi í för með sér breytingar á kostnaði fyrir ríkissjóð.

14. Frumvarp til laga [14. mál]

Ákvæði í 21. gr. varðandi samræmingu á starfsemi eftirlitsaðila hefur ekki verið í matvælalögum og miðar að því að koma í veg fyrir skörun verkefna þar sem hægt er að koma því við.

Verksvið eftirlitsaðila er skilgreint í 22. gr. og kemur þar skýrt fram hver verkaskipting aðila er með hliðsjón af ákvæðum þessa frumvarps og sérlaga sem þeir starfa eftir.

Í 23. gr. er fjallað um þætti sem varða ný viðhorf varðandi eftirlit þar sem lögð er áhersla á innra eftirlit framleiðenda og dreifenda, auk þess sem fjallað er um faggildingu, sbr. skilgreiningar í 4. gr. frumvarpsins.

Ákvæði um þagnarskyldu í 2. mgr. 24. gr. eru ný í matvælalögum.

Gjaldskrárheimildir eru þær sömu fyrir ríkisstofnanir sem tilgreindar eru í 25. gr., en heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga tekur gjöld samkvæmt gildandi ákvæðum laga nr. 81/1988. Ákvæði 26. og 27. gr. taka einnig mið af því að samræma heimildir til gjaldtöku og þá með það í huga að sá aðili sem eftirlit beinist að eða sækir tiltekna þjónustu taki þátt í kostnaði vegna þess.

Í sérstökum tilvikum getur orðið nauðsynlegt að grípa til ráðstafana sem ekki eiga við undir eðlilegum kringumstæðum og er tekið á þessu í 28. gr. með samráði heilbrigðisyfirvalda og eftirlitsaðila.

Með 29. gr. eru heimildir eftirlitsaðila við eftirlit samræmdar og er talið eðlilegt að þessir aðilar starfi á grundvelli sömu heimilda og að þeir hafi samráð í ákveðnum tilvikum, sbr. 3. mgr. þessarar greinar. Valdsvið og þvingunarúrræði eru á sama hátt samræmd með 30. gr. og það sama gildir um málsmeðferð, úrskurði og viðurlög í 31. gr.

Með ákvæðum til bráðabirgða er þegar við samþykkt laganna gert ráð fyrir auknu samstarfi eftirlitsaðila, sbr. ákvæði um samstarfsráð, auk þess sem skoða skal grundvöll fyrir samræmingu á starfsemi aðila sem í dag sinna matvælaeftirliti, sbr. bráðabirgðaákvæði um endurskoðun laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt ákvæðum í 1. gr. nær tilgangur laganna ekki eingöngu til öryggis matvæla og hollustuhátta, heldur einnig óréttmætra viðskiptahátta (blekkinga), og á það síðarnefnda ekki síst við um umbúðamerkingar, auglýsingar og aðra kynningu og upplýsingamiðlun. Afdráttarlaus ákvæði um þessa þætti eru talin mikilvæg og má benda á að Evrópusambandið leggur mikla áherslu á umbúðamerkingar og rétta kynningu matvæla gagnvart neytendum og kemur þetta fram í tilskipunum bandalagsins. Norðurlöndin hafa lengi lagt áherslu á þessa þætti í matvælalöggjöf og það sama gildir um önnur mikilvæg viðskiptaríki eins og Bandaríkin.

Um 2. gr.

Gildissvið laganna er víðtækt og sést þetta vel þegar skoðaðar eru skilgreiningar á framleiðslu og dreifingu í 4. gr. Lögin ná til allra matvæla, sbr. skilgreiningu þeirra í 4. gr. og er neysluvatn þar með talið. Ákvæði í 1. mgr. 2. gr. um einkaheimili eru ný og marka ekki breytingu frá þeim starfsháttum sem tíðkast hafa í matvælaeftirliti. Hins vegar er talið rétt að skilgreina gildissvið þannig að friðhelgi einkaheimila sé ljós nema þar fari fram leyfisskyld starfsemi sem undir eðlilegum kringumstæðum er ekki heimil á slíkum stöðum. Sambærileg ákvæði er að finna í löggjöf annarra ríkja. Þá telst áfengi til matvæla, sbr. 2. mgr. 2. gr., og er þetta í samræmi við gildandi löggjöf og ýmis ákvæði í matvælalöggjöf Evrópusambandsins. Hins vegar er það ekki algilt að áfengir drykkir teljist til matvæla og má þar sem dæmi nefna löggjöf í Finnlandi.

Tóbak er skilgreint sem neysluvara í eldri lögum, en ekki er talið rétt að telja tóbak til matvæla og er því vísað til sérlaga um tóbaksvarnir. Einnig er vísað til lyfjalaga þar sem lyf teljast ekki til matvæla, en í lyfjalögum og reglugerðum samkvæmt þeim er að finna nánari aðgreiningu lyfja og almennra neysluvara. Rétt er að geta þess að bætiefni, náttúruvörur og hollefni (heilsuvörur) teljast til matvæla þegar vörurnar falla ekki undir skilgreiningu lyfja vegna magns bætiefna eða innihalds efna sem hafa þekktar lyfjaverkanir.

Ekki var talin ástæða til að láta lög þessi ná yfir eftirlit með sjúkdómum og meindýrum á plöntum sem framkvæmt er af Rannsóknastofnun landbúnaðarins samkvæmt lögum nr. 51/1981, með síðari breytingum. Ástæðan fyrir þessu er m.a. sú að um er að ræða sérhæfða starfsemi sem nær ekki aðeins til matjurta og því ekki talið rétt að skilgreina hana sérstaklega í matvælalögum. Þá er ekki talið rétt að Rannsóknastofnun landbúnaðarins fái sama vægi og aðrir eftirlitsaðilar í þessum lögum vegna ofangreinds eftirlits.

Um 3. gr.

Í þessari grein er vikið að þeim markmiðum laganna sem fram koma í 1. gr., sbr. athugasemdir við hana, en hér er sérstaklega tekið á heilsutjóni vegna neyslu matvæla og óréttmætum viðskiptaháttum (blekkingum). Með þessu er tekið á meginmarkmiðum laganna og vísað til þeirrar ábyrgðar sem hvílir á framleiðendum og dreifendum matvæla með hliðsjón af meginmarkmiðum og tilgangi laganna.

Um 4. gr.

Í stað þess að aðgreina matvæli og tilteknar neysluvörur eins og gert er í gildandi lögum eru matvæli skilgreind í 4. gr. þannig að allar neysluvörur, sem lögin ná til, teljast matvæli. Því verður ekki lengur nauðsynlegt að tala um matvæli og aðrar neysluvörur. Skilgreiningar á framleiðslu og dreifingu eru nýjar og eru ekki síst gerðar í þeim tilgangi að einfalda allan lagatexta. Þannig nægir í lagatexta að tilgreina dreifanda þegar átt er við innflytjanda, umboðsaðila, innlendan dreifingaraðila og smásöluaðila.

Skilgreining efna og hluta er einnig ný og tekur mið af umfangsmikilli löggjöf sem sett verður á þessu sviði og má m.a. vísa til löggjafar ESB í því samhengi. Umbúðir eru einnig skilgreindar nánar í greininni.

Hinir ýmsu efnisþættir í matvælum hafa ekki áður verið skilgreindir í lögum. Þetta á t.d. við um örverur og má einnig nefna að skilgreining orðsins bætiefni er víðtækari en almennur skilningur á því orði hefur verið. Þá hefur orðið varnarefni ekki komið áður fyrir í íslenskri matvælalöggjöf og má líta á það sem nýyrði í þessu samhengi. Skilgreining varnarefna nær ekki aðeins til notkunar þeirra við framleiðslu og geymslu fullunninna matvæla, heldur einnig matvæla, svo sem korns, sem notuð eru sem hráefni við framleiðslu annarra vörutegunda.

Skilgreining opinbers eftirlits hefur ekki komið fyrir áður í matvælalögum, en kemur hér fram í greininni, m.a. með hliðsjón af ákvæðum um opinbert eftirlit og hlutverk þess í matvælalöggjöf ESB. Skilgreiningar innra eftirlits og faggildingar eru nýjar og taka mið af breyttum áherslum í matvælaeftirliti í tengslum við innri markað í Evrópu (ESB/EES) og í öðrum ríkjum, svo sem Bandaríkjunum og Kanada.

Um 5. gr.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt þessu frumvarpi, en ekki er gerð tillaga um breytingu á starfsemi annarra ráðuneyta eða stofnana sem sinna matvælaeftirliti, sbr. yfirstjórn þeirra og starfsemi á tilteknum sviðum löggjafar og eftirlits skv. 6. og 7. gr. og jafnframt 22. gr. frumvarpsins. Hollustuvernd ríkisins er ráðherra til ráðgjafar og er einnig ætlað að annast eða hafa yfirumsjón með starfsemi nefnda sem nú sinna tilteknum sérverkefnum á matvælasviði. Má þar nefna aukefnanefnd, aðskotaefnanefnd og íslensku matvælarannsóknanefndina. Einnig hefur verið rætt um slíka starfsemi vegna starfa Alþjóðlegu staðlaskrárnefndarinnar um matvæli.

Um 6. gr.

Hér er fjallað um yfirstjórn landbúnaðarráðherra samkvæmt gildandi sérlögum og hlutverk yfirdýralæknis sem ráðgjafa ráðherrans á þessu sviði.

Um 7. gr.

Hér er fjallað um yfirstjórn sjávarútvegsráðherra og verksvið Fiskistofu. Vakin er athygli á því að hér er gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra fari aðeins með yfirumsjón mála er varða meðferð, flutning og vinnslu sjávarafurða og eldisfisks vegna útflutnings og er það breyting frá ákvæðum laga nr. 93/1992.

Um 8. gr.

Lögð er áhersla á aukið samstarf ráðuneyta og stofnana sem fjallað er um í 5.–7. gr. og í þeim tilgangi er lagt til að skipað verði samstarfsráð. Ráðið verður skipað fulltrúum stofnana sem fara með yfirumsjón eftirlits, þ.e. Hollustuverndar ríkisins, Fiskistofu

og yfirdýralæknis. Er ráðinu ætlað að hefja störf þegar frumvarpið er samþykkt og vinna þá að undirbúningi fyrir gildistöku laganna, sbr. bráðabirgðaákvæði þar að lútandi. Samstarfsráð mun vinna að samræmingu matvælaeftirlits og er einnig falið mikilvægt hlutverk varðandi samræmingu löggjafar á þessu sviði, en löggjafarhlutverk er á hendi þriggja ráðherra.

Þess má geta að einnig er tekið á samskiptum eftirlitsaðila í 21. og 29. gr. og þá í þeim tilgangi að koma í veg fyrir tvíverknað og skörun verksviðs og bæta framkvæmd eftirlits með auknu samstarfi aðila. Telja verður ákvæði um samstarfsráð og önnur ákvæði sem varða samstarf eftirlitsaðila meðal helstu nýmæla frumvarpsins.

Um 9. gr.

Tilkynningarskylda, sem lögð er á framleiðendur og dreifendur matvæla, er til að tryggja að hægt sé að hafa gott yfirlit yfir þá aðila sem reka slíka starfsemi. Um starfsleyfi er nánar fjallað í 20. gr., en vikið er að starfsleyfi hér til aðgreiningar frá tilkynningarskyldu sem er annars eðlis. Í 2. mgr. er vikið að tilkynningarskyldu vegna umbúða eða efna sem notuð eru við framleiðslu matvæla og er ekki síður mikilvægt að hafa eftirlit með þessum þáttum, þó svo starfsemin sem slík sé ekki háð starfsleyfi á sama hátt og framleiðsla og dreifing matvæla.

Um 10. gr.

Um ákvæði þessarar greinar má segja að þar er kveðið skýrar á um ábyrgð framleiðenda og dreifenda en áður hefur verið gert í lögum og reglugerðum á matvælasviði. Þetta er í samræmi við þá þróun sem er að verða varðandi ábyrgð þessara aðila á eigin vöru og þá ekki síst með tilliti til öryggis og hollustu vörunnar. Ákvæði þessa kafla, V. kafla um umbúðamerkingar og XI. kafla um valdsvið og þvingunarúrræði, eiga í raun að vera sambærileg við og ná sama tilgangi og ákvæði frumvarps um öryggi framleiðsluvöru sem lagt var fyrir Alþingi á 116. og 117. löggjafarþingi, en ekki orðið að lögum. Matvælalöggjöfin mun því gilda um mál sem varða öryggi matvæla og upplýsingagjöf með tilliti til þess.

Af nýmælum má nefna ákvæði um þekkingu og fræðslu í 2. mgr. 10. gr. og er mikilvægt að þessu verði fylgt eftir, sbr. og 19. gr. frumvarpsins. Einnig ákvæði varðandi sjúkdóma og heilsufarsskoðun í 3. mgr. sömu greinar þar sem þau gilda fyrir alla eftirlitsaðila, en hliðstæð ákvæði eru í reglugerð um verksvið heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

Um 11. gr.

Hér er vikið að mikilvægum atriðum sem varða eitt af meginmarkmiðum laganna um réttmæta viðskiptahætti. Ákvæði þessi geta átt við um misnotkun aukefna svo sem þegar litarefni eða bindiefni eru notuð til að villa fyrir um gæði vörunnar og einnig kynningu og umbúðamerkingar sem nánar er vikið að í næsta kafla.

Það sama getur átt við um ákvæði í 2. mgr. 11. gr. varðandi sérfæði eða aðrar vörur sem auglýstar eru, kynntar og merktar þannig að þær séu ætlaðar tilteknum hópum fólks vegna aldurs, sjúkdóma eða af öðrum ástæðum. Mikilvægt er að hafa heimild til að setja reglur um þessa þætti, bæði til að tryggja gæði vörunnar og réttmæta markaðssetningu hennar. Rétt er að geta þess að á þessum málum er tekið í tilskipunum ESB um matvæli. Má þar sem dæmi nefna almennt sérfæði og barnamat.

Um 12. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru í samræmi við breytingu sem gerð var á gildandi lögum, sbr. lög nr. 5/1985, þar sem sönnunarbyrði er lögð á framleiðanda eða dreifanda, svo sem ef óstimplað kjöt eða önnur matvæli sem ekki samræmast lögum eða reglum finnast á framleiðslustað eða í dreifingu.

Ákvæði í 2. mgr. ná til efna, hluta og annars sem notað er við framleiðslu matvæla og eru þau sett fram til samræmis við 1. mgr., en eiga við aðra þætti eins og óleyfileg aukefni eða umbúðir sem ekki standast reglur.

Í 3. mgr. er fjallað um það að ákvæði greinarinnar eigi ekki við ef sannanlega er um sýni af tilbúinni vöru að ræða eða þegar eftirlitsaðila hefur verið tilkynnt um að unnið sé að vöruþróun. Sönnunarbyrðin er lögð á framleiðanda eða dreifanda.

Um 13. gr.

Geymsla matvæla og flutningur þeirra við rétt geymsluskilyrði eru þættir sem geta haft veruleg áhrif á gæði og heilnæmi vörunnar. Mikilvægt er að taka á þessum þáttum við framleiðslu og dreifingu, þar með töldum flutningi, og þarf skýrar lagaheimildir til stuðnings reglum sem um þetta fjalla, sbr. reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti með framleiðslu og dreifingu matvæla og reglugerð nr. 557/1993 um hraðfryst matvæli. Könnun, sem Hollustuvernd ríkisins gerði á árinu 1992, sýnir að mikill misbrestur er varðandi réttar geymsluaðstæður við flutning matvæla og flutningur fiskafurða á opnum bílpöllum er annað dæmi sem flestir þekkja til.

Um 14. gr.

Í þessari grein er kveðið á um ábyrgð þeirra sem framleiða eða flytja inn umbúðir svo og þeirra sem nota þær umbúðir fyrir vörur sem þeir framleiða eða dreifa. Almenn ákvæði um þessa þætti er að finna í gildandi matvælalögum og sértækar reglur hafa verið settar um umbúðir og efni sem geta borist úr þeim í matvæli.

Um 15. gr.

Hér er fjallað um umbúðamerkingar og eru ákvæði þessi í samræmi við þær reglur sem nú gilda um merkingu umbúða fyrir matvæli. Einnig samræmast ákvæði greinarinnar þeim kröfum sem gerðar eru til umbúðamerkinga í tilskipunum ESB. Þess má geta að í gegnum tíðina hafa nokkur ráðuneyti sett reglur um merkingu matvæla og því tímabært að setja þennan þátt í fastari skorður og samræma bæði kröfur um merkingu umbúða og eftirlit með þeim.

Ákvæði 2. mgr. taka mið af því að veittar eru undanþágur frá tilteknum ákvæðum um merkingar þegar umbúðir eru litlar og jafnframt þess að í reglugerðum eru gerðar frekari kröfur til umbúðamerkinga en fram koma í 1. mgr. Dæmi um þetta er merking næringargildis og ýmsar fullyrðingar um heilsufarslega þætti.

Um 16. gr.

Ákvæði greinarinnar eiga við um setningu sérstakra reglna um ákveðnar vörur, svo sem mjólkurvörur og kjötvörur, þar sem markmiðið getur verið að staðla vörurnar með tilliti til ákveðinna efnisþátta. Tilgangurinn getur bæði verið heilsufarslegs eðlis, svo sem manneldissjónarmið, og að tryggja að neytendur fái þá vöru sem þeir eiga rétt á þegar tiltekið vöruheiti er valið, óháð því hver framleiðandi hennar er. Vitað er að nú eru t.d. seldar kjötvörur með líkum heitum en nokkuð ólíkar að samsetningu. Ekki er tekið á þess-

um þáttum á þennan hátt í gildandi löggjöf þó heimildir til setningar slíkra reglna séu fyrir hendi.

Ákvæði greinarinnar geta einnig átt við um tilteknar framleiðsluaðferðir og má sem dæmi nefna lífræna ræktun matvæla.

Gert er ráð fyrir að hagsmunir neytenda og framleiðenda fari í flestum tilvikum saman og að samráð sé haft við þessa aðila um gerð reglna á þessu sviði, en ef ágreiningur er um setningu reglna getur annar málsaðili ekki hindrað setningu þeirra ef um ótvíræða hagsmuni hins aðilans er að ræða.

Um 17. gr.

Í greininni kemur fram að setja skuli reglur um tiltekin efni í matvælum. Ekki er tekið á þessu á þennan hátt í gildandi löggjöf, en heimildir til að setja slíkar reglur eru fyrir hendi, þó svo ráðherra sé þar ekki beinlínis falið að setja reglur um tiltekna efnisþætti eins og fram kemur í þessari grein. Talið er rétt að leggja sérstaka áherslu á setningu reglna um þessa efnisþætti með hliðsjón af gildandi reglum hér á landi, í öðrum ríkjum og hjá ESB.

Um 18. gr.

Framkvæmd laganna felst í setningu reglna um þá þætti sem lögin ná til og er framkvæmdin í höndum ráðherra sem fara með yfirstjórn mála. Í þeim tilgangi að samræma lagasetningu er samstarfsráði ætlað mikilvægt hlutverk í þessum lögum eins og áður hefur verið vikið að og er í því samhengi bent á ákvæði 8. og 23. gr.

Um 19. gr.

Ekki hefur áður í lögum verið tekið á ýmsum þeirra þátta sem fjallað er um í þessari grein, en þar er fjallað ítarlega um fræðslumál. Auk stofnana, sem starfa við ráðgjöf og matvælaeftirlit, er í 2. mgr. þessarar greinar fjallað um hlutverk menntamálaráðuneytisins varðandi fræðslu á matvæla- og manneldissviði. Er hér um mikilvæg ákvæði að ræða, ekki síst með hliðsjón af því að matvælaframleiðsla er mikilvægasta atvinnugrein sem stunduð er hér á landi. Markmiðið er að styrkja fræðslu bæði fyrir almenning og svo þá sem vinna við framleiðslu og dreifingu matvæla, sbr. og ákvæði 2. mgr. 10. gr.

Um 20. gr.

Um leyfisveitingar hefur ekki verið fjallað í lögum á þann hátt sem hér er gert, en ákvæði um þessi atriði er að finna bæði í sérlögum og reglugerðum á matvælasviði. Ótvíræðar heimildir eru í greininni til að binda starfsleyfi ákveðnum skilyrðum, auk þess sem endurskoðun leyfa er heimil, m.a. ef ráðgert er að taka í notkun nýja framleiðslutækni. Hér er ekki átt við minni háttar breytingar eða framleiðslutækni sem áður hefur verið beitt, heldur umfangsmeiri breytingar. Slíkum ákvæðum má beita ef ætlunin væri að hefja geislun matvæla eða aðrar framleiðsluaðferðir sem skoða verður með tilliti til öryggis eða hollustu matvæla.

Um 21. gr.

Skörun á verksviði eftirlitsaðila er fyrir hendi og með ákvæðum þessarar greinar er skapaður möguleiki til að skipa málum þannig að aðeins einn aðili annist leyfisveitingar og eftirlit með tiltekinni starfsemi. Fiskvinnsla, sem vinnur vöru bæði til útflutnings og innanlandsneyslu, á samkvæmt lögum að vera undir eftirliti Fiskistofu og skoðunar-

stofa og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga vegna innanlandsneyslu. Sama gildir um eftirlit með framleiðslu og dreifingu á eldisfiski. Skörun og tvíverknað eftirlitsaðila má fyrirbyggja með samkomulagi milli ráðherra í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

Um 22. gr.

Skipting opinbers eftirlits samkvæmt ákvæðum þessarar greinar er með sama hætti og nú er samkvæmt gildandi lögum um matvæli og sérlögum um tiltekna flokka matvæla.

Ekki var talið raunhæft að sameina starfsemi eftirlitsaðila á þessu stigi, en í bráðabirgðaákvæðum kemur fram að stefnt er að endurskoðun laganna innan fimm ára. Er þá meðal annars gert ráð fyrir að skoðað verði hvort rétt er að samræma starfsemi opinbers eftirlits með matvælum á vegum eins aðila. Ýmis ákvæði frumvarpsins miða hins vegar að því að auka samstarf og samskipti opinberra aðila við framkvæmd eftirlits og lagasetningu um matvæli.

Um 23. gr.

Meðal helstu nýmæla frumvarpsins eru þau ákvæði sem fram koma í greininni um faggildingu rannsóknar- og eftirlitsaðila og um innra eftirlit framleiðenda og dreifenda matvæla. Þessi ákvæði tengjast þeim nýju viðhorfum sem eru uppi, ekki síst innan sameiginlegs markaðar í Evrópu, hvað varðar breyttar áherslur í matvælaeftirliti með aukinni gæðastjórnun, bæði af hálfu hagsmunaaðila og opinberra aðila sem hafa eftirlitshlutverki að gegna.

Í tilskipunum ESB eru ákvæði um innra eftirlit, svo sem vegna fiskafurða, og nýlega hafa verið samþykktar ESB-reglur um innra eftirlit við framleiðslu, dreifingu, tilreiðslu og aðra meðferð matvæla. Því er nauðsynlegt að hafa heimildarákvæði í lögum til setningar slíkra reglna. Hér á landi og í Kanada er nú gerð krafa um innra eftirlit í fiskiðnaði og í Bandaríkjunum er fiskvinnslufyrirtækjum boðið að taka upp ákveðið eftirlitskerfi gegn gjaldi og geta fyrirtækin síðan notað þennan þátt í sinni starfsemi við markaðssetningu vörunnar.

Grein þessi gerir ráð fyrir að aðrir en opinberir aðilar geti haft eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla, en eftirlit þeirra getur ekki tengst opinberu eftirliti nema um það séu settar nánari reglur. Ráðherrum er heimilt að setja slíkar reglur og jafnframt er þeim heimilt að gera kröfu um að aðilar, sem sinna eftirlitsstörfum á matvælasviði, skuli hljóta faggildingu.

Um 24. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er tryggt að eftirlitsaðilar hafi fullan aðgang að eftirlitsskyldri starfsemi og þeim gögnum sem nauðsynlegt er að skoða við eftirlit. Jafnframt er í 2. mgr. tryggt að eftirlitsaðilar gæti trúnaðar og séu bundnir þagnarskyldu um atriði sem varða framleiðslu- og verslunarleynd.

Um 25. gr.

Hér er bæði byggt á nýjum ákvæðum og ákvæðum sem er að finna í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Nokkuð var rætt um að setja ákvæði um samræmda gjaldtöku af innlendri framleiðslu og innfluttum matvælum, miðað við framleiðslumagn eða verðgildi, þannig að hægt væri að fella aðrar gjaldskrár úr gildi. Horfið var frá þessum hugmyndum vegna fyrirsjáanlegra erfiðleika við innheimtu og síðan skiptingu fjármagns

milli eftirlitsaðila, auk þess sem ekki náðist samkomulag við hagsmunaaðila um endurskoðun gjaldskrárákvæða.

Matvælarannsóknir eru í dag framkvæmdar samkvæmt gjaldskrám sem settar hafa verið fyrir þær stofnanir sem slíkum störfum sinna. Ákvæði greinarinnar um opinberar matvælarannsóknir eru því í samræmi við framkvæmd þeirra í dag.

Gjaldskrárheimildir aðila, sem tengjast eftirliti, eru samræmdar með ákvæðum þessarar greinar og er markmiðið að þeim verði beitt þannig að tekið verði mið af raunverulegum kostnaði vegna matvælaeftirlits og matvælarannsókna. Gert er ráð fyrir að ákvæðum 21. gr. verði beitt þegar um skörun á verksviði eftirlitsaðila er að ræða, en hver sem niðurstaða í slíkum málum verður skal þess gætt að eftirlitsskyldur aðili greiði ekki gjöld til fleiri en eins aðila vegna matvælaeftirlits.

Um 26. gr.

Það sama á við hér og um 25. gr. að framan, en þessi grein varðar gjaldtöku vegna starfsleyfa og sérstakrar þjónustu sem hagsmunaaðilar leita eftir, svo sem vegna útgáfu vottorða eða umsókna um heimild til notkunar tiltekinna efna eða annarra slíkra leyfisveitinga.

Um 27. gr.

Ekki hefur áður verið fjallað á þann hátt sem hér er gert um greiðslu rannsóknarkostnaðar af hálfu framleiðenda og dreifenda þegar rökstuddur grunur er á að starfsemi uppfylli ekki ákvæði laga eða reglna. Mikilvægt er að bregðast við þegar grunur leikur á að ákvæði laga og reglna séu ekki uppfyllt og sérstaklega ef um hættu á heilsutjóni getur verið að ræða. Eftirlitsaðilar fá á ýmsan hátt, m.a. gegnum samstarf við önnur ríki, upplýsingar og gögn sem gefa tilefni til sérstakra aðgerða. Hafi hagsmunaaðili, sem eftirlit beinist gegn, þá engin gögn til að hrekja þær grunsemdir sem fram koma er talið eðlilegt að hann standi undir kostnaði við rannsóknir á vöru sem hann er ábyrgur fyrir.

Um 28. gr.

Greinin er ný og með ákvæðum hennar er samskiptum eftirlitsaðila og heilbrigðisyfirvalda skipað í ákveðinn farveg sem verður að teljast mikilvægur þegar mál af þessum toga koma upp. Rétt er að taka fram að 28. gr. yrði aðeins beitt ef um mjög alvarlega hættu getur verið að ræða. Dæmi um þetta eru hugsanlegar afleiðingar af slysum í kjarnorkuverum og alvarleg tilvik matareitrana.

Um 29. gr.

Með þessari grein er verið að samræma valdsvið og þvingunarúrræði eftirlitsaðila og er m.a. stuðst við ákvæði þar að lútandi í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Í 3. mgr. greinarinnar, þar sem tekið er á framleiðslu og dreifingu matvæla sem dæmd eru óhæf til útflutnings eða dreifingar innan lands, er einnig fjallað um samskipti eftirlitsaðila í þeim tilgangi að tryggja sem besta framkvæmd eftirlits.

Í 2. mgr. greinarinnar er fjallað um förgun matvæla og er rétt að taka fram að um hana geta einnig gilt önnur lög og reglur, svo sem vegna mengunarvarna, sem ber að virða við ákvörðunartöku um hvernig að henni er staðið.

Um 30. gr.

Það telst til nýmæla í þessari grein og 29. gr. að öllum eftirlitsaðilum er ætlað að starfa eftir sömu ákvæðum hvað valdsvið og þvingunarúrræði varðar.

Um 31. gr.

Á sama hátt og fyrir valdsvið og þvingunarúrræði er með 31. gr. verið að samræma málsmeðferð, úrskurði og viðurlög, hvort sem eftirlitið beinist að fiskafurðum, kjöti eða öðrum matvælum.

Um 32. gr.

Með frumvarpi þessu er lagt til að felld verði úr gildi ákvæði um matvæli og aðrar neysluvörur í lögum nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, en það sama gildir ekki um þau ákvæði laganna sem aðeins varða nauðsynjavörur. Í stað ákvæða laganna um nauðsynjavörur er gert ráð fyrir að koma muni lög um öryggi framleiðsluvöru. Frumvarp til laga um öryggi framleiðsluvöru var lagt fram á 116. og 117. löggjafarþingi, en hlaut ekki afgreiðslu. Ef frumvarp um öryggi framleiðsluvöru verður samþykkt á undan þessu frumvarpi verður að breyta frumvarpsinu, þannig að lög nr. 24/1936 verði í heild sinni felld úr gildi. Málum er hins vegar öfugt farið ef ný matvælalög verða samþykkt fyrst og verður þá að gera breytingu á frumvarpi til laga um öryggi framleiðsluvöru, þannig að ákvæði laga nr. 24/1936 um nauðsynjavörur verði felld úr gildi.

Gert er ráð fyrir að ákvæði um matvæli í 17. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, falli einnig úr gildi. Í bráðabirgðaákvæðum þeirra laga kemur fram að ákvæði 17. gr. skuli gilda þar til fyllri ákvæði hafi verið sett um notkun eiturefna og hættulegra efna í matvælum og mengun matvæla af völdum slíkra efna. Ákvæði þessa frumvarps um aðskotaefni og þá sérstaklega varnarefni koma í stað þeirra ákvæða sem eru í áðurnefndum lögum og þau má því fella úr gildi.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Með ákvæðum til bráðabirgða er samstarfsráði falið að hefja þegar undirbúning að gildistöku laganna. Með þessu er samstarf eftirlitsaðila og þeirra sem fara með yfirstjórn laganna tryggt þegar við samþykkt frumvarpsins.

Ákvæði um endurskoðun laganna er talið mikilvægt, ekki síst með hliðsjón af þeirri öru þróun og miklu breytingum sem nú eru fyrirsjáanlegar með sameiginlegum markaði í Evrópu og aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði. Á því tímabili, sem tilgreint er vegna endurskoðunar laganna, mun einnig fást meiri reynsla af samstarfi opinberra eftirlitsaðila og því raunhæft að ræða hvort grundvöllur er til frekari samræmingar á starfsemi þeirra.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um matvæli.

Markmið laganna er að tryggja gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar þeirra séu fullnægjandi. Með frumvarpinu er eftirlit með matvælum samræmt og valdsvið hvers stjórnvalds skýrt. Þá eru í frumvarpinu ákvæði sem eru talin nauðsynleg vegna samnings um Evrópskt efnahagssvæði. Loks eru ákvæði um fræðslustarfsemi um matvæli.

Frumvarpið er fyrst og fremst samræming á matvælaeftirliti, auk þess sem lögin eru færð í nútímalegra horf. Breytingar frá gildandi lögum eiga ekki að leiða til aukinna útgjalda ríkissjóðs. Ákvæði um gjaldtöku stofnana eru samræmd og veitt er víðtækari heimild til gjaldtöku hjá eftirlitsstofnunum í sjávarútvegi og landbúnaði. Kostnaður af samstarfsráði, sem skal vinna að samræmingu laga, reglna og fyrirmæla um matvæli og framkvæmd eftirlits, á að rúmast innan fjárheimilda þeirra stofnana er málið varðar.

Með frumvarpinu á að koma í veg fyrir skörun á verksviði eftirlitsaðila og tvöfalda gjaldtöku og á það því að leiða til hagræðis. Nefndin, sem samdi frumvarpið, taldi það ekki í sínum verkahring að skoða frekari samræmingu á starfsemi eftirlits- og rannsóknaraðila og annarra þeirra sem starfa að forvörnum á matvælasviði. Bent er á í athugasemdum með frumvarpinu að full ástæða sé til slíkrar athugunar og tekur fjármálaráðuneytið undir það.

Með tilkomu samnings um Evrópskt efnahagssvæði hafa kröfur um matvælaeftirlit aukist og eru lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, nú til endurskoðunar m.a. vegna þess. Mun umfang matvælasviðs Hollustuverndar ríkisins að líkindum aukast og rekstrarkostnaður þess hækka. Ef ástæða þykir til að breyta lögunum mun kostnaðarmat fylgja því frumvarpi.

16. Frumvarp til laga [16. mál]

um erfðabreyttar lífverur.

(Lagt fyrir Alþingi á 119. löggjafarþingi 1995.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið o.fl.
1. gr.

Markmið laga þessara er að vernda náttúru landsins, vistkerfi, heilsu manna, dýra og plantna gegn skaðlegum og óæskilegum áhrifum erfðabreyttra lífvera.

2. gr.

Lögin taka til allrar notkunar og starfsemi með erfðabreyttar lífverur, þar með taldar rannsóknir, framleiðsla, geymsla, meðhöndlun úrgangs, slepping og dreifing, auk eftirlits með athafnasvæðum. Jafnframt taka lögin til innflutnings, markaðssetningar, sölu

og annarrar afhendingar erfðabreyttra lífvera, svo og til vöru sem inniheldur þær að einhverju leyti. Enn fremur taka lögin til flutninga á erfðabreyttum lífverum og vöru sem inniheldur þær, á landi, á sjó og í lofti.

Lögin gilda ekki um lífverur sem verða til með hefðbundnum kynbótum eða náttúrulegu erfðabreytingaferli.

3. gr.

Lögin gilda innan íslenska ríkisins og í efnahagslögsögunni.

II. KAFLI
Orðskýringar.

4. gr.

Í lögum þessum er merking eftirtalinna orða og orðasambanda eins og hér segir:

Afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera táknar alla þá starfsemi þar sem litningum í lífverum er breytt eða þegar erfðabreyttar lífverur eru ræktaðar, geymdar, notaðar, fluttar eða þeim fargað, enda sé beitt tálmunum af hvaða toga sem er til að hindra að erfðabreyttar lífverur komist í snertingu við fólk, umhverfi eða aðrar lífverur.

Áhættumat er úttekt á áhættu fyrir heilsu manna, annarra lífvera og umhverfi vegna afmarkaðrar notkunar, losunar og sleppingar og dreifingar erfðabreyttra lífvera, svo og vöru sem hefur erfðabreyttar lífverur að geyma.

Erfðabreytt lífvera er örvera, planta eða dýr þar sem erfðaefninu hefur verið breytt með erfðatæknilegum aðferðum.

Erfðatækni er tækni sem notuð er til þess að einangra, greina og umbreyta erfðaefni og flytja það inn í lifandi frumur eða veirur.

Lögbært yfirvald er það stjórnvald sem aðildarríki EES-samningsins tilnefna til að fara með leyfisveitingar í hverju landi og hafa umsjón og eftirlit með notkun erfðabreyttra lífvera.

Markaðssetning er hvers kyns afhending erfðabreyttra lífvera eða vöru sem hefur þær að geyma, hvort sem afhendingin er gegn gjaldi eða ekki.

Slepping eða dreifing merkir það þegar erfðabreyttum lífverum er sleppt út í umhverfið án þess að beitt sé tálmunum til að hindra að þær geti haft áhrif á fólk, aðrar lífverur eða umhverfi.

Slys er sérhvert það tilvik kallað þegar erfðabreyttar lífverur sleppa út og geta stefnt heilsu manna, annarra lífvera eða umhverfinu í hættu, þegar í stað eða síðar.

Vara er tilbúið efni eða framleiðsluvara sem sett er á markað og er að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum eða samsetningum þeirra.

Örvera er smásæ lífvera, þar með taldar veirur og veirungar.

III. KAFLI
Stjórnsýsla.

5. gr.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Hollustuvernd ríkisins hefur yfirumsjón með framkvæmd laganna, veitir leyfi og stjórnar eftirliti með starfsemi samkvæmt lögum þessum.

Umhverfisráðherra getur með reglugerð, að fenginni umsögn félagsmála-, heilbrigðis-, menntamála- og landbúnaðarráðherra, falið öðrum stjórnvöldum að fara með hluta eftirlitsins í samræmi við lög sem um þau stjórnvöld gilda, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins.

Hollustuvernd ríkisins getur afturkallað leyfi sem hún hefur veitt samkvæmt lögum þessum ef áhætta af leyfðri starfsemi eykst, flokkun erfðabreyttra lífvera breytist, nýjar upplýsingar liggja fyrir um að áhætta af starfseminni hafi verið vanmetin, ný tækni gerir það að verkum að mögulegt er að takmarka frekar en gert er áhættu fyrir heilsu manna og umhverfi eða ef brotið er gegn lögum og reglum sem um starfsemina gilda.

Hollustuvernd ríkisins er óheimilt að veita leyfi ef slík leyfisveiting samræmist ekki markmiðum laga þessara.

6. gr.

Umhverfisráðherra skal skipa fimm manna ráðgjafanefnd sem hefur sérfræðiþekkingu á þessu sviði sem ætlað er að aðstoða við framkvæmd laga þessara. Skipa skal með sama hætti jafnmarga til vara. Nefndin skal veita umsagnir samkvæmt lögum þessum auk þess sem hún skal veita eftirlits- og framkvæmdaraðilum ráðgjöf um framkvæmd laganna. Þá skal nefndin hafa frumkvæði að endurskoðun laga þessara. Umhverfisráðherra setur nefndinni starfsreglur í reglugerð auk þess sem þar skal kveðið á um það hvenær skylt sé að leita umsagnar nefndarinnar áður en endanleg ákvörðun er tekin eða leyfi veitt. Kostnaður sem hlýst af starfsemi nefndarinnar skal greiddur úr ríkissjóði.

7. gr.

Auk reglugerða sem kveðið er á um í einstökum greinum skal umhverfisráðherra setja í reglugerð eða reglugerðir nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að því er varðar eftirtalin atriði:

a. flokkun erfðabreyttra lífvera í áhættuflokka;
b. einangrunarráðstafanir í samræmi við flokkun erfðabreyttra lífvera í áhættuflokka;
c. sérákvæði, í samráði við félagsmálaráðherra, um aðbúnað starfsfólks, aðstöðu, búnað og tæki sem notuð eru við starfsemi með erfðabreyttar lífverur;
d. áhættumat;
e. skrár sem skylt er að halda vegna notkunar á erfðabreyttum lífverum;
f. skilyrði fyrir sleppingu og dreifingu erfðabreyttra lífvera;
g. flutning erfðabreyttra lífvera og vöru sem inniheldur þær;
h. markaðssetningu erfðabreyttra lífvera og vöru sem inniheldur þær;
i. mengunarvarnir, geymslu, losun og meðferð úrgangsefna;
j. rannsóknarsvæði;
k. efni umsókna og meðferð þeirra, tilkynningar til lögbærra yfirvalda á Evrópska efnahagssvæðinu og leyfisveitingar samkvæmt lögum þessum;
l. merkingar, vöruumbúðir o.þ.h.;
m. neyðaráætlanir um slysavarnir;
n. önnur atriði sem nauðsynlegt er að setja reglur um í samræmi við alþjóðasamninga, viðbætur eða breytingar á þeim.

IV. KAFLI
Afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera.

8. gr.

Óheimilt er að hefja starfsemi þar sem fram á að fara afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera nema að fengnu leyfi Hollustuverndar ríkisins. Sækja ber um leyfi til Hollustuverndar ríkisins fyrir hverja tegund erfðabreyttra lífvera sem fyrirhugað er að nota eða framleiða.

Umsækjandi skal meta fyrir fram þá áhættu sem hin afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera hefur eða getur haft í för með sér fyrir heilsu manna og umhverfi. Umsækjandi skal varðveita eintak af niðurstöðum áhættumatsins á starfsstöð sinni.

Umsókn skv. 1. mgr. skulu fylgja upplýsingar í samræmi við tegund starfsemi og flokkun erfðabreyttra lífvera, ásamt umsögnum eftirlitsaðila um aðstöðu, búnað og tæki og niðurstöðu áhættumats, eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.

Hollustuvernd ríkisins tilkynnir umsækjanda skriflega um móttöku umsóknar.

9. gr.

Afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera skal einungis fara fram á rannsóknarstofum eða athafnasvæðum sem Hollustuvernd ríkisins eða aðrir eftirlitsaðilar hafa samþykkt til slíkrar notkunar. Þá getur starfsemi með erfðabreyttar lífverur ekki hafist fyrr en eftirlitsaðilar hafa samþykkt þann búnað sem fyrirhugað er að nota við starfsemina og að farið sé að viðeigandi reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Þegar unnið er með erfðabreyttar lífverur þar sem sérstakrar varúðar er þörf skulu einangrunarráðstafanir og mengunarvarnir við hafðar í samræmi við flokkun á erfðabreyttum lífverum og tegund starfsemi. Þeir sem ábyrgð bera á fyrrgreindri starfsemi skulu taka einangrunarráðstafanir og mengunarvarnir reglulega til endurskoðunar og hafa til hliðsjónar nýjungar á sviði vísinda og tækni.

10. gr.

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að takmarka þann tíma sem starfsemi er heimil og binda leyfi öðrum skilyrðum. Stofnunin getur krafist þess að umsækjandi veiti frekari upplýsingar um aðstöðu og fyrirhugaða starfsemi en fram koma í umsókn. Þá getur Hollustuvernd ríkisins krafist þess að umsækjandi breyti aðstöðu sinni í samræmi við ákvæði laga og reglugerða áður en leyfi er veitt.

Hollustuvernd ríkisins skal tilkynna umsækjanda skriflega hvort fallist hafi verið á umsókn.

Tilkynna skal Hollustuvernd ríkisins þegar notkun eða framleiðsla erfðabreyttra lífvera hefst og halda skrá um starfsemina.

11. gr.

Ef afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera er fyrirhuguð sem þáttur í kennslu í skólum á háskólastigi er heimilt að víkja frá ákvæðum 8., 9. og 10. gr., enda hafi umhverfisráðherra gefið út sérstakt leyfi þar að lútandi að fenginni umsögn eftirlitsaðila. Umhverfisráðherra getur afturkallað leyfi sem hann hefur veitt samkvæmt þessari grein.

12. gr.

Ef aðstöðu þar sem fram fer afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera er breytt, þannig að áhætta af starfseminni eykst, skal leyfishafi tilkynna það Hollustuvernd ríkisins án tafar. Hið sama á við ef flokkun erfðabreyttra lífvera breytist. Skal Hollustuvernd ríkisins tilkynna leyfishafa skriflega svo skjótt sem auðið er hvort breytingarnar séu svo veigamiklar að afturkalla verði áður útgefið leyfi eða hvort leyfishafi skuli breyta starfsaðstöðu sinni til samræmis við reglur.

V. KAFLI
Slepping eða dreifing erfðabreyttra lífvera.

13. gr.

Óheimilt er að sleppa eða dreifa erfðabreyttum lífverum nema að fengnu leyfi Hollustuverndar ríkisins. Sækja skal um leyfi til Hollustuverndar ríkisins fyrir hverja einstaka sleppingu eða dreifingu. Sækja má um leyfi fyrir fleiri en eina sleppingu eða dreifingu í sömu umsókn. Stofnunin skal staðfesta móttöku umsókna skriflega.

Umsókn skulu fylgja nauðsynlegar upplýsingar um eiginleika og einkenni hinnar erfðabreyttu lífveru, áhættumat ásamt öðrum gögnum sem ráðherra kveður á um í reglugerð.

Hollustuvernd ríkisins skal leita umsagna um efni umsókna eins og kveðið er á um í reglugerð.

14. gr.

Hollustuvernd ríkisins skal tilkynna umsækjanda skriflega hvort fallist hafi verið á umsókn og hvaða skilyrðum leyfi sé bundið hafi það verið veitt. Stofnunin getur ákveðið áður en leyfi er veitt að framkvæmdar verði sérstakar prófanir og rannsóknir.

15. gr.

Ef leyfishafi telur nauðsynlegt að breyta heimilaðri tilhögun við sleppingu eða dreifingu skal hann tilkynna það Hollustuvernd ríkisins svo skjótt sem auðið er. Jafnframt skal hann gera grein fyrir þeim ráðstöfunum sem fyrirhugaðar eru vegna breytinganna. Skal stofnunin taka afstöðu til fyrirhugaðra breytinga og ráðstafana svo fljótt sem auðið er og tilkynna leyfishafa ákvörðun sína án tafar.

VI. KAFLI
Markaðssetning erfðabreyttra lífvera eða vöru sem inniheldur þær.

16. gr.

Óheimilt er að markaðssetja hér á landi erfðabreyttar lífverur eða vöru sem inniheldur þær nema að fengnu leyfi Hollustuverndar ríkisins. Umhverfisráðherra getur í reglugerð, að fengnum tillögum ráðgjafanefndar eða Hollustuverndar ríkisins, ákveðið að tilteknar afhendingar erfðabreyttra lífvera teljist ekki til markaðssetningar í skilningi laga þessara.

17. gr.

Umsókn um markaðssetningu skal beina til Hollustuverndar ríkisins sem staðfestir móttöku hennar skriflega. Áður en stofnunin gefur út leyfi skal hún leita umsagna um efni umsóknar eins og kveðið er á um í reglugerð.

Ef umsókn er ekki hafnað skal Hollustuvernd ríkisins senda útdrátt úr umsókn ásamt umsögn sinni til lögbærra yfirvalda á EES-svæðinu eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.

18. gr.

Komi fram nýjar upplýsingar um áhættu vegna markaðssetningar erfðabreyttra lífvera eða vöru sem inniheldur þær ber umsækjanda eða leyfishafa að tilkynna það án tafar til Hollustuverndar ríkisins. Hið sama á við ef flokkun erfðabreyttra lífvera breytist. Umsækjandi eða leyfishafi skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að vernda heilsu manna og umhverfi sé þess þörf með tilliti til þessara nýju upplýsinga.

Berist Hollustuvernd ríkisins tilkynning skv. 1. mgr. eða eftir öðrum leiðum skal hún svo skjótt sem auðið er taka afstöðu til þess hvort nauðsynlegt sé að endurskoða eða breyta áður útgefnu leyfi eða afturkalla það. Ákvörðun sína skal stofnunin tilkynna leyfishafa án tafar.

19. gr.

Ef fyrir liggur leyfi útgefið af lögbæru yfirvaldi í öðru landi á EES-svæðinu til markaðssetningar erfðabreyttra lífvera eða vöru sem inniheldur þær jafngildir sú leyfisveiting leyfi til markaðssetningar hér á landi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur umhverfisráðherra, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og umsögn ráðgjafanefndar, bannað eða takmarkað hér á landi markaðssetningu tiltekinna erfðabreyttra lífvera eða vöru sem inniheldur þær ef hætta er á að markaðssetningin hafi í för með sér skaðleg áhrif á heilsu manna eða umhverfi eða ef leyfisveiting samræmist ekki markmiðum laga þessara.

Hollustuvernd ríkisins skal tilkynna án tafar öðrum lögbærum yfirvöldum á EES-svæðinu ákvörðun umhverfisráðherra skv. 2. mgr.

VII. KAFLI
Almenn ákvæði.

20. gr.

Hollustuvernd ríkisins eða öðrum eftirlitsaðilum er heimill óhindraður aðgangur að rannsóknarstofum eða svæðum þar sem fram fer notkun eða starfsemi með erfðabreyttar lífverur. Jafnframt geta eftirlitsaðilar krafist þess að fá aðgang að öllum skjölum og efni sem máli kann að skipta vegna eftirlitsins.

21. gr.

Sérhverjum þeim sem notar, framleiðir eða markaðssetur erfðabreyttar lífverur er skylt, án tillits til trúnaðarskyldu, að afhenda Hollustuvernd ríkisins eða öðrum opinberum eftirlitsaðilum nauðsynlegar upplýsingar svo að þeir geti sinnt verkefnum sem þeim eru falin samkvæmt lögum þessum. Öðrum opinberum stofnunum er einnig skylt, sé þess óskað, að afhenda eftirlitsaðilum sömu upplýsingar, án tillits til trúnaðarskyldu sem annars hvílir á stofnuninni og starfsmönnum hennar.

Starfsmönnum Hollustuverndar ríkisins, ráðgjafanefnd eða öðrum sem fjalla um umsóknir og tilkynningar samkvæmt lögum þessum er óheimilt að greina frá trúnaðarupplýsingum sem þeir kunna að komast að í starfi sínu. Óheimilt er að greina frá umsóknum sem dregnar hafa verið til baka. Trúnaðarskyldan helst þó að látið sé af starfi.

Umhverfisráðherra setur nánari ákvæði um meðferð upplýsinga í reglugerð og hvaða upplýsingar skuli ætíð undanþegnar trúnaðarskyldu.

22. gr.

Greiða skal sérstakt gjald vegna meðferðar umsókna samkvæmt lögum þessum og skal greiða það við afhendingu umsóknar. Hollustuvernd ríkisins skal gera tillögu að gjaldskrá sem ráðherra staðfestir og birtir í Stjórnartíðindum. Þá er Hollustuvernd ríkisins heimilt að krefja umsækjanda um endurgreiðslu alls kostnaðar sem fellur til vegna sérstakra rannsókna eða úttekta, enda hafi verið haft samráð við umsækjanda um fyrirhugaðar rannsóknir eða úttektir og umsækjanda gefinn kostur á að draga umsókn sína til baka áður en til slíks kostnaðar er stofnað.

23. gr.

Ef slys valda því að erfðabreyttar lífverur sleppa út í umhverfið skal sá sem ábyrgð ber á starfsemi grípa til nauðsynlegra ráðstafana svo að koma megi í veg fyrir eða takmarka eins og kostur er tjón eða óþægindi sem af slysinu kunna að hljótast. Þá skal sá sem ábyrgð ber á starfsemi tilkynna um slysið án tafar til Hollustuverndar ríkisins og eftirlitsaðila sem málið varðar. Í tilkynningu skulu koma fram upplýsingar um tildrög slyss, tegund og magn erfðabreyttra lífvera sem sloppið hafa út í umhverfið, ásamt nauðsynlegum upplýsingum svo að unnt sé að meta áhrif slyssins. Jafnframt skulu fylgja upplýsingar um til hvaða ráðstafana hafi verið gripið vegna slyssins.

24. gr.

Sá sem ábyrgð ber á afmarkaðri notkun, sleppingu og dreifingu eða markaðssetningu erfðabreyttra lífvera samkvæmt lögum þessum er skaðabótaskyldur vegna tjóns sem af hlýst, komist þær út í umhverfið, án tillits til þess hvort tjón verði rakið til saknæms hátternis eða ekki.

25. gr.

Telji umsækjandi, leyfishafi eða aðrir sem aðild eiga að máli rétti sínum hallað vegna ákvörðunar sem tekin hefur verið samkvæmt lögum þessum má kæra hana til umhverfisráðherra innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um hana.

26. gr.

Að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og umsögn ráðgjafanefndar er umhverfisráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að starfsemi með tilteknar erfðabreyttar lífverur hér á landi sé undanþegin ákvæðum IV., V. og VI. kafla laga þessara. Það skal þó ekki ákveðið fyrr en reynsla hefur fengist af starfsemi með erfðabreyttu lífverurnar og tryggt sé að af þeim stafi ekki hætta fyrir heilsu manna, vistkerfið eða umhverfið. Þessa ákvörðun skal tilkynna lögbærum yfirvöldum á EES-svæðinu.

27. gr.

Umhverfisráðherra getur ákveðið með reglugerð að Hollustuvernd ríkisins skuli leita umsagna áður en leyfi fyrir starfsemi samkvæmt lögum þessum er veitt.

Ef umsókn er þess eðlis að leyfi fyrir starfsemi með erfðabreyttar lífverur getur haft veruleg áhrif á starfsemi og hagsmuni margra aðila er Hollustuvernd ríkisins heimilt að ákveða að efna til opinbers fundar áður en endanleg ákvörðun um leyfisveitingu er tekin. Ákvörðun um að halda opinberan fund skal auglýsa sérstaklega.

VIII. KAFLI
Þvingunarúrræði stjórnvalda, málsmeðferð og viðurlög.

28. gr.

Til þess að knýja á um framkvæmd ráðstafana sem eftirlitsaðilar hafa ákveðið á grundvelli laga þessara getur Hollustuvernd ríkisins eða önnur stjórnvöld sem falið hefur verið sérstakt eftirlit, í samráði við Hollustuvernd ríkisins, beitt eftirfarandi aðgerðum:

1. Veitt áminningu.
2. Veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta.
3. Stöðvað starfsemi eða notkun búnaðar að öllu leyti eða að hluta til, með aðstoð lögreglu ef með þarf.

Starfsemi skal því aðeins stöðvuð að um alvarlegt tilvik eða ítrekuð brot sé að ræða, eða ef aðilar sinna ekki kröfum um úrbætur innan tilskilins frests. Ef aðili vanrækir að vinna verk sem Hollustuvernd ríkisins eða önnur stjórnvöld hafa fyrirskipað honum að framkvæma á grundvelli laga þessara eða reglna settra samkvæmt þeim, innan tilskilins frests, er stjórnvöldum heimilt að láta vinna verkið á kostnað umrædds aðila. Kostnaður vegna slíkra aðgerða greiðist til bráðabirgða úr ríkissjóði sem innheimtir hann síðar hjá umræddum aðila.

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að ákveða dagsektir, allt að 50.000 kr. á dag, til þess að knýja á um framkvæmdir. Ákvarðanir um greiðslu gjalda, kostnaðar og dagsekta samkvæmt þessari grein eru aðfararhæfar.

29. gr.

Með rannsókn á brotum samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, ef sakir eru miklar. Hlutdeild í brotum á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, eða tilraun til slíkra brota, er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

31. gr.
Ákvæði til bráðabirgða.

Umhverfisráðherra er heimilt að auglýsa gildistöku tilskipana ráðs EBE nr. 90/219 og 90/220 hér á landi auk annarra reglna ESB á þessu sviði tímabundið, í heild sinni eða að hluta þar til nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara hafa verið sett í reglugerð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Inngangur.

Starfshópur sá sem vann þetta frumvarp byggði að talsverðu leyti á gögnum sem nefnd á vegum umhverfisráðuneytisins um sama efni vann og skilaði af sér í skýrslu og frumvarpsdrögum á vordögum 1993. Sú nefnd lagði m.a. mikla vinnu í að kynna sér stöðu þessara mála í öðrum löndum á EES-svæðinu.

Frumvarp þetta er samið til þess að uppfylla skyldur þær sem íslenska ríkið tekur á sig með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Í 74. gr. samningsins er vísað til XX. viðauka en í honum eru sérstök ákvæði um verndarráðstafanir sem gilda skulu skv. 73. gr. samningsins. Í XX. viðauka EES-samningsins eru tvær tilskipanir sem fjalla um erfðabreyttar lífverur, þ.e. tilskipun ráðsins frá 23. apríl 1990 um einangraða notkun erfðabreyttra örvera nr. 90/219/EBE og tilskipun ráðsins frá 23. apríl 1990 um þau tilvik er erfðabreyttum lífverum er sleppt af ásettu ráði út í umhverfið nr. 90/220/EBE. Samkvæmt sérstakri bókun í XX. viðauka skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessum tilskipunum koma til framkvæmda frá 1. janúar 1995. Jafnframt er 16. gr. tilskipunar 90/220/EBE breytt á eftirfarandi hátt:

„1. Hafi samningsaðili rökstuddar ástæður til að ætla að vara, sem tilkynnt hefur verið um á réttan hátt og fengið hefur skriflegt samþykki samkvæmt tilskipun þessari, sé hættuleg heilsu manna eða umhverfinu er honum heimilt að takmarka eða banna notkun og/eða sölu vörunnar á yfirráðasvæði sínu. Skal hann þegar í stað tilkynna öðrum samningsaðilum, í gegnum sameiginlegu EES-nefndina, um slíka aðgerð og rökstyðja ákvörðun sína.

2. Fari samningsaðili þess á leit skal sameiginlega EES-nefndin fjalla um réttmæti þeirra ráðstafana sem gerðar hafa verið."

Í 73. gr. EES-samningsins koma fram þau markmið sem aðgerðir samningsaðila byggjast á, en þau eru: Að varðveita, vernda og bæta umhverfið, að stuðla að heilsuvernd manna og að tryggja að auðlindir náttúrunnar séu nýttar af varúð og skynsemi. Í 73. gr. samningsins koma enn fremur þær meginreglur fram sem aðgerðir samningsaðila skulu byggjast á. Girða skal fyrir umhverfisspjöll, leggja skal áherslu á að bæta það tjón sem þegar hefur orðið og leggja skal greiðsluskyldu á þann sem mengun veldur. Frumvarp það sem hér liggur fyrir byggist á fyrrgreindum meginreglum.

Einnig er vísað til skýrslu umhverfisráðherra um mótun stefnu í umhverfismálum sem lögð var fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1993 en skýrslan ber heitið: „Á leið til sjálfbærrar þróunar, stefna og framkvæmdir ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum". Í skýrslunni kemur m.a. fram að stefna ríkisstjórnarinnar er að leggja grunn að þróun sem fær staðist til frambúðar með því að efla aðgerðir sem koma í veg fyrir óæskileg áhrif manna og dýra á náttúrulegt umhverfi eða draga úr þeim, bæta umhverfið og eftir megni að koma í veg fyrir, draga úr eða tefja óæskilegar breytingar á umhverfi okkar af völdum náttúruafla. Jafnframt er vísað til nokkurra þeirra meginreglna sem hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar byggist á, m.a. til reglunnar um að hver einstaklingur eigi rétt á umhverfi sem stuðlar að heilbrigði og farsæld, réttar sérhvers einstaklings varðandi ákvarðanir er snerta nánasta umhverfi hans og til mengunarbótareglunnar (polluter pays principle). Í frumvarpi því sem hér er lagt fram er byggt á nefndum meginreglum. Loks má nefna að

í frumvarpinu er hlutlæg skaðabótaregla en slíkri reglu er ætlað að reyna að draga úr óæskilegum áhrifum manna á náttúrulegt umhverfi og stuðla að því að sá sem mengar umhverfið eða veldur tjóni, sem rekja megi til notkunar erfðabreyttra lífvera, skuli gerður greiðsluskyldur vegna þess tjóns.

Eins og fram kemur í 2. gr. frumvarpsins og í skýringum við greinina er frumvarpinu, ef að lögum verður, ætlað að gilda um alla notkun, starfsemi, rannsóknir, framleiðslu, geymslu, meðhöndlun úrgangs, innflutning, markaðssetningu, sölu og aðra afhendingu á erfðabreyttum lífverum hvort sem afhendingin fer fram í vísindalegum tilgangi eða viðskiptalegum, sbr. gildissvið tilskipana nr. 90/219/EBE og nr. 90/220/EBE. Frumvarpið gildir einnig um flutninga á erfðabreyttum lífverum og veirum þó að það sé undanskilið gildissviði tilskipana nr. 90/219/EBE og nr. 90/220/EBE og er það í samræmi við danska og norska lagaframkvæmd. Landfræðilegt gildi frumvarpsins er Ísland og efnahagslögsaga þess, eins og fram kemur í 3. gr.

Markmið frumvarpsins er að vernda náttúru landsins, vistkerfi, heilsu manna, dýra og plantna gegn óæskilegum áhrifum erfðabreyttra lífvera. Ráðstafanir samkvæmt frumvarpinu til að ná þeim markmiðum eru þessar helstar: Óheimilt er að hefja starfsemi þar sem fram á að fara afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera nema að fengnu leyfi Hollustuverndar ríkisins. Sækja ber um sérstakt leyfi fyrir hverja tegund sem fyrirhugað er að nota eða framleiða. Jafnframt ber að tilkynna sérstaklega þegar starfsemi hefst. Í öðru lagi er óheimilt að sleppa eða dreifa erfðabreyttum lífverum af ásettu ráði út í umhverfið eða markaðssetja þær nema að fengnu leyfi Hollustuverndar ríkisins. Í þriðja lagi ber að gera sérstakt áhættumat vegna notkunar, sleppingar, dreifingar og markaðssetningar erfðabreyttra lífvera. Í fjórða lagi ber að skrásetja þær tegundir erfðabreyttra lífvera sem unnið er með hverju sinni. Í fimmta lagi ber notendum að halda sérstakar skrár yfir notkunina. Loks má nefna að starfsemi með erfðabreyttar lífverur er háð eftirliti sem nánar verður útfært í reglugerð.

Rétt er að geta þess að skv. 2. og 3. mgr. 8. gr. EES-samningsins taka reglurnar um frjálsa vöruflutninga milli samningsaðila einungis til framleiðsluvara sem falla undir 25.–97. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni, að frátöldum þeim framleiðsluvörum sem skráðar eru í bókun 2 og 3 með samningnum. Um þær framleiðsluvörur sem greindar eru í bókunum 2 og 3 gilda sérstakar reglur. Í framkvæmd merkir þetta að vörur sem falla undir 1.–24. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni eru undanskildar gildissviði EES-samningsins. Í 1.–24. kafla er m.a. fjallað um lifandi dýr og vörur úr dýraríkinu, vörur úr jurtaríkinu, t.d. lifandi tré og aðrar plöntur, fræ, plöntur til notkunar í iðnaði og til lyfja og unnin matvæli.

Rétt er að geta þess að í þeim starfshópi sem lagði lokahönd á frumvarpið var ekki, frekar enn í fyrri nefndinni, tekið sérstaklega á siðferðilegum álitaefnum sem geta komið fram vegna starfsemi með erfðabreyttar lífverur. Slík tilvik verður að vega og meta hverju sinni þegar þau koma upp með þær reglur að bakhjarli sem þetta frumvarp hefur að geyma.

II.
Gildissvið.

Eins og fram kemur í 1. gr. frumvarpsins er markmið þess að vernda náttúru landsins og vistkerfi, heilsu manna, dýra og plantna gegn skaðlegum eða óæskilegum áhrifum erfðabreyttra lífvera.

Víða í lögum er að finna ákvæði sem á einn eða annan hátt varða lífverur án þess þó að gerður sé greinarmunur á því hvort þær séu erfðabreyttar eða ekki. Hins vegar eru vandfundin ákvæði þar sem erfðabreyttar lífverur eru nefndar á nafn. Þó finnast slík ákvæði. Í reglugerð nr. 70/1993 um útflutningsleyfi o.fl. er að finna tilvísun til erfðabreyttra örvera sem notaðar eru í hernaðarlegum tilgangi eða við framleiðslu, þróun eða notkun á vörum til hernaðarþarfa. Útflutningur slíkra örvera er háður leyfisveitingum utanríkisráðuneytisins.

Nokkur dæmi verða nú rakin um lagaákvæði sem innihalda ákvæði um lífverur og örverur án tillits til þess hvort þær hafa sætt erfðabreytingum eða ekki.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 54/1990, um innflutning dýra, er óheimilt að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin eða villt, svo og erfðaefni þeirra. Heimilt er að víkja frá banni þessu með tilteknum skilyrðum. Frumvarp það sem hér liggur fyrir hefur ekki áhrif á gildissvið laga nr. 54/1990. Hugsanlegt er að ákvæði laga nr. 54/1990 og reglur frumvarpsins ættu við um sama tilvikið, t.d. um innflutning á erfðabreyttu dýri. Sérstök ástæða er til þess að benda á 5. gr. laga nr. 54/1990. Í greininni kemur fram að leita skuli umsagnar Náttúruverndarráðs áður en leyfi er veitt til innflutnings á nýjum dýrategundum eða erlendum stofnum tegunda sem hér eru fyrir. Ákvæði þetta heldur sjálfstæðu gildi sínu. Rétt er að taka fram að í 17. gr. EES-samningsins er vísað til viðauka I en í viðaukanum eru sérstök ákvæði og fyrirkomulag varðandi heilbrigði dýra og plantna. Ísland er undanþegið ákvæðum viðauka I sem varða heilbrigði dýra.

Samkvæmt lax- og silungsveiðilögum nr. 76/1970 er óheimilt að flytja til landsins lifandi laxfiska eða annan fisk er lifir í ósöltu vatni. Þó er heimilt með sérstöku leyfi að flytja til landsins lifandi hrogn slíkra fiska með tilteknum skilyrðum. Ef um væri að ræða erfðabreyttar lífverur og ákvæði frumvarpsins ættu við yrði jafnframt að liggja fyrir leyfi Hollustuverndar ríkisins.

Í 3. mgr. 1. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, segir að lögunum sé ætlað að ná yfir alla starfsemi og framkvæmd sem hefur eða haft getur í för með sér mengun lofts, láðs og lagar. Í 4. mgr. sömu greinar kemur fram skilgreining á hugtakinu mengun. Mengun er þegar örverur, efni og efnasambönd valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til óþæginda vegna ólyktar, hvers konar hávaða og titrings og varmaflæðis. Ákvæði laga nr. 81/1988 geta átt við ásamt ákvæðum frumvarpsins ef um erfðabreyttar örverur er að ræða. Sem dæmi má nefna reglur um framkvæmd mengunarvarna, starfsleyfi vegna mengandi starfsemi og eftirlit með mengandi starfsemi, sbr. 3. gr. laga nr. 81/1988.

Í lögum nr. 46/1980 eru ítarlegar reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Það er m.a. tilgangur tilskipana nr. 90/219/EBE og nr. 90/220/EBE að tryggja öryggi þeirra og heilsu sem vinna með erfðabreyttar lífverur. Þess ber að geta að skv. VII. kafla laga nr. 46/1980 ber að skrá og skoða hvers konar vélar, tæki og búnað með tilliti til öryggis þeirra sem við hann starfa. Ákvæðum laga nr. 46/1980 og reglum frumvarpsins, verði þau að lögum, verður því beitt samhliða 2. gr. og 7. gr. frumvarpsins, sem fjalla um eftirlit með starfsemi með erfðabreyttar lífverur.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, er óheimilt að búa til eða flytja til landsins í því skyni að hafa á boðstólum, selja eða láta á annan hátt af hendi matvæli eða aðrar neyslu- eða nauðsynjavörur sem ætla má að skorti eðlilega hollustu eða séu skaðlegar heilbrigði manna ef þeirra er neytt eða þær notaðar á tilætlaðan eða tíðkanlegan hátt. Ef um er að ræða neysluvör-

ur, sem innihalda erfðabreyttar lífverur, gætu ákvæði frumvarpsins og ákvæði laga nr. 24/1936 átt við.

Loks skal hér nefna lyfjalög, nr. 108/1984, og lyfsölulög, nr. 30/1963. Samkvæmt lyfjalögum er Lyfjaeftirliti ríkisins m.a. falið það hlutverk að hafa eftirlit með innflutningi lyfja og lyfjaefna og hráefna til lyfjagerðar. Samkvæmt lyfsölulögum er lyfjabúðum og viðurkenndum lyfjagerðum svo og tilraunastofum heimilt að flytja inn lyf og efni til lyfjagerðar vegna eigin þarfa. Ekki er óhugsandi að reynt gæti á reglur frumvarpsins og ákvæði fyrrgreindra laga og þá þyrfti að liggja fyrir leyfi frá Hollustuvernd ríkisins.

III.
Framkvæmdin hér á landi.

Vandfundin eru ákvæði í íslenskum lögum sem sérstaklega taka til erfðabreyttra lífvera. Hins vegar eru fjölmörg lagaákvæði sem taka til lífvera og örvera án tillits til þess hvort þær eru erfðabreyttar eða ekki.

Nefnd þeirri sem vann upphaflega að gerð þessa frumvarps þótti rétt að senda fyrirspurnir til nokkurra stofnana hér á landi sem líklegt var talið að störfuðu að rannsóknum sem tengst gætu efni frumvarpsins eða hefðu vitneskju um slíka rannsóknarstarfsemi. Fyrirspurnir voru sendar til eftirtalinna aðila:

1. Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, 2. Líffræðistofnunar Háskólans, erfðafræðistofu, 3. Raunvísindastofnunar Háskólans, efnafræðistofu, 4. Iðntæknistofnunar, líftæknideildar, 5. Rannsóknarráðs ríkisins, 6. Bændaskólans Hvanneyri, búvísindadeildar, 7. Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, 8. Krabbameinsfélags Íslands.

Svör við fyrirspurn nefndarinnar bárust frá Iðntæknistofnun, Líffræðistofnun Háskólans, Bændaskólanum á Hvanneyri og Krabbameinsfélaginu. Einungis er um að ræða starfsemi með erfðabreyttar örverur hjá Líffræðistofnun Háskólans og hjá Iðntæknistofnun. Fyrrgreindir aðilar stunda einungis starfsemi með erfðabreyttar örverur í lægri áhættuflokknum, sbr. tilskipun 90/219. Auk þess er kunnugt um að við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er unnið með erfðabreyttar örverur.

IV.
Tilskipanir nr. 90/219/EBE og nr. 90/220/EBE.

Tilskipanir nr. 90/219/EBE og nr. 90/220/EBE eru settar samkvæmt mismunandi heimildum í Rómarsamningnum enda er markmiðið með þeim ekki að öllu leyti hið sama. Tilskipun nr. 90/219/EBE er sett með stoð í 130. gr. Rómarsamningsins, en 1. og 2. mgr. þeirrar greinar eru að mestu leyti samhljóða 73. gr. EES-samningsins. Tilskipanir, sem settar eru skv. 130. gr. Rómarsamningsins, innihalda lágmarksákvæði, þ.e. frjálst er að setja strangari reglur svo lengi sem þær stangast ekki á við önnur ákvæði Rómarsamningsins. Í 130. gr. t, sbr. 75. gr. EES-samningsins, er þetta áréttað. Hins vegar er tilskipun nr. 90/220/EBE sett með stoð í 100. gr. a. í Rómarsamningnum. Samkvæmt því ákvæði er stefnt að samræmingu lagareglna og stjórnsýslureglna aðildarríkja EB sem varða stofnun og starfsemi innri markaðarins, þar með taldir frjálsir vöruflutningar á milli aðildarríkjanna. Ákvæði tilskipunar nr. 90/220/EBE varða því frjálsa vöruflutninga á milli aðildarríkjanna, sbr. 8. gr. EES-samningsins, og umhverfismál. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir efnisinnihaldi tilskipananna.

I. Í stuttu máli má segja að tilskipun nr. 90/219/EBE innihaldi lýsingu á tilteknu aðgerðarferli. Í fyrsta lagi skulu erfðabreyttar örverur, sem falla undir gildissvið tilskipunarinnar, flokkaðar í tvo flokka í samræmi við þá áhættu sem talin er stafa af þeim.

Einnig er starfsemin þar sem áætlað er að nota örverurnar flokkuð í tvo flokka, A og B. Til þess að tryggja öryggi til hins ýtrasta skal gera áhættumat fyrir hvert einstakt tilfelli, þ.e. fyrir áætlaða notkun erfðabreyttra örvera. Tilkynning um fyrirhugaða starfsemi skal send til yfirvalda. Í tilskipuninni er enn fremur fjallað um einangrunaraðgerðir, þ.e. til þess að vernda menn og umhverfi, og vinnureglur eftir því sem við á hverju sinni. Loks er þess krafist að gerðar séu áætlanir til þess að bregðast við slysum.

Áður en starfsemi hefst verður að semja slysavarnaráætlanir til þess að verja þá starfsmenn sem vinna með erfðabreyttar örverur og í nánasta umhverfi við þær. Eigi slys sér stað verður að tilkynna það til yfirvalda og gefa ítarlegar upplýsingar svo að hægt sé að meta áhrif slyssins.

II. Tilskipun nr. 90/220/EBE fjallar hins vegar um það þegar afmarkaðri notkun sleppir. Annars vegar er um það fjallað í B-hluta þegar erfðabreyttum lífverum er sleppt af ásettu ráði út í umhverfið í rannsóknar- og þróunarskyni eða hverju skyni öðru en til að setja á markað. B-hluti inniheldur lýsingu á því sem umsækjandi þarf að leggja fram með tilkynningu til yfirvalda ef hann áætlar að sleppa erfðabreyttum lífverum út í umhverfið. Samkvæmt tilskipuninni er óheimilt að sleppa eða dreifa erfðabreyttum örverum nema að fengnu leyfi og að önnur EB-lönd hafi fengið tækifæri til að tjá sig um umsóknina. Hins vegar er í C-hluta tilskipunar nr. 90/220/EBE fjallað um afurðir sem hafa erfðabreyttar lífverur að geyma og settar eru á markað. Samkvæmt C-hluta þarf sérstakt leyfi, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, til að markaðssetja afurðir sem hafa erfðabreyttar lífverur að geyma. Leyfi sem gefið er út í einu EB-landi gildir í þeim öllum. Þó er í 16. gr. tilskipunarinnar ákvæði þess efnis að telji aðildarríki að afurð, sem tilkynnt hefur verið um á réttan hátt og fengið hefur skriflegt samþykki, sé hættuleg heilsu manna eða umhverfi er því heimilt að takmarka eða banna notkun hennar eða sölu innan lands um stundarsakir.

Áður en leyfi er gefið til markaðssetningar skal leita álits annarra EES-ríkja. Með þessu móti geta öll ríkin fylgst með því þegar eitt ríkið gefur leyfi enda á það að gilda á sameiginlega markaðinum.

V.
Þróun á alþjóðavettvangi.

Um þúsundir ára hefur maðurinn reynt að auka afrakstur sinn af náttúrunni með því að nota þekkingu sína. Má þar nefna hreinræktun plantna og dýra, val á eiginleikum sem æskilegir hafa þótt hverju sinni. Snemma voru teknar í þjónustu mannsins örverur, t.d. við kæsingu matvæla og við víngerð. Enn fremur hefur verið reynt að minnka eða hindra áhrif sjúkdóma með ýmsum ráðum, m.a. með því að nota erfðabreyttar lífverur til framleiðslu lífsnauðsynlegra efna svo sem insúlíns, blóðstorknunarefnis (faktor VIII) og vaxtarhormóns fyrir menn.

Óhætt er að segja að þróun í líftækni hafi verið hröð undanfarna áratugi. Fyrir rúmum 20 árum (1971) tókst að flytja erfðaefnisbúta milli lífvera og magna þá upp í hýslum. Um sama leyti og þetta gerðist fóru að heyrast viðvörunarraddir um þá hættu sem af þessu gæti stafað, einkum er snerti „krabbagen“ er kynnu að fara í gang við þessi skilyrði. Af öllu þessu leiddi að í Bandaríkjunum varð til opinber nefnd sem setti reglur um þessi mál. Nefndin var kölluð „The Recombinant DNA Advisory Committee“ (RAC). Samsvarandi nefndir urðu til í ýmsum Evrópuríkjum, t.d. í Bretlandi. Var sú nefnd kölluð „The Genetic Manipulation Advisory Group“ (GMAG). Voru reglur þær sem þessar nefndir lögðu til nokkuð strangar, t.d. að erfðabreyttar örverur mætti aðeins rækta og

geyma í tilraunaglösum. Sömuleiðis var bannað að rannsaka gen úr krabbaveirum með þessari aðferð.

Með aukinni reynslu og tilraunum varð smám saman ljóst að raunveruleg hætta af þessum tilraunum var mjög lítil. Þetta varð til þess að Heilbrigðisstofnun Bandaríkjanna (NIH) dró úr hindrunum á þessu sviði og leyfðar voru tilraunir, t.d. með „veirugen".

Ekki er kunnugt um nein slys samfara þessum tilraunum. Nú er þessari tækni víða beitt, t.d. við framleiðslu á efnum til iðnaðar, framleiðslu á ýmsum efnum í lækningaskyni, við greiningu sjúkdóma o.fl.

Árið 1990 var vitað um a.m.k. 200 tilvik í heiminum þar sem erfðabreyttum lífverum hafði verið sleppt út í umhverfið í rannsóknarskyni. Þar af var þriðjungur í Evrópu. Oftast var um að ræða plöntur eða örverur.

VI.
Öryggis- og áhættumat.

Árið 1983 setti vísinda- og tækninefnd OECD á laggirnar sérfræðinefnd til að fjalla um öryggi við notkun erfðabreyttra (r-DNA) lífvera í iðnaði, landbúnaði og almennt í umhverfinu. Nefndin lauk störfum 1985 og ári seinna kom út skýrsla á vegum OECD sem bar heitið „Recombinant DNA-Safety Considerations" (oft kölluð Bláa bókin). Í skýrslunni eru settar fram almennar viðmiðanir sem fara skal eftir við notkun erfðabreyttra lífvera. Skýrslan var eitt fyrsta alþjóðlega framtakið á þessu sviði.

Ný sérfræðinefnd var skipuð árið 1988 á vegum Vísinda-, tækni- og iðnaðarstofnunar OECD í samvinnu við Umhverfisstofnun OECD til að halda áfram starfi fyrri nefndar þar sem frá var horfið 1986. Nefndinni var ætlað að taka fram allar nýjungar á þessu sviði og þróa áfram þau öryggisatriði sem fjallað er um í skýrslunni frá 1986. Árið 1992 gaf nefndin út leiðbeiningar um öryggi (Safety Considerations for Biotechnology). Um miðbik níunda áratugarins töldu menn sig hafa komist að þeirri niðurstöðu að áhættan við notkun erfðabreyttra lífvera væri af sama toga og áhættan við notkun annarra lífvera.

Skiptar skoðanir eru á því hvort áhættugreining við notkun örvera og erfðabreyttra lífvera sé raunhæf. Reynsla manna bendir þó til þess að í flestum tilvikum sé hægt að nota svipað áhættumat og við notkun eiturefna og hættulegra efna. Segja má að áhættan við efnanotkun hvað snertir heilsu manna sé háð bæði eiturvirkni efnisins og styrkleika mengunar. Þannig getur áhættan verið jafnmikil fyrir mikið eitruð efni og lítið eitruð efni ef mengunin er samsvarandi mikil eða lítil. Slíkt áhættumat vegna notkunar erfðabreyttra lífvera er hægt að framkvæma. Það er þó ekki eins einfalt þar sem erfðabreyttar lífverur geta fjölgað sér og dreift þegar réttu skilyrðin eru fyrir hendi og eru þær þá í grundvallaratriðum frábrugðnar hinum „dauðu" eiturefnum.

Áhættugreiningu á notkun örvera og erfðabreyttra lífvera er því ekki hægt að grundvalla á nákvæmum tölum um líffræðilega áhættu og mengunarstig. Áhættugreiningin verður að byggjast á röð breytna sem geta verið mismunandi eftir aðstæðum. Áhættugreiningunni við notkun örvera og erfðabreyttra lífvera er yfirleitt skipt upp í nokkur stig þar sem eitt stigið er greining með tilliti til öryggis starfsmanna.

VII.
Vinnuvernd.

Sérstakar reglur verða settar í reglugerð, sbr. c-lið 7. gr., sem fjalla um notkun erfðabreyttra lífvera með tilliti til öryggis og heilsuverndar starfsmanna sem vinna með þær. Slíkar reglur munu m.a. verða settar til að uppfylla ákvæði tilskipunar nr. 90/679/EBE

sem fjallar um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum. Í reglunum verða mismunandi ákvæði eftir því í hvaða flokki lífverurnar eru, annars vegar samkvæmt flokkun í samræmi við frumvarpið og hins vegar samkvæmt nánari flokkun í undirflokka, m.a. í samræmi við það hversu miklar líkur eru á því að lífverurnar valdi sjúkdómum í mönnum. Í reglunum verður auk þess fjallað um áhættumat, hvernig draga beri úr áhættu, hreinlæti, fræðslu og þjálfun starfsmanna, upplýsinga- og tilkynningarskyldu og heilsuvernd starfsmanna.

Í tilskipun nr. 90/679/EBE eru ýmsar skyldur lagðar á bæði stjórnendur og starfsmenn fyrirtækja þar sem unnið er með lífverur. Samkvæmt tilskipuninni skal vinnuveitandi sjá til þess að ekki séu notaðar hættumeiri lífverur en nauðsynlegt er við starfsemina. Vinnuveitandi skal einnig sjá til þess með tilteknum aðferðum, sem greindar eru í tilskipuninni, að áhættan sé í lágmarki við starfsemina. Jafnframt skal vinnuveitandi sjá starfsmönnum fyrir viðeigandi hlífðarfatnaði og hreinlætisaðstöðu og enn fremur skal vinnuveitandi veita yfirvöldum nauðsynlegar upplýsingar, þar á meðal um áhættumat. Vinnuveitandi ber ábyrgð á því að starfsmenn fái viðeigandi fræðslu og þjálfun í því augnamiði að tryggja öryggi þeirra og heilsu.

VIII.
Löggjöf um erfðabreyttar lífverur.

Áður hefur verið gerð grein fyrir efnisinnihaldi tilskipana nr. 90/219/EBE og nr. 90/220/EBE. Samkvæmt ákvæðum í tilskipununum bar EB-löndunum að lögtaka efni þeirra fyrir 23. október 1991.

Mismunandi leiðir hafa verið valdar við lagasetningu um notkun erfðabreyttra lífvera. T.d. hafa Norðmenn valið að setja ítarlegri ákvæði í sín lög en gert var í dönsku lögunum frá 1991 sem eru mun almennari. Einnig er misjafnt hvaða stjórnvöld fara með málaflokkinn í einstökum löndum og hvernig samvinnu þeirra er háttað. Algengast virðist að málaflokkurinn sé á verksviði umhverfisráðuneytis eða þess ráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis ásamt félags- og atvinnumálaráðuneyti en í náinni samvinnu við önnur ráðuneyti. Einnig er algengt að starfandi séu ráðgefandi nefndir á þessu sviði. Hér á eftir fer stutt yfirlit yfir löggjöf nokkurra landa sem varða erfðabreyttar lífverur.

1. Bretland.

Allt frá árinu 1978 hafa verið í gildi reglur um erfðabreyttar lífverur auk þess sem ráðgefandi hópur (Genetic Manipulation Advisory Group) hefur verið starfandi frá 1976 og sérstök nefnd hefur starfað frá árinu 1984 (Advisory Committee on Genetic Manipulation). Hlutverk þessara aðila hefur fyrst og fremst verið leiðbeinandi.

2. Danmörk.

Eins og fyrr hefur verið komið að gilda nú í Danmörku lög nr. 356/1991, „lov om miljø og genteknologi". Lögin frá 1991 komu í stað laga frá 1986 um sama efni. Með gildistöku tilskipana nr. 90/219/EBE og nr. 90/220/EBE var lögunum frá 1986 breytt til þess að lögtaka ákvæði tilskipananna. Dönsku lögin frá 1991 eru almennari en það frumvarp sem hér er lagt fram, en ítarlegar skýringar fylgja danska frumvarpinu.

3. Finnland.

Engin lög hafa verið samþykkt í Finnlandi um erfðabreyttar lífverur en nú er unnið að því að laga finnska löggjöf að efni tilskipana nr. 90/219/EBE og nr. 90/220/EBE.

4. Holland.
Í Hollandi eru reglur um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera og reglur um losun erfðabreyttra lífvera út í umhverfið í tveimur lagabálkum.

5. Noregur.
Um þetta efni gilda lög nr. 38/1993, „lov om framstilling og bruk av genmodifiserte organismer (genteknologiloven)".

6. Svíþjóð.
Um þetta efni gilda „lag om genetiskt modifierade organisme nr. 1994:198".

7. Þýskaland.
Árið 1990 tóku gildi lög um erfðabreyttar lífverur og uppfylla þær kröfur EB um sama efni. Tilgangurinn með lagasetningunni var einnig sá að lögfesta leiðbeinandi reglur sem birtar voru árið 1986 um notkun erfðabreyttra lífvera. Jafnframt er starfandi sérstök ráðgefandi nefnd (Zentrale Kommission für die Biologische Sicherheit) um málefni sem varða erfðabreyttar lífverur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni koma fram markmið laganna.

Um 2. gr.

Lögin taka til allrar notkunar og starfsemi með erfðabreyttar lífverur. Lögin taka því til rannsókna, framleiðslu, geymslu, meðhöndlunar og úrgangsmeðhöndlunar erfðabreyttra lífvera. Enn fremur til innflutnings, markaðssetningar, sölu og allrar annarrar afhendingar erfðabreyttra lífvera og vöru sem inniheldur þær. Vert er að benda á að lögin taka til vöru þótt hún innihaldi lítið magn erfðabreyttra lífvera. Lögin ná þó ekki til afurða erfðabreyttra lífvera. Þá er lögunum ætlað að ná yfir flutning á erfðabreyttum lífverum. Vert er þó að benda á að samkvæmt lögunum er umhverfisráðherra heimilt, í samráði við félagsmálaráðherra, að setja í reglugerð sérákvæði um aðbúnað starfsfólks, aðstöðu, búnað og tæki sem notuð eru við starfsemi með erfðabreyttar lífverur. Enn fremur taka lögin til flutninga á erfðabreyttum lífverum og vöru sem inniheldur þær, á landi, á sjó og í lofti.

Lögin gilda ekki um lífverur sem verða til með hefðbundnum kynbótum eða öðru náttúrulegu erfðabreytingarferli.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að lögunum er ætlað að gilda á yfirráðasvæði íslenska ríkisins og í mengunarlögsögu þess, eins og hún er skilgreind í lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, og í loftrýminu þar yfir. Í tilvitnuðum lögum er svohljóðandi skilgreining: „Mengunarlögsaga Íslands er það hafsvæði sem nær yfir innsævi, landhelgi og efnahagslögsögu Íslands og landgrunn Íslands."

Um 4. gr.

Í greininni eru skýrð orð og orðasambönd sem notuð eru í lögunum. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 5. gr.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Hollustuvernd ríkisins hefur yfirumsjón með framkvæmd laganna og leyfisveitingum, auk þess sem hún hefur yfirumsjón með öllu eftirliti er varðar notkun og starfsemi með erfðabreyttar lífverur. Þá er Hollustuvernd ætlað að fjalla um og afgreiða umsóknir og tilkynningar og veita leyfi og umsagnir samkvæmt lögum þessum.

Í 3. mgr. kemur fram að umhverfisráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að fenginni umsögn félagsmála-, heilbrigðis-, menntamála- og landbúnaðarráðherra að öðrum stjórnvöldum en Hollustuvernd ríkisins verði falið að sinna eftirliti með tilteknum þáttum í starfsemi með erfðabreyttar lífverur, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins. Að baki þessari reglugerðarheimild liggja hagkvæmnisjónarmið um skipulag og framkvæmd á eftirliti þar sem nú er til staðar þekking hjá öðrum stjórnvöldum á þessu sviði sem hægt væri að nýta við framkvæmd þess. Má í þessu sambandi benda á lög nr. 46/1980 um Vinnueftirlit ríkisins og starfsemi þess.

Samkvæmt 4. mgr. er Hollustuvernd ríkisins heimilt að afturkalla leyfi sem hún hefur þegar gefið út samkvæmt lögum þessum. Gæta verður ákvæða stjórnsýslulaga við þá ákvörðun.

Í 5. mgr. er kveðið á um að Hollustuvernd ríkisins sé óheimilt að veita leyfi ef sú leyfisveiting samræmist ekki markmiðum laganna.

Um 6. gr.

Í 6. gr. er kveðið á um að umhverfisráðherra skipi fimm manna ráðgjafanefnd. Henni er ætlað að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um framkvæmd laganna. Umhverfisráðherra setur nefndinni starfsreglur, auk þess sem hann kveður nánar á um í reglugerð hvenær skylt sé að leita umsagnar nefndarinnar áður en ákvörðun er tekin eða leyfi er veitt. Þá er nefndinni ætlað að eiga frumkvæði að endurskoðun laganna í ljósi nýrra upplýsinga og breytinga sem kunna að verða á starfsemi með erfðabreyttar lífverur. Mjög mikilvægt er að einum tilteknum aðila sé falið það hlutverk að fylgjast náið með þróuninni erlendis.

Um 7. gr.

Í greininni er umhverfisráðherra falið að setja nánari reglur um atriði sem þar eru tiltekin og varða starfsemi með erfðabreyttar lífverur.

Sú leið sem hér hefur verið valin sem endurspeglast í þessari grein felur í sér að stjórnvöldum eru fengnar rúmar heimildir til að setja lagaframkvæmdarreglugerðir um frekari útfærslu laganna. Þetta er sama leið og Danir og Norðmenn fóru í sinni löggjöf. Þróun í starfsemi með erfðabreyttar lífverur er hröð og starfsemin flókin. Því er nauðsynlegt að stjórnvöld hafi svigrúm til að laga framkvæmd laganna að þeirri þróun eins og kostur er innan þeirra marka sem lögin setja. Að öðru leyti skýrir ákvæðið sig sjálft.

Um IV. kafla.

Kaflinn fjallar um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera. Með afmarkaðri notkun er átt við alla starfsemi með lífverur þar sem litningum hefur verið breytt, með aðferðum erfðatækni, enda sé beitt tálmunum til að koma í veg fyrir að erfðabreyttar lífverur komist í snertingu við fólk, umhverfi eða aðrar lífverur.

Um 8. gr.

Samkvæmt 1. mgr. skal sækja um leyfi til Hollustuverndar ríkisins áður en starfsemi með erfðabreyttar lífverur hefst. Sækja skal um sérstakt leyfi fyrir notkun hverrar tegundar fyrir sig. Hollustuvernd ríkisins skal hafa eftirlit með og skrásetja þær tegundir erfðabreyttra lífvera sem unnið er með hverju sinni.

Umsækjandi skal meta fyrir fram þá áhættu sem fyrirhuguð notkun erfðabreyttra lífvera kann að hafa í för með sér fyrir heilsu manna, vistkerfi og umhverfi. Varðveita skal eintak af því áhættumati á starfsstöð umsækjanda, eftir að leyfi hefur verið veitt, þar sem nauðsynlegt kann að reynast að hafa það við höndina ef slys verður. Umhverfisráðherra setur nánari reglur um framkvæmd áhættumats og flokkun erfðabreyttra lífvera í áhættuflokka.

Í 3. mgr. er að finna ákvæði um hvaða upplýsingar og gögn skuli fylgja umsókn, auk þess sem umhverfisráðherra er ætlað að setja um það frekari ákvæði. Hollustuvernd ríkisins er síðan ætlað að staðfesta skriflega að stofnunin hafi móttekið umsókn.

Um 9. gr.

Greinin kveður á um að afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera skuli einungis fara fram á rannsóknarstofum og/eða athafnasvæðum sem Hollustuvernd ríkisins og aðrir eftirlitsaðilar hafa samþykkt til slíkrar notkunar. Jafnframt verða eftirlitsaðilar að hafa samþykkt þann búnað sem fyrirhugað er að nota við starfsemina áður en hún hefst.

Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. skal beita sérstökum öryggisráðstöfunum til viðbótar almennum reglum ef unnið er með erfðabreyttar lífverur, sbr. b-lið 7. gr. Í IV. viðauka við tilskipun nr. 90/219 er nánar fjallað um einangrunarráðstafanir þegar unnið er með erfðabreyttar örverur. Helstu ráðstafanirnar sem þar er getið eru þessar: Lífvænlegar lífverur (örverur) skulu einangraðar í kerfi sem er þannig úr garði gert að það sé áþreifanlega aðgreint frá umhverfinu (lokað kerfi). Enn fremur eru ákvæði um þéttibúnað, öryggissvæði, meðferð frárennslis o.fl. Þá er kveðið á um að sá sem ábyrgð ber á starfsemi skuli taka einangrunarráðstafanir og mengunarvarnir reglulega til endurskoðunar og hafa til hliðsjónar við þá endurskoðun nýjungar á sviði vísinda og tækni.

Um 10. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er Hollustuvernd ríkisins heimilt að takmarka þann tíma sem starfsemi með erfðabreyttar lífverur er heimil og binda leyfið öðrum skilyrðum ef nauðsyn krefur. Hollustuvernd ríkisins getur krafist þess að umsækjandi veiti frekari upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi áður en stofnunin tekur afstöðu til þess hvort leyfi skuli veitt eða ekki. Þá getur Hollustuvernd ríkisins gert það að skilyrði fyrir leyfisveitingu að umsækjandi breyti aðstöðu sinni áður, enda er stofnuninni óheimilt að veita leyfi nema að uppfylltum skilyrðum sem fram koma í 1. mgr. 9. gr.

Í 2. mgr. er Hollustuvernd ríkisins falið að tilkynna umsækjanda um það skriflega hvort fallist hafi verið á umsókn hans.

Samkvæmt 3. mgr. er leyfishafa skylt að tilkynna Hollustuvernd ríkisins um það þegar starfsemi með erfðabreyttar lífverur hefst og að halda skrá eða dagbók um starfsemina.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 12. gr.

Efni greinarinnar er í samræmi við 1. og 2. mgr. 12. gr. tilskipunar nr. 90/219/EBE.

Til þess að tryggja öryggi til hins ýtrasta ber skv. 1. mgr. að tilkynna Hollustuvernd ríkisins ef aðstæðum við afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera er breytt. Einnig ef starfsemi eða flokkun er breytt. Tilkynningarskyldan er lögð á þann sem ábyrgð ber á aðstöðu eða starfsemi hverju sinni. Hollustuvernd ríkisins ber að taka afstöðu til þess hvort og þá hverra breytinga er þörf og einnig hvort breytingar séu að mati stofnunarinnar svo veigamiklar að sækja þurfi um að nýju. Þá ákvörðun sína skal stofnunin tilkynna leyfishafa svo skjótt sem auðið er.

Um V. kafla.

V. kafli fjallar um sleppingu eða dreifingu erfðabreyttra lífvera. Hér er fyrst og fremst átt við tilvik þegar slepping og dreifing á sér stað í rannsóknar- og þróunarskyni eða í hverju öðru skyni en til markaðssetningar. Hugtakið er skilgreint í 4. gr. en þar kemur fram að þegar erfðabreyttum lífverum er sleppt út í umhverfið án þess að nokkrum tálmunum sé beitt til að hindra að þær geti haft áhrif á umhverfi eða fólk sé um að ræða sleppingu eða dreifingu.

Um 13. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er óheimilt að sleppa eða dreifa erfðabreyttum lífverum út í umhverfið nema að fengnu leyfi Hollustuverndar ríkisins.

Í 2. mgr. kemur fram að sækja þarf um um sérstakt leyfi fyrir hverja einstaka sleppingu eða dreifingu erfðabreyttra lífvera. Þó má sækja um leyfi fyrir fleiri en eina sleppingu eða dreifingu í sömu umsókn. Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hvaða upplýsingar og gögn skuli fylgja umsókn.

Hollustuvernd ríkisins leitar umsagna og aðstoðar ráðgjafanefndar eins og kveðið er á um í reglugerð.

Um 14. gr.

Hollustuvernd ríkisins skal tilkynna umsækjanda skriflega hvort fallist hafi verið á umsókn og hvaða skilyrðum leyfi til sleppingar eða dreifingar sé bundið, hafi það verið veitt. Áður en stofnunin tekur ákvörðun um hvort veita skuli leyfi getur hún ákveðið að áður skuli fara fram ákveðnar prófanir og/eða rannsóknir vegna fyrirliggjandi umsóknar. Í tilskipunum nr. 90/219 og 90/220 er að finna ítarlegar reglur um málsmeðferð að því er varðar fresti á afgreiðslu umsókna, tilkynninga til lögbærra yfirvalda á Evrópska efnahagssvæðinu o.s.frv. Í þessu frumvarpi hefur sú leið verið farin að fela umhverfisráðherra að mæla frekar fyrir um það í reglugerð hvernig farið skuli með umsóknir og málsmeðferð að öðru leyti sbr. k-lið 7. gr.

Um 15. gr.

Ef einhverjar ófyrirsjáanlegar ástæður gera það að verkum að nauðsynlegt reynist að breyta heimilaðri tilhögun við sleppingu eða dreifingu frá því sem kveðið er á um í leyfisbréfi skal leyfishafi tilkynna Hollustuvernd um það svo skjótt sem auðið er eða a.m.k. áður en slepping fer fram. Hollustuvernd ríkisins tekur afstöðu til þess svo skjótt sem auðið er hvort og þá hverra breytinga er þörf svo að slepping eða dreifing geti farið fram. Þá ákvörðun skal stofnunin tilkynna leyfishafa svo skjótt sem auðið er.

Um VI. kafla.

Í kaflanum er fjallað um markaðssetningu erfðabreyttra lífvera. Sá sem óskar eftir leyfi hér á landi til þess að markaðssetja erfðabreyttar lífverur á EES-svæðinu verður að sækja um það til Hollustuverndar ríkisins og sæta þeim skilyrðum sem kunna að verða sett.

Um 16. gr.

Samkvæmt greininni er óheimilt að markaðssetja erfðabreyttar lífverur eða vörur sem innihalda erfðabreyttar lífverur án leyfis Hollustuverndar ríkisins.

Skilgreining á hugtakinu markaðssetning er mjög víðtæk eins og hún er sett fram í 4. gr. laganna. Þrátt fyrir það er ekki ætlunin að öll afhending erfðabreyttra lífvera falli undir hugtakið, sbr. efni tilskipana EB. Því er lagt til hér að umhverfisráðherra geti ákveðið, að fengnum tillögum, að tilteknar afhendingar erfðabreyttra lífvera teljist ekki til markaðssetningar í skilningi laga þessara. Afhendingin má þó ekki vera í viðskiptaskyni og móttakandinn verður að uppfylla skilyrði sem kveðið er á um í lögunum. Sem dæmi má nefna að umhverfisráðherra getur ákveðið að afhending vöru sem inniheldur erfðabreyttar lífverur og framleidd er sérstaklega fyrir ákveðinn aðila teljist ekki til markaðssetningar, uppfylli móttakandi kröfur sem fram koma í IV. kafla laganna. Þá má nefna að skiptist rannsóknarstofnanir á erfðabreyttum lífverum, enda sé það ekki gert í viðskiptaskyni, teljist sú afhending ekki til markaðssetningar.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa, að öðru leyti en áður en endanlegt leyfi er gefið út skal Hollustuvernd ríkisins sjá til þess að framkvæmdastjórn ESB hafi verið gefið tækifæri til að gera athugasemdir við fyrirliggjandi umsókn í samræmi við B-hluta tilskipunar nr. 90/220 um samræmdar reglur innan ESB-landanna, sbr. og k-lið 7. gr. laganna, en umhverfisráðherra á að setja nánari reglur um þessa framkvæmd hér á landi. Sjá einnig athugasemdir við 19. gr. laga þessara.

Um 18. gr.

Samkvæmt 1. mgr. ber leyfishafa að tilkynna Hollustuvernd ríkisins svo skjótt sem auðið er ef fram koma nýjar upplýsingar um áhættu sem ekki lágu fyrir þegar leyfi var veitt. Hið sama á við ef opinber flokkun erfðabreyttra lífvera breytist frá því að leyfi er veitt þar til markaðssetning hefst. Leyfishafa er skylt að tilkynna um breyttar forsendur til Hollustuverndar ríkisins án tafar. Jafnframt er umsækjanda eða leyfishafa skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að vernda heilsu manna og umhverfi gerist þess þörf með tilliti til hinna nýju upplýsinga.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu Hollustuverndar ríkisins til að bregðast við hinum nýju upplýsingum svo skjótt sem auðið er og taka afstöðu til þess hvort nauðsynlegt sé

að endurskoða eða breyta áður útgefnu leyfi eða jafnvel afturkalla það. Ákvörðun sína skal stofnunin tilkynna leyfishafa án tafar.

Um 19. gr.

Meginreglan sem fram kemur í 1. mgr. er í samræmi við markmið sem fram koma í tilskipun ráðsins nr. 90/220 um að koma á samræmdu kerfi fyrir veitingu leyfa á Evrópska efnahagssvæðinu til að setja á markað afurðir sem hafa erfðabreyttar lífverur að geyma eða samanstanda af þeim. Samkvæmt tilskipun nr. 90/220/EBE er gert ráð fyrir því að komið sé á samræmdu kerfi allra ESB-landanna þannig að vara sem fengið hefur viðurkenningu í einu ESB-landi geti óhindrað farið á markað í öðru ESB-landi. Eftir gildistöku samnings um Evrópska efnahagssvæðið gildir sama regla í viðskiptum allra EES-landanna. Í samræmi við þessa reglu þarf ekki sérstakt leyfi til markaðssetningar hér á landi hafi það áður verið veitt í öðru EES-landi. Með vísun til þess segir í 1. mgr. að ef fyrir liggi leyfi útgefið af lögbæru yfirvaldi í öðru landi á EES-svæðinu jafngildi sú leyfisveiting leyfi til markaðssetningar hér á landi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er umhverfisráðherra heimilt að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og umsögn ráðgjafanefndar að banna eða takmarka hér á landi markaðssetningu tiltekinna erfðabreyttra lífvera eða vöru sem inniheldur þær ef hætta er á að markaðssetningin hafi í för með sér skaðleg áhrif á heilsu manna og umhverfi eða ef leyfisveiting samræmist ekki markmiðum laga þessara eða annarra laga. Eins og fram kemur í greininni er Hollustuvernd ríkisins ætlað að hafa frumkvæði að því að leggja tillögur fyrir umhverfisráðherra ef stofnunin telur nauðsynlegt að banna markaðssetningu tiltekinna erfðabreyttra lífvera, sem heimiluð hefur verið í öðru landi á EES-svæðinu, vegna hættu á því að markaðssetningin hafi skaðleg áhrif á heilsu manna og umhverfi. Ákvæði 2. mgr. er í samræmi við sérstakt ákvæði í XX. viðauka EES-samningsins en því er ætlað að koma í stað 16. gr. tilskipunar nr. 90/220/EBE. Ákvæðið hljóðar svo: Hafi samningsaðili rökstuddar ástæður til að ætla að vara, sem tilkynnt hefur verið um á réttan hátt og fengið hefur skriflegt samþykki samkvæmt tilskipun þessari, sé hættuleg heilsu manna eða umhverfinu, er honum heimilt að takmarka eða banna notkun og/eða sölu vörunnar á yfirráðasvæði sínu. Skal hann þegar í stað tilkynna öðrum samningsaðilum, í gegnum sameiginlegu EES-nefndina, um slíka aðgerð og rökstyðja ákvörðun sína.

Í 3. mgr. kemur fram að Hollustuvernd ríkisins, sem lögbæru yfirvaldi, er falið að tilkynna öðrum lögbærum yfirvöldum á EES-svæðinu um ákvörðun umhverfisráðherra.

Um 20. gr.

Til þess að Hollustuvernd ríkisins, eða aðrir eftirlitsaðilar sem falið hefur verið að sinna tilteknum þáttum eftirlitsins, geti sinnt hlutverki sínu er kveðið svo á um í greininni að þeim skuli vera heimill aðgangur að rannsóknarstofum og svæðum þar sem fram fer notkun eða starfsemi með erfðabreyttar lífverur. Enn fremur geta eftirlitsaðilarnir krafist þess að fá aðgang að öllum skjölum og efni sem máli kunna að skipta vegna eftirlitsins. Taki eftirlitsaðili ákvörðun um að beita þessari heimild getur hann leitað aðstoðar lögreglu, sbr. 28. gr. laganna, til að framfylgja þeirri ákvörðun.

Um 21. gr.

Greinin kveður á um skyldu leyfishafa til að afhenda Hollustuvernd ríkisins eða öðr-

um eftirlitsaðilum nauðsynlegar upplýsingar svo að þeir geti sinnt hlutverki sínu. Öðrum opinberum stofnunum er einnig skylt að afhenda nauðsynlegar upplýsingar í þessu skyni ef eftir því er leitað.

2. mgr. kveður á um trúnaðarskyldu sem hvílir á þeim aðilum sem fjalla um og fá í hendur upplýsingar, hvort sem er vegna eftirlits, umsókna eða tilkynninga. Trúnaðarskyldan helst þó að látið sé af starfi.

Í 3. mgr. kemur fram að ráðherra er ætlað að setja nánari ákvæði um meðferð upplýsinga um erfðabreyttar lífverur.

Um 22. gr.

Í greininni er að finna heimild til setningar gjaldskrár vegna meðferðar á umsóknum. Jafnframt er heimilt að krefja umsækjanda um endurgreiðslu alls kostnaðar sem fellur til ef nauðsyn krefur að fram fari sérstakar rannsóknir eða úttektir áður en afstaða er tekin til umsóknar. Áður en slíkar rannsóknir eða úttektir fara fram skal haft samráð við umsækjanda og honum gefinn kostur á að tjá sig um nauðsyn frekari úttekta eða rannsókna. Umsækjanda skal gefinn kostur á því að draga umsókn sína til baka, vilji hann ekki leggja út í þann kostnað sem óhjákvæmilega hlýst af frekari rannsóknum og úttektum vegna umsóknarinnar.

Samkvæmt 1. mgr. er lagt til að umsækjandi greiði sérstakt gjald vegna meðferðar hverrar umsóknar og að gjaldið sé greitt við afhendingu umsóknar til Hollustuverndar ríkisins. Gert er ráð fyrir því að umsækjandi greiði gjaldið hvort sem leyfi er veitt eða ekki. Þó að umsókn sé dregin til baka er ekki ætlast til þess að gjaldið sé endurgreitt. Gjald það sem greitt er til Hollustuverndar ríkisins bætist við önnur lögboðin gjöld samkvæmt núgildandi lögum, t.d. vegna gerðar starfsleyfa eða viðurkenningar búnaðar.

Um 23. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldu til að grípa til nauðsynlegra ráðstafana og tilkynningarskyldu ef hætta er á því að erfðabreyttar lífverur valdi tjóni á mönnum eða umhverfi. Í þessu sambandi er vert að benda á að í m-lið 7. gr. er ráðherra ætlað að setja nánari ákvæði í reglugerð um neyðaráætlanir sem grípa megi til, verði slys þar sem starfsemi með erfðabreyttar lífverur fer fram.

Um 24. gr.

Í greininni er kveðið á um hlutlæga ábyrgð þess sem ábyrgð ber á starfsemi með erfðabreyttar lífverur. Lagt er til að hlutlæg ábyrgðarregla gildi vegna skaðabótaskylds tjóns sem kann að hljótast af starfsemi með erfðabreyttar lífverur. Sá sem ábyrgð ber á starfsemi mundi oftast vera sá einstaklingur eða lögaðili sem fengið hefur leyfi fyrir viðkomandi starfsemi. Önnur skilyrði skaðabótaréttar þurfa þó að vera fyrir hendi.

Um 25. gr.

Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að kæra til umhverfisráðherra ákvarðanir sem teknar eru við framkvæmd laganna innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um hana.

Um 26. gr.

Í greininni er að finna reglugerðarheimild til handa umhverfisráðherra. Eins og fram kemur í greininni er talið æskilegt að leggja það til að heimilt verði að víkja frá ákvæð-

um IV., V. og VI. kafla þegar öruggt er í ljósi reynslunnar að engin hætta stafi af notkun erfðabreyttra lífvera. Slík heimild gæti stuðlað að framförum og spornað gegn óþarfa útgjöldum vegna umsókna sem fyrir fram er ljóst í ljósi reynslunnar að verða samþykktar.

Um 27. gr.

Í 1. mgr. er að finna reglugerðarheimild til handa umhverfisráðherra til að ákveða hvenær og hvar Hollustuvernd ríkisins skuli leita umsagna áður en hún veitir leyfi samkvæmt lögum þessum.

2. mgr. er í samræmi við það markmið laganna að lögbær yfirvöld heimili ekki starfsemi með erfðabreyttar lífverur nema þau séu þess fullviss að heilsu manna og umhverfi stafi ekki hætta af. Þá kann rétt að vera í vissum tilvikum að leita álits almennings á því hvort heimila skuli starfsemi með erfðabreyttar lífverur eða ekki með því að efna til opinbers fundar um málið. Þau viðhorf og sjónarmið sem koma fram á þeim fundum eru á engan hátt bindandi fyrir stjórnvöld, aðeins leiðbeinandi.

Um 28.–31. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa. En vert er þó að benda á að í 31. gr. er ákvæði til bráðabirgða, sem felur í sér heimild fyrir umhverfisráðherra til að auglýsa, í heild eða að hluta, gildistöku reglna EBE á því sviði sem lög þessi fjalla um, þar til settar hafa verið reglugerðir um þau atriði sem umhverfisráðherra er ætlað að setja nánari reglur um samkvæmt lögum þessum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um erfðabreyttar lífverur.

Frumvarp þetta er samið til þess að uppfylla skyldur þær sem íslenska ríkið tekur á sig með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Markmiðið er að vernda náttúru landsins, vistkerfi, heilsu manna, dýra og plantna gegn skaðlegum og óæskilegum áhrifum erfðabreyttra lífvera og frumvarpið tekur til allrar notkunar og starfsemi með þær.

Í 5. gr. kemur fram að umhverfisráðherra fari með yfirstjórn þessara mála en að Hollustuvernd ríkisins hafi yfirumsjón með framkvæmd laganna. Stofnunin veitir leyfi og hefur yfirumsjón með eftirliti er varðar notkun og starfsemi með erfðabreyttar lífverur. Ætla má að þetta hafi í för með sér aukna vinnu við stofnunina en á móti kemur að skv. 22. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að umsækjandi greiði sérstakt gjald vegna meðferðar umsókna. Gjaldið skal greitt óháð því hvort umsókn verður samþykkt eða ekki. Að auki er heimilt að krefja umsækjanda um endurgreiðslu alls kostnaðar sem fellur til ef það reynist nauðsynlegt að framkvæma sérstakar rannsóknir eða úttektir áður en afstaða er tekin til umsóknar. Gjaldtaka þessi tekur ekki til eftirlitsþáttarins en ætla má að heildarkostnaður vegna eftirlits, samningar reglugerða og fleiri þátta nemi u.þ.b. launum eins starfsmanns og kostnaði vegna hans, eða 3–4 m.kr. Heimilt er að fela öðrum stjórnvöld-

um en Hollustuvernd ríkisins eftirlit með tilteknum þáttum, t.d. Vinnueftirliti ríkisins, en kostnaðarauki ætti að verða lítill þar sem ákvæðið er sett með hagkvæmissjónarmið í huga til að nýta þekkingu sem þegar er fyrir hendi.

Samkvæmt 16. gr. frumvarpsins skal umhverfisráðherra skipa ráðgjafanefnd með fimm aðalmenn og fimm varamenn sem skal aðstoða við framkvæmd laganna, veita eftirlits- og framkvæmdaraðilum ráðgjöf og hafa frumkvæði að endurskoðun laganna. Kostnaður skal greiddur úr ríkissjóði. Enn sem komið er er lítil starfsemi á þessu sviði hér á landi og er því ekki gert ráð fyrir miklu starfi hjá þessari nefnd. Ekki er hægt að meta hve mikill kostnaður hlýst af starfi hennar en gert er ráð fyrir að hann verði ekki meiri en 100–500 þús. kr. á ári.

Í 7. gr. er kveðið á um að umhverfisráðherra setji í reglugerðum nánari ákvæði um framkvæmd laganna sem geta haft áhrif á starfsemi ýmissa aðila, þar á meðal ríkisstofnana. Þar má nefna einangrunarráðstafanir, aðbúnað starfsfólks, mengunarvarnir o.fl. Ljóst er að slík ákvæði geta aukið kostnað stofnana lítillega en að öllu jöfnu ætti það að rúmast innan óbreyttra fjárveitinga viðkomandi stofnana.

Þróun á líftæknisviði er mjög hröð og framtíðarkostnaður því óljós. Að öllu samanlögðu er það mat fjármálaráðuneytis að kostnaðarauki ríkissjóðs, verði frumvarp þetta óbreytt að lögum, verði 3–5 m. kr. hið lægsta. Þess ber þó að geta að þetta er rammalöggjöf og setning reglugerða getur haft töluverð áhrif á kostnað. Ákvæði um gjaldtöku fyrir veitta þjónustu og beiting þess gæti aftur á móti dregið úr kostnaði ríkissjóðs.

17. Fyrirspurn [17. mál]

til forsætisráðherra um starfsemi stjórnmálaflokka.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Hvað líður störfum nefndar þeirrar sem skipuð var á síðasta kjörtímabili til að koma með tillögu um starfsemi stjórnmálaflokka?

18. Fyrirspurn [18. mál]

til umhverfisráðherra um eftirlit með innflutningi matvæla.

Frá Hjörleifi Guttormssyni og Margréti Frímannsdóttur.

Hvernig ætla stjórnvöld að bæta eftirlit með innfluttum matvælum, m.a. innfluttum dýraafurðum til manneldis, með tilliti til mengunar af völdum lyfja, hormóna svo og sýkla í fóðri?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Líklegt er að á næstunni aukist innflutningur landbúnaðarafurða hingað til lands í skjóli EES og GATT-samnings, m.a. frá löndum Evrópusambandsins. Aðstaða til eftirlits með innfluttum matvælum hefur verið afar ófullkomin og brýn nauðsyn að úr verði bætt því að brátt mun innflutningur á dýraafurðum aukast vegna alþjóðasamninga. Í nýlegri skýrslu landlæknisembættisins, „Dýrafóður og afurðir dýra sem nýttar eru til manneldis", (mars 1995) koma fram mörg áhyggjuefni og tillögur til úrbóta.

19. Tillaga til þingsályktunar [19. mál]

um endurskoðun viðskiptabanns á Írak.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Ásta R. Jóhannesdóttir,
Kristín Ástgeirsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér á alþjóðavettvangi fyrir því að viðskiptabannið á Írak verði tafarlaust tekið til endurskoðunar. Einnig verði mótuð sú stefna að viðskiptahindrunum verði aldrei beitt við þær aðstæður eða þannig að almenningur, ekki síst börn, líði beinan skort af þeim sökum.

Greinargerð.

Það er óumdeilt að aðgerðir viðskiptalegs eðlis ásamt stjórnmálalegum aðgerðum hafa iðulega skilað árangri í alþjóðamálum og er þar nærtækast að nefna þátt viðskiptahindrana og pólitískrar einangrunar í því að ráða niðurlögum hinnar illræmdu aðskilnaðarstefnu í Suður-Afríku. Í alþjóðasamskiptum er að sjálfsögðu nauðsynlegt að kappkosta að beita friðsamlegum aðferðum, þ.e. öðrum en vopnavaldi, við lausn deilumála. Aðgerðir á viðskiptasviðinu, svo sem vopnasölubann, ákvarðanir um viðskiptakjör eða jafnvel viðskiptabann, geta reynst áhrifaríkar en aukin umræða hefur orðið um nauðsyn þess að beiting slíkra aðgerða verði þó ávallt að samræmast viðurkenndum mannúðarsjónarmiðum.

Hörmulegar afleiðingar viðskiptabannsins á Írak og sú staðreynd að Saddam Hussein er þar enn við völd sýna að þörf er á að taka meðferð slíkra „aðgerða" eða „ráðstafana" í alþjóðasamskiptum til gagngerrar endurskoðunar.

Undanfarið, eða síðan fljótlega eftir að Flóastríðinu lauk, hafa verið að koma fram skelfilegar upplýsingar um ástand mála í Írak. Ljóst er að lífskjör þar eru afar bágborin og aðstæður alls þorra almennings hörmulegar. Fer þar allt saman, langvarandi vígbúnaðarkapphlaup, harðstjórn og styrjaldarrekstur og síðan alþjóðlegt viðskiptabann sem leitt hefur til vöruskorts og efnahagshruns.

Fórnarlömb þessa ástands eru ekki valdhafar, því að harðstjórn landsins virðist fastari í sessi en nokkru sinni, heldur almenningur, ekki síst börn. Viðskiptabannið er því ekki að skila neinum sýnilegum árangri varðandi það að knésetja harðstjórn Saddams Hussein eða knýja írösk stjórnvöld til að bæta framferði sitt. Írakar þverskallast enn við að veita fullnægjandi upplýsingar um kjarnorku- og eiturefnaumsvif sín. Afleiðingar viðskiptabannsins eru enn sem komið er ólýsanlegar hörmungar almennings, vöruskortur og hungursneyð, skortur á lyfjum og læknishjálp o.s.frv. Hið alþjóðlega samfélag getur ekki horft upp á slíkt ástand og enn síður borið ábyrgð á því með viðskiptabanni.

Hvað Íslendinga varðar var ákvörðun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um viðskiptabann fullgilt með auglýsingu frá utanríkisráðuneytinu. Sú sem nú er í gildi er dagsett 28. apríl 1992. Við berum því ábyrgð á þessu ástandi til jafns við aðra.

Íslendingar eiga samkvæmt hefð sinni sem óvopnuð smáþjóð að leggja áherslu á friðsamlegar aðgerðir og mannúðarstefnu í alþjóðastjórnmálum. Endurskoðun viðskiptabannsins á Írak og þessara mála í heild á alþjóðavettvangi er slíkt verkefni.

Með þingsályktunartillögu þessari voru birt tvö fylgiskjöl. Á fskj. I var auglýsing nr. 160/1992 um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 661 (1990) vegna innrásar Íraka í Kúvæt, sjá Lögbirtingablaðið 29. júní 1994. Á fskj. II voru tvær greinar um Írak eftir Jóhönnu Kristjónsdóttur sem birtust í Morgunblaðinu nú í vor, sú fyrri birtist 14. maí og sú síðari 21. maí. Um fylgiskjölin vísast einnig til þingskjalsins (lausaskjalsins).

20. Frumvarp til laga [20. mál]

um breytingu á lögum nr. 117/1994, um skipulag ferðamála.

(Lagt fyrir Alþingi á 119. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, 5. mgr., sem orðast svo:

Ríkisborgarar þeirra ríkja sem hafa heimild til að starfrækja umboðssölu farmiða samkvæmt milliríkjasamningum skulu undanþegnir skilyrði a-liðar 1. mgr. um heimilisfesti á Íslandi.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Frumvarp þetta er flutt vegna skuldbindinga í væntanlegum loftferðasamningi milli Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku. Undirbúningur samningsins er nú á lokastigi og verður hann undirritaður innan skamms. Samningurinn felur í sér margar mikilvægar breytingar frá núverandi loftferðasamningi ríkjanna, t.d. aukin flugréttindi, frelsi til leiguflugs og frelsi í ákvörðun far- og farmgjalda. Samningurinn hefur auk þess að geyma ákvæði sem lúta að viðskiptum um viðskiptafrelsi. M.a. hafa flugfélög beggja samningsaðila rétt til að opna skrifstofur sem selja farmiða með viðkomandi flugfélögum. Til að svo megi verða hér á landi er nauðsynlegt að breyta lögum um skipulag ferðamála á þann hátt sem hér er lagt til.

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, þarf að fá leyfi samgönguráðherra til hvers konar umboðssölu farmiða, þar á meðal með flugvélum. Samkvæmt sömu lögum, 12. gr., þarf leyfishafi að eiga lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k.

eitt ár. Ríkisborgarar annarra ríkja EES eru undanþegnir þessu skilyrði. Hér er lagt til að bandarísk flugfélög fái sömu undanþágu og geti stofnað hér ferðaskrifstofu án þess að hafa átt lögheimili hér á landi áður. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 117/1994, um skipulag ferðamála.

Tilgangur frumvarpsins er að veita bandarískum flugfélögum undanþágu frá því að þurfa leyfi samgönguráðherra til hvers konar umboðssölu farmiða, þar á meðal með flugvélum. Þetta er gert í samræmi við undanþágur ríkisborgara annarra EES-ríkja. Ekki verður séð að frumvarpið feli í sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

21. Frumvarp til laga [21. mál]

um breytingu á höfundalögum, nr. 73 29. maí 1972, sbr. lög nr. 78 30. maí 1984 og lög nr. 57 2. júní 1992.

(Lagt fyrir Alþingi á 119. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Við 11. gr. a laganna bætast tvær málsgreinar svohljóðandi:

Þá skal þeim sem öðlast hafa rétt til notkunar tölvuforrits heimilt án sérstaks leyfis forritshöfundar að skoða, rannsaka eða prófa forritið í því skyni að kanna þær hugmyndir og þau grundvallarsjónarmið sem einstakir þættir forritsins hvíla á að því tilskildu að aðgerðir þessar tengist þeim afnotum sem rétthafa eru heimil í sambandi við nýtingu forritsins.

Ekki er heimilt að víkja frá ákvæðum greinar þessarar með samningum.

2. gr.

23. gr. a laganna breytist þannig:

Verki, sem er löglega útvarpað beint eða um gervihnött, má endurvarpa til almenningsum kapalkerfi óbreyttu og samtímis hinni upphaflegu útsendingu, að því tilskildu að sá sem ber ábyrgð á endurvarpinu hafi aflað sér heimildar til þess með samningum við samtök sem annast réttargæslu fyrir verulegan hluta íslenskra höfunda á sviði viðkomandi verks og hlotið til þess lögformlega viðurkenningu menntamálaráðuneytisins skv. 23. gr. Höfundar er standa utan samtakanna skulu njóta sama réttar til endurgjalds fyrir af-

not verka sinna og félagsmenn, sbr. 1. og 3. mgr. 23. gr. Endurvarp um kapalkerfi, sem tekur til færri samtengdra íbúða en 25 í fjöleignarhúsi eða nærlægum húsum, er þó heimilt án leyfis eða endurgjalds til höfundar.

Náist ekki samkomulag um leyfisveitingu skv. 1. mgr. eða um skilyrði fyrir henni, þar á meðal um fjárhæð þóknunar, getur hvor aðili um sig skotið því ágreiningsefni til sáttameðferðar hjá úrskurðarnefnd skv. 57. gr. Menntamálaráðuneytið getur sett frekari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

3. gr.

Við 42. gr. a laganna bætast eftirfarandi málsgreinar svohljóðandi:

Einnig er heimil afritun forrits og þýðing eða afþýðing þess þegar slíkt er óhjákvæmilegt til öflunar upplýsinga sem þörf er á til að ná fram rekstrarsamhæfni sjálfstæðs forrits við önnur forrit að fullnægðum eftirgreindum skilyrðum:

1. að sú aðgerð sé framkvæmd af þeim aðila sem aflað hefur sér með lögmætum hætti heimildar til notkunar forritsins,
2. að slíkar upplýsingar hafi ekki verið tiltækar aðilum sem um getur í 1. tölul. með greiðum hætti,
3. að aðgerðirnar takmarkist við þann hluta hins upphaflega forrits sem nauðsynlegar eru til þess að ná fram rekstrarsamhæfni.

Upplýsingar, sem aflað hefur verið með heimild í grein þessari, verða aðeins notaðar til að auðvelda rekstrarsamhæfni við önnur forrit, en ekki á neinn þann hátt er raski lögmætum hagsmunum hins upprunalega forritshöfundar til eðlilegrar hagnýtingar þess né brjóti gegn höfundarétti hans á annan hátt.

Ekki er heimilt að víkja frá ákvæðum greinar þessarar með samningum.

4. gr.

43. gr. laganna orðast svo:

Höfundaréttur helst uns 70 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir lát höfundar. Nú er um verk að ræða sem ákvæði 7. gr. taka til og skal þá telja greint 70 ára tímabil frá næstu áramótum eftir lát þess höfundar sem lengst lifir. Höfundaréttur að kvikmyndaverkum helst þó aðeins í 70 ár eftir dánarár þess sem lengst lifir af eftirgreindum höfundum kvikmyndaverks:

1. Aðalleikstjórar.
2. Handritshöfundar, þar með taldir höfundar samtalstexta.
3. Tónhöfundar, sé tónlistin sérstaklega samin til afnota í kvikmyndaverkum.

5. gr.

44. gr. laganna orðast þannig:

Þegar verk hefur verið birt án þess að höfundur hafi verið nafngreindur, sbr. 2. mgr. 8. gr., helst höfundaréttur að verkinu uns 70 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir birtingu þess. Nú er um verk að ræða sem birt er í einstökum hlutum, svo sem heftum, bindum, eða með öðrum hliðstæðum hætti, og gildir þá sjálfstæður verndartími fyrir hvern einstakan hluta.

Ef höfundur er nafngreindur með þeim hætti sem segir í 2. mgr. 8. gr. áður en framangreint 70 ára tímabil er liðið eða leitt er í ljós að höfundur var látinn er verkið birtist skal um gildistíma höfundaréttar fara eftir ákvæðum 43. gr.

Sé um verk að ræða sem ekki hefur verið birt og höfundur ókunnur fellur höfundarétturinn niður er 70 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir tilurð verksins.

6. gr.

Eftir 44. gr. laganna kemur ný grein, 44. gr. a, svohljóðandi:

Hafi verk ekki verið birt almenningi innan verndartímabils skv. 43. og 44. gr. skal sá sem fyrst birtir verkið að því liðnu öðlast hliðstæðan rétt til fjárhagsnytja af verkinu og höfundar hafa samkvæmt ákvæðum laga þessara. Verndin helst uns 25 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir birtingu.

7. gr.

45. gr. laganna orðast svo:

Listflytjandi hefur einkarétt til eintakagerðar af listflutningi sínum og hvers konar dreifingar hans til almennings, sbr. þó ákvæði 47. gr. Samkvæmt þessu eru óheimilar án hans samþykkis m.a. þær aðgerðir sem hér eru taldar:

1. Upptaka til endurflutnings á beinum listflutningi hans. Það telst beinn listflutningur sem listflytjandi flytur persónulega, þar á meðal flutningur í útvarp. Nú hefur útvarpsstofnun framkvæmt bráðabirgðaupptöku á persónulegum listflutningi og fer þá um útvarp eftir slíkri upptöku sem um beinan listflutning.
2. Útvarp á beinum listflutningi.
3. Dreifing beins listflutnings með tækniaðferðum, um þráð eða þráðlaust, frá flutningsstað til annarra tiltekinna staða sem almenningur á aðgang að.
4. Eftirgerð á upptöku listflutnings og dreifing til almennings uns 50 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir að flutningur fór fram. Sé upptöku listflutnings dreift til almennings innan greinds verndartímabils skal vernd þó haldast í 50 ár frá næstu áramótum eftir fyrstu dreifingu hennar.

Nú hefur listflytjandi veitt með samningi framlag til kvikmyndaverks og getur hann þá ekki, nema áskilnaður sé gerður á annan veg, hindrað leigu á eintökum kvikmyndaverksins.

Um upptöku, eftirgerð og dreifingu listflutnings, sem um getur í 1. mgr., skulu gilda eftir því sem við á ákvæði 2.–6. mgr. 2. gr., 4. gr., 7. gr., 8. gr., 1. mgr. 11. gr., 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 18. gr., 21. gr., 2. mgr. 23. gr., 24. gr., 26.–31. gr. og 53. gr. Ákvæði 1. mgr. 24. gr. gilda þó aðeins um upptökur sem fyrst eru seldar eða ráðstafað til eignar með öðrum hætti með samþykki rétthafa innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Standi fleiri en 12 listflytjendur að listflutningi nægir samþykki stéttarfélags flytjenda til eftirgerðar og endurnota, enda komi greiðsla fyrir flutninginn.

8. gr.

Á eftir 45. gr. laganna bætist við ný grein, 45. gr. a., svohljóðandi:

Listflutningi, sem er löglega útvarpað beint eða um gervihnött, má endurvarpa til almennings um kapalkerfi óbreyttu og samtímis hinni upphaflegu útsendingu að því tilskildu að sá sem ber ábyrgð á endurvarpinu hafi aflað sér heimildar til þess með samningum við samtök sem annast réttargæslu fyrir verulegan hluta íslenskra listflytjenda og framleiðenda og hlotið til þess lögformlega viðurkenningu menntamálaráðuneytisins, sbr. þó ákvæði 47. gr., varðandi flutning efnis á markaðshljóðritum. Rétthafar, er standa utan samtakanna, skulu njóta sama réttar og félagsmenn, sbr. 1. og 3. mgr. 23. gr. Endurvarp um kapalkerfi, sem tekur til færri samtengdra íbúða en 25 í fjöleignarhúsi eða nærlæg-

um húsum, er þó heimilt án leyfis eða endurgjalds til rétthafa samkvæmt grein þessari.

Náist ekki samkomulag um leyfisveitingu skv. 1. mgr. eða um skilyrði fyrir henni, þar á meðal um fjárhæð þóknunar, getur hvor aðili um sig skotið því ágreiningsefni til sáttameðferðar hjá úrskurðarnefnd skv. 57. gr. Menntamálaráðuneytið getur sett frekari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

9. gr.

46. gr. laganna orðast svo:

Óheimil er eftirgerð og hvers kyns dreifing til almennings á myndritum og hljóðritum, þar á meðal hljómplötum, án samþykkis framleiðanda uns liðin eru 50 ár frá næstu áramótum eftir að frumupptaka var framkvæmd. Sé upptöku dreift til almennings innan greinds verndartímabils skal vernd þó haldast í 50 ár frá næstu áramótum eftir fyrstu dreifingu.

Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum 2.–6. mgr. 2. gr., 7. gr., 8. gr., 1. mgr. 11. gr., 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 18. gr., 2. mgr. 23. gr., 1. og 2. mgr. 24. gr. Ákvæði 1. mgr. 24. gr. gilda þó aðeins um upptökur sem fyrst eru seldar eða ráðstafað til eignar með öðrum hætti með samþykki rétthafa innan Evrópska efnahagssvæðisins.

10. gr.

47. gr. laganna orðast svo:

Nú er hljóðrit, sem út hefur verið gefið, notað á því tímabili sem í 46. gr. getur til flutnings í útvarpi eða til annarrar opinberrar dreifingar listflutnings, hvort heldur með beinni notkun eða eftir útvarpi, og ber þá notanda að greiða framleiðanda þess og listflytjanda sameiginlega þóknun fyrir afnotin.

Krafa til endurgjalds skv. 1. mgr. verður aðeins gerð af innheimtusamtökum framleiðenda og listflytjendafélaga. Samtökunum skulu settar samþykktir í samvinnu við menntamálaráðuneytið og vera háðar staðfestingu þess. Í samþykktum þessum skal m.a. kveða á um skiptingu tekna með aðildarfélögum samtakanna.

Þegar framleiðandi hljóðrits eða listflytjandi á rétt til þóknunar samkvæmt þessari grein skal hún fara eftir heildarsamningi milli innheimtusamtaka skv. 2. mgr. og notanda eða samtökum hans. Ágreiningi um þóknun geta aðilar skotið til úrskurðarnefndar skv. 57. gr. Nefndin getur gert notanda að setja viðhlítandi tryggingu fyrir greiðslu þóknunar þar til hún hefur verið ákveðin, en ella mælt fyrir um stöðvun á notkun verndaðra markaðshljóðrita uns trygging hefur verið sett. Innheimtusamtökunum skal þó heimilt að setja gjaldskrár um flutning af hljóðritum utan útvarps. Slíkar gjaldskrár skulu háðar samþykki menntamálaráðuneytisins.

Beita skal, eftir því sem við á, 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 21. gr. og 54. gr. Sama gildir um 27.–31. gr. að því er listflytjendur varðar. Ákvæði þessi gilda ekki um kvikmyndir og myndbönd.

11. gr.

Við 1. mgr. 60. gr. laganna bætist nýr töluliður, 7. tölul., svohljóðandi:

Ákvæði 44. gr. a gilda um birtingu verka sem framkvæmd er af ríkisborgurum eða mönnum búsettum í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins.

12. gr.

61. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði laga þessara skulu einnig taka til bókmenntaverka og listaverka sem orðið hafa til fyrir gildistöku laganna. Sama gildir um listflutning, hljóðrit og myndrit, sbr. V. kafla laganna.

Ákvæði 1. mgr. gilda þó ekki um ráðstafanir sem hafa átt sér stað eða áunnin réttindi þriðja aðila á grundvelli eldri laga. Heimil er áframhaldandi dreifing til almennings eða opinber sýning á eintökum verks eða listflutnings ef gerð eintakanna var frjáls á þeim tíma er dreifing eða sýning þeirra fór fram, þó þannig að ákvæði 24. gr. um bann við leigu og útláni á verkum haldi gildi sínu.

Ef eintakagerð verks eða listflutnings, sem ekki nýtur verndar samkvæmt áðurgildandi lögum, er hafin fyrir gildistöku laganna eða verulegur undirbúningur slíkrar eintakagerðar er hafinn er heimilt að ljúka áætlaðri, nauðsynlegri og venjubundinni eintakagerð þó í síðasta lagi 1. janúar árið 2000. Heimilt er að dreifa eintökum sem þannig eru gerð til almennings eða sýna þau opinberlega.

Nú er verk eða listflutningur hluti upptöku til flutnings í útvarpi sem gerð er meðan verkið eða listflutningurinn nýtur ekki verndar eða fer fram á grundvelli heimildar í 3. mgr. og er þá heimilt að nýta slíkar upptökur til útvarpsflutnings fram til 1. janúar árið 2000. Sama á við um opinbera birtingu kvikmyndaverka.

Ef verndartími verks eða listflutnings verður styttri á grundvelli breytts verndartíma samkvæmt lögum þessum en hann hefði verið samkvæmt áður gildandi lögum fer um verndartíma samkvæmt áðurgildandi lögum. Þetta gildir þó ekki ef ákvæði 3. mgr. 44. gr. eiga við.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan menntamálaráðherra af sérstakri nefnd sem fylgst hefur með þróun höfundaréttarmála á vegum ráðuneytisins á síðustu árum og unnið að endurskoðun höfundaréttarlöggjafarinnar. Samdi nefndin m.a. tillögur til breytinga á höfundalögum sem samþykktar voru sem lög nr. 57 2. júní 1992.

Með aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum) skuldbatt Ísland sig til þess að aðlaga löggjöf landsins að hinu almenna verndarstigi hugverka í Evrópusambandslöndunum. Vísast um þetta efni til 65. gr. samningsins, sbr. viðauka XVII, bókun 28. Í bókun 28 1. gr. 3. tölul. segir: „. . . munu EFTA-ríkin samkvæmt beiðni og að höfðu samráði við samningsaðila aðlaga löggjöf sína um hugverk til þess að ná að minnsta kosti því almenna stigi í verndun hugverka sem er í Evrópubandalaginu við undirritun þessa samnings“.

Allt frá árinu 1984 hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sýnt mikinn áhuga á samræmingu hugverkalöggjafar innan markaðssvæðisins og lagt fram ýmsar tillögur að tilskipunum á þessu sviði sem auk samræmingarmarkmiða miða að háu verndarstigi hugverka innan sambandsins. Þegar hafa verið samþykktar fjórar tilskipanir ráðsins á sviði höfundaréttar, þ.e. um vernd tölvuforrita, um leigu og útlánarétt og hliðstæð réttindi tengd höfundarétti, um samræmingu á tilteknum reglum varðandi útsendingar um kapal og gervihnetti og um lengd verndartíma.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði nauðsynlegar breytingar í samræmi við tilskipun ráðsins um vernd tölvuforrita frá 14. maí 1991 (91/250/EBE), en ákvæði íslenskra höfundalaga um tölvuforrit, sbr. lög nr. 57/1992, falla í höfuðatriðum að fyrirmælum tilskipunarinnar. Enn fremur tilskipun ráðsins frá 19. nóvember 1992 um leigu og útlánarétt og hliðstæð réttindi tengd höfundarétti (92/100/EBE), tilskipun ráðsins frá 27. september 1993 um samræmingu á tilteknum reglum varðandi höfundarétt og hliðstæð réttindi tengdum höfundarétti um útsendingar um gervihnött og endurvarps um kapal (93/83/EBE) og að síðustu tilskipun ráðsins frá 29. október 1993 um samræmingu reglna um verndartíma höfundaréttinda og hliðstæðra réttinda tengdum höfundarétti (93/98/EBE).

Í tilskipun ráðsins um leigu og útlánarétt og hliðstæð réttindi tengd höfundarétti er aðalreglan sú að kveða skuli á í lögum um rétt til að heimila eða banna leigu eða útlán verka sem njóta höfundaréttar eða hliðstæðra réttinda (grannréttar). Með hliðstæðum réttindum er átt við réttindi listflytjenda og framleiðenda (grannréttindi). Samkvæmt 5. gr. tilskipunarinnar er heimilt að víkja frá þessum ákvæðum um einkarétt til útlána til almennings að því tilskildu að a.m.k. höfundur fái þóknun vegna slíkra útlána. Í greininni segir um þetta atriði að aðildarríkjum sé heimilt að ákveða þóknunina með hliðsjón af markmiðum þeirra til stuðnings menningarstarfsemi. Verði frumvarp þetta að lögum gildir framangreind undanþága eingöngu um bókmenntaverk, en höfundar annarra verka svo og flytjendur geta bannað útlán og leigu verka sinna. Tilskipunin krefst þess ekki að vikið verði frá núverandi skipan á greiðslum fyrir útlán hugverka í bókasöfnum samkvæmt lögum um almenningsbókasöfn, nr. 50/1976, en þar segir m.a. í 11. gr. að ríkissjóður greiði tiltekna fjárhæð árlega í Rithöfundasjóð Íslands fyrir afnot bóka íslenskra höfunda í söfnum þeim sem lögin gilda um, en þau taka ekki til sívaxandi starfsemi skólabókasafna. Þar sem höfundar bókmenntaverka njóta að þessu leyti takmarkaðri verndar á höfundarétti sínum en aðrir höfundar og listflytjendur er vakin athygli á nauðsyn þess að endurskoða ákvæði um greiðslur til höfunda fyrir afnot verka í bókasöfnum og verði greiðslurnar látnar renna til allra höfunda sem hagsmuna eiga að gæta vegna verka á bókasöfnum. Jafnframt verði höfð hliðsjón af endurgjaldi fyrir slík afnot með útlánum bóka á almenningsbókasöfnum annars staðar á Norðurlöndum.

Það sem skilur milli leigu og útlána samkvæmt tilskipuninni er hvort verkinu sé ráðstafað í þeim tilgangi að hagnast á því fjárhagslega, beint eða óbeint. Hvað varðar rétt til leigu kveður tilskipunin á um það að höfundur eða annar rétthafi eigi rétt til endurgjalds fyrir leigu og að þann rétt sé ekki hægt að takmarka með samningum. Með tilskipuninni er verndarstig á listflutningi hækkað, þar sem listflytjendum er veittur einkaréttur til flutnings í útvarpi og annarrar dreifingar á listflutningi til almennings. Listflytjendum og framleiðendum er með tilskipuninni veittur réttur til dreifingar á upptökum, þ.e. einkaréttur til þess að gera upptökur aðgengilegar fyrir almenning með sölu eða á annan hátt. Listflytjendur og framleiðendur skulu eiga rétt til að krefjast einstaklingsbundinnar þóknunar vegna dreifingar efnis af hljóðritum til almennings með flutningi í útvarpi eða með öðrum hætti.

Samkvæmt gildandi höfundalögum er kveðið svo á að hafi höfundur að undanskildum kvikmyndaleikstjórum, tónhöfundum, handritshöfundum og höfundum samtalstexta veitt með samningi framlag til kvikmyndaverks geti hann ekki án sérstaks áskilnaðar hindrað eintakagerð, útbreiðslu, opinbera sýningu, hvers konar dreifingu eða aðra notkun á verkinu. Í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar ráðsins frá 19. nóvember 1992 um leigu og útlánarétt og hliðstæð réttindi tengd höfundarétti (92/100/EBE) er kveðið svo á að höf-

undar skuli engu að síður halda rétti sínum til sanngjarnrar þóknunar fyrir nýtingu verksins. Í 2. mgr. sömu greinar tilskipunarinnar segir að höfundur geti ekki afsalað sér rétti þessum með samningum. Samkvæmt 8. tölul. 13. gr. tilskipunarinnar má fresta framkvæmd þess ákvæðis til 1. júlí 1997 og er endurskoðunarnefnd höfundalaga sammála um að rétt sé að fresta gildistöku ákvæðisins með vísan til þessarar greinar tilskipunarinnar.

Með tilskipun ráðsins um samræmingu á tilteknum reglum varðandi höfundarétt og hliðstæð réttindi tengd höfundarétti vegna útsendingar um gervihnött og kapal er leitast við að samræma vernd höfunda, listflytjenda, framleiðenda og útvarpsstöðva þegar um er að ræða gervihnattasendingar eða endurvarp í kapalkerfum á hugverkum eða listflutningi yfir landamæri. Með því að samræma lagareglur er unnt að komast hjá því að koma upp „fríhöfnum" (clearing center) þar sem gerðar yrðu upp greiðslur vegna afnota hugverka og listflutnings í gervihnattasendingum yfir landamæri. Þessi tilskipun krefst ekki breytinga á íslenskri höfundalöggjöf, nema að því er varðar endurvarp um kapal. Slíkt endurvarp er því aðeins heimilt að verki sé endurvarpað óbreyttu og samtímis hinni upphaflegu útsendingu. Jafnframt er það skilyrði endurvarps að fyrir liggi um það efni samningar milli einstaklinga eða samtaka handhafa grannréttinda annars vegar og dreifenda efnis um kapal hins vegar. Í gildandi höfundalögum, 23. gr. a, er að finna ákvæði um afnotakvöð í þessu sambandi, þ.e. að endurvarp efnis sé heimilt án leyfis rétthafa en gegn greiðslu þóknunar. Jafnhliða þeirri breytingu, sem lagt er til að gerð verði á gildandi ákvæðum um afnotakvöð, er lagt til að ákvæði gildandi laga um allsherjarinnheimtustofnun fyrir alla rétthafa vegna endurvarps efnis um kapal komi ekki til framkvæmda, en dreifingaraðilar semji við lögformlega viðurkennd samtök rétthafa hvert á sínu sviði.

Með tilskipun ráðsins um samræmingu reglna um verndartíma höfundaréttinda og hliðstæðra réttinda tengdra höfundarétti er gert ráð fyrir umtalsverðri lengingu verndartíma frá því sem tíðkast almennt, þar á meðal hér á landi, eða úr 50 árum frá næstu áramótum eftir lát höfundar í 70 ár. Þá er það og nýmæli samkvæmt tilskipuninni að sé um verk að ræða sem ekki hafa verið birt áður og höfundur er ókunnur er höfundarétturinn látinn haldast í 70 ár frá tilurð verksins, en birting slíkra verka er talin með öllu óheimil samkvæmt gildandi lögum. Að því er varðar listflytjendur og framleiðendur gerir tilskipunin ráð fyrir 50 ára verndartíma, en hliðstæð ákvæði voru lögfest hér á landi með lögum nr. 57/1992. Tilskipunin gerir þó ráð fyrir þeirri breytingu frá áður gildandi reglum að sé upptöku listflutnings dreift til almennings innan greinds verndatímabils skuli verndin þá haldast í 50 ár frá fyrstu dreifingu hennar. Getur hér verið um verulega verndarauka að ræða. Þá er það eftirtektarverð nýjung í tilskipuninni að sé verk í fyrsta sinn löglega birt, að loknum verndartíma, öðlast sá er verkið birtir hliðstæðan rétt til fjárhagsnytja af því og höfundur hefur samkvæmt ákvæðum höfundalaga. Helst þessi vernd í 25 ár frá næstu áramótum eftir birtingu.

Breytingar þær sem hér er lagt til að gerðar verði á höfundaréttarlöggjöfinni takmarkast eingöngu við það markmið að aðlaga hana tilskipunum Evrópusambandsins varðandi höfundavernd. Þótt segja megi að íslensku höfundalögin séu í flestum greinum mjög fullkomin miðað við löggjöf annarra þjóða eru þó ýmis ákvæði í henni sem þurfa endurskoðunar við á næstunni einkum vegna hinna stórstígu framfara á sviði eintakagerðar og miðlunar hugverka. Má í því sambandi nefnda stafræna (digital) miðlun og eintakagerð og rekstur gagnabanka. Frekari lagabreytingar á höfundaréttarlöggjöfinni eru því aðkallandi og er nú unnið að nauðsynlegum lagabreytingum í því sambandi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði greinar þessarar eru að orðalagi og efni því sem næst algerlega í samræmi við ákvæði 3. tölul. 5. gr. tilskipunar ráðsins um tölvuforrit (91/250/EBE) frá 14. maí 1991. Tekin eru af öll tvímæli um það að sá er öðlast hefur rétt til notkunar tölvuforrits hafi heimild til að brjóta til mergjar þau grundvallarsjónarmið sem forritið hvílir á, en eingöngu í þeim tilgangi að það nýtist honum í vinnslu. Í þessu sambandi er rétt að árétta þann skilning sem lagður er til grundvallar í tilskipuninni að einungis framsetning tölvuforritsins í ytra formi þess er vernduð, en hugmyndir og grundvallarforsendur sem liggja þar að baki, þar með taldar þær sem fólgnar eru í skilflötum þess, njóta ekki verndar sem hugverk samkvæmt tilskipuninni. Er sá skilningur almennt lagður til grundvallar í íslenskri löggjöf um höfundarétt.

Um 2. gr.

Í 23. gr. gildandi höfundalaga, svo sem þeim var breytt með lögum nr. 57/1992, er viðstöðulaust endurvarp um kapal heimilað án samþykkis höfundaréttarhafa, en gegn gjaldi sé endurvarpað til færri samtengdra íbúða en 25. Samkvæmt 8. gr. tilskipunar ráðsins um samræmingu á tilteknum reglum varðandi höfundarétt og réttindi tengd höfundarétti vegna útsendingar um gervihnött og kapal (93/83/EBE) frá 27. september 1993, er slík afnotakvöð óheimil og aðildarríkjunum gert skylt „að taka tillit til höfundaréttar og skyldra réttinda þegar dagskrárefni frá öðrum aðildarríkjum er endurvarpað um kapal á yfirráðasvæði þeirra“, eins og segir orðrétt í tilskipuninni. Enn fremur „að slíkt endurvarp eigi sér stoð í samningum einstaklinga eða heildarsamningum milli handhafa höfundaréttar eða skyldra réttinda og dreifenda efnis um kapal“.

Í samræmi við þessi ákvæði tilskipunarinnar og reynslu annarra þjóða í þessu efni er lagt til í frumvarpinu að horfið verði frá afnotakvöð og þess í stað tekin upp svokölluð samningskvöð þannig að dreifingaraðilar efnis um kapal semji við lögformlega viðurkennd samtök höfundaréttarhafa, hvert á sínu sviði, og að ráðgerð stofnun allsherjarinnheimtustofnunar fyrir alla rétthafa skv. 3. mgr. 25. gr. höfundalaga komi ekki til framkvæmda. Jafnframt er haldið ákvæði um frjálsa kapaldreifingu sem tekur til færri samtengdra íbúða en 25. Sjálfgefið er að þau samtök rétthafa, sem þegar hafa fengið lögformlega viðurkenningu til að annast samninga vegna flutnings verka í útvarpi, annist það einnig vegna endurvarps um kapal.

2. mgr. er samin með hliðsjón af 11. gr. tilskipunarinnar um aðstoð eins eða fleiri milligöngumanna til þess að veita aðstoð í samningaviðræðum og leggja tillögur fyrir samningsaðila. Þykir heppilegt að tengja úrræði þetta við störf úrskurðarnefndar skv. 57. gr., þar sem þar er að finna sérþekkingu á þessu sviði. Hlutverk nefndarinnar samkvæmt grein þessari yrði þó einvörðungu að leita sátta með aðilum en ekki fella úrskurði í deilumálum á grundvelli 23. gr. a.

Rétt er að taka fram að samkvæmt tilskipuninni merkir „endurvarp um kapal“ samtímis, óbreytt og óstytt endurvarp til almennings um kapalkerfi eða örbylgjukerfi frá upprunalegri útsendingu á hljóðvarps- eða sjónvarpsdagskrám um þráð eða þráðlaust, þar með taldar útsendingar um gervihnött frá öðru aðildarríki. Er þessi skilgreining lögð til grundvallar í lögum þessum.

Um 3. gr.

Með grein þessari er fullnægt ákvæðum 6. gr. tilskipunar ráðsins um vernd tölvuforrita. Það er meginreglan varðandi tölvuforrit að afritun, þýðing, aðlögun eða breyting á framsetningu forritsins í því formi sem aðrir hafa aðgang að telst brot á einkarétti höfundarins. Hins vegar geta komið upp aðstæður sem krefjast þess að forrit verði afrituð og þýdd á annað form til að unnt verði að afla upplýsinga um vinnslumáta þeirra þannig að unnt verði að nota þau með öðrum forritum. Af þeim sökum er nauðsynlegt við þessar sérstöku aðstæður að heimila þeim sem hefur rétt til að nota afrit af tölvuforriti að afrita eða þýða forrit án þess að samþykki rétthafans komi til. Tilgangur þessarar undanþágu er að gera mönnum kleift að tengja alla íhluti í tölvukerfi, þar með talda íhluti frá ólíkum framleiðendum, svo að unnt verði að nota þá í sameiningu. Óheimilt er að beita þessari undanþágu þannig að hún skaði löglega hagsmuni höfundarins eða stríði gegn eðlilegri hagnýtingu forritsins.

Um 4.–6. gr.

Svo sem vikið er að í almennum athugasemdum við frumvarpið er í tilskipun ráðsins hér að lútandi (93/98/EBE) sjá 1.–6. mgr. 1. gr. gert ráð fyrir umtalsverðri lengingu verndartíma hugverka frá því sem nú tíðkast almennt eða úr 50 árum í 70 ár frá næstu áramótum eftir lát höfundar eða lát þess höfundar sem lengst lifir séu tveir menn eða fleiri höfundar að sama verki. Að því er kvikmyndaverk varðar miðast verndartíminn þó einvörðungu við andlát helsta höfundar, þ.e. aðalkvikmyndaleikstjóra, handritshöfundar, höfundar samtalstexta og tónhöfundar sé tónlist sérstaklega samin til afnota í kvikmyndaverkum. Þá ber að miða verndartíma verka án þess að höfundur sé nafngreindur og gefið er út í heftum, bindum eða á hliðstæðan hátt við birtingu hvers einstaks hluta um sig. Þá er það nýmæli, að sé um verk að ræða sem ekki hafa verið birt og höfundur er ókunnur er höfundarétturinn talinn haldast í 70 ár frá tilurð verksins en birting slíkra verka var talin óheimil samkvæmt gildandi lögum. Loks er það mjög umtalsverð nýjung svo sem áður er vikið að í athugasemdum við frumvarpið, sbr. 4. gr. tilskipunarinnar, að útgefendum verka, sem fyrst eru birt að liðnum verndartíma, er veitt sérstök vernd 25 ára vernd til fjárhagsnytja af verkum. Mun þetta ákvæði sett af tveimur ástæðum: Í fyrsta lagi til að hvetja menn til útgáfu slíkra verka og í öðru lagi til þess að verja þá aðila sem leggja í slíka útgáfu fjárhagslegum áföllum vegna hugsanlegrar birtingar annarra útgefenda á sama verki.

Ákvæði 4.–6. gr. frumvarpsins er ætlað að aðlaga íslenska löggjöf ofangreindum fyrirmælum tilskipunar ráðsins varðandi verndartíma.

Um 7. gr.

Ákvæði þetta er í flestum greinum hliðstætt 45. gr. gildandi höfundalaga um vernd listflytjenda. Þó er í samræmi við 9. gr. tilskipunar ráðsins frá 19. nóvember 1992 tekin af öll tvímæli um að auk einkaréttar til eintakagerðar skuli listflytjandi hafa einkarétt til dreifingar listflutnings til almennings, þó þannig að listflytjendur hafi einvörðungu þóknunarrétt þegar um er að ræða flutning af hljóðritum skv. 47. gr. Er það í samræmi við 2. mgr. 8. gr. ofangreindrar tilskipunar. Þá er og verndartímaákvæðinu breytt, sbr. umsögn í almennum athugasemdum við frumvarpið. Þá er lagt til í samræmi við 5. tölul. 2. gr. tilskipunarinnar að lögfest verði löglíkindaregla um afsal leiguréttar þegar listflytjandi hefur veitt með samningi framlag til kvikmyndaverks, þó þannig að sérstakt endurgjald komi fyrir leiguna. Loks er bætt við ákvæði þess efnis að tæmingarregla 24. gr.

gildi aðeins um upptökur listflutnings sem fyrst eru markaðssettar innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Um 8. gr.

Í grein þessari er fjallað um réttindi listflytjenda vegna viðstöðulauss endurvarps um kapal á listflutningi. Í samræmi við ákvæði tilskipunar um samræmingu á tilteknum reglum varðandi höfundarétt og réttindi tengd höfundarétti vegna útsendingar um gervihnött og kapal (93/83/EBE) er hér lagt til að tekin verði upp svokölluð samningskvöð vegna slíkrar dreifingar á listflutningi, þó þannig að áfram gildi afnotakvöð á dreifingu markaðshljóðrita á grundvelli 47. gr.

Um 9. gr.

Samkvæmt 46. gr. gildandi laga er eftirgerð hljóðrita án samþykkis framleiðenda óheimil. Í samræmi við 9. gr. tilskipunar frá 19. nóvember 1992 er einnig óheimil án samþykkis framleiðenda hvers konar dreifing til almennings á eintökum hljóðrita og myndrita. Er hér um að ræða verndarauka til handa framleiðendum. Ákvæði þetta ber að skilja með þeim fyrirvara að réttur framleiðenda til dreifingar skerði á engan hátt rétt höfunda eða listflytjenda yfir efni sem upp hefur verið tekið. Þá er mörkum verndartíma breytt eins og vikið er að í almennum athugasemdum við frumvarpið. Loks er bætt við ákvæði þess efnis að tæmingarregla 24. gr. gildi aðeins um upptökur sem fyrst eru markaðssettar innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Um 10. gr.

Þessi grein er efnislega í samræmi við 46. gr. gildandi laga og 2. mgr. 8. gr. tilskipunar frá 19. nóvember 1992 um þóknunarrétt listflytjenda og framleiðenda fyrir flutning í útvarpi eða aðra opinbera dreifingu. Þóknunarréttur er hér víkkaður þannig að hann tekur til allra útgefinna hljóðrita, en ekki einvörðungu til markaðshljóðrita sem gildandi ákvæði kveða á um. Þykja ekki fullnægjandi forsendur fyrir slíkri aðgreiningu. Greinin kveður á um það að krafa til endurgjalds verði aðeins gerð af einum innheimtusamtökum framleiðenda og listflytjenda fyrir öll vernduð hljóðrit að íslenskum lögum. Enn fremur að slíkum samtökum sé heimilt að setja gjaldskrá um þóknun vegna flutnings efnis af hljóðritum utan útvarps að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis.

Um 11. gr.

Hér er skýrt kveðið á um að hin nýja regla um 25 ára verndartíma til handa útgefendum gildi aðeins um birtingu verka sem framkvæmd er af ríkisborgurum eða mönnum búsettum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Sú takmörkun helgast af því að hér eru um að ræða almennt lagaákvæði til verndar útgefendum eingöngu (sui generis) þannig að hin almenna regla Bernarsáttmálans um þegnlega vernd (national treatment) er ekki skuldbindandi í þessu tilviki.

Um 12. gr.

Þegar við setningu íslensku höfundalaganna 1972 voru tekin inn í íslensku lögin skýlaus ákvæði þess efnis að ákvæði laganna gildi einnig um eldri verk sem orðið hafi til fyrir gildistöku laganna. Var hér gengið lengra til verndar eldri verkum en víðast annars staðar, t.d. á Norðurlöndum. Nú eru bein fyrirmæli um þessi afturverkandi áhrif tekin inn í tilskipun Evrópusambandsins um verndartíma. Slík ákvæði valda því að verk, sem

kunna að hafa verið fallin úr vernd, geti „endurlífgast“ til verndar og vaknar þá sú spurning hvernig fari um ráðstafanir sem gerðar hafi verið eða áunnin réttindi þriðja aðila á grundvelli eldri laga þegar afnot verksins voru frjáls. Í íslensku lögunum 1972 er ekki tekið nánar á þessu ákvæði og eftirlátið dómstólunum að túlka í hverju einstöku tilviki hvernig með skuli fara og þá gengið út frá því að við slíkum ráðstöfunum á réttindum verði ekki hróflað. Í 12. gr. frumvarps þessa er hins vegar horfið að því ráði í samráði við aðrar Norðurlandaþjóðir að skilgreina hver réttarstaðan sé í einstökum tilvikum.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

Bréf til menntamálaráðherra frá endurskoðunarnefnd höfundalaga.

(17. maí 1995.)

Hjálagt sendast yður formlega herra menntamálaráðherra tillögur endurskoðunarnefndar höfundalaga að frumvarpi til breytinga á höfundalögum, nr. 73/1972, með áorðnum breytingum.

Endurskoðunarnefndin stendur einhuga að þessum tillögum.

Tilgangur lagafrumvarpsins er sá að samræma íslenska höfundalöggjöf ákvæðum tilskipana Evrópusambandsins á sviði höfundaréttar. Meginefni frumvarpsins er að lengja verndartíma höfunda úr 50 árum miðað við næstu áramót eftir andlát í 70 ár. Listflytjendur njóta nú þegar 50 ára verndartíma, sbr. ákvæði laga nr. 57/1992, og er það í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins. Tillögur nefndarinnar fela það einnig í sér að inntak listflytjendaverndar verður nánast hið sama og höfunda og að réttarstaða samtaka listflytjenda og framleiðenda er bætt með tilliti til opinbers flutnings markaðshljóðrita. Þá er með tillögum nefndarinnar skýrð réttarstaða notenda tölvuforrita í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda við tillögur nefndarinnar að frumvarpi til laga.

Undirbúningur ofangreindrar tillögugerðar hófst þegar á síðasta ári og fól nefndin þeim Tómasi Þorvaldssyni hdl. og Gunnari Guðmundssyni hdl. ásamt Þórunni J. Hafstein að undirbúa tillögugerð vegna tilskipana um leigu og útlánarétt og hliðstæð réttindi annars vegar og tilskipunar um samræmingu reglna um höfundarétt og hliðstæð réttindi tengd höfundarétti vegna útsendingar um gervihnött og kapal hins vegar. Formaður nefndarinnar Sigurður Reynir Pétursson hrl. sat einnig fundi vinnuhópsins.

Á síðari stigum vann formaður nefndarinnar, Sigurður Reynir Pétursson hrl., frumdrög að tillögugerð vegna ofangreindra tilskipana, auk tilskipunar um samræmingu reglna um verndartíma höfundaréttinda og hliðstæðra réttinda sem tengd eru höfundarétti. Þá voru ákvæði tilskipunar um vernd tölvuforrita yfirfarin, en ákvæði íslenskra höfundalaga, sbr. lög nr. 57/1992, falla nú þegar í höfuðatriðum að fyrirmælum tilskipunarinnar. Þau Sigurður Reynir Pétursson hrl. og Þórunn J. Hafstein yfirfóru síðan í sameiningu þessi frumdrög áður en þau voru lögð fram til umfjöllunar í nefndinni m.a. í ljósi lagasetningaráforma á Norðurlöndum um þetta efni.

Endurskoðunarnefndin hittist á þremur vinnufundum þar sem ofangreind drög að lagafrumvarpi og greinargerð voru yfirfarin og rædd og þeim breytt í einstökum atriðum. Þessum hluta nefndarstarfsins lauk föstudaginn 12. maí sl. með samhljóða niðurstöðu. Ritara fundarins Þórunni J. Hafstein var falið að koma tillögum nefndarinnar jafnskjótt til ráðherra.

Með bréfi þessu vill nefndin skila þessum hluta nefndarstarfsins formlega til ráðherra með von um að tillögur nefndarinnar nái fram að ganga á yfirstandandi þingi.

Fyrir hönd endurskoðunarnefndar höfundalaga í fjarveru formanns.

Ragnar Aðalsteinsson hrl. (sign,)	Eiríkur Tómasson prófessor (sign.)
Knútur Bruun hrl. (sign.)	Gunnar Guðmundsson hdl. (sign.)
Tómas Þorvaldsson hdl. (sign.)	Þórunn J. Hafstein (sign.)

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til breytinga á höfundalögum.

Tilgangur frumvarpsins er að binda í lög ákvæði í tilskipunum Evrópusambandsins er fjalla um vernd tölvuforrita, höfundarétt vegna leigu og útlána hugverka, höfundarétt vegna endurvarps hugverka og listflutnings um gervihnött eða kapal og verndartíma höfundaréttar.

Frumvarpið kann að fela í sér kostnaðarauka fyrir stofnanir og fyrirtæki sem miðla hugverkum með útsendingu, sýningu, leigu eða útlánum. Tekjur rétthafa að hugverkum og listflutningi munu þá aukast að sama skapi, en ógerningur er að áætla fjárhæðir í þessu sambandi. Gera má ráð fyrir að kostnaðarauki geti einkum komið fram vegna lengingar á verndartíma höfundaréttar úr 50 í 70 ár. Leiði frumvarpið til aukins kostnaðar ríkisins mun hann væntanlega einkum koma fram hjá menningarstofnunum og sem kostnaður við nefndir skv. 57. gr. sem leita sátta eða úrskurða um fjárhæðir þóknana til rétthafa.

22. Frumvarp til laga [22. mál]

um bann við gerð og notkun myndlykla til þess að fá aðgang að læstum útvarpssendingum án greiðslu áskriftargjalds.

(Lagt fyrir Alþingi á 119. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Læst útsending: Hljóðvarps- eða sjónvarpsútsending ætluð almenningi þar sem hljóð- eða myndmerkjum hefur verið breytt í því skyni að veita einungis þeim aðgang að útsendingunni sem greitt hafa fyrir hana (áskrifendum).

Myndlykill: Búnaður sem einum sér eða með öðrum búnaði er ætlað að veita aðgang að inntaki læstrar útsendingar.

2. gr.

Óheimilt er að framleiða, afhenda, leigja, setja upp eða gera við myndlykla í því skyni að veita einhverjum utan hóps áskrifenda aðgang að innihaldi læstrar útsendingar.

Óheimilt er að nota myndlykil til þess að taka á móti læstri útsendingu án þess að greiða áskriftargjaldið.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum 2. gr. varðar sektum eða varðhaldi allt að sex mánuðum. Tilraun til brots varðar sektum.

4. gr.

Hluti og búnað, sem notaðir hafa verið við brot gegn ákvæðum 2. gr., skal gera upptæka, nema þeir séu eign aðila sem ekki er við brotið riðinn. Ávinning, sem aflað hefur verið með broti, skal gera upptækan.

Hið upptæka skal vera eign ríkissjóðs. Hafi einhver beðið tjón við brotið skal sá eiga forgang til andvirðis hins upptæka ef bætur fást ekki á annan hátt.

5. gr.

Um mál vegna brota á þessum lögum fer að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með breytingu á útvarpslögum, sem gerð var árið 1985, var einkaréttur Ríkisútvarpsins til útvarpssendinga afnuminn og öðrum aðilum heimilað að reka sjónvarps- og hljóðvarpsstöðvar. Á grundvelli þessara laga eru nú reknar í landinu allmargar sjónvarps- og hljóðvarpsstöðvar í eigu annarra en ríkisins. Í lögunum er stöðvunum m.a. heimilað að afla tekna með afnotagjaldi.

Útvarpslaganefnd, sem skipuð var af menntamálaráðherra 29. apríl 1992 til þess að endurskoða útvarpslög, nr. 68/1985, lagði m.a. til að tekin yrðu upp í útvarpslög ítarleg ákvæði um að læstar útsendingar sem boðnar séu gegn greiðslu njóti refsiverndar. Til-

lögur útvarpslaganefndar voru að nokkru leyti sniðnar eftir sænskri löggjöf um sama efni sem tók gildi 1. janúar 1994. Efni þessa frumvarps er efnislega sambærilegt við framangreindar tillögur útvarpslaganefndar.

Dagskrárefni, sem einungis er ætlað áskrifendum, er sent út brenglað þannig að einungis þeir sem hafa sérstakan búnað, myndlykla, geti náð útsendingunum. Þeir sem greiða fyrir áskrift fá sérstakt númer, lykilnúmer, sem veitir þeim aðgang að útsendingunni gegn greiðslu áskriftargjaldsins.

Í erindi sem menntamálaráðherra hefur borist frá Íslenska útvarpsfélaginu hf., sem annast rekstur Stöðvar 2, kemur fram að félagið hafi orðið fyrir tilfinnanlegu tekjutapi á undanförnum árum vegna þess að einstaklingar hafa komið sér upp búnaði til þess að ná læstum útsendingum stöðvarinnar án greiðslu áskriftargjalds. Í erindi frá félaginu kemur fram að vissa sé fyrir því að í sumum tilvikum sé um skipulagða starfsemi að ræða, þar sem myndlyklum hefur verið breytt þannig að ótiltekinn fjöldi manna hefur aflað sér aðgangs að dagskránni gegn greiðslu eins áskriftargjalds. Félagið telur sig hafa fulla vitnesku um eina slíka keðju sem í séu um 300 „áskrifendur“. Tekjutap félagsins í þessu eina tilviki, miðað við að allur hópurinn greiddi ella tilskilið áskriftargjald gæti numið allt að 10 milljónum króna á ári, auk þess sem ríkissjóður tapar u.þ.b. 1,4 milljónum króna á ári vegna tapaðs virðisaukaskatts. Þá telur félagið sig hafa rökstuddan grun um fjölda annarra keðja þar sem fjöldi „áskrifenda“ sé sennilega á bilinu 5–6.000. Sé miðað við lægri töluna gæti tekjutap félagsins af þessum sökum numið u.þ.b. 170.000.000 kr. á ári og tap ríkissjóðs vegna virðisaukaskatts gæti numið 23–24 milljónum króna. Tilraunir félagsins til þess að fá umrædda starfsemi stöðvaða með aðstoð lögreglu og dómstóla hafa ekki skilað tilætluðum árangri. Ástæðan er sú að gildandi lög veita takmarkaðar heimildir til afskipta lögreglu og hinnar opinberru réttarvörslu af þessari starfsemi. Hafa réttarvörsluaðilar talið útsendingarmerki sjónvarpsstöðva ekki geta verið andlag þjófnaðar eða nytjastuldar, sbr. ákvæði 244. gr. og 259. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Hafa tilraunir Íslenska útvarpsfélagsins hf. til þess að gæta hagsmuna sinna með kærum á grundvelli þessara ákvæða hegningarlaganna ekki borið árangur.

Vegna þessa kveðst Íslenska útvarpsfélagið hf. hafa lagt í verulegan kostnað við að endurnýja myndlyklakerfi félagsins. Með því móti hafi um sinn tekist að draga verulega úr því að aðilar nái aðgangi að læstum útsendingum án greiðslu tilskilins áskriftargjalds. Það sé hins vegar ljóst að þegar sé hafin skipuleg starfsemi við að reyna að afla aðilum utan hóps áskrifenda aðgangs að læstri dagskrá félagsins fram hjá nýja myndlyklakerfinu. Reynslan sýni að búast megi við því að þetta vandamál geti orðið viðvarandi.

Telja verður að sú skylda hvíli á löggjafarvaldinu að það tryggi lögmætri atvinnustarfsemi sem mesta vernd gegn því að hún verði fyrir tjóni af ólögmætri starfsemi. Útvarpsstöðvum er heimilað að afla tekna með áskrift og því verður það að vera ótvírætt í lögum að móttaka slíks efnis án heimildar útvarpsstöðvarinnar og án greiðslu áskilins áskriftargjalds sé ólögmæt. Hafa ber í huga að hundruð manna hafa atvinnu og lífsframfæri sitt af þessari starfsemi. Óheimil móttaka felur jafnframt í sér brot gegn hagsmunum annarra en útvarpsstöðvarinnar, ekki síst þeirra aðila sem eiga höfundarétt að því efni sem sent er út. Gildandi löggjöf veitir ekki vernd í þessu efni. Af þeim ástæðum er frumvarp þetta flutt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Nauðsynlegt þykir að skilgreina í lögunum hugtökin læst útsending og myndlykill. Umrædd hugtök eiga sér ekki fasta merkingu í íslenskri löggjöf.

Um 2. gr.

Efni greinarinnar er nýmæli í íslenskri löggjöf. Í 1. mgr. er lýst ólögmæt starfsemi sem hefur það að markmiði að gera aðilum utan hóps áskrifenda mögulegt að taka á móti læstum útsendingum án greiðslu áskriftargjaldsins. Upptalningunni er ekki ætlað að vera tæmandi heldur er áherslan á síðari hluta málsgreinarinnar. Í 2. mgr. er móttaka læstrar útsendingar, án greiðslu áskriftargjalds, lýst óheimil.

Um 3.–5. gr.

Í þessum greinum er lýst viðurlögum gegn brotum á 2. gr. laganna. Tekin eru af tvímæli um að sú háttsemi sem lýst er í 2. gr. teljist brot sem hin opinbera réttarvarsla taki til. Við mat á refsihæð skv. 3. gr. yrði tekið mið af ákvæðum 259. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um nytjastuld. Í 4. gr. er litið til ákvæðis 69. gr. almennra hegningarlaga um eignaupptöku.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um bann við notkun myndlykla til þess að fá aðgang að læstum útvarpssendingum án greiðslu áskriftargjalds.

Tilgangur frumvarpsins er að tryggja sjónvarps- og hljóðvarpsstöðvum, sem læsa útsendingum sínum fyrir öðrum en þeim sem greiða þeim áskrift, vernd gegn því að þeir sem ekki greiða áskriftargjald taki á móti útsendingum stöðvanna.

Samkvæmt upplýsingum frá Íslenska útvarpsfélaginu hf. telur félagið sig hafa orðið fyrir tilfinnanlegu tekjutapi á undanförnum árum vegna þess að einstaklingar hafi komið sér upp búnaði til að ná læstum útsendingum Stöðvar 2. Félagið telur sig hafa rökstuddan grun um að milli 5.000 og 6.000 aðilar nýti sér læstar útsendingar án þess að greiða áskrift. Miðað við að 5.000 þeirra keyptu áskrift gæti tekjutap félagsins verið u.þ.b. 170 milljónir króna á ári og tap ríkisins vegna virðisaukaskatts um 24 milljónir króna. Ekkert er þó hægt að fullyrða um hve stór hluti þessa hóps muni kaupa áskrift að útsendingum stöðvarinnar, en gera má ráð fyrir að verði frumvarpið að lögum leiði það til aukinna tekna stöðvarinnar og ríkisins vegna virðisaukaskatts. Þá má ætla að látið verði reyna á lögin og af því hljótist einhver kostnaður fyrir lögreglu og dómstóla.

23. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 1. júní 1989.

Frá allsherjarnefnd.

Á fundi nefndarinnar um málið komu Þorsteinn A. Jónsson og Ólafur W. Stefánsson, skrifstofustjórar í dómsmálaráðuneyti, Markús Sigurbjörnsson, hæstaréttardómari og formaður réttarfarsnefndar, Friðgeir Björnsson, dómstjóri héraðsdóms Reykjavíkur, Ingveldur Einarsdóttir, dómarafulltrúi og settur dómari við héraðsdóm Reykjavíkur, Jón Finnbjörnsson, dómarafulltrúi við héraðsdóm Reykjavíkur, Ólöf Pétursdóttir, dómstjóri við héraðsdóm Reykjaness og varaformaður Dómarafélags Íslands, Þorgerður Erlendsdóttir, dómarafulltrúi við héraðsdóm Reykjaness, Allan V. Magnússon, formaður Dómarafélags Íslands, og Þórunn Guðmundsdóttir, formaður Lögmannafélags Íslands. Þá barst nefndinni einnig bréf til dómsmálaráðherra undirritað af fyrrgreindum dómarafulltrúum ásamt afriti af bréfi níu dómarafulltrúa og settra héraðsdómara.

Frumvarp það, sem hér um ræðir, er tilkomið í framhaldi af dómi sem Hæstiréttur felldi 18. maí sl. þar sem meiri hluti Hæstaréttar komst að þeirri niðurstöðu að staða dómarafulltrúa, sem starfa samkvæmt lögum nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins, svo sem þær verða skýrðar með hliðsjón af 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um sjálfstæða og óvilhalla dómara.

Í 2. mgr. 6. gr. umræddra laga segir að þar sem héraðsdómarar eru fleiri en einn ákveði dómstjóri hvert sé starfssvið fulltrúa og undir umsjón hvaða héraðsdómara hann starfi hverju sinni. Í skýringum í greinargerð með frumvarpi að lögunum segir m.a. um þessa málsgrein: „Er með þessu orðalagi haft í huga að meiri áhersla verði lögð á starfsþjálfun dómarafulltrúa en nú er víðast reyndin. Þar á meðal fái fulltrúar þjálfun jafnt við úrlausn einkamála sem opinberra mála sem höfðuð eru fyrir héraðsdómstólunum.“ Reyndin hefur hins vegar orðið sú að dómarafulltrúar fara nánast með samsvarandi störf og embættisdómarar.

Meiri hluti Hæstaréttar rekur í niðurstöðu sinni mismuninn á starfi héraðsdómara annars vegar og dómarafulltrúa hins vegar. Þar kemur fram að héraðsdómarar hafi yfirleitt meiri reynslu að baki. Þeir þurfi að gangast við ábyrgð af dómstörfum sínum í upphafi starfs með heiti um að virða stjórnarskrá lýðveldisins en dómarafulltrúar ekki og að héraðsdómurum verði ekki vikið úr embætti nema með dómi, sbr. 2. málsl. 61. gr. stjórnarskrárinnar, en dómsmálaráðherra hafi formlega heimild til að afturkalla löggildingu dómarafulltrúa og víkja þeim úr starfi án þess að bera það undir dómstóla. Framkvæmdarvaldið geti og með ráðstöfunum sínum bundið enda á ráðningu þeirra á skömmum tíma. Þá tekur Hæstiréttur fram að í málinu sé ekki tekin afstaða til stöðu þeirra sem fara tímabundið með dómsvald, sbr. 7. gr. laga nr. 92/1989, en þeir eru skv. 4. mgr. 8. gr. sömu laga í sams konar aðstöðu og dómarafulltrúar hvað frávikningu úr starfi varðar.

Í því frumvarpi, sem dómsmálaráðherra hefur mælt fyrir og vísað hefur verið til nefndarinnar, er gert ráð fyrir að lögum nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, verði breytt á þann veg að í stað þess að dómsmálaráðherra skuli löggilda dómarafulltrúa til að framkvæma dómsathafnir, sem dómstjóri eða héraðsdómari (þar sem ekki er skipaður dómstjóri) felur honum, skuli fulltrúinn skipaður af ráðherra

til að framkvæma dómsathafnir í umboði og á ábyrgð dómstjóra eða héraðsdómara (þar sem ekki er skipaður dómstjóri). Jafnframt er þar lagt til að um frávikningu dómarafulltrúa og settra dómara skv. 7. gr. aðskilnaðarlaganna gildi sömu reglur og um frávikningu héraðsdómara.

Í bréfi því, sem dómarafulltrúar afhentu nefndinni, kemur fram að þeir telja sjálfstæði þeirra í starfi nægilega tryggt með því frumvarpi sem dómsmálaráðherra lagði fram en gagnrýna jafnframt núverandi kerfi að því leyti að í landinu séu í raun starfandi tvær „gerðir" dómara þar sem önnur er lægra sett en hin. Í niðurlagi bréfsins segir síðan: „Einnig viljum við vekja athygli á að eftir aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði réðust til dómstólanna margir fulltrúar sem höfðu langa þjálfun og reynslu af dómsstörfum og höfðu sumir haft setningu sem dómarar í lengri eða skemmri tíma. Hafa dómarafulltrúar starfað algerlega sjálfstætt að dómsstörfum og farið með alla málaflokka og í sumum tilvikum til jafns við héraðsdómara. Í þeim tilvikum hefur einungis verið munur á ráðningar- og launakjörum."

Allsherjarnefnd tekur undir það að dómarafulltrúar hafi oftar en ekki mikla starfsreynslu að baki og flestir þeirra fari með alla málaflokka, jafnvel til jafns við skipaða héraðsdómara. Eins og fram kemur í dómi Hæstaréttar var ekki tilgangur löggjafans með setningu aðskilnaðarlaganna að búa til tvær tegundir dómara með mismunandi starfsheiti og laun en sömu viðfangsefni. Ætlunin var að mismunandi heiti mundu spegla mismunandi verksvið. Þróunin hefur þó orðið önnur eins og fram hefur komið og hefur hún sætt gagnrýni bæði lögmanna og dómara, nú síðast með umræddum hæstaréttardómi. Frumvarp það, sem vísað var til nefndarinnar, gerir ráð fyrir auknu starfsöryggi hjá dómarafulltrúum en þar er ekki lögð til nein takmörkun á verksviði þeirra. Nefndin telur ekki vafalaust að þær breytingar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, gangi nógu langt til að ráða bót á því réttarástandi sem skapast hefur með niðurstöðu meiri hluta Hæstaréttar. Nefndin telur því rétt að gera breytingu á frumvarpinu á þann veg að verksvið dómarafulltrúa verði takmarkað frekar en verið hefur. Hinn eiginlegi kjarni í starfi dómara er að dæma í munnlega fluttum einkamálum og alvarlegum sakamálum. Í samræmi við þessi sjónarmið eru gerðar tillögur um að heimildir fulltrúa til að framkvæma dómsathafnir verði takmarkaðar. Slík takmörkun á að tryggja að reyndir héraðsdómarar fari með erfiðustu málin.

Samkvæmt þeim breytingartillögum sem nefndin flytur getur forstöðumaður héraðsdómstóls falið fulltrúum að sinna hvers konar dómsstörfum öðrum en að fara með og leysa að efni til úr einkamálum þar sem haldið er uppi vörnum eða opinberum málum frá því að þau koma til aðalmeðferðar. Samkvæmt þessu ákvæði munu fulltrúar áfram geta sinnt útivistarmálum, stýrt reglulegum dómþingum í einkamálum og kveðið upp réttarfarsúrskurði, afgreitt aðfararbeiðnir, kveðið upp úrskurði um gjaldþrotaskipti og opinber skipti á dánarbúum sem og í skriflega fluttum einkamálum, enda sé ekki haldið upp vörnum, og rannsóknarúrskurði í opinberum málum. Þá munu þeir geta sinnt meðferð ákærumála nema lögbundið sé að þau sæti aðalmeðferð eða til þess tíma að þau koma til aðalmeðferðar. Takmörkun á dómsvaldi fulltrúa felur í sér að þeim verður óheimilt að dæma í almennum einkamálum að efni til þar sem vörnum er haldið uppi og að fara með og leysa úr ágreiningsmálum um aðför, nauðungarsölu, dánarbússkipti, gjaldþrotaskipti og þinglýsingar en slík mál koma almennt ekki til dómstóla eðli máls samkvæmt nema vegna ágreinings þar sem haldið er uppi vörnum. Samkvæmt þessu ákvæði verður ekki útilokað að fulltrúar kveði upp úrskurði um gæsluvarðhald, en það hefur verið gagnrýnt að fulltrúar sinni slíkum dómsathöfnum. Þótt fallast megi á að slíkt sé óæskilegt er ekki

talið unnt vegna aðstæðna utan Reykjavíkur að takmarka með lögum heimildir fulltrúa til að kveða upp slíka úrskurði.

Fram kemur í frumvarpinu að réttarfarsnefnd vinni nú að frumvarpi til dómstólalaga sem vænst er að liggi fyrir á næsta ári. Þar verði lagður grunnur að framtíðarskipulagi dómstólaskipunar í landinu og þar með hvort og með hvaða hætti viðhalda eigi fulltrúakerfinu. Allsherjarnefnd leggur áherslu á að því starfi verði hraðað svo sem kostur er. Til að tryggja það enn frekar leggur nefndin jafnframt til þá breytingu á frumvarpinu að sett verði inn sérstakt endurskoðunarákvæði þannig að þær breytingar, sem frumvarpið ásamt breytingum nefndarinnar hefur í för með sér, þurfi að endurskoða eigi síðar en 1. október 1996.

Á fundum nefndarinnar komu fram sjónarmið um hvort ástæða væri til að skýra orðið „ábyrgð“ í 1. málsl. 1. efnismgr. frumvarpsins eitthvað frekar út. Á það var bent, m.a. af hálfu formanns réttarfarsnefndar, að þetta orð hafi verið skýrt með hliðsjón af 8. gr. a laga nr. 92/1989 sem fjallar um ábyrgð dómara.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem hér hafa verið raktar og gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 29. maí 1995.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Sighvatur Björgvinsson.
Árni R. Árnason.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.	Kristján Pálsson.
Hjálmar Jónsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Jón Kristjánsson.

24. Breytingartillögur [13. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 1. júní 1989.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Dómstjóri eða héraðsdómari, þar sem eigi er skipaður dómstjóri, getur falið fulltrúa að annast hvers konar dómsathafnir, en þó ekki að fara með og leysa að efni til úr einkamálum þar sem vörnum er haldið uppi eða opinberum málum frá því að þau koma til aðalmeðferðar.
2. 3. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi en skulu endurskoðuð eigi síðar en 1. október 1996.

25. Fyrirspurn [23. mál]

til dómsmálaráðherra um stöðugildi lögreglumanna.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hve mörg eru stöðugildi lögreglumanna á öllu landinu nú?
2. Hve mörg eru stöðugildi lögreglumanna í Reykjavík einni?
3. Hve mörg voru stöðugildi lögreglumanna á öllu landinu í árslok 1980, 1985 og 1990?
4. Hve mörg voru stöðugildi lögreglumanna í Reykjavík í árslok 1980, 1985 og 1990?

Skriflegt svar óskast.

26. Fyrirspurn [24. mál]

til dómsmálaráðherra um vínveitingastaði.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hve margir staðir hafa nú vínveitingaleyfi
   a. á landinu öllu,
   b. í Reykjavík?
2. Hve margir staðir höfðu vínveitingaleyfi 1980, 1985 og 1990
   a. á landinu öllu,
   b. í Reykjavík?

Skriflegt svar óskast.

27. Fyrirspurn [25. mál]

til sjávarútvegsráðherra um úreldingu smábáta.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Er eitthvað því til fyrirstöðu að smábátar, sem hafa verið úreltir, séu skráðir til annarra verkefna en veiða, t.d. sem skemmtibátar fyrir ferðamenn, fremur en að þeim sé öllum fargað?

28. Frumvarp til sóttvarnalaga. [26. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 119. löggjafarþingi 1995.)

I. KAFLI
Skilgreiningar.

1. gr.

Almennar sóttvarnir eru þær ráðstafanir sem lög þessi kveða á um að ávallt skuli beita vegna smitsjúkdóma.

Opinberar sóttvarnir eru þær ráðstafanir sem skal beita vegna hættulegra smitsjúkdóma:

1. þegar hætta er á að farsóttir berist til eða frá Íslandi,
2. þegar hætta er á útbreiðslu farsótta innan lands,
3. þegar smitaður einstaklingur skapar hættu á útbreiðslu smits með framferði sínu.

2. gr.

Með smitsjúkdómum í lögum þessum er átt við sjúkdóma eða smitun sem örverur, eiturefni (toxín) þeirra eða sníkjudýr valda.

3. gr.

Lög þessi fjalla um smitsjúkdóma sem valdið geta farsóttum og ógnað almannaheill og aðrar alvarlegar næmar sóttir.

Þeir smitsjúkdómar eru skráningarskyldir sem ráðherra ákveður með reglugerð. Af skráningarskyldum smitsjúkdómum eru þeir tilkynningarskyldir sem ógnað geta almannaheill. Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum sóttvarnaráðs, hvaða smitsjúkdómar eru tilkynningarskyldir.

II. KAFLI
Yfirstjórn sóttvarna.

4. gr.

Embætti landlæknis ber ábyrgð á framkvæmd sóttvarna undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra.

Til embættis landlæknis skal ráða lækni, sóttvarnalækni, til að sinna sóttvörnum. Læknir þessi skal hafa þekkingu á smitsjúkdómum og faraldsfræði þeirra.

Sóttvarnalæknir skal í starfi sínu hafa samvinnu við héraðslækna, heilsugæslulækna, sjúkrahús, rannsóknastofur og heilbrigðisnefndir, eftir því sem við á.

Héraðslæknar eru ábyrgir fyrir sóttvörnum, hver í sínu héraði, undir stjórn sóttvarnalæknis.

Héraðslæknar og sóttvarnalæknir skulu hafa samstarf um framkvæmd nauðsynlegra sóttvarna og njóta aðstoðar lögregluyfirvalda ef með þarf.

5. gr.

Verkefni sóttvarnalæknis eru einkum eftirfarandi:

1. Að skipuleggja og samræma sóttvarnir og ónæmisaðgerðir um land allt, m.a. með útgáfu leiðbeininga um viðbrögð við farsóttum.

2. Að halda smitsjúkdómaskrá til að fylgjast með útbreiðslu smitsjúkdóma með öflun nákvæmra upplýsinga um greiningu þeirra frá rannsóknastofum, sjúkrahúsum og læknum.
3. Að koma upplýsingum um útbreiðslu smitsjúkdóma, innan lands sem utan, með reglubundnum hætti og eftir þörfum til lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna.
4. Að vera læknum og öðrum, sem við sóttvarnir fást, til ráðgjafar.
5. Að hafa umsjón með forvörnum gegn smitsjúkdómum, m.a. upplýsingum og fræðslu til almennings um þessi efni.

6. gr.

Ráðherra skal skipa sjö manna ráð, sóttvarnaráð, til fjögurra ára í senn. Þar skulu eiga sæti starfandi embættislæknir, sérfræðingar á sviði smitsjúkdómalækninga, bakteríufræði, veirufræði, kynsjúkdóma og faraldsfræði/heilbrigðisfræði. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi ráðsmanna.

Sóttvarnaráð mótar stefnu í málum sóttvarna og skal vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til varnar útbreiðslu smitsjúkdóma.

Ráðið skal hafa aðsetur hjá embætti landlæknis og skal sóttvarnalæknir vera ritari þess.

III. KAFLI
Almennar sóttvarnaráðstafanir.

1. Skyldur einstaklinga.

7. gr.

Það er almenn skylda að gjalda sem mesta varúð við smitsjúkdómum og gera sér allt far um að sýkja hvorki sjálfan sig né aðra, að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er.

Hver sá sem hefur ástæðu til að halda að hann hafi smitast af smitsjúkdómi sem ógnað geti öðrum mönnum er skyldur að leita læknis án tafar. Leiði læknisrannsókn í ljós að um slíkan sjúkdóm sé að ræða er viðkomandi skyldur að fylgja fyrirmælum læknis um meðferð og ráðstafanir til að fyrirbyggja smitun.

Ef læknir telur mikilvægt að rekja smit til að hefta frekari útbreiðslu þess ber sjúklingi skylda til að veita nauðsynlegar upplýsingar um það af hverjum hann gæti hafa smitast, svo og hverja hann kann að hafa smitað. Komi læknirinn því ekki við ber honum að vísa sjúklingi til stofnunar sem aðstöðu hefur til að rekja smit. Skylt er hlutaðeigendum að hlýða fyrirmælum læknis um nauðsynlegar rannsóknir til varnar sóttnæmisútbreiðslu frá sjúklingi.

2. Skyldur lækna og annars heilbrigðisstarfsliðs.

8. gr.

Allir læknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn skulu í starfi sínu hafa vakandi auga með smitsjúkdómum og útbreiðslu þeirra.

Ef læknir kemst að því í starfi sínu að einstaklingur hefur smitast af smitsjúkdómi sem er tilkynningarskyldur og ekki hirt um að leita læknis skal hann þegar í stað vekja athygli héraðslæknis eða sóttvarnalæknis á því, sbr. 9. gr.

9. gr.

Læknir, sem kemst að því í starfi sínu að einstaklingur hefur smitast af smitsjúkdómi sem samkvæmt lögum þessum er tilkynningarskyldur eða hefur rökstuddan grun um að svo sé, skal þegar í stað tilkynna það viðkomandi héraðslækni eða sóttvarnalækni.

Hliðstæð skylda hvílir á forstöðumönnum rannsóknastofa, sjúkradeilda og annarra heilbrigðisstofnana.

Heilbrigðisráðherra setur, að fengnum tillögum sóttvarnaráðs, reglugerð um það hvaða smitsjúkdómar séu skráningarskyldir og um fyrirkomulag tilkynninga skv. 2. mgr. 3. gr. og 1. og 2. mgr. þessarar greinar. Sóttvarnalæknir er ábyrgur fyrir því að haldin sé smitsjúkdómaskrá. Skráin tekur til smitsjúkdóma og ónæmisaðgerða, sbr. 2. tölul. 5. gr., og er til stuðnings sóttvarnastarfi og faraldsfræðirannsóknum. Skal gætt fyllsta trúnaðar um allar einkaupplýsingar sem þar koma fram.

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi rannsóknastofa sem fást við rannsóknir á smitsjúkdómum er lög þessi taka til. Þessar rannsóknastofur skulu hafa starfsleyfi heilbrigðisráðherra.

Skylt er hlutaðeigandi aðilum að aðstoða viðkomandi héraðslækni og sóttvarnalækni, m.a. með því að veita upplýsingar er þeir telja nauðsynlegar vegna sóttvarna.

10. gr.

Hafi læknir, sem hefur sjúkling til meðferðar sem haldinn er smitsjúkdómi, rökstuddan grun eða vitneskju um að sjúklingurinn fylgi ekki fyrirmælum sem honum voru sett um umgengni og meðferð skal hann tilkynna það þegar í stað til viðkomandi héraðslæknis eða sóttvarnalæknis.

3. Skyldur heilbrigðisnefnda.

11. gr.

Heilbrigðisfulltrúar og formenn heilbrigðisnefnda samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit skulu tilkynna viðkomandi héraðslækni eða sóttvarnalækni jafnskjótt og þeir hafa orðið varir við hugsanlega smithættu. Sóttvarnalæknir skal gefa heilbrigðisnefndum nauðsynlegar upplýsingar og ráð og hafa yfirumsjón með að til viðeigandi ráðstafana sé gripið.

Heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúar skulu aðstoða við sóttvarnir og bera ábyrgð á að gripið sé til viðeigandi ráðstafana ef hætta er á að dýr, matvæli, vatn, skolplagnir, loftræsting eða annað í umhverfinu dreifi eða geti dreift smitnæmum sjúkdómum.

IV. KAFLI

Opinberar sóttvarnaráðstafanir.

1. Sóttvarnaráðstafanir vegna hættu á farsóttum innan lands.

12. gr.

Ef tilkynningar til sóttvarnalæknis um smitsjúkdóma benda til að farsótt sé yfirvofandi skal hann þegar í stað gera heilbrigðisráðherra viðvart.

Ráðherra ákveður að tillögu sóttvarnaráðs hvort grípa skuli til opinberra sóttvarnaráðstafana, svo sem ónæmisaðgerða, einangrunar smitaðra, sótthreinsunar, afkvíunar byggðarlaga eða landsins alls, lokunar skóla eða samkomubanns. Sóttvarnalæknir eða héraðslæknar geta beitt slíkum vörnum til bráðabirgða án þess að leita heimildar fyrir fram ef þeir telja að hvers konar töf sé hættuleg, en gera skulu þeir ráðherra jafnskjótt kunnar ráðstafanir sínar.

Nánari ákvæði um opinberar sóttvarnaráðstafanir skal setja með reglugerð.

2. Sóttvarnaráðstafanir vegna hættu á farsóttum til eða frá Íslandi.

13. gr.

Um sóttvarnaráðstafanir, sem grípa má til vegna hættu á farsóttum frá útlöndum eða frá Íslandi til útlanda, skal setja reglugerð í samræmi við efni þeirra alþjóðasamninga Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem Ísland er aðili að.

3. Aðgerðir vegna hættu á útbreiðslu smits frá einstaklingum.

14. gr.

Nú telur sóttvarnalæknir er honum berst tilkynning um smitsjúkdóm að grípa þurfi til frekari ráðstafana en læknir hefur þegar gert til þess að fyrirbyggja eða hefta útbreiðslu smitunar sem ógnað getur almannaheill. Skal hann þá í samráði við héraðslækni sjá til þess að til slíkra aðgerða sé gripið. Getur hann og, ef þurfa þykir, leitað aðstoðar lögregluyfirvalda vegna aðgerða til varnar smiti. Héraðslæknir getur einnig gripið til slíkra aðgerða í forföllum sóttvarnalæknis.

Með aðgerðum er átt við læknisrannsókn, einangrun hins smitaða á sjúkrahúsi, sbr. 15. gr., og aðrar nauðsynlegar ráðstafanir. Áður en gripið er til slíkra aðgerða skal ætíð reynt að leysa mál með öðrum hætti.

Ákvörðun sóttvarnalæknis eða héraðslæknis um aðgerðir af þessu tagi má kæra til landlæknis, sbr. þó 15. gr. Kæra frestar ekki framkvæmd.

15. gr.

Ef maður, haldinn smitsjúkdómi, fellst ekki á að fylgja reglum um umgengni við aðra eða rökstuddur grunur er um að hann hafi ekki fylgt slíkum reglum getur sóttvarnalæknir ákveðið að hann skuli lagður inn á sjúkrahús í einangrun eða að hann skuli einangraður með öðrum hætti.

Telji sóttvarnalæknir nauðsynlegt að einangrun á grundvelli 14. eða 15. gr. vari lengur en tvo sólarhringa og ef framkvæmdin er í andstöðu við hinn smitaða skal sóttvarnalæknir þegar bera ákvörðunina skriflega undir héraðsdóm í því umdæmi sem hinn smitaði dvelst er einangrunar er krafist. Í kröfu sóttvarnalæknis skal koma fram ítarleg lýsing á málavöxtum og nauðsyn einangrunar og tiltekinn sá tími sem einangrun er ætlað að vara, auk annarra gagna sem málið kunna að varða. Dómari skal taka málið fyrir án tafar. Hann skal gefa varnaraðila kost á að skýra mál sitt og getur krafið varnaraðila um gögn til stuðnings kröfu hans. Dómari getur einnig aflað gagna af sjálfsdáðum. Dómari kveður síðan upp úrskurð um hvort einangrun skuli haldast eða hún falli niður. Einangrun má ekki vara lengur en 15 sólarhringa í senn en ef sóttvarnalæknir telur nauðsynlegt að hún vari lengur skal hann að nýju bera kröfu um slíkt undir héraðsdóm. Málsmeðferð fyrir dómi frestar ekki framkvæmd einangrunar.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.

Starfrækja skal göngudeildir vegna tilkynningarskyldra smitsjúkdóma sem veita meðferð og rekja smitleiðir. Ráðherra setur reglugerð um starfsemi slíkra göngudeilda.

Á sjúkrahúsi, sem heilbrigðisráðherra ákveður, skal vera aðstaða til einangrunar þeirra sem eru til rannsóknar eða meðferðar vegna smitsjúkdóma eða gruns um smitsjúkdóm.

Heilbrigðisráðherra getur falið ákveðnum rannsóknastofum að ábyrgjast greiningu örvera eða sníkjudýra úr sýnum frá sjúklingum með smitsjúkdóma og fylgjast með ónæmisástandi einstaklinga gegn þýðingarmiklum smitnæmum sjúkdómum.

17. gr.

Allur kostnaður, sem hlýst af framkvæmd laga þessara, skal greiðast eins og annar sjúkra- og lækniskostnaður. Greiðsluhlutdeild sjúklinga skal fylgja almennum reglum um það efni. Heimilt er þó að undanskilja greiðsluhlutdeild sjúklinga sem boðaðir eru til skoðunar vegna leitar að smitberum.

18. gr.

Auk þeirra reglugerða, sem lög þessi tilgreina sérstaklega, hefur heilbrigðisráðherra heimild til að setja í farsóttareglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

Sama máli gegnir ef til sérstakra ráðstafana þarf að grípa vegna sóttvarna við náttúruhamfarir.

19. gr.

Með mál sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að þremur mánuðum.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996. Þá falla úr gildi eftirfarandi lög:

1. Berklavarnalög, nr. 66 31. desember 1939.
2. Lög um ráðstafanir til varnar gegn fýlasótt, nr. 70 7. maí 1940.
3. Lög um hundahald og varnir gegn sullaveiki, nr. 7 3. febrúar 1953.
4. Sóttvarnarlög, nr. 34 12. apríl 1954.
5. Farsóttalög, nr. 10 19. mars 1958.
6. Lög um varnir gegn kynsjúkdómum, nr. 16 28. apríl 1978, sbr. breyting á þeim lögum nr. 7 7. apríl 1986.

Fylgiskjal.

Flokkun smitsjúkdóma eftir meginsmitleiðum.
(Skáletraðir sjúkdómar eru tilgreindir í alþjóðaheilbrigðisreglum.)

1. Smitsjúkdómar þar sem persónueinkenna sjúklings er ekki getið og verða skráningarskyldir samkvæmt reglugerð, sbr. 2. mgr. 3. gr.

1.1 Þarmasmit:
Yersiniosis
Listeriosis
Toxoplasmasýking
Sullaveiki
Tríkínósis

1.2 Öndunarfærasmit:
Hemóphilus influenzae (gerð b) sjúkdómur
Psittacosis
Legionellosis
Rauðir hundar
Mislingar
Hettusótt
Kíghósti
Inflúensa

1.3 Blóðborið smit:
Sýkingar vegna blóðgjafa
Meðfæddir rauðir hundar

1.4 Samræðissmit:
Condyloma genitalis
Þvagrásarbólga af öðrum eða óþekktum orsökum

1.5 Skordýraborið smit:
Malaría
Rykkjasótt (febris recurrens)
Dílasótt (typhus exanthematicus)

1.6 Aðrir smitsjúkdómar:
Heilahimnubólga af völdum örvera
Heilabólga af völdum veira
Stífkrampi
Óvenjulegar berklasýkingar
Hjartaþelsbólga

2. Smitsjúkdómar sem tilkynna skal einstaklingsbundið og verða tilkynningarskyldir samkvæmt reglugerð, sbr. 2. mgr. 3. gr.

2.1 Þarmasmit:
Lömunarveiki (poliomyelitis)
Smitandi lifrarbólga A (hepatítis A)
Önnur smitandi lifrarbólga (hepatítis E)
Kólera
Salmonellusýkingar (þar með talið taugaveiki og taugaveikibróðir)
Kampýlóbaktersýkingar
Blóðkreppusótt (shigellosis)
Aðrar þarmasýkingar af völdum baktería

2.2 Öndunarfærasmit:
Barnaveiki (difteria)
Meningókokkasjúkdómur
Berklar
Svarti dauði (pestis)

2.3 Blóðborið smit:
Smitandi lifrarbólga B (hepatítis B)
Smitandi lifrarbólga C (hepatítis C)
Önnur smitandi lifrarbólga
HIV (human immunodeficiency virus)

2.4 Samræðissmit:
Klamýdía
Lekandi
Sárasótt
Hepatítis B
HIV (human immunodeficiency virus)

2.5 Skordýraborið smit:
Svarti dauði (pestis)
Gulusótt (yellow fever, febris flava)

2.6 Aðrir smitsjúkdómar:
Bótúlismi
Holdsveiki (lepra)
Hundaæði (rabies)
Miltisbrandur (anthrax)

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þróun íslenskrar löggjafar á sviði sóttvarna hófst ekki að ráði fyrr en á síðari hluta síðustu aldar. Árið 1875 gengu í gildi lög um mótvarnir gegn því að bólusótt og hin austurlenska kólerusótt og aðrar næmar sóttir flytjist til landsins. Á tæpri öld þróuðust þessi

lög í löggjöf um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands og síðan í núgildandi sóttvarnarlög sem eru frá árinu 1954.

Liðlega tuttugu árum síðar, eða árið 1896, gengu í gildi fyrstu lögin um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma. Þessi lög hafa síðan þróast í núgildandi farsóttalög frá 1958.

Um aldamótin var ástand í málum holdsveikra og berklaveikra hér á landi mjög bágborið og aðgerðir aðkallandi. Árið 1898 gengu í gildi tvenn lög er snertu holdsveika, annars vegar lög um aðgreiningu þeirra frá öðrum mönnum og flutning á spítala og hins vegar lög um stofnun holdsveikraspítala á Íslandi. Þó úrelt séu og óþörf eru þessi lög enn í gildi.

Fyrstu lögin um varnir gegn berklaveiki gengu í gildi nokkrum árum síðar, eða árið 1904. Núgildandi berklavarnalög eru frá árinu 1939.

Hinn 17. október 1988 skipaði heilbrigðisráðherra nefnd sem falið var það hlutverk að endurskoða farsóttalögin frá 1958, sóttvarnarlögin frá 1954, ýmis sérlög um varnir gegn ákveðnum smitsjúkdómum, svo sem berklavarnalögin frá 1939, lögin um varnir gegn kynsjúkdómum frá 1978, með síðari breytingu, og lögin um varnir gegn holdsveiki frá síðustu aldamótum.

Í nefndina voru skipuð: Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, formaður, Guðjón Magnússon, þá aðstoðarlandlæknir, Haraldur Briem, sérfræðingur í smitsjúkdómum, Skúli Johnsen borgarlæknir og Dögg Pálsdóttir, lögfræðingur í heilbrigðisráðuneytinu, og var hún jafnframt ritari nefndarinnar.

Nefndin lauk störfum haustið 1989. Frumvarp til sóttvarnalaga, sem hún samdi, var lagt fram á 112. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Með því frumvarpi fylgdu sem fylgiskjöl yfirlit sem nefndin tók saman um þróun íslenskrar löggjafar á sviði sóttvarna og samantekt um stöðu löggjafar á sviði sóttvarna á Norðurlöndum. Frumvarpið var síðan lagt fram nokkuð breytt á 113. þingi í ljósi umsagna sem bárust við meðferð málsins á 112. löggjafarþingi og að nýju á 115. og 116. löggjafarþingi nánast óbreytt að öðru leyti en því að 17. gr. frumvarpsins var breytt. Frumvarp það sem nú er lagt fram er að mestu í sömu mynd og það sem lagt var fram á 116. löggjafarþingi. Þó eru gerðar breytingar á 6. gr. um skipan sóttvarnaráðs og 14. og 15. gr. sem fjalla um þvingunarúrræði er breytt með það að markmiði að treysta réttarstöðu hins smitaða. Fylgiskjölin, sem birtust með frumvarpinu er það var lagt fram á 112. löggjafarþingi, hafa ekki verið endurbirt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér eru skilgreindar þær tvenns konar sóttvarnaráðstafanir sem grípa skal til. Annars vegar eru hinar almennu sóttvarnaráðstafanir, en það eru ráðstafanir sem ávallt skal beita gegn smitsjúkdómum. Hins vegar eru hinar opinberu sóttvarnaráðstafanir sem beita skal vegna hættulegra smitsjúkdóma í þremur tilvikum:

Í fyrsta lagi þegar hætta er á að farsóttir berist til eða frá landinu, í öðru lagi þegar hætta er á útbreiðslu farsóttar innan lands og í þriðja lagi þegar smitaður einstaklingur skapar hættu á útbreiðslu smits með framferði sínu.

Um 2. gr.

Rétt þykir að skilgreina í lögunum við hvað er átt þegar talað er um smitsjúkdóma. Með smitsjúkdómum er átt við sjúkdóma sem orsakast af örverum (bakteríum, sveppum, veirum eða öðrum frumstæðum lífverum) og sníkjudýrum (einfrumungum, ormum,

lúsum og flóm) sem geta fjölgað sér, lifað á eða í hýsli og valdið sjúkdómi og borið manna á milli eða frá dýrum til manna. Margar örverur geta framleitt eiturefni (toxín) sem valdið geta sjúkdómum í mönnum, t.d. með mengun matvæla, jafnvel þótt örverurnar sem slíkar nái ekki að sýkja menn. Slíkar eitranir eru alla jafna taldar til smitsjúkdóma og því tilgreindar hér í skilgreiningu frumvarpsins á smitsjúkdómum.

Um 3. gr.

Hér er fjallað um gildissvið laganna. Gert er ráð fyrir að þau nái annars vegar til smitsjúkdóma sem valdið geta farsóttum og ógnað almannaheill og hins vegar til annarra alvarlegra næmra sótta. Gert er ráð fyrir að skráningarskyldir verði þeir smitsjúkdómar sem ráðherra ákveður með reglugerð. Tilkynningarskyldir verða þeir skráningarskyldir smitsjúkdómar sem ógnað geta almannaheill. Ráðherra skal ákveða, að fengnum tillögum sóttvarnaráðs, hvaða smitsjúkdómar eru tilkynningarskyldir.

Tilkynningarskylda felur í sér að skylt verður að tilkynna tafarlaust til heilbrigðisyfirvalda ef grunur leikur á að einhver tiltekinna hættulegra smitsjúkdóma hafi fundist eða greinst og geti ógnað almannaheill. Skráningarskylda felur í sér að tilteknar sjúkdómsgreiningar verða skráðar og upplýsingar um fjölda tilfella sendar reglulega til heilbrigðisyfirvalda enda þurfi ekki í slíkum tilvikum að grípa til tafarlausra ráðstafana.

Um 4. gr.

Í samræmi við áratuga hefð gerir frumvarpið ráð fyrir að ábyrgð á framkvæmd sóttvarna sé hjá embætti landlæknis undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra.

Samkvæmt gildandi sóttvarnalögum eru héraðslæknar sóttvarnalæknar. Í ljósi gerbreyttra samgangna þykir óþarfi að hafa fleiri en einn sóttvarnalækni til að sinna sóttvörnum í landinu öllu. Eðlilegt er að slíkur læknir hafi aðsetur hjá embætti landlæknis. Læknir þessi skal hafa þekkingu á smitsjúkdómum og faraldsfræði þeirra. Í starfi sínu skal hann hafa samvinnu við héraðslækna, heilsugæslulækna, sjúkrahús og rannsóknastofur auk heilbrigðisnefnda, eftir því sem við á.

Til að tryggja nægileg tengsl sóttvarnalæknis út í læknishéruðin þykir einnig rétt að héraðslæknar beri áfram ábyrgð á sóttvörnum undir stjórn sóttvarnalæknis. Samvinna sóttvarnalæknis og héraðslækna um sóttvarnir er mjög mikilvæg þar sem héraðslæknar búa yfir staðarþekkingu sem nauðsynleg er þegar taka þarf ákvörðun um aðgerðir.

Ekki tekst alltaf nauðsynleg samvinna milli sjúklings og læknis um nauðsynlegar aðgerðir vegna sóttvarna. Í lögum um smitsjúkdóma hefur frá upphafi verið að finna ákvæði þess efnis að heilbrigðisyfirvöld skuli njóta liðsinnis lögregluyfirvalda sé þess þörf. Hér er einnig slíkt heimildarákvæði.

Um 5. gr.

Hér er verksvið sóttvarnalæknis skilgreint nánar. Hann skal sjá um að skipuleggja og samræma sóttvarnir um land allt, fylgjast með útbreiðslu smitsjúkdóma og koma upplýsingum þar að lútandi áleiðis til lækna og annarra sem á slíkum upplýsingum þurfa að halda. Þá skal hann vera læknum og öðrum sem við sóttvarnir fást til ráðgjafar og hafa umsjón með forvarnastarfi á þessu sviði.

Um 6. gr.

Rétt þykir að setja á laggirnar sérstakt ráð, sóttvarnaráð, til að móta stefnu í málum sóttvarna og vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til varnar útbreiðslu smitsjúkdóma.

Árið 1986 skipaði heilbrigðisráðherra samstarfs- og ráðgjafarnefnd, farsóttanefnd, sem fékk það hlutverk að fylgjast með farsóttum og gera tillögur um aðgerðir til að hindra útbreiðslu þeirra. Gert er ráð fyrir að starf þessarar nefndar leggist niður ef ákvæði frumvarpsins um sérstakt sóttvarnaráð nær fram að ganga.

Gert er ráð fyrir að sóttvarnaráð verði skipað sjö mönnum, starfandi embættislækni og sérfræðingum á sviði smitsjúkdómalækninga, bakteríufræði, veirufræði, kynsjúkdóma og faraldsfræði/heilbrigðisfræði.

Ráðið skal hafa aðsetur hjá embætti landlæknis og skal sóttvarnalæknir vera ritari þess.

Um 7. gr.

Orðalag greinarinnar er í samræmi við ákvæði í gildandi löggjöf um þessi efni.

Um 8. gr.

Ákvæðið er í samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum. Gert er ráð fyrir að læknir, sem kemst að því í starfi sínu að einstaklingur, sem smitast hefur af smitsjúkdómi sem er tilkynningarskyldur, hefur ekki hirt um að leita læknis, skuli þegar í stað vekja athygli héraðslæknis eða sóttvarnalæknis á því.

Um 9. gr.

Smitsjúkdóma skal tilkynna á þar til gerðum eyðublöðum til héraðslæknis eða sóttvarnalæknis. Þessi skylda hvílir jafnt á læknum sem og forstöðumönnum rannsóknastofa, sjúkradeilda og annarra heilbrigðisstofnana.

Gert er ráð fyrir að heilbrigðisráðherra setji, að fengnum tillögum sóttvarnaráðs, reglugerð um fyrirkomulag skráninga og tilkynninga skv. 2. mgr. 3. gr. og 1. og 2. mgr. þessarar greinar. Halda skal sérstaka smitsjúkdómaskrá, sbr. 2. tölul. 5. gr., sem skal taka til skráningarskyldra smitsjúkdóma og einnig skráningar ónæmisaðgerða og mótefnamælinga skráningarskyldra sjúkdóma, bæði jákvæðar og neikvæðar upplýsingar.

Þá er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um starfsemi rannsóknastofa sem greini sjúkdóma er lög þessi taka til og um eftirlit með þeim.

Um 10. gr.

Hér eru ákvæði um skyldu lækna til að tilkynna héraðslækni eða sóttvarnalækni ef þeir komast að því í starfi sínu að smitaður einstaklingur fylgi ekki fyrirmælum um hegðun. Sambærilegt ákvæði er að finna í gildandi lagaákvæðum um sóttvarnir.

Um 11. gr.

Heilbrigðisfulltrúar og formenn heilbrigðisnefnda samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit skulu tilkynna viðkomandi héraðslækni eða sóttvarnalækni jafnskjótt og þeir hafa orðið varir við hugsanlega smithættu. Sóttvarnalæknir skal gefa heilbrigðisnefndum nauðsynlegar upplýsingar og ráð og hafa yfirumsjón með að til viðeigandi ráðstafana sé gripið. Heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúar skulu aðstoða við sóttvarnir og bera ábyrgð á að gripið sé til viðeigandi ráðstafana ef hætta er á að dýr, mat-

væli, vatn, skolplagnir, loftræsting eða annað í umhverfinu dreifi eða geti dreift smitnæmum sjúkdómum.

Um 12. gr.

Hér er mælt fyrir um viðbrögð sóttvarnalæknis ef tilkynningar benda til að farsótt sé í uppsiglingu. Í því tilviki skal hann þegar í stað gera heilbrigðisráðherra viðvart. Ráðherra ákveður að tillögu sóttvarnaráðs hvort grípa skuli til opinberra sóttvarnaráðstafana. Þær opinberu sóttvarnaráðstafanir sem ráðherra getur gripið til eru hinar sömu og gildandi lög gera ráð fyrir. Jafnframt er gert ráð fyrir að sóttvarnalæknir eða héraðslæknar geti beitt slíkum vörnum til bráðabirgða ef þeir telja hvers konar töf hættulega en gera skulu þeir ráðherra jafnskjótt kunnar ráðstafanir sínar.

Um 13. gr.

Ísland gerðist aðili að sóttvarnasamningi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar árið 1952. Gildandi sóttvarnareglugerð nr. 229/1971 hefur að geyma ýmis ákvæði í samræmi við þann samning. Rétt þykir að hafa í þessu frumvarpi almennt ákvæði sem heimili að setja reglugerð um sóttvarnaráðstafanir sem grípa má til vegna smithættu og eru í samræmi við þá alþjóðasamninga Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem Ísland er aðili að.

Um 14. gr.

Hér er lýst þeim tilvikum sem talið er að réttlæti það að grípa til nauðsynlegra aðgerða án samþykkis einstaklings. Á það er hins vegar lögð áhersla að aðgerðir af þessu tagi skulu ætíð vera neyðarúrræði, þ.e. að reynt sé til þrautar að ná samvinnu við sjúkling.

Um 15. gr.

Hér er fjallað nánar um einangrun smitbera á sjúkrahúsi eða annars staðar.

Talið er eðlilegt að þessum heimildum til frelsisskerðingar megi einnig beita í þeim tilvikum er maður, sem haldinn er smitsjúkdómi, fellst ekki á að fylgja reglum um meðferð og umgengni eða rökstuddur grunur er um að hann hafi ekki fylgt slíkum reglum. Einangrun yrði ýmist á sjúkrahúsi eða með öðrum hætti.

Mikilvægt er að tryggja rétt hins smitaða við þvingunaraðgerðir sem nauðsynlegar eru taldar til að koma í veg fyrir útbreiðslu smitsjúkdóma og að slík mál hljóti skjóta úrlausn. Ákvæðið byggir í grundvallaratriðum á III. kafla lögræðislaga, nr. 68/1984, sem fjallar um vistun einstaklinga á sjúkrahúsi gegn vilja þeirra.

Um 16. gr.

Rétt þykir að setja í sóttvarnalög ákvæði þess efnis að starfrækja skuli göngudeildir vegna tilkynningarskyldra smitsjúkdóma. Rétt þykir einnig að heilbrigðisráðherra ákveði á hvaða sjúkrahúsum skuli vera aðstaða til einangrunar vegna sóttvarna. Þá þykir og rétt að ráðherra ákveði hvaða rannsóknastofur ábyrgist greiningu sýna úr einstaklingum sem grunaðir eru um smit.

Um 17. gr.

Rétt þykir að kostnaður vegna framkvæmdar laganna greiðist með sama hætti og annar sjúkra- og lækniskostnaður og að hlutdeild sjúklinga í þeim kostnaði fari eftir almennum reglum um það efni. Hins vegar þykir eðlilegt að heimila að undanþiggja greiðsluhlutdeild sjúklinga þá sem kallaðir eru til skoðunar vegna leitar að smitbera.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Greinin skýrir sig sjálf en gildistaka frumvarpsins hefur í för með sér allnokkra lagahreinsun.

Um fylgiskjal.

Markmið.

Skráning og tilkynning smitsjúkdóma með reglubundnum og kerfisbundnum hætti þjónar þeim tilgangi að afla upplýsinga um feril þeirra á hverjum tíma þannig að unnt sé að skipuleggja og grípa til varnaraðgerða gegn þeim og til þess að hægt sé að fylgjast með árangri ónæmisaðgerða og annarra forvarna gegn smitsjúkdómum. Upplýsingaöflunin hefur einnig þýðingu við að fylgjast með langtímabreytingum á nýgengi og algengi smitsjúkdóma.

Forsendur framkvæmdar.

Nauðsynlegt er að einungis mikilvægir smitsjúkdómar séu skráðir og tilkynntir og að slíkar aðgerðir séu skilvirkar. Skráningar- og tilkynningarformið þarf að vera eins einfalt og mögulegt er og niðurstöður um útbreiðslu smitsjúkdóma þurfa að berast læknum með reglubundnum og skýrum hætti þannig að þær nýtist í daglegu starfi til sóttvarna og til fróðleiks.

Aðferð.

Öflun upplýsinga um útbreiðslu smitsjúkdóma getur farið fram með tvennum hætti. Annars vegar með skráningu, þ.e. talningu á fjölda smitaðra án persónuauðkenna og hins vegar með tilkynningu, þ.e. persónuauðkennum hins smitaða með upplýsingum um smitleiðir.

Tilgangur skráningar um heildarfjölda smitaðra einstakinga án persónuupplýsinga er sá að fá faraldsfræðilega yfirsýn yfir þýðingarmikla smitsjúkdóma þar sem það hefur ekki hagnýta þýðingu að þekkja til einstaklinganna við sóttvarnir.

Tilgangur tilkynningar um smitsjúkdóm með persónueinkennum hins smitaða er sá að hindra útbreiðslu smits með aðgerðum sem beinast að hinum smitaða, t.d. með einangrun, meðferð og rakningu smits milli einstaklinga eða frá menguðum matvælum, vatni eða öðrum efnum til einstaklinga. Til þess að fullnægja þessum skilyrðum verða að fylgja tilkynningunni upplýsingar um líklegan smitunarstað og smitunartíma og einkenni til að tengja smitaða einstaklinga með faraldsfræðilegum hætti og meta áhrif smitsins.

Alþjóðlegar skuldbindingar.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin samþykkti árið 1969 alþjóðlegar heilbrigðisreglur (International Health Regulations) með breytingum sem tóku gildi 1973 og aftur 1981. Hefur Ísland skuldbundið sig til að fylgja þeim án fyrirvara. Í reglugerðinni eru tilgreindir eftirtaldir sjúkdómar sem lúta tilkynningarskyldu til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar:

1. svarti dauði,
2. kólera og
3. gulusótt (febris flava).

Sjúkdómar sem skrá skal án persónueinkenna.

Í frumvarpi til sóttvarnalaga er gert ráð fyrir því að sett verði reglugerð yfir skráningarskylda smitsjúkdóma. Í fylgiskjali er tillaga að lista yfir skráningarskylda sjúkdóma. Þar eru taldir smitsjúkdómar sem ástæða er til að fylgjast með, t.d. til þess að meta árangur ónæmisaðgerða. Þar er einnig að finna ýmsa sjúkdóma sem ekki eru landlægir á Íslandi en gætu borist til landsins og náð útbreiðslu hér. Sumir sjúkdómar geta augljóslega ekki náð að breiðast út hér á landi, eins og t.d. malaría, en mikilsvert er að fá upplýsingar um gagnsemi forvarnaaðgerða gegn slíkum sjúkdómum meðal ferðalanga.

Sjúkdómar sem tilkynna skal einstaklingsbundið.

Í frumvarpi til sóttvarnalaga er gert ráð fyrir að ráðherra ákveði að fengnum tillögum sóttvarnaráðs hvaða smitsjúkdómar eru tilkynningarskyldir. Hugmyndin er að smitsjúkdómar, sem náð geta mikilli útbreiðslu í samfélaginu og jafnframt ógnað almannaheill og þar sem vitneskja um smitaðan einstakling hefur þýðingu við upprætingu smits, skulu tilkynntir. Í þessum flokki er einnig gert ráð fyrir að alvarlegir smitsjúkdómar, sem ekki munu ná mikilli útbreiðslu, verði tilkynntir ef ekki er hægt að hindra útbreiðslu þeirra með öðrum hætti en að þekkja til smitaðra einstaklinga.

Þegar um er að ræða sjúkdóma þar sem persónulegar upplýsingar eru sérstaklega viðkvæmar, eins og við samræðis- eða kynsjúkdóma, þarf meðhöndlandi læknir að afla sér þeirra til að geta rakið smit. Til þess að rjúfa ekki trúnað í slíkum tilvikum þarf að tilkynna slíka sjúkdóma til sóttvarnalæknis með hluta nafnleyndar (semianonymt) þannig að einstaklingur þekkist ekki, en jafnframt verði komist hjá tvískráningu eins og hægt er. Meðhöndlandi læknir tilkynnir hins vegar sjúkdóminn með nauðsynlegum persónuauðkennum til sóttvarnalæknis ef sjúklingur fylgir ekki fyrirmælum eins og lögin kveða á um. Í fylgiskjali er tillaga að lista yfir sjúkdóma sem vænta má að yrðu tilkynningarskyldir.

Að lokum eru í fylgiskjalinu þeir sjúkdómar skáletraðir sem Íslendingar eru skuldbundnir til að tilkynna til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Það eru nýmæli í sóttvarnalögunum að ráðherra geti fjölgað eða fækkað tilkynningarskyldum sjúkdómum. Lögin sem slík nefna enga ákveðna smitsjúkdóma, þau kveða aðeins á um hvaða almenn skilyrði smitsjúkdómar þurfi að uppfylla til að teljast tilkynningarskyldir. Reynslan sýnir að smitsjúkdómar taka breytingum þannig að ástæða kann að vera til að fella burt tilkynningarskyldu eða nýr skaðvænlegur smitsjúkdómur birtist sem ástæða er til að tilkynna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til sóttvarnalaga.

Í frumvarpi þessu eru endurskoðuð og sameinuð í ein lög fleiri eldri lög um sóttvarnir og skyld efni um leið og það bætir við nokkrum nýjungum.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir að ráða skuli sérstakan sóttvarnalækni til embættis landlæknis til að sinna sóttvörnum. Það embætti hefur ekki verið til áður. Launakostnaður vegna þess læknis er talinn nema rúmlega 4 m.kr. á ári og er þá miðað við heildarlaunakostnað hliðstæðra embættislækna í þjónustu ríkisins. Í 5. gr. er gert ráð fyrir að sóttvarnalæknir hafi með höndum víðtæka skipulagningu sóttvarna og skráningu smitsjúkdóma. Það starf mun a.m.k. útheimta eitt stöðugildi sem áætlað er að kosti um 1 m.kr. Önnur rekstrargjöld tengd hinu nýja embætti má áætla að nemi 2 m.kr. og er það einnig byggt á hliðstæðri reynslu. Samtals má ætla að embættið muni kosta a.m.k. 7 m.kr. á ári.

Frumvarpið gerir ráð fyrir sérstakri nefnd, sóttvarnanefnd, sem í muni sitja sjö menn. Tekur hún við af núverandi farsóttanefnd með jafnmörgum mönnum. Sú nefnd fær um 1 m.kr. á ári í laun og er ekki gert ráð fyrir að sá kostnaður breytist.

Í þessu frumvarpi er m.a. að finna þau nýmæli, 16. gr., að starfrækja skuli göngudeildir sem veiti meðferð og reki smitleiðir tilkynningarskyldra smitsjúkdóma. Hér verður um sérstakar göngudeildir að ræða sem ekki er, eðli verkefnisins vegna, hægt að blanda saman við aðrar göngudeildir. Óvíst er um kostnað af hverri slíkri nýrri deild, en ætla verður að með fimm stöðugildum muni hún ekki kosta undir 15 m.kr. í árlegum rekstri, auk stofnkostnaðar til innréttinga og búnaðar sem telja má að geti numið yfir 30 m.kr.

Samtals má gera ráð fyrir að rekstrarútgjöld ríkissjóðs hækki um eigi minna en 22 m.kr. við stofnun embættis sóttvarnalæknis og einnar göngudeildar fyrir smitsjúkdóma og að stofnkostnaður nemi ekki undir 30 m.kr. Verði fleiri göngudeildir settar á fót mun kostnaður ríkissjóðs aukast að sama skapi.

29. Frumvarp til laga [27. mál]

um breytingar á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

(Lagt fyrir Alþingi á 119. löggjafarþingi 1995.)

I. KAFLI

Um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Á 1. gr. laganna verða eftirfarandi breytingar:

Við lista skilgreininga orða og orðasambanda í 1. mgr. bætist eftirfarandi:

Tollabinding: Hámark tolla samkvæmt hinum almenna samningi um tolla og viðskipti 1994 í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar er undir ritaður var af Íslands hálfu 15. apríl 1994, sbr. viðauka II við lög þessi.
Tollkvóti: Tiltekið magn vöru sem flutt er inn á lægri tollum en getið er um í 4. gr.

2. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Af vörum sem fluttar eru inn á tollsvæði ríkisins skal greiða toll eins og mælt er fyrir í tollskrá í viðauka I með lögum þessum sem hefur lagagildi. Tollur skal lagður sem verðtollur á tollverð vöru eða sendingar eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum 8.–10. gr. og sem magntollur á vörumagn eftir því sem í tollskrá í viðauka I greinir. Aðra tolla og gjöld sem mismuna innlendum og innfluttum framleiðsluvörum má eigi leggja á vöruna við innflutning.

Ákvæði 1. mgr. skulu eigi koma í veg fyrir álagningu verðjöfnunargjalda samkvæmt ákvæðum fríverslunar- og milliríkjasamninga, sbr. 120. gr. laga þessara eða 72. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, enda rúmist slík gjaldtaka innan tollabindinga, sbr. 3. mgr.

Tollur á vörur frá aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar má eigi vera hærri en þær tollabindingar sem tilgreindar eru í viðaukum IIA og IIB með lögum þessum. Miðist tollabinding bæði við verð og magn skal hámarkstollur miðast við þá bindingu sem hærri álagningu leyfir. Þó er heimilt að víkja frá ákvæðum um tollabindingar þegar ákvörðun er tekin um álagningu undirboðs- og jöfnunartolla skv. 115.–119. gr. og viðbótartolla skv. 120. gr. laga þessara, sbr. 74. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

3. gr.

Við I. kafla laganna bætist ný grein, er verður 6. gr. A, er orðast svo:

Tollkvótar.

Í viðaukum IIIA og B eru tilgreindir tollkvótar samkvæmt skuldbindingum Íslands í samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar vegna innflutnings á því magni sem tilgreint er fyrir hvert áranna 1995 til og með 2000. Um úthlutun þeirra fer skv. 53. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Tollur á þær vörur, sem fluttar eru inn samkvæmt tollkvótum í viðauka IIIA, skal vera 32% af grunntaxta viðkomandi vöruliðar eins og hann er tilgreindur í viðauka IIA með lögum þessum.

Tollur á þær vörur, sem fluttar eru inn samkvæmt tollkvótum í viðauka IIIB, skal vera 30% en þó eigi hærri en í viðaukanum greinir. Við innflutning á fóðurvörum og hráefnum í þær í 10., 11., 12., 17. og 23. kafla tollskrár skulu þó gilda þeir tolltaxtar sem tilgreindir eru í tollskrá í viðauka I.

Í viðaukum IVA og B eru tilgreindir tollkvótar sem landbúnaðarráðherra úthlutar skv. 53. gr. A laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Tollur á þær vörur, sem fluttar eru inn samkvæmt þeim tollkvótum sem tilgreindir eru í viðauka IVA, skal vera 75 hundraðshlutar af þeim magntolli sem lagður er á viðkomandi vörulið eins og hann er tilgreindur í tollskrá eða 32% af grunntaxta viðkomandi vöruliðar eins og hann er tilgreindur í viðauka IIA með lögum þessum.

Tollur á þær vörur, sem tilgreindar eru í viðauka IVB, skal vera 0, 25, 50 eða 75 hundraðshlutar af þeim tolli sem lagður er á viðkomandi vörulið eins og hann er tilgreindur í tollskrá.

4. gr.

10. gr. laganna verður svohljóðandi:

Ráðherra getur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum sett nánari reglur um ákvörðun tollverðs er taki mið af samningnum um framkvæmd VII. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti 1994. Reglurnar skulu m.a. tilgreina hvernig tollverð skal ákvarðað í þeim tilvikum sem ekki er hægt að ákvarða tollverð innflutningsvöru skv. 8. gr. og það sem bæta skal við tollverð samkvæmt ákvæðum 9. gr.

Ráðherra er með sama hætti heimilt að setja reglur um mat á vörum til tollverðs og málsmeðferðarreglur þegar ástæða þykir til að draga í efa sannleiksgildi vörureiknings og annarra þeirra atriða sem um ræðir í 8. gr. og þess sem bæta skal við tollverð samkvæmt ákvæðum 9. gr.

5. gr.

2. mgr. 12. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 96/1987, fellur niður.

6. gr.

Í VII. kafla laganna kemur ný grein, 50. gr. A, er verður svohljóðandi:

Ef grunur leikur á að innflutningur eigi sér stað á vöru sem brýtur gegn hugverkaréttindum er tollstjóra heimilt, að beiðni rétthafa, að fresta tollafgreiðslu vörunnar á meðan rétthafi leitar bráðabirgðaaðgerða hjá þar til bærum yfirvöldum og í framhaldi af þeim hefur málarekstur fyrir dómstólum. Eftirfarandi skilyrði eru fyrir heimild tollstjóra:

a. að rétthafi leggi fram skriflega beiðni til tollstjóra um að tollafgreiðslu verði frestað og skuldbindi sig til að greiða þann kostnað sem leiði af aðgerðum tollyfirvalda,
b. að rétthafi leggi fram sönnun þess að hugverkaréttindi njóti verndar hér á landi, að hann sé handhafi þess réttar og að innflutningur vörunnar muni brjóta á rétti hans; hann skal jafnframt leggja fram nógu nákvæma lýsingu á vörunni til að tollyfirvöld geti borið kennsl á hana,
c. að rétthafi leggi fram tryggingu í formi fjárgreiðslu, eða með öðrum þeim hætti er tollstjóri telur fullnægjandi, er nægi til að greiða kostnað tollyfirvalda af aðgerðum og bæta rétthafa, eiganda eða innflytjanda vörunnar það tjón eða kostnað sem óréttmæt frestun tollafgreiðslu kann að hafa í för með sér.

Hafi fullnægjandi gögn verið lögð fram er tollstjóra heimilt að fresta tollafgreiðslu vörunnar í allt að 10 virka daga. Hann skal þegar í stað tilkynna bæði rétthafa og eiganda vörunnar eða innflytjanda um ákvörðun sína. Hafi rétthafi eigi innan framagreinds frests hafist handa við að leita réttar síns hjá þar til bærum yfirvöldum, og tilkynnt tollyfirvöldum slíkt skriflega, er heimilt að tollafgreiða sendinguna. Heimilt er að framlengja framangreindan frest um 10 virka daga ef sérstakar ástæður mæla með því.

Tollstjóri getur að eigin frumkvæði ákveðið frestun tollafgreiðslu þegar hann hefur í höndum sönnun þess að varan brjóti gegn hugverkaréttindum. Skal hann tilkynna rétthafa um ákvörðun sína með skriflegum hætti þegar í stað og gefa honum frest í 3 virka daga frá móttöku bréfs til að fara fram á frestun tollafgreiðslu skv. 1. mgr. Geri rétthafi ekki tímanlega kröfu um frestun er heimilt að tollafgreiða vöruna.

Ef beiðni um bráðabirgðagerð er synjað eða dómstóll hafnar því að um brot á hugverkarétti sé að ræða skal tollstjóri afturkalla ákörðun sína um frestun tollafgreiðslu. Nú er með dómi kveðið á um að um brot á hugverkarétti sé að ræða og í dóminum er eigi mælt fyrir um ráðstöfun vörunnar og er þá tollyfirvaldi heimilt að farga vörunni eða að ráðstafa henni á annan þann hátt sem ekki brýtur á rétti rétthafa. Hafi dómi verið áfrýjað skal fresta förgun eða ráðstöfun vöru þar til niðurstöður liggja fyrir.

Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um vörur í litlu magni í farangri ferðamanna eða litlar vörusendingar, enda sé ekki um innflutning í viðskiptaskyni að ræða. Einnig eru undanskildar vörur sem settar hafa verið á markað í öðru landi af rétthafa eða með hans samþykki og vörur í umflutningi.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um frestun tollafgreiðslu. Hann getur jafnframt gert rétthafa að greiða geymslukostnað og þann kostnað sem tollyfirvöld hafa af framangreindum ráðstöfunum. Ráðherra getur ákveðið að framangreind ákvæði taki til útflutnings á vörum.

7. gr.

120. gr. laganna verður svohljóðandi:

Þegar svo stendur á er greinir í 5. gr. samningsins um landbúnað í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, varðandi einhverjar af þeim vörum, sem tilgreindar eru í viðauka IIA við tollalög, nr. 55/1987, og þar eru merktar SSG að:

a. innflutt magn fer yfir mörk þau er tilgreind eru í 5. gr. tilvitnaðs samnings um landbúnað; eða, en þó ekki á sama tíma:
b. innflutningsverð vörunnar fellur niður fyrir tiltekin mörk, sbr. skilgreiningu í 5. gr. samningsins um landbúnað, skal, þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. mgr. 4. gr., tollur á viðkomandi vöru vera hámarkstollur samkvæmt tollabindingu í viðauka IIA að viðbættum viðbótartolli skv. 5. mgr. 5. gr. samningsins um landbúnað.

Viðbótartollar skulu að öðru leyti taka mið af skilyrðum 5. gr. samningsins um landbúnað. Tollur samkvæmt þessari grein kemur aðeins til framkvæmda að landbúnaðarráðherra hafi ákveðið að beita 5. gr. samningsins um landbúnað og gefið út reglugerð þar að lútandi.

8. gr.

Á 120. gr. A laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 18/1993, verða eftirfarandi breytingar:

a. 2. málsl. 1. mgr. fellur niður.
b. Í 2. mgr. breytist tilvísun í 1. málsl. 1. mgr. í tilvísun í 1. mgr.

9. gr.

Framan við 122. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar. Aðrar málsgreinar færast til sem því nemur og tilvísanir þeirra í 1. mgr. verða tilvísanir í 1. og 3. mgr. Hinar nýju málsgreinar verða svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að setja almennar upprunareglur er gildi við innflutning og útflutning vöru.

Við setningu upprunareglna skal samráð eftir atvikum haft við iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti og utanríkisráðuneyti. Reglurnar skulu grundvallaðar á eftirfarandi meginreglum:

a. Þegar viðmiðun um breytingu á tollflokkun er beitt skal tilgreina nákvæmlega undirliði og vöruliði þeirrar tollnafnaskrár sem notuð er.
b. Þegar miðað er við hundraðshluta af verðmæti skal tilgreina reikningsaðferðir.
c. Þegar miðað er við framleiðslu eða aðvinnsluaðferðir skal skýra nákvæmlega frá aðferðum sem gefa til kynna uppruna viðkomandi vöru.

Upprunareglur skal birta með reglugerð. Ráðherra er jafnframt heimilt að kveða á um að tollyfirvöld veiti innflytjendum, útflytjendum og aðilum sem hagsmuna eiga að gæta bindandi álit um uppruna vöru. Álitið skal veita eins fljótt og hægt er og eigi síðar en 150 dögum eftir að beiðni var lögð fram. Slíku áliti má skjóta til ríkistollanefndar.

10. gr.

Á tollskrá í viðauka I við tollalög verða breytingar eins og greinir í viðauka I með lögum þessum.

11. gr.

Við lögin bætist nýr viðauki, viðauki II, tollabindingar, er skiptist í A og B hluta og er hann að finna í viðauka II með lögum þessum.

12. gr.

Við lögin bætist nýr viðauki, viðauki III, er skiptist í A og B hluta, yfir tollkvóta sem skylt er að úthluta og er hann að finna í viðauka III með lögum þessum.

13. gr.

Við lögin bætist nýr viðauki, viðauki IV er skiptist í A og B hluta, yfir tollkvóta sem heimilt er að úthluta og er hann að finna í viðauka IV með lögum þessum.

II. KAFLI
Um breyting á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

14. gr.

Eftirfarandi ákvæði falla niður:
1. C- og d-liðir 1. mgr. 30. gr.,
2. 2. mgr. og 3. mgr. 30. gr.

15. gr.

31. gr. laganna orðast svo:

Andvirði tolla af innfluttu fóðri og hráefnum í það í 10., 11., 12., 17. og 23. kafla tollskrár í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, skal renna í sérstakan sjóð, fóðursjóð, sem skal vera í vörslu landbúnaðarráðherra.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að greiða innflytjendum eða kaupendum fóðurs fé úr fóðursjóði sem samsvarar tollum þeim sem þeir hafa greitt við innflutning vörunnar eða fóðurkaup. Þá er enn fremur heimilt að greiða framleiðendum búvara fé úr fóðursjóði eftir afurðamagni. Ráðherra getur falið Framleiðsluráði landbúnaðarins að annast greiðslur samkvæmt þessari grein og skal þá Ríkisendurskoðun endurskoða reikninga sjóðsins.

1507 9001	- -	Til matvælaframleiðslu	*	*	
1507 9009	- -	Annars	*757.4	*7	1153.3
1508		Jarðhnetuolía og þættir hennar, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt:			
	-	Hrá olía:			
1508 1001	- -	Til matvælaframleiðslu	*	*	
1508 1009	- -	Annars	*13.5	*15	
	-	Annað:			
1508 9001	- -	Til matvælaframleiðslu	*	*	
1508 9009	- -	Annars	*14.3	*15	27.8
1509		Ólívuolía og þættir hennar, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt:			
	-	Hrá olía:			

* Magn og tollur nær yfir öll tollskrárnúmerin samanlagt (var áður eitt tollskrárnúmer).

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Upphaflegur markaðsaðgangur (í tonnum)	Hámarks-tollur	Markaðsaðgangur í lok tímabils (í tonnum)
1509 1001	- -	Til matvælaframleiðslu	*	*	
1509 1009	- -	Annars	*0,3	*15	
	-	Annað:			
1509 9001	- -	Til matvælaframleiðslu	*	*	
1509 9009	- -	Annars	*16,1	*15	16,4
1510		Aðrar olíur og þættir þeirra, unnið eingöngu úr ólívum, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt, þar með taldar blöndur þessara olía eða þátta og olía og þátta í nr. 1509:			
1510 0001	-	Til matvælaframleiðslu	*	*	
1510 0009	-	Annars	*0,4	*15	0.4
úr 1511		Pálmaolía og þættir hennar, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt:			
	-	Hrá olía:			
	-	Annað:			
1511 9001	- -	Til matvælaframleiðslu	*	*	
1511 9009	- -	Annars	*1,0	*15	1,0
1512		Olía úr fræi sólblóma, körfublóma eða baðmullar og þættir hennar, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt:			
	-	Olía úr fræi sólblóma eða körfublóma og þættir hennar:			
	- -	Hrá olía:			
1512 1101	- - -	Til matvælaframleiðslu	*	*	
1512 1109	- - -	Annars	*5,1	*15	
	- -	Annað:			
1512 1901	- - -	Til matvælaframleiðslu	*	*	
1512 1909	- - -	Annars	*151,8	*15	

* Magn og tollur nær yfir öll tollskrárnúmerin samanlagt (var áður eitt tollskrárnúmer).

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Upphaflegur markaðsaðgangur (í tonnum)	Hámarks-tollur	Markaðsaðgangur í lok tímabils (í tonnum)
	- -	Annað:			
1512 2901	- - -	Til matvælaframleiðslu	*	*	
1512 2909	- - -	Annars	*0	*7	156.9
1513		Kókoshnetu-, pálmakjarna- eða babassúolía og þættir hennar, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt:			
	-	Kókoshnetuolía og þættir hennar:			
	- -	Hrá olía:			
1513 1101	- - -	Til matvælaframleiðslu	*	*	
1513 1109	- - -	Annars	*25.8	*15	
	- -	Annað:			
1513 1901	- - -	Til matvælaframleiðslu	*	*	
1513 1909	- - -	Annars	*255.3	*15	
	-	Pálmakjarna- eða babassúolía og þættir hennar:			
	- -	Hrá olía:			
1513 2101	- - -	Til matvælaframleiðslu	*	*	
1513 2109	- - -	Annars	*0.4	*15	
	- -	Annað:			
1513 2901	- - -	Til matvælaframleiðslu	*	*	
1513 2909	- - -	Annars	*56.1	*15	337.6
1514		Repju-, kolsa- eða mustarðsolía og þættir hennar, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt:			
	-	Hrá olía:			
1514 1001	- -	Til matvælaframleiðslu	*	*	
1514 1009	- -	Annars	*562.1	*15	
	-	Annað:			
1514 9001	- -	Til matvælaframleiðslu	*		
1514 9009	- -	Annars	*9.6	*15	571.7

* Magn og tollur nær yfir öll tollskrárnúmerin samanlagt (var áður eitt tollskrárnúmer)

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Upphaflegur markaðsaðgangur (í tonnum)	Hámarks-tollur	Markaðsaðgangur í lok tímabils (í tonnum)
úr 1515		Önnur órokgjörn jurtafeiti og -olía (þar með talin jójóbaolía) og þættir hennar, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt:			
	-	Línolía og þættir hennar:			
1515 1100	- -	Hrá olía	0.0	15	
1515 1900	- -	Annað	0.6	15	
		Maísolía og þættir hennar:			
	- -	Hrá olía:			
1515 2101	- - -	Til matvælaframleiðslu	*	*	
1515 2109	- - -	Annars	*8.2	*15	
	- -	Annað:			
1515 2901	- - -	Til matvælaframleiðslu	*	*	
1515 2909	- - -	Annars	*29.5	*15	
1515 3000	-	Laxerolía og þættir hennar	3.9	15	
		Sesamolía og þættir henna			
1515 5001	- - -	Til matvælaframleiðslu	*	*	
1515 5009	- -	Annars	*1.3	*15	
	-	Annað:			
1515 9001	- -	Til matvælaframleiðslu	*	*	
1515 9009	- -	Annars	*23	*15	66.5
úr 1516		Feiti eða olíur úr dýra- eða jurtaríkinu og þættir þeirra, hert að fullu eða að hluta, víxlesterað, endurestерað eða elaídínerað, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt:			
	-	Dýrafeiti og -olíur og þættir þeirra:			
1516 1002	- -	Önnur dýrafeiti og olíur, endurestерað	2.2	10	
1516 1009	- -	Annað	57,4	9	
	-	Jurtafeiti og -olíur og þættir þeirra:			

* Magn og tollur nær yfir öll tollskrárnúmerin samanlagt (var áður eitt tollskrárnúmer).

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Upphaflegur markaðsaðgangur (í tonnum)	Hámarks-tollur	Markaðsaðgangur í lok tímabils (í tonnum)
1516 2001	- -	Sojabaunaolía	529,1	7	
1516 2003	- -	Vetnaðar olíur (með vaxeinkenni, t.d. ópalvax)	0,5	0	
1516 2009	- -	Annað	263,1	15	852,3
úr 1517		Smjörlíki; blöndur eða framleiðsla til manneldis úr jurtafeiti eða -olíum eða þáttum úr mismunandi fitu eða olíum þessa kafla, þó ekki feiti eða olíur til manneldis eða þættir þeirra í nr. 1516:			
	-	Smjörlíki, þó ekki fljótandi smjörlíki:			
	- -	Sem inniheldur meira en 10% en ekki meira en 15% af mjólkurfitu miðað við þyngd:			
1517 1011	- - -	Í smásöluumbúðum 2 kg eða minna	*	*	
1517 1019	- - -	Annars	*	*	
	- -	Annað:			
1517 1021	- - -	Í smásöluumbúðum 2 kg eða minna	*	*	
1517 1029	- - -	Annars	*5,9	*40	
	-	Annað:			
1517 9001	- -	Sem inniheldur 10% eða minna af mjólkurfitu miðað við þyngd	*	*	
1517 9002	- -	Sem inniheldur meira en 10% en ekki meira en 15% af mjólkurfitu miðað við þunga	*1,1	40	
1517 9004	- -	Neysluhæfar blöndur úr öðrum fljótandi matjurta-olíum	0,7	7	
1517 9005	- -	Neysluhæfar blöndur úr dýra- eða matjurtafeiti og olíum, lagaðar sem smurefni í mót	19,4	15	
1517 9009	- -	Annars	6,6	40	33,7
úr 1518 0000		Feiti eða olíur úr dýra- eða jurtaríkinu og þættir þeirra, soðið, oxað, vatnssneytt, brennisteins-borið, blásið, fjölliðað með hita í lofttómi eða í			

* Magn og tollur nær yfir öll tollskrárnúmerin samanlagt (var áður eitt tollskrárnúmer)

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Upphaflegur markaðsaðgangur (í tonnum)	Hámarks-tollur	Markaðsaðgangur í lok tímabils (í tonnum)
		eðalgasi eða umbreytt með öðrum hætti, þó ekki það sem er í nr. 1516;	16,3	0/7/15/20	16,3
úr					
1519		Einbasískar karboxýfitusýrur frá iðnaði; sýruolía frá hreinsun; feitialkóhól frá iðnaði:			
	-	Einbasískar karboxýfitusýrur frá iðnaði; sýruolía frá hreinsun:			
1519 1100	- -	Sterínsýra	3,5	0	
1519 1200	- -	Olíusýra	0,2	0	
1519 1900	- -	Aðrar	25,5	0	
1519 2000	-	Feitialkóhól frá iðnaði	1,4	0	30,6
1520		Glýseról (glýserín), einnig hreint; glýserólvatn og glýserollútur:			
1520 1000	-	Glýseról (glýserín), hrátt; gýserólvatn og glýser-óllútur	11,4	0	
1520 9000	-	Annað, þar með talið syntetískt glýseról	10,3	0	21,7
1521		Jurtavax (annað en tríglýseríð), býflugnavax, annað skordýravax og hvalaraf, einnig hreinsað eða litað:			
1521 1000	-	Jurtavax	0,1	0	
1521 9000	-	Annað	0,5	0	0,6
1701		Reyr- eða rófusykur og kemískt hreinn súkrósi, í föstu formi:			
	-	Hrár sykur sem inniheldur hvorki viðbætt bragð-efni né litarefni:			
1701 1100	- -	Reyrsykur	5,5	0	
1701 1200	- -	Rófusykur	30,1	0	

* Magn og tollur nær yfir öll tollskrárnúmerin samanlagt (var áður eitt tollskrárnúmer).

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Upphaflegur markaðsaðgangur (í tonnum)	Hámarks-tollur	Markaðsaðgangur í lok tímabils (í tonnum)
	-	Annar:			
	- -	Sem inniheldur viðbætt bragðefni eða litarefni:			
1701 9101	- - -	Molasykur í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	55,4	0	
1701 9102	- - -	Molasykur í öðrum umbúðum	9.8	0	
1701 9103	- - -	Strásykur í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	416.6	0	
1701 9104	- - -	Strásykur í öðrum umbúðum	4502,9	0	
1701 9105	- - -	Púðursykur	24.1	0	
1701 9106	- - -	Sallasykur (flórsykur)	141.1	0	
1701 9107	- - -	Steinsykur (kandís)	11.2	20	
1701 9109	- - -	Annar	1,7	0	
	- -	Annars:			
1701 9901	- - -	Molasykur í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	307.8	0	
1701 9902	- - -	Molasykur í öðrum umbúðum	79.8	0	
1701 9903	- - -	Strásykur í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	1132,3	0	
1701 9904	- - -	Strásykur í öðrum umbúðum	4587,9	0	
1701 9905	- - -	Púðursykur	159.6	0	
1701 9906	- - -	Sallasykur (flórsykur)	336.6	0	
1701 9907	- - -	Steinsykur (kandís)	5,7	20	
1701 9909	- - -	Annar	7,6	0	11815,7
úr 1702		Annar sykur, þar með talinn kemískt hreinn laktósi, maltósi, glúkósi og frúktósi, í föstu formi; sykursíróp sem inniheldur hvorki bragðefni né litarefni; gervihunang, einnig blandað náttúrlegu hunangi; karamel:			
1702 1000	-	Laktósi og laktósasíróp	8,1	40	
1702 2000	-	Hlynsykur og hlynsíróp	5,5	40	
	-	Glúkósi og glúkósasíróp sem inniheldur ekki frúktósa eða inniheldur sem þurrefni minna en 20% af frúktósa miðað við þyngd:			

* Magn og tollur nær yfir öll tollskrárnúmerin samanlagt (var áður eitt tollskrárnúmer).

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Upphaflegur markaðsaðgangur (í tonnum)	Hámarks-tollur	Markaðsaðgangur í lok tímabils (í tonnum)
1702 3001	- -	Glúkósi, án bragðefna eða litarefna	154,7	0	
1702 3002	- -	Síróp	36,3	40	
1702 3009	- -	Annað	4,6	40	
	-	Glúkósi og glúkósasíróp sem innheldur sem þurrefni aðminnsta kosti 20% en þó minna en 50% af frúktósa miðað við þyngd:			
1702 4001	- -	Glúkósi, án bragðefna eða litarefna	119,9	0	
1702 4002	- -	Síróp	0,0	40	
1702 5000	-	Kemískt hreinn frúktósi	7,8	0	
1702 6000	-	Annar frúktósi og frúktósasíróp sem inniheldur sem þurrefni meira en 50% af frúktósa miðað við þyngd	0,0	40	
	-	Annað, þar með taldar einsykrur (invertsugar):			
1702 9001	- -	Hunangslíki, einnig blandað náttúrlegu hunangi	3,8	35	
1702 9002	- -	Síróp	11,2	40	
1702 9003	- -	Litarefni til matvælaframleiðslu (karamel)	26,3	0	
1702 9004	- -	Kemískt hreinn maltsykur (maltósi)	0,0	0	
1702 9009	- -	Annars	24,5	40	402,7
úr 1703		Melassi unninn með kjörnun eða hreinsun sykurs:			
	-	Reyrmelassi:			
1703 1009	- -	Annar	10,6	20	
	-	Annar:			
1703 9009	- -	Annars	0,0	20	10,6
1806		Súkkulaði eða önnur matvæli sem innihalda kakaó:			
	-	Önnur framleiðsla í blokkum, plötum eða stöngum sem vega meira en 2 kg eða lögur, deig, duft, korn eða önnur heild í umbúðum sem innihalda meir en 2 kg:			

* Magn og tollur nær yfir öll tollskrárnúmerin samanlagt (var áður eitt tollskrárnúmer).

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Upphaflegur markaðsaðgangur (í tonnum)	Hámarks-tollur	Markaðsaðgangur í lok tímabils (í tonnum)
1806 2002	- -	Búðingsduft	1,5	22	
1806 2003	- -	Kakaóduft, sem inniheldur minna en 90% miðað við þyngd af nýmjólkur- og/eða undanrennudufti, með eða án viðbætts sykurs eða annarra sætiefna, en án íblöndunar annarra efna	*	*	
1806 2009	- -	Annað	*3,2	*22	
	-	Annað:			
	- -	Annað:			
1806 9028	- - -	Kakaóduft, sem inniheldur minna en 90% miðað við þyngd af nýmjólkur- og/eða undanrennudufti, með eða án viðbætts sykurs eða annarra sætiefna, en án íblöndunar annarra efna	0,1	20	4,8
úr 1902		Pasta, einnig soðin eða fyllt (með kjöti eða öðrum efnum) eða unnin á annan hátt, svo sem spaghettí, makkarónur, núðlur, lasagne, gnocchi, ravíólí, kannellóní; couscous, einnig unnið:			
	-	Fyllt pasta, einnig soðin eða unnin á annan hátt:			
1902 2009	- -	Önnur	9,9	40	9,9
úr 1904		Matvæli úr belgdu eða steiktu korni eða kornvörum (t.d. kornflögur); korn, annað en maís, sem grjón, forsoðið eða unnið á annan hátt:			
	-	Matvæli úr belgdu eða steiktu korni eða kornvörum:			
1904 9000	-	Annað	5,0	22/40	5,0
úr 2001		Matjurtir, ávextir, hnetur og aðrir plöntuhlutar til manneldis, unnið eða varið skemmdum með ediki			

* Magn og tollur nær yfir öll tollskrárnúmerin samanlagt (var áður eitt tollskrárnúmer).

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Upphaflegur markaðsaðgangur (í tonnum)	Hámarks-tollur	Markaðsaðgangur í lok tímabils (í tonnum)
		eða ediksýru:			
2001 1000	-	Gúrkur og reitagúrkur	53,9	40	
	-	Annað:			
2001 9001	- -	Sykurmaís (Zea mays var. saccharata)	*	*	
2001 9002	- -	Kínverskar kartöflur, sætar kartöflur og aðrir svip aðir ætir plöntuhlutar sem innihalda 5% eða meira af sterkju miðað við þyngd	*	*	
2001 9003	- -	Kartöflur og vörur úr þeim, ót.a.	*	*	
2001 9009	- -	Annars	*108,3	*40	162,2
2002		Tómatar, unnir eða varðir skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru:			
2002 1000	-	Tómatar, heilir eða hlutaðir	66,4	40	
	-	Aðrir:			
2002 9001	- -	Mauk (purée)	122,8	15	
2002 9009	- -	Annars	13,9	40	203,1
úr 2003		Sveppir og jarðsveppir, unnið eða varið skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru:			
2003 1000	-	Sveppir	228,9	40	228,9
úr 2004		Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, frystar:			
	-	Aðrar matjurtir og matjurtablöndur:			
2004 9001	- -	Sykurmaís (Zea mays var saccharata)	*	*	
2004 9002	- -	Jarðartískokka	*	*	
2004 9003	- -	Grænar eða svartar ólívur	*	*	
2004 9004	- -	Grænar baunir og belgaldin	*	*	
2004 9005	- -	Framleiðsla að meginstofni úr belgjurtamjöli	*	*	

* Magn og tollur nær yfir öll tollskrárnúmerin samanlagt (var áður eitt tollskrárnúmer).

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Upphaflegur markaðsaðgangur (í tonnum)	Hámarks-tollur	Markaðsaðgangur í lok tímabils (í tonnum)
2004 9009	- -	Annað	*228,3	*22/40	228,3
úr 2005		Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, ófrystar:			
2005 1000	-	Jafnblandaðar matjurtir	8,3	40	
2005 8000	-	Sykurmaís (Zea mays var. saccharata)	39,2	40	
2005 9000	-	Aðrar matjurtir og matjurtablöndur	143,5	40	191,0
úr 2102		Ger (lifandi eða dautt); aðrar einfruma örverur, dauðar (þó ekki bóluefni í nr. 3002); unnið bökunarduft:			
	-	Dautt ger; aðrar einfruma örverur, dauðar:			
2102 2001	- -	Dautt ger	36,9	30	
2102 2002	- -	Dauðir einfruma þörungar	0,5	10	
2102 2009	- -	Annað	0,0	30	
	-	Unnið bökunarduft:			
2102 3001	- -	Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	*	*	
2102 3009	- -	Annað	*8,1	*22	45,5
2103		Sósur og framleiðsla í þær; blönduð bragðefni og blönduð bragðbætiefni; mustarðsmjöl, fín- eða grófmalað, og unninn mustarður:			
	-	Annað:			
2103 9001	- -	Tilreiddar matjurtasósur sem aðallega innihalda mjöl, sterkju eða maltkjarna	*	*	
2103 9002	- -	Majones	*	*	
2103 9003	- -	Olíusósur, ót.a. (t.d. remulaðisósur)	*	*	
2103 9004	- -	Mangómauk (Mango Chutney), fljótandi	*	*	
2103 9009	- -	Annars	*20	*22	20,0

* Magn og tollur nær yfir öll tollskrárnúmerin samanlagt (var áður eitt tollskrárnúmer).

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Upphaflegur markaðsaðgangur (í tonnum)	Hámarks-tollur	Markaðsaðgangur í lok tímabils (í tonnum)
úr 2104		Súpur og seyði og framleiðsla í það; jafnblönduð samsett matvæli:			
	-	Súpur og seyði og framleiðsla í það:			
2104 1004	- -	Aðrar súpur	104.7	20	
2104 1009	- -	Annað	126.8	22	
	-	Jafnblönduð samsett matvæli:			
2104 2001	- -	Sem innihalda kjöt eða kjötúrgang .	11.6	20	243.1
úr 2106		Matvæli, ót.a.:			
	-	Önnur:			
2106 9023	- - -	Blöndur jurta eða jurtahluta, einnig blandaðar jurtakjörnum, til lögunar á jurtaseyði	* *		
2106 9024	- - -	Sérstaklega tilreitt fyrir ungbörn og sjúka	*		
2106 9025	- - -	Tilreidd drykkjarvöruefni, sem innihalda prótein og/eða önnur næringarefni, einnig vítamín, steinefni, jurtatrefjar, fjölómettaðar fitusýrur og bragðefni	*		
2106 9026	- - -	Tilreidd drykkjarvöruefni úr ginsengkjörnum, blönduðum öðrum efnisþáttum, svo sem glúkósa eða laktósa	*		
2106 9029	- - -	Önnur	*19	*40	
	- -	Búðingsduft:			
2106 9031	- - -	Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	*	*	
2106 9039	- - -	Annað	*31.6	22/40	50.6
úr 2202		Vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða bragðbætt, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 2009:			

* Magn og tollur nær yfir öll tollskrárnúmerin samanlagt (var áður eitt tollskrárnúmer).

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Upphaflegur markaðsaðgangur (í tonnum)	Hámarks-tollur	Markaðsaðgangur í lok tímabils (í tonnum)
	-	Annað:			
2202 9001	- -	Úr mjólkurafurðum og öðrum efnisþáttum, enda séu mjólkurafurðir 75% eða meira af þyngd vör unnar án umbúða	1,4	22	
2202 9002	- -	Sérstaklega tilreitt fyrir ungbörn og sjúka	*	*	
2202 9009	- -	Annars	*37,1	*22	38,5
úr 2301		Mjöl, fínmalað eða grófmalað, og kögglar, úr kjöti, hlutum úr dýrum, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum, óhæft til manneldis; hamsar:			
	-	Mjöl, fín- eða grófmalað, og kögglar, úr fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahrygg-leysingjum:			
2301 2023	- -	Rækjumjöl	0,1	10	0,1
úr 2302		Klíð, hrat og aðrar leifar, einnig í kögglum, sem fellur til við sáldun, mölun eða vinnslu korns eða belgjurta:			
2302 1000	-	Úr maís	8742,3	180	
2302 3000	-	Úr hveiti	66,8	180	
2302 4000	-	Úr öðru korni	269,9	180	9079,0
2304 0000		Olíukökur og aðrar fastar leifar, einnig muldar eða í kögglum, frá kjörnun sojabaunaolíu	1686,1	180	1686,1
úr 2306		Olíukökur og aðrar fastar leifar, einnig muldar eða í kögglum, frá kjörnun jurtafeiti eða jurtaolíu,			

* Magn og tollur nær yfir öll tollskrárnúmerin samanlagt (var áður eitt tollskrárnúmer).

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Upphaflegur markaðsaðgangur (í tonnum)	Hámarks-tollur	Markaðsaðgangur í lok tímabils (í tonnum)
		þó ekki í nr. 2304 eða 2305:			
2306 9000	-	Annað	16,8	180	16,8
úr 2309		Framleiðsla til dýraeldis:			
2309 1000	-	Hunda- og kattafóður í smásöluumbúðum	390,9	180	
	-	Önnur:			
2309 9003	- -	Fóðursölt, snefilefni, bætiefni, steinefnablöndur o.þ.h., tilreitt sem skepnufóður	1457.5	180	
2309 9004	- -	Fiskafóður, ót.a.	1469.3	180	
2309 9009	- -	Annað	5410,1	180	8727.8
úr 3501		Kaseín, kaseínöt og aðrar kaseínafleiður; kaseín-lím:			
	-	Annað:			
3501 9001	- -	Til matvælaframleiðslu	*	*	
3501 9009	- -	Annars	*13,1	*9	13,1

* Magn og tollur nær yfir öll tollskrárnúmerin samanlagt (var áður eitt tollskrárnúmer).

Viðauki IV A við frumvarp til laga um breytingar á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni: Viðauki IV A við tollalög nr.55/1987.

Viðauki IV A

Tollkvótar sem heimilt er að leyfa innflutning á.

VIÐAUKI IVA

Vörulýsing	Vöruliðir	Heildartollkvótar í tonnum
Kjöt og ætir hlutar af dýrum og unnar vörur úr því	0201 0202 0203 0204 0205 0206 0207 0208 0209 0210 1601 1602	700
Mjólk og mjólkurvörur	0401 0402 0403 0404 2105	250
Smjör	0405	50
Ostur	0406	120
Egg	0407 0408	80

Viðauki IV B við frumvarp til laga um breytingar á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni: Viðauki IV B við tollalög nr.55/1987.

Viðauki IV B

Tollkvótar sem heimilt er að leyfa innflutning á.

VIÐAUKI IVB

Vörulýsing	Vöruliðir	Heildartollkvótar í tonnum
Lifandi eða afskorin blóm og plöntur	0601 0602 0603 0604	500
Nýjar eða kældar garð- og gróðurhúsavörur		
Kartöflur	0701 0710	4000
Tómatar	0702	300
Laukur	0703	100
Kál og salöt	0704 0705	500
Gulrætur, næpur og aðrar áþekkar ætar rætur	0706	100
Gúrkur	0707	200
Aðrar matjurtir	0709	400

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta er lagt fram í framhaldi af samþykkt Alþingis 28. desember 1994 á þingsályktunartillögu um að heimila ríkisstjórninni að fullgilda samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, sem undirritaður var af Íslands hálfu í Marakess í Marokkó, 15. apríl 1994. Fullgildingarskjöl voru afhent í árslok 1994. Samningurinn tók gildi 1. janúar 1995. Samninginn ásamt viðaukum hans er að finna í þingskjali nr. 269, 118. löggjafarþing 1994–95.

Þann 3. mars 1994 skipaði forsætisráðherra samstarfsnefnd fimm ráðuneyta til að undirbúa nauðsynlegar breytingar á löggjöf um innflutning og vöruviðskipti sem leiðir af fullgildingu samningsins. Þau ráðuneyti sem áttu fulltrúa í nefndinni voru forsætisráðuneyti, fjármálaráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti og utanríkisráðuneyti. Frumvarp það sem hér er lagt fram er unnið af nefndinni og starfsmönnum hennar. Ýmis önnur frumvörp um breytingar á lögum vegna aðildarinnar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni verða lögð fram sérstaklega.

a. GATT og Alþjóðaviðskiptastofnunin.

Upphaf Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar má rekja til stofnráðstefnu Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Bretton Woods í Bandaríkjunum árið 1944. Þar var gert ráð fyrir því að stofnuð yrði alþjóðleg viðskiptastofnun, International Trade Organization (ITO).

Afrakstur síðari samningaviðræðna voru þrír samningar, einn um stofnun ITO, annar laut að skuldbindingum um hámark tolla (tollabindingar) og sá þriðji var almennur samningur um tolla og viðskipti (General Agreement on Tariffs and Trade), hér nefndur GATT 1947. Gildistöku samningsins um stofnun ITO var frestað vegna tafa hjá Bandaríkjamönnum. Ríkin ákváðu að slíkt skyldi ekki hafa áhrif á framkvæmd hinna samninganna tveggja um tollabindingar og almenna samkomulagið um tolla og viðskipti og voru þeir látnir taka gildi með sérstakri bráðabirgðabókun meðan beðið var samþykktar ITO-samningsins á Bandaríkjaþingi. Samninginn dagaði hins vegar uppi á þinginu og þar eð aðrir samningsaðilar töldu alþjóðlega viðskiptastofnun án aðildar Bandaríkjamanna til lítils varð ekkert úr aðild þeirra heldur. GATT og listarnir yfir tollabindingar sem upphaflega var aðeins ætlað að vera fylgisamningar við stofnsamning ITO giltu áfram á grundvelli bráðabirgðabókunarinnar án þess að viðskiptastofnunin tæki til starfa. Þróunin varð sú að skrifstofa GATT þjónaði í reynd að ýmsu leyti sem þessi stofnun og í tímans rás mótuðu samningsaðilarnir reglur um ákvarðanatöku og lausn deilumála.

b. GATT 1947–1994.

Reglur GATT eru jafnréttisreglur sem ætlað er að stuðla að frjálsari viðskiptaháttum og aukinni samkeppni en banna þó ekki vernd fyrir innanlandsframleiðslu. Eitt af grundvallar markmiðum GATT er að verndin sé í formi tolla en ekki annarra verndaraðgerða. GATT er því ekki fríverslunarsamningur heldur er gert ráð fyrir því að aðildarríkin beiti tollum allt að því marki sem heimilað er í listunum yfir tollabindingar. Reglur samningsins lúta að álagningu tolla og gjalda, tollmeðferð vöru, jafnréttiskjörum við álagningu óbeinna skatta, magntakmörkunum á innflutningi, álagningu undirboðs- og jöfnunartolla o.fl.

Bestukjarareglan[1] (Most-Favoured-Nation Principle — MFN reglan) er oft kölluð hornsteinn GATT. Hún er jafnréttisregla sem tryggir jafnan rétt samningsaðila hvað varðar tolla og tollmeðferð vöru. Þannig geta Íslendingar ekki haft lægri tolla á bílum frá Japan en frá öðrum GATT-ríkjum. Bestu kjör eins ríkis varðandi markaðsaðgang verða sjálfkrafa kjör allra hinna.

Mikilvæg undantekning frá þessari reglu eru ákvæðin um myndun tollabandalaga og fríverslunarsvæða[2] sem heimila samningsaðilunum að uppfylltum vissum skilyrðum að veita hver öðrum betri kjör en veitt eru með MFN-reglunni.

GATT var beitt til bráðabirgða í nær hálfa öld og það var ekki fyrr en við gildistöku samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, WTO, að bókunin um bráðabirgðabeitingu GATT féll niður. Þessi bókun varð þess valdandi að áhrif GATT á landslög aðildarríkjanna urðu minni en ella þar sem víðtækar undanþágur voru heimilaðar frá beitingu samningsins (þó ekki frá MFN-reglunni). Skýringin er sú að meðan beðið var samþykktar ITO-samningsins var GATT 1947 og skuldbindingunum um tollabindingar komið í framkvæmd í aðildarríkjunum með þeim fyrirvara að ekki þyrfti að aðlaga innlenda löggjöf að reglum GATT 1947 fyrr en allir þrír samningarnir tækju gildi. Ekki mátti þó taka upp ný höft í landslög. Markmiðið var að aðildarríkin gætu síðar farið með alla þrjá samningana samtímis fyrir þjóðþing sín.

Þar sem ITO-samningurinn kom aldrei til framkvæmda kom aldrei til þess að GATT 1947 hlyti þinglega meðferð í fjölmörgum samningsríkjum og ýmsum höftum á milliríkjaviðskiptum sem fyrir fundust í landslögum var við haldið þó svo að þau væru að efni til andstæð samningsákvæðum. Síðari aðilar að samningnum nutu sömu kjara og þurftu því ekki við aðild að laga lög sín að reglum hans.

Víðtækar undanþágur voru í ákvæðum samningsins vegna viðskipta með landbúnaðarvörur[3], sérstakar undanþágur veittar af samningsaðilunum á grundvelli XXV. gr.[4] og samningsaðilar höfðu tilhneigingu til að undanskilja landbúnaðarvörur í tollalækkunarviðræðum. Einnig komu til nýjar tegundir viðskiptahindrana sem ákvæði samningsins náðu ekki til. Samningsaðilar gátu valið hvort þeir gerðust aðilar að ýmsum sérsamningum GATT sem um var samið í viðskiptalotum 7. og 8. áratugsins. Þetta allt varð til þess að veikja framkvæmdina enn frekar.

Ísland gerðist aðili að GATT árið 1968 og er GATT 1947 birtur í C-deild Stjórnartíðinda 1968 ásamt ívilnanalista sem í eru skráðar þær tollabindingar sem Ísland bauð við inngönguna.

c. Viðskiptalotur GATT.

Frá upphafi hefur GATT staðið fyrir sérstökum viðræðum, svonefndum viðskiptalotum, í þeim tilgangi að stuðla að auknu viðskiptafrelsi og vinna að þróun GATT 1947. Í

---

[1] I. gr. GATT

[2] XXIV. gr. GATT.

[3] Sjá t.d. 2. mgr. XI. gr. um undanþágur frá banni við magntakmörkunum.

[4] Almennt ákvæði um undanþágur frá samningsskyldum sem meiri hluti samningsaðila geta veitt.

fyrstu lotunum var haldið áfram að lækka tollabindingar[5] aðildarríkjanna sem samist hafði um við stofnun GATT og við aðild nýrra ríkja.

Í síðari lotum var byrjað að endurskoða, útfæra og útvíkka hinar upprunalegu reglur GATT 1947. Þetta á einkum við um Tókíóviðræðurnar og Úrúgvæviðræðurnar. Í *Tókíóviðræðunum* náðist samkomulag um tollabindingalækkanir og gerð ýmissa sérsamninga um viðskiptahindranir og nánari túlkanir á ákvæðum GATT 1947. Sérsamningarnir voru um:

— Undirboðstolla. Endurskoðaður eldri samningur frá Kennedy-viðræðunum (1964–1967).
— Niðurgreiðslur og jöfnunartolla.
— Tæknilegar viðskiptahindranir.
— Opinber útboð.
— Tollverð.

Aðildarríkjunum var í sjálfsvald sett hvort þau gerðust aðilar að sérsamningunum. Ísland var ekki aðili að neinum þeirra en ákvæði tollalaga um undirboðs- og jöfnunartolla og tollverð voru þó að mestu leyti í samræmi við samningana.

d. Úrúgvæviðræðurnar.

Áttunda viðskiptalota GATT og jafnframt sú umfangsmesta hófst árið 1986 í Úrúgvæ. Viðfangsefnum Úrúgvæviðræðnanna má skipta í fjóra meginþætti:

— *Opnun markaða.* Þetta eru hin hefðbundnu viðfangsefni GATT er lúta að lækkun tollabindinga og afnámi viðskiptahindrana.
— *Endurskoðun reglna GATT.* Samkomulög um túlkanir á GATT 1947 og endurskoðun sérsamninga frá fyrri viðskiptalotum, sbr. c-lið hér að framan. Endurskoðunin lýtur að því að gera reglurnar skýrari og virkari.
— *Ný svið efnahagsstarfsemi* sem ekki voru áður undir GATT. Reglur settar um þjónustuviðskipti, vernd hugverkaréttinda og fjárfestingaráðstafanir í viðskiptum. Einnig verður að telja að samningurinn um landbúnað falli hér undir þar sem reglur GATT voru nánast óvirkar að því er laut að viðskiptum með landbúnaðarvörur.
— *Stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar* (WTO) ásamt endurbættu *kerfi til lausnar deilumálum.* Einnig var samið um þegar árið 1990 að gera *athugun á viðskiptastefnu* aðildarríkjanna með reglulegu millibili. Skyldi athugunin framkvæmd á grundvelli þágildandi GATT-reglna þar til WTO hæfi starfsemi. Viðskiptastefna Íslands var athuguð árið 1994[6].

Lokaskjal viðræðnanna var samningurinn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem fjallar um starfsemi og starfsreglur stofnunarinnar og myndar auk þess stofnana-

---

[5]Skuldbindingar um bindingar á tollum eru mismunandi fyrir hvert aðildarríki um sig. Við aðild að GATT og síðar WTO leggur hvert ríki fram lista yfir tollabindingar sínar sem síðan eru grundvöllur tollalækkanaviðræðna. Athygli er vakin á því að almennt er talað um tollalækkanaviðræður innan GATT/WTO þó svo að það séu ekki tollarnir í tollskrám aðildarríkjanna sem eru lækkaðir heldur tollabindingar sem skráðar eru í framangreinda lista. Lækkun tollabindinga kann síðan að leiða til þess að aðildarríki verði skylt að lækka tolla.

[6]Af því tilefni gaf skrifstofa GATT út skýrslurnar „Iceland - Trade Policy Review - Vol. I and II".

legan ramma um hina ýmsu samninga sem gerðir voru í Úrúgvæviðræðunum. Um þetta er nánar fjallað í II. kafla.

e. Alþjóðaviðskiptastofnunin og EES.

Þátttökuríki Úrúgvæviðræðnanna voru 124 auk ESB. Skylduaðild er að öllum samningunum nema fjölþjóðaviðskiptasamningunum, sjá nánar yfirlitsmynd hér fyrir aftan. Samningarnir gilda um viðskipti á milli aðildarríkjanna. Mikilvægar undanþágur felast í XXIV. gr. GATT 1994[7] um tollabandalög og fríverslunarsvæði og í V. gr. GATS (samningsins um þjónustuviðskipti) um efnahagssamruna.

Samkvæmt *bestukjararegla* GATT 1994 mega aðildarríkin ekki gera upp á milli ríkja WTO þannig að einu ríki eða fleirum séu veitt betri tollakjör en öðrum. Á grundvelli fyrrnefndrar XXIV. gr. geta þó aðilar tollabandalaga og fríverslunarsamninga veitt hvor öðrum betri tollakjör en samið hefur verið um í GATT. Þessi undanþága leiðir þannig til þess að reglur EES og annarra fríverslunarsamninga teljast vera *sérreglur* sem ganga framar reglum GATT. Dæmi um þetta er að samningurinn um undirboðs- og jöfnunartolla víkur fyrir reglum EES þegar um er að ræða viðskipti með vörur frá EES. Því verða undirboðs- og jöfnunartollar ekki lagðir á vörur sem falla undir EES-samninginn.

f. Reglur GATT og umhverfismál.

Það hefur vakið athygli að þó svo að samningar Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar fjalli ekki um umhverfismál er í inngangi stofnsamningsins yfirlýsing um samspil viðskipta og umhverfisverndar. Þar er því lýst yfir að aðilar samningsins viðurkenni að samskipti þeirra í verslun og viðskiptum skuli miða að því að bæta lífskjör, tryggja fulla atvinnu, vaxandi tekjur, eftirspurn og framleiðslu. Jafnframt skuli aðilar um leið miða að ákjósanlegri nýtingu auðlinda í samræmi við markmiðið um sjálfbæra þróun í því augnamiði að vernda og varðveita umhverfið.

Á ráðherrafundinum í Marakess var því síðan lýst yfir að á fyrsta ráðsfundi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar yrði stofnuð nefnd um *viðskipti og umhverfi* sem m.a. á að kanna tengsl umhverfisstefnu og viðskipta og athuga notkun umhverfisskatta, staðla o.fl. með tilliti til þeirra reglna er gilda um fjölþjóðleg viðskipti.

Hugtakið *sjálfbær þróun* er sótt í yfirlýsinguna frá umhverfisráðstefnunni í Ríó frá árinu 1992. Í Ríó-yfirlýsingunni er kveðið á um að ríki skuli setja lög um umhverfisvernd er byggi m.a. á *varúðarreglunni*, *mengunarbótareglunni* og koma skuli í veg fyrir flutninga til annarra ríkja á efnum og starfsemi sem valda varanlegu umhverfistjóni eða teljist skaðleg heilsu manna. Þessar reglur geta m.a. falið í sér mengunarskatta og viðskiptahöft. Það er jafnframt tekið fram í yfirlýsingunni að mörkun viðskiptastefnu með tilliti til umhverfismála megi ekki fela í sér duldar viðskiptahindranir.

Því hefur verið haldið fram að strangar reglur um afnám tolla og viðskiptahindrana torveldi ríkjum heims að leggja álögur á megnunarvaldandi efni og hindra innflutning á vörum sem eru framleiddar við umhverfisspillandi skilyrði og á dýrategundum í útrýmingarhættu. Í þessu sambandi hefur því gjarnan verið haldið fram að gerðardómar GATT túlki of þröngt XX. gr. samningsins um heimildir ríkja til að hindra innflutning vegna sjónarmiða um vernd umverfis eða náttúruauðlinda. Á móti hefur því verið haldið fram að aðildarríkin hafi sum hver freistast til þess að dulbúa viðskiptahindranir til verndar

[7]GATT 1994 er GATT 1947 sem umsömdum breytingum og túlkunum frá Úrúgvæviðræðunum.

innlendum iðnaði sem náttúruverndaraðgerðir. Þannig hafi þau t.d. hindrað innflutning á afurðum náttúruauðlinda frá öðrum ríkum án þess að setja neinar takmarkanir á sambærilega nýtingu eigin auðlinda sem þó er gert að skilyrði í XX. gr. GATT.

Þegar athugaðir eru gerðardómar GATT frá undanförnum árum sem fjalla að einhverju leyti um umhverfissjónarmið kemur í ljós að viðskiptahindranir sem eiga rót sína að rekja til alþjóðasamninga um verndun ósónlagsins, verndun dýra í útrýmingarhættu og takmörkunum við flutningi á úrgangi hafa aldrei komið til umfjöllunar gerðardóms GATT. Framangreindir samningar gera allir ráð fyrir beitingu innflutningshindrana. Í gerðardómum sem metið hafa viðskiptahindranir andstæðar GATT hefur alltaf verið um að ræða einhliða ákvörðun viðkomandi ríkis, þ.e. ekki með stoð í alþjóðasamningi, um að hindra innflutning og í öllum tilvikum hefur verið talið að ríkið hafi ekki gert samsvarandi ráðstafanir til að hindra viðskipti með innlenda framleiðslu. Niðurstöður gerðardóma hafa því byggst á því að um mismunun hafi verið að ræða þannig að innlendri framleiðslu hefur verið gert hærra undir höfði en innfluttri.

Þegar litið er til túlkunar gerðardóma á öðrum ákvæðum samningsins, svo sem I., II. og III. gr. um álagningu tolla og skatta, reglur um jafnréttiskjör o.fl., virðist jafnframt ljóst að svigrúm er til notkunar *hagrænna stjórntækja* m.a. til að skattleggja umhverfisspillandi vörur enda feli slík skattlagning ekki í sér mismunun á innfluttri vöru og innlendri framleiðslu.

II.
Lagabreytingar vegna framkvæmdar samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina.

a. Samningurinn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Samningurinn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnnar fjallar um starfsemi og starfsreglur stofnunarinnar og myndar auk þess ramma um hina ýmsu samninga sem gerðir voru í Úrúgvæviðræðunum. Ráðherrar aðildarríkjanna munu fara með æðstu völd stofnunarinnar og hittast a.m.k. annað hvert ár. Einnig starfar aðalráð sem í sitja fastafulltrúar aðildarríkjanna.


Hlutverk Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar er:

— Að auðvelda framkvæmd, stjórnun og beitingu stofnsamningsins og alþjóðasamninganna um vöruviðskipti (GATT 1994 og sérsamninga um vöruviðskipti), almenna samningsins um þjónustuviðskipti og samningsins um hugverkarétt í viðskiptum. Enn fremur að vera rammi um framkvæmd, stjórnun og beitingu fjölþjóðaviðskiptasamninganna[8].
— Að vera vettvangur samningaviðræðna á milli aðildarríkjanna um alþjóðleg viðskiptatengsl þeirra innan ramma samninganna eða eftir ákvörðun ráðherra.
— Að sjá um framkvæmd á samkomulagi um reglur og málsmeðferð við lausn deilumála.
— Að sjá um framkvæmd á heildarathugun á viðskiptastefnu.
— Að eiga samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Alþjóðabankann og stofnanir sem tengjast honum í því skyni að ná fram auknu samræmi í stefnumótun efnahagsmála.

[8]Það er ekki skylduaðild að fjölþjóðaviðskiptasamningunum og er Ísland ekki aðili að þeim.

b. Efndir samningsskuldbindinganna.

Sem fyrr greinir tók samningurinn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar gildi 1. janúar 1995. Fullgilding samningsins kallar á ýmsar lagabreytingar einkum á tolla- og búvörulögum. Íslensk stjórnvöld hafa tilkynnt skrifstofu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hvenær fullar efndir landbúnaðarsamningsins geti hafist. Samkvæmt því munu tollaskuldbindingar og skuldbindingar um tollkvóta koma til framkvæmda 1. júlí 1995 að því tilskildu að nauðsynlegar lagabreytingar hafi þá verið gerðar. Efndir landbúnaðarsamningsins er lúta að innanlandsstuðningi hófust 1. janúar sl. og skuldbindingar um útflutningsbætur hefjast 1. september nk. Ekki er þörf mikilla lagabreytinga vegna þeirra en stefnt er að fullum efndum frá og með 1. júlí nk.



Nefnd sú sem skipuð var af forsætisráðherra til að undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar hefur yfirfarið samningana og borið þá saman við innlenda löggjöf. Nefndin telur að gera þurfi lagabreytingar á tveimur sviðum er varða inn- og útflutning. *Í fyrsta lagi* er þörf á skýrari reglum er lúta að tollmeðferð, álagningu tolla og stöðvun tollafgreiðslu vegna brota á hugverkarétti, auk þess sem tollar á ýmsum vörum verði lækkaðir. *Í öðru lagi* verði innflutningshöftum og sérgjöldum á landbúnaðarvörur breytt í venjulega tolla, settar reglur um innflutning á landbúnaðarvörum samkvæmt skuldbindingum um tollkvóta og framkvæmd heilbrigðisreglna vegna innflutnings dýra og plantna breytt.

Framangreint kallar á að lagaákvæði og hugtök verði aðlöguð meginreglum GATT og að þau ákvæði er brjóta í bága við samningana verði felld úr gildi. Enn fremur að settar verði í lög heimildir til setningar stjórnvaldsreglna er byggi efnislega á sérsamningunum um vöruviðskipti. Þetta á einkum við um reglur er lúta að samskiptum einstaklinga við ríkisvaldið í sambandi við tollmeðferð á vöru.

Þessir samningar eru grundvöllur lagabreytinganna:

1. Hinn almenni samningur um tolla og viðskipti með umsömdum túlkunum og bókunum (GATT 1994). Tollalækkunartilboðið og landbúnaðartilboðið eru í bókunum.
2. Samningurinn um landbúnað.
3. Samningurinn um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.
4. Samningurinn um tollverð.
5. Samningurinn um upprunareglur.
6. Samningurinn um málsmeðferð við beitingu innflutningsleyfa.
7. Samningurinn um hugverkarétt í viðskiptum.

Breyta þarf eftirfarandi lögum:

Lögum nr. 51/1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.
Lögum nr. 55/1987, tollalögum.
Lögum nr. 88/1992, um innflutning.
Lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Eftirfarandi lög falla úr gildi:

Lög nr. 32/1933, um tilbúning og verslun með smjörlíki.
Lög nr. 88/1949, um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk og þurrmjólk.

III.
Tollabindingar, tollalækkanir og reglur um tollmeðferð og álagningu tolla á innfluttar vörur.

a. Skrár yfir tollabindingar verða hluti af tollalögum.

Tollabinding er það hámark sem hvert aðildarríki Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hefur samið um að skuli vera á tollum í því landi. Við aðild skal hvert ríki leggja fram skrá yfir tollabindingar, öðru nafni ívilnanalista. Þessar skrár eru óaðskiljanlegur hluti hins almenna samnings um tolla og viðskipti. Skrárnar eru síðan grundvöllur tollalækkanaviðræðna. Lagt er til að íslenska skráin[9] verði hér eftir hluti af tollalögum, sem viðauki II. Hún skiptist í tvo hluta, landbúnaðarvörur, viðauki IIA, og iðnaðarvörur, viðauki IIB. Um er að ræða heildarskrá sem samanstendur af þeim tollabindingum sem um samdist í Úrúgvæviðræðunum, þ.e. tilboði Íslands, og þeim eldri tollabindingum sem ekki breyttust í þessum viðræðum.

---

[9]Íslenska skráin er ívilnanalisti nr. 62, schedule 62.

b. Lækkanir á tollabindingum — lækkanir á tollum.

Tollabindingar íslenska ívilnanalistans, en ekki tollar íslensku tollskrárinnar, voru grundvöllur tollalækkana á iðnaðarvörum og fiski sem um samdist í Úrúgvæviðræðunum. Á vörum sem voru áður óbundnar voru rauntollar sem í gildi voru 1. september 1986 notaðir sem grunnur fyrir lækkun. Sérstök ákvæði landbúnaðarsamningsins heimiluðu að tollabindingar á landbúnaðarvörum sem um hafði samist í fyrri viðræðum væru hækkaðar. Þetta er einsdæmi og á sér skýringar í sérákvæðum landbúnaðarsamningsins um heimildir til útreikninga á tollígildum við breytingu innflutningshafta og sérgjalda í tolla. Um þetta verður fjallað nánar í IV. kafla.

Eitt af markmiðum Úrúgvæviðræðnanna var að ná fram þriðjungs lækkun tollabindinga á iðnaðarvörum, þar með töldum fiski og fiskafurðum, og fól tilboð Íslands í sér að vegnu meðaltali 37% lækkun. Bindingarnar lækkuðu úr 18,2% í 11,5% að vegnu meðaltali.[10] Bundnum tollnúmerum var fjölgað og eru nú u.þ.b. 94% allra tollnúmera bundin í stað 83% áður. Þess skal þó getið að þau óbundnu tollskrárnúmer sem um er að ræða, þ.e. 6%, taka til varnings sem samsvarar u.þ.b. 35% alls innflutnings.[11]

Meðaltal rauntolla[12] samkvæmt tollskrá er tiltölulega lágt eða 3,7%. Þar sem meðaltal tollabindinga er þó nokkuð hærra eða 11,5% er enn töluvert svigrúm til álagningar tolla. Niðurstöður samningaviðræðnanna munu því ekki leiða til eiginlegra tollalækkana nema í örfáum tilvikum. Helstu lækkanir eru eftirfarandi:

— Fiskur, krabbadýr o.þ.h. niðurlagt og varið skemmdum í vöruliðum 1604 og 1605 í tollskrá. Tollur lækkar úr 20% í 10%.
— Gólfklæðningarefni úr viði (parket o.þ.h.) í 44. kafla tollskrár. Tollur er 5%. Verður felldur niður. Til að gæta samræmis á álagningu er lagt til að einnig verði felldur niður tollur af öðru klæðningarefni úr viði sem einnig er í 44. kafla.
— Auk þess er að ofan greinir verða tollalækkanir á einstaka vöru á víð og dreif í tollskrá. Sjá nánar viðauka I við frumvarpið um breytingar á köflum 25–97 í tollskrá.

c. Afnám sérgjalda sem lögð eru á innfluttar vörur.

Í II. gr. GATT er kveðið á um að ekki megi leggja á tolla við innflutning umfram það sem tollabindingar í ívilnanalista viðkomandi ríkis leyfa. Í ívilnanalista skal auk tollabindinga skrá öll *sérgjöld sem mismuna innlendri vöru og innfluttri*, þ.e. virka eins og tollur. Í II. gr. eru settar skorður við álagningu slíkra sérgjalda. Bannað er að leggja

---

[10]Skýrsla GATT-skrifstofunnar í Genf frá nóvember 1994: „The results of the Uruguay Round of Multilateral Trade Negotiations, Market Access for Goods and Services: Overview of the Results, Appendix Table 5."

[11]Skýrsla GATT-skrifstofunnar frá 8. mars 1994: Verification of Draft Final Scedules of Concessions - Factual Information. Table 5.

[12]Þeir rauntollar er hér um ræðir eru bestukjaratollar, þ.e. þeir tollar sem lagðir eru á vörur sem ekki falla undir ákvæði fríverslunarsamninga.

á sérgjöld önnur en þau sem bundin eru í lögum viðkomandi aðildarríkis 15. apríl 1994[13] og eru skráð í ívilnanalista á þeim tíma eða tilkynnt innan sex mánaða.

Þau gjöld í íslenskum lögum sem II. gr. tekur til eru fóðurgjald, jöfnunargjald á kartöflur, verðjöfnunargjald á vörur sem innihalda landbúnaðarhráefni og jöfnunarálag á hús og húshluta. Landbúnaðarsamningurinn gerir ráð fyrir breytingu sérgjalda í tolla. Þar með eru brostnar forsendur fyrir álagningu þriggja fyrrnefndu gjaldanna og jöfnunarálagið hefur ekki verið innheimt eftir gildistöku laganna um Evrópska efnahagssvæðið þar sem það er talið stangast á við ákvæði 10. gr. þess samnings. Engin sérgjöld voru skráð í ívilnanalista Íslands. Af hálfu Íslands var heldur ekki tilkynnt um álagningu slíkra gjalda til skrifstofu GATT. Verður innheimtu þeirra hætt og heimildir felldar brott úr viðkomandi lögum. Ákvæði II. gr. GATT setja einnig skorður við upptöku nýrra sérgjalda á innfluttar vörur eingöngu og verður því öll slík mismunun að vera í formi venjulegra tolla.

Samkvæmt framansögðu er í 2. gr. frumvarpsins lagt til að 4. gr. tollalaga verði lögð að II. gr. GATT-samningsins og að heimild til álagningar jöfnunarálags á hús og húshluta í 120. gr. tollalaga falli brott. Einnig er gert ráð fyrir í 14. gr. frumvarpsins að felld verði brott 30. gr. búvörulaga er heimilar álagningu fóðurgjalds og jöfnunargjalds af kartöflum. Í staðinn komi tollar á fóður og kartöflur.

Þess ber að geta að II. gr. GATT bannar hvorki álagningu undirboðs- og jöfnunartolla né þjónustugjalda vegna eftirlits eða þjónustu í tengslum við innflutning á vöru.

Landbúnaðarsamningur GATT heimilar ekki álagningu breytilegra innflutningsgjalda[14], þar með talin verðjöfnunargjöld á landbúnaðarvörur. Verðjöfnunargjöld eru samkvæmt heimildum í 120. gr. A tollalaga og 72. gr. búvörulaga lögð á innfluttar vörur sem framleiddar eru úr landbúnaðarhráefnum. Gjöldin eru lögð á vörur óháð uppruna, þ.e. bæði á vörur sem fluttar eru inn samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamninga, þar með talinn EES-samningurinn, og á vörur frá þeim ríkjum sem ekki hafa verið gerðir fríverslunarsamningar við.

Með frumvarpinu er lagt til að verðjöfnunargjöldum verði breytt í tolla. Þó er gert ráð fyrir að enn um sinn verði slík gjöld lögð á vörur samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamninga því ekki hefur enn verið samið um nauðsynlegar breytingar á þeim. Samningaviðræður standa nú yfir milli samningsaðila EES um að breyta verðjöfnunargjöldum yfir í tolla. Í kjölfar þess má búast við sams konar viðræðum milli EFTA-ríkjanna og þeirra ríkja sem þau hafa gert fríverslunarsamninga við. Breytingum á þessum samningum verður hægt að koma til framkvæmda með heimild í 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga.

Í 8. og 21. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að heimildir tollalaga og búvörulaga til álagningar verðjöfnunargjalda verði þrengdar þannig að þær takmarkist við innflutning sem fríverslunarsamningar taka til.

---

[13]Sbr. 2. gr. samkomulagsins um túlkun b-liðar 1. mgr. II. gr. Hins almenna samnings um tolla og viðskipti 1994, bls. 25 í tillögu til þingsályktunar um fullgildingu samnings um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar sem samþykkt var af Alþingi 28. desember 1994.

[14]2. mgr. 4. gr. samningsins um landbúnað, bls. 46 (neðanmálsgrein 1) í fylgiskjali III við tillögu til þingsályktunar um fullgildingu samnings um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar.

d. Innheimta þjónustugjalda löguð að kröfum GATT-samningsins.

Í VI. gr. GATT er þess krafist að þjónustugjöld sem lögð eru á við innflutning á vörum séu miðuð við eiginlegan kostnað við veitta þjónustu. Þjónustugjöld, sem lögð eru á innfluttar vörur eingöngu og miða við tiltekið hlutfall af verðmæti vöru eða þyngd hennar, teljast vera tollar að svo miklu leyti sem gjaldtakan er umfram raunverulegan kostnað við veitta þjónustu. Sömu sjónarmið gilda um skoðunargjöld. Innheimta eftirlitsgjalds af plöntum samkvæmt reglugerð nr. 110/1992 sem sett er með heimild í 3. gr. laga nr. 51/1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum í plöntum, gerir ráð fyrir innheimtu eftirlitsgjalds vegna innflutnings á plöntum. Gjaldið er 2% af tollverði vörunnar og stenst því ekki framangreindar kröfur. Því gerir 25. gr. frumvarpsins ráð fyrir að 3. gr. laganna verði breytt.

e. Tollverð.

Tollverð er það verð vöru sem tollur er lagður á. Reglur tollverðssamningsins, sbr. 1. viðauki A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, eiga að tryggja að tollur verði lagður á það verð sem raunverulega er greitt fyrir vöruna, svonefnt *viðskiptaverð*. Með núgildandi tollalögum sem sett voru árið 1987 voru teknar upp grunnreglur tollverðssamningsins. Ísland var þó ekki aðili að þessum samningi. Nú hefur hann verið endurskoðaður og nefnist samningur um framkvæmd VII. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti 1994. Í 4. gr. frumvarpsins er með breytingum á 10. gr. tollalaga gert ráð fyrir að ákvæðum samningsins um tollverð verði gerð ítarlegri skil.

Í 2. mgr. 12. gr. tollalaga er heimild til að setja sérstakar reglur um mat á notuðum ökutækjum og vinnuvélum til tollverðs. Á grundvelli heimildarinnar voru settar reglur um tollverð notaðra ökutækja sem notað hefur verið í stað vörureiknings. Reglurnar hafa reynst þunglamalegar í framkvæmd. Ástæða er til þess að endurskoða þær og takmarka notkun þeirra við þau tilvik þegar vörureikningur liggur ekki fyrir eða hann reynist ótrúverðugur.

Meginregla tollverðssamningsins er að tollverðið skuli vera viðskiptaverð vörunnar, þ.e. það verð sem greitt er í raun eða greiða ber fyrir vöruna. Þó er heimilt að víkja vörureikningi til hliðar þegar ástæða þykir til að ætla að vörureikningur greini ekki rétt verð. Í 10. gr. tollalaga er gert ráð fyrir almennri heimild til setningar matsreglna er eigi við í slíkum tilvikum og öðrum þeim tilvikum þegar ekki er til að dreifa reikningi eða öðrum þeim liðum sem tollverð saman stendur af samkvæmt ákvæðum laganna. Þar með verður sérreglan í 2. mgr. 12. gr. tollalaga óþörf og er með 5. gr. frumvarpsins lagt til að hún verði felld á brott.

f. Upprunareglur.

Upprunareglur eru notaðar til að skilgreina uppruna vöru. Upprunareglur fríverslunarsamninga kveða t.d. á um hvaða skilyrði um hráefnanotkun, vinnslu o.fl. vara þurfi að uppfylla til að teljast geta notið fríverslunarkjara. Samningurinn um upprunareglur fjallar um almennar upprunareglur til nota í viðskiptum sem ekki falla undir ákvæði fríverslunarsamninga. Slíkar reglur má setja bæði varðandi innflutning og útflutning.

Engin ákvæði eru til í lögum um almennar upprunareglur. Útflutningsráð og Verslunarráð hafa gefið út staðfestingar á uppruna en engar skriflegar reglur eru til. Samningurinn um upprunareglur krefst þess að þær reglur er liggja að baki staðfestingu um uppruna vöru séu birtar á lögformlegan hátt. Einnig er skylt að tilkynna reglurnar til Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Með breytingu á 122. gr. tollalaga, sbr. 9. gr. frumvarps-

ins, er gert er ráð fyrir heimild fjármálaráðherra til að setja slíkar reglur er taki mið af meginreglum tollverðssamningsins.

g. Vörueftirlíkingar og stöðvun tollafgreiðslu.

Í samningnum um hugverkarétt í viðskiptum í 1. viðauka C við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar eru settar fram reglur um lágmarksvernd hugverkaréttinda, um hvernig þeirri vernd skuli fylgt eftir og hvernig leysa eigi milliríkjadeilur á þessu sviði. Þriðji hluti samningsins fjallar um fullnustu hugverkaréttar. Þar eru settar fram sérstakar kröfur í tengslum við landamæraeftirlit um að rétthafa vörumerkis eða höfundaréttar verði gert kleift að fara fram á stöðvun tollafgreiðslu á vöru sem hann hefur gildar ástæður til að ætla að hafi verið framleiddar í trássi við þessi réttindi. Í 50. gr. A tollalaga, sbr. 6. gr. frumvarpsins, er gert ráð fyrir þessari heimild.

IV.
Afnám hindrana við innflutning á landbúnaðarvörum.

Með gildistöku samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina verða afnumin innflutningshöft á landbúnaðarvörur sem undanfarna áratugi hafa þróast mjög á skjön við almennar reglur GATT. Ekki verður lengur hægt að hefta innflutning á þessum vörum nema samkvæmt þröngum undanþáguheimildum GATT-samningsins er lúta m.a. að takmörkun innflutnings vegna heilbrigðis manna, dýra eða plantna[15]. Í staðinn er gert ráð fyrir tollvernd, auk þess sem tollkvótar á lægri tolltöxtum eiga að tryggja lágmarksinnflutning á bannvörum[16] og að innflutningur á leyfavörum[17] verði ekki minni en hann var á árunum 1986–1988.

Samningnum um landbúnað má skipta í þrjá meginþætti, þ.e. markaðsaðgang, innanlandsstuðning og útflutningsstyrki. Öllum þátttökuríkjum Úrúgvæviðræðnanna var gert að leggja fram skrár sem sýndu hvernig þau hygðust framkvæma skuldbindingar sínar varðandi þessa þrjá þætti. Skrár þessar voru felldar undir GATT 1994 og eru nú hluti þess samnings. Skrárnar yfir innanlandsstuðning og útflutningsbætur fylgdu þingályktunartillögunni um samþykkt WTO-samningsins.

Það er sá hluti samningsins er fjallar um markaðsaðgang ásamt viðeigandi skrá sem kallar á lagabreytingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum. Landbúnaðarskráin tekur yfir *tollabindingar*, *lágmarksmarkaðsaðgang* og *ríkjandi markaðsaðgang*. Viðmiðunartímabil er 1986–1988.

Efndir landbúnaðarsamningsins kalla á að tollar leysi af hólmi magntakmarkanir og ýmis sérgjöld á landbúnaðarvörum. Tollabindingar voru settar á allar landbúnaðarvörur og lækka þær í áföngum á sex árum (1995–2001) um 36% að meðaltali en þó minnst um

---

[15]XX. gr. GATT.

[16]Bannvörur eru hér nefndar þær vörur sem bannað hefur verið að flytja inn eða innflutningur verulega takmarkaður. Miðað er við að innflutningur hafi verið minni en sem samsvarar 5% af innanlandsneyslu áranna 1986–1988.

[17]Leyfavörur eru hér nefndar þær vörur sem innflutningur á hefur verið takmarkaður en ekki alveg bannaður. Miðað er við að innflutt magn hafi verið meira en sem samsvarar 5% af innanlandsneyslu áranna 1986–1988.

15% fyrir hverja vöru. Sjá viðauka IIA við frumvarpið. Um tollabreytingar er fjallað í a-lið, *Tollar í stað innflutningsbanna og hindrana.*

Skuldbindingar um lágmarksmarkaðsaðgang fela í sér tollkvóta. Þeir eiga við um vörur sem enginn eða óverulegur innflutningur hefur verið heimilaður á. Tollkvótarnir eiga að tryggja að tiltekið magn (3–5% meðalinnanlandsneyslu áranna 1986–88) af þessum vörum megi flytja inn á mun lægri tolltöxtum en tollabindingar heimila. Undir þennan flokk falla m.a. kjöt og mjólkurvörur. Tollkvótar þessir eru tilgreindir í viðauka IIIA við frumvarpið. Um tollkvóta er fjallað nánar í b-lið, *Tollkvótar.*

Skuldbindingar um ríkjandi markaðsaðgang fela í sér tollkvóta. Þær eiga við um vörur sem innflutningur á hefur verið háður innflutningsleyfum. Leyfa skal eigi minna magn á ekki verri kjörum en tíðkuðust þá. Hér er um nokkurs konar „frystingu" að ræða á innflutningskjörum viðmiðunartímabilsins (1986–1988) á þessum vörum. Undir þennan flokk falla m.a. afskorin blóm og ferskt grænmeti. Tollkvótar þessir eru tilgreindir í viðauka IIIA við frumvarpið.

Við gerð tillagna um breytingu viðskiptahindrana og sérgjalda í tolla og framkvæmd tollkvóta hefur verið miðað við eftirfarandi:

— Að tollar verði lagðir á þær vörur sem háðar hafa verið innflutningstakmörkunum. Tolltaxtar miðist við að vara sem innflutt kann að vera á heimsmarkaðsverði[18] verði um 30% dýrari en sem nemur heildsöluverði samsvarandi innlendrar vöru. Magntolli verði beitt að mestu til að tryggt verði að umtalsverð vernd haldist þótt innflutningsverð sveiflist verulega og fari niður fyrir heimsmarkaðsverð. Tollur þessi verði þó aldrei hærri en tollabinding vörunnar.
— Að breyting sérgjalda í tolla á þeim vörum sem fluttar hafa verið inn án takmarkana leiði ekki til þess að álögur verði auknar.
— Að tollkvótar verði notaðir til að tryggja að áfram verði heimilt að flytja inn blóm og grænmeti á lágum tollum hluta úr ári.
— Viðbótartollkvótar verði notaðir til að tryggja svigrúm til innflutnings á vörum umfram samningsbundna tollkvóta.
— Að úthlutun og framkvæmd tollkvóta verði sem einföldust.

a. Tollar í stað innflutningsbanna og hindrana.

Landbúnaðarsamningurinn gerir ráð fyrir tollvernd í stað hafta og sérgjalda. Tollverndin er fundin með útreikningi á fjárhagslegu ígildi hafts eða gjalds, þ.e. *tollígildi*, sem felst í þeim mismun sem er á heildsöluverði vöru innan lands og því verði sem gildir á heimsmarkaði. Reiknuð voru tollígildi fyrir allflestar landbúnaðarvörur. Við útreikning voru notuð verð viðmiðunaráranna 1986–1988. Þessi tollígildi eru grundvöllur þeirra nýju *tollabindinga* sem nú er að finna í ívilnanalistanum yfir landbúnaðarvörur, sjá viðauka IIA við frumvarpið. Í Úrúgvæviðræðunum var skilyrði fyrir því að fá að reikna út tollígildi og þannig hækka tollabindingu að jafnframt væru lagðar fram skuldbindingar um tollkvóta, þannig að þrátt fyrir hugsanlegar tollahækkanir yrði hægt að flytja inn tiltekið magn á lægri tollum.

---

[18]Þessi viðmiðun tekur ekki tillit til fjarlægðarverndar, þ.e. flutningskostnaðar, trygginga og heildsöluálagningar.

Nú hafa allir[19] tollar á landbúnaðarvörum verið bundnir. Tollabindingar á landbúnaðarvörum munu síðan lækka um 36% að meðaltali, og minnst um 15%, í jöfnum áföngum á árunum 1995–2000 eins og fram kemur í viðauka IIA. Gildi tollabindinga felst ekki eingöngu í því að vera þak fyrir tollaálögur heldur eru þær jafnframt sá grunnur sem síðari samningaviðræður við aðildarríki Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar verða byggðar á.

Nýir tollar.

Breytingar á tollskrá í viðauka I við tollalög, sem er að finna í viðauka I við frumvarp þetta, endurspegla þá breytingu sérgjalda og hafta í tolla sem fram kemur í landbúnaðarskránni. Þar voru reiknaðar nýjar tollabindingar fyrir allflestar landbúnaðarvörur bæði þær vörur sem í reynd hafa verið háðar innflutningshindrunum eða sérgjöldum og einnig fyrir þær vörur sem innflutningur á hefur verið haftalaus. Byggðist þessi framsetning á víðtækri túlkun á heimildum búvörulaga til að takmarka innflutning og á þeirri staðreynd að tollabindingar eru verðmæt skiptimynt í viðskiptaviðræðum. Ekki er ætlunin að nýta þessar heimildir vegna allra þeirra vara er í landbúnaðarskránni greinir. Tollvernd komi einungis í stað verndar sem hingað til hefur verið í höftum og sérgjöldum. Tolltaxtar á öðrum vörum en að neðan greinir verða því óbreyttir:

— *Tollar í stað hafta.* Innflutningur á *kjöti og kjötvörum, mjólkurvörum*, þar með töldum *ostum, eggjum, lifandi eða afskornum blómum og plöntum og nýjum og kældum garð- og gróðurhúsavörum, viðbiti, auk nokkurra vara sem unnar hafa verið úr landbúnaðarhráefnum*[20] er ýmist bannaður eða háður leyfi landbúnaðarráðherra. Setja þarf nýja tolltaxta fyrir þessar vörur þegar innflutningur þeirra verður gefinn frjáls. Fyrir þessar sömu vörur verður jafnframt úthlutað tollkvótum. Sem að ofan greinir voru nýju GATT-bindingarnar settar á grundvelli tollígilda. Síðan á viðmiðunartímabilinu (1986–1988) hafa orðið gengisbreytingar auk verðbreytinga innan lands og utan þannig að *væru tollígildin reiknuð á núgildandi verðlagi yrðu þau til muna lægri.* Því var talið eðlilegt að við breytingu innflutningshafta í tolla yrði ekki miðað við að fullnýta tollabindingarnar heldur verði tollar í aðalatriðum miðaðir við *endurskoðuð tollígildi* er taki mið af verðlagi ársins 1995. Þannig verði gert ráð fyrir að tollar samanstandi af verðjöfnun vegna verðmunar sem er á heimsmarkaðsverði vörunnar og heildsöluverði samsvarandi innlendrar vöru auk 30% tollverndar.

— *Tollar í stað sérgjalda á unnum landbúnaðarvörum, fóðri og kartöflum og vörum úr þeim.* Gert er ráð fyrir því að sú álagning sem áður var falin í verðjöfnunargjaldi á *unnar landbúnaðarvörur* sem fluttar eru inn frá ríkjum utan fríverslunarsamninga, *fóður*gjaldi og jöfnunargjaldi á *kartöflur*[21] verði framvegis í formi venjulegra tolla. Þessar vörur hefur verið frjálst að flytja inn og því er miðað við að ekki verði hækkaðar álögur þó svo að GATT-bindingarnar veiti svigrúm til slíks. Almennt er ekki

---

[19]Tollar á ýmsum landbúnaðarvörum, einkum unnum vörum, ávöxtum og korni voru bundnir í fyrri viðskiptalotum. Til viðbótar komu nýjar tollabindingar annaðhvort miðaðar við tolla sem í gildi voru í september 1986 eða við tollígildi.

[20]Nokkrar unnar landbúnaðarvörur með verulegu kjöt- eða mjólkurduftsinnihaldi.

[21]Nýjar og kældar kartöflur og nokkrar unnar landbúnaðarvörur teljast ekki hér með heldur með haftavörum. Á þær vörur er gert ráð fyrir auknum álögum, sbr. umfjöllun hér að ofan.

gert ráð fyrir úthlutun tollkvóta fyrir þessar vörur. Í fyrsta lagi voru í mörgum tilvikum ekki reiknuð tollígildi fyrir þessar vörur og því ekki boðnir neinir tollkvótar. Í öðru lagi að þar sem boðnir voru tollkvótar eru taxtar þeirra almennt ekki lægri en sá tollur sem á vöruna verður lagður vegna tollalækkana sem orðið hafa síðan á viðmiðunartímabilinu.

Framangreindar tillögur leiða til eftirfarandi lagabreytinga:

Í 18. gr. frumvarpsins er lagt til að 52. gr. búvörulaga verði breytt þannig að framvegis verði frjáls innflutningur á landbúnaðarvörum frá aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, nema önnur lög takmarki[22]. Landbúnaðarráðherra mun áfram hafa heimild til þess að banna innflutning á tilteknum vörum frá ríkjum utan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Í 27. og 28. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lög sem takmarkað hafa innflutning á landbúnaðarvörum og matvörum verði felld úr gildi, þ.e. lög nr. 32/1933, um tilbúning og verslun með smjörlíki o.fl., og lög nr. 88/1949, um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk og þurrmjólk. Jafnframt eru í 25. gr. frumvarpsins lagðar til breytingar á lögum nr. 51/1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, en um það verður fjallað nánar í d-lið hér að neðan. Um lagabreytingar vegna afnáms sérgjalda var fjallað í III. kafla undir c-lið.

b. Tollkvótar.

Landbúnaðarsamningurinn gerir ráð fyrir úthlutun tollkvóta til að tryggja, þrátt fyrir tollvernd, *lágmarksaðgang* á bannvörum og að markaðsaðgangur leyfavöru verði eigi verri en hann var á viðmiðunartímabilinu (*ríkjandi markaðsaðgangur*).

Í viðauka III við tollalög er að finna lista yfir tollkvóta. Tvær aðferðir voru notaðar við ákvörðun á þessum kvótum eftir því hvort um var að ræða bannvöru eða haftavöru. Þó að mismunandi reikningsaðferðir séu notaðar við að reikna út magnið er um sams konar skuldbindingar að ræða í báðum tilvikum, þ.e. skuldbindingu um tollkvóta, að heimila innflutning á tilteknu magni á tilteknum tollakjörum. Við innflutning á vörum umfram það magn er greinir í *tollkvótum* koma tollar samkvæmt tollskrá, sbr. a-lið hér að framan.

— Veita skal *lágmarksmarkaðsaðgang* fyrir bannvörur, þ.e. vörur sem enginn eða óverulegur innflutningur var á á viðmiðunartímabilinu 1986–1988. Hér er um að ræða vörur sem innflutningur á var 5% eða minna af innanlandsneyslu. Samningstilboð Íslands kveður á um að heimilt verði að flytja inn tiltekið magn á tollum ekki hærri en sem nemur 32% af upphafstollabindingu. Í byrjun verður magnið sem nemur 3% af innanlandsneyslu á viðkomandi vöru á viðmiðunartímabilinu og verður aukið í 5% á sex árum. Þær vörur sem falla undir þessa skuldbindingu eru *kjöt, egg, smjör, ostur* og *kartöflur.*

— Veita skal *ríkjandi markaðaðgang* fyrir haftavörur, þ.e. þær vörur sem á viðmiðunartímabilinu voru fluttar inn í meira magni en sem nam 5% af innanlandsneyslu. Landbúnaðarsamningurinn kveður á um að ekki megi veita lakari kjör varðandi magn og tolltaxta heldur en veitt voru á viðmiðunartímabilinu. Hér er um að ræða haftavörur, svo sem lifandi og afskorin *blóm* og *plöntur*, nýtt og kælt *grænmeti, viðbit*

[22]Hér er átt við lög er byggð eru á sérstökum undanþágum GATT, svo sem vegna dýrasjúkdóma.

(smjörva) og ýmsar *unnar matvörur* sem innihalda mjólkurduft eða kjöt.

— Auk framangreindra kvóta, sem *skylt* er að leyfa innflutning á, er gert ráð fyrir *viðbótarkvótum* yfir vörur sem *heimilt* yrði að flytja inn á lægri tolltöxtum en í tollskrá greinir. Viðbótarkvótar eiga að tryggja meira svigrúm til innflutnings. Vörur sem viðbótarkvótar taka til eru *kjöt* og *kjötvörur*, *mjólk* og *mjólkurvörur*, *egg*, *grænmeti* og *blóm*. Nýting þessara kvóta er háð ákvörðun landbúnaðarráðherra.

Úthlutun tollkvóta samkvæmt ákvæðum búvörulaga:

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að í 6. gr. A, sbr. viðaukar III og IV, í tollalögum verði tilgreindir þeir tolltaxtar sem gildi vegna tollkvóta. Í 19. gr. frumvarpsins sem fjallar um 53. gr. búvörulaga er síðan gert ráð fyrir því að landbúnaðarráðherra úthluti tollkvótum.

Stefnt er að því að hafa úthlutun tollkvóta sem einfaldasta og að fyrirkomulag sem kallar á úthlutun sérstakra innflutningsleyfa verði sem umfangsminnst.

Í 19. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir tvenns konar fyrirkomulagi við úthlutun tollkvóta. Aðalreglan er sú að tollkvótum er úthlutað til umsækjenda. Slíkt úthlutunarfyrirkomulag er heppilegt þegar um er að ræða lítið magn sem heimilt er að flytja inn á lægri tollum, þ.e. á tollkvótakjörum. Jafnframt er gert ráð fyrir víðtækum heimildum til að nota sjálfvirka tollkvóta, án úthlutunar, með því að veita almenna heimild til innflutnings eða með því að stýra tollkvótum með tímabilum.

c. Hollustuhættir og heilbrigði dýra og plantna.

Í lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, er að finna ófrávíkjanlegt bann við innflutningi á ýmsum vörutegundum, m.a. hráum og lítt söltuðum sláturafurðum, unnum og óunnum, ósoðinni mjólk og eggjum.

Í samningnum um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna í 1. viðauka A við samninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunina segir eftirfarandi í 2. gr. um *grundvallarréttindi og skyldur*:

„Aðilar eiga rétt á að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda líf eða heilbrigði manna, dýra eða plantna, að því tilskildu að slíkar ráðstafanir brjóti ekki í bága við ákvæði þessa samnings."

Jafnframt er í *grundvallarréttindum og skyldum* tekið fram að ráðstafanir um hollustuhætti verði að byggjast á vísindalegum meginreglum og megi ekki viðhalda án fullnægjandi sönnunargagna[23]. Enn fremur verður ráðstöfunum um hollustuhætti eða heilbrigði ekki beitt á þann hátt að slíkt hafi í för með sér duldar hindranir á alþjóðaviðskiptum.

Framangreind ákvæði eiga sér stoð í XX. gr. GATT sem heimilar undanþágur frá ákvæðum samningsins, m.a. um bann við innflutningshöftum, þegar sérstakar ástæður búa að baki, svo sem heilbrigði dýra og plantna, umhverfisvernd eða verndun náttúruauðlinda. Landbúnaðarráðherra getur bannað innflutning á hráu og lítt söltuðu kjöti og sláturafurðum þegar hætta er á því að smit berist berist með þessum vörum. Krafan um að vísindaleg rök liggi að baki slíkum ráðstöfunum leiðir þó til þess að ófrávíkjanlegt innflutningsbann 10. gr. laga 25/1993 getur ekki staðist. Slík framsetning er magntakmörkun og sem slík andstæð XI. gr. GATT 1994. Í 25. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir breyt-

[23]Undantekning frá þessu er í 7. mgr. 5. gr. þegar vísindaleg sönnunargögn eru ófullnægjandi.

ingum á 10. gr. þannig að innflutningsbann er ekki lengur fortakslaust heldur setji ráðherra reglur þar um að fengnum meðmælum yfirdýralæknis.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Núgildandi 4. gr. tollalaga kveður á um að tollur skuli lagður á tollverð vöru. Magntollar hafa hingað til einungis verið lagðir á í undantekningartilvikum. Slíkir tollar eru til þess fallnir að vega upp á móti verðsveiflum á borð við þær er gjarnan verða á heimsmarkaðsverði landbúnaðarvara og verða þeir teknir upp í auknum mæli vegna framkvæmdar landbúnaðartilboðsins. 1. mgr. 4. gr. gerir ráð fyrir álagningu magntolla.

Í lokamálslið 1. mgr. 4. gr. er áréttuð sú regla II. gr. GATT að mismunun á innlendri framleiðslu og innfluttri vöru í skattlagningu verði eingöngu í formi tolla. Því eru í frumvarpinu jafnframt felldar úr gildi ýmsar heimildir til álagningar sérstakra gjalda á innfluttar vörur eins og nánar er lýst í almennu athugasemdunum. Þessi regla kemur ekki í veg fyrir að við tollmeðferð verði innheimtir sömu skattar og gjöld og lögð eru beint eða óbeint á innlenda vöru. Reglan leyfir einnig innheimtu þjónustugjalda enda samsvari þau þeirri fjárhæð sem almennt kostar að sinna umræddu eftirliti eða þjónustu. Þjónustugjald sem færi fram úr þessum kostnaði mundi samkvæmt þessu teljast brot á reglunni.

Eins og fram hefur komið í almennu athugasemdunum verður sérgjöldum á landbúnaðarvörur, þar með töldum verðjöfnunargjöldum, breytt í tolla. Verðjöfnunargjöld verða þó enn um sinn lögð á vörur unnar úr landbúnaðarafurðum sem um gilda ákvæði fríverslunar- og milliríkjasamninga er kveða á um heimild til álagningar slíkra gjalda. Um þetta er fjallað í 3. mgr. 4. gr. Þess ber að geta að hafin er endurskoðun á ákvæðum EES-samningsins með það fyrir augum að breyta verðjöfnunargjöldunum yfir í fasta tolla. Í kjölfarið má búast við endurskoðun hliðstæðra samningsákvæða í öðrum fríverslunarsamningum.

Tollar eru tilgreindir í tollskrá og mega ekki vera hærri en þar greinir. Við tollabreytingar vegna framkvæmdar landbúnaðarsamningsins verða í mörgum tilvikum lagðir á samsettir tollar, þ.e. á sömu vöru er bæði lagður magntollur og verðtollur. Dæmi um þetta er að á konfekt í tollskrárnúmeri 1806.9026 verður lagður á 20% verðtollur og magntollur sem er 56 kr/kg. Tollabinding þessarar vöru er 46%. Eftir því sem innkaupsverð vörunnar er lægra aukast líkurnar á því að brotið verði á tollabindingunni. Til að koma í veg fyrir slíkt er lagt til að tollabindingarnar verði lögfestar sem hluti af tollalögum, viðauki IIA og B, og að í 4. mgr. 4. gr. verði áréttað að tollur geti aldrei orðið hærri en tollabinding. Fleiri rök mæla með lögfestingu tollabindinga, svo sem að tollar vegna kvóta eru í mörgum tilvikum tiltekið hlutfall af tollabindingu. Einnig getur reynt á tollabindingar ef skattar og gjöld á vörur eru lögð af meiri þunga á innflutta vöru en innlenda. Mismunur í gjaldtöku jafngildir tolli og því broti á þessu ákvæði að því marki sem gjaldtakan væri umfram tollabindingu. Mestar líkur eru á að það reyni á ákvæðið þegar tollabindingar eru lágar eða 0% svo sem er á fjölmörgum iðnaðarvörum.

Um 3. gr.

Í 6. gr. A er fjallað um tolltaxta sem gilda eiga við innflutning á vörum sem falla undir ákvæði um tollkvóta. Almennir tolltaxtar eru tilgreindir í dálkum A og A1 í tollskrá

og gilda um innflutning á vörum sem ekki falla undir ákvæði fríverslunarsamninga. Með tollkvótum verður heimilað að tollafgreiða tiltekið magn af vörum á lægri tollum en tilgreindir eru í tollskrá. Tollkvótar eru tilgreindir í viðaukum IIIA og B og IVA og B við tollskrá.

Tollkvótum í viðauka III er skylt að úthluta. Í viðauka IIIB eru tilgreindir hámarkstollar vegna úthlutunar á tollkvótum fyrir þær vörur er þar greinir. Eins og kemur fram í 1. mgr. er lagt til að taxtar verði þó aldrei hærri en 30%. Um þetta er nánar fjallað í almennu athugasemdunum.

Í 2. mgr. eru tilgreindir tolltaxtar vegna tollkvóta sem heimilt verður að úthluta til viðbótar við tollkvóta í viðauka IIIA og B. Vörurnar eru tilgreindar í viðauka IVA og B.

Um úthlutun tollkvóta gilda ákvæði 53. og 53. gr. A laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. 19. og 20. gr. frumvarpsins..

Um 4. gr.

Samkvæmt 8. og 9. gr. tollalaga skal tollverð vera vera viðskiptaverðið. Í samningnum um tollverð er viðskiptaverðið aðalreglan en jafnframt er kveðið á um að nota megi tilteknar aðferðir til að nálgast viðskiptaverðið þegar það liggur ekki fyrir. Í 10. gr. tollalaga er ráðherra veitt heimild til slíks. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda um tollverð í e-lið III. kafla.

Um 5. gr.

Lagt er til að sérregla 2. mgr. 12. gr. tollalaga um mat á notuðum ökutækjum og vinnuvélum falli brott. Í staðinn kemur áðurgreind heimild í 10. gr. tollalaga til að setja almennar reglur um mat á vörum til tollverðs þegar grunur leikur á að vörureikningur eða önnur atriði er mynda þátt í tollverði séu ekki réttilega tilgreind eða ef þau atriði eru ekki tilgreind, sjá 4. gr. frumvarpsins. Jafnframt er gert ráð fyrir því að settar verði reglur um málsmeðferð þegar vörureikningi er vikið til hliðar í slíkum tilvikum.

Um 6. gr.

Hér vísast til almennra athugasemda um stöðvun tollafgreiðslu vegna brota á hugverkaréttindum í g-lið III. kafla.

Um 7. gr.

Í núverandi 120. gr. tollalaga er heimild til álagningar jöfnunarálags á tollverð innfluttra vara. Heimilt er að leggja jöfnunarálagið á innflutta vöru til að jafna vegna uppsöfnunar tolla og skatta sem lögð eru á innflutta efnivöru í innlenda framleiðslu. Eins og greint er frá í almennu athugasemdunum var gjaldið ekki tilkynnt til GATT enda hefur innheimtu þess verið hætt. Heimild til að jafna vegna uppsafnaðra *tolla* stenst ekki 10. gr. EES-samningsins. Jöfnunarheimild vegna *óbeinna skatta*, ef þurfa þykir, er best fyrir komið í viðkomandi sérlögum, svo sem lögum um vörugjald. Því er lagt til að heimildin verði felld úr gildi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að í 120. gr. komi ákvæði um álagningu viðbótartolla. Í 5. gr. landbúnaðarsamningsins er heimild til álagningar viðbótartolla þegar innflutningsmagn vöru fer yfir nánar tilgreind mörk eða innflutningsverð fellur niður fyrir tiltekin mörk. Í samningnum kallast þessi heimild *sérstakt verndarákvæði* (special safeguard) og kemur í stað heimildar í 115.–119. gr. tollalaga til álagningar undirboðs- og jöfnunartolla að því er landbúnaðarvörur varðar.

Gert er ráð fyrir því að ..jótartollar falli á vöruna þegar framangreind skilyrði eru fyrir hendi en þó að því tilskildu að landbúnaðarráðherra hafi skv. 74. gr. búvörulaga ákveðið að beita 5. gr. landbúnaðarsamningsins og gefið út reglugerð þar að lútandi, sjá nánar athugasemdir við 23. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Í 120. gr. A er heimild til álagningar verðjöfnunargjalda á innfluttar vörur úr landbúnaðarhráefnum, sbr. lög nr. 18/1993, um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum. Eins og fram kemur í almennu athugasemdunum og í umfjöllun um 2. gr. hér að framan verður heimild til álagningar verðjöfnunargjalda nú framvegis takmörkuð við innflutning á upprunavörum samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamninga sem Ísland er aðili að, þar með talinn er EES-samningurinn. Á vörur frá ríkjum sem ekki hafa verið gerðir fríverslunarsamningar við komi því tollur í stað verðjöfnunargjalda.

Í búvörulögum er sams konar heimild til álagningar verðjöfnunargjalda. Sú heimild er takmörkuð við tilteknar vörur. Heimild tollalaga tekur til álagningar gjalda á vörur sem ekki eru tilgreindar í búvörulögunum. Nánari umfjöllun um álagningu verðjöfnunargjalda er að finna í athugasemdum við 19. gr. frumvarpsins um 53. gr. búvörulaga.

Um 9. gr.

Í fríverslunarsamningum eru upprunareglur sem gilda í viðskiptum með vörur sem falla undir viðkomandi fríverslunarsamning. Núgildandi 122. gr. tollalaga fjallar m.a. um útgáfu upprunavottorða samkvæmt fríverslunarsamningum. Eins og fram kemur í lið III f í athugasemdum eru engar almennar upprunareglur til, þ.e. reglur er gildi um útflutningsvörur sem ekki falla undir ákvæði fríverslunarsamninga. Með breytingu á 122. gr. er lagt til að fjármálaráðherra fái heimild til að setja slíkar reglur í samráði við þau ráðuneyti sem hlut eiga að máli.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina heimilar ekki önnur innflutningsgjöld en tolla. Í 30. gr. gildandi laga eru heimildir til álagningar fóðurgjalda á innflutt fóður (c-liður 1. mgr.) og jöfnunargjalda á innfluttar kartöflur og vörur unnar úr þeim (d-liður 1. mgr.).

Heimildin til álagningar fóðurgjalds er tvískipt, grunngjald og sérstakt gjald. Innheimtu grunngjaldsins var hætt um sl. áramót en sérstakt 55% fóðurgjald er enn lagt á. Jöfnunargjald á kartöflur er ýmist 50% eða 90% . Með frumvarpinu er lagt til að þess-

um sérgjöldum verði breytt í samsvarandi tolla. Þó verður jöfnunargjald á kartöflur í nokkrum tilvikum lægra en það hefur verið þar sem tollabindingar hafa lækkað, sjá nánari umfjöllun um afnám sérgjalda í c-lið III. kafla.

Um 15. gr.

Í 31. gr. laganna segir hvernig fara skuli með birgðir fóðurvara við hækkun, lækkun eða niðurfellingu fóðurgjalda. Lagt er til að þetta ákvæði falli niður. Í staðinn komi ákvæði um fóðursjóð sem tolltekjur af fóðri renni í og greiðslur úr honum. Um er að ræða hliðstætt fyrirkomulag og nú er varðandi endurgreiðslur fóðurgjalds skv. 30. gr. laganna.

Þar er ráðherra heimilað að endurgreiða framleiðendum búvara fóðurgjöld sem innheimt hafa verið við innflutning á dýrafóðri. Gjaldið er endurgreitt framleiðendum að mestu, eða um 50/55 hlutar. Endurgreiðslur eru miðaðar við framleiðslumagn og skiptir þá eigi máli hvort viðkomandi framleiðandi hefur notað innlent eða innflutt fóður. Gert er ráð fyrir því að innflytjendur fóðurs fái greiðslufrest í tolli til að koma í veg fyrir fjárbindingu.

Um 16. gr.

Ákvæði 32. gr. laganna fjalla um tollmeðferð fóðurvara, innheimtu tollstjóra, reikningsskil o.s.frv. Gert er ráð fyrir að þessi grein falli niður, þar sem tollar taka við af fóðurgjöldum og um meðferð þeirra muni fara eftir ákvæðum tollalaga, nr. 55/1987.

Um 17. gr.

1. mgr. 33. gr. kveður á um að tekjur af svokölluðum grunngjöldum á fóður renni í ríkissjóð. Þetta ákvæði er afnumið með þessari grein. Á ekki lengur við þar sem innheimtu grunngjaldsins hefur verið hætt.

Í 33. gr. er lagt til að sá hluti fóðursjóðs sem ekki er greiddur framleiðendum búvara skuli renna til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Er það í samræmi við það fyrirkomulag sem er í gildandi lögum um fóðurgjaldið.

Um 18. gr.

Í búvörulögum er að finna ákvæði sem takmarka innflutning landbúnaðarvara. Slíkt er óheimilt samkvæmt GATT og því er nauðsynlegt að breyta lögum þannig að innflutningur frá aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar verði gefinn frjáls.

Í 52. gr. er kveðið á um að innflutningur landbúnaðarvara, sem tilgreindar eru í viðauka I með lögunum, sé háður leyfi landbúnaðarráðherra. Þessi ákvæði eru afnumin. Landbúnaðarráðherra er áfram veitt heimild til að takmarka innflutning á landbúnaðarafurðum frá löndum sem ekki eru aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Þetta þykir eðlilegt þar sem þau lönd hafa ekki gengist undir reglur stofnunarinnar um viðskiptahætti með landbúnaðarafurðir.

Um 19. gr.

Þar sem innflutningur á landbúnaðarvörum verður gefinn frjáls eru brostnar forsendur fyrir veitingu innflutningsleyfa sem 53. gr. búvörulaga fjallar um. Við taka tollkvótar sem eiga að tryggja að hægt verði að flytja inn landbúnaðarvörur þrátt fyrir háa verndartolla. Landbúnaðarráðherra verður skylt að úthluta tollkvótum þeim sem vísað er til í 1. mgr. 53. gr.

Í 2.–4. mgr. er lýst tilhögun á úthlutun tollkvóta. Gert er ráð fyrir því að sérstök út-

hlutun fari fram til umsækjenda þegar um er að ræða hina smærri kvóta, svo sem vegna kjöt- og mjólkurvara. Þegar um stóra tollkvóta er að ræða er hins vegar gert ráð fyrir því að opnað verði fyrir innflutning á lægri tollum, annaðhvort í tiltekinn tíma eða þar til tilgreint magn hefur verið flutt inn.

Um 20. gr.

Ákvæði 53. gr. A eru ný og fjalla um viðbótartollkvóta sem landbúnaðarráðherra verði heimilt að úthluta til viðbótar við það magn sem um samdist í Úrúgvæviðræðunum.

Um 21. gr.

Ákvæði um verðjöfnun við innflutning er að finna í 72. gr. og varðandi útflutning í 73. gr. núgildandi laga. Eins og greint hefur verið frá í almennum athugasemdum er lagt til að innheimtu verðjöfnunargjalda verði hætt. Þó verður enn um sinn gert ráð fyrir álagningu verðjöfnunargjalda á vörur sem falla undir ákvæði fríverslunarsamninga sem gera ráð fyrir slíkri gjaldtöku, sjá nánar umfjöllun í c-lið III. kafla um afnám sérgjalda.

Um 22. gr.

Felld er brott tilvísun til ráðgjafarnefndar ráðherra, sjá nánar 24. gr. frumvarpsins.

Um 23. gr.

Í 5. gr. samningsins um landbúnað er veitt heimild til að leggja viðbótartoll umfram tollabindingar samkvæmt forskrift sem gefin er. Viðbótartollur þessi fer stighækkandi eftir því sem innflutningsverð er lægra og eftir því sem innflutt magn eykst umfram tiltekin mörk. Það er landbúnaðarráðherra sem ákveður hvort tollurinn verður lagður þegar þessi tilteknu skilyrði eru fyrir hendi sem greinir í 5. gr. landbúnaðarsamningsins.

Ákvæðum þessum er ætlað að sporna við því að undirboð á heimsmarkaði eða aðrir ófyrirsjáanlegir atburðir verði til þess að raska alvarlega jafnvægi á mörkuðum fyrir landbúnaðarvörur í aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Um 24. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 25. gr.

Hér er innheimta þjónustugjalda löguð að kröfum samningins, sjá nánar umfjöllun í d-lið III. kafla.

Um 26. gr.

Fortakslaust bann við innflutningi landbúnaðarvara, eins og nú er í 10. gr. laganna og gildir m.a. um ýmsar hrávörur, samrýmist ekki samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina, sjá nánar umfjöllun í c-lið IV. kafla um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.

Um 27. og 28. gr.

Lög um innflutningshömlur á smjörlíki, niðursoðinni mjólk og þurrmjólk numin úr gildi.

Um 29. gr.

Í 2. gr. laga nr. 88/1992, um innflutning, er kveðið á um að þeir sem flytja inn vörur sem háðar eru innflutningstakmörkunum greiði 1% leyfisgjald. Í reynd hefur þetta ákvæði aðeins verið virkt vegna innflutnings á burstum í tollskrárnúmeri 9603.9000. Í bráðabirgðaákvæði laganna er jafnframt kveðið á um innflutningstakmarkanir á þessum burstum. Ákvæði þetta hefur ekki verið virkt frá árinu 1979.

Lagt er til að framangreind ákvæði verði felld úr gildi. Til þess að tryggja að breyting þessi komi ekki til með að skerða hagsmuni blindra er gert ráð fyrir að tollar á innfluttum burstum hækki úr 10% í 15%.

Um 30. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að tollalögum, búvörulögum, lögum um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim verði breytt þannig að lög og reglur um innflutning landbúnaðarvara verði í samræmi við skuldbindingar þær sem Ísland hefur tekist á hendur við aðild landsins að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

Tolltekjur af innfluttum landbúnaðarvörum renna í ríkissjóð samkvæmt frumvarpinu, að undanskildu andvirði tolls af innfluttu fóðri sem skal renna í sérstakan sjóð, fóðursjóð, sem verður í vörslu landbúnaðarráðherra, sbr. 15. gr. Tekjur af sérstöku 55% fóðurgjaldi námu 170 m.kr. á sl. ári og runnu 50/55 hlutar af þeim tekjum aftur til framleiðenda.

Samkvæmt 24. gr. frumvarpsins mun ráðherra landbúnaðarmála skipa nefnd þriggja manna til ráðuneytis um ákvæði frumvarpsins, verði það að lögum. Kostnað við nefndina má áætla innan við 1 m.kr. Gert er ráð fyrir að gagnasöfnun fyrir nefndina fari fram á vegum landbúnaðarráðuneytis og annarra aðila stjórnkerfisins og ekki komi til sérstaks kostnaðarauka af þeim sökum. Þá má ætla að starfsemi embættis yfirdýralæknis geti aukist nokkuð, sbr. 27. gr., þar sem á honum hvílir skylda eftirlits með innflutningi ýmissa landbúnaðarafurða sem til þessa hafa ekki verið fluttar inn. Að lágmarki verður að telja að þar bætist eitt starf við og mun kostnaður vegna launa og annarra gjalda aukast við það um 3–4 m.kr.

30. Frumvarp til laga [13. mál]

um breyting á lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 1. júní 1989.

(Eftir 2. umr., 29. maí.)

1. gr.

6. gr. laganna verður svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra getur skipað fulltrúa við héraðsdómstól til að framkvæma dómsathafnir í umboði og á ábyrgð dómstjóra eða héraðsdómara þar sem eigi er skipaður dómstjóri. Sá einn getur hlotið slíka skipun sem fullnægir skilyrðum 1. og 3.–6. tölul. 5. gr.

Dómstjóri eða héraðsdómari, þar sem eigi er skipaður dómstjóri, getur falið fulltrúa að annast hvers konar dómsathafnir, en þó ekki að fara með og leysa að efni til úr einkamálum þar sem vörnum er haldið uppi eða opinberum málum frá því að þau koma til aðalmeðferðar.

2. gr.

4. mgr. 8. gr. laganna verður svohljóðandi:

Ákvæði 3. mgr. gilda einnig um dómara skv. 7. gr. og fulltrúa dómara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en skulu endurskoðuð eigi síðar en 1. október 1996.

31. Lög [13. mál]

um breyting á lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 1. júní 1989.

(Afgreidd frá Alþingi 29. maí.)

Samhljóða þskj. 30.

32. Frumvarp til laga [28. mál]

um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 119. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

2. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 87/1994, orðast svo:

Falli veiðileyfi skips skv. 1. mgr. þessarar greinar niður má veita nýju eða nýkeyptu sambærilegu skipi veiðileyfi í þess stað enda hafi rétti til endurnýjunar ekki verið afsalað. Sé um að ræða endurnýjun báts, sem veiðar stundar með línu og handfærum með dagatakmörkunum skv. 1.–10. mgr. 6. gr., skal afkastageta hins nýja eða nýkeypta báts

þó vera a.m.k. 50% minni en þess báts er veiðileyfi lætur. Ávallt skal nýr eða nýkeyptur bátur vera minni en 6 brúttótonn. Heimilt er að flytja veiðileyfi fleiri en eins skips til skips er veiðileyfi hlýtur. Þá er heimilt að veita fleiri en einu skipi veiðileyfi í stað skips er veiðileyfi lætur. Óheimilt er að gera breytingar á skipum sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni þannig að afkastageta þeirra aukist nema annað skip eða önnur skip láti veiðileyfi á móti. Ráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um endurnýjun fiskiskipa.

2. gr.

6. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 87/1994, orðast svo:

Bátar minni en 6 brl., sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum með dagatakmörkunum, krókabátar, skulu frá og með fiskveiðiárinu er hefst 1. september 1995 stunda veiðar með þeim takmörkunum er kveðið er á um í 2.–11. mgr. þessarar greinar. Þessum bátum er einungis heimilt að stunda veiðar með handfærum og línu. Þó er sjávarútvegsráðherra heimilt að veita þeim leyfi til að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf, svo sem plógum og gildrum og til hrognkelsaveiða í net.

Veiðar skulu bannaðar í desember og janúar sem og í sjö daga um páska og verslunarmannahelgi samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Veiðar skulu enn fremur bannaðar aðra og fjórðu helgi hvers mánaðar auk föstudaga á undan hvorri helgi. Falli banndagar þessir saman við banndaga um páska eða verslunarmannahelgi flytjast þeir fram sem því nemur. Á banndögum eru allar veiðar óheimilar. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu varðandi veiðar í sérhæfð veiðarfæri samkvæmt lokamálslið 1. mgr.

Krókabátum gefst frá og með fiskveiðiári því er hefst 1. september 1995 kostur á að velja milli þess að stunda veiðar með þorskaflahámarki skv. 4. mgr. og þess að stunda veiðar með viðbótarbanndögum eins og nánar er lýst í 5.–9. mgr.

Þorskaflahámark þeirra báta er þann kost velja skal samtals nema sama hlutfalli af 21.000 lestum, miðað við óslægðan fisk, og nam samanlagðri hlutdeild þessara báta í heildarþorskafla krókabáta á almanaksárinu 1994. Skal því skipt milli einstakra báta á grundvelli veiðireynslu viðkomandi báts almanaksárin 1992, 1993 og 1994. Skal við þá skiptingu fyrst taka tvö bestu árin varðandi þorskafla hvers báts og reikna meðalþorskafla bátsins á þeim árum. Sá hluti þannig reiknaðs meðalafla fyrir hvern bát, sem umfram er 50 lestir, skal síðan margfaldaður með stuðlinum 0,7. Þannig umreiknaður meðalafli tveggja bestu áranna skal lagður til grundvallar hlutfallslegri skiptingu sameiginlegs þorskaflahámarks milli einstakra báta. Við ákvörðun þorskaflahámarks skal ekki tekið tillit til frátafa frá veiðum á viðmiðunartímabilinu.

Fyrir þá báta sem velja viðbótarbanndaga skal fiskveiðiárinu skipt upp í fjögur veiðitímabil og hámarksafli þeirra ákveðinn á hverju tímabili. Veiðitímabil eru sem hér segir:

1. tímabil 1. september til 30. nóvember.
2. tímabil 1. febrúar til 30. apríl.
3. tímabil 1. maí til 30. júní.
4. tímabil 1. júlí til 31. ágúst.

Sameiginlegur hámarksafli þeirra báta er þennan kost velja telst sama hlutfall af 21.000 lestum af þorski, miðað við óslægðan fisk, og nam samanlagðri hlutdeild þessara báta í heildarþorskafla krókabáta á almanaksárinu 1994 og skal honum skipt þannig milli veiðitímabila, að á fyrsta tímabil falla 24%, á annað tímabil 11%, á þriðja tímabil 32% og á fjórða tímabil 33%.

Fari þorskafli þeirra báta er þennan kost velja á einhverju veiðitímabili fram úr fyrrgreindu hámarki skal banndögum á sama tímabili á næsta fiskveiðiári fjölgað, í fyrsta sinn á fiskveiðiári því sem hefst 1. september 1995. Í því sambandi skal reikna meðalafla á dag á umræddu veiðitímabili liðins fiskveiðiárs og finna viðbótarbanndaga með því að deila þeirri tölu í viðkomandi umframafla. Skal banndögum fjölgað um heila daga og broti sleppt. Hámarksafli skv. 6. mgr. á viðkomandi tímabili næsta fiskveiðiárs skal lækka sem umframaflanum nemur.

Viðbótarbanndagar skulu falla á þær helgar sem veiðar eru ekki bannaðar á skv. 2. mgr. á viðkomandi tímabili og síðan bætast framan við fasta banndaga á viðkomandi tímabili. Þeim skal skipt eins jafnt niður og unnt er. Þó skulu fyrstu sjö viðbótarbanndagarnir á fyrsta tímabili vera í lok tímabilsins, fyrstu sjö viðbótarbanndagarnir á öðru tímabili vera í upphafi þess og fyrstu sjö viðbótarbanndagarnir á þriðja tímabili vera dagarnir fyrir sjómannadag. Á viðbótarbanndögum eru allar veiðar óheimilar. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu varðandi veiðar í sérhæfð veiðarfæri samkvæmt lokamálslið 1. mgr.

Sé einn maður í áhöfn krókabáts er óheimilt að róa með og eiga í sjó fleiri en 12 bala af línu, en 20 bala séu tveir eða fleiri í áhöfn. Miðað er við að 420 krókar séu á línu í hverjum bala.

Fiskistofa skal fyrir 1. júlí 1995 senda útgerðum tilkynningu um reiknað þorskaflahámark hvers báts og forsendur þess og hafa útgerðir mánaðarfrest til að tilkynna um val milli þorskaflahámarks og viðbótarbanndaga og sama frest til að koma að athugasemdum. Velji útgerð ekki fyrir tilskilinn tíma skal bátnum ákvarðað þorskaflahámark. Skal Fiskistofa úrskurða um framkomnar athugasemdir eins fljótt og við verður komið. Sætti útgerðarmaður sig ekki við úrskurð Fiskistofu getur hann skotið málinu til sérstakrar kærunefndar er ráðherra skipar. Skal hún skipuð þremur mönnum og skal formaður hennar fullnægja skilyrðum til að vera skipaður héraðsdómari. Úrskurðir kærunefndar eru fullnaðarúrskurðir innan stjórnkerfisins.

Heimilt er án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar í tómstundum til eigin neyslu. Slíkar veiðar er einungis heimilt að stunda með handfærum án sjálfvirknibúnaðar. Afla, sem veiddur er samkvæmt heimild í þessari málsgrein, er óheimilt að selja eða fénýta á annan hátt.

3. gr.

4. mgr. 12. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 87/1994, fellur niður.

4. gr.

Við 17. gr. laganna, sbr. 12. gr. laga nr. 36/1992, bætist ný málsgrein er verður 4. mgr. og orðast svo:

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að settur skuli, á kostnað útgerða, sjálfvirkur eftirlitsbúnaður til fjareftirlits um borð í fiskiskip.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við upphaf þess fiskveiðiárs er hefst 1. september 1995. Ákvæði 1. gr. koma þó þegar til framkvæmda. Hafi bindandi samningur verið gerður fyrir gildistöku laga þessara um kaup eða smíði á nýjum báti í stað báts er stundar veiðar með línu og handfærum með dagatakmörkunum skulu eldri reglur um endurnýjun þó gilda um þann bát enda hafi hann fengið útgefið haffærisskír-

teini fyrir 31. desember 1995. Sama gildir um samninga um breytingu á skipum sem fengu leyfi til veiða í atvinnuskyni fyrir 1. janúar 1986.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Á fiskveiðiárunum 1995/1996 til og með 1998/1999 skal árlega ráðstafa 5.000 lestum af þorski til jöfnunar samkvæmt þessu ákvæði. Aflaheimildir þessar miðast við óslægðan fisk og skulu þær dregnar frá leyfðum heildarafla þorsks áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar, sbr. 3. mgr. 7. gr.

Aflaheimildum skv. 1. mgr. skal árlega úthlutað til þeirra skipa sem orðið hafa fyrir mestri skerðingu við úthlutun aflamarks frá fiskveiðiárinu 1991/1992 til þess fiskveiðiárs er úthlutunin varðar. Skal úthlutunin framkvæmd eftir að ákvörðun hefur verið tekin um ráðstöfun aflaheimilda skv. 9. gr. og miðast við að skerðing umfram tiltekin mörk skuli að fullu bætt, þó þannig að ekkert skip fái meira en 10 lestir af þorski, miðað við slægðan fisk, í sinn hlut árlega. Skip sem leyfi hafa til fullvinnslu botnfiskafla um borð, sbr. lög nr. 54/1992, skulu ekki njóta bóta samkvæmt þessu ákvæði.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um úthlutun samkvæmt þessari grein. Skal hann m.a. kveða á um við hvaða tíma skuli miða aflahlutdeild. Þá er ráðherra heimilt að ákveða að litið skuli í heild á veiðiheimildir skipa í eigu sömu útgerðar varðandi bótaútreikning ef ástæða er til að ætla að reynt verði að hafa áhrif á bótaútreikning með millifærslu aflahlutdeildar milli skipa.

Á fiskveiðiárinu 1994/1995 skal úthluta sérstaklega til jöfnunar þeim hluta aflahámarks vegna línutvöföldunar skv. 6. mgr. 10. gr. sem ekki nýttist við línuveiðar í nóvember til febrúar. Skal þessum aflaheimildum úthlutað í samræmi við reglur 2. og 3. mgr. þessa ákvæðis eftir því sem við á og skal í þeim efnum miða við aflahlutdeild einstakra skipa 1. maí 1995.

Við ráðstöfun aflaheimilda skv. 9. gr. á því tímabili sem um getur í 1. mgr. þessa ákvæðis er heimilt að taka mið af breytingum í aflamarki sem orðið hafa á lengra tímabili en milli fiskveiðiára.

II.

Á fiskveiðiárunum 1995/1996 til og með 1998/1999 skal Byggðastofnun árlega hafa til ráðstöfunar þorskaflahámark er nemur 500 lestum miðað við óslægðan fisk. Skal Byggðastofnun árlega ráðstafa þessum aflaheimildum til krókabáta sem gerðir eru út frá byggðarlögum sem algjörlega eru háð veiðum slíkra báta og standa höllum fæti. Frá og með fiskveiðiárinu 1999/2000 skal sjávarútvegsráðherra með reglugerð ráðstafa þessum aflaheimildum til krókabáta.

III.

Sjávarútvegsráðherra skal flytja frumvarp um breytingar á 6. gr. laga þessara þar sem sóknardagar að eigin vali útgerðar komi í stað fyrir fram ákveðinna banndaga jafnskjótt og hann telur að tæknilegar og fjárhagslegar forsendur séu fyrir hendi til að hafa virkt eftirlit með nýtingu sóknardaga báta, sem krókaveiðar stunda með sjálfvirkum búnaði til fjareftirlits eða öðru eftirliti sem ráðherra telur fullnægjandi. Skal ráðherra í því skyni tafarlaust láta fara fram sérstaka könnun á þeim kostum sem fyrir hendi eru varðandi búnað til eftirlits með fiskiskipum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt verkefnaskrá sjávarútvegsráðuneytisins, sem samþykkt var af ríkisstjórn 22. apríl sl., skulu lög um stjórn fiskveiða þegar endurskoðuð. Helstu atriði þeirrar endurskoðunar eru samkvæmt verkefnaskránni eftirfarandi:

— Reglur um endurnýjun fiskiskipa verði endurskoðaðar þannig að tryggt verði að afkastageta fiskiskipaflotans aukist ekki. Heimilað verði að nýta skip sem úrelt hafa verið til annarrar atvinnustarfsemi en fiskveiða.
— Skapað verði svigrúm til að bæta hlut þeirra báta sem orðið hafa fyrir mestri skerðingu aflaheimilda vegna minnkandi þorskveiða.
— Til að tryggja stöðu þeirra sem haft hafa lífsviðurværi af krókaveiðum verður banndagakerfið tekið til endurskoðunar og leitað annarra leiða við stjórnun en að fjölga banndögum.
— Framsalstakmarkanir bitna harðar á einstaklingsútgerðum en öðrum, þar á meðal sú regla að ekkert skip megi flytja til sín meira aflamark en nemur því sem það fékk úthlutað í upphafi fiskveiðiárs. Til að koma í veg fyrir þetta verður svokölluð tvöföldunarregla ekki látin koma til framkvæmda.

Í samræmi við framangreinda verkefnaskrá hefur það frumvarp sem hér er lagt fram verið samið í sjávarútvegsráðuneytinu. Með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu er verið að bregðast við þeim brýnu vandamálum og athugasemdum sem lágu að baki markmiðum verkefnaskrárinnar um tafarlausa endurskoðun laga um stjórn fiskveiða.

Ljóst er að niðurskurður veiðiheimilda og þá sérstaklega þorskaflaheimilda hefur skapað mikla erfiðleika í sjávarútvegi sem sjávarútvegurinn hefur þurft að takast á við með margvíslegum hætti. Í þeirri glímu hefur atvinnugreinin sýnt mikla aðlögunarhæfni og frumkvæði og í heild náð að styrkja stöðu sína við þessar erfiðu aðstæður. Það hefur tekist á þeim grundvelli sem ríkjandi fiskveiðistjórnun hefur skapað.

Það hefur þó sýnt sig að mismunandi greinar útgerðarinnar hafa átt misjafnlega auðvelt með að nýta sér þau sóknarfæri sem hafa skapast, svo sem eins og veiðar á öðrum tegundum en þeim sem bundnar eru aflamarki og veiðar á fjarlægum miðum. Hefur einkum verið bent á erfiðleika minni aflamarksbáta og skipa í þessu sambandi. Í þessu frumvarpi er lagt til í ákvæði til bráðabirgða I að úthlutað verði 5.000 lestum af þorski, miðað við óslægðan fisk, til jöfnunar til viðbótar og að teknu tilliti til 12.000 þorskígildislesta jöfnunar skv. 9. gr. laganna sem gert er ráð fyrir að fari fram með hliðstæðum hætti og verið hefur, þó þannig að við jöfnun skv. 9. gr. verði nú hægt að horfa lengra aftur en til næstliðins fiskveiðiárs sem tengist þeirri staðreynd að ekki er útlit fyrir að þorskveiðiheimildir komandi fiskveiðiárs verði minni en á yfirstandandi fiskveiðiári. Við úthlutun viðbótarjöfnunar er horft til skerðingar aflaheimilda sem orðið hefur frá fiskveiðiárinu 1991/1992 og koma öll skip önnur en fullvinnsluskip, sbr. lög nr. 54/1992, til álita við þá úthlutun. 10 lesta hámarki á úthlutun til hvers skips samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I er hins vegar ætlað að tryggja að sú úthlutun komi hinum minni skipum hlutfallslega mest til góða. Tæplega 600 skip mundu fá bætur samkvæmt þessari 5.000 lesta úthlutun og næmi skerðing þeirra eftir bætur 19,8–43,7% miðað við veiðiheimildir fiskveiðiársins 1991/1992. Lagt er til að árleg úthlutun samkvæmt þessu ákvæði standi til og með fiskveiðiárinu 1998/1999, en að strax á yfirstandandi fiskveiðiári verði úthlutað með sama hætti þeim hluta aflahámarks vegna línutvöföldunar skv. 6. mgr. 10. gr. sem ekki nýttist við línuveiðar í nóvember til febrúar sl. Réttlætanlegt þykir að útdeila með þessum hætti til aflamarksbáta því ónýtta aflahámarki sem aflamarksbátum á línuveiðum stóð

til boða, sérstaklega með hliðsjón af þeim brýna vanda sem margir aflamarksbátar standa frammi fyrir og vísað var til að framan.

Annað meginviðfangsefni verkefnaáætlunar sjávarútvegsráðuneytisins er að finna aðra aðferð en fjölgun banndaga til að halda veiði krókaleyfisbáta innan ákveðins aflahámarks, en markmið slíks valkosts við banndagakerfi gildandi laga skal samkvæmt verkefnaáætluninni vera að: „Tryggja stöðu þeirra, sem haft hafa lífsviðurværi af krókaveiðum".

Núgildandi reglur, sem settar voru með lögum nr. 87/1994, úthluta sameiginlegum hámarksafla sem nemur 20.170 þorskígildislestum fyrir alla krókabáta sameiginlega, en það var meðalafli þeirra á fiskveiðiárunum sem hófust 1. september 1991 og 1. september 1992. Þessu heildaraflamarki var skipt niður á fjóra hluta fiskveiðiársins og giltu ákveðnir banndagar innan hvers tímabils. Fari afli einhvers tímabils fram úr hámarkinu fyrir tímabilið skal banndögum sama tímabils á næsta fiskveiðiári fjölgað svo mikið að það dugi til að halda heildaraflanum innan þess marks sem ákveðið hefur verið.

Sú regla sem áður var í gildi samkvæmt lögum nr. 38/1990 gerði ráð fyrir óheftri sókn krókabáta utan ákveðinna banndaga, þó þannig að ef heildarhlutdeild þessara báta í botnfiskafla á árunum 1991–1993 ykist um meira en 25% að meðaltali skyldi heimild til krókaleyfis falla niður og bátunum úthlutað aflamarki frá 1. september 1994. Í raun fór aflaaukningin langt fram úr þessari viðmiðun. Sú aflahlutdeild sem til skipta skyldi koma var sú hlutdeild sem þessir bátar áttu kost á á árinu 1990 sem næmi, miðað við úthlutað aflamark á yfirstandandi fiskveiðiári, samtals u.þ.b. 2.896 þorskígildislestum. Með lagabreytingunni 1994 var sá afli sem krókabátar höfðu heimild til að veiða með öðrum orðum hækkaður úr 2.896 þorskígildislestum, miðað við yfirstandandi fiskveiðiár, í 20.170 þorskígildislestir, eða um u.þ.b. 600%.

Þorskafli krókabáta hefur verið sem hér segir undanfarin 6 almanaksár:

Ár	*Þorskafli á Íslandsmiðum m.v.ósl. í þús.lestir*	*Þorskafli krókabáta m.v. ósl. í þús.lestir*	*Hlutdeild í heildarþorskafla*
1989	354	8	2,2%
1990	334	15	4,5%
1991	307	17	5,5%
1992	267	23	8,6%
1993	251	22	8,8%
1994	178	34	19,1%

Á þessari stundu er ekki vitað hver heildarafli krókabáta á botnfisktegundum í aflamarki verður á yfirstandandi fiskveiðiári, en ef hlutfallsleg aukning á 3. og 4. tímabili verður svipuð og á 1. og 2. tímabili má gera ráð fyrir því að aflinn muni ná rúmlega 44.000 lestum, miðað við óslægðan afla, sem eru rúmlega 35.000 þorskígildislestir, eða um 75% umfram þær 20.170 þorskígildislestir sem heimild þeirra miðast við. Miðað við það yrðu banndagar á næsta fiskveiðiári alls um 229 og fjöldi veiðidaga aðeins 136, sbr. nánar töflur í fskj. I.

Ljóst er að mikil fjölgun banndaga getur komið sér afar illa fyrir þá sem stundað hafa þessar veiðar og hafa haft af þeim lífsviðurværi, en margir þeirra hafa lítið eða ekkert aukið afla sinn nokkur undanfarin ár. Fjölgun banndaga getur orðið óbærileg fyrir þessa aðila.

Þróunin hefur verið sú að margir af þeim nálægt 1.100 bátum, sem leyfi hafa til krókaveiða, hafa verið endurnýjaðir og afkastageta þeirra aukin. Jafnframt því að þeim er haldið meira til veiða. Hefur hluti þeirra báta sem krókaveiðar stunda aukið sókn sína verulega. Margir þeirra báta sem notaðir eru til krókaveiða eru afkastamikil veiðiskip og þeir aflahæstu veiða um og yfir 300 lestir á ári. Þá er ljóst að enn er geysilega mikil sóknargeta ónýtt í hópi krókabáta þótt formlegum leyfum fjölgi ekki. Það er því umhugsunarefni hvort þær vonir sem ýmsir höfðu fyrir aðeins um ári varðandi möguleikana á að halda krókaveiðum innan ákveðins heildarafla með banndagakerfi hafi ekki brugðist.

Í raun virðist aðeins um tvær leiðir að velja að því marki að halda heildarveiði krókabáta innan meðalafla fiskveiðiáranna 1991/1992 og 1992/1993. Annars vegar að fjölga banndögum um meira en tvo þriðju, sem mundi kippa grundvelli undan rekstri margra þeirra sem hafa stundað þessar veiðar, í þágu þeirra sem vilja stækka hlut sinn í sameiginlegu aflahámarki krókaflotans. Og hins vegar að setja aflahámark á hvern einstakan bát á grundvelli aflareynslu síðustu ára. Eðlilegt er að miða slíkt aflahámark við leyfilegan þorskafla eingöngu, en láta dagatakmörkunum eftir að takmarka sókn í aðrar tegundir en þorsk. Ástæðan er sú að vægi þorsks í afla þessara báta er yfir 80 af hundraði. Aflahámarkið mundi því miðast við 21.500 lestir af þorski, miðað við óslægðan fisk, en ekki 20.170 þorskígildislestir sem er viðmiðun sem ákvarðar heimilaðan afla krókabáta samtals í fleiri tegundum.

Varðandi útfærslu á hinni miklu fækkun sóknardaga, sem verður að koma til ef ekki er sett aflahámark, hafa verið reifaðar ýmsar hugmyndir. Má þar nefna einstaklingsbundið val róðrardaga sem ekki yrði tilkynnt fyrir fram, að gefinni heildartölu róðrardaga. Þessar hugmyndir eru óframkvæmanlegar eins og sakir standa þar sem nauðsynleg eftirlitstækni er ekki tiltæk, en slíkt kerfi er hins vegar á margan hátt geðþekkara en kerfi fastra banndaga. Í ákvæði til bráðabirgða III er hins vegar gerð tillaga um að slíkt kerfi verði tekið upp þegar t.d. gervihnattasamskipti gera slíkt einstaklingsbundið eftirlit mögulegt.

Til að verja stöðu þeirra sem lífsviðurværi hafa haft af krókaveiðum, samtímis því að staðið sé við markmið gildandi laga um að heildarþorskafli krókabáta verði ekki meiri en 21.500 lestir, miðað við óslægðan fisk, hefur sjávarútvegsráðuneytið talið eðlilegt að setja einstaklingsbundið hámark á þorskveiðar hvers báts. Aðrir hafa hins vegar talið hagsmunum eigenda krókabáta betur borgið með öðrum takmörkunum og talið fjölgun banndaga illskárri kost til að halda þorskveiðum þeirra innan 21.500 lesta.

Með hliðsjón af framangreindum sjónarmiðum er gerð sú tillaga í 2. gr. frumvarpsins að eigendum krókabáta verði gefinn kostur á að velja um hvorri hinna tveggja takmarkana þeir vilji sæta.

Í framkvæmd yrði þetta þannig að báðir hópar yrðu að sæta þeim 136 banndögum sem gilda á yfirstandandi fiskveiðiári, en þar fyrir utan mundu menn sjálfir velja um hvort þeir kjósi einstaklingsbundið hámark á þorskafla tiltekins báts eða fastákveðna viðbótarbanndaga.

Hlutdeild hópanna tveggja í heildaraflahámarki allra krókabáta mundi ráðast af hlutdeild báta í hvorum hópnum um sig í þorskafla almanaksárið 1994.

Áður en menn velja hvort þeir kjósi einstaklingsbundið þorskaflahámark eða viðbótarbanndaga skal Fiskistofa reikna út hvert hámarkið yrði fyrir hvern einstakan bát, þannig að menn geti grundvallað val sitt á þeim upplýsingum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að tvö bestu árin af síðustu þremur yrðu lögð til grundvallar útreikningi þorskaflahámarks fyrir hvern bát en þá gæti endanlegt hlutfall t.d. orðið nálægt 70% af reynslu allt að 50 tonnum, en nálægt 50% af reynslu þar umfram.

Að því er varðar þann hóp sem kýs viðbótarbanndaga er lagt til samkvæmt frumvarpinu að reynt sé að dreifa banndögum með þeim hætti að það komi sér betur fyrir þá sem hafa atvinnu af þessu útgerðarformi. Hér má líka nefna að samkvæmt bráðabirgðaákvæði III er gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra flytji frumvarp um breytingar á þessum ákvæðum um banndaga jafnskjótt og hann telur tæknilegar og fjárhagslegar forsendur til eftirlits vera fyrir hendi. Slíkri breytingu er ætlað að fela í sér að menn geti sjálfir valið sína róðrardaga eftir að heildartala leyfðra róðrardaga hefur verið ákveðinn. Skal tafarlaust hefja könnun á þeim kostum sem eru fyrir hendi í þessu skyni. Loks má geta þess í þessu sambandi að samkvæmt bráðabirgðaákvæði II í frumvarpinu er gert ráð fyrir að í fjögur ár verði heimilt að úthluta 500 lestum árlega samkvæmt ákvörðun Byggðastofnunar í þeim tilgangi að hægt sé að rétta hlut þeirra byggðarlaga sem byggja nær eingöngu á útgerð krókabáta. Þessar 500 lestir yrðu teknar óskipt af 21.500 lesta þorskaflahámarkinu og yrði ráðstafað til hækkunar á einstaklingsbundnu þaki þeirra báta sem uppfylltu skilyrði úthlutunar samkvæmt mati Byggðastofnunar.

Auk framangreindra ákvæða um útdeilingu viðbótaraflamarks til jöfnunar og ákvæði um endurskoðun varðandi krókabáta, sem eru veigamestu ákvæði í þessu frumvarpi sem hér er lagt fram, er í 1. gr. frumvarpsins gerð tillaga um að herða endurnýjunarreglur fiskiskipa, sérstaklega varðandi krókabáta, og enn fremur er lagt til með 3. gr. að felld verði niður takmörkun á framsalsrétti sem taka átti gildi um næstu áramót. Vísast að öðru leyti til athugasemda við einstakar greinar varðandi ítarlegri umfjöllun um þessi atriði og tæknilega útfærslu þeirra meginatriða sem rædd voru að framan.

Þess skal að lokum getið að samhliða þessu frumvarpi er flutt frumvarp til laga um breytingu á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Það frumvarp miðar að því að ná því markmiði í verkefnaskrá sjávarútvegsráðuneytisins að skip sem úrelt hafi verið eftir reglum sjóðsins megi nýta til annarrar starfsemi en fiskveiða. Þar er einnig lagt til að úrelding krókabáta verði með sambærilegum hætti og varðandi aðra báta, enda greiði þeir þróunarsjóðsgjald. Með þessu er stefnt að því að krókabátunum fækki þannig að þeir sem eftir verði hafi meira svigrúm.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessari grein er lagt til að settar verði strangari reglur varðandi endurnýjun svonefndra krókabáta en gilda um endurnýjun annarra skipa í fiskiskipaflotanum. Augljóslega er mun ríkari þörf á að draga úr afkastagetu flota sem býr við sóknarstýringu en flota er býr við aflamarkskerfi. Ört vaxandi afli krókabáta undanfarin ár sýnir glöggt að þessi almennu sannindi eiga einnig við um íslenska krókabátaflotann. Í þessu sambandi er einnig rétt að benda á að væru allir gamlir krókabátar endurnýjaðir með öflugum hraðfiskibátum mundi sóknargeta flotans enn aukast mjög verulega. Þannig veiddu rúmlega 400 krókabátar minna en 10 lestir hver á síðasta fiskveiðiári. Er því lagt til að við endurnýjun krókabáts skuli afkastageta hins nýja eða nýkeypta báts vera a.m.k. 50% minni en þess báts er úr rekstri hverfur. Rétt er að benda á í þessu sambandi að hér sem endranær er þó heimilt að flytja veiðileyfi fleiri en eins gamals báts til nýs báts er í flotann bætist en alltaf skal nýr eða nýkeyptur krókabátur þó vera minni en 6 brúttótonn.

Þá er með þessari grein lagt til að óheimilt verði að auka afkastagetu eldri skipa nema úrelt sé á móti afkastaaukningunni. Ráðherra er ætlað sem fyrr að setja nánari ákvæði um endurnýjun fiskiskipa með reglugerð. Má reikna með að stærð skipanna (rúmmál) verði fyrst og fremst höfð til viðmiðunar við mat á afkastagetu framvegis sem hingað til. Samkvæmt núgildandi reglum er óheimilt að stækka skip sem bæst hafa í flotann í stað annarra skipa eftir 1986 án þess að úrelda á móti stækkuninni. Eldri skip er hins vegar heimilt að stækka án úreldinga. Er lagt til að þessi mismunun verði af lögð og að framvegis gildi sama regla um öll skip að þessu leyti. Eftir þá breytingu ættu reglur um endurnýjun ekki að geta haft áhrif á mat útgerðar á hagkvæmni þess að gera upp og stækka gamalt skip annars vegar eða kaupa eða láta smíða nýtt skip í þess stað hins vegar. Þetta getur þó ekki að fullu gilt varðandi krókabátana. Sé gamall krókabátur stækkaður þarf að úrelda a.m.k. tvöfalt fleiri rúmmetra en stækkuninni nemur, en sé nýr bátur keyptur í stað gamals þarf að úrelda a.m.k. tvöfalt heildarrúmmál nýja bátsins. Í báðum tilvikum skal hinn breytti eða nýi bátur þó vera minni en 6 brúttótonn.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að gerð verði breyting á veiðistjórnun svonefndra krókabáta. Um þróun afla þessara báta á undanförnum árum og þörf á breytingum á núverandi ákvæðum um veiðistjórnun vísast til almennra athugasemda með lagafrumvarpi þessu. Ekki er gerð tillaga um breytingu á þeim hópi báta sem nú stunda svonefndar krókaveiðar. Ekki er heldur gerð tillaga um að breyta ákvæðum um þau veiðarfæri sem heimilt er að nota við veiðar á þessum bátum, sbr. þó takmörkun á línuveiðum þeirra báta er viðbótarbanndaga velja. Veiðar þeirra verða því almennt einungis heimilar með línu og handfærum og veiðar með öðrum veiðarfærum bannaðar. Ráðherra getur þó áfram veitt tvenns konar undanþágu frá þessu með útgáfu sérstakra leyfa til tiltekinna báta. Eru það annars vegar heimildir til veiða á botndýrum með plógum, gildrum eða öðrum slíkum veiðarfærum og hins vegar leyfi til hrognkelsaveiða í net. Í þessu sambandi er afar mikilvægt að tryggt sé að slík leyfi verði ekki misnotuð til netaveiða á öðrum tegundum t.d. þorski. Að undanförnu hafa þó nokkur brögð verið að því að hrognkelsanet og þá einkum rauðmaganet hafi verið nýtt til þorskveiða. Er líklegt að nauðsynlegt verði í framtíðinni að binda rauðmagaveiðar tilteknum skilyrðum, t.d. um veiðisvæði, eða takmarka þær með einhverjum hætti til að koma í veg fyrir slíka misnotkun. Þá er gert ráð fyrir því að fastir banndagar þessara báta verði þeir sömu og verið hefur og að tekin verði af öll tvímæli um að á banndögum og viðbótarbanndögum séu allar veiðar krókabáta bannaðar, jafnt veiðar á kvótabundnum tegundum sem aðrar veiðar. Er ljóst að allt banndagakerfið verður ella fullkomlega óframkvæmanlegt. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu vegna veiða á botndýrum með plógum, gildrum eða öðrum slíkum veiðarfærum og vegna hrognkelsaveiða í net.

Nýmæli í greininni lýtur að því að útgerðum krókabáta gefst kostur á að velja milli tveggja aðferða við að halda heildarþorskafla krókabátanna í skefjum. Annars vegar geta þeir valið þorskaflahámark er tekur mið af veiðireynslu liðinna ára og hins vegar kerfi viðbótarbanndaga er bætast við fasta banndaga skv. 2. mgr. Þetta val gefst þeim aðeins einu sinni og er valið bindandi fyrir ókomin fiskveiðiár. Í heild er við það miðað að þorskafli krókabátanna fari ekki fram úr 21.500 lestum, miðað við óslægðan fisk, en það samsvarar meðalþorskafla þeirra á fiskveiðiárunum 1991/1992 og 1992/1993. Af þessu aflamagni eru 500 lestir teknar tímabundið til hliðar samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II til ráðstöfunar til krókabáta í byggðarlögum sem háð eru veiðum þessara báta og höll-

um fæti standa. Eftir standa því 21.000 lestir af þorski sem skiptast milli þeirra krókabáta sem velja þorskaflahámark annars vegar og viðbótarbanndaga hins vegar í hlutfalli við þorskafla báta er hvorn kostinn velja á almanaksárinu 1994. Er það ár valið til þess að hafa viðmiðun um skiptingu afla milli þessara flokka báta eins nærri í tíma og kostur er.

Varðandi þá báta er þorskaflahámark velja er lagt til að aflahámark hvers báts verði miðað við aflareynslu bátsins á sl. þremur almanaksárum. Alltaf er álitamál hve líta á til langs tíma þegar aflareynsla er lögð til grundvallar framtíðarveiðirétti. Hér á landi er þó nokkur hefð fyrir því að miða við þrjú ár í þessum efnum og almennt ákvæði þess efnis er í 8. gr. laga 38/1990. Þá er lagt til að varðandi hvern bát skuli valin tvö bestu árin af framangreindum þremur árum en á móti skuli ekki taka tillit til frátafa frá veiðum. Reynslan sýnir að afar erfitt er að taka tillit til einstaklingsbundinna aðstæðna við ákvarðanir af þessu tagi, t.d. frátafa vegna veikinda, bilana eða af öðrum ástæðum. Með því að velja tvö bestu árin varðandi hvern bát er með almennum hætti brugðist við slíkum einstaklingsbundnum frátöfum. Hafi frátafirnar staðið lengur en eitt ár eða varði þær mörg ár verður það að koma niður á aflahámarki viðkomandi báts enda má þá segja að hann hafi ekki lagt meira af mörkum í þeim heildarþorskafla sem hér er til skipta eða að frátafirnar séu hluti af langvarandi veiðimunstri bátsins á viðmiðunartímabilinu.

Ljóst er að meðalþorskafli þessara báta á því þriggja almanaksára viðmiðunartímabili sem lagt er til grundvallar í þessari grein er nokkru hærri en nemur hlutdeild þeirra á árinu 1994 í framangreindum 21.000 lestum og samanlagður meðalþorskafli þessara báta er enn hærri þegar einungis eru tekin tvö bestu árin hjá hverjum báti. Nauðsynlegt reynist því að lækka aflareynslu hvers báts miðað við tvö bestu aflaárin nokkuð. Til að draga sem mest úr þessari skerðingu hjá þorra krókabáta er lagt til að aflareynsla báta umfram 50 lestir að meðaltali á tveimur bestu viðmiðunarárunum verði skert sérstaklega. Ef allir bátarnir velja þorskaflahámark virðist láta nærri að krókabátar, sem veitt hafa undir 50 lestum að meðaltali tvö bestu árin af síðustu þremur, muni fá nálægt 70% af þeim meðalafla sem þorskaflahámark og að nálægt 50% af afla umfram 50 lestir á viðmiðunarárunum skili sér í þorskaflahámarkinu. Hvert verður raunverulegt hlutfall hámarksafla af reynslu tveggja bestu áranna hjá þeim bátum er þennan kost velja kemur þó ekki í ljós fyrr en allir hafa valið.

Varðandi þá báta er viðbótarbanndagana velja munu að mestu gilda sömu reglur og gilda samkvæmt núgildandi lögum um krókabátana í heild. Viðmiðunarafli þessara báta samsvarar sama hlutfalli af 21.000 lestum af óslægðum þorski og nemur hlutfalli þeirra af þorskafla krókabáta á almanaksárinu 1994. Viðbótarbanndagarnir miðast því einungis við aukningu á þorskafla þessara báta frá viðmiðuninni andstætt því sem nú er þar sem miðað er við þorskígildislestir og öll aflaaukning getur því valdið banndagafjölgun. Er með þessari breytingu komið til móts við þá gagnrýni sem höfð hefur verið uppi að ósanngjarnt sé að fjölga banndögum vegna aukningar á ýsuafla þessara báta. Skulu viðbótarbanndagar fyrst ákvarðaðir fyrir einstök tímabil á fiskveiðiárinu 1995/1996 miðað við afla þeirra báta er þann kost velja á sama tímabili yfirstandandi fiskveiðiárs.

Fiskveiðiárinu er skipt upp í sömu veiðitímabil og samkvæmt gildandi lögum og er afla skipt hlutfallslega milli tímabila á sama hátt og nú er gert. Útreikningur á fjölda viðbótarbanndaga er sömuleiðis óbreyttur. Reiknireglan fyrir viðbótarbanndagana felur það í sér að ef banndagafjöldinn á næsta fiskveiðiári leiðir til þess að krókabátarnir veiði þá hvorki meira né minna en að var stefnt helst banndagafjöldinn óbreyttur fiskveiðiárið 1996/1997. Fari afli þeirra hins vegar enn fram úr viðmiðun, þrátt fyrir fjölgun bann-

daga á næsta fiskveiðiári, kemur enn til fjölgunar viðbótarbanndaga á fiskveiðiárinu 1996/1997. Verði afli þessara báta hins vegar undir viðmiðunarmörkum á næsta fiskveiðiári dregur úr banndagafjöldanum á því þarnæsta. Verður að vona að þrenging endurnýjunarheimilda smábáta, takmarkanir á línuveiðum þeirra og ákvörðun um að taka upp úreldingu þeirra í Þróunarsjóði muni smátt og smátt leiða til einhverrar fækkunar viðbótarbanndaga.

Tillögur eru gerðar um breytingar á því hvenær ársins viðbótarbanndögum sé bætt við. Hin gífurlega aflaaukning krókabáta leiðir að sjálfsögðu til að viðbótarbanndagar verða mun fleiri en menn gerðu sér í hugarlund að yrði. Er lagt til að fyrstu sjö viðbótarbanndagarnir á fyrsta tímabilinu verði í lok þess, þ.e. í lok nóvembermánaðar, að fyrstu sjö banndagarnir á öðru tímabili verði í upphafi þess, þ.e. í byrjun febrúarmánaðar, og að fyrstu sjö banndagarnir á þriðja tímabili verði fyrir sjómannadaginn. Næstu banndagar á þessum þremur tímabilum og fyrstu banndagar á fjórða tímabili falla síðan á þær helgar, þ.e. laugardaga og sunnudaga, sem ekki eru fastir banndagar fyrir skv. 2. mgr. Þeir banndagar sem þá eru eftir bætast loks framan við fasta banndaga viðkomandi tímabils eftir sömu reglu og er í gildandi lögum.

Þá er í greininni lagt til að ákveðin takmörk verði sett á heimilaða línulengd krókabáta sem viðbótarbanndaga velja. Á undanförnum árum hefur milli þriðjungur og fjórðungur af heildarafla krókabátanna verið á línu. Ef þessi ráðstöfun skilar árangri með minnkandi línuafla skilar það sér síðar til krókabátanna í formi fækkunar viðbótarbanndaga.

Gert er ráð fyrir að Fiskistofa vindi bráðan bug að því að senda öllum útgerðum krókabáta tilkynningu um reiknað þorskaflahámark hvers báts og forsendur þess. Er útgerðum gefinn mánaðarfrestur til að velja milli þorskaflahámarks og viðbótarhámarks og til að koma að athugasemdum. Síðan skal Fiskistofa úrskurða um framkomnar athugasemdir eins fljótt og við verður komið. Þá er gert ráð fyrir að komið verði á fót sérstakri kærunefnd sem útgerðarmenn geti skotið úrskurðum Fiskistofu til. Eru úrskurðir kærunefndar fullnaðarúrskurðir innan stjórnkerfisins en að sjálfsögðu geta útgerðir borið mál sín undir dómstóla sætti þeir sig ekki við niðurstöður kærunefndar. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að verið er að skipta tilteknum heildarafla milli báta. Heildarbanndagafjöldi þeirra báta er viðbótarbanndagakostinn velja liggur því ekki fyrir fyrr en val útgerða allra krókabáta er ljóst. Þorskaflahámark einstakra báta er þann kost velja er heldur ekki endanlegt fyrr en úrskurðað hefur verið um öll ágreiningsefni, þar eð breyting á hlutdeild eins báts hefur áhrif á hlutdeild allra hinna. Er því mikilvægt að hraða málsmeðferð sem mest má verða þannig að þorskaflahámark einstakra báta liggi því sem næst fyrir í upphafi næsta fiskveiðiárs. Óhjákvæmilegt verður þó að leiðrétta þorskaflahámark allra báta lítillega síðar því ólíklegt má telja að takist að ljúka öllum málum í sumar.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að fellt verði úr gildi ákvæði það um takmörkun á framsalsheimild aflamarks sem gildi átti að taka 1. janúar 1996. Ákvæði þetta var samþykkt á vorþingi 1994 og má rekja tilurð þess til gagnrýni á svonefnt kvótabrask og deilu sem upp reis milli sjómanna og útgerðarmanna vegna þátttöku sjómanna í kaupum á aflaheimildum. Ástæða þess að þetta er lagt til er sú að ljóst er að slík framsalstakmörkun mundi fyrst og fremst koma niður á útgerðum sem eingöngu eru með einn bát í rekstri og skerða möguleika þeirra, auk þess sem mjög vafasamt er að hún nái þeim tilgangi sem að var stefnt.

Um 4. gr.

Nú er víða um heim í undirbúningi að taka upp fiskveiðieftirlit með sjálfvirkum eftirlitsbúnaði um gervitungl. Er mikilvægt að við Íslendingar fylgjumst vel með í þessum efnum og séum undir það búnir að taka upp slíkt eftirlitskerfi þegar byrjunarerfiðleikum hefur verið rutt úr vegi og kostnaður verður viðráðanlegur. Slíkt eftirlitskerfi gæti t.d. komið að notum varðandi svæðalokanir. Einnig er ljóst að slíkt kerfi er að líkindum forsenda fyrir virku eftirliti með sóknardagakerfi krókabáta, sbr. ákvæði til bráðabirgða II. Er með þessari grein lagt til að ráðherra geti með reglugerð ákveðið að búnaður af þessu tagi sé settur um borð í fiskiskip á kostnað útgerða þeirra.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að breytingar þessar komi til framkvæmda í upphafi næsta fiskveiðiárs, sem hefst 1. september 1995. Þó er gert ráð fyrir að ákvæði 1. gr. komi þegar til framkvæmda. Í 1. gr. er gert ráð fyrir breytingum á endurnýjunarreglum krókabáta og heimildum til breytinga á eldri fiskiskipum. Er nauðsynlegt að kveða skýrt á um lagaskil eldri og yngri reglna. Þar sem ljóst er að einhverjir útgerðarmenn hafa þegar gert ráðstafanir í þessu efni þykir rétt að eldri reglur gildi um þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið fyrir gildistöku laganna, enda hafi hafffærisskírteini vegna nýrra og breyttra fiskiskipa verið gefin út fyrir 31. desember 1995.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í þessu ákvæði er lagt til að næstu fjögur fiskveiðiár verði árlega úthlutað 5.000 lestum af óslægðum þorski til þeirra skipa sem hafa orðið fyrir mestri skerðingu við úthlutun aflamarks frá fiskveiðiárinu 1991/1992. Skal þessi úthlutun fara fram eftir að tekin hefur verið ákvörðun um ráðstöfun aflaheimilda skv. 9. gr. laganna. Úthlutun samkvæmt þessu ákvæði skal miðast við að skerðing umfram tiltekin mörk verði að fullu bætt. Sú takmörkun er aftur á móti ákveðin á þessum bótum að ekkert skip skal fá í sinn hlut bætur umfram 10 lestir af þorski, miðað við slægðan fisk, og enn fremur skulu skip er leyfi hafa til fullvinnslu botnfiskafla um borð ekki fá bætur samkvæmt þessari grein.

Með því að takmarka hámarksbætur við 10 lestir koma bæturnar minni bátum hlutfallslega mest til góða.

Í 3. mgr. þessarar greinar er ráðherra veitt heimild til þess að ákveða að við bótareikning skuli sérstaklega litið til þess ef fleiri en eitt skip er í eigu sömu útgerðar og meta heildarveiðiheimildir þeirra skipa. Er þetta gert til að koma í veg fyrir að útgerð geti með millifærslum veiðiheimilda aflað sér bóta sem hún að öðrum kosti ætti ekki rétt til.

Í 4. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir því að þeim hluta aflahámarks sem ekki nýttist vegna línutvöföldunar á nýliðnum vetri verði úthlutað eftir sambærilegum reglum og að framan getur. Er hér um að ræða 4.344 lestir af þorski og 506 lestir af ýsu, hvort tveggja miðað við óslægðan fisk.

Í lokamálsgrein ákvæðisins er kveðið á um að heimilt verði að miða við lengra tímabil en frá einu fiskveiðiári til hins næsta við ráðstöfun aflaheimilda skv. 9. gr. en hingað til hefur það verið gert. Ekki er útlit fyrir frekari samdrátt í þorskveiðiheimildum en orðið er en aftur á móti getur orðið talsverður samdráttur í öðrum tegundum. Það getur leitt til þess að með óbreyttri aðferð við úthlutun skv. 9. gr. kæmi lítið sem ekkert í hlut báta sem hafa stóran hluta af sínum tekjum af þorskveiðum, þrátt fyrir að þeir hafi orðið fyrir mikilli skerðingu ef litið er til lengri tíma. Með því að heimila að miðað verði við

lengra tímabil er því verið að halda þeim möguleika opnum að bætur á grundvelli 9. gr. komi bátum sem stunda þorskveiðar einnig að notum.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Hér er lagt til að á næstu fjórum fiskveiðiárum verði teknar frá 500 lestir af þorski, miðað við óslægðan fisk, og þeim úthlutað sem viðbótarþorskaflahámarki til báta í allra minnstu byggðarlögunum sem algjörlega eru háð veiðum krókabáta. Lækkar það þorskaflahámark sem til skipta kemur milli krókabáta eftir almennum reglum sem þessu nemur. Stjórn Byggðastofnunar skal árlega taka ákvörðun um úthlutun þessara aflaheimilda. Þeim verður eingöngu úthlutað til krókabáta og tekur úthlutunin að sjálfsögðu ekki gildi fyrr en tilkynningu um hana hefur verið komið til Fiskistofu.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Eins og rakið er í athugasemdum við 4. gr. er fiskveiðieftirlit með sjálfvirkum eftirlitsbúnaði nú mjög að ryðja sér til rúms víða um heim. Ljóst er að slíkt eftirlit getur gefið möguleika á mun sveigjanlegra og þjálla sóknarkerfi krókabáta en nú er ef tæknilegar og fjárhagslegar forsendur reynast fyrir hendi fyrir virku eftirliti með þessum hætti. Er með þessu ákvæði lögð skylda á sjávarútvegsráðherra að láta tafarlaust fara fram könnun á þessum kosti og flytja frumvarp til breytinga á ákvæðunum um krókabáta telji hann forsendur til slíks. Þó er ekki talið rétt að útiloka aðra kosti til eftirlits en sjálfvirkt fjareftirlit ef þeir teljast fullnægjandi.

Fylgiskjal.

Afli krókabáta 1993/94 og áætlaður afli 1994/95 og fjöldi banndaga 1995/1996.

Forsendur:
Afli vex á 3. og 4. tímabili 1994/1995 hlutfallslega eins og á 1. og 2. tímabili m.v. fyrra ár.
Þorskígildisstuðlar 1994/1995 eru alltaf notaðir.

Afli 1993/1994

	1. tímabil	2. tímabil	3. tímabil	4. tímabil	Alls	Þíg.lestir	Heildarafli úr sjó (ósl.)
Þorskur	3,894	3,371	9,557	8,173	24,994	24,994	31,243
Ýsa	969	157	98	286	1,510	1,842	1,887
Ufsi	371	101	370	624	1,466	704	1,833
Karfi	57	36	99	115	307	141	307
skarkoli	5	6	17	1	29	29	31
Þorskígildislestir	5,285	3,633	9,918	8,875	27,710	27,710	35,301

Afli 1994/1995

	Rauntölur 1. tímabil	Rauntölur 2. tímabil	Áætlun 3. tímabil	Áætlun 4. tímabil	Alls	Þíg.lestir	Heildarafli úr sjó (ósl.)
Þorskur	5,568	3,762	12,274	10,497	32,101	32,101	40,126
Ýsa	1,562	98	145	421	2,226	2,716	2,783
Ufsi	214	78	229	386	907	435	1,134
Karfi	41	24	70	81	216	99	234
skarkoli	7	9	29	2	47	47	51
Þorskígildislestir	7,602	3,940	12,623	11,234	35,399	35,399	44,328

Hámarksafli 1994/1995

Þorskígildislestir	4,841	2,219	6,454	6,656	20,170

Fjöldi banndaga

	1. tímabil sept. - nóv.	2. tímabil feb. - apríl	3. tímabil maí - júní	4. tímabil júlí - ágúst	des. - jan.	Alls
1994/1995	18	25	12	19	62	136
1995/1996 (áætl.)	44	52	35	36	62	229

Fjöldi veiðidaga

	1. tímabil	2. tímabil	3. tímabil	4. tímabil	des. - jan.	Alls
1994/1995	73	64	49	43	0	229
1995/1996 (áætl.)	47	37	26	26	0	136

33. Frumvarp til laga [29. mál]

um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 119. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna fellur niður.

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 6. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Bátar er veiðar stunda með línu og handfærum með dagatakmörkunum samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða skulu greiða gjald er miðast við landaðan afla viðkomandi báts á tímabilinu 1. ágúst til 31. júlí fyrir upphaf hvers fiskveiðiárs miðað við skráningu aflans í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu. Um gjald þetta gilda að öðru leyti ákvæði 6. gr. eftir því sem við á.

3. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Komi í ljós að fjárhagur sjóðsins leyfi ekki greiðslu úreldingarstyrkja skv. 1. mgr. þessarar greinar er ráðherra heimilt að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins að lækka þegar ákveðið styrkhlutfall ársins. Jafnframt er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða frestun á greiðslu styrkja ef hún telur að um tímabundinn skort á ráðstöfunarfé sé að ræða.

4. gr.

Í stað 8. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo:

Skilyrði fyrir veitingu loforðs um styrk vegna úreldingar fiskiskips er að eigandi þess lýsi því yfir að skipið verði tekið af skipaskrá, að réttur til endurnýjunar verði ekki nýttur og enn fremur að allar veiðiheimildir skipsins verði sameinaðar aflaheimildum annarra skipa. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. er heimilt að veita loforð um styrk til úreldingar ef því verður lýst yfir að skipinu verði ekki haldið til veiða í efnahagslögsögu Íslands eða það gert út sem fiskiskip frá Íslandi.

Óheimilt er að greiða úreldingarstyrk fyrr en fyrir liggur vottorð Siglingamálastofnunar ríkisins um afskráningu skipsins af skipaskrá eða að þinglýst hefur verið kvöð á skipið þess efnis að það hafi verið tekið varanlega úr fiskiskipastól Íslendinga og að því verði ekki haldið til veiða frá Íslandi. Þá skal liggja fyrir yfirlýsing Fiskistofu um að allar aflaheimildir skipsins hafi varanlega verið sameinaðar aflaheimildum annarra skipa og fallið hafi verið frá rétti til endurnýjunar skipsins. Þá er óheimilt að veita skipi leyfi til veiða í atvinnuskyni ef Þróunarsjóður hefur greitt styrk vegna úreldingar þess. Enn fremur er óheimilt að nýta fiskiskip er hlotið hefur úreldingarstyrk til fiskveiða í efnahagslögsögu Íslands eða gera það út sem fiskiskip frá Íslandi.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 4. gr. skulu þó eingöngu taka til styrkloforða sem gefin verða út eftir gildistöku laganna.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Til viðbótar ákvæði til bráðabirgða I bætist nýtt ákvæði er orðast svo:

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt á árinu 1995 að taka að láni og endurlána Þróunarsjóði sjávarútvegsins allt að 500 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi laganna.

II.

Í stað ákvæðis til bráðabirgða II kemur nýtt ákvæði er orðast svo:

Ákvæði 1. málsl. 2. mgr. 7. gr. um þriggja ára greiðsluskyldu á hvorki við um þau skip er fá úthlutað tiltekinni hlutdeild af heildarafla og voru skráð á skipaskrá fyrir 1. janúar 1994 né um báta 6 brl. og minni er veiðar stunda með línu og handfærum með dagatakmörkunum sem skráðir voru á skipaskrá fyrir 1. maí 1995.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lögð til sú breyting á gildandi lögum að útgerðir báta sem stunda veiðar með línu og handfærum með dagatakmörkunum, svonefndir krókabátar, verði gjaldskyldar til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins og öðlist jafnframt rétt á styrk frá sjóðnum til að úrelda báta sína. Eftir þessa breytingu geta útgerðir allra fiskiskipa sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni fengið styrk frá Þróunarsjóði sjávarútvegsins til að úrelda skip sín.

Þá er einnig lagt til að heimilað verði að nýta skip sem hljóta úreldingarstyrk úr Þróunarsjóðnum til annarrar atvinnustarfsemi en fiskveiða. Þessi breyting er í samræmi við verkefnaskrá sjávarútvegsráðuneytis frá 20. apríl 1995 sem gerð var í tengslum við myndun ríkisstjórnarinnar.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins tók til starfa sumarið 1994. Eitt af meginhlutverkum sjóðsins er að stuðla að fækkun fiskiskipa. Það gerir sjóðurinn með því að greiða úreldingarstyrk þegar fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, er tekið varanlega úr fiskiskipaflota Íslendinga án þess að nýtt skip bætist í flotann í þess stað. Er styrkurinn tiltekið hlutfall af húftryggingarverðmæti fiskiskipsins að hámarki 45%. Þetta ákvæði hefur ekki gilt um krókabáta. Á árinu 1984 voru lagðar hömlur á fjölgun fiskiskipa annarra en báta undir 10 brl. Á árunum 1988 voru reistar vissar skorður við fjölgun smábáta og var fjölgun þeirra stöðvuð á árinu 1990. Þetta varð til þess að smábátum fjölgaði verulega eða úr 1.128 árið 1984 í 2.023 á árinu 1990, sem er 79% fjölgun. Frá og með árinu 1991 var öllum bátum 6 til 10 brl. úthlutað aflahlutdeild og bátum undir 6 brl. boðið að velja á milli aflamarks á grundvelli aflareynslu eða krókaleyfis með dagatakmörkunum. Á fiskveiðiárinu 1993/94 höfðu 1.123 smábátar leyfi til krókaveiða með dagatakmörkunum. Eins og sjá má af töflunni hér að neðan hefur þorskafli þessa hluta fiskveiðiflotans farið sívaxandi undanfarin ár þrátt fyrir mikinn samdrátt í úthlutuðum aflaheimildum.

Þorskveiðar krókabáta frá árinu 1991

	Þorskafli tonn	*Úthlutað aflamark í þorski tonn (2,1875%)*	*Hlutdeild í heildar-þorskafla*
Fiskveiðiárið 1991 (jan-ág)	14.032	5.103	5,7%
Fiskveiðiárið 1991/1992	21.004	5.465	7,6%
Fiskveiðiárið 1992/1993	21.970	3.990	9,1%
Fiskveiðiárið 1993/1994	31.255	2.974	16,0%
Fiskveiðiárið 1994/1995	40.000*	2.935	23,0%*

* Áætlun

Dálkur 1 sýnir heildarþorskafla krókabáta á viðkomandi fiskveiðiári. Dálkur 2 sýnir hlutdeild krókabáta í heildarþorskafla samkvæmt veiði á viðmiðunarárunum (1987–1989). Loks sýnir dálkur 3 hlutdeild krókabáta í heildarþorskafla landsmanna veiddum á Íslandsmiðum.

Eins og framangreindar tölur sýna hafa krókabátar aukið mjög hlutdeild sína í þorskveiðum landsmanna. Það er því afar brýnt að koma í veg fyrir aukna sókn og afkastagetu þessara báta. Þegar þorskafli einstakra krókabáta er skoðaður kemur í ljós að hann er mjög mismikill. Á fiskveiðiárinu 1993/1994 veiddu 120 af 1.123 bátum engan þorsk, 290 bátar veiddu þorsk á bilinu 0,4 til 10 tonn og 164 á milli 10 og 20 tonn hver. Líklegt er að þessi hluti krókabáta geti auðveldlega aukið afla sinn með aukinni sókn eða endurnýjun bátanna. Það er því mjög mikilvægt að spyrna við fótum og koma í veg fyrir að það gerist. Með frumvarpi þessu er því lagt til að úreldingarstyrkir Þróunarsjóðs sjávarútvegsins nái til krókabáta. Við það tekst Þróunarsjóður enn betur á við það hlutverk sitt að stuðla að minnkun fiskiskipaflotans og auka arðsemi þeirra sem eftir standa. Með því móti einu verður hægt að rýmka aflaheimildir þeirra krókabáta sem eftir verða.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins hefur frá stofnun veitt úreldingarstyrki til 126 báta minni en 10 brl. Meðalstærð úreltra smábáta er um 6,8 brl. og hafa styrkirnir verið á bilinu 61 þús. kr. til 6,1 m.kr. Meðalstyrkur vegna úreltra smábáta er um 1,8 m.kr. samkvæmt upplýsingum sjóðsins. Ef útgerðir þeirra 410 krókabáta sem veiddu minna en 10 tonn af þorski á síðasta fiskveiðiári sækja allar um styrk til að úrelda báta sína og meðalstyrkur verður sá sami og Þróunarsjóður hefur þegar greitt má gera ráð fyrir að útvega þurfi Þróunarsjóði um 720 m.kr. lánsfé til að standa undir úreldingu þeirra. Ljóst er að meðalstærð krókabáta er minni en þeirra smábáta sem þegar hafa verið úreltir og má því ætla að meðalstyrkur verði einnig lægri. Því er í frumvarpi þessu lagt til að fjármálaráðherra fái heimild á árinu 1995 til að taka að láni og endurlána Þróunarsjóði sjávarútvegsins allt að 500 m.kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til að sjóðurinn geti tekið að sér þetta mikilvæga viðbótarhlutverk.

Verði frumvarp þetta að lögum munu krókabátar verða gjaldskyldir við Þróunarsjóð. Annars vegar munu krókabátar greiða, eins og önnur fiskiskip, gjald er nemur 750 kr. á brúttótonn. Gjaldið mun falla í gjalddaga og verða innheimt í fyrsta skipti á árinu 1996. Hins vegar munu krókabátar bætast við þann skipastól sem greiða eiga gjald af aflaheimildum skv. 6. gr. laganna en hún kemur til framkvæmda frá og með 1. september 1996. Krókabátum er ekki úthlutað aflamarki. Með frumvarpi þessu er því lagt til að landaður afli viðkomandi krókabáts á tímabilinu 1. ágúst til 31. júlí — fyrir upphaf hvers fiskveiðiárs — verði lagður til grundvallar álagningu gjaldsins.

Mikil eftirspurn hefur verið eftir styrkjum úr Þróunarsjóði sjávarútvegsins síðan hann hóf starfsemi sína á sl. ári. Að tillögu sjóðstjórnar ákvað sjávarútvegsráðherra að beita hámarksstyrkhlutfalli, þ.e. 45% af húftryggingarverðmæti, vegna úreldingar á síðasta ári. Um síðustu áramót lækkaði styrkhlutfallið í 40% af húftryggingarverðmæti. Styrkurinn á að vera hvatning til þess að sameina aflaheimildir á færri skip og stuðla þannig að betri rekstrarafkomu þeirra skipa sem eftir verða. Stjórn Þróunarsjóðs hafði greitt út 162 styrki að fjárhæð um 1.703 m.kr. 5. maí 1995. Voru þá ógreidd loforð um 95 úreldingarstyrki að fjárhæð um 804,3 m.kr. Verði öll styrkloforð greidd mun fiskiskipaflotinn minnka um tæplega 7% í tonnum talið fyrir tilstuðlan Þróunarsjóðs sjávarútvegsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, eru bátar minni en 6 brúttórúmlestir sem stunda veiðar með línu og handfærum með dagatakmörkunum undanþegnir því að greiða gjald til Þróunarsjóðs. Samkvæmt 7. gr. laganna veitir sjóðurinn eingöngu styrki til úreldingar þeirra skipa sem eru gjaldskyld skv. 4. gr. Frumvarp þetta felur í sér þá breytingu á gildandi lögum að eigendur krókabáta öðlast rétt til að sækja um styrk til Þróunarsjóðs til að úrelda báta sína. Jafnframt fellur á þá sú skylda að greiða gjald til Þróunarsjóðs. Gjalddagi þróunarsjóðsgjalds vegna umræddra báta skal í fyrsta sinn vera 1. janúar 1996 og greiðist gjaldið samkvæmt ákvæðum 4. gr. Grunngjaldið er 750 kr. á hvert brúttótonn og verður það innheimt með sama hætti hjá krókabátum og öðrum smábátaeigendum. Þróunarsjóður sjávarútvegsins hefur innheimt þetta gjald með því að senda gjaldskyldum smábátaeigendum gíróseðil á miðju ári.

Um 2. gr.

Samkvæmt 6. gr. laganna um Þróunarsjóð sjávarútvegsins skal Fiskistofa innheimta gjald af úthlutuðu aflamarki frá og með því fiskveiðiári er hefst 1. september 1996. Skal gjaldið nema a.m.k. 1.000 kr. fyrir hverja þorskígildislest og greiðast með þremur jöfnum greiðslum hvert fiskveiðiár, 1. september, 1. janúar og 1. maí. Krókabátar fá ekki úthlutað aflamarki og því er með frumvarpi þessu lagt til að landaður afli viðkomandi krókabáts eins og hann er skráður í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu á tímabilinu 1. ágúst til 31. júlí fyrir upphaf hvers fiskveiðiárs verði lagður til grundvallar við útreikning á gjaldi bátsins. Þegar gjald þetta verður reiknað í fyrsta sinn 1. september 1996 mun það hvað varðar krókabáta því miðast við landaðan afla hvers krókabáts fyrir sig á tímabilinu 1. ágúst 1995 til 31. júlí 1996. Að öðru leyti fer útreikningur gjaldsins eftir ákvæðum greinarinnar og munu krókabátar greiða sambærilegt gjald og önnur fiskiskip greiða í Þróunarsjóð sjávarútvegsins frá og með því fiskveiðiári er hefst 1. september 1996.

Um 3. gr.

Samkvæmt lögum um Þróunarsjóð skal sjóðurinn greiða öllum umsækjendum sem uppfylla lagaskilyrði úreldingarstyrk á viðkomandi ári miðað við það hlutfall af húftryggingarverðmæti fiskiskips sem ákveðið er árlega fyrir upphaf hvers almanaksárs. Samkvæmt gildandi lögum er ekki skýr lagaheimild til að breyta styrkhlutfalli innan ársins. Hér er lagt til að tekin verði af öll tvímæli um að sjóðstjórn geti gert tillögu til ráðherra um breytingar á styrkhlutfalli innan ársins — ef í ljós kemur að umsóknir um úreldingarstyrki fari langt fram úr greiðslugetu sjóðsins — og þeim rekstraráætlunum sem lántökuheimildir sjóðsins grundvallast á. Er við það miðað að lækkun á styrkhlutfalli nái til óafgreiddra umsókna en ekki áður gefinna loforða um úreldingarstyrk.

Um 4. gr.

Í þessari grein er kveðið á um hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til þess að stjórn Þróunarsjóðs lofi að veita styrk úr sjóðnum til að úrelda fiskiskip og styrkur verði greiddur. Frumvarp þetta felur í sér þá breytingu á gildandi lögum að heimilað verður að nýta innan lands þau skip sem hlotið hafa úreldingarstyrk úr Þróunarsjóði til annarrar atvinnustarfsemi en fiskveiða, enda verði skuldbindingu um breytta notkun þess þinglýst sem kvöð á skipið. Í gildandi lögum er ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir greiðslu úreldingarstyrks að úrelta skipið skuli tekið af skipaskrá. Samkvæmt 15. gr. laga nr. 115/1985, um skráningu skipa, sbr. lög nr. 23/1991, skal afmá skip af skipaskrá í eftirfarandi tilvikum:

1. Skip hefur verið skráð erlendis.
2. Skip hefur farist eða horfið.
3. Skip er rifið, metið ónýtt eða ekki talið viðgerðar virði.
4. Skip hefur legið ónotað í 3 ár samfleytt.
5. Ef um opinn bát er að ræða og aðalskoðun hefur ekki farið fram í 5 ár samfleytt.

Samkvæmt þessu þarf skip að hafa verið skráð erlendis, teljast ónýtt, eða hafa verið ónotað/óskoðað í tiltekinn árafjölda til þess að verða tekið af skrá hér á landi. Nokkur þeirra skipa sem Þróunarsjóður hefur veitt úreldingarstyrk eru nýleg fiskiskip sem þykja henta vel til að sinna öðrum verkefnum en fiskveiðum. Krafa gildandi laga um afskráningu fiskiskipsins af skipaskrá Siglingamálastofnunar áður en til greiðslu styrksins gæti komið hefur því þótt ósanngjörn, enda þýðir hún í raun að annaðhvort verður að selja skipið úr landi eða farga því. Með frumvarpi þessu er lagt til að Þróunarsjóði sjávarútvegsins verði heimilað að greiða styrki til úreldingar fiskiskipa þótt þau hafi ekki verið tekin af skipaskrá, enda verði skuldbindingu um breytta notkun þess þinglýst á skipin og önnur skilyrði laganna fyrir greiðslu úreldingarstyrks uppfyllt.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Til að gera Þróunarsjóði sjávarútvegsins kleift að veita útgerðum krókabáta styrki vegna úreldingar báta þeirra er lagt til að fjármálaráðherra verði heimilað að taka lán að fjárhæð 500 m.kr. og endurlána Þróunarsjóði sjávarútvegsins. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Til þess að geta strax hafið greiðslu úreldingarstyrkja til útgerða krókabáta er lagt til að gerð verði undantekning varðandi krókabáta er voru á skipaskrá 1. janúar 1995 frá almennu ákvæði um þriggja ára greiðsluskyldu til Þróunarsjóðs til að geta hlotið úreldingarstyrk frá sjóðnum.

34. Frumvarp til laga [30. mál]

um breytingu á lögum nr. 93 20. nóvember 1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, með síðari breytingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 119. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málgrein er verður 2. mgr. Núverandi 2. mgr. verður 3. mgr. Málsgreinin orðast svo:

Eftirlitsmönnum eftirlitsstofnunar EFTA er heimilt í samvinnu við Fiskistofu og í fylgd starfsmanna hennar að gera vettvangsathugun hjá þeim aðilum sem fengið hafa vinnsluleyfi frá Fiskistofu, sbr. 12. gr. laganna, til að sannreyna að uppfyllt séu skilyrði laga þessara og reglna settra með stoð í þeim.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að eftirlitsmönnum eftirlitsstofnunar EFTA sé heimilað að gera vettvangsathugun hjá íslenskum fiskvinnslufyrirtækjum sem vinnsluleyfi hafa fengið frá Fiskistofu til að ganga úr skugga um að ástand fyrirtækja sé í samræmi við við löggjöf um meðferð og hreinlæti við framleiðslu sjávarafurða. Er gert ráð fyrir að fyrir fram sé haft samráð við Fiskistofu um vettvangsathugun og hún gerð í fylgd eftirlitsmanna Fiskistofu.

Með aðild að samningi um Evrópskt efnahagssvæði skuldbatt Ísland sig til að fella inn í löggjöf sína meginmál samningsins og fjölmörg atriði úr löggjöf Evrópusambandsins. Á sviði sjávarútvegs var m.a. samið um að fella inn í löggjöf okkar flest efnisatriði tilskipunar ráðherraráðsins nr. 91/493 um hollustuhætti við framleiðslu og markaðssetningu fisks og fiskafurða, ásamt tilskipunum og ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins henni tengdar. Í 8. gr. tilskipunarinnar er sérfræðingum framkvæmdastjórnarinnar í samvinnu við lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum heimilaðar vettvangsathuganir til að tryggja samræmda beitingu tilskipunarinnar og til að ganga úr skugga um að farið sé í raun eftir ákvæðum hennar. Hliðstætt ákvæði við 8. gr. tilskipunar ráðherraráðsins nr. 91/493 er ekki að finna í lögum nr. 93/1992.

Á grundvelli 108. gr. samnings um Evrópskt efnahagssvæði hafa EFTA-ríkin komið á fót sjálfstæðri eftirlitsstofnun með hliðstæðu sniði og hjá Evrópusambandinu til að tryggja efndir á skuldbindingum ríkjanna samkvæmt samningnum. Eftirlitsstofnunin (ESA) hefur í þessu skyni yfirfarið lög nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, og þær reglugerðir sem settar hafa verið á grundvelli laganna.

Íslenskum stjórnvöldum bárust formlegar athugasemdir frá stofnuninni vegna vanefnda Íslands á EES-samningnum, dags. 21. desember 1994. Meðal annars var gerð sú athugasemd að ekki væri að finna í lögum heimild þess efnis að eftirlitsstofnunin gæti gert vettvangsathuganir hjá þeim aðilum sem leyfi hefðu til að framleiða sjávarafurðir fyrir markað í ríkjum innan Evrópusambandsins. Á fundi með eftirlitsmönnum stofnunarinnar 6. apríl sl. voru ítrekaðar fyrri athugasemdir og óskað eftir því að gripið yrði til skjótra aðgerða til að heimila vettvangsathuganir hjá fiskvinnslufyrirtækjum.

Frumvarp þetta er því lagt fyrir Alþingi til að uppfylla samningsskyldur Íslands samkvæmt samningi um Evrópskt efnahagssvæði og koma þannig í veg fyrir frekari aðgerðir af hálfu eftirlitsstofnunar EFTA sem gætu falist í formlegri kæru til EFTA-dómstólsins.

35. Frumvarp til laga [31. mál]

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 119. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Í stað orðanna „1. nóvember 1995“ í 4. málsl. 2. mgr. 45. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 112/1994, sbr. 1. gr. laga nr. 122/1994, kemur: 1. júlí 1996.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða:

a. Í stað orðanna „1. júní 1995“ í 2. og 3. málsl. 2. tölul. kemur: 1. júlí 1996.
b. Í stað orðanna „1. nóvember 1995“ í 3. tölul. kemur: 1. júlí 1996.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við setningu lyfjalaga, nr. 93/1994, er öðluðust að hluta til gildi 1. júlí 1994, var ákveðið að fresta gildistöku VII. kafla laganna um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfa og XIV. kafla laganna um lyfjaverð til 1. nóvember 1995. Lyfjalög, nr. 93/1994, eru í grundvallaratriðum byggð á þeim skuldbindingum sem Íslendingar hafa undirgengist með aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Markmið með frestun gildistöku framangreindra kafla lyfjalaga var að skapa svigrúm til þess að meta hvaða áhrif gildistaka annarra kafla laganna hefði þannig að gera mætti breytingar á reglum VII. og XIV. kafla ef ástæða þætti til í ljósi reynslunnar. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði 29. júlí 1994 nefnd fulltrúa allra þingflokka og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis sem m.a. var ætlað að fylgjast með áhrifum nýrra lyfjalaga. Nefndinni var ætlað að skila skýrslu til ráðherra fyrir 1. september 1995. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra óskaði 26. apríl 1995 eftir því að nefndin hraðaði störfum og skilaði skýrslu um stöðu mála fyrir 1. júlí 1995. Meiri hluti nefndarinnar telur að áhrifa lyfjalaganna sé ekki enn farið að gæta, m.a. þar sem ekki hefur gefist tóm til að setja ýmsar reglugerðir á þessu sviði. Það er mat nefndarinnar að áhrifa nýrra lyfjalaga og EES-samningsins á lyfjanotkun og lyfja-

kostnað almennings og hins opinbera hér á landi fari fyrst að gæta að einhverju marki á næsta ári.

Þar sem fyrir liggur að enn hafa ekki komið fram að fullu áhrif gildistöku nýrra lyfjalaga, sem talið var að lægju fyrir 1. nóvember 1995, er talið nauðsynlegt að lengja frest gildistöku VII. og XIV. kafla lyfjalaga. Því er í frumvarpi þessu lagt til að VII. og XIV. kaflar laganna öðlist ekki gildi fyrr en 1. júlí 1996. Frestunin miðast við að framkvæmd á grundvelli annarra kafla lyfjalaga nái að fullu að koma fram þannig að fyrir liggi reynsla sem byggja megi á við mat á áhrifum lyfjalaga, nr. 93/1994.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru bráðabirgðaákvæði gildandi laga um frestun á gildistöku ákvæða um lyfjaverð og um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi framlengd til 1. júlí 1996. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1995 var gert ráð fyrir að ná 100 m.kr. sparnaði í lyfjaútgjöldum sem var háð því að framangreind ákvæði lyfjalaga tækju gildi í ársbyrjun 1995, en fallið var frá því við afgreiðslu fjárlaga.

Það er mat fjármálaráðuneytisins að aukin samkeppni í smásölu lyfja muni að öllum líkindum lækka álagningu og bæta þjónustu við notendur að því gefnu að notandi greiði hlutfallslega í verði lyfja og beri sjálfur umframkostnað af sambærilegum dýrari lyfjapakkningum. Í niðurlagi umsagnar fjármálaráðuneytisins haustið 1993 um frumvarp til nýrra lyfjalaga sagði:

„Að öllu samanlögðu mun frumvarpið líklega lækka lyfjakostnað ríkisins og neytenda. Helst er að vænta árangurs í innflutningsverði og í innkaupum heilbrigðisstofnana auk þess sem möguleg samkeppni í smásölu mun lækka álagningu. Ekki er gerlegt að meta með neinni vissu hve mikið útgjöld ríkisins og stofnana þess lækka verði frumvarpið samþykkt, en til lengri tíma litið gæti verið um verulega fjármuni að ræða ef vel til tekst. Mikilvægar forsendur þess að árangur náist eru að lyfjaverð hafi áhrif á val notenda og hlutfallsgreiðslur neytenda í lyfjaverði."

Ljóst er að ýmis ákvæði gildandi lyfjalaga munu að öllum líkindum lækka lyfjakostnað, svo sem samhliða innflutningur, en nokkur töf hefur orðið á að hann kæmist til framkvæmda. Ef frumvarpið verður að lögum er líklegt að ekki náist fram frekari lækkun á álagningu lyfja í smásölu nema stjórnvöld beiti til þess öðrum aðgerðum.

36. Tillaga til þingsályktunar [32. mál]

um mótmæli til breskra stjórnvalda gegn förgun olíupallsins Brent Spar.

Frá umhverfisnefnd.

Alþingi ályktar að mótmæla harðlega þeirri ákvörðun breskra stjórnvalda að veita Shell-olíufélaginu leyfi til að sökkva olíupallinum Brent Spar með margvíslegum eiturefnum í Atlantshaf og gerir kröfu til að leyfið verði afturkallað þegar í stað.

Greinargerð.

Í febrúar 1995 veittu bresk stjórnvöld Shell-olíufélaginu leyfi til að sökkva úreltum olíupalli, sem ber heitið Brent Spar, í hafið milli Skotlands og Íslands. Ráðgert er af hálfu Shell að hefja undirbúning að förgun á næstu dögum. Þessi ákvörðun er í hróplegri ósamræmi við nútímaviðhorf til umhverfisverndar og byggist á ófullnægjandi upplýsingum. Hún brýtur jafnframt gegn ákvæðum og anda alþjóðasamninga og sáttmála eins og Óslóarsáttmálans, OSPAR-samningsins og Lundúnasáttmálans. Mörgum spurningum er ósvarað varðandi tæknilegar lausnir við slíka förgun, kostnað og umhverfisáhrif. Um borð í Brent Spar er að finna umtalsvert magn eiturefna, þar með talið PCB og þungmálma, fyrir utan olíuefni og lággeislavirk efni.

Hafa ber í huga að innan skamms þarf að úrelda fjölda olíupalla sem nú eru starfræktir í Norðursjó og förgun Brent Spar í hafið mundi skapa afar viðsjárvert fordæmi. Jafnframt væri með því verið að gera að engu mikilsvert starf á alþjóðavettvangi til að koma í veg fyrir mengun sjávar. Í stað förgunar í sjó ber að draga úrelta olíupalla að landi og eyða þeim þar og endurvinna efni þeirra. Benda má á bandarískа löggjöf í þessu sambandi, en frá árinu 1987 hafa mörg hundruð olíupallar í Mexíkóflóa verið dregnir að landi til förgunar, þar af ekki færri en 20 í eigu Shell. Svipaðar hugmyndir eru uppi um förgun norskra olíupalla, m.a. N.E. Frigg sem er af svipaðri gerð og Brent Spar.

Þann 8.–9. júní 1995 koma ráðherrar frá níu löndum sem láta sig varða umhverfi Norðursjávar saman til fundar í Danmörku. Þess er að vænta að ekkert verði aðhafst varðandi förgun Brent Spar olíupallsins fyrir þann tíma og að ráðherrafundurinn láti mál þetta til sín taka.

Íslendingar, sem byggja efnahag sinn á fiskveiðum, gera kröfu til að ekkert verði aðhafst sem spillt geti vistkerfum Norður-Atlantshafs. Því hlýtur Alþingi að mótmæla harðlega áformum um förgun Brent Spar, sem og annarra olíupalla, í hafið.

37. Fyrirspurn [33. mál]

til forsætisráðherra um flutning ríkisstofnana út á land.

Frá Hjálmari Árnasyni.

1. Hvað líður framkvæmd tillagna nefndar frá 15. júlí 1993 um flutning ríkisstofnana út á land?
2. Má búast við að tillaga nefndarinnar um flutning Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja verði framkvæmd?

3. Hefur ný ríkisstjórn í hyggju að kanna fleiri þætti sem snerta aukna þjónustu og flutning ríkisstofnana á landsbyggðina?

38. Fyrirspurn [34. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um sjúkraþjálfun í heilsugæslunni.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvað líður framkvæmd 17. gr. laga um heilbrigðisþjónustu þar sem kveðið er á um að sjúkraþjálfarar skuli starfa við H2 heilsugæslustöðvar?
2. Hversu margir sjúkraþjálfarar starfa við heilsugæslustöðvar
   a. í Reykjavík,
   b. á landinu öllu?
3. Hversu mörg stöðugildi sjúkraþjálfara eru í heilsugæslunni?
4. Er gert ráð fyrir einhverju forvarnastarfi af þeirra hálfu eða er eingöngu um meðferð sjúklinga að ræða?

Skriflegt svar óskast.

39. Tillaga til þingsályktunar [35. mál]

um stefnumótun í ferðaþjónustu með hliðsjón af „grænni ferðamennsku“.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að móta heildarstefnu í ferðaþjónustu á Íslandi sem hafi „græna ferðamennsku“ að leiðarljósi.

Greinargerð.

Móttaka ferðamanna er mjög vaxandi atvinnuvegur og þjónustugrein hér á landi. Ferðaþjónusta hefur vaxið mjög hratt og erlendum ferðamönnum, sem koma hingað til lands, hefur fjölgað um meira en 100% á 10 árum. Stjórnvöld binda miklar vonir við greinina, en til þess að þær vonir rætist verður að huga að því hvert skuli stefna í ferðaþjónustunni, hvernig við viljum byggja upp móttöku ferðamanna og um leið standa vörð um náttúruperlur okkar.

Áherslur í ferðaþjónustunni eru síbreytilegar og því er mikilvægt að fylgst sé með straumum og stefnum í þeirri atvinnugrein sem öðrum. Nefna má í því sambandi tegund eða stefnu í ferðamálum sem kennd hefur verið við „græna ferðamennsku“ sem er vistvæn eða sjálfbær ferðamennska. Í henni er lögð áhersla á vistvænt umhverfi, að staðir haldi sínu upprunalega útliti og að heimamenn séu hafðir með í ráðum þegar ferðaþjónustan er skipulögð. Einnig er mikilvægt að hafa í huga hvaða áhrif ferðaþjónustan hefur á umhverfi, menningu og efnahag viðkomandi lands. Síðan verður að kynna ferðaþjónustuna sem rekin er á vistvænan hátt sérstaklega sem slíka.

Það hefur einnig verið mikilvægur þáttur í vistvænni ferðaþjónustu að fá ferðamenn til að nota innlendar framleiðsluvörur, enda vilja ferðamenn sem aðhyllast þessa tegund ferðamennsku gjarnan reyna innlendar vörur. Þeir leggja einnig mikið upp úr að nota almenningssamgöngur og varast að misbjóða landinu með ágangi.

Ísland hefur meiri möguleika en flest önnur lönd til að laða að sér útlendinga sem aðhyllast þessa tegund ferðamennsku, en talið er að þeir séu tugir milljóna og þeim fari mjög fjölgandi. Ýmsir markaðsmenn telja að í „grænni ferðamennsku“ sé fólginn einn mesti vaxtarbroddurinn sem Íslendingar eiga í atvinnumálum um þessar mundir.

Reynsla þjóða, sem hafa verið leiðandi í ferðaþjónustu, er að vanda verður til hennar. Þjóðir, sem hafa byggt stóran hluta þjóðarframleiðslu sinnar á ferðamennsku án þess að marka ákveðna stefnu í ferðaþjónustu, eiga nú við ýmsan alvarlegan vanda að etja, svo sem umhverfisspjöll, mengun og félagsleg og menningarleg vandamál.

Markvissa stefnumótun vantar í íslenska ferðaþjónustu og rannsóknir í greininni eru í lágmarki. Ef við ætlum að byggja ferðaþjónustuna upp til að hún megi verða sem blómlegust um alla framtíð er nauðsynlegt að huga að heildarstefnumótun hennar. Ella gætum við lent í sömu sporum og þær ferðamannaþjóðir sem hafa vanrækt stefnumörkun og búa nú við það ástand að búið er að kippa undirstöðunum undan ferðaþjónustu þeirra. Við verðum að vera viðbúin að bregðast við neikvæðum fylgifiskum ferðamennskunnar, svo sem náttúruspjöllum ýmiss konar, átroðningi og ómarkvissum aðgerðum og framkvæmdum. Mikilvægt er að leggja áherslu á gæði þjónustunnar og velta fyrir sér hvort fara beri leið gjaldtöku í ferðaþjónustu.

Brýnt er að hugað verði að þessum málum; löggjöf okkar um ferðamál er orðin tveggja áratuga gömul og þarfnast heildarendurskoðunar. Lög og reglur um ferðaþjónustu verða að vera í takt við þá tíma sem við lifum á svo að hún fái að vaxa og dafna til hagsbóta fyrir alla. Við verðum að skipuleggja ferðaþjónustuna betur, setja okkur vel skilgreind markmið til næstu 10 eða 20 ára, ákveða hversu marga ferðamenn við viljum fá hingað og hve mikið þeir kunni að skilja eftir í landinu og hvaða áhrif þeir hafi á atvinnulífið og landið sjálft.

Fylgiskjal I.

Ingiveig Gunnarsdóttir:

ÚR SAMANTEKT UM GRÆNA FERÐAMENNSKU
(Apríl 1995.)

Svar grænnar ferðamennsku við neikvæðum áhrifum ferðaþjónustu á þjóðfélagsþróun og menningu er:

— Koma ber í veg fyrir að náttúruauðlindir og þau verðmæti sem felast í menningu og heiðum beri skaða af ferðamennsku.
— Ferðamennska á að vera afl til verndunar.
— Hrinda þarf í framkvæmd áætlunum um sjálfbæra þróun á öllum sviðum ferðamennsku.

— Koma þarf upp viðeigandi undirbyggingu (infrastructure) sem dregur úr mengun drykkjarvatns, andrúmslofts og álags á viðkvæm vistkerfi og dýralíf.
— Leggja skal áherslu á að stefnumótun í sjálfbærri þróun nái til samgangna þannig að almenningssamgöngur verði styrktar og hvatt verði til göngu- og hjólreiðaferða.
— Rannsaka þarf og kynna burðargetu (útivistarþol) ákveðinna svæða (carrying capacity) og halda uppi sívirku eftirliti með því að framfylgja ákveðnum viðmiðunarstöðlum (sjá skýringu síðar).
— Virða á þarfir og rétt heimamanna.
— Stuðla skal að verndun og viðhaldi menningararfleifðar og merkra sögustaða með upplýsingum til ferðamanna og merkingum á stöðunum.

Vandamál ferðaþjónustunnar í hnotskurn:

Almennt þekkingarleysi á: umfangi á neikvæðum áhrifum ferðaþjónustunnar á náttúruna.

Skortur á færni: til að setja mælikvarða miðað við sjálfbæra þróun og burðarþol er stemma stigu við neikvæðum áhrifum.

Skortur á hæfileika: til að stýra ferðaþjónustunni í það horf að jafna dreifingu ferðamanna til að magnið bitni ekki á gæðum.

Skortur á skilningi: á því að ferðamennska hefur áhrif, er þverfagleg atvinnugrein, sem verður ekki auðveldlega snúið til baka.

Skortur á viðurkenningu: á því að ferðamennska er hreyfiafl sem samhliða því að orsaka breytingar, aðlagast þeim.

Skortur á samvinnu og samkomulagi: um það hvaða mælikvarði er ákjósanlegur hverju sinni til að hafa hemil á ferðamennsku og finna henni vistvænan farveg í stefnumótun.

Samvinna, upplýsingar, stefnumótun, menntun og sívirkt eftirlit.
Lykilatriði grænnar ferðamennsku.

Samgöngur:

Þróun í áttina:
— ný gerð af hljóðlátari flugvélum sem eru minni mengunarvaldar,
— aukin notkun rafmagnsknúinna farartækja,
— áhersla á aukna notkun sporvagna til almenningssamgangna,
— meira og betra aðgengi að ferðamannastöðum, t.d. með skipulagi bílastæða,
— áhersla á aðgengi að ferðamannastöðum í rútum frekar en á einkabílum,
— betra skipulag göngustíga og hjólreiðabrauta til hvatningar umhverfisvænum ferðamáta.

Gisti- og veitingastaðir:
— stuðla að því að byggingarstíll og hönnun falli sem best að umhverfinu,
— draga fram sérkenni svæðis í innanhússhönnun og stíl,
— komi í veg fyrir óhóflega sóun á raforku og vatnsnotkun þar sem hún er takmörkuð,

— stuðla að sem mestri endurnýtingu og endurvinnslu þess sem til fellur,
— flokka úrgang og hreinsa frárennslisvatn til notkunar sem áveituvatn eða til að vökva „lífrænt ræktaða grænmetið í garði hótelsins“,
— notast sem mest við þær afurðir sem framleiddar eru í landinu, svo sem landbúnaðarafurðir, og byggja matseðla á því besta úr eldhúsi heimamanna; gefa fólki innsýn í matargerð og menningu svæðisins,
— benda gestum á mikilvægi þess að virða umhverfi og náttúru, m.a. með því að spara handklæðin,
— miðla upplýsingum um nánasta umhverfi og sérkenni náttúru, sögu og landslags til gesta með einhverjum hætti,
— vekja athygli fólks á „vistvænum“ afþreyingarmöguleikum í næsta nágrenni, gönguleiðum, hestaferðum, fuglaskoðun o.s.frv.; upplýsingar þurfa að vera aðgengilegar,
— „grænir“ gisti- og veitingastaðir eru litlir í sniðum, stíllinn einfaldur en lýsandi fyrir hefðir og sérkenni svæðisins, reynt er að stemma stigu við að örtröð myndist við þjónustu, gæði þjónustu höfð í fyrirrúmi, stuðlað er að því að umhverfi, viðmót og þjónusta falli sem best að náttúrustemmningunni.

Afþreying:

Áhersla á: alls kyns ævintýra- og náttúruferðir, svo sem „river rafting“, fjallgöngur, klettaklifur, áhættuferðir (survival tourism), köfun o.fl. Fyrirtæki í Hollandi, sem skipuleggja slíkar ferðir, tóku höndum saman og gáfu út leiðbeiningar til ferðamanna. Einnig voru gerðar kröfur um að skipaðir væru eins konar eftirlitsmenn sem færu með hverjum hópi en væru einnig starfandi á svæðinu. Með þessu móti væri hægt að tryggja að rusli væri ekki hent á víðavangi, plöntur og dýralíf biði ekki skaða af umferð ferðamanna og göngustígar væru notaðir.

Markmið þessara skipuleggjenda var að tryggja sem best gæði fyrir ferðamenn og afla sér um leið vinsælda með því að sýna að við skipulagningu ferða væri gaumur gefinn að náttúrunni.

Áhersla hér á landi lögð á:
— litla hópa, hámark 25–30 manns,
— hönnun ferða sem taka mið af því að menn kynnist:
  a. náttúrustemmningu,
  b. flóru og fánu,
  c. sögu og menningu,
  d. lífinu í landinu,
  e. þjóðfélagsuppbyggingu og sérstöðu atvinnugreina.

Markmiðið er að ferðamaðurinn upplifi snertingu við mannlíf, sögu, menningu og náttúru. Afþreyingarmöguleika þarf að hanna með það í huga. Dæmi: Innsýn í líf bóndans, heimsókn á bóndabæ, heimsókn í frystihús, fólki gefinn kostur á að spyrja heimamenn spurninga, heimsókn í gróðurhús, hákarlssmökkun í lifandi umhverfi, Íslendingasögur glæddar lífi, sviðssetningar — ævintýrauppákomur í náttúrunni, „survival tourism“, námskeiðahald, sbr. reiðskólar, fjallgönguskólar, bridds- og skákskólar o.fl., sem þáttur í að auðga innsýn ferðamannsins og stuðla að sem mestum gæðum ferðarinnar.

Stefnumótun, skipulagsmál og aðgerðaáætlanir:

Skýr stefnumótun stjórnvalda og ferðamálaráðs er lykilatriði í sjálfbærri þróun í ferðamennsku og getur afstýrt stórfelldum skaða á náttúruauðlindum. Slík yfirlýst stefnumótun, sem nær til allra þátta atvinnugreinarinnar, er öflugt stjórntæki til framkvæmda og sívirks eftirlits.

Vegna efnahagslegs mikilvægis ferðaþjónustu hafa stjórnvöld oft látið leiðast út í framleiðslustýringu, þ.e. að fjölga ferðamönnum og gistinóttum. Ferðamálayfirvöld víða í Evrópu hafa þó á síðustu árum lagt síaukna áherslu á gæði fremur en magn.

Leiðir til að minnka álag á umhverfi.

Hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar mælir með eftirfarandi kerfi:

— Setja markmið og marka stefnu er tekur mið af aðstæðum ákveðins afmarkaðs svæðis, héraðs eða landshluta.
— Setja fram ákveðinn viðmiðunarkvarða sem endurspeglar markmiðin.
— Hrinda í framkvæmd áætlun sem miðar að því að settum markmiðum verði framfylgt.
— Halda uppi sívirku eftirliti til að mæla áhrif ferðamennsku á umhverfi með aðstoð viðmiðunarkvarðanna.

Dæmi um þætti grænnar ferðamennsku í stefnuyfirlýsingu ferðamálaráða:

— Taka sérstakt tillit til náttúruferðamennsku í heildarstefnumótun ferðamála.
— Hrinda af stað markaðsátaki fyrir náttúruferðamennsku, skilgreina „vöruna“, flokka náttúruafþreyingarmöguleika og efla markaðsrannsóknir til að kanna eftirspurnina.
— Skipuleggja afmörkuð svæði — þjóðgarða, náttúrugarða með þjónustu fyrir ferðamenn sem ber að greiða fyrir, t.d. í upphafi ferðar — „voucher“ sem felur í sér aðgang að þremur þjóðgörðum.
— Aðlaga ferðamálalög að náttúruvernd til viðhalds náttúruauðlindinni.
— Byggja upp öflugt rannsóknarkerfi til að fylgjast með og safna tölfræðilegum og lýðfræðilegum upplýsingum um „náttúrugestinn“.
— Efla samvinnu við einkaframtakið og efna til fjármögnunarleiða til að styrkja grunngerð ferðaþjónustunnar, ekki eingöngu þjónustuþáttinn, heldur einnig framkvæmdir sem stuðla að meiri eyðslu ferðamannsins á hverjum stað.
— Efla menntun á öllum sviðum ferðamennsku, sérmennta starfsmenn þjóðgarða, leiðsögumenn og aðra í umhverfisfræði og stjórnun.
— Koma upp kerfi sem tryggir að hluti af tekjum af ferðamennsku fari til viðhalds þjóðgarða og náttúruverndar.
— Skipuleggja sívirkt eftirlit með að gæðum þjónustu og aðbúnaðar sé framfylgt á ferðamannastöðum.

Græn ferðamennska á Íslandi.

Fjöldi erlendra ferðamanna:

1960	12.806
1970	52.908
1980	65.921
1985	97.443
1990	141.718
1994	179.241

Árleg meðalfjölgun síðustu fimm ár er 6,55%. Miðað við það verður fjöldi ferðamanna hér árið 2000 um 265.000 og árið 2004 340.000.

Gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu.

11% allra gjaldeyristekna eru af útfluttum vörum og þjónustu. Sjávarútvegur skilar um 55%.

4% þjóðarinnar hafa lifibrauð sitt af ferðamennsku, en ársverk eru talin um 4.972. Spáð er að á næstu 15 árum verði til um 2.500–3.000 störf í ferðaþjónustu á Íslandi, en til að skapa eitt ársverk þarf 45 ferðamenn. Til samanburðar má geta þess að um 5% vinnuafls tengjast landbúnaði, samt fær sú atvinnugrein margfalt meiri athygli stjórnvalda.

Vandamál íslenskrar ferðaþjónustu:

Hraður vöxtur greinarinnar hefur leitt til óskipulags í uppbyggingu á þjónustuþáttum. Markaðurinn einkennist af litlum fyrirtækjum sem starfa úr tengslum við heildarsýn markaðarins. Frumleika skortir og því er einhæfni mikil í framboði þjónustu og afþreyingar. Grunngerð og þjónusta hefur tekið mið af að sinna þörfum ferðamanna, en skortur er á að draga fram menningu og sérkenni í landslagi, þjónustu og afþreyingu.

Verð er engan veginn í samræmi við gæði og mismunandi þjónusta og aðbúnaður lögð að jöfnu í verðlagningu.

Skortur er á sérhæfðri menntun og þjónustuþjálfun — starfsfólk skortir heildarsýn á greinina.

Engin skýr stefnumótun, aðeins góð fyrirheit sem ekki eru framkvæmd. Ekkert eftirlit með gæðum þjónustu. Engin sérhæfð, aðgengileg ráðgjöf. Kerfi sem stuðlar að stöðugum árekstrum og deilum milli náttúruverndarsinna og yfirvalda.

Skortur á upplýsingum, merkingum og skipulagningu merkra sögustaða, göngustíga og grunngerðar þjónustu við ferðamenn. Ekki er nóg að merkja staðinn með nafni, heldur gera hann lifandi ferðamanninum á einhvern hátt — skortur á heildarsýn í þessu sem öðru.

Öflugri markaðssetning, samvinna atvinnugreinanna.

Skortur á fjármagni til atvinnugreinarinnar.

Ójöfn dreifing ferðamanna um landið vegna einhæfni í framboði, breyttar áherslur — draga athyglina frá náttúru-„conceptum“ og auka fjölbreytni og framboð á menningarafþreyingu.

Fylgiskjal II.

Gunnar Steinn Pálsson:

ÞJÓÐIN MÁLAR MYNDINA
Hugleiðing á námsstefnunni Framtíðarsýn íslenskrar ferðaþjónustu — græn ferðamennska.
(19. maí 1995.)

Ein af forsendum umfangsmikillar grænnar ferðamennsku á Íslandi er ímynd lands og þjóðar. Sú mynd, sem þarf að draga upp, hlýtur að snúast um hreinleika íslenskrar náttúru og vistvæna lifnaðarhætti þjóðarinnar. Ímyndin verður hins vegar ekki til með auglýsingum og bæklingagerð. Ímynd getur aldrei grundvallast á öðru en raunveruleikanum — sem vel skipulagt kynningarstarf getur hins vegar komið farsællega til skila.

Þjóðin öll skapar því ímyndina. Umgengni hennar við hafið í kringum landið, fiskinn í sjónum og gróðurfar landsins skiptir máli. Landvarsla bændanna, sjálfbærri búskaparhættir þeirra og framleiðsla hreinna afurða án aukefna er grundvallaratriði.

Frumkvæði, nýsköpun og samræming í þjónustunni, heilsugæslunni, matseldinni, afþreyingunni o.s.frv. eru óhjákvæmilegir þættir í uppbyggingu ímyndar og markaðssóknar.

Þátttaka þjóðarinnar og jafnvel forusta í umræðu á sviði umhverfismála, afstaða hennar til alþjóðlegra umhverfisverkefna o.s.frv. er einnig mikilvægur hlekkur í þeirri mynd sem ferðamennska á Íslandi getur byggst á.

Þrátt fyrir hina grænu orku fallvatnanna og jarðvarmans, hreinleika íslenskrar náttúru, hollustu íslenskra matvæla og margs konar annað forskot sem Íslendingar hafa á nágrannaþjóðirnar vantar mikið upp á að staðið sé undir þeim kröfum sem gerðar verða af meðvituðum ferðalöngum framtíðarinnar. Sóknarfærin eru fyrir hendi en framsýni, skilningi og vilja til raunverulegrar fjárfestingar í nýjum tækifærum virðist því miður allt of víða ábótavant.

Samstarf ólíkra atvinnugreina, ferðageirans, landbúnaðar, sjávarútvegs og ýmissa þjónustugreina er grundvallaratriði farsællar verðmætasköpunar á sviði ferðaþjónustu. Heildaryfirsýn og um leið stefnumörkun til langs tíma næst aðeins með raunverulegri vinnu ólíkra aðila á sviði stefnumörkunar. Frumkvæðið þarf að koma frá ferðageiranum, fjármögnun úr sameiginlegum sjóðum, þátttaka frá þjóðinni allri.

Fylgiskjal III.

Framtíðarsýn WTO (hins alþjóðlega ferðamálaráðs) fyrir árið 2000.

Skilgreiningar:

Skilgreining WTO fyrir árið 2000. Framtíðarsýn.

Sjálfbær þróun í ferðamennsku mætir þörfum gestsins og gestgjafans en stuðlar um leið að verndun og auknum markaðstækifærum til framtíðar. Það er fyrirséð að sjálfbær þróun verði ríkjandi þáttur í stjórnun og ákvarðanatöku varðandi auðlindir og náttúruverðmæti í framtíðinni. Markmiðin eru að fullnægja hagfræðilegum, félagslegum og fagurfræðilegum þörfum á þann átt að varðveita og viðhalda menningu, nauðsynlegu vistfræðilegu ferli, líffræðilegum fjölbreytileika og nauðsynlegum lífsskilyrðum.

Vistvæn ferðamennska.

Að ferðast til svæða sem eru tiltölulega ósnortin frá náttúrunnar hendi í þeim tilgangi að njóta landslags og náttúruperla, flóru og fánu og kynnast menningu og sögu viðkomandi svæða.

Sjálfbær ferðamennska.

Ferðamennska sem er boðleg umhverfinu og samfélaginu, þ.e. ábyrg ferðamennska.

Ferðamennska sem skilar sem mestum hagnaði til allra þátttakenda — ferðamannanna, ferðaskipuleggjenda og íbúa svæðisins — án þess að hafa í för með sér skaðleg áhrif á vistfræði umhverfis og þjóðfélagshætti.

40. Frumvarp til laga [36. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 119. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verður 5. mgr., svohljóðandi:

Til að jafna skilaverð til framleiðenda fyrir afurðir, sem seldar eru á erlendum mörkuðum samkvæmt samkomulagi sem kveðið er á um í 62. gr. laganna, getur landbúnaðarráðherra heimilað innheimtu á verðjöfnunargjaldi sem má nema allt að 10% af því verði sem kemur til skila við útflutning (fob) hjá hverri afurðastöð. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um innheimtu og ráðstöfun verðmiðlunargjaldsins.

2. gr.

27. gr. laganna orðast svo:

Verðmiðlunargjöld, verðskerðingargjöld, verðjöfnunargjald og gjald til Framleiðsluráðs samkvæmt kafla þessum eru aðfararhæf.

3. gr.

Í ákvæðum til bráðabirgða, staflið A, kemur:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 37. gr. laganna um að heildargreiðslumark sauðfjárafurða skuli endanlega ákveðið fyrir 15. september ár hvert, vegna framleiðslu næsta verðlagsárs, er landbúnaðarráðherra heimilt að fresta ákvörðun heildargreiðslumarks verðlagsársins 1996–1997, þó ekki lengur en til 1. mars 1996.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gildandi samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Stéttarsambands bænda um framleiðslu mjólkur og sauðfjárafurða frá 11. mars 1991 gerir ráð fyrir að aðilar geti óskað eftir viðræðum um endurskoðun á einstökum atriðum hans.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir m.a. um markmið: „Að taka búvörusamninginn frá 1991 til endurskoðunar, sérstaklega með tilliti til þess mikla vanda, sem sauðfjárbændur standa frammi fyrir. Skapað verður svigrúm til aukinnar hagræðingar í landbúnaði og úrvinnslugreinum hans og gripið til þeirra hliðaraðgerða sem óhjákvæmilegar eru. Í því sambandi er mikilvægt að taka tillit til hagsmuna neytenda. Treysta verður tekjugrundvöll bænda".

Bændasamtök Íslands hafa óskað þess að sá hluti samningsins sem varðar framleiðslu sauðfjárafurða verði tekinn til endurskoðunar í ljósi þeirrar erfiðu stöðu sem búgreinin er í. Viðræður samningsaðila standa nú yfir. Í viðræðunum hefur komið fram að nokkur núgildandi ákvæði búvörulaga nr. 99/1993 sem varða tímabundin stjórnunaratriði, svo sem ákvörðun greiðslumarks, geti seinkað nauðsynlegum aðgerðum til lausnar vanda sauðfjárræktarinnar sem aðilar kunna að verða sammála um og er frumvarp þetta flutt til þess að fyrirbyggja að svo verði.

Á vegum samningsaðila hefur verið gerð úttekt á ástandi sauðfjárafurða og markaðsstöðu afurða. Útdráttur úr þeirri greinargerð fylgir frumvarpi þessu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 62. gr. laganna er gert ráð fyrir að Framleiðsluráð landbúnaðarins og sláturleyfishafar geri með sér samkomulag um verkaskiptingu vegna slátrunar. Það felur m.a. í sér að tekin verði ákvörðun um skiptingu slátrunar til sölu innan lands og til útflutnings. Til að skipting á verkun til útflutnings feli ekki í sér ójöfnuð milli sláturleyfishafa vegna þess hversu söluverð getur verið mismunandi milli erlendu markaðanna er talið nauðsynlegt að heimila að tekið skuli verðjöfnunargjald við útflutning. Gjaldið má vera 10 % af skilaverði afurðanna eða svonefndu fob-verði. Gjaldið yrði síðan notað til að verðbæta þá erlendu markaði sem lægstu verði skila.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um að verðmiðlunargjöld og gjald til Framleiðsluráðs séu aðfararhæf og er bætt við verðjöfnunargjaldi því sem kveðið er á um í 1. gr. frumvarpsins og verðskerðingargjöldum þeim sem fjallað er um í 20. og 21. gr. laganna. Þar með eru öll gjöld sem heimilt er að innheimta samkvæmt ákvæðum kaflans aðfararhæf.

Um 3. gr.

Samkvæmt núgildandi 1. mgr. 37. gr. laganna skal ákveða heildargreiðslumark sauðfjárafurða fyrir 15. september ár hvert vegna framleiðslu næsta verðlagsárs. Það þýðir að fyrir 15. september 1995 verði að ákveða heildargreiðslumark verðlagsársins 1996–1997. Nauðsynlegt er að sá möguleiki sé fyrir hendi í lögunum að fresta ákvörðun heildargreiðslumarks á hausti komandi til að unnt sé að hrinda í framkvæmd þeim breytingum sem um kann að semjast í þeim viðræðum samningsaðila sem nú standa yfir sem ella kynnu að frestast um eitt ár.

Fylgiskjal I.

Útdráttur úr greinargerð:

Útdráttur úr skýrslu unninni af landbúnaðarráðuneytinu og Framleiðsluráði landbúnaðarins.

Ástandslýsing í sauðfjárrækt vegna endurskoðunar búvörusamningsins.

1. Sala innan lands (á kindakjöti).

Sala innan lands og birgðir innan greiðslumarks verðlagsárin 1992–94 ásamt spá (feitletraðar tölur) um sölu út gildistíma samningsins og birgðir miðað við þá forsendu að lokabirgðir verði 570 tonn, er sýnd í neðangreindri töflu, allar tölur eru í tonnum. Hér á eftir verður nánar fjallað um helstu forsendur þessarar töflu.

Verðlagsár	Heildar-greiðslumark	Greiðslumark lögbýla	Sala	Birgðir í lok verðlagsárs
1992/93	8.600	8.600	7.081	1.391
1993/94	8.150	8.150	7.613	1.470
1994/95	7.670	7.400	**7.100**	**1.770**
1995/96	7.820	7.200	**6.900**	**2.070**
1996/97	**7.000**	**6.000**	**6.700**	**1.370**
1997/98	**6.800**	**5.700**	**6.500**	**570**

Samkvæmt búvörusamningi skal við ákvörðun greiðslumarks byggt á neyslu síðasta almanaksárs og söluþróun fyrstu sex mánuði yfirstandandi árs. Þá skal tekið tillit til birgða 1. september, þannig að þær samsvari þriggja vikna sölu. Verði sala kindakjöts undir heildargreiðslumarki ársins, þannig að birgðir aukast, skal heildargreiðslumark næsta árs lækka í samræmi við það.

Sala kindakjöts á undanförnum árum hefur að jafnaði dregist saman um 3% á ári. Söluspáin í ofangreindri töflu byggir á óbreyttri þróun í þessa átt.

Skýringar á samdrætti í sölu kindakjöts eru eflaust margvíslegar og flóknar. Hér að neðan verður leitast við að draga fram nokkra þætti:


a. Í nýlegri neytendakönnun kemur fram marktækur munur á neyslu eftir aldri, búsetu og ráðstöfunartekjum. Þannig er tryggasti kindakjötsneytandinn í dag fullorðinn, tekjulágur landsbyggðarmaður.

b. Almenn breyting á innkaupavenjum er sú að nú eru keypt matvæli sem hvað fljótlegast er að matreiða. Þannig kaupa menn frekar ferska vöru en frosna og mikið unna rétti í stað óunninna. Svo virðist sem neytandinn forðist í vaxandi mæli matvæli sem krefjast mikilar undirbúningvinnu.

c. Í framangreindri neytendakönnun var spurt um hvaða kjöt menn teldu dýrast og kom á óvart að kindakjöt var þar ekki efst á blaði[1].

Hér að neðan verður leitast við að lýsa verðhlutföllum milli kjöttegunda í smásölu í nóvember hvert ár 1990–1994. Vísarnir eru nokkrar vörutegundir kjöts svo og fersk ýsuflök. Miðað er við verðupptöku eins og hún kemur fram í nóvemberhefti Hagtíðinda á hverju ári.

Útsöluverð á kindakjöti og staðkvæmdarvörum þess, í nóvember hvert ár.




Án þess að farið sé hér út í nákvæma tölfræðilega útreikninga er hægt að fullyrða að verðhlutföll hafi ekki breyst þannig að skýra megi hinn stöðuga sölusamdrátt kindakjöts með því.

[1] Nauðsynlegt er þó að hafa vakandi auga á verðhlutföllunum og verði um aukna vinnslu á kindakjöti að ræða má búast við hækkuðu verði. Sama mun gilda ef framboðstímabil fersks kindakjöts verður lengt.

Þróun kjötneyslu á íbúa eftir kjöttegundum er eftirfarandi:

Kjötneysla á íbúa.



Samkvæmt þessu línuriti hefur neysla kindakjöts á íbúa minnkað verulega, neysla svínakjöts aukist, en aðrar kjöttegundir tekið litlum breytingum.

Neðangreind tafla sýnir heildarkjötneyslu á íbúa í kílógrömmum.

Almanaksár	1990	1991	1992	1993	1994
Kg á íbúa	63,07	62,43	63,90	63,86	61,36

Samkvæmt henni virðist neyslan hafa minnkað sem svarar til 1,7 kg á íbúa frá 1990 til 1994. Þessi minnkun samsvarar 450 tonna neyslusamdrætti á ári. Hér er um mjög alvarlega staðreynd að ræða því samkvæmt þessu taka aðrar kjötgreinar ekki einu sinni við af kindakjötinu og auka magnsölu sína.

d. Lausleg skoðun á innflutningsskýrslum Hagstofu Íslands sýnir nánast engan innflutning á kjöti og unnum kjötvörum í 2. og 16. kafla tollskrár. Rétt er að minna hér á að frá 1. júlí 1995 fer að gæta nýrrar samkeppni þegar að innflutningur á kjöti og unnum kjötvörum í tollskrárköflum 4 og 16 getur hafist samkvæmt lágmarksákvæðum Gattsamningsins.

e. Hvað varðar áhrif verðs á aðföngum til framleiðslu kjöts er stærsti þátturinn vafalaust breytingar á verði kjarnfóðurs. Verð kjarnfóðurs hefur veigamikil áhrif á heildarkjötsölu svo og innbyrðis samkeppnisstöðu milli kjötgreinanna. Neðangreind tafla sýnir hversu mörg kg af kjarnfóðri til eldiskjúklingaframleiðslu hefur mátt kaupa fyrir 1 kg af DIA miðað við framleiðendaverð.

	1990	1991	1992	1993	1994	mars '95
Eldisfóður alifugla	38,43	35,025	34,4	40,933	37,773	36,937
DIA (verðfl. dilkakjöts)	394,94	438,31	435,26	435,26	435,26	435,26
Verðfall fóðurs og kjöts	10,28	12,51	12,65	10,63	11,52	11,78

Kjarnfóður er mjög veigalítill þáttur í framleiðslukostnaði kindakjöts og má því leiða rök að því að samkeppnisstaða kjarnfóðursgreinanna hafi styrkst nokkuð við þá þróun sem sýnd er í töflunni. Bæta má við að grunngjöldin hurfu alveg um áramótin 1994/1995. Framtíðarspá OECD um verð á kjarnfóðri til ársins 2000 gerir ekki ráð fyrir verulegri hækkun þess.

2. Tekjur bænda.

Hagþjónustu landbúnaðarins var falið að kanna áhrif lækkunar greiðslumarks á tekjur bænda, að gefnum fyrir fram ákveðnum forsendum, sem voru að greiðslumark til framleiðslu kindakjöts lækkaði í sem svarði 6.250 tonn á verðlagsárinu 1996/97. Þetta er að vísu ekki sama tala og í töflunni hér að ofan, en þar sem að mestu er um línulegt samband að ræða ætti það ekki að koma að sök.

Niðurstaða Hagþjónustunnar, að gefnum tilteknum forsendum, er í fáum orðum sú að bú (miðað við meðaltal búa með 301–400 ærgildi, 32 bú) sem árið 1993 var með 6.310 kg í framleiðslurétt fer niður í 4.839 kg árið 1996. Til greiðslu launa árið 1993 voru 770 þús. kr. og aðrar tekjur af búrekstri 160 þús. kr. Sé miðað við árið 1996 má búast við því að til greiðslu launa af búrekstri verði 271 þús. kr. og óbreyttum öðrum tekjum. Framleiðsluminnkun á þessu bili um 25% þýðir 60% launasamdrátt, enda er ekki gert ráð fyrir neinni lækkun fasta kostnaðarins. Rétt er að benda á að Hagþjónustan gerir ýmsa fyrirvara við þessa útreikninga í bréfi sínu.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er landbúnaðarráðherra heimilað að innheimta verðjöfnunargjald allt að 10% af skilaverði afurðanna, fob-verði. Tekjum af gjaldinu verður síðan ráðstafað til að verðbæta þá erlendu markaði sem lægstu verði skila. Gjald þetta ásamt öðrum gjöldum sem fjallað er um í 20. og 21. gr. laganna skulu verða aðfararhæf.

Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að heimilt sé að fresta ákvörðun heildargreiðslumarks á hausti komandi allt til 1. mars 1996. Ákvæðið er til að fyrirbyggja að ákvörðun greiðslumarks geti seinkað nauðsynlegum aðgerðum til lausnar vanda sauðfjárræktarinnar um eitt ár.

Ekki verður séð að frumvarpið feli í sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

41. Nefndarálit [20. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 117/1994, um skipulag ferðamála.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, skrifstofustjóra í samgönguráðuneyti, og Pétur J. Eiríksson, framkvæmdastjóra markaðssviðs Flugleiða.

Nefndarmenn urðu sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins en þó með þeirri breytingu að allir sem hafa leyfi til að starfrækja ferðaskrifstofu verði undanþegnir skilyrði um heimilisfesti á Íslandi. Í frumvarpinu var lagt til að einungis þeir sem starfrækja umboðssölu farmiða njóti undanþágunnar, en rétt þykir að öll sú starfsemi, sem telst ferðaskrifstofurekstur, falli hér undir. Nefndin mælir því með því að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ríkisborgarar þeirra ríkja, sem hafa heimild í milliríkjasamningum til að starfrækja ferðaskrifstofu skv. 9. gr. laga þessara, skulu undanþegnir skilyrði a-liðar 1. mgr. um heimilisfesti á Íslandi.

Guðmundur Árni Stefánsson og Ásta R. Jóhannesdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. júní 1995.

Einar K. Guðfinnsson, form.	Magnús Stefánsson, frsm.	Ragnar Arnalds.
Egill Jónsson.	Árni Johnsen.	Kristján Pálsson.
	Stefán Guðmundsson.	

42. Nefndarálit [14. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Fékk hún á fund sinn til viðræðna frá félagsmálaráðuneytinu Berglindi Ásgeirsdóttur ráðuneytisstjóra, Húnboga Þorsteinsson skrifstofustjóra og Gunnar Sigurðsson deildarstjóra. Þá studdist nefndin við umsagnir er henni bárust á 118. löggjafarþingi frá Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna og frá Alþýðusambandi Íslands.

Í 1. umr. um frumvarpið komu fram nokkrar athugasemdir við þýðingu og málfar þess. Var kannað sérstaklega af hálfu nefndarinnar hvort ástæða væri til breytinga á frumvarpinu af þeim ástæðum. Við athugun kom í ljós að frumvarpið felur í sér mjög nákvæma þýðingu á frumtexta þeirrar reglugerðar er hér um ræðir, nr. 2434/92/EBE, um breytingu á II. hluta reglugerðar nr. 1612/68 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins. Með hliðsjón af því að sú reglugerð byggist á rótgrónu lagamáli og að breytingar á íslenska textanum, eins og hann nú liggur fyrir, kynnu að leiða til vafa um rétta túlkun á ákvæðum laganna leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Bryndís Hlöðversdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. júní 1995.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Siv Friðleifsdóttir.	Magnús Stefánsson.
Pétur H. Blöndal.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Gísli S. Einarsson.		Kristján Pálsson.

43. Tillaga til þingsályktunar [37. mál]

um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1995.

(Lagt fyrir Alþingi á 119. löggjafarþingi 1995.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1995 sem gerður var í Reykjavík 5. maí 1995.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum sem gerður var í Reykjavík 5. maí 1995. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari.

Eftir hrun norsk-íslenska síldarstofnsins í lok sjöunda áratugarins hefur norsk-íslenska síldin haldið sig að mestu innan norskrar efnahagslögsögu. Á undanförnum árum hefur stofninn farið stækkandi og um leið hafa líkur aukist á því að norsk-íslenska síldin tæki upp sitt fyrra göngumunstur sem aftur gæti leitt til þess að hún yrði í íslenskri efnahagslögsögu meiri hluta árs. Á síðastliðnu sumri kom norsk-íslenska síldin inn í íslenska efnahagslögsögu en hélt sig þó aðallega rétt austan við íslensku efnahagslögsöguna. Íslensk skip veiddu þá úr stofninum á þessum slóðum.

Íslendingar hafa um árabil ítrekað óskað eftir viðræðum við Norðmenn og Rússa um stjórnun á norsk-íslenska síldarstofninum en þeim hefur ávallt verið hafnað. Það varð því Íslendingum mikið fagnaðarefni þegar Norðmenn boðuðu nú í vor til fjórhliða viðræðna Íslendinga, Færeyinga, Norðmanna og Rússa um veiðar og verndun á norsk-íslensku síldinni. Viðræður þessar fóru fram í Ósló dagana 27. og 28. apríl og í Reykjavík dagana 4.

og 5. maí sl. Það urðu að sama skapi gífurleg vonbrigði hversu lítill kvóti Norðmenn og Rússar voru til viðtals um að kæmi í hlut Íslendinga og reyndar einnig í hlut Færeyinga. Í framhaldi af þessu slitnaði upp úr viðræðunum.

Sama dag og slitnaði upp úr fjórhliða viðræðunum hófu Íslendingar og Færeyingar viðræður um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum í þeim tilgangi að setja heildarkvóta á veiðar skipa beggja þjóðanna og leggja þar með sitt af mörkum til verndar stofninum. Viðræðurnar gengu hratt og vel fyrir sig og þann sama dag náðist sá samningur sem með tillögu þessari er óskað heimildar til að staðfesta.

Samkvæmt samningnum takmarka aðilar veiðar sínar úr norsk-íslenska síldarstofninum við veiðikvóta sem þeir komu sér saman um. Hann skal ekki vera hærri en 250.000 lestir á árinu 1995. Samningurinn geymir ekki ákvæði um hver skuli vera hlutur hvors aðila en 3. gr. gerir ráð fyrir að þegar helmingur kvótans hafi verið veiddur geti annar hvor aðilinn óskað eftir viðræðum ef hann telji að skipting aflans sé ósanngjörn í því skyni að tryggja sanngjarna skiptingu hans.

Íslendingar veita færeyskum skipum heimild til að veiða norsk-íslenska síld í íslenskri efnahagslögsögu og Færeyingar heimila á móti íslenskum skipum veiðar á norsk-íslenskri síld í færeyskri fiskveiðilögsögu eins og kveðið er á um í 4. gr. samningsins. Skilyrði er þó sett um að aðilar tilkynni hvor öðrum hvaða skip þeirra muni veiða en þau skip ein sem tilkynnt eru hafa heimild til veiða í lögsögu gagnaðilans. Samningurinn leggur aðilum ekki þá skyldu á herðar að banna veiðar skipa sinna á úthafinu (Síldarsmugunni) fyrr en aflatakmarkinu skv. 1. gr. er náð. Þangað til er skipum beggja aðila heimil veiði á úthafinu sem og í íslenskri efnahagslögsögu og færeyskri fiskveiðilögsögu.

Samkvæmt 2. gr. samningsins skulu aðilar hafa samband þegar heildarafli hefur náð 80% af veiðikvótanum í því skyni að tryggja að veiðar verði stöðvaðar þegar 250.000 lesta heildarkvóti skv. 1. gr. hefur veiðst. Í 2. gr. er enn fremur gert ráð fyrir að aðilar skiptist á tölfræðilegum upplýsingum um veiðarnar.

Samningurinn gildir aðeins á árinu 1995 og hann hefur ekkert fordæmisgildi varðandi framtíðarskipan stjórnunar á veiðum úr norsk-íslenska síldarstofninum eins og skýrt er kveðið á um í 5. gr. hans. Á næsta ári verður því að semja að nýju stjórnun veiðanna.

Fylgiskjal.

Samningur milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1995.

SAMNINGUR MILLI ÍSLANDS OG FÆREYJA UM STJÓRN VEIÐA ÚR NORSK-ÍSLENSKA SÍLDARSTOFNINUM Á ÁRINU 1995.

1. gr.

Aðilar skulu takmarka veiðar sínar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1995 við veiðikvóta sem þeir koma sér saman um, sem þó skal ekki vera hærri en 250.000 lestir.

2. gr.

Aðilar skulu skiptast reglulega á tölfræðilegum upplýsingum um veiðarnar. Þegar heildarafli hefur náð 80% af veiðikvótanum skulu aðilar hafa samband í því skyni að tryggja að veiðar verði stöðvaðar þegar veiðikvóti samkvæmt 1. gr. hefur náðst.

3. gr.

Ef annar hvor aðila telur, þegar helmingur veiðikvóta skv. 1. gr. hefur verið veiddur, að skipting afla milli landanna sé ósanngjörn skulu aðilar hefja viðræður í því skyni að tryggja sanngjarna skiptingu afla.

4. gr.

Ísland heimilar færeyskum veiðiskipum veiðar á norsk-íslenskri síld í efnahagslögsögu Íslands samkvæmt þeim reglum sem gilda um veiðar í efnahagslögsögunni.

Færeyjar heimila íslenskum veiðiskipum veiðar á norsk-íslenskri síld í fiskveiðilögsögu Færeyja samkvæmt þeim reglum sem gilda um veiðar í fiskveiðilögsögunni.

SEMJA MILLUM FØROYAR OG ÍSLAND UM FYRISITING AV VÁRGÝTANDI NORÐURHAVSSILDINI Í 1995.

1. grein

Partarnir skulu avmarka veiði sína av várgýtandi norðurhavssild til eina veiðikvotu, sum partarnir semjast um, tó í mesta lagi 250.000 tons.

2. grein

Partarnir senda regluliga hvørjum øðrum veiðitøl. Tá 80% av veiðikvotuni er fiskað skulu partarnir taka upp samband sínámillum fyri at tryggja, að veiðan heldur uppat, tá veiðikvotan er uppfiskað.

3. grein

Um annar parturin, tá helvtin av veiðikvotuni sambært grein 1 er uppfiskað, heldur, at veiðibýtið millum londini er órímiligt, skulu partarnir taka upp samráðingar fyri at tryggja eitt rímiligt býti.

4. grein

Ísland loyvir føroyskum fiskiførum at veiða várgýtandi norðurhavssild á íslendska búskaparliga økinum undir teimum reglum, sum galda fyrir fiskiskapi á hesum øki.

Føroyar loyva íslendskum fiskiførum at veiða várgýtandi norðurhavssild á føroyskum fiskiøki undir teimum reglum, sum galda á hesum øki.

5. gr.

a) Aðilar skulu tilkynna lista með þeim veiðiskipum sem hyggjast stunda veiðar á norsk-íslenskri síld í lögsögu gagnaðilans. Skip sem eru á listum þessum hafa ein rétt til veiða í lögsögu gagnaðilans.

b) Áður en veiðar hefjast skal tilkynna viðkomandi yfirvöldum um nafn skips og veita aðrar upplýsingar er máli skipta.

c) Veiðiskip skal tilkynna um komu inn í lögsögu og staðarákvörðun og gefa upplýsingar um afla sem veiddur hefur verið fyrir komu inn í lögsöguna og síðan daglega tilkynna um staðarákvörðun og afla skips. Þegar lögsaga er yfirgefin skal tilkynna um áætlað aflamagn.

6. gr.

Samningur þessi gildir aðeins fyrir árið 1995 og hefur ekkert fordæmisgildi varðandi framtíðarskipan stjórnunar á veiðum úr norsk-íslenska síldarstofninum.

5. grein

a) Partarnir skulu fráboða ein lista yvir tey fiskifør, sum ætla at veiða norðurhavssild á økjunum hjá hvørjum øðrum. Bert tey fiskifør, sum eru á hesum lista, hava loyvi at veiða á økjunum.

b) Áðrenn fiskiskapurin byrjar skulu avvarðandi myndugleikar hava boð um navn á skipi saman við øðrum upplýsingum av týdningi.

c) Skipið skal boða frá, tá tað kemur á veiðiøkið, uppgeva knøttstøðu og veiðinøgd, sum er veidd áðrenn komu á økið og síðani uppgeva knøttstøðu og veiðu hvønn dag. Tá skip fer av veiðiøkinum skal mett veiða verða givin upp.

6. grein

Henda avtala er galdandi fyri árið 1995 og hevur ikki fordømisgildi fyri fyrisitingarligar skipanir um norðurhavssild í framtíðini.

44. Fyrirspurn [38. mál]

til félagsmálaráðherra um lengingu lánstíma í húsbréfakerfinu.

Frá Ágústi Einarssyni.

1. Hver yrði greiðslubyrði í húsbréfakerfinu af meðalláni miðað við
   a. 25 ára lánstíma,
   b. 40 ára lánstíma?
2. Hvað má áætla að lántakandi, sem er með meðallán í húsbréfakerfinu, greiði allan lánstímann í vexti af
   a. 25 ára láni,
   b. 40 ára láni?
3. Hvert yrði verðgildi 4 millj. kr. húsbréfa á markaði miðað við
   a. 15 ára lánstíma,
   b. 25 ára lánstíma,
   c. 40 ára lánstíma?
4. Hvaða áhrif hefði mismunandi lánstími húsbréfa á fasteignaverð?
5. Hver yrði kostnaður lántakenda við að lengja lán úr 25 í 40 ár?
6. Hverjum mundi helst gagnast lenging lána úr 25 árum í 40 ár?

Skriflegt svar óskast.

45. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Ólaf W. Stefánsson og Högna S. Kristjánsson frá dómsmálaráðuneyti, Indriða H. Þorlákssson og Jón Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti, Snorra Olsen, ríkisskattstjóra og formann þeirrar nefndar sem samdi frumvarpið, og Jón Sigurðsson, Kristján Andrésson og Stefán Valdimarsson vínefirlitsmenn. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá lögreglustjóranum í Reykjavík, Verslunarráði Íslands, Kaupmannasamtökum Íslands, starfsmönnum ÁTVR, BSRB, Samtökum iðnaðarins, ÁTVR, ríkisskattstjóra, Kvenfélagasambandi Íslands og áfengisvarnaráði. Nefndin fékk einnig umsagnir frá meiri og minni hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar um málið og eru þær umsagnir birtar sem fylgiskjal með áliti þessu.

Með lagafrumvarpi þessu ásamt þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpi sem efnahags- og viðskiptanefnd hefur til umfjöllunar um breytingu á lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, er lagt til að einkaréttur ríkisins á innflutningi og heildsölu áfengis verði afnuminn. Fyrir efnahags- og viðskiptanefnd liggur einnig frumvarp til laga um gjald af áfengi sem gerir ráð fyrir að tekjur ríkisins af áfengissölu verði framvegis í formi skatts af innflutningi og framleiðslu á áfengum drykkjum í stað þess að fá tekjurnar sem hagnað af starfsemi einkasöluaðila. Þá er í því frumvarpi, sem

hér er til umfjöllunar, gert ráð fyrir nokkrum breytingum á áfengislögunum sem ekki tengjast sérstaklega afnámi einkaréttarins. Má þar helst nefna breytingu á ákvæði um upptöku sérhæfðra eimingartækja og að sérákvæði um vinnuskyldu samfara afplánun sekta vegna brota á lögunum falli brott, enda er nú almennt ákvæði um vinnuskyldu fanga í lögum nr. 48/1988, um fangelsi og fangavist.

Með hliðsjón af því sem fram kemur í umsögn meiri hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar telur nefndin ástæðu til að gera nokkrar breytingar á frumvarpinu sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali. Breytingarnar fela í sér:

1. Í 2. tölul. b-liðar 5. gr. frumvarpsins er gerður greinarmunur á innflytjendum áfengra drykkja og þeim sem hafa leyfi til að endurselja áfengi í heildsölu samkvæmt lögunum um verslun með áfengi og tóbak (nú um verslun með áfengi, tóbak og lyf). Þá er bætt við að innflytjandi áfengis hafi heimild til að selja áfengi til umræddra heildsala. Jafnframt snýr 3. tölul. nú eingöngu að framleiðendum áfengis og er m.a. tekið fram að þeir geti selt til heildsala skv. 2. tölul. Þá þykir nauðsynlegt að fram komi að þeir aðilar, sem um ræðir í 2. og 3. tölul., hafi heimild til að selja áfengi úr landi.
2. Lögreglunni verði gert að gefa sérstakar gætur að starfsemi innflytjenda áfengis sem leyfi hafa til heildsölu, framleiðenda áfengra drykkja og þeirra sem hafa leyfi til að endurselja áfengi í heildsölu sem og að gefa gætur að þeim sem fá leyfi til áfengisveitinga í einstök skipti af sérstöku tilefni, svokölluð „tækifærisvínveitingaleyfi". Þannig á að vera tryggt að sambærilegt eftirlit verði haft með þeim nýju aðilum sem nú fá leyfi til að dreifa áfengi og hingað til hefur verið haft með veitingahúsum. Jafnframt er lagt til að skattstjórum verði gert skylt að láta lögreglustjórum í té skrá yfir þá aðila sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr. 2. gr. laga um gjald af áfengi. Sú skrá hefur að geyma upplýsingar um alla aðila sem flytja áfengi til landsins og er því mikilvægt fyrir lögreglu að hafa aðgang að henni í sambandi við þau auknu eftirlitsstörf sem henni verða falin eftir að áfengislögunum hefur verið breytt á þann hátt sem hér er gert ráð fyrir.
3. Inn í áfengislögin verði tekin reglugerðarákvæði um áfengisauglýsingar sem gilt hafa um alllangt skeið, auk þess sem þau ákvæði verði gerð skýrari en hingað til. Lögreglustjórar víðs vegar um landið hafa til þessa talið erfitt að hafa eftirlit með banni við áfengisauglýsingum. Þá hafa nýlega fallið bæði hæstaréttardómur og héraðsdómar sem túlka má svo að núgildandi reglugerð nr. 62 20 febrúar 1989, með breytingum nr. 317 26. júní 1991, þrengi um of framkvæmd þess áfengisauglýsingabanns sem kveðið er á um í 4. mgr. 16. gr. laganna. Í þeim dómum hefur m.a. verið bent á nauðsyn þess að skilgreina í lögum hvað sé áfengisauglýsing.
4. Refsiákvæði laganna skulu ná til þeirra er hafa áfengi í vörslu sinni sem látið hefur verið af hendi andstætt ákvæðum 18. gr. laganna, en í þeirri grein segir að öllum sem ekki hafa leyfi til að selja áfengi sé óheimilt að veita, selja eða láta af hendi áfengi til annarra manna gegn því að gjald eða annað verðmæti komi fyrir.

Alþingi, 7. júní 1995.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Hjálmar Jónsson.	Árni R. Árnason.
Magnús Stefánsson.	Ólafur Örn Haraldsson.	Kristján Pálsson.
	Lúðvík Bergvinsson.	

Fylgiskjal.

Umsagnir heilbrigðis- og tryggingaráðs.
(7. júní 1995.)

Heilbrigðis- og tryggingaráð hefur, sbr. bréf allsherjarnefndar frá 29. maí sl., fjallað um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum.

Við umfjöllun um málið fékk nefndin á sinn fund Höskuld Jónsson, forstjóra ÁTVR, Sigríði Kristinsdóttur, formann Starfsmannafélags ríkisstofnana, Unni Halldórsdóttur frá Foreldrasamtökunum Heimili og skóla, Elísu Wiium og Árna Einarsson frá Vímulausri æsku, Valdimar Jóhannesson frá átakinu Stöðvum unglingadrykkju, Helga Seljan frá Landssambandi gegn áfengisbölinu, Jóhannes Bergsveinsson og Ólaf Hauk Árnason frá áfengisvarnaráði, Matthías Halldórsson aðstoðarlandlækni, Þórarin Tyrfingsson frá SÁÁ, Indriða Þorláksson, skrifstofustjóra í fjármálaráðuneytinu, og Dögg Pálsdóttur, skrifstofustjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Umsögn meiri hluta nefndarinnar.

Meiri hluti heilbrigðis- og tryggingaráðs, sem skipaður er Láru Margréti Ragnarsdóttur, Siv Friðleifsdóttur, Guðmundi Hallvarðssyni, Sólveigu Pétursdóttur, Guðna Ágústssyni og Sigríði A. Þórðardóttur, er þeirrar skoðunar að þó að aðrir en Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins geti flutt áfengi til landsins hafi það almennt ekki í för með sér aukna hættu á heilsutjóni landsmanna af völdum áfengisneyslu. Byggist þetta á því að samkvæmt frumvarpinu er aðeins tilteknum aðilum heimil endursala á áfengi til neytenda. Þykja því ekki rök til að álykta að almenningur muni eiga greiðari aðgang að áfengi en áður vegna umræddra lagabreytinga. Þó telur meiri hlutinn ástæðu til að leggja það til við allsherjarnefnd að eftirtöldum ákvæðum frumvarpsins verði breytt í samræmi við tillögur samráðsnefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis.

A. Breytingar á 5. gr. frumvarpsins.

2. tölul. b-liðar greinarinnar orðist svo:

2. *Innflytjendur áfengis sem hafa leyfi til heildsölu á áfengi, sbr. lög um verslun ríkisins með áfengi og tóbak; þó einungis til þeirra sem um ræðir í 1., 3.–5. og 7. tölul., svo og til sölu úr landi, til þeirra sem njóta úrlendisréttar og í tollfrjálsar forðageymslur.*

3. tölul. b-liðar greinarinnar orðist svo:

3. *Framleiðendur áfengra drykkja og þeir sem hafa leyfi til að endurselja áfengi í heildsölu, sbr. lög um verslun ríkisins með áfengi og tóbak; þó einungis til þeirra sem um ræðir í 1., 4. og 5. tölul., svo og til sölu úr landi, til þeirra sem njóta úrlendisréttar og í tollfrjálsar forðageymslur. Þá hefur framleiðandi áfengis heimild til að selja áfengi til þeirra sem hafa leyfi til að endurselja áfengi í heildsölu.*

Hér er skerpt orðalag um þá sem framvegis munu hafa heimild til að selja áfengi innan lands. Þannig er í 2. tölul. skýrt tekið fram að um sé að ræða innflytjendur sem leyfi hafa til heildsölu með áfengi og er vísað í lög um verslun ríkisins með áfengi og tóbak. Jafnframt þykir nauðsynlegt að fram komi að þessir aðilar megi selja áfengi úr landi. Í 3. tölul. er gerður greinarmunur á framleiðendum áfengra drykkja og þeim sem hafa leyfi til að endurselja áfengi í heildsölu samkvæmt lögunum um verslun ríkisins með áfengi og tóbak. Skýrt er tekið fram hverjum framleiðendur og þeir sem hafa leyfi til að endurselja megi selja og jafnframt er því bætt við að þessir aðilar geti selt áfengi úr landi. Þá er því einnig bætt við að framleiðandi áfengis hafi heimild til að selja áfengi til aðila sem hefur leyfi til að endurselja áfengi í heildsölu. Í frumvarpinu eins og það var lagt fram var slík heimild ekki fyrir hendi.

B. Breytingar á 15. gr. laganna.

Í stað 2. og 3. mgr. 15. gr. áfengislaga komi eftirfarandi:

Auk eftirlits með veitingastöðum sem leyfi hafa til áfengisveitinga, sbr. 5. og 6. mgr. 12. gr., skulu lögreglumenn gefa sérstakar gætur að starfsemi þeirra sem hafa leyfi til að veita áfengi skv. 2. mgr. 20. gr. Í reglugerð skal kveða nánar á um eftirlit þetta.

Skattstjórar skulu láta lögreglustjórum í té skrá yfir þá aðila sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr. 2. gr. laga um gjald af áfengi.

Til að tryggja nægilegt eftirlit með þeim aðilum, sem nú fá leyfi til að selja áfengi í heildsölu, framleiða áfengi og flytja það inn, eru sett ný ákvæði í 15. gr. með sama orðalagi og nú er í 5. mgr. 12. gr. laganna. Þannig skulu lögreglumenn með sama hætti og þeir gefa sérstakar gætur að starfsemi veitingastaða einnig gefa sérstakar gætur að starfsemi innflytjenda áfengis sem hafa leyfi til heildsölu, framleiðenda áfengra drykkja og þeirra sem hafa leyfi til að endurselja áfengi í heildsölu. Sömuleiðis skal gefa sérstakar gætur þeim sem fá leyfi til áfengisveitinga í félagsherbergjum eða almennum veitingastöðum, sbr. 2. mgr. 20. gr. laganna. Með þessum hætti er tryggt að sambærilegt eftirlit verður haft með þeim nýju aðilum sem nú fá leyfi til að dreifa áfengi og hingað til hefur verið haft með veitingahúsum.

Þá er skattstjórum gert skylt að láta lögreglustjórum í té skrá yfir aðila sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr. 2. gr. laga um gjald af áfengi. Skrá þessi hefur að geyma upplýsingar um alla aðila sem flytja áfengi til landsins. Þessar skrár hafa að geyma mikilvægar upplýsingar fyrir lögreglu vegna eftirlits hennar, bæði með veitingahúsunum, sbr. 12. gr., og hinum nýju aðilum sem nú fá heimild til að dreifa áfengi, sbr. hina nýju 2. mgr. 15. gr. Aðgangur lögreglu að þessum skrám skiptir því sköpum fyrir framkvæmd alls eftirlits.

C. Breyting á 16. gr. laganna og nýtt ákvæði, 16. gr. a.

4. og 5. mgr. 16. gr. laganna falli brott.

Á eftir 16. gr. laganna komi ný svohljóðandi grein sem verði 16. gr. a:

Hvers konar auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum eru bannaðar. Enn fremur er bannað að sýna neyslu eða hvers konar aðra meðferð áfengis í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vöru eða þjónustu.

Með auglýsingu er átt við hvers konar tilkynningar til almennings vegna markaðssetningar þar sem sýndar eru í máli eða myndum áfengistegundir eða atriði tengd áfengisneyslu, áfengisvöruheiti eða auðkenni, eftirlíkingar af áfengisvarningi, spjöld eða annan svipaðan búnað, útstillingar, dreifingu prentaðs máls, vörusýnishorn og þess háttar.

Bannið tekur með sama hætti til auglýsinga sem eingöngu fela í sér firmanafn og/eða firmamerki áfengisframleiðanda. Þó er framleiðanda, sem auk áfengis framleiðir aðrar drykkjarvörur, heimilt að nota firmanafn eða merki í tengslum við auglýsingu þeirra drykkja enda megi augljóst vera að um óáfenga drykki sé að ræða í skilningi laganna og að ekki sé vísað til hinnar áfengu framleiðslu.

Undanþegið banni við áfengisauglýsingum er:

1. *Auglýsing á erlendum tungumálum í erlendum prentritum sem flutt eru til landsins, nema megintilgangur ritsins eða innflutningsins sé að auglýsa áfengi.*
2. *Auðkenni með firmanafni og/eða firmamerki á venjulegum búnaði til áfengisveitinga á veitingastað þar sem áfengisveitingar eru heimilaðar.*
3. *Auðkenni með firmanafni og/eða firmamerki á flutningstækjum áfengisframleiðanda, vöruumbúðum, bréfsefni eða öðru sem beinlínis tengist starfsemi hans.*

Nauðsynlegt er talið að setja inn í áfengislögin þau ákvæði sem gilt hafa um alllangt skeið um áfengisauglýsingar. Í áfengislögum segir nú einvörðungu að áfengisauglýsingar séu bannaðar og að nánari ákvæði skuli setja um bannið með reglugerð, sbr. 4. og 5. mgr. 16. gr. Rétt þykir að fella þessar tvær málsgreinar brott úr 16. gr. og setja inn nýja grein, 16. gr. a, sem fjallar um bann við áfengisauglýsingum og tilgreinir nokkrar undanþágur.

Lögreglustjórar víðs vegar um landið hafa talið erfitt að framkvæma eftirlitið með banni við áfengiauglýsingum. Nýlega hafa fallið bæði hæstaréttardómar og héraðsdómar sem túlka má svo að reglugerðin þrengi um of framkvæmd þess áfengisauglýsingabanns sem er í 4. mgr. 16. gr. Meðal aannars hefur verið gerð athugasemd við það í áðurnefndum dómum að lögin sjálf tilgreini ekki hvað sé áfengisauglýsing og á það bent að það skuli gert með lögum. Með þessari breytingu er lagt til að þær reglur, sem nú er að finna í reglugerð um bann við áfengisauglýsingum, verði settar í áfengislögin. Þó eru gerðar tvær breytingar. Fyrri breytingin lýtur að því að skýra betur hvað er auglýsing og er breytingin gerð til að tryggja að almenn umfjöllun um áfengi í fjölmiðlum sé heimil, enda sé hún ekki í markaðssetningarskyni. Síðari breytingin lýtur að breytingum sem gerðar eru á orðalagi um bann við notkun vörumerkis og/eða firmamerkis. Er það hér fært til þess vegar sem það var upphaflega í reglugerðinni um bann við áfengisauglýsingum nr. 62/1989. Breyting, sem gerð var á ákvæði þessu með reglugerð nr. 317/1991, hefur síst gert framkvæmd eftirlits með áfengisauglýsingum auðveldari. Því er talið rétt að færa orðalag til eldri vegar enda er eldra ákvæðið þá skýrara og þar með auðveldara fyrir lögregluyfirvöld að framfylgja ákvæðinu.

D. Breyting á 7. gr. frumvarpsins.

Á eftir 1. mgr. 19. gr. komi svohljóðandi ný málsgrein sem verði 2. mgr.:

Vörsluaðila ólögmæts áfengis skal refsa samkvæmt lögum þessum.

Í stað „Enn fremur er þeim heimilt“ í 2. mgr., sbr. 194. gr. laga 19/1991 (sem verður 3. mgr.), kemur: Heimilt er.

Af þessum breytingum leiðir að 8. gr. frumvarpsins fellur brott þar sem hún verður ónauðsynleg.

Í 1. mgr. 17. gr. laganna eru ákvæði um öfuga sönnunarbyrði gagnvart aðila sem finnst með áfengi sem ekki er merkt innsigli ÁTVR. Þessi grein er felld brott bæði í ljósi þess að ekki verður lengur skylt að merkja áfengi, heldur er gert ráð fyrir að ráðherra verði fengin reglugerðarheimild fyrir auðkenningu áfengis. Sömuleiðis eru ákvæði um öfuga sönnunarbyrði þungbær þeim sem hún er lögð á og æskilegt er að hafa sem fæst slík ákvæði í lögunum. Þess í stað er kjarni 1. mgr. 17. gr. færður þannig að regluna verður nú að finna í 2. mgr. 19. gr., þ.e. að refsa skuli samkvæmt áfengislögum vörsluaðila ólögmæts áfengis. Af þessu leiðir að breyting, sem gerð er á 8. gr. frumvarpsins, verður ónauðsynleg, sbr. bréf meiri hluta nefndarinnar til efnahags- og viðskiptanefndar þar sem lagðar eru til breytingar á þessum reglum.

Þá vill meiri hlutinn einnig benda á að skv. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins einni heimilt að flytja inn vínanda sem er 80% að styrkleika eða meira. Er þarna um að ræða spíra til lyfjagerðar og dauðhreinsunar. Samkvæmt þeim frumvörpum um breytingar á áfengislöggjöfinni, sem nú hafa verið lögð fram, er innflutningur þessi skattskyldur líkt og innflutningur annars vínanda. Í 7. gr. frumvarpsins um breytingar á lögum um gjald af áfengi, sem efnahags- og viðskiptanefnd hefur til umfjöllunar, er heimild fyrir fjármálaráðherra til að ákveða með reglugerð að áfengisgjald skuli fellt niður eða endurgreitt í ákveðnum nánar tilgreindum tilvikum. Ekki verður séð að ákvæði greinarinnar taki til innflutnings á spíra til lyfjagerðar. Meiri hlutinn telur að innflutningur á vínanda, sem er 80% eða meira að styrkleika, ætti að vera undanþeginn áfengisgjöldum þeim sem kveðið er á um í umræddum frumvörpum.

Loks lýsir meiri hlutinn yfir ánægju sinni með ákvæði 3. gr. frumvarpsins sem felur það í sér að bannað verði að eiga, flytja inn, útbúa eða smíða sérhæfð áhöld til að eima áfengi eða til að gera ódrykkjarhæft áfengi drykkjarhæft, nema hafa til þess sérstakt leyfi. Er breyting þessi mjög til bóta og nauðsynleg vegna aukinnar ólöglegrar framleiðslu áfengis.

Umsögn Össurar Skarphéðinssonar.

Erindi nefndarinnar til heilbrigðis- og tryggingarnefndar var að leggja mat á hvaða afleiðingar þær breytingar, sem lagðar eru til í frumvarpinu, kynnu að hafa á áfengisneyslu og þar með heilbrigði landsmanna.

Fulltrúar allra samtaka nema SÁÁ voru eindregið þeirrar skoðunar að breytingarnar, sem felast í frumvarpinu, mundu stuðla að því að „duldar" áfengisauglýsingar ykjust og það, ásamt auknum fjölda söluaðila, leiddi til meiri neyslu á áfengi.

Fulltrúi SÁÁ taldi hins vegar ekki að samþykkt frumvarpsins hefði aukna áfengisneyslu í för með sér.

Fulltrúi STR benti sérstaklega á að eftir breytingarnar yrði mun erfiðara að bregðast við ef upp kæmi að mengað áfengi væri í umferð þar sem erfiðara yrði að rekja það og stöðva sölu en meðan innflutningur áfengis var á einni hendi.

Fulltrúar allra samtaka sem komu á fund nefndarinnar, nema SÁÁ, létu í ljós ótta við að breytingarnar gætu leitt til þess að í hóp innflytjenda kæmust óæskilegir einstaklingar er ekki mundu skirrast við að fara á svig við lög til að auka umsvif sín í áfengissölu. Þetta töldu þau m.a. líklegt að yki framboð á áfengi til neytenda utan hefðbundins verslunartíma og jafnframt til barna og unglinga.

Eftirfarandi upplýsingar komu þó einnig fram: (1) Fulltrúar allra félagasamtaka, sem komu á fund nefndarinnar, voru sammála um að ótrúlega auðvelt væri fyrir unglinga að verða sér úti um áfengi með ólögmætum hætti og lýstu vel skipulögðu kerfi leynivínsala sem einbeita sér að sölu til fólks undir lögaldri. (2) Samkvæmt upplýsingum þeirra er einnig ljóst að verð á ólögmætu áfengi sem unglingum býðst með þessum hætti er verulega lægra en á löglega seldu áfengi samkvæmt frumvarpinu.

Þessar upplýsingar styðja ekki staðhæfingar um að breytingar hefðu í för með sér aukna unglingadrykkju.

Til að draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum frumvarpsins á áfengisneyslu er m.a. nauðsynlegt: (1) Að lög kveði á um að fjármálaráðherra verði gert að setja reglur um hæfi innflytjenda. (2) Sömuleiðis er nauðsynlegt að stórefla eftirlit með ólögmætri áfengissölu, ekki síst þeirri sem skipulögð er gagnvart börnum og unglingum. (3) Ákvæðum laga um bann við auglýsingum á áfengi verði fylgt út í æsar og ef þörf krefur að ákvæði laga um „duldar" auglýsingar sem hvetja til neyslu áfengra drykkja verði hert. (4) Nauðsynlegt er að fylgt verði fast eftir þeirri stefnu stjórnvalda að draga um fjórðung úr neyslu áfengis fram til aldamóta.

Frá heilbrigðisráðherra komu breytingartillögur við umfjöllun sem stuðla að því að markmiðum þriggja fyrstu framangreindra liða verði náð. Til viðbótar þeim er nauðsynlegt að gera breytingar á frumvarpinu sem tryggja að áfengisgjald verði ekki lagt á 80% spíra er ÁTVR mun áfram flytja inn til notkunar við lyfjagerð og á sjúkrahúsum. Upplýst var af fulltrúa ÁTVR að ella yrði ekki kleift að ná fram hagstæðu verði með magninnkaupum sem mundi hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir framangreinda starfsemi.

Jafnframt er vert að geta eftirfarandi: Fulltrúi heilbrigðisráðherra upplýsti að þrátt fyrir að sátt hefði að lokum náðst innan ríkisstjórnarinnar um breytingartillögur við upphaflega gerð frumvarpsins hefði heilbrigðisráðherra ekki tekist að koma sjónarmiðum sínum um nauðsynlegar breytingar fram að öllu leyti. Það er því ljóst að frá sjónarhóli heilbrigðisráðherra má enn gera breytingar á frumvarpinu sem tryggja betur að frumvarpið hafi ekki neikvæð áhrif á heilbrigði landsmanna. Ekki tókst að fá upplýst hvað það er sem heilbrigðisráðuneytið telur að mætti betur fara með tilliti til heilsuverndar landsmanna. Komi það hins vegar fram við 2. umr. kann það að gefa tilefni til frekari breytingartillagna.

Niðurstaðan er því sú að verði samþykktar þær breytingartillögur sem kynntar voru af hálfu heilbrigðisráðuneytisins við umfjöllun nefndarinnar sé ekki tilefni til að ætla að samþykkt frumvarpsins hafi neikvæð áhrif á heilsufar landsmanna.

Enn fremur er vert að ítreka að þær upplýsingar, sem komu fram um ólögmæta framleiðslu á áfengi til sölu handa börnum og unglingum, gefa ótvírætt til kynna að framkvæmd laga gegn slíkri háttsemi er í algerum molum og besta vörnin gegn aukinni áfengisneyslu í landinu væri að stórefla eftirlit með slíkri starfsemi og herða viðurlög. Það tengist þó almennri stefnu stjórnvalda um áfengisvarnir en ekki þeim frumvörpum sérstaklega sem voru til umfjöllunar.

Umsögn Ögmundar Jónassonar og Ástu R. Jóhannesdóttur.

Telja verður að ekki hafi komið fram sannfærandi rök með því að þörf sé á þeirri lagabreytingu sem frumvörp þau, sem nefndin hefur til umfjöllunar, fela í sér. Þvert á móti hafi verið færð rök fyrir því að hugsanleg álitamál varðandi EES megi leysa með einföldum skipulagsbreytingum og minni háttar lagabreytingum þar sem fest yrði í lög að ÁTVR mætti ekki mismuna viðskiptavinum.

Við 1. umr. málsins á Alþingi kom fram að heilbrigðisráðherra hefði hug á að láta málið til sín taka. Innan nefndarinnar kom fram formleg ósk um að heilbrigðisráðherra gerði nefndinni skriflega grein fyrir sjónarmiðum sínum og yrði málið ekki afgreitt úr nefndinni fyrr en sú greinargerð lægi fyrir. Enda þótt ráðherra lýsti yfir því að slík greinargerð yrði send nefndinni barst hún ekki og ákvað meiri hluti nefndarinnar að afgreiða málið frá sér við svo búið. Fulltrúi utanríkisráðuneytisins kom þó ekki á fund nefndarinnar eins og óskað hafði verið eftir. Ætlunin var að hann kæmi á fund nefndarinnar til að gera grein fyrir fullyrðingu utanríkisráðuneytis frá því í júlí 1992, sbr. bréf frá BSRB, dags. 22. júní 1992, og svarbréfi ráðuneytisins, sem dreift var til nefndarinnar, um að engar breytingar þyrfti að gera á starfsemi eða fyrirkomulagi ÁTVR til að uppfylla skyldur samkvæmt EES-samningnum og til að skýra nefndinni frá þróun þessara mála annars staðar á Norðurlöndum.

Á hinn bóginn komu á fund nefndarinnar fulltrúar allra helstu hagsmunaaðila sem láta áfengisvarnir til sín taka, sbr. hér að framan. Að undanskildum fulltrúa SÁÁ, sem taldi að á ferðinni væru „almennar breytingar sem hefðu aukið frjálsræði í för með sér", mæltu fulltrúar samtakanna eindregið gegn lagabreytingunum. Fulltrúi SÁÁ sagði að ekki væri um „stórbreytingar" að ræða en tók undir það sjónarmið að þær væru til þess fallnar að auka samkeppni um sölu á áfengi. Þá væri ljóst að „horfið væri frá aðhaldsstefnunni". Þrátt fyrir þetta mælti hann ekki gegn lagabreytingunum. Það gerðu hins vegar fulltrúar allra hinna almannasamtakanna, sem létu málið sig varða og komu á fund nefndarinnar, mjög eindregið og færðu ítarleg rök fyrir máli sínu. Aðstoðarlandlæknir taldi frumvarpið ekki til bóta, enda væri hér verið að stíga „fyrsta skrefið" og opna fyrir „duldar auglýsingar". Tók fulltrúi landlæknisembættisins undir það sjónarmið að með lagabreytingunum væri áfengi gert að verslunarvöru í ríkari mæli en verið hefur og þar með mundi aukast áhersla á að koma áfengi á markað.

Almannasamtök gegn áfengisneyslu vöruðu almennt við því að fyrirhugaðar breytingar mundu leiða til aukinnar samkeppni í áfengisverslun og auglýsingar mundu aukast. Þá töldu þessir aðilar að ljóst væri að aukin áfengisneysla mundi ekki hafa sparnað í för með sér. Þvert á móti mundu útgjöld í heilbrigðiskerfinu aukast.

Í frumvörpum þessum, sem nú liggja fyrir, er ekki tekið á áfengisvörnum né forvörnum eins og gert hefur verið á Norðurlöndum. Þar er ætlunin að forvarnir verði fjármagnaðar með þeim gjöldum sem áfengisinnflytjendur þurfa að greiða fyrir leyfi til starfseminnar.

Þær breytingar, sem samráðsnefnd þriggja ráðuneyta hefur lagt til, eru harla óljósar. Í stuttu máli er nú gert ráð fyrir að ráðherra þurfi að veita innflytjendum áfengis sérstakt leyfi. Ekki er ljóst á hvaða grundvelli slík leyfisveiting á að byggjast. Lagabreytingin er merkingarlaus þar til reglugerð liggur fyrir.

Í annan stað er í umræddum breytingartillögum lagt til að eftirlitsmenn eigi að gefa tilteknum aðilum „sérstakar gætur". Ekki er ljóst hvað hér er átt við.

Þá er gert ráð fyrir að setja eigi ákvæði reglugerðar sem nú gildir um áfengisauglýsingar inn í áfengislöggjöfina. Þetta er algerlega óháð hinum breytingunum og gæti staðið sjálfstætt. Hins vegar er rétt að fram komi að gerðar eru efnisbreytingar sem í raun heimila aukna umfjöllun um áfengi í fjölmiðlum.

Þessar breytingar og þær afleiðingar, sem þær munu hafa á heilbrigði og velferð þjóðarinnar að áliti umsagnaraðila, stangast á við þá heilbrigðisáætlun sem Alþingi hefur samþykkt, en í 9. gr. hennar segir að draga þurfi úr almennri neyslu áfengis og útrýma ofneyslu þess. Árið 1986 samþykkti ríkisstjórn Íslands að farið skyldi að ráðum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar Sameinuðu þjóðanna og stefnt að því að draga úr áfengisneyslu þjóðarinnar um 25% frá þeim tíma til aldamóta. Mjög veigamikil rök hníga í þá átt að þessi markmið náist síður verði sú breyting gerð á áfengislöggjöfinni sem nú er lögð til.

Lýsa áðurnefnd sig því andvíg frumvörpum þessum og leggja til að þau verði felld.

46. Breytingartillögur [6. mál]

við frv. til breyt. á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (SP, HjálmJ, ÁRÁ, MS, ÓÖH, KPál, LB).

1. Við 5. gr. Eftirfarandi breytingar verði á b-lið greinarinnar:
   a. 2. tölul. orðist svo: Innflytjendur áfengis og heildsalar sem leyfi hafa samkvæmt lögum um verslun ríkisins með áfengi og tóbak; þó einungis til þeirra sem um ræðir í 1., 3.–5. og 7. tölul., svo og til sölu úr landi, til þeirra sem njóta úrlendisréttar og í tollfrjálsar forðageymslur. Þá hefur innflytjandi heimild til að selja áfengi þeim sem hafa leyfi til að selja áfengi í heildsölu.
   b. 3. tölul. orðist svo: Framleiðendur áfengra drykkja, sbr. lög um verslun ríkisins með áfengi og tóbak; þó einungis til þeirra sem um ræðir í 1., 4. og 5. tölul., til heildsala skv. 2. tölul., svo og til sölu úr landi, til þeirra sem njóta úrlendisréttar og í tollfrjálsar forðageymslur.
2. Á eftir 5. gr. komi þrjár nýjar greinar er orðist svo:
   a. (6. gr.)

      Í stað 2. og 3. mgr. 15. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

      Auk eftirlits með veitingastöðum, sem leyfi hafa til áfengisveitinga, sbr. 5. og 6. mgr. 12. gr., skulu lögreglumenn gefa sérstakar gætur að starfsemi þeirra sem heimild hafa til framleiðslu eða sölu áfengis, sbr. 2. og 3. tölul. 11. gr., og þeirra sem hafa leyfi til að veita áfengi skv. 2. mgr. 20. gr. Í reglugerð skal kveða nánar á um eftirlit þetta.

      Skattstjórar skulu láta lögreglustjórum í té skrá yfir þá aðila sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr. 2. gr. laga um gjald af áfengi.
   b. (7. gr.)

      4. og 5. mgr. 16. gr. laganna falla brott.
   c. (8. gr.)

      Á eftir 16. gr. laganna kemur ný grein sem verður 16. gr. a og orðast svo:

      Hvers konar auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum eru bannaðar. Enn fremur er bannað að sýna neyslu eða hvers konar aðra meðferð áfengis í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vöru eða þjónustu.

Með auglýsingu er átt við hvers konar tilkynningar til almennings vegna markaðssetningar þar sem sýndar eru í máli eða myndum áfengistegundir eða atriði tengd áfengisneyslu, svo sem áfengisvöruheiti eða auðkenni, eftirlíkingar af áfengisvarningi, spjöld eða annar svipaður búnaður, útstillingar, dreifingu prentaðs máls og vörusýnishorna og þess háttar.

Bannið tekur með sama hætti til auglýsinga sem eingöngu fela í sér firmanafn og/eða firmamerki áfengisframleiðanda. Þó er framleiðanda, sem auk áfengis framleiðir aðrar drykkjarvörur, heimilt að nota firmanafn eða merki í tengslum við auglýsingu þeirra drykkja enda megi augljóst vera að um óáfenga drykki sé að ræða í skilningi laganna og ekki vísað til hinnar áfengu framleiðslu.

Undanþegið banni við áfengisauglýsingum er:

1. Auglýsingar á erlendum tungumálum í erlendum prentritum sem flutt eru til landsins, nema megintilgangur ritsins eða innflutningsins sé að auglýsa áfengi.
2. Auðkenni með firmanafni og/eða firmamerki á venjulegum búnaði til áfengisveitinga á veitingastað þar sem áfengisveitingar eru heimilaðar.
3. Auðkenni með firmanafni og/eða firmamerki á flutningatækjum áfengisframleiðanda, vöruumbúðum, bréfsefni eða öðru sem beinlínis tengist starfsemi hans.

3. Við 7. gr. (er verði 10. gr.). Greinin orðist svo:
   Eftirtaldar breytingar verða á 19. gr. laganna:
   a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein svohljóðandi:
      Með sama hætti skal refsa þeim er hefur áfengi í vörslu sinni sem látið hefur verið af hendi andstætt ákvæðum 18. gr.
   b. Í stað orðanna „Enn fremur er þeim heimilt“ í 2. mgr. (verður 3. mgr.) kemur: Heimilt er.
4. Við 8. gr. Greinin falli brott.

47. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Indriða H. Þorlákssson og Jón Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti, Jóhann Rúnar Björgvinsson frá Þjóðhagsstofnun, Baldvin Hafsteinsson, Júlíus P. Guðjónsson og Birgi R. Jónsson frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Jónas Fr. Jónsson frá Verslunarráði, Jón Steindór Valdimarsson frá Samtökum iðnaðarins, Ernu Hauksdóttur og Jónas Hvannberg frá Sambandi veitinga- og gistihúsa, Ingibjörgu Guðmundsdóttur frá Landssambandi íslenskra verslunarmanna, Sigríði Kristinsdóttur frá BSRB, Kristján Helgason og Ívar J. Arndal, starfsmenn hjá ÁTVR, Höskuld Jónsson, forstjóra ÁTVR, Guðna Björnsson, Elísu Wiium og Valdimar Jóhannesson frá Vímulausri æsku, Þórarin Tyrfingsson frá SÁÁ, Hörð Zóphaníasson, Ólaf Hauk Árnason, Jóhannes Bergsveinsson og Helga Seljan frá áfengisvarnaráði, Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Georg Ólafsson, forstjóra Samkeppnisstofnunar og Snorra Olsen ríkisskattstjóra. Þá bárust nefndinni umsagnir um málin frá ÁTVR, áfeng-

isvarnaráði, Kaupmannasamtökum Íslands, Samtökum iðnaðarins, Landssamtökunum Heimili og skóli, Starfsmannafélagi ríkisstofnana, BSRB, ríkisskattstjóra, Verslunarráði Íslands, Starfsmannafélagi ÁTVR og frá samtökunum Vímulausri æsku og Stöðvum unglingadrykkju. Einnig fékk nefndin umsögn um málið frá meiri og minni hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar og eru þær birtar sem fylgiskjal með áliti þessu.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að nokkrar breytingar verði gerðar á frumvarpinu og er gerð tillaga um þær á sérstöku þingskjali. Breytingarnar fela í sér:

1. Kveðið er skýrt á um að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins geti keypt áfengi af innlendum aðilum, öðrum en framleiðendum.
2. Orðalag 2. gr. laga um verslun með áfengi og tóbak er lagað að þeim breytingum sem allsherjarnefnd leggur til að verði gerðar á 11. gr. áfengislaga og sérstaklega tekið fram hverjum má veita leyfi til heildsölu á áfengi. Þá er fjármálaráðherra jafnframt veitt heimild til að setja reglugerð þar sem fram koma skilyrði fyrir þessum leyfum, ákvæði um gildistíma þeirra og afturköllun. Í þeirri reglugerð skal kveðið á um auðkenni á áfengi sem látið er af hendi. Með því er unnt að setja leyfishöfum skilyrði um auðkenni á vöru sinni, en slík auðkenni eru talin nauðsynleg vegna eftirlits með áfengi í landinu.
3. Tryggt er að verð á hverri einstakri tegund áfengis sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur til sölu sé það sama í öllum útsölum ÁTVR sem bjóða þá tegund til sölu.
4. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins verði skipt upp í tvær deildir sem séu aðgreindar rekstrarlega og fjárhagslega. Önnur deildin sjái um smásöluna en hin annist innflutning og heildsölu.
5. Loks er lagt til að nafni laganna verði breytt til samræmis við efni þeirra.

Alþingi, 7. júní 1995.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. Gunnlaugur M. Sigmundsson. Jón Baldvin Hannibalsson.

Sólveig Pétursdóttir. Pétur H. Blöndal. Siv Friðleifsdóttir.

Einar Oddur Kristjánsson.

Fylgiskjal.

Umsagnir heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

(7. júní 1995.)

Heilbrigðis- og tryggingarnefnd hefur, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar frá 24. maí sl., fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með síðari breytingum, og frumvarp til laga um gjald af áfengi.

Við umfjöllun um málið fékk nefndin á sinn fund Höskuld Jónsson, forstjóra ÁTVR, Sigríði Kristinsdóttur, formann Starfsmannafélags ríkisstofnana, Unni Halldórsdóttur frá Foreldrasamtökunum Heimili og skóla, Elísu Wiium og Árna Einarsson frá Vímulausri æsku, Valdimar Jóhannesson frá átakinu Stöðvum unglingadrykkju, Helga Seljan frá Landssambandi gegn áfengisbölinu, Jóhannes Bergsveinsson og Ólaf Hauk Árnason frá áfengisvarnaráði, Matthías Halldórsson aðstoðarlandlækni, Þórarin Tyrfingsson frá SÁÁ, Indriða H. Þorlákssson, skrifstofustjóra í fjármálaráðuneytinu, og Dögg Pálsdóttur, skrifstofustjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Að áliti meiri hluta nefndarinnar standa Lára Margrét Ragnarsdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Sólveig Pétursdóttir, Guðni Ágústsson og Sigríður A. Þórðardóttir.

Umsögn meiri hluta heilbrigðis- og tryggingamálanefndar.

Um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með síðari breytingum.

Meiri hluti nefndarinnar er þeirrar skoðunar að þó að einkaréttur ríkisins til innflutnings og heildsölu á áfengi verði afnuminn hafi það almennt ekki í för með sér aukna hættu á heilsutjóni landsmanna af völdum áfengisneyslu. Samkvæmt frumvarpinu er aðeins tilteknum aðilum heimilt að endurselja áfengi, sem flutt er til landsins, til neytenda. Þykja því ekki rök til að álykta að almenningur muni eiga greiðari aðgang að áfengi en áður vegna umræddrar lagabreytingar. Þó telur meiri hluti nefndarinnar ástæðu til að leggja það til við efnahags- og viðskiptanefnd að eftirtöldum ákvæðum frumvarpsins verði breytt.

Breytingar á 2. gr. frumvarpsins.

C-*liður: 3. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:*

Fjármálaráðherra veitir leyfi til innflutnings og heildsölu á áfengi, svo og til framleiðslu áfengra drykkja, enda sé slík framleiðsla, sala eða innflutningur ætluð til sölu samkvæmt ákvæðum áfengislaga. Leyfi til heildsölu á áfengi má veita innflytjanda áfengis, svo og öðrum þeim sem hyggjast endurselja áfengi frá framleiðanda eða innflytjanda.

D-liður: 4. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um veitingu leyfis skv. 3. mgr. Skal þar m.a. kveðið á um skilyrði fyrir leyfisveitingu, gildistíma leyfis, afturköllun þess, um auðkenni á áfengi sem látið er af hendi og um eftirlit með starfsemi leyfishafa.

Í samræmi við tillögur þær, sem gerðar eru til allsherjarnefndar um breytingar á 11. gr. áfengislaga, er hér hnykkt á orðalagi í 2. gr. laganna um verslun ríkisins með áfengi og tóbak. Jafnframt er fjármálaráðherra veitt heimild til að setja reglugerð þar sem fram koma skilyrði fyrir þessum leyfum, ákvæði um gildistíma þeirra og afturköllun. Í reglugerð skal kveðið á um auðkenni á áfengi sem látið er af hendi. Með því er unnt að setja leyfishöfum skilyrði um auðkenni á vöru sinni, en slík auðkenni eru talin nauðsynleg vegna eftirlits með áfengi í landinu.

Um frumvarp til laga um gjald af áfengi.

Með frumvarpinu er lagt til að tekið verði upp nýtt gjald er leggja skal á allt áfengi. Gjaldinu er ætlað að koma í stað vínandagjalds af áfengi og er eins og það föst krónutala á hreinan vínanda í áfengi umfram tiltekið mark. Kemur breyting þessi í kjölfar afnáms á einkaleyfi ÁTVR til innflutnings á áfengi. Ekki verður séð að þessi breyting leiði til breytinga á áfengisverði, sbr. frumvarp, greinargerð og kostnaðarmat.

Umsögn Össurar Skarphéðinssonar.

Erindi nefndarinnar til heilbrigðis- og tryggingarnefndar var að leggja mat á hvaða afleiðingar þær breytingar, sem lagðar eru til í frumvarpinu, kynnu að hafa á áfengisneyslu og þar með heilbrigði landsmanna.

Fulltrúar allra samtaka nema SÁÁ voru eindregið þeirrar skoðunar að breytingarnar, sem felast í frumvarpinu, mundu stuðla að því að „duldar" áfengisauglýsingar ykjust og það, ásamt auknum fjölda söluaðila, leiddi til meiri neyslu á áfengi.

Fulltrúi SÁÁ taldi hins vegar ekki að samþykkt frumvarpsins hefði aukna áfengisneyslu í för með sér.

Fulltrúi STR benti sérstaklega á að eftir breytingarnar yrði mun erfiðara að bregðast við ef upp kæmi að mengað áfengi væri í umferð þar sem erfiðara yrði að rekja það og stöðva sölu en meðan innflutningur áfengis var á einni hendi.

Fulltrúar allra samtaka, sem komu á fund nefndarinnar — nema SÁÁ — létu í ljós ótta við að breytingarnar gætu leitt til þess að í hóp innflytjenda kæmust óæskilegir einstaklingar er ekki mundu skirrast við að fara á svig við lög til að auka umsvif sín í áfengissölu. Þetta töldu þau m.a. líklegt að yki framboð á áfengi til neytenda utan hefðbundins verslunartíma og jafnframt til barna og unglinga.

Eftirfarandi upplýsingar komu þó einnig fram: (1) Fulltrúar allra félagasamtaka, sem komu á fund nefndarinnar, voru sammála um að ótrúlega auðvelt væri fyrir unglinga að verða sér úti um áfengi með ólögmætum hætti og lýstu vel skipulögðu kerfi leynivínsala sem einbeita sér að sölu til fólks undir lögaldri. (2) Samkvæmt upplýsingum þeirra er einnig ljóst að verð á ólögmætu áfengi sem unglingum býðst með þessum hætti er verulega lægra en á löglega seldu áfengi samkvæmt frumvarpinu.

Þessar upplýsingar styðja ekki staðhæfingar um að breytingar hefðu í för með sér aukna unglingadrykkju.

Til að draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum frumvarpsins á áfengisneyslu er m.a. nauðsynlegt: (1) Að lög kveði á um að fjármálaráðherra verði gert að setja reglur um hæfi innflytjenda. (2) Sömuleiðis er nauðsynlegt að stórefla eftirlit með ólögmætri áfengissölu, ekki síst þeirri sem skipulögð er gagnvart börnum og unglingum. (3) Ákvæðum laga um bann við auglýsingum á áfengi verði fylgt út í æsar og ef þörf krefur að ákvæði laga um „duldar" auglýsingar sem hvetja til neyslu áfengra drykkja verði hert. (4) Nauðsynlegt er að fylgt verði fast eftir þeirri stefnu stjórnvalda að draga um fjórðung úr neyslu áfengis fram til aldamóta.

Frá heilbrigðisráðherra komu breytingartillögur við umfjöllun sem stuðla að því að markmiðum þriggja fyrstu framangreindra liða verði náð. Til viðbótar þeim er nauðsynlegt að gera breytingar á frumvarpinu sem tryggja að áfengisgjald verði ekki lagt á 80% spíra er ÁTVR mun áfram flytja inn til notkunar við lyfjagerð og á sjúkrahúsum. Upplýst var af fulltrúa ÁTVR að ella yrði ekki kleift að ná fram hagstæðu verði með magninnkaupum sem mundi hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir framangreinda starfsemi.

Jafnframt er vert að geta eftirfarandi: Fulltrúi heilbrigðisráðherra upplýsti að þrátt fyrir að sátt hefði að lokum náðst innan ríkisstjórnarinnar um breytingartillögur við upphaflega gerð frumvarpsins hefði heilbrigðisráðherra ekki tekist að koma sjónarmiðum sínum um nauðsynlegar breytingar fram að öllu leyti. Það er því ljóst að frá sjónarhóli heilbrigðisráðherra má enn gera breytingar á frumvarpinu sem tryggja betur að frumvarpið hafi ekki neikvæð áhrif á heilbrigði landsmanna. Ekki tókst að fá upplýst hvað það er sem heilbrigðisráðuneytið telur að mætti betur fara með tilliti til heilsuverndar landsmanna. Komi það hins vegar fram við 2. umr. kann það að gefa tilefni til frekari breytingartillagna.

Niðurstaðan er því sú að verði samþykktar þær breytingartillögur sem kynntar voru af hálfu heilbrigðisráðuneytisins við umfjöllun nefndarinnar sé ekki tilefni til að ætla að samþykkt frumvarpsins hafi neikvæð áhrif á heilsufar landsmanna.

Enn fremur er vert að ítreka að þær upplýsingar, sem komu fram um ólögmæta framleiðslu á áfengi til sölu handa börnum og unglingum, gefa ótvírætt til kynna að framkvæmd laga gegn slíkri háttsemi er í algerum molum og besta vörnin gegn aukinni áfengisneyslu í landinu væri að stórefla eftirlit með slíkri starfsemi og herða viðurlög. Það tengist þó almennri stefnu stjórnvalda um áfengisvarnir en ekki þeim frumvörpum sérstaklega sem voru til umfjöllunar.

Umsögn Ögmundar Jónassonar og Ástu R. Jóhannesdóttur.

Telja verður að ekki hafi komið fram sannfærandi rök með því að þörf sé á þeirri lagabreytingu sem frumvörp þau, sem nefndin hefur til umfjöllunar, fela í sér. Þvert á móti hafi verið færð rök fyrir því að hugsanleg álitamál varðandi EES megi leysa með einföldum skipulagsbreytingum og minni háttar lagabreytingum þar sem fest yrði í lög að ÁTVR mætti ekki mismuna viðskiptavinum.

Við 1. umr. málsins á Alþingi kom fram að heilbrigðisráðherra hefði hug á að láta málið til sín taka. Innan nefndarinnar kom fram formleg ósk um að heilbrigðisráðherra gerði nefndinni skriflega grein fyrir sjónarmiðum sínum og yrði málið ekki afgreitt úr nefndinni fyrr en sú greinargerð lægi fyrir. Enda þótt ráðherra lýsti yfir því að slík greinargerð yrði send nefndinni barst hún ekki og ákvað meiri hluti nefndarinnar að afgreiða málið frá sér við svo búið. Fulltrúi utanríkisráðuneytisins kom þó ekki á fund nefndarinnar eins og óskað hafði verið eftir. Ætlunin var að hann kæmi á fund nefndarinnar til að gera grein fyrir fullyrðingu utanríkisráðuneytis frá því í júlí 1992, sbr. bréf frá BSRB, dags. 22. júní 1992, og svarbréfi ráðuneytisins, sem dreift var til nefndarinnar, um að engar breytingar þyrfti að gera á starfsemi eða fyrirkomulagi ÁTVR til að uppfylla skyldur samkvæmt EES-samningnum og til að skýra nefndinni frá þróun þessara mála annars staðar á Norðurlöndum.

Á hinn bóginn komu á fund nefndarinnar fulltrúar allra helstu hagsmunaaðila sem láta áfengisvarnir til sín taka, sbr. hér að framan. Að undanskildum fulltrúa SÁÁ, sem taldi að á ferðinni væru „almennar breytingar sem hefðu aukið frjálsræði í för með sér", mæltu fulltrúar samtakanna eindregið gegn lagabreytingunum. Fulltrúi SÁÁ sagði að ekki væri um „stórbreytingar" að ræða en tók undir það sjónarmið að þær væru til þess fallnar að auka samkeppni um sölu á áfengi. Þá væri ljóst að „horfið væri frá aðhaldsstefnunni". Þrátt fyrir þetta mælti hann ekki gegn lagabreytingunum. Það gerðu hins vegar fulltrúar allra hinna almannasamtakanna, sem létu málið sig varða og komu á fund nefndarinnar, mjög eindregið og færðu ítarleg rök fyrir máli sínu. Aðstoðarlandlæknir taldi frumvarpið ekki til bóta, enda væri hér verið að stíga „fyrsta skrefið" og opna fyrir „duldar

auglýsingar". Tók fulltrúi landlæknisembættisins undir það sjónarmið að með lagabreytingunum væri áfengi gert að verslunarvöru í ríkari mæli en verið hefur og þar með mundi aukast áhersla á að koma áfengi á markað.

Almannasamtök gegn áfengisneyslu vöruðu almennt við því að fyrirhugaðar breytingar mundu leiða til aukinnar samkeppni í áfengisverslun og auglýsingar mundu aukast. Þá töldu þessir aðilar að ljóst væri að aukin áfengisneysla mundi ekki hafa sparnað í för með sér. Þvert á móti mundu útgjöld í heilbrigðiskerfinu aukast.

Í frumvörpum þessum, sem nú liggja fyrir, er ekki tekið á áfengisvörnum né forvörnum eins og gert hefur verið á Norðurlöndum. Þar er ætlunin að forvarnir verði fjármagnaðar með þeim gjöldum sem áfengisinnflytjendur þurfa að greiða fyrir leyfi til starfseminnar.

Þær breytingar, sem samráðsnefnd þriggja ráðuneyta hefur lagt til, eru harla óljósar. Í stuttu máli er nú gert ráð fyrir að ráðherra þurfi að veita innflytjendum áfengis sérstakt leyfi. Ekki er ljóst á hvaða grundvelli slík leyfisveiting á að byggjast. Lagabreytingin er merkingarlaus þar til reglugerð liggur fyrir.

Í annan stað er í umræddum breytingartillögum lagt til að eftirlitsmenn eigi að gefa tilteknum aðilum „sérstakar gætur". Ekki er ljóst hvað hér er átt við.

Þá er gert ráð fyrir að setja eigi ákvæði reglugerðar sem nú gildir um áfengisauglýsingar inn í áfengislöggjöfina. Þetta er algerlega óháð hinum breytingunum og gæti staðið sjálfstætt. Hins vegar er rétt að fram komi að gerðar eru efnisbreytingar sem í raun heimila aukna umfjöllun um áfengi í fjölmiðlum.

Þessar breytingar og þær afleiðingar, sem þær munu hafa á heilbrigði og velferð þjóðarinnar að áliti umsagnaraðila, stangast á við þá heilbrigðisáætlun sem Alþingi hefur samþykkt, en í 9. gr. hennar segir að draga þurfi úr almennri neyslu áfengis og útrýma ofneyslu þess. Árið 1986 samþykkti ríkisstjórn Íslands að farið skyldi að ráðum Alþjóðaheilbrigðisstofnunar Sameinuðu þjóðanna og stefnt að því að draga úr áfengisneyslu þjóðarinnar um 25% frá þeim tíma til aldamóta. Mjög veigamikil rök hníga í þá átt að þessi markmið náist síður verði sú breyting gerð á áfengislöggjöfinni sem nú er lögð til.

Lýsa ofannefnd sig því andvíg frumvörpum þessum og leggja til að þau verði felld.

48. Breytingartillögur [3. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, GMS, JBH, SP, PHB, SF, EOK).

1. Við 2. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
   a. A-liður orðist svo: 1. mgr. orðast svo:

      Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast innflutning og innkaup á vínanda, áfengi og tóbaki samkvæmt lögum þessum og dreifingu þessara vara undir yfirstjórn fjármálaráðherra. Þess skal gætt að jafnræði gildi gagnvart öllum birgjum.

b. C-liður orðist svo: 3. mgr. orðast svo:

Fjármálaráðherra veitir leyfi til innflutnings og heildsölu á áfengi, svo og til framleiðslu áfengra drykkja, enda sé slík framleiðsla, sala eða innflutningur ætluð til sölu samkvæmt ákvæðum áfengislaga. Leyfi til heildsölu á áfengi má veita innflytjanda áfengis, svo og öðrum þeim sem hyggjast endurselja áfengi frá framleiðanda eða innflytjanda.

c. Við bætist nýr stafliður, e-liður, er orðist svo:

Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um veitingu leyfis skv. 3. mgr. Skal þar m.a. kveðið á um skilyrði fyrir leyfisveitingu, gildistíma leyfis, afturköllun þess, um auðkenni á áfengi sem látið er af hendi og eftirlit með starfsemi leyfishafa.

2. Á eftir 2. gr. komi tvær nýjar greinar er orðist svo:

a. (3. gr.)

Á eftir 1. málsl. 3. gr. laganna kemur nýr málsliður svohljóðandi: Verð í smásöluverslunum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á hverri vöru fyrir sig skal vera það sama hvar sem er á landinu.

b. (4. gr.)

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal starfa í tveimur deildum er séu aðgreindar rekstrarlega og fjárhagslega. Skal önnur deildin hafa með höndum innflutning og heildsölu áfengis en hin skal annast smásölu áfengis. Fjármálaráðherra skal skipa Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins stjórn og setja með reglugerð nánari ákvæði um skipulag hennar.

3. Við 6. gr. (er verði 8. gr.). Greinin orðist svo:

Heiti laganna verður: **Lög um verslun með áfengi og tóbak.**

49. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um gjald af áfengi.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin fjallaði um mál þetta samhliða umfjöllun um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf. Þá fékk nefndin umsögn um málið frá meiri og minni hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað „1. mgr.“ í 3. mgr. 6. gr. komi: 2. mgr.

Alþingi, 7. júní 1995.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. Gunnlaugur M. Sigmundsson. Jón Baldvin Hannibalsson.

Sólveig Pétursdóttir. Pétur H. Blöndal. Siv Friðleifsdóttir.

Einar Oddur Kristjánsson.

50. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Fyrsti minni hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði fellt. Það, ásamt 4. máli, frumvarpi til laga um gjald af áfengi, sem flutt er samhliða þessu frumvarpi, felur í sér breytingu á fyrirkomulagi innflutnings áfengis og getur stuðlað að aukinni áfengisneyslu og auknum kostnaði við eftirlit.

Frumvörpin fjalla ekki um breytta og betri áfengisstefnu stjórnvalda sem m.a. gæti falist í auknum forvörnum. Aðilar, sem vinna að áfengismálum hérlendis, vara flestir við samþykkt frumvarpanna og ýmsir telja að leynivínsala, brugg og smygl muni aukast í kjölfarið.

Ekki hafa verið færð sterk rök fyrir því að samþykkt frumvarpanna sé nauðsynleg til að uppfylla skyldur okkar samkvæmt EES-samningunum. Íslensk stjórnvöld hafa ætíð talið að núverandi skipulag áfengismála rúmist innan EES-samninganna.

Ekki er vitað hvort eftirlitsstofnun EFTA, sem gert hefur athugasemd við núverandi fyrirkomulag, vísar málinu áfram til EFTA-dómstólsins. Dómstóllinn er ekki bundinn af áliti eftirlitsstofnunarinnar og réttarstaða okkar virðist vera traust.

Samþykkt frumvarpanna skapar einnig óöryggi hjá starfsmönnum ÁTVR og ekki hefur verið sýnt fram á að breytt fyrirkomulag leiði almennt til lægri kostnaðar og aukinnar hagkvæmni við innflutning áfengis.

Frumvörpin lúta þannig fyrst og fremst að þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að einkavæða innflutning á áfengi. Slíkt skapar vissulega aukin viðskipti hjá umboðsaðilum og birgðastöðvum en hefur jafnframt í för með sér fjárhagslega áhættu fyrir ríkissjóð.

Dreifing birgðastöðva vítt og breitt um bæinn mun auka hættu á misnotkun og skapa ýmiss konar öryggisvandamál.

Fyrsti minni hluti vill gjarnan taka þátt í, ásamt stjórnarþingmönnum og öðrum þingmönnum, að endurskoða áfengislöggjöfina með auknar forvarnir, bætta heilbrigðisþjónustu og styrkingu unglingastarfs að leiðarljósi. Fyrirliggjandi frumvörp leiða á engan hátt til þess.

Alþingi, 7. júní 1995.

Ágúst Einarsson.

51. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um gjald af áfengi.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Fyrsti minni hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði fellt. Um rök fyrir því vísast til nefndarálits undirritaðs, þskj. 50, um 3. mál þingsins sem flutt er samhliða þessu máli.

Alþingi, 7. júní 1995.

Ágúst Einarsson.

52. Frumvarp til laga [39. mál]

um breytingu á útvarpslögum, nr. 68/1985, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætast tvær málsgreinar, svohljóðandi:

Læst útsending er hljóðvarps- eða sjónvarpsútsending ætluð almenningi þar sem hljóð- eða myndmerkjum hefur verið breytt í því skyni að veita einungis þeim aðgang að útsendingunni sem greitt hafa fyrir hana (áskrifendum).

Myndlykill er búnaður sem einum sér eða með öðrum búnaði er ætlað að veita aðgang að innihaldi læstrar útsendingar.

2. gr.

Á eftir 37. gr. laganna kemur ný grein, 37. gr. a, svohljóðandi:

Óheimilt er að framleiða, afhenda, leigja, setja upp eða gera við myndlykla í því skyni að veita einhverjum utan hóps áskrifenda aðgang að innihaldi læstrar útsendingar.

Óheimilt er að nota myndlykil til þess að taka á móti læstri útsendingu án þess að greiða áskriftargjaldið.

Brot gegn ákvæðum 1. mgr. varðar sektum eða varðhaldi allt að sex mánuðum. Tilraun til brots og hlutdeild í brotum er refsiverð samkvæmt ákvæðum III. kafla almennra hegningarlaga.

Hluti og búnað, sem notaðir hafa verið við brot gegn ákvæðum 1. og 2. mgr., skal gera upptæka, nema þeir séu eign aðila sem ekki er við brotið riðinn. Ávinning, sem aflað hefur verið með broti, skal gera upptækan.

Hið upptæka skal vera eign ríkissjóðs. Hafi einhver beðið tjón við brotið skal sá eiga forgang til andvirðis hins upptæka ef bætur fást ekki á annan hátt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndin hefur haft til umfjöllunar frumvarp menntamálaráðherra um bann við gerð og notkun myndlykla til þess að fá aðgang að læstum útvarpssendingum án greiðslu áskriftargjalds, 22. mál þingsins. Við athugun nefndarinnar kom í ljós að betur færi á því að ákvæði frumvarpsins væru felld inn í útvarpslög en að sett væru sérstök lög um málið. Ákvað nefndin því að velja þann kost að flytja sjálfstætt frumvarp um málið sem er efnislega samhljóða frumvarpi menntamálaráðherra að öðru leyti en því að bætt er inn í 2. gr. frumvarpsins að auk tilraunar til brots teljist hlutdeild í brotum jafnframt refsiverð samkvæmt ákvæðum III. kafla almennra hegningarlaga. Um nánari skýringu vísast til greinargerðar með 22. máli á þskj. 22.

53. Svar [23. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um stöðugildi lögreglumanna.

Þær upplýsingar, sem hér eru birtar, eru byggðar á starfsmannaskrám fjármálaráðuneytis. Einnig eru gefnar upplýsingar um fjölda stöðugilda hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins þar sem starfssvæði hennar er einkum í Reykjavík og nágrannabyggðarlögum. Loks eru birtar upplýsingar um stöður umfram heimildir á tilteknum tíma þar sem með því fæst raunverulegur heildarfjöldi lögreglumanna við störf á hverjum tíma, en þær stöður koma til viðbótar fjölda stöðugilda.

1. *Hve mörg eru stöðugildi lögreglumanna á öllu landinu nú?*
   Stöðugildi lögreglumanna á öllu landinu eru nú 606.

2. *Hve mörg eru stöðugildi lögreglumanna í Reykjavík einni?*
   Stöðugildi lögreglumanna í Reykjavík eru 261, en auk þess eru 41 hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins.

3. *Hve mörg voru stöðugildi lögreglumanna á öllu landinu í árslok 1980, 1985 og 1990?*
   Stöðugildi lögreglumanna á öllu landinu í árslok 1980 voru 494. Stöður umfram heimildir á öllu landinu sama ár voru 43.

Stöðugildi lögreglumanna á öllu landinu í árslok 1985 voru 546. Stöður umfram heimildir á öllu landinu sama ár voru 32.

Stöðugildi lögreglumanna á öllu landinu í árslok 1990 voru 606.

4. Hve mörg voru stöðugildi lögreglumanna í Reykjavík í árslok 1980, 1985 og 1990?

Stöðugildi lögreglumanna í Reykjavík í árslok 1980 voru 231. Stöður umfram heimildir í Reykjavík sama ár voru 2,5. Auk þess voru 38 stöðugildi hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins á sama tíma.

Stöðugildi lögreglumanna í Reykjavík í árslok 1985 voru 237. Auk þess voru 38 stöðugildi hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins á sama tíma.

Stöðugildi lögreglumanna í Reykjavík í árslok 1990 voru 264. Auk þess voru 41 stöðugildi hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins á sama tíma.

54. Svar [24. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um vínveitingastaði.

1. Hve margir staðir hafa nú vínveitingaleyfi
a. á landinu öllu,
b. í Reykjavík?

Samkvæmt könnun, sem dómsmálaráðuneytið gerði um fjölda vínveitingahúsa í maí 1995, voru á landinu öllu 350 veitingahús með vínveitingaleyfi. Þar af voru 138 í Reykjavík.

2. Hve margir staðir höfðu vínveitingaleyfi 1980, 1985 og 1990
a. á landinu öllu,
b. í Reykjavík?

Ár	Allt landið	Reykjavík
31. desember 1980	42	18
31. desember 1985	104	43
31. desember 1990	206	91

55. Svar [34. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um sjúkraþjálfun í heilsugæslunni.

1. Hvað líður framkvæmd 17. gr. laga um heilbrigðisþjónustu þar sem kveðið er á um að sjúkraþjálfarar skuli starfa við H2 heilsugæslustöðvar?

Framkvæmd laga hefur farið eftir því fjármagni sem til er hverju sinni samkvæmt fjárlögum og hefur því bæði takmarkað fjármagn og niðurskurður haft áhrif á ráðningar sjúkraþjálfara til heilsugæslunnar. Einnig hefur takmarkað framboð valdið því að stjórnendur hafa samið um samnýtingu sjúkraþjálfara fyrir sjúkrahús og heilsugæslu og kom-

ið til móts við óskir þeirra um að starfa sjálfstætt utan vinnutíma með aðstöðu á sjúkrahúsum.

2. *Hversu margir sjúkraþjálfarar starfa við heilsugæslustöðvar*
   a. í Reykjavík,
   b. á landinu öllu?

Enginn sjúkraþjálfari er ráðinn á heilsugæslustöðvar í Reykjavík. Þjónustan er keypt af sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfurum.

Á heilsugæslustöðvum í starfstengslum við sjúkrahús eru almennt ekki sjúkraþjálfarar starfandi. Þar þjóna sjúkraþjálfarar sjúkrahúsanna einnig sjúklingum utan sjúkrahúss í samráði við heilsugæslulækna stöðvanna. Víða hefur verið erfitt að fá sjúkraþjálfara til starfa þar sem framboð er minna en eftirspurn. Sjúkraþjálfarar hafa víða ráðið sig með því skilyrði að hafa aðstöðu til að taka eigin sjúklinga utan vinnutíma og hafa þannig sinnt þeim íbúum svæðisins sem sækja þjónustu á heilsugæslustöðvar.

Á sjúkrahúsinu á Hvammstanga er sjúkraþjálfari í 50% starfi. Hann er einnig í 50% starfi á heilsugæslustöð.

Heilsugæslustöðvar í starfstengslum við sjúkrahús sem eru með sjúkraþjálfara: Akranes, Ísafjörður, Blönduós, Sauðárkrókur, Siglufjörður, Húsavík, Neskaupstaður, Egilsstaðir, Selfoss, Vestmannaeyjar og St. Fransiskusspítalinn, Stykkishólmi. Hvammstangi hefur hálft stöðugildi sjúkraþjálfara.

Enginn sjúkraþjálfari er ráðinn á sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðvar. Sjúkraþjálfarar starfa sem verktakar og eru utan við heilsugæslustöðvarnar með sinn vinnustað.

3. *Hversu mörg stöðugildi sjúkraþjálfara eru í heilsugæslunni?*
   Hálft stöðugildi sjúkraþjálfara er á Hvammstanga.

4. *Er gert ráð fyrir einhverju forvarnastarfi af þeirra hálfu eða er eingöngu um meðferð sjúklinga að ræða?*
   Aðallega er um meðferð að ræða en forvarnir koma alltaf inn í.

56. Nefndarálit [28. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málin og fengið á fund til sín Árna Kolbeinsson og Ara Edwald frá sjávarútvegsráðuneyti, Stefán Friðriksson frá Fiskistofu, Arthur Bogason og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda, Sævar Gunnarsson og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Helga Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands, Guðjón A. Kristjánsson og Benedikt Valsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Arnar Sigurmundsson og Ágúst Elíasson frá Samtökum íslenskra fiskvinnslustöðva, Jón Ásbjörnsson frá Samtökum fiskvinnslustöðva án útgerðar, Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Gylfa Geirsson frá Landhelgisgæslunni, Jón Leví Hilmarsson frá Vita- og hafnamálastofnun, Sæmund E. Þorsteinsson og Brand Guðmundsson frá kerfisverkfræðistofu Háskóla Íslands, Esther Guðmundsdóttur og Pál Ægi Pétursson frá Slysavarnafé-

lagi Íslands, Guðmund Malmquist og Elías Bóasson frá Byggðastofnun og Kristján Ragnarsson og Svein Hjört Hjartarson frá LÍÚ. Þá bárust nefndinni skriflegar umsagnir um málið frá eigendum Húnarastar hf., Samtökum iðnaðarins, Skipatækni hf. og Smábátafélagi Grímseyjar.

Nefndin leggur til að málið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Í þeim felst:

1. Inn í frumvarpið verði bætt ákvæði um að viðhalda rétti skipa sem leyfi fengu til veiða í atvinnuskyni fyrir 1. janúar 1986 til breytinga án sérstakrar úreldingar þeirra vegna, enda verði ekki tekið tillit til þeirra breytinga við endurnýjun skipanna síðar. Í þessu sambandi skal bent á að stór hluti nótaveiðiflotans er eldri en frá 1986. Til að standast samkeppni á erlendum markaði og færa heim vinnsluhæft hráefni frá fjarlægum miðum þarfnast þessi skip breytinga til að koma við nýrri tækni við flutning og geymslu aflans. Talið er að hin nýja tækni krefjist um það bil 30% meira rýmis til að flytja sama aflamagn. Einnig skal bent á að ákvæði laga um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum krefjast breytinga og aukins rýmis í skipum vegna búnaðar til vinnslu eða flutnings sjávarfangs að landi.
2. Lagt er til að ráðherra geti ákveðið með reglugerð að krókabátar velji sóknardaga í stað viðbótarbanndaga. Skal þar kveðið nánar á um fyrirkomulag og eftirlit með veiðum. Jafnframt er lagt til að í stað þess að ráðherra flytji frumvarp til að lögtaka sóknardaga, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, verði honum falið að gera það með reglugerð jafnskjótt og tæknilegar og fjárhagslegar forsendur eru fyrir hendi.
3. Í gildistökuákvæðum er sérstaklega vikið að þeim samningum um kaup eða smíðar á krókabátum sem gerðir hafa verið. Vegna ákvæða í 1. gr. frumvarpsins sem skerða mjög endurnýjunarrétt krókabáta þykir réttmætt að eldri reglur gildi um þá báta hafi þeir fengið haffæriskírteini útgefið fyrir 31. ágúst nk.

Með þessum breytingartillögum nefndarinnar er lagður grundvöllur að nýju stjórnkerfi, sem byggir á valkostum krókabáta um þorskaflahámark annars vegar og sóknardaga að eigin vali hins vegar, en fastir banndagar verði óbreyttir.

Alþingi, 8. júní 1995.

Árni R. Árnason, frsm.	Stefán Guðmundsson.	Vilhjálmur Egilsson.
Einar Oddur Kristjánsson.	Hjálmar Árnason.	Guðmundur Hallvarðsson.

57. Breytingartillögur [28. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar (ÁRÁ, StG, VE, EOK, HjÁ, GHall).

1. Við 1. gr. bætist nýr málsliður, 7. málsl., og orðist svo: Þetta á þó ekki við um breytingar á skipum sem veiðar stunda með aflamarki og leyfi fengu til veiða í atvinnuskyni fyrir 1. janúar 1986, en ekki skulu slíkar breytingar lagðar til grundvallar við mat á afkastagetu við endurnýjun skipsins síðar.

2. Við 8. mgr. 2. gr. bætist þrír nýir málsliðir er orðist svo: Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að í stað viðbótarbanndaga samkvæmt þessari málsgrein sé útgerð heimill að eigin vali tiltekinn fjöldi sóknardaga innan hvers veiðitímabils. Skal fjöldi sóknardaga vera ákveðinn þannig að sókn sé heimil á 40% færri dögum á hverju tímabili en verið hefði með fastákveðnum viðbótarbanndögum. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um fyrirkomulag sóknardaga og eftirlit með þeim.
3. 5. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við upphaf þess fiskveiðiárs er hefst 1. september 1995. Ákvæði 1. gr. koma þó þegar til framkvæmda. Hafi bindandi samningur verið gerður fyrir gildistöku laga þessara um kaup eða smíði á nýjum báti í stað krókabáts eða um breytingar á slíkum báti skulu eldri reglur um endurnýjun þó gilda um þann bát enda hafi hann fengið útgefið haffærisskírteini fyrir 31. ágúst 1995.
4. Ákvæði til bráðabirgða III orðist svo:
   Sjávarútvegsráðherra skal með reglugerð ákveða að sóknardagar að eigin vali útgerðar komi í stað fyrir fram ákveðinna viðbótarbanndaga, sbr. 8. mgr. 6. gr., jafnskjótt og hann telur að tæknilegar og fjárhagslegar forsendur séu fyrir hendi til að hafa virkt eftirlit með nýtingu sóknardaga báta, sem krókaveiðar stunda með sjálfvirkum búnaði til fjareftirlits eða öðru eftirliti sem ráðherra telur fullnægjandi. Skal ráðherra í því skyni tafarlaust láta fara fram sérstaka könnun á þeim kostum sem fyrir hendi eru varðandi búnað til eftirlits með fiskiskipum.

58. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Ólaf W. Stefánsson og Högna S. Kristjánsson frá dómsmálaráðuneyti, Indriða H. Þorlákssson og Jón Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti, Snorra Olsen ríkisskattstjóra og Jón Sigurðsson, Kristján Andrésson og Stefán Valdimarsson víneftirlitsmenn. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá lögreglustjóranum í Reykjavík, Verslunarráði Íslands, Kaupmannasamtökum Íslands, starfsmönnum ÁTVR, BSRB, Samtökum iðnaðarins, ÁTVR, ríkisskattstjóra, Kvenfélagasambandi Íslands og áfengisvarnaráði. Nefndin fékk einnig umsagnir frá meiri og minni hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar um málið og eru þær umsagnir birtar sem fylgiskjöl með áliti meiri hlutans.

Með lagafrumvarpi þessu, ásamt þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpi um breytingu á lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, er lagt til að einkaréttur ríkisins á innflutningi og heildsölu áfengis verði afnuminn. Fyrir efnahags- og viðskiptanefnd liggur einnig frumvarp til laga um gjald af áfengi sem gerir ráð fyrir að tekjur ríkisins af áfengissölu verði framvegis í formi skatts af innflutningi og framleiðslu á áfengum drykkjum í stað þess að fá tekjurnar sem hagnað af starfsemi einkasöluaðila. Þá er í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar gert ráð fyrir nokkrum breytingum á áfengislögunum sem ekki tengjast sérstaklega afnámi einkaréttarins.

Eins og fram hefur komið var leitað álits fjölmargra aðila í þjóðfélaginu, auk þess sem nefndin fékk álit heilbrigðis- og tryggingarnefndar. Ljóst er að uppi eru tvö meginsjónarmið. Annars vegar er álitið að markaðsvæðing innflutningsverslunar með áfengi sé ekki skaðleg, jafnvel spor í framfararátt. Undir þetta sjónarmið taka fulltrúar verslunar og viðskipta og vilja sumir reyndar ganga enn lengra. Þannig kemur fram það álit hjá Kaupmannasamtökum Íslands að heimila ætti „að selja bjór og létt vín í almennum matvöruverslunum".

Hitt sjónarmiðið gengur í þveröfuga átt og er stutt af þeim aðilum sem sinna áfengisvörnum og eftirliti með vínveitingahúsum. Eftirfarandi kemur fram í áliti frá áfengisvarnaráði:

„Áfengisvarnaráð hefur leitast við að afla upplýsinga um það hvort einhvers staðar í veröldinni finnist dæmi um að einkavæðing áfengissölu — heildsölu og smásölu — hafi dregið úr drykkju og tjóni af hennar völdum. Slík dæmi höfum við hvergi fundið en mörg um hið gagnstæða."

Í máli víneftirlitsmanna, sem komu fyrir nefndina, kom fram að stórátak þurfi að gera til að efla eftirlitið enda séu miklir fjármunir í húfi fyrir ríkissjóð, auk þess sem heilbrigðissjónarmið komi einnig við sögu. Þeir tóku undir það sjónarmið að auðveldast væri að byggja á því kerfi sem er við lýði enda væri helsti ókosturinn skortur á nákvæmum merkingum á þessum varningi. Allt benti til þess að við lagabreytinguna yrði erfiðara um vik að koma við merkingum en áður og eftirlit því torveldara.

Þær lagabreytingar, sem hér eru til umræðu, ganga því þvert á ráðleggingar þeirra aðila sem sinna eftirliti og hollustuvernd. Þær minni háttar breytingar, sem sagðar eru eiga að koma til móts við þessi sjónarmið, gera það engan veginn og skal bent á umsögn minni hluta heilbrigðisnefndar í því efni.

Ljóst er að þörf er á að taka eftirlit með áfengissölu og kynningar- og auglýsingastarfsemi sem henni tengist til gagngerrar endurskoðunar enda hefur komið í ljós að þar er víða pottur brotinn. Nauðsynlegt er að vinna þau mál betur en hér er gert. Þess vegna leggst 1. minni hluti gegn samþykkt frumvarpsins í heild sinni á þessu stigi.

Alþingi, 8. júní 1995.

Ögmundur Jónasson.

59. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta allsherjarnefndar.

Í þessu frumvarpi er lagt til að afnuminn verði einkaréttur ríkisins á innflutningi og heildsölu áfengis. Frumvarpið er flutt í kjölfar álits (reasoned opinion) eftirlitsnefndar EFTA frá 22. febrúar 1995 í þá veru að núverandi fyrirkomulag á innflutningi og heildsölu hjá ÁTVR samræmist ekki ákvæðum EES-samningsins. Sú niðurstaða er í ósamræmi við yfirlýsingar og álit fyrrverandi ríkisstjórnar um að ekki þurfi að breyta áfengislöggjöfinni þó að EES-samningurinn yrði samþykktur. Sú afstaða fjármálaráðherra er

formlega óbreytt og því er þetta frumvarp flutt í þeim tilgangi fyrst og fremst að taka upp frjálsari viðskiptahætti með dreifingu á áfengi og einkavæða hluta af starfsemi ríkisfyrirtækisins ÁTVR þó að vissulega muni það í leiðinni taka á niðurstöðum eftirlitsstofnunar EFTA varðandi heildsölu og innflutning áfengis.

Fjölmargir aðilar hafa látið í ljós álit sitt á frumvarpinu á fundum í allsherjarnefnd, heilbrigðis- og trygginganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd, svo og með skriflegum umsögnum, og er alveg ljóst að um þessar breytingar eru verulega skiptar skoðanir svo sem vænta má í jafnviðkvæmu máli og áfengislöggjöfin er. Flest almannasamtök gegn áfengisneyslu vara við því að aukin samkeppni og minna eftirlit með áfengisverslun muni leiða til aukinnar neyslu og vaxandi útgjalda í heilbrigðiskerfinu. Það vekur því athygli að SÁÁ gerir ekki athugasemdir við frumvarpið. Þingflokkur Kvennalistans lagði mikla áherslu á að frumvarpið yrði sent Kvenfélagasambandi Íslands til umsagnar þar sem áfengisvarnir hafa sögulega verið mál sem konur hafa mikið látið til sín taka. Það vekur því sérstaka athygli að stjórn Kvenfélagasambands Íslands gerir engar athugasemdir við frumvarpið. Áfengiseftirlitsmenn og fleiri bentu á að mjög erfitt yrði að hafa eftirlit með áfengi í vínveitingahúsum þar sem fella á niður allar merkingar á áfengi til veitingahúsa, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Þá bendir áfengisvarnaráð á að í Svíþjóð er reynt að hefta aðgang að þeirri atvinnustarfsemi að flytja inn áfengi með því að hafa umsóknarkostnað upp á 30 þúsund sænskar krónur sem er óafturkræft fé jafnvel þótt umsókn sé synjað. Hér virðist ekki gert ráð fyrir að leyfin kosti neitt, en ríkið gerir þvert á móti ráð fyrir að verða af 50 millj. kr. tekjum sem væntanlega fara til einkaaðila. Þessi tala virðist varlega áætluð, ekki síst ef eftirlit með rekstri vínveitingahúsa verður erfiðara og heilbrigðisútgjöld aukast.

Þingflokkur Kvennalistans er ánægður með 3. gr. frumvarpsins sem er nokkuð á skjön við annað efni þess. 2. minni hluti hugleiddi að flytja breytingartillögu við 6. gr. frumvarpsins eða 17. gr. áfengislaganna þess efnis að skylda væri að dagstimpla allt áfengi sem áfengisgjald væri greitt af við tollafgreiðslu, en ekki var nægur tími til stefnu til að kanna allar hliðar þess máls.

Það er niðurstaða 2. minni hlutans að sú bylting á innflutningi og heildsölu áfengis sem hér er lögð til sé alls ekki nauðsynleg til að fullnægja kröfum eftirlitsstofnunar EFTA. Þó að einhver breyting á núverandi áfengislöggjöf kunni að reynast nauðsynleg, þrátt fyrir álit fyrrverandi ríkisstjórnar, er alveg ljóst að hér er farið mun ógætilegar í sakirnar en æskilegt er miðað við viðkvæmni þessa málaflokks. Sú aðferð sem hér er lögð til mun ekki auka líkurnar á því að markmiði umræddra áfengislaga verði náð en þar segir í 1. gr.: „Tilgangur laga þessara er sá að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu og útrýma því böli sem henni er samfara.“ Þá vill 2. minni hluti vekja athygli á því að í áðurnefndu áliti eftirlitsstofnunar EFTA er skýrt tekið fram að þó að þetta mat fjalli eingöngu um heildsölu og innflutning á áfengi sé ekki þar með sagt að skipan smásöluverslunarinnar hér á landi sé í lagi. Það mál verði athugað betur síðar (The Surveillance Authority continues the assessment of the Icelandic retail monopoly and will consider its compatibility in due time). Af þessu dregur 2. minni hluti þá ályktun að skynsamlegast væri að gera mun smávægilegri breytingar á fyrirkomulagi heildverslunarinnar og að fá á hreint strax hvort nauðsynlegt mun reynast vegna EES-samningsins að breyta hér

fyrirkomulagi á smásölu áfengis. Í framhaldi af því verði gerð heildarendurskoðun á áfengislöggjöfinni. Þá væri hægt að vinna málið í heild á yfirvegaðan hátt í stað þess að viðhafa þá flýtimeðferð sem því miður hefur verið á þessu máli á yfirstandandi vorþingi. Annar minni hluti leggur því til að þetta mál verði endurskoðað í heild sinni og frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 8. júní 1995.

Guðný Guðbjörnsdóttir.

60. Nefndarálit [28. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Afstaða minni hluta nefndarinnar til frumvarpsins kemur fram annars vegar í þessu nefndaráliti og hins vegar í þeim breytingartillögum sem undirrituð flytja við frumvarpið. Að öðru leyti munu fulltrúar minni hlutans gera grein fyrir afstöðu sinni og flokka sinna eða hreyfinga í umræðum.

Frumvarpið gerir skv. 1. gr. ráð fyrir að til að hemja stækkun krókabátaflotans verði settar strangar reglur varðandi endurnýjun slíkra báta. Í sóknarkerfi er stjórn á flotastærð virka stýriaðferðin svo að eðlilegt er að setja slíkar tillögur fram sem lið í breytingum varðandi krókabátana. Hitt er annað mál hvort ástæða sé til að hafa svo stífar reglur. Rétt er að minna á í þessu samhengi að nú á að taka þessa báta inn í Þróunarsjóð og þar með er stefnt að fækkun þeirra á næstu árum. Sérstaklega hlýtur að teljast varhugavert að beita slíkum reglum við endurnýjun minnstu bátanna og telur minni hlutinn að athuga hefði átt að undanskilja báta t.d. undir 3 tonnum vegna endurnýjunar á sams konar báti. Hins vegar eru í frumvarpinu settar fram tillögur sem þrengja möguleika aflamarksskipa til endurnýjunar og breytinga. Í aflamarkskerfi er það aflamarkið sem er stýritækið og ætti útgerðarmönnum að vera það í sjálfsvald sett með hvaða skipastærð þeir sækja þann afla sem þeim er úthlutað. Meiri hluti nefndarinnar hefur þó kynnt tillögur þar sem fallið er að hluta frá tillögum um að þrengja kosti útgerða aflamarksskipa og yrði áfram heimilt að breyta skipum byggðum fyrir 1986 eins og verið hefur. Minni hlutinn styður þessa breytingu frá upphaflega frumvarpinu. Enn eru þó í því tilhneigingar til stjórnunar á sviðum þar sem undirrituð telja að aflamarkið eitt ætti að nægja því að útgerðarmönnum sé best til þess treystandi að ákveða með hvernig skipum sé hagfelldast að sækja þann afla sem þeim er samkvæmt aflamarki heimilt að veiða.

Meginefni frumvarps ríksstjórnarinnar fjallar þó um breytingar á veiðistjórnun krókabáta. Breytingartillögur meiri hlutans gera í raun ráð fyrir að veiðar krókabáta verði með þrennu móti: 1) Veiðar með þorskaflahámarki með banndögum skv. 2. og 4. mgr. frumvarpsins; 2) Veiðar með viðbótarbanndögum skv. 5.–9. mgr. frumvarpsins; 3) Veiðar innan róðrardagakerfis skv. 2. breytingartillögu meiri hlutans. Fyrst um sinn geti krókabátar valið milli kosta 1 og 2 en ráðherra geti síðar ákveðið með reglugerð að þeir sem velja kost 2 fari undir róðrardagakerfi.

Ekki er í frumvarpinu eða breytingartillögum meiri hlutans gert ráð fyrir að róðrardagakerfi komist á á komandi fiskveiðiári, heldur sett í vald ráðherra að meta hvenær tæknilegar og fjárhagslegar forsendur leyfa upptöku þess. Í þessu sambandi er vakin sérstök athygli á því að samkvæmt frumvarpinu er þeim bátum sem velja þorskaflahámark ekki heimilt að skipta síðar yfir í róðrardagakerfi. Það er hins vegar í mótsögn við yfirlýsta stefnu sumra stjórnarliða sem standa að baki frumvarpi ríkisstjórnarinnar.

Við 1. umr. og í umfjöllun nefndarinnar kom fram hjá flestum sem tjáðu sig um 2. gr. frumvarpsins eindreginn vilji til að taka upp róðrardagakerfi sem stjórnkerfi fyrir krókabáta. Gegn því var teflt þeirri staðhæfingu að ekki væri mögulegt að taka upp róðrardagakerfi þegar á næsta fiskveiðiári þar eð ekki væru tæknilegar forsendur til að halda uppi nægjanlega öflugu eftirliti með sjósókn bátanna. Við umfjöllun í nefndinni kom hins vegar fram að unnt væri að sinna eftirliti í gegnum hafnarverði og löggilta vigtarmenn uns fjareftirlit um landstöðvar og/eða gervihnetti væri til reiðu, en sérfræðingar, sem á fund nefndarinnar komu, töldu ekki unnt að koma slíku fjareftirliti upp fyrir byrjun næsta fiskveiðiárs.

Af þessum sökum er því alfarið vísað á bug að vegna tæknilegra takmarkana sé ekki hægt að taka upp róðrardagakerfi þegar í upphafi næsta fiskveiðiárs. Við leggjum því til breytingartillögu við 2. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að róðrardagakerfi verði eina stjórnkerfi krókabáta frá og með næsta fiskveiðiári.

Ekki eru gerðar athugasemdir við 3. og 4. gr. frumvarpsins. Breytingartillaga meiri hlutans við 5. gr. er í samræmi við þá breytingu sem sömu aðilar gera tillögu um að verði á 1. gr. Ekki er að sinni gerð athugasemd við ákvæði til bráðabirgða I.

Minni hlutinn flytur hins vegar breytingartillögu við ákvæði til bráðabirgða II. Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að á þessu kjörtímabili skuli Byggðastofnun árlega hafa til ráðstöfunar þorskaflahámark sem nemur 500 lestum. Að kjörtímabilinu loknu virðist samkvæmt frumvarpinu aftur óhætt að treysta sjávarútvegsráðuneytinu fyrir úthlutun þessara tonna og það á sama grundvelli, þ.e. til að ráðstafa til krókabáta sem gerðir eru út frá byggðarlögum sem algjörlega eru háð veiðum slíkra báta og standa höllum fæti. Undirrituð leggjast ekki gegn því að í lögunum um stjórn fiskveiða sé viðlagaákvæði vegna þeirra aðstæðna sem upp kunna að koma og bregðast þarf við á stöðum sem algerlega eru háðir veiðum smábáta. Að okkar mati er Byggðastofnun hins vegar ekki sá aðili sem á að úthluta veiðiheimildum. Þessi aðferð, að setja úthlutun veiðiheimilda í hendur Byggðastofnunar, er vísasti vegurinn til þess að skapa tortryggni og enn frekari deilur um og gagnrýni á fiskveiðistjórnunina. Sjávarútvegsráðherra getur hins vegar leitað álits Byggðastofnunar eða annarra varðandi mótun reglugerðar eða úthlutun.

Í verkefnaskrá sjávarútvegsráðuneytisins er boðað að gera eigi úttekt á mismunandi leiðum við fiskveiðistjórnun og bornir saman kostir og gallar ólíkra fiskveiðistjórnunarkerfa. Jafnframt er lýst yfir að niðurstöðurnar eigi að nýta við þróun fiskveiðistjórnunar. Þetta felur í sér þann möguleika að algjör uppstokkun kunni að verða á stjórnun fiskveiða í kjölfar boðaðrar úttektar. Þetta skapar mikla óvissu fyrir greinina í heild og torveldar áætlanagerð til framtíðar. Forustumenn í atvinnulífi, jafnt innan sem utan sjávarútvegsins, tala gjarnan um að skapa þurfi sátt um sjávarútvegsstefnuna og í stefnuræðu forsætisráðherra kom fram að ríkisstjórnin leggur þunga áherslu á að sjávarútvegurinn búi við festu í starfsskilyrðum sínum. Því er nauðsynlegt að treysta starfsumhverfi greinarinnar með því að tímasetja lok boðaðrar endurskoðunar hið fyrsta og með það að markmiði leggur minni hlutinn til bráðabirgðaákvæði um að endurskoðun verði lokið í árslok 1996.

Bæði í verkefnaskrá sjávarútvegsráðuneytisins og í umræðum í þinginu um frumvarp þetta og stefnuna í málefnum sjávaútvegsins hafa komið fram ýmsar hugmyndir sem farsælast yrði að menn færu yfir og næðu samstöðu um sem fyrst. Þar má nefna, auk framangreindra tillagna, sem snúa beint að þeim þætti veiðanna sem frumvarp ríkisstjórnarinnar fjallar um, hugmyndir um að taka línutvöföldun inn í kvóta, um sveiflujöfnun í sjávarútvegi og veiðileyfagjald, verðmyndun á sjávarafla og fiskmarkaði, umgengni um auðlindir sjávar og ýmislegt fleira. Það er ljóst að í frumvarpi ríkisstjórnarinnar er ekki að finna heildstæða stefnumótun varðandi sjávarútvegsmál og þar er ekki fjallað um þætti sem sem tengjast framangreindum atriðum, heldur einungis um afmarkaðan hluta fiskveiðistjórnunarinnar. Því flytjur minni hlutinn ekki tillögur sem þeim tengjast að sinni.

Guðný Guðbjörnsdóttir, fulltrúi Samtaka um kvennalista, sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 8. júní 1995.

Svanfríður Jónasdóttir, frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Steingrímur J. Sigfússon.

Fylgiskjal.

Greinargerð Landssambands smábátaeigenda.
(8. júní 1995.)

Á fundi L. S. með htv. sjávarútvegsnefnd 2. júní s. l. spratt fram umræða þess eðlis að sú ákvörðun að breyta úr þorskígildaviðmiðun í þorskviðmiðun mundi mundi leiða til fækkunar á banndögum. Við nákvæma skoðun sem byggð er á tölum Fiskistofu sem birtar eru í fylgiskjali með frumvarpinu kemur hins vegar í ljós að heildarfjöldi banndaga verður meiri en orðið hefði ef lögin gengju óbreytt eftir.

Ef tekið er mið af aflaspá Fiskistofu fyrir núgildandi fiskveiðiár verða banndagar þessir:

tímabil	dagar alls	banndagar	róðrar heimilaðir þegar veður leyfir	skipting e. mán
sept. - nóv.	91	37 (41%)	54	21 + 20 + 13
des. - janúar	62	62 (100%)	0	0 + 0
febr.- apríl	90	57 (63%)	33	10 + 13 + 10
maí - júní	61	39 (64%)	22	12 + 10
júlí - ágúst	62	39 (63%)	23	13 + 10
samtals	**366**	**234 (64%)**	**132**	

Það vekur athygli að með því að breyta úr þorskígildum í þorsk þegar banndagar eru reiknaðir, hefðu óbreytt lög haft í för með sér 229 banndaga að mati Fiskistofu, en með frumvarpinu er nú liggur fyrir eru þeir 5 fleiri. Þessar upplýsingar sýna að enn meira frávik er við ákvæði í verkefnaskrá sjávarútvegsráðuneytisins er ríkisstjórnin samþykkti heldur en í fyrstu var haldið.

Minnt skal á að Í verkefnaskránni segir orðrétt:

„banndagakerfið verður tekið til endurskoðunar og leitað annarrra leiða við stjórnun en fjölga banndögum“

Fjölmargir smábátaeigendur hafa haft samband við skrifstofu L. S. og lýst yfir áhyggjum sínum verði frumvarpið nær óbreytt að lögum. Þeir benda á að banndagakerfið verði með þeim hætti að ekki verði hægt að ná fram hagræðingu samfara minni afla. Banndagarnir dreifast á allt árið og slíta í sundur sókn bátanna. Því til staðfestu skal bent á eftirfarandi:

18. og 19. nóvember eru banndagar, 20. nóvember má hins vegar róa, en daginn eftir tekur við tæplega 3ja mánaða samfellt bann. Geta má sér til hvílíkur hamagangur verður í að komast í róður þann 20. nóv. og dagana 12. - 16. febrúar sem má aftur hefja róðra, þar sem af þeim loknum tekur við helgarbann, síðan einn leyfilegur dagur áður en vikubann skellur á.

Það dæmi sem hér er dregið fram sýnir glöggt hvernig sókn krókabáta verður slitin í sundur og banndagakerfið gert eins óaðlaðandi og hægt er. Á þann hátt mun verða hægt að neyða sem flesta til að velja kvótann.

L. S. vill vekja sérstaka athygli á að 7. mgr. 2. gr. gerir eingöngu ráð fyrir fjölgun banndaga. Þessu mótmælir L. S. og einnig þeirri reiknireglu sem þar er að finna að banndögum geti fjölgað þrátt fyrir að heildarafli aukist ekki, en slíkt á sér stað ef afli fer fram úr viðmiðunarmörkum á einstökum tímabilum. Þá óskar L. S. sérstaklega eftir því hvaða skilning nefndin leggur í síðasta ml. 7. mgr.

„Hámarksafli skv. 6. mgr. á viðkomandi tímabili næsta fiskveiðiárs skal lækka sem umframaflanum nemur.

Að lokum vill L. S. benda á að þegar svo mjög er þrengt að mönnum eins og frumvarpið ber með sér eykur það líkur á slysum, neyðin mun hreinlega villa mönnum sýn og hvetja óhóflega til róðra í tvísýnu veðri sem menn hafa ekki látið hvarfla að sér að róa í.
Htv. sjávarútvegsnefnd látið það ekki aftra ykkur að skoða málin með þetta í huga, það má ekki henda nefndina að hún sendi frumvarpið frá sér á þann hátt sem það ber nú í för með sér. Vegið það og metið hvaða vandamál er verið að skapa með því að færa þorskafla krókabáta niður í 21.500 tonn og hvaða vandamál verða leyst með slíkri gjörð.

Virðingarfyllst,

Örn Pálsson framkvæmdastjóri.
Arthur Bogason formaður.

Banndagaalmanak fiskveiðiárið 1995–96.
(Byggt á 7. og 8. mgr. frumvarpsins og aflatölum sem birtar eru í fylgiskjali með því.)

Banndagar krókabáta fiskveiðiárið '95/'96



banndagar samtals 234, fjölgun um 73%

september					
sunnudagur		3	*10*	*17*	*24*
mánudagur		4	11	18	25
þriðjudagur		5	12	19	26
miðvikudagur		6	13	20	27
fimmtudagur		7	14	21	28
föstudagur	1	*8*	15	*22*	29
laugardagur	2	*9*	*16*	*23*	*30*

október					
sunnudagur	*1*	*8*	*15*	*22*	*29*
mánudagur	2	9	16	23	30
þriðjudagur	3	10	17	24	31
miðvikudagur	4	11	18	25	
fimmtudagur	5	12	19	26	
föstudagur	6	*13*	20	*27*	
laugardagur	*7*	*14*	*21*	*28*	

nóvember					
sunnudagur		*5*	*12*	*19*	*26*
mánudagur		6	13	20	*27*
þriðjudagur		7	14	*21*	*28*
miðvikudagur	1	8	15	*22*	*29*
fimmtudagur	2	9	16	*23*	*30*
föstudagur	3	*10*	17	*24*	
laugardagur	*4*	*11*	*18*	*25*	

desember						
sunnudagur		*3*	*10*	*17*	*24*	*31*
mánudagur		*4*	*11*	*18*	*25*	
þriðjudagur		*5*	*12*	*19*	*26*	
miðvikudagur		*6*	*13*	*20*	*27*	
fimmtudagur		*7*	*14*	*21*	*28*	
föstudagur	*1*	*8*	*15*	*22*	*29*	
laugardagur	*2*	*9*	*16*	*23*	*30*	

janúar					
sunnudagur		*7*	*14*	*21*	*28*
mánudagur	*1*	*8*	*15*	*22*	*29*
þriðjudagur	*2*	*9*	*16*	*23*	*30*
miðvikudagur	*3*	*10*	*17*	*24*	*31*
fimmtudagur	*4*	*11*	*18*	*25*	
föstudagur	*5*	*12*	*19*	*26*	
laugardagur	*6*	*13*	*20*	*27*	

febrúar					
sunnudagur		*4*	*11*	*18*	*25*
mánudagur		*5*	12	19	26
þriðjudagur		*6*	13	*20*	27
miðvikudagur		*7*	14	*21*	28
fimmtudagur	*1*	*8*	15	*22*	29
föstudagur	*2*	*9*	16	*23*	
laugardagur	*3*	*10*	*17*	*24*	

mars						
sunnudagur		*3*	*10*	*17*	*24*	*31*
mánudagur		4	11	18	25	
þriðjudagur		*5*	12	*19*	26	
miðvikudagur		*6*	13	*20*	27	
fimmtudagur		*7*	14	*21*	28	
föstudagur	1	*8*	15	*22*	29	
laugardagur	*2*	*9*	*16*	*23*	*30*	

apríl					
sunnudagur		*7*	*14*	*21*	*28*
mánudagur	1	*8*	15	22	29
þriðjudagur	2	*9*	16	*23*	30
miðvikudagur	*3*	*10*	17	*24*	
fimmtudagur	*4*	*11*	18	*25*	
föstudagur	*5*	*12*	19	*26*	
laugardagur	*6*	*13*	*20*	*27*	

maí					
sunnudagur		*5*	*12*	*19*	*26*
mánudagur		*6*	13	*20*	27
þriðjudagur		*7*	14	*21*	28
miðvikudagur	1	*8*	15	*22*	29
fimmtudagur	2	*9*	16	*23*	30
föstudagur	3	*10*	17	*24*	*31*
laugardagur	*4*	*11*	*18*	*25*	

júní					
sunnudagur		*2*	*9*	*16*	*23*	*30*
mánudagur		*3*	10	*17*	24	
þriðjudagur		*4*	11	*18*	25	
miðvikudagur		*5*	12	*19*	26	
fimmtudagur		*6*	13	*20*	27	
föstudagur		*7*	14	*21*	28	
laugardagur	*1*	*8*	*15*	*22*	*29*	

júlí					
sunnudagur		*7*	*14*	*21*	*28*
mánudagur	1	8	15	*22*	29
þriðjudagur	2	*9*	16	*23*	30
miðvikudagur	3	*10*	17	*24*	*31*
fimmtudagur	4	*11*	18	*25*	
föstudagur	5	*12*	19	*26*	
laugardagur	*6*	*13*	*20*	*27*	

ágúst					
sunnudagur		*4*	*11*	*18*	*25*
mánudagur		*5*	12	*19*	26
þriðjudagur		*6*	13	*20*	27
miðvikudagur		*7*	14	*21*	28
fimmtudagur	*1*	*8*	15	*22*	29
föstudagur	*2*	*9*	16	*23*	30
laugardagur	*3*	*10*	*17*	*24*	*31*

61. Breytingartillögur [28. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar (SvanJ, ÖS, SJS).

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   6. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 87/1994, orðast svo:
   Bátar minni en 6 brl., sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum með dagatakmörkunum, krókabátar, skulu frá og með fiskveiðiárinu sem hefst 1. september 1995 stunda veiðar með þeim takmörkunum sem kveðið er á um í 2.–4. mgr. þessarar greinar. Þessum bátum er einungis heimilt að stunda veiðar með handfærum og línu. Þó er sjávarútvegsráðherra heimilt að veita þeim leyfi til að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf, svo sem plógum og gildrum og til hrognkelsaveiða í net.
   Fjöldi róðrardaga hjá krókabátum skal vera 100 eftir frjálsu vali innan hvers fiskveiðiárs og taka mið af 150 þús. tonna heildarafla af þorski, sbr. 3. gr. Róðrardögum skal fjölgað eða fækkað í réttu hlutfalli við ákvörðun stjórnvalda á hverju fiskveiðiári um leyfilegan hámarksafla.
   Veiðar skulu bannaðar í desember og janúar sem og í sjö daga um páska og verslunarmannahelgi samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu varðandi veiðar í sérhæfð veiðarfæri samkvæmt lokamálslið 1. mgr.
   Sé einn maður í áhöfn krókabáts er óheimilt að róa með og eiga í sjó fleiri en 12 bala af línu, en 20 bala séu tveir eða fleiri í áhöfn. Miðað er við að 420 krókar séu á línu í hverjum bala. Stefni í að heildarafli krókaveiðibáta aukist verulega frá því sem verið hefur að meðaltali undanfarin ár, vegna aukinna línuveiða krókabáta, er sjávarútvegsráðherra heimilt að takmarka þær veiðar sérstaklega umfram það sem getur í þessari málgrein.
   Heimilt er án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar í tómstundum til eigin neyslu. Slíkar veiðar er einungis heimilt að stunda með handfærum án sjálfvirknibúnaðar. Afla, sem veiddur er samkvæmt heimild í þessari málsgrein, er óheimilt að selja eða fénýta á annan hátt.
   Ráðherra skal með reglugerð ákveða framkvæmd eftirlits, sbr. 2. mgr. Þangað til tæknilegar forsendur leyfa fjareftirlit um gervihnetti og/eða landstöðvar skal Fiskistofa semja við sveitarfélög um að eftirlit verði framkvæmt af hafnarvörðum og/eða löggiltum vigtarmönnum, eða með öðrum hætti.
2. Ákvæði til bráðabirgða II orðist svo:
   Árlega er heimilt að ráðstafa með reglugerð allt að 500 lestum af þorski, miðað við óslægðan fisk, til smábáta sem gerðir eru út frá þeim byggðarlögum sem algjörlega eru háð veiði slíkra báta og standa höllum fæti.
3. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:
   Lög þessi skal endurskoða fyrir 1. janúar 1997 og skulu fulltrúar allra þingflokka eiga aðild að þeirri endurskoðun.

62. Frumvarp til laga [40. mál]

um breytingu á lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, sbr. lög nr. 67/1993.

(Lagt fyrir Alþingi á 119. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

2. mgr. 75. gr. laganna orðast svo:

Einkaleyfi fyrir lækningalyfjum er unnt að veita eftir 1. janúar 1996 á grundvelli umsókna sem lagðar eru inn eftir 1. janúar 1995. Nánar verður kveðið á um meðferð slíkra umsókna í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta tekur til breytinga á einkaleyfalögum og er flutt í því skyni að tryggja að lögin séu í samræmi við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Lög um einkaleyfi, nr. 17/1991, tóku gildi 1. janúar 1992. Samkvæmt ákvæði 2. mgr. 75. gr. laganna var þó ekki unnt að fá einkaleyfi fyrir lækningalyfjum fyrr en að liðnum fimm árum frá gildistöku laganna.

Samkvæmt 27. gr. samningsins um hugverkarétt í viðskiptum, viðauki 1C við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, skulu aðildaríkin heimila veitingu einkaleyfa fyrir lækningalyfjum. Frá gildistöku samningsins hafa aðildarríkin þó eins árs frest til að koma ákvæðum hans í framkvæmd. Samningur um hugverkarétt í viðskiptum tók gildi 1. janúar 1995. Af framansögðu leiðir að frá 1. janúar 1996 skal vera heimilt að veita einkaleyfi fyrir lækningalyfjum hér á landi.

Samkvæmt 8. mgr. 70. gr. samnings um hugverkarétt í viðskiptum skal aðildarríki, sem ekki veitir einkaleyfi á lækningalyfjum við gildistöku samningsins, tryggja að unnt sé að leggja inn umsóknir fyrir slíkum uppfinningum frá gildistöku samningsins. Því er ljóst að veita skal slíkum umsóknum viðtöku frá 1. janúar 1995 þótt ekki verði þær teknar til meðferðar fyrr en 1. janúar 1996.

63. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og jafnframt um frumvarp til laga um gjald af áfengi sem lagt var fram samhliða þessu frumvarpi.

Nefndin hefur haft skamman tíma til að skoða efni þessara frumvarpa en engu að síður fengið til viðtals við sig fjölda aðila, sbr. upptalningu í nefndaráliti meiri hlutans, og einnig sent efnið heilbrigðis- og tryggingarnefnd til umsagnar.

Afstaða 2. minni hluta er efnislega samhljóða afstöðu 1. minni hluta, þ.e. sú að engin ástæða sé til að gera þær breytingar á tilhögun innflutnings og dreifingar áfengra drykkja í landinu sem efni frumvarpanna felur í sér. Rétt er að vísa þessum málum til ríkisstjórnarinnar og fela ríkisstjórninni að undirbúa málsvörn Íslands ef til dómstólameðferðar af hálfu EES-dómstólsins kemur. Jafnframt mætti taka til athugunar hvort ástæða sé til að gera minni háttar skipulagsbreytingar og lagabreytingar sem tryggi enn betur en nú er gert að viðskiptahættir Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins mismuni ekki viðskiptavinum þannig að óyggjandi sé að ákvæði EES-samningsins séu að því leyti til virt af hálfu okkar Íslendinga.

Það sem einkennt hefur alla framgöngu bæði fyrrverandi og núverandi ríkisstjórna í þessu máli er að saman er blandað, oft og tíðum á afar óljósan hátt, annars vegar fullyrðingum um að nauðsynlegt sé að gera þessar breytingar vegna skuldbindinga okkar á grundvelli EES-samningsins en hins vegar skín í gegn að að baki liggur ekki síður og jafnvel einkum sér í lagi áhugi ákveðinna afla á að einkavæða þennan þátt í rekstri hins opinbera og koma verslun og viðskiptum með áfengi í hendur einkaaðila. Þetta tvíeðli málsins er rétt að hafa í huga í sambandi við alla nánari skoðun og umfjöllun þess.

1. Tengsl málsins við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði.

Þegar verið var að ganga frá og leggja fram til staðfestingar samningsniðurstöðu og endanlega gerð samningsins um Evrópskt efnahagssvæði í þinginu var eitt af þeim atriðum sem til skoðunar komu einmitt hér á landi eins og annar staðar á Norðurlöndum hvort samningurinn fæli í sér ákvæði sem gerðu það að verkum að óhjákvæmilegt væri fyrir okkur Íslendinga, og aðrar Norðurlandaþjóðir, að breyta því fyrirkomulagi sem við höfum haft á ríkiseinkasölu á áfengi. Í samningagerðinni var af hálfu ríkisstjórnar Íslands sem og annarra Norðurlanda sett fram sú skoðun að þetta fyrirkomulag, ríkiseinkasala á áfengi, væri hluti af heilbrigðisstefnu Norðurlandanna og stæði vilji ríkisstjórna Norðurlanda til að viðhalda og varðveita þetta fyrirkomulag. Þá var fullyrt að Evrópusambandið gerði ekki athugasemdir við þetta atriði. Fullyrt var að fyrst og fremst þyrfti að tryggja að ríkiseinkasalan gerði ekki greinarmun á grundvelli ríkisfangs hvað snerti skilyrði til aðgangs og markaðssetningar. Taka þyrfti og tillit til þess hvernig þetta ákvæði hefði verið túlkað innan Evrópusambandsins, þ.e. þannig að áhersla hefði verið lögð á að ávallt væri hægt að stunda svokallaðan samhliða innflutning og veita einkaréttarhöfum, í þessu tilviki áfengiseinkasölum Norðurlanda, samkeppni. Ljóst var að í samningaviðræðunum öllum höfðu Norðurlöndin innan EFTA lýst því yfir að þau teldu að skuldbindingar samningsins gæfu ekki ástæðu til að breyta ríkjandi fyrirkomulagi um áfengiseinkasölu.

Til að tryggja stöðu sína enn frekar, kynni þetta atriði að koma til dómstólameðferðar, settu Norðurlöndin fjögur, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð, fram yfirlýsingu þar sem áréttað var að áfengiseinkasala væri mikilvægur þáttur í stefnu þessara ríkja í heilbrigðis- og félagsmálum, sjá umsögn um 16. gr. staðfestingarfrumvarps samningsins um EES, Alþingistíðindi 1992. Voru þessar forsendur lagðar til grundvallar umfjöllun um EES-samninginn af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Í tengslum við kynningu á innihaldi EES-samningsins gaf utanríkisráðuneytið út skrautlegan og litprentaðan bækling þar sem hið sama var fullyrt, að ekki þyrfti að hrófla við ríkjandi fyrirkomulagi áfengiseinkasölu á Íslandi þrátt fyrir samninginn um EES. Áróður andstæðinga samningsins um annað væri því blekking. Varnaðarorð gagnrýnenda EES-samningsins virðast hins vegar því miður hafa átt við í þessu máli.

Í framhaldi af samningagerðinni hafa síðan á síðasta kjörtímabili bæði fjármálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti ítrekað staðfest þann skilning sinn að ekki væri á grundvelli samningsins um EES ástæða til þess af hálfu Íslands að hrófla við þessu fyrirkomulagi.

Það er síðan 30. desember 1993 sem Verslunarráð Íslands fer þess á leit með bréfi við eftirlitsstofnun EFTA að hún fjalli um starfsemi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á Íslandi og athugi hvort þessi starfsemi samræmist samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Undir bréfið ritar Vilhjálmur Egilsson framkvæmdastjóri, sjá fskj. XII. Þetta bréf setur af stað hrinu bréfaskrifta milli ESA (EFTA Surveillance Authority) og ríkisstjórnar Íslands eða ráðuneyta, sbr. yfirlit yfir bréfaskriftir milli fjármálaráðuneytisins og eftirlitsstofnunar EFTA í fskj. XI. Fyrsta bréfið frá eftirlitsstofnun EFTA er dags. 7. janúar 1994 þannig að kæra Verslunarráðsins bar skjótt árangur.

Ljóst er að í framhaldinu rökstuddu íslensk ráðuneyti, bæði fjármálaráðuneytið, sbr. áðurnefnt fylgiskjal, og einnig utanríkisráðuneytið, sbr. fylgiskjal með umsögn BSRB, þá afstöðu að ekki þyrfti að gera neinar breytingar á þessu fyrirkomulagi þrátt fyrir aðild okkar að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Það liggur því fyrir skjalfest og rökstutt að þessi var afstaða þessara tveggja ráðuneyta í kjölfar samningagerðarinnar um Evrópskt efnahagssvæði á síðasta kjörtímabili.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið verður ekki séð hvaða tilefni er til þess nú að snúa við blaðinu og láta undan þrýstingi frá Brussel um að breyta þeirri tilhögun varðandi ríkiseinkasölu á áfengi, jafnt innflutningi og heildsölu sem smásölu, sem við höfum viðhaft og fullyrt var að enga nauðsyn bæri til að breyta þrátt fyrir aðild okkar að EES.

2. Einkavæðingarstefna stjórnvalda.

Annar þáttur þessa máls, sem óhjákvæmilegt er að nefna, er sú almenna stefna bæði fyrri ríkisstjórnar og að því er virðist einnig þeirrar sem nýlega er sest að völdum að einkavæða ríkisfyrirtæki og koma sem flestum þáttum í hendur einkaaðila. Það virðist ljóst að undirtónn í þessu máli er sú almenna stefna núverandi fjármálaráðherra og ríkisstjórnar að einkavæða ríkisfyrirtæki, eftir því sem kostur er, og virðist liður í því vera að takmarka umsvif Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og gera fleiri aðilum kleift að stunda rekstur á þessu sviði. Framgangsmáti fyrrverandi ríkisstjórnar í þessum einkavæðingarmálum var með miklum endemum. Hagsmunum starfsfólks og starfsöryggi þess var iðulega fórnað á altari kreddusjónarmiða, enda standa yfir málaferli vegna einhverra mála. Það er miður ef nú á af hálfu nýrrar ríkisstjórnar að feta sömu slóð. Þessar fyrirhuguðu breytingar snerta auðvitað starfsmenn ÁTVR og er hætt við að þeim muni fækka og starfsöryggi þeirra skerðast.

3. Áfengisstefna stjórnvalda.

Því verður ekki á móti mælt að þessi frumvörp, ef að lögum verða, fela í sér grundvallarbreytingu á íslenskri áfengisstefnu. Um það hefur ríkt góð sátt hér á Íslandi, sem og reyndar lengst af á Norðurlöndum, öðrum en Danmörku, að liður í aðhaldssamri stefnu stjórnvalda í áfengismálum væri ríkiseinkasala sem ekki væri drifin áfram af gróðasjónarmiðum þar sem stjórnvöld hefðu það í hendi sér að takmarka með tilteknum hætti aðgengi manna að áfengi. Hafa mætti með slíku fyrirkomulagi fullkomið eftirlit með áfengisdreifingu o.s.frv. Tilkoma fjölmargra nýrra hagsmunaaðila sem annast um innflutning og/eða dreifingu á áfengi hér innan lands breytir þessari stefnu og þarf ekki um það að deila. Það hefur komið glöggt fram í viðtölum við flesta ef ekki alla þá að-

ila sem sinna áfengis- eða vímuefnavörnum hér í landinu eða tengjast þeim málum á einn eða annað hátt í sambandi við forvarnir eða meðferð að þetta er talin grundvallarstefnubreyting.

Ýmsir telja að hér sé um að ræða fyrsta skref að þróun sem héldi áfram og þyddi í raun og veru að enn meiri rýmkun fylgdi í kjölfarið. Vísast í því efni til fylgiskjala, til að mynda athugasemda frá áfengisvarnaráði, frá samtökunum Vímulausri æsku og Stöðvum unglingadrykkju o.fl., sjá að öðru leyti umsögn Ögmundar Jónassonar og Ástu R. Jóhannesdóttur, fskj. I. Að auki er ástæða til að hafa áhyggjur af því að verið sé að stíga fyrsta skrefið til að einkavæða smásölurnar.

4. Eftirlit.

Á það hefur verið bent af ýmsum sem komið hafa til viðtals við nefndina og sent henni gögn að tilkoma þessara breytinga geti þýtt stórfellda erfiðleika við að hafa eftirlit með dreifingu og sölu áfengis með skilvirkum hætti. Fjöldi nýrra hagsmunaaðila kemur við sögu sem hefur hag af því að auka áfengissölu á sínum vegum og mun að sjálfsögðu leita leiða til þess. Óvissa ríkir um hvernig farið verður með merkingar á löglega innfluttu eða framleiddu áfengi en það eftirlit er nú tryggt með merkingum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Ýmis fleiri álitamál, svo sem varðandi eftirlit með vörurýrnun, gölluðum sendingum o.s.frv., kunna einnig að skjóta upp kollinum.

Frumvörpin, eins og þau voru lögð fram, eru illa úr garði gerð hvað þetta snertir og hugmyndir stjórnarliða um breytingar eru að þessu leyti ófullnægjandi. Áfengisvarna- og eftirlitsþáttur málsins er því meira og minna í lausu lofti og hlýtur að flokkast undir hreint ábyrgðarleysi að ætla sér að knýja fram afgreiðslu málsins við þær aðstæður.

5. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og samkeppnislög.

Í umfjöllun nefndarinnar kom í ljós að verulegar líkur væru á því að til árekstra kæmi við samkeppnislög ef Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins yrði gert að starfa á grundvelli frumvarpanna, eins og þau voru lögð fram, í samkeppni við einkaaðila sem stunduðu heildsölu eða dreifingu á áfengi innan lands. Stafar þetta af því að Áfengis- og tóbaksverslunin, sem væri þá annars vegar smásölufyrirtæki á grundvelli einkaleyfis en hins vegar innflytjandi og heildsöludreifingaraðili áfengis, gæti lent í klögumálum og kærumálum og gæti legið undir grun um að misnota aðstöðu sína, einnig að fullnægja ekki skilyrðum samkeppnislaga um fjárhaldslegan og bókhaldslegan aðskilnað þátta sem séu annars vegar á grundvelli einkaleyfa en hins vegar í samkeppni. Einnig að þessu leyti voru frumvörpin, eins og þau voru lögð fram, gjörsamlega ófullnægjandi og kom það bersýnilega í ljós við skoðun efnahags- og viðskiptanefndar á málinu.

Meiri hlutinn hefur nú kynnt breytingartillögur sem kveða á um aðskilnað þessara þátta í starfsemi fyrirtækisins eða stofnunarinnar í tvær sjálfstæðar deildir, þ.e. annars vegar innflutnings- og heildsöludeild og hins vegar smásöludeild. Er sú breyting vissulega til bóta ef um lögfestingu frumvarpanna að öðru leyti verður að ræða. Æskilegt hefði verið að hafa betri tíma til að skoða þennan þátt málsins og vanda betur frágang á þeim þáttum.

6. Breytt stjórnskipuleg staða ÁTVR.

Undir lok umfjöllunar nefndarinnar komu fram hugmyndir frá meiri hlutanum um að ástæða gæti verið til að setja stjórn yfir ÁTVR. Þar gengu fyrstu hugmyndir út á það að fjármálaráðherra gæti á grundvelli heimildarákvæðis sett Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins slíka stjórn með reglugerð. Nú mun hafa verið horfið frá því og gert ráð fyrir að við 4. gr. laganna bætist ákvæði þar að lútandi.

Allar nánari útfærslur skortir á því hvaða hlutverk slík stjórn á að hafa og hvaða ástæða er til að fjármálaráðherra tilnefni slíka stjórn fyrir hefðbundið ríkisfyrirtæki eða stofnun sem ekki yrði þá breytt yfir í hlutafélagaform. Þessar síðbúnu hugmyndir vantar því allan rökstuðning og útskýringar til þess að hægt sé að taka þær til afgreiðslu á þann hátt sem meiri hlutinn hyggst leggja til í breytingartillögum sínum.

Ekki verður séð að nein sérstök ástæða sé til að breyta því fyrirkomulagi sem gilt hefur um stjórnskipulega stöðu Áfengis- og tóbaksverslunarinnar og ef farið er út á þá braut að skipa stofnuninni stjórn má allt eins spyrja hvort ekki sé ástæða til að slík stjórn sé þingkjörin eða skipuð með öðrum lýðræðislegum hætti.

Að lokum vill 2. minni hluti ítreka það álit sitt að engin efni standi til að afgreiða þessi frumvörp í þeim búningi sem þau voru lögð fyrir Alþingi og breytingartillögur meiri hlutans breyti þar litlu um. Eðlilegast er að Íslendingar reyni þess í stað að styrkja stöðu sína, að standa á rétti sínum sem talinn var vera gagnvart samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Okkur ber að viðhalda því skipulagi á áfengisinnflutningi og dreifingu sem við, eins og flestar Norðurlandaþjóðir, höfum um langt árabil kosið að viðhafa og almennt er viðurkennt að hafi gefist vel í þeim skilningi að það hafi verið hluti af aðhaldssamri og farsælli stefnu þessara þjóða í áfengismálum. Alþjóðlegar heilbrigðisstofnanir hafa gjarnan litið til þessa fordæmis Norðurlanda og bent á það öðrum til eftirbreytni. Því er dapurlegt að sjá að menn hafa snúið við blaðinu, eins og hér er gert, eftir að hafa fullyrt í tengslum við afgreiðslu samningsins um Evrópskt efnahagssvæði að engin ástæða væri til þess að óttast um þetta fyrirkomulag.

Því leggur 2. minni hluti til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** eða fellt að öðrum kosti. Ríkisstjórninni verði falið að styrkja með öllum tiltækum ráðum okkar stöðu gagnvart hugsanlegum málaferlum fyrir EES-dómstólnum geri eftirlitsstofnun EFTA alvöru úr því að vísa málinu þangað. Jafnframt verði tekið til skoðunar að gera skipulags- og/eða lagabreytingar sem tryggi enn betur en nú, ef þess er kostur, að útilokað sé að um mismunun geti verið að ræða milli aðila á grundvelli þeirra lagaákvæða sem Áfengis- og tóbaksverslunin starfar eftir og þeirra viðskiptahátta sem stofnunin stundar við innflutning og sölu á áfengi.

Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 8. júní 1995.

Steingrímur J. Sigfússon.

Nefndarálitinu fylgdu eftirfarandi fylgiskjöl og vísast um þau til þingskjalsins (lausaskjalsins).

I. Umsögn Ögmundar Jónassonar og Ástu R. Jóhannesdóttur (nefndarmanna heilbrigðis- og tryggingnefndar) um frumvarpið (7. júní 1995).
II. Umsögn áfengisvarnaráðs (29. maí 1995) ásamt eftirfarandi fylgiskjölum: Nokkur minnisatriði (maí 1995); fréttatilkynning, „Höfum við efni á þessu?“ (desember 1994); „Til sérstakrar athugunar“ (desember 1994); Nokkur minnisatriði um einkavæðingu áfengissölu (desember 1994).
III. Umsögn samtakanna Vímulaus æska og Stöðvum unglingadrykkju.
IV. „Brugg og smygl finnst í mörgum veitingahúsum“ (Tíminn 1. júní 1995).
V. Umsögn frá Starfsmannafélagi ÁTVR ásamt eftirfarandi fylgiskjölum: Breytingar á rekstri ÁTVR (22. maí 1995); Verðlagningarreglur á innlendum og erlendum bjór (15. maí 1995); tvö minnisblöð frá Starfsmannafélagi ÁTVR; „Einkavæðing áfengissölu“ eftir Eyjólf Eysteinsson (Mbl. 12. maí 1995); Orðsending til starfsmanna ÁTVR frá starfsmannafélaginu (23. janúar 1995) ásamt greinum Vilhjálms Egilssonar, framkvæmdastjóra Verslunarráðs Íslands: „Áfengisviðskipti út úr forneskju“ (DV 11. janúar 1995), og Kristjáns Helgasonar, formanns Starfsmannafélags ÁTVR: „Dylgjum framkvæmdastjóra Verslunarráðs svarað“ (DV 20. janúar 1995); Greinargerð starfsmannafélags ÁTVR um rekstur ÁTVR (nóvember 1993).
VI. Umsögn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (30. maí 1995).
VII. Umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (26. maí 1995) ásamt bréfi til utanríkisráðherra frá formanni BSRB (22. júní 1992) og svari utanríkisráðuneytis (1. júlí 1992).
VIII. Umsögn Starfsmannafélags ríkisstofnana (26. maí 1995).
IX. Umsögn Samtaka iðnaðarins (29. maí 1995) ásamt minnisblaði Samtaka iðnaðarins „Íslenskur bjór og breytingar á áfengislögum“.
X. Umsögn Verslunarráðs Íslands (31. maí 1995).
XI. Greinargerð um áhrif EES-samningsins á starfsemi ÁTVR frá tekju- og lagaskrifstofu fjármálaráðuneytis (26. júlí 1994).
XII. Bréf Verslunarráðs Íslands til eftirlitstofnunar EFTA (30. desember 1993).
XIII. Umsögn landssamtakanna Heimili og skóli.
XIV. Minnisblað frá Samkeppnisstofnun um afnám einkaréttar ÁTVR til innflutnings og dreifingar áfengis (6. júní 1995).

64. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um gjald af áfengi.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og jafnframt um frumvarp til laga um breytingu

á lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, sem lagt var fram samhliða þessu frumvarpi. Annar minni hluti leggur til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**. Að öðrum kosti verði það fellt. Um rök fyrir því vísast til nefndarálits undirritaðs (þskj. 63) um 3. mál.

Alþingi, 8. júní 1995.

Steingrímur J. Sigfússon.

65. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Árna Kolbeinsson og Gylfa Gaut Pétursson frá sjávarútvegsráðuneyti og Hinrik Greipsson og Svavar Ármannsson frá Þróunarsjóði sjávarútvegsins.

Mælir nefndin með að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

Sjávarútvegsráðherra er, þrátt fyrir ákvæði 7. gr., heimilt að ákveða að til ársloka 1995 skuli styrkur vegna úreldingar krókabáta vera hærra hlutfall af húftryggingarmati en gildir um önnur skip.

Alþingi, 9. júní 1995.

Steingrímur J. Sigfússon, form., með fyrirvara.	Árni R. Árnason, frsm.	Stefán Guðmundsson.
Einar Oddur Kristjánsson.	Össur Skarphéðinsson, með fyrirvara.	Guðmundur Hallvarðsson.
Hjálmar Árnason.	Svanfríður Jónasdóttir, með fyrirvara.	Vilhjálmur Egilsson.

66. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 20. nóvember 1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, með síðari breytingu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Árna Kolbeinsson og Gylfa Gaut Pétursson frá sjávarútvegsráðuneyti.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. júní 1995.

Steingrímur J. Sigfússon, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Össur Skarphéðinsson.
Guðmundur Hallvarðsson.	Svanfríður Jónasdóttir.	Hjálmar Árnason.
Stefán Guðmundsson.	Einar Oddur Kristjánsson.	Vilhjálmur Egilsson.

67. Breytingartillögur [4. mál]

við frv. til l. um gjald af áfengi.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, GMS, SP, EOK, PHB).

1. Í stað „58,10“ í 3. gr. komi: 58,70.
2. Á eftir 7. gr. komi ný grein er orðist svo:

   Af innheimtu gjaldi skv. 3. gr. skal 1% renna í Forvarnasjóð. Tilgangur sjóðsins skal vera að stuðla að áfengisvörnum. Styrki skal veita úr sjóðnum til forvarnarstarfa á verkefnagrundvelli. Heilbrigðisráðherra skipar fjögurra manna sjóðstjórn. Fjármálaráðherra, menntamálaráðherra og dómsmálaráðherra tilnefna einn stjórnarmann hver en þann fjórða skipar heilbrigðisráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnar. Heilbrigðisráðherra setur nánari reglur um sjóðinn með reglugerð.

68. Frumvarp til laga [20. mál]

um breytingu á lögum nr. 117/1994, um skipulag ferðamála.

(Eftir 2. umr., 8. júní.)

1. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ríkisborgarar þeirra ríkja, sem hafa heimild í milliríkjasamningum til að starfrækja ferðaskrifstofu skv. 9. gr. laga þessara, skulu undanþegnir skilyrði a-liðar 1. mgr. um heimilisfesti á Íslandi.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

69. Nefndarálit [27. mál]

um frv. til l. til breyt. á l. vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Indriða H. Þorlákssson frá fjármálaráðuneyti, Ara Teitsson og Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands, Hauk Halldórsson frá Framleiðsluráði landbúnaðarins, Kjartan Ólafsson og Sigurð Þráinsson frá Sambandi garðyrkjubænda, Svein Hannesson frá Samtökum iðnaðarins, Jónas Fr. Jónsson frá Verslunarráði, Jóhannes Gunnarsson frá Neytendasamtökunum, Kjartan Lárusson frá Félagi íslenskra ferðaskrifstofa, Ernu Hauksdóttur frá Sambandi veitinga- og gistihúsa, Brynjólf Sandholt yfirdýralækni, Þórð Friðjónsson og Friðrik Má Baldursson frá Þjóðhagsstofnun, Tryggva Herbertsson, Ásgeir Valdimarsson og Guðmund Ólafsson frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, Gylfa Arnbjörnsson og Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur frá ASÍ, Birgi Björn Sigurbjörnsson og Pál Halldórsson frá BHMR, Björn Arnórsson frá BSRB, Björn G. Sveinsson frá VMSÍ, Þórunni Sveinbjarnardóttur frá starfsmannafélaginu Sókn, Guðmund Þ Jónsson frá Iðju, Landssambandi verksmiðjufólks, Óskar Magnússon, forstjóra Hagkaups, Jóhannes Jónsson, forstjóra Bónuss, Svein Hannesson frá VSÍ og Baldvin Hafsteinsson og Birgi Rafn Jónsson frá Íslenskri verslun. Jafnframt bárust nefndinni skrifleg erindi um málið frá Bændasamtökum Íslands, BSRB, Sambandi garðyrkjubænda, Sambandi veitinga- og gistihúsa, Verslunarráði Íslands, Samtökum iðnaðarins, Íslenskri verslun, ASÍ, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, BHMR, Hagkaupi hf., Félagi íslenskra stórkaupmanna, Byggðastofnun og Dreifingu hf. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá meiri og minni hluta landbúnaðarnefndar og eru þær birtar sem fylgiskjöl með áliti þessu.

Frumvarp þetta fjallar um ýmsar breytingar á tollalögum, búvörulögum, lögum um varnir gegn búfjársjúkdómum og öðrum lögum sem varða innflutning og eru nauðsynlegar í framhaldi af staðfestingu Íslands á samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina sem gerð var á síðasta Alþingi. Með gildistöku þessara breytinga komast í framkvæmd þær breytingar á innflutningsmálum sem um var samið í Úrúgvæ-viðræðunum og með þeim verður leitast við að uppfylla þær skuldbindingar sem Ísland tók á sig með staðfestingu samningsins.

Mikilvægustu breytingar frumvarpsins snerta skilyrði til innflutnings á landbúnaðarafurðum sem ekki verður framar stjórnað með bönnum og höftum. Í staðinn verða teknir upp tollar og er meginviðfangsefni frumvarpsins að ákveða þá með þeim hætti að uppfylltar verði skuldbindingar samningsins og tilgangi hans fylgt fram en samtímis gætt hagsmuna innlendra framleiðenda matvöru. Þó að leiða megi rök að því að þegar til lengri tíma er litið falli hagsmunir neytenda og framleiðenda hér á landi að þeirri stefnu sem samningurinn mótar er það fullljóst að langan aðlögunartíma þarf til bæði hér á landi og í alþjóðlegum viðskiptum með landbúnaðarvörur áður en frjáls og eðlileg markaðsviðskipti verða meginreglan í viðskiptum milli landa með þessar vörur.

Af þessum ástæðum er frumvarp þetta málamiðlun. Þótt það kunni e.t.v. ekki að leiða til stórfelldra breytinga í verslun með landbúnaðarvörur á næstunni er það engu að síður mikilvægt og stórt skref. Meginbreytingin sem það felur í sér er að það setur viðskiptum með landbúnaðarvörur nýjar reglur. Á grundvelli þessara breytinga verður framvegis unnt að stýra innflutningi og hafa áhrif á þróun landbúnaðar innan lands með markaðstengdum aðgerðum sem ættu að tryggja það að óskir neytenda komist betur til skila

en áður og að framleiðendur eigi auðveldara með að laga sig að þeim óskum og tryggi þannig framtíð sína.

Það er eðlilegt að um frumvarp sem þetta séu skiptar skoðanir og kom það berlega í ljós í þeim umsögnum sem nefndin fékk og í málflutningi þeirra sem nefndin fékk til viðtals við sig. Kom annars vegar fram að talsmenn framleiðenda eru uggandi og óttast áhrif aukins innflutnings. Hins vegar voru talsmenn verslunar og neytenda á þeirri skoðun að of skammt væri gengið og að ekki væru horfur á neinum verulegum innflutningi á búvörum.

Í umsögnum þessum og málflutningi komu fram gagnlegar upplýsingar og viðhorf sem auðvelduðu nefndinni störfin. Meiri hluti nefndarinnar telur að með frumvarpinu hafi tekist að samræma með viðunandi hætti þau meginsjónarmið sem uppi eru í málinu. Hann telur fullljóst að þannig sé gengið frá málum að stöðu innlendra framleiðenda verði ekki raskað með óvæntum hætti og að stjórnvöld hafi með því fyrirkomulagi sem gert er ráð fyrir í höndum öll nauðsynleg tæki til þess að koma í veg fyrir að svo verði.

Í málflutningi fyrir nefndinni og í gögnum sem fyrir hana voru lögð kemur fram að áhyggjuefni kann að vera að með óbreyttum ákvæðum frumvarpsins kann að reynast erfitt að standa við þau ákvæði GATT-samningsins að heimila innflutning á tilteknu lágmarki af landbúnaðarvörum. Þótt frumvarpið uppfylli þau formlegu skilyrði sem samningurinn setur er óvissu háð hvort tilganginum verði náð. Af því tilefni leggur meiri hlutinn til þá einu verulegu breytingu á frumvarpinu að í það verði tekin ákvæði sem styrkja þennan þátt þess og auki líkur á að sá lágmarksinnflutningur verði sem gengið var út frá við samningsgerðina.

Breytingin er fólgin í tvennu. Annars vegar er bætt við lægri tolltaxta fyrir lágmarksmarkaðsaðganginn, 50% af almennum magntolli viðkomandi vöruliðar, sem grípa má til ef áformað innflutningsmagn næst ekki og hins vegar er gerð tillaga um að við ákvarðanir um úthlutun tollkvóta og val á tolltöxtum fyrir þá verði til þess litið hvort tilgangur samningsins um innflutning hafi náðst eða ekki. Auk þess er gerð sú breyting að við úthlutun valfrjálsra kvóta verði almennt litið til þess hvort framboð á markaðnum og vöruverð sé með viðunandi hætti.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Fyrstu þrír liðirnir í þeim tillögum snúa að ákvæðum tollalaga, 4.–5. liður að búvörulögunum, 6. liður að lögum um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum og 7.–9. liður lúta allir að breytingum á viðaukum við frumvarpið. Skal nú gerð nánari grein fyrir efni einstakra liða þessara tillagna meiri hlutans:

Í 1. lið eru lögð til breyting á 3. gr. frumvarpsins. Í þeirri málsgrein er kveðið á um þá tolltaxta sem nota á við úthlutun á tollkvótum umfram það sem skuldbindingar samkvæmt GATT-samningnum fela í sér. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að landbúnaðarráðherra geti valið um tvo kosti þegar hann ákveður hvaða toll þær vörur sem tilgreindar eru í viðauka IVA eiga að bera, annaðhvort 75% af þeim magntolli sem almennt gildir fyrir viðkomandi vöru eða miða við þann toll sem gildir fyrir svokallaðan lágmarksaðgang. Breytingin felur í sér að við bætist þriðji kosturinn, þ.e. að miða við 50% af þeim magntolli sem almennt er lagður á viðkomandi vörulið. Tilgangurinn með þessari breytingu er sá að skapa möguleika á innflutningi í þeim tilvikum þegar tollur á lágmarksaðgang er það hár að ekki verður af innflutningi af þeim sökum og því ekki horfur á að um verði að ræða innflutning í samræmi við skuldbindingar samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina. Jafnframt er lagt til að röng tilvísun í kaflanúmer laganna verði lagfærð.

Í 2. lið eru lagðar til þrjár breytingar á 6. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi er lagt til að í stað sönnunar á kröfu sinni til hugverkaréttinda leggi rétthafi fram fullnægjandi gögn þess efnis. Fyrra orðalag þótti fullstrangt og er þetta í betra samræmi við ákvæði GATT-samningsins um hugverkaréttindi. Í öðru lagi er fellt niður ákvæði þess efnis að rétthafi leggi fram tryggingu fyrir kostnaði tollyfirvalda af frestun tollafgreiðslu. Ákvæði þetta þótti óeðlilegt og óþarft þar sem tollyfirvöld eiga þess kost samkvæmt öðrum leiðum að krefja inn þann kostnað sem þau eiga rétt til að fá greiddan. Síðasta breytingin er leiðrétting á prentvillu.

Í 3. lið er lagt til að fyrri efnismálsgrein 7. gr. frumvarpsins verði orðuð upp á nýtt til að leiðrétta nokkur mistök sem orðið hafa í uppsetningu hennar í frumvarpinu. Ekki er um að ræða neina efnisbreytingu á ákvæðinu.

Í 4. lið er lagt til að farið verði að tillögu meiri hluta landbúnaðarnefndar og bætt nýrri málsgrein við 18. gr. frumvarpsins er snýr að breytingum á búvörulögunum. Efni breytingarinnar er að landbúnaðarráðherra sé heimilt að banna innflutning á afurðum dýra og plantna sem gefin hafa verið vaxtaraukandi efni eða kunna að fela í sér leifar lyfja eða annarra aðskotaefna sem geta verið hættuleg heilsu manna og eru umfram það sem leyft er við framleiðslu hér á landi. Greinin felur því í sér að sömu kröfur verði að þessu leyti gerðar til innfluttrar vöru og þeirrar sem framleidd er hér á landi.

Í 5. lið eru lagðar til tvær breytingar á 20. gr. frumvarpsins. Sú fyrri er leiðrétting á rangri tilvísun. Síðari breytingin felur í sér að sett eru leiðbeinandi ákvæði sem höfð verði til hliðsjónar þegar ráðherra tekur ákvörðun um úthlutun tollkvóta og á hvaða tolltöxtum innflutningur þeirra verði. Annars vegar er gert ráð fyrir að litið verði til þess markmiðs að á hverjum tíma sé nægilegt framboð af viðkomandi vöru miðað við hæfilegt verð. Hins vegar er gert ráð fyrir að tekið verði tillit til þess hvort þeir tollkvótar, sem okkur ber að heimila innflutning á samkvæmt GATT-samningnum, hafi nýst eða ekki. Með vali á tolltöxtum verður hægt að hafa áhrif í því efni.

Í 6. lið er lögð til sú breyting á 25. gr. að heimild til að taka eftirlitsgjald lögtaki verði felld niður enda talin óþörf.

Auk framangreindra breytinga á texta laganna er í 7. lið breytingartillagnanna lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á tollskrá í viðauka I. Þær eru eftirfarandi:

a. Að á 4. tölul. verði gerð sú breyting að tekið verði upp nýtt tollnúmer fyrir sýrðar mjólkurvörur með fituinnihaldi yfir 6%. Er þar um að ræða sýrðan rjóma og áþekkar vörur. Tolltaxtar verða ákveðnir með hliðsjón af því sem frumvarpið felur í sér fyrir sambærilegar vörur.
b. Að á 5. tölul. verði gerðar nokkrar breytingar sem fela í sér samræmingu á tolltöxtum fyrir pottaplöntur, græðlinga o.fl. Enn fremur er gerð tillaga um lækkun á fyrirhuguðum tolli á rósir og loks um leiðréttingu á misprentun á einu tollnúmeri.
c. Að bætt verði inn nýjum tölulið sem felur í sér breytingu á 15. kafla tollskrár. Breytingin er þess efnis að teknir verði upp tollar á smjörlíki sem inniheldur 10–15% af mjólkurfitu miðað við þyngd. Ekki hefur verið heimilaður innflutningur á þessum vörum, en heimilt að leggja verðjöfnunargjöld á þær og er fjárhæð tollanna ákveðin með hliðsjón af þeim reglum sem um verðjöfnunargjöldin gilda. Þá er lagt til að tollum á smjörlíki með undir 10% mjólkurfitu verði breytt til samræmis við framangreint.

d. Að þær breytingar verði gerðar á 13. tölul. að tollur á vörur í 19. kafla sem innihalda meira en 20% af kjöti hækki í 145 kr. í stað 99 kr. eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Ekki hefur hingað til verið heimilt að flytja inn þessar vörur, en heimild var til að leggja á þær verðjöfnunargjöld. Tillagan miðast við að tollurinn svari til verðjöfnunargjalda á vörum með 40–45% kjötinnihaldi. Þá er lagt til að leiðrétt verði prentvilla í viðaukanum.

Að lokum eru í 8. og 9. lið lagðar til lagfæringar á uppsetningu á viðauka IIA og IIIA.

Valgerður Sverrisdóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. júní 1995.

Sólveig Pétursdóttir, frsm. Vilhjálmur Egilsson. Gunnlaugur M. Sigmundsson.

Einar Oddur Kristjánsson. Pétur H. Blöndal.

Fylgiskjal I.

Umsögn meiri hluta landbúnaðarnefndar

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar frá 1. júní 1995. Þar er þess farið á leit við landbúnaðarnefnd að hún veiti umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, 27. mál á 119. löggjafarþingi, einkum II.–V. kafla frumvarpsins.

Landbúnaðarnefnd hefur fjallað um framangreint þingmál á fimm formlegum fundum. Fékk hún á fund sinn til viðræðna ýmsa gesti sem lýstu viðhorfum sínum til málsins og svöruðu fyrirspurnum nefndarmanna. Þá voru nefndinni afhent ýmis gögn vegna frumvarpsins sem fylgja hér með í ljósriti.

Á fund nefndarinnar komu frá landbúnaðarráðuneytinu Guðmundur Sigþórsson og Jóhann Guðmundsson, frá forsætisráðuneytinu Ólafur Davíðsson, frá fjármálaráðuneytinu Indriði H. Þorlákssson, frá viðskiptaráðuneytinu Kjartan Gunnarsson, frá utanríkisráðuneytinu Pétur G. Thorsteinsson og Stefán H. Jóhannesson, frá Bændasamtökum Íslands Gísli Karlsson, Ari Teitsson, Sigurgeir Þorgeirsson og Þórólfur Sveinsson, frá Sambandi garðyrkjubænda Kjartan Ólafsson, Magnús Ágústsson, Brynja Hjálmtýsdóttir og Sigurður Þráinsson, frá Landssambandi kartöflubænda Jens Gíslason og Sigurbjartur Pálsson, frá Íslenskri verslun Hallgrímur Gunnarsson, frá Félagi íslenskra stórkaupmanna Birgir R. Jónsson og Baldvin Hafsteinsson, frá Kaupmannasamtökum Íslands Bjarni Finnsson, frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði Pétur Vilhjálmsson og Óskar H. Gunnarsson, frá Kjörís Valdimar Hafsteinsson, frá Samtökum svínabænda Kristinn Gylfi Jónsson, Brynjólfur Sandholt yfirdýralæknir, frá Neytendasamtökunum Jóhannes Gunnarsson, frá Hagkaupi Óskar Magnússon, frá Bónus Jóhannes Jónsson og loks frá Þjóðhagsstofnun Þórður Friðjónsson og Friðrik Már Baldursson. Nefndinni bárust erindi og gögn frá Sambandi garðyrkjubænda, Landssambandi kartöflubænda, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Bændasamtökum Íslands, Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði, Kjörís, Neytendasamtökunum, Hagkaupi hf. og landbúnaðarráðuneytinu. Þá barst nefndinni listi frá

samstarfsnefnd fimm ráðuneyta, skipaðri af forsætisráðherra, er starfaði að gerð frumvarpsins. Eru þar lagðar til nauðsynlegar breytingar á frumvarpinu, að mati þeirrar nefndar. Meiri hlutinn tekur í afgreiðslu sinni mið af þeim tillögum sem þar eru lagðar fram, eins og þær hafa borist nefndinni.

Með gildistöku samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina verða afnumin ýmis innflutningshöft á landbúnaðarvörur. Þannig verður framvegis ekki hægt að hefta innflutning á landbúnaðarvörum nema samkvæmt ákveðnum undanþáguheimildum samningsins sem lúta meðal annars að takmörkun innflutnings vegna heilbrigðis manna, dýra eða plantna. Þess í stað er gert ráð fyrir tollvernd, auk þess sem tollkvótar á lægri tolltöxtum eiga að tryggja lágmarksinnflutning á vörum sem enginn eða óverulegur innflutningur var á á viðmiðunartímabilinu 1986–88, og að innflutningur á öðrum vörum verði ekki minni en var á þeim árum. Þær ákvarðanir, sem teknar hafa verið sérstaklega vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, takmarka óhjákvæmilega þær breytingar sem landbúnaðarnefnd getur lagt til við frumvarpið.

Meiri hluti landbúnaðarnefndar telur ekki ástæðu til þess að lýsa hér öllum þeim atriðum sem til álita hafa komið í umfjöllun nefndarinnar um málið, né heldur gera nákvæmlega grein fyrir afstöðu sinni til allra þeirra atriða er koma fram í þeim gögnum er fyrir nefndina hafa verið lögð. Meiri hlutinn vill þó koma á framfæri þeim athugasemdum sem hann telur helst skipta máli við afgreiðslu frumvarpsins.

Meiri hlutinn tekur undir þau sjónarmið er fram koma í umsögn Bændasamtaka Íslands að verðforsendur fyrir útreikningi tollverndar byggist ekki nema að litlu leyti á reynslutölum og mikil óvissa sé um það hvert verði vöruval og verðlag á ýmsum flokkum er til innflutnings kemur. Ljóst er einnig að nokkurt misræmi er hvað snertir fyrirhugaða tollvernd á vörum úr sama hráefni úr mismunandi tollflokkum. Þannig fær sýrður rjómi (tollnr. 0403.9009) lágan toll í samanburði við rjóma (tollnr. 0401.3000) og kakóblandað undanrennu- og mjólkurduft (tollnr. 1806.2003) lágan toll miðað við undanrennuduft (tollnr. 0402.1000) og mjólkurduft (tollnr. 0402.2100), en þessi hráefni geta numið allt að 90% af blöndunni. Í umsögninni kemur einnig fram, hvað snertir unnar vörur sem falla undir ákvæði fríverslunarsamninga eða bókun 3 með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, að frumvarpið gerir þar ráð fyrir að tollar samsvari þeim verðjöfnunargjöldum sem nú eru lögð á viðkomandi vörur og séu, a.m.k. í mörgum tilvikum, langt undir leyfilegum bindingum. Telja samtökin að hætta sé á að þetta rýri samningsstöðu Íslands gagnvart Evrópusambandinu, nú þegar endurskoðun á bókun 3 með EES-samningnum fer fram, þar sem ekkert svigrúm sé til þess að bjóða aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sérstök fríðindi, nema tollar þessir verði lækkaðir gagnvart þeim niður fyrir það sem viðunandi geti talist. Sé enn fremur líklegt að aðstaða okkar í næstu GATT-samningalotu verði af sömu ástæðu þrengri. Meiri hlutinn fellst ekki á þessi síðastgreindu sjónarmið bændasamtakanna. Er í því sambandi rétt að benda á að eftir sem áður verða tollabindingarnar bundnar í lögum og verða því tiltækar, hvort heldur sem er til innflutningsverndar eða til samninga ef til þess kæmi.

Landbúnaðarnefnd hefur einnig borist umsögn bændasamtakanna til efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarpið. Meiri hlutinn vill árétta mikilvægi þess þáttar er lýtur að heilbrigði, hollustu og framleiðsluháttum þeirra vara sem fluttar verða inn, þannig að ekki verði gerðar vægari kröfur að því er snertir þessa þætti til innfluttra vara en innlendrar landbúnaðarframleiðslu. Í umsögn bændasamtakanna kemur fram, að eðlilegt hljóti að teljast að ganga þannig frá lagasetningu nú að þessi skilyrði séu uppfyllt, t.d. með sérstakri grein í lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Meiri

hlutinn telur slíkar breytingar brýnar. Leggja fjórir nefndarmenn meiri hlutans til að breyting verði gerð við 18. gr. frumvarpsins, en sú grein felur í sér nýja 52. gr. laga nr. 99/1993, um breyting á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Árni M. Mathiesen bendir hins vegar á að hugsanlega sé sú leið betri að hafa slíkt ákvæði í sérlögum, svo sem lögum um dýralækna eða í lögum um dýrasjúkdóma og lögum um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum í plöntum. Meiri hlutinn, fyrir utan Árna, leggur því til eftirfarandi breytingar við 18. gr. frumvarpsins:

Við greinina bætist ný málsgrein er verði 2. efnismgr. og orðist svo:

„Landbúnaðarráðherra er þó heimilt að banna innflutning á afurðum dýra og plantna sem gefin hafa verið vaxtaaukandi efni á framleiðsluskeiðinu eða kunna að fela í sér leifar lyfja og annarra aðskotaefna, umfram það sem leyft er við framleiðslu innan lands, sem geta verið hættuleg heilsu manna. Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð á hvern hátt hagað skuli eftirliti með innflutningi afurðanna, sýnatökum og rannsóknum."

Að því er snertir verðlag á ýmsum flokkum landbúnaðarvara, er til innflutnings kemur, vill meiri hlutinn árétta að í rauninni verður ekki svarað því álitamáli, hvert verði raunverulegt innflutningsverð vara, fyrr en á reynir. Útreikninga hagsmunaaðila greinir á í þessu efni. Þannig koma fram mjög mismunandi verðforsendur hjá forsvarsmönnum innflytjenda og fulltrúa Neytendasamtakanna annars vegar sem telja viðmiðunarverð frumvarpsins of lágt og hjá framleiðendum hins vegar sem óttast að ekki sé nóg að gert til þess að vernda innlenda framleiðslu. Þess hefur nokkuð gætt í umræðunni að lágmarksaðgangurinn (3–5%) njóti of mikillar tollverndar samkvæmt frumvarpinu þannig að ekki verði af innflutningi nema þá í mjög takmörkuðum mæli. Eins og fyrr greinir er af augljósum ástæðum ekki unnt á þessu stigi málsins að sannreyna hvert innflutningsverð búvara kann að verða við gildistöku samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, en það verð hefur að sjálfsögðu grundvallaráhrif á hvert verð innfluttra vara kann að verða. Hitt liggur hins vegar fyrir að frá því að GATT-umræðan hófst hér á landi, þ.e. um svipað leyti og núverandi búvörusamningur var gerður, hefur verð á innlendum landbúnaðarvörum lækkað um u.þ.b. 20%. Þessi mikla verðlækkun á landbúnaðarvörum innan lands treystir grundvöll innlendrar landbúnaðarframleiðslu í samkeppni við þær vörur sem heimilt er að flytja inn samkvæmt lágmarksaðgangi.

Miklar breytingar hafa orðið í framleiðsluháttum garðyrkjubænda á undanförnum árum og framleiðsla þeirrar greinar vaxið að miklum mun. Af því leiðir að ríkjandi markaðsaðgangur, sem tekur mið af innflutningi árið 1988, gefur ranga mynd af markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu eins og hún er nú. Í þessu felst sérstaða greinarinnar gagnvart GATT-samkomulaginu sem brýnt er að taka á með því að mæta óskum garðyrkjubænda um breytt rekstrarskilyrði. Meiri hluti landbúnaðarnefndar áréttar þessi sjónarmið. Í umsögn Samtaka garðyrkjubænda minna þau á það að viðauki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið heimili ótakmarkaðan tollalausan innflutning mikilvægra garðyrkjuafurða fimm mánuði á ári frá löndum sem styrkja framleiðslu sína um 25% af framleiðsluverðmæti. Að athuguðu máli verður á hinn bóginn ekki séð að hlutur garðyrkjubænda sé fyrir borð borinn að því er snertir það mál sem hér er til umfjöllunar. Þvert á móti eru tollabindingar að fullu nýttar að því er garðyrkjuafurðir snertir. Þá telur meiri hlutinn að viðhorfum, er lúta að forræði þessara mála fyrir hönd framleiðenda, sé mætt í frumvarpinu og þar með sé ástæðulaus sá ótti um úthlutun tollkvóta er fram kemur í umsögn Samtaka garðyrkjubænda.

Vakin er athygli á því að stórlega hefur dregið úr neyslu kartaflna hér á landi á síðari árum. Kartöflubændur bentu þannig á að neysla innan lands hefði minnkað úr um það bil 9.000 tonnum, eins og hún var á síðasta áratug, niður í 6.000 tonn eins og nú er áætlað að hún sé. Því sé lágmarksmarkaðsaðgangur ofmetinn.

Nefndin tók einnig til sérstakrar skoðunar og aflaði sér upplýsinga vegna þess álits er kemur fram í greinargerð frá Kjörís þar sem bent er á að um mismun milli vörutegunda sé að ræða, þ.e. innflutts íss annars vegar og t.d. innfluttrar mjólkur og jógúrtar hins vegar, þar sem hlutfall tolls sé mun lægra á ísnum. Svo virðist sem hér sé um hliðstæðu að ræða á milli jurta- og mjólkuríss og verður að athuguðu máli ekki séð að samkeppnisstaða þessarar framleiðslu muni skekkjast að óbreyttu.

Meiri hlutinn telur rétt að aukið verði við ákvæði 3. efnismgr. 24. gr. frumvarpsins í því tilliti að lögbinda að hlutaðeigandi hagsmunaaðilum verði veittur kostur á að láta uppi sjónarmið sín til nefndar þeirrar sem landbúnaðarráðherra skipar til ráðuneytis um ákvæði laganna um inn- og útflutning landbúnaðarvara. Er þannig lagt til að á eftir lokamálslið 3. mgr. komi nýr málsliður sem orðist svo: „Áður en nefndin gerir tillögur samkvæmt framansögðu skal hún leita umsagnar hlutaðeigandi hagsmunaaðila."

Meiri hlutinn tekur fram að þar sem frumvarp þetta felur í sér flókið og viðamikið mál sem ekki er reynsla fyrir hér á landi verður að liggja ljóst fyrir Alþingi að fylgjast þarf vel með framkvæmd þess, ef að lögum verður, og að nauðsynlegt kann að vera að endurskoða lögin í ljósi fenginnar reynslu.

Að lokum vill meiri hlutinn benda á að svo virðist sem grandskoða þurfi frumvarpið með tilliti til prentvillna og málfars og leggur áherslu á að slík endurskoðun hafi farið fram áður en málið fer til 2. umræðu á Alþingi.

7. júní 1995.

Virðingarfyllst,
Guðni Ágústsson, form.
Egill Jónsson.
Guðjón Guðmundsson.
Árni M. Mathiesen.
Magnús Stefánsson.

Fylgiskjal II.

Umsögn Ágústs Einarssonar og Lúðvíks Bergvinssonar.

(8. júní 1995.)

Landbúnaðarnefnd hefur fjallað um þingmálið á fimm formlegum fundum. Í umsögn meiri hluta nefndarinnar er listi yfir viðmælendur nefndarinnar.

Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a. eftirfarandi: „Reglur GATT eru jafnréttisreglur sem ætlað er að stuðla að frjálsari viðskiptaháttum og aukinni samkeppni en banna þó ekki vernd fyrir innanlandsframleiðslu."

Einn mikilvægasti þáttur frumvarpsins er ákvörðun um tolla á landbúnaðarvörur. Meginhugsun GATT–samninganna er að tryggður verði lágmarksinnflutningur í anda framangreindrar tilvitnunar. Jafnframt er ljóst að íslenskum landbúnaði verður að tryggja ákveðna vernd við aðlögun að breyttum aðstæðum.

Á fundum nefndarinnar kom m.a. fram það sjónarmið Neytendasamtakanna og forsvarsmanna Bónuss og Hagkaups að tollar í frumvarpinu væru það háir að nær enginn innflutningur mundi eiga sér stað. Vísuðu þessir aðilar til dæma um raunverulegt innkaupsverð á matvælum erlendis.

Eitt af vandkvæðum GATT–samningsins er að við útreikning tolla er miðað við heimsmarkaðsverð sem í fjölmörgum tilvikum er mjög erfitt að bera saman við raunverulegt verslunarverð vöru. Í frumvarpinu eru lagðir til grundvallar alþjóðlegir verðlistar sem eru notaðir í alþjóðlegum samningum en það verð er oft langt undir því verði sem vara er keypt og seld á í almennum viðskiptum fyrirtækja milli landa og innan landa.

Mjög mikilvægt við ákvörðun tolla í frumvarpinu er að þeir verði ekki ákveðnir svo háir að nær óbreytt ástand verði fyrir og eftir samþykkt frumvarpsins.

Tekið er undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn Bændasamtaka Íslands, að verðforsendur fyrir útreikning tollverndar byggist ekki nema að litlu leyti á reynslutölum og mikil óvissa sé um það hvert verði vöruval og verðlag á ýmsum flokkum er til innflutnings kemur.

Þess vegna er því beint til efnahags- og viðskiptanefndar að hún kanni þessi mál ítarlega og geri tillögur um lækkun tolla, einkum hvað varðar lágmarksinnflutning ef sýnt þykir að tollar frumvarpsins séu of háir.

Vakin er athygli á málefnum garðyrkjubænda, svo og innflutningi á plöntum, svo sem skrautplöntum og o.fl. þess háttar. Því er beint til efnahags- og viðskiptanefndar að skoða þau mál sérstaklega.

Tekið er undir sjónarmið meiri hluta nefndarinnar þar sem fjallað er um málefni tengd innflutningi á ís.

Í nefndinni var nokkuð rætt um breytingar á 24. gr. frumvarpsins og er hér lagt til að á eftir lokamálslið 3. mgr. 24. gr. komi nýr málsliður sem orðist svo:

„Áður en nefndin gerir tillögur samkvæmt framansögðu skal leita umsagna Bændasamtaka Íslands, Neytendasamtakanna og hlutaðeigandi hagsmunaaðila inn- eða útflytjenda.“

Tekið er undir sjónarmið meiri hluta nefndarinnar þar sem talið er að nauðsynlegt kann að vera að endurskoða væntanleg lög í ljósi fenginnar reynslu.

Fylgiskjal III.

Umsögn Margrétar Frímannsdóttur.

(8. júní 1995.)

Eins og fram kemur í umsögn meiri hluta landbúnaðarnefnar hefur nefndin fjallað um framangreint þingmál á 5 formlegum fundum og fengið til sín fjölda viðmælenda.

Þau ríki sem standa að GATT hafa skuldbundið sig til að opna fyrir innflutning á vöru, draga úr innanlandsstuðningi og draga úr útflutningsuppbótum. Nú þegar hafa verið uppfyllt tvö þessara skilyrða, þ.e. dregið hefur verulega úr beinum stuðningi ríkisins við landbúnað og útflutningsbætur felldar niður. Hér er því aðeins verið að ræða einn þátt þessa máls, afnám innflutningshafta á landbúnaðarafurðir.

GATT-samningurinn á að stuðla að frjálsari viðskiptaháttum og aukinni samkeppni en bannar þó ekki vernd fyrir innanlandsframleiðslu. Í frumvarpinu er þó heimild til takmörkunar innflutnings vegna heilbrigðis manna, dýra eða plantna. Í því ljósi er mikilvægt að ekki verði gerðar minni kröfur um hollustu- og framleiðsluhætti þeirrar vöru sem leyft verður að flytja inn en innlendrar framleiðslu. Ekki hefur verið gerð grein fyrir hvernig staðið verður að þeim þætti málsins á fullnægjandi hátt.

Frumvarpið hefur í för með sér verulega breytingu á starfsumhverfi innlendrar landbúnaðarframleiðslu. Í stað innflutningshafta er gert ráð fyrir svokallaðri tollvernd, en þó þannig að tollkvótar á lægri tolltöxtum tryggi lágmarksinnflutning á vörum sem enginn eða óverulegur innflutningur var á árin 1986–88 á viðmiðunartímabilinu. Jafnframt er gert ráð fyrir að innflutningur á vörum, sem fluttar voru inn 1988, verði ekki minni en á því tímabili og þar er um verulegt vörumagn að ræða.

Íslenskur landbúnaðar hefur á undanförnum árum gengið í gegnum verulegar breytingar á rekstrarumhverfi sínu og er almennt ekki vel undir það búinn að takast á við alþjóðlega samkeppni. Það er því ekki ósanngjarnt að þessi atvinnugrein njóti eðlilegrar verndar í ákveðinn aðlögunartíma. Þá er nauðsynlegt að tími vinnist til að skoða í heild sinni þær efnahags- og þjóðfélagslegu breytingar sem aðild okkar að samningnum kann að hafa í för með sér.

Aðild okkar að samningnum er mikilvægt og jákvætt skref inn á braut opnari viðskipta með matvæli; um það er ekki ágreiningur. Það skiptir hins vegar verulegu máli hvernig við stöndum að því að uppfylla þær skuldbindingar sem við höfum undirgengist. Sú aðferð sem valin var við útreikning tolla er umdeilanleg. Miðað er við heimsmarkaðsverð sem afar erfitt er að bera saman við raunverulegt verslunarverð vöru. Farið er eftir alþjóðlegum verðlistum sem notaðir eru í alþjóðlegum samningum, en fram kom hjá nokkrum viðmælendum nefndarinnar að það verð sem listarnir sýni sé oft langt undir því verði sem gildi í almennum viðskiptum fyrirtækja milli landa. Þá kom einnig fram, í umsögn sem Bændasamtök Íslands sendu nefndinni, að verðforsendur fyrir útreikningi tollverndar byggjast ekki nema að litlu leyti á reynslutölum og mikil óvissa verði um vöruval og verðlag á ýmsum vöruflokkum þegar til innflutnings kemur.

Jafnframt er í umsögn Bændasamtakanna vakin athygli á stöðu garðyrkjubænda, en fram hefur komið að sú grein landbúnaðarins mun ekki njóta sambærilegrar verndar og aðrar greinar. Garðyrkjubændur búa við skarðan hlut í kjölfar EES-samninganna sem opnuðu fyrir umtalsverðan og tollfrjálsan innflutning á nokkrum tegundum garðyrkjuafurða. Þá er einnig í umsögn Bændasamtaka Íslands vakin athygli á því að magntölur í viðauka IVB eru handahófskenndar og styðjast hvorki við framleiðslu- eða neyslutölur.

Þá barst nefndinni bréf frá framkvæmdastjóra Kjöríss hf. þar sem gerð er athugasemd varðandi álögur á hráefni til ísvinnslu, þ.e. undanrennuduft og smjör.

Ýmsar aðrar athugasemdir bárust nefndinni og vísast þar til umsagnar meiri hluta nefndarinnar og umsagnar minni hlutans (Ágústs Einarssonar og Lúðvíks Bergvinssonar).

Ástæða er til að gagnrýna hversu seint frumvarpið er fram komið. Aðeins er tæpur mánuður þar til breytingarnar eiga að ganga í gildi og innflutningur á að geta hafist. Þetta er flókið mál og nánast ógjörningur á þeim stutta tíma sem Alþingi hefur til að afgreiða frumvarpið að fara yfir það eins ítarlega og þyrfti. Margt er óljóst, þar á meðal forsendur útreikninga og hvert raunverulegt verð vörunnar verður þegar til innflutnings kemur.

Því er tekið undir þau sjónarmið sem fram koma í öðrum umsögnum nefndarmanna að nauðsynlegt kann að reynast að endurskoða málið í heild sinni í ljósi fenginnar reynslu.

70. Breytingartillögur [27. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (SP, VE, GMS, EOK, PHB).

1. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „Við I. kafla“ í inngangsmálsgrein komi: Við III. kafla.
   b. 2. málsl. 3. efnismgr. orðist svo: Tollur á þær vörur, sem fluttar eru inn samkvæmt þeim tollkvótum sem tilgreindir eru í viðauka IVA, skal vera 50 eða 75 hundraðshlutar af þeim magntolli sem lagður er á viðkomandi vörulið eins og hann er tilgreindur í tollskrá eða 32% af grunntaxta viðkomandi vöruliðs eins og hann er tilgreindur í viðauka IIA með lögum þessum.
2. Við 6. gr.
   a. Í stað orðanna „sönnun þess“ í b-lið 1. efnismgr. komi: fullnægjandi gögn þess efnis.
   b. Orðin „greiða kostnað tollyfirvalda af aðgerðum og“ í c-lið 1. efnismgr. falli brott.
   c. Í stað orðsins „bráðabirgðagerð“ í 1. málsl. 4. efnismgr. komi: bráðabirgðaaðgerð.
3. Við 7. gr. Fyrri efnismálsgrein orðist svo:
   Þegar svo stendur á er greinir í 5. gr. samningsins um landbúnað í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar varðandi einhverjar af þeim vörum sem tilgreindar eru í viðauka IIA við lög þessi og þar eru merktar SSG að:
   a. innflutt magn fer yfir mörk þau er tilgreind eru í 5. gr. tilvitnaðs samnings um landbúnað; eða, en þó ekki á sama tíma,
   b. innflutningsverð vörunnar fellur niður fyrir tiltekin mörk, sbr. skilgreiningu í 5. gr. samningsins um landbúnað,

   skal, þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. mgr. 4. gr., tollur á viðkomandi vöru vera hámarkstollur samkvæmt tollabindingu í viðauka IIA að viðbættum viðbótartolli skv. 5. mgr. 5. gr. samningsins um landbúnað.

4. Við 18. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Landbúnaðarráðherra er einnig heimilt að banna innflutning á afurðum dýra og plantna sem gefin hafa verið vaxtaraukandi efni á framleiðsluskeiðinu eða kunna að fela í sér leifar lyfja og annarra aðskotaefna umfram það sem leyft er við framleiðslu hér á landi og geta verið hættuleg heilsu manna. Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð á hvern hátt hagað skuli eftirliti með innflutningi afurðanna, sýnatöku og rannsóknum.
5. Við 20. gr.
   a. Í stað orðanna „3. og 4. gr. tilvitnaðra laga“ í 2. málsl. 1. efnismgr. komi: 3. og 4. mgr. tilvitnaðs ákvæðis.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein er verði 3. efnismgr., svohljóðandi:
      Við úthlutun tollkvóta hefur ráðherra hliðsjón af því hvort nægilegt framboð af viðkomandi vörum á hæfilegu verði er til staðar og hvort innflutningsmagn í tollkvótum IIIA og IIIB hafi náð þeim mörkum sem þar eru sett.
6. Við 25. gr. 2. málsl. efnismálsgreinarinnar falli brott.
7. Við viðauka I. Eftirfarandi breytingar verði á tollskrá:
   a. Við vörulið 0403 í 4. tölul. bætist nýtt tollskrárnúmer, 0403.9014 – – Með fituinnihaldi meira en 6% miðað við þyngd, og verði verðtollur A 30% og magntollur A1 136 kr. á kg.
   b. Eftirfarandi breytingar verði á 5. tölul.:
      1. Í tollskrárnúmeri 0601.2004 – – Grænar og blómstrandi pottaplöntur yfir 1 metri á hæð komi krónutalan 480 í dálk A1.
      2. Í tollskrárnúmeri 0602.1000 – Græðlingar og gróðurkvistir, án róta komi krónutalan 270 í dálk A1.
      3. Í tollskrárnúmeri 0602.2000 – Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt, sem bera æta ávexti eða hnetur komi krónutalan 200 í dálk A1.
      4. Í tollskrárnúmeri 0602.3000 – Alparósir og glóðarrósir, einnig ágræddar komi krónutalan 200 í dálk A1.
      5. Í tollskrárnúmeri 0602.4000 – Rósir, einnig ágræddar komi krónutalan 200 í dálk A1.
      6. Í tollskrárnúmeri 0602.9900 – – Annars komi krónutalan 200 í dálk A1.
      7. Í tollskrárnúmeri 0603.9000 – Annað komi krónutalan 95 í dálk A1.
      8. Í stað tollskrárnúmersins „0604.9109 – – – Jólatrésgreinar“ komi: 0604.9102 – – – Jólatrésgreinar.
      9. Í tollskrárnúmeri 0604.9109 – – – Annað komi krónutalan 50 í dálk A1.
   c. Við bætist nýr töluliður, 9. tölul., svohljóðandi: Tolltaxtar og tollskrárnúmer vöruliðs 1517 verði svohljóðandi:

1517	**Smjörlíki; blöndur eða framleiðsla til manneldis úr jurtafeiti eða -olíum eða þáttum úr mismunandi fitu eða olíum þessa kafla, þó ekki feiti eða olíur til manneldis eða þættir þeirra í nr. 1516:**		
	– Smjörlíki, þó ekki fljótandi smjörlíki:		
1517.1001	– – Sem inniheldur meira en 10% en ekki meira en 15% af mjólkurfitu miðað við þyngd	0	90

1517.1009	– – Annað	0	60
	– Annað:		
1517.9001	– – Sem inniheldur 10% eða minna af mjólkurfitu miðað við þyngd	0	60
1517.9002	– – Sem inniheldur meira en 10% en ekki meira en 15% af mjólkurfitu miðað við þyngd	0	90
1517.9003	– – Neysluhæfar blöndur úr fljótandi sojabaunaolíu og baðmullarfræsolíu	0	
1517.9004	– – Neysluhæfar blöndur úr öðrum fljótandi matjurtaolíum	0	
1517.9005	– – Neysluhæfar blöndur úr dýra- eða matjurtafeiti og olíum, lagaðar sem smurefni í mót	0	
1517.9009	– – Annars	0	

d. Eftirfarandi breytingar verði á 13. tölul.:
   1. Í stað krónutölunnar „99“ tollskrárnúmeri 1902.2021 – – – Sem að magni til er meira en 20% miðað við þyngd af pylsum, kjöti, hlutum af dýrum eða blóði eða blöndum af því komi: 145.
   2. Vörulýsing tollskrárnúmers 1902.2041 verði: – – – Sem að magni til er meira en 20% miðað við þyngd af kjöti og osti, og í stað krónutölunnar „99“ komi: 145.
   3. Í tollskrárnúmeri 1905.9011 – – – Með fyllingu sem er að meginhluta úr smjöri eða öðrum mjólkurafurðum (t.d. hvítlaukssmjöri) komi talan 20 í dálk A og talan 47 í dálk A1.

8. Við viðauka IIA.
   a. Í stað „SDR“ í yfirskrift dálka komi: SDR/kg.
   b. Við bætist ný neðanmálsgrein, svohljóðandi:
      Á vörur úr 6. kafla tollskrár er sérstakur tollur SDR/stk.
9. Við viðauka IIIA. Yfirskrift töflu verði: VIÐAUKI IIIA.

71. Nefndarálit [27. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Afstaða 1. minni hluta nefndarinnar til frumvarpsins kemur fram annars vegar í þessu nefndaráliti og hins vegar í þeim breytingartillögum sem undirritaður flytur við frumvarpið. Að öðru leyti mun 1. minni hluti gera grein fyrir afstöðu sinni við frekari umræðu málsins.

Þrátt fyrir nauman tíma til að skoða málið brugðust fjölmargir umsagnaraðilar fljótt og vel við tilmælum um að skila nefndinni álitsgerðum eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri munnlega. Að lokinni þeirri umfjöllun er ljóst að frumvarpið gengur að meginstefnu til þvert á yfirlýstan tilgang Úrúgvæ-lotu GATT-samningsins og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Þetta skýrist nánar þegar eftirtalin meginatriði eru skoðuð nánar:

1. Yfirlýstur tilgangur landbúnaðarkafla Úrúgvæ-lotu GATT-samningsins er að aflétta banni við viðskiptum með landbúnaðarafurðir, afnema viðskiptahindranir, lækka tolla og stuðla smám saman að samkeppni um verð og gæði í framleiðslu og viðskiptum með landbúnaðarvörur. Jafnframt er umsamið að tryggja megi framleiðendum landbúnaðarvara samkeppnisvernd á sex ára aðlögunartímabili. Nauðsyn samkeppni í þessum viðskiptum sem öðrum sést m.a. af því að ríkjandi verndarstefna hefur hvarvetna brugðist. Aðeins brot af landbúnaðarframleiðslu heimsins er í frjálsum viðskiptum á heimsmarkaði. Afleiðingin er m.a. sú að framleiðni í landbúnaði hefur dregist langt aftur úr þeim greinum þar sem aðhalds samkeppni í frjálsum viðskiptum gætir. Ísland hefur lengi verið í hópi þeirra þjóða sem lengst hafa gengið í verndarstefnu. Þrátt fyrir það hafa tekjur bænda lækkað langt umfram tekjur annarra stétta en verð til neytenda er eitthvert hið hæsta sem dæmi eru um á byggðu bóli. Framleiðni hefur einnig dregist langt aftur úr öðrum greinum. Framleiðni í mjólkurframleiðslu og vinnslu hefur farið lækkandi sl. 20 ár um 30–35% (hvort heldur mælt er á kvarða fjármuna eða vinnuafls); framleiðni í sláturiðnaði hefur staðið í stað í 20 ár og var þó lág fyrir. „Skipulögð fátækt“ eru þau einkunnarorð sem bændur sjálfir nota til að lýsa afleiðingum þessa ríkisrekna einokunarkerfis. GATT-samningurinn er því kærkomið tækifæri til þess að leysa bændur úr viðjum úrelts kerfis og bjóða neytendum betri kjör í framtíðinni.
2. Umfjöllun í efnahags- og viðskiptanefnd um þetta frumvarp leiðir í ljós að það sem fyrir höfundum frumvarpsins vakir gengur þvert á yfirlýstan tilgang GATT-samninganna. Þótt innflutningsbann sé formlega afnumið eru lagðir svo háir tollar á innflutning að hann er útilokaður í reynd nema í sérstökum undantekningartilvikum. Tilgangur frumvarpshöfunda er því sá að útiloka samkeppni og viðhalda þar með óbreyttu ástandi. Þessir ofurtollar (þ.e. tollar sem útiloka viðskipti) eiga ekkert að lækka á sex ára aðlögunartíma. Þetta eru meginárif frumvarpsins. Þetta ber þeim saman um sem við kerfið eiga að búa, sbr. umsagnir Hagkaups hf., Neytendasamtakanna, Íslenskrar verslunar, Sambands veitinga- og gistihúsa, Samtaka iðnaðarins o.fl. Árið 1992 reyndi Þjóðhagsstofnun að meta hvaða áhrif GATT-samningurinn mundi að líkindum hafa í framkvæmd á markaðshlutdeild innfluttra landbúnaðarvara á innlendum markaði. Samkvæmt vitnisburði forstjóra Þjóðhagsstofnunar fyrir efnahags- og viðskiptanefnd eru verndaráhrif þessa frumvarps verulega meiri (allt að 25%) en Þjóðhagsstofnun áætlaði árið 1992, enda ekki gert ráð fyrir neinni lækkun tollverndar á aðlögunartíma samkvæmt frumvarpinu.
3. Þessi meginárif frumvarpsins, að útiloka innflutning og þar með samkeppni, koma með skýrum hætti fram í eftirfarandi umsögn forstjóra Hagkaups, dags. 7. júní sl.:

   „Það er skoðun okkar að frumvarpið, verði það að lögum, muni ekki ná þeim yfirlýsta tilgangi að opna fyrir innflutning á landbúnaðarafurðum til Íslands umfram það sem verið hefur. Gildir þá einu hvort um er að ræða innflutning samkvæmt svonefndum lágmarksaðgangi eða innflutning með 30% tollum og krónutölujöfnun. Báðar aðferðirnar leiða til *mun hærra verðs á innfluttri vöru en innlendri* og er munurinn ekki 30% eins og í fyrstu mátti skilja heldur mun meiri og í raun *óviðráðanlegur í flestum tilfellum.*“

4. Samkvæmt GATT-samningunum er heimilt að umreikna afnám innflutningsbanns í tolla. Þetta eru svokallaðar tollbindingar, sem eru hámarkstollar, en jafnframt heimildarákvæði. Tollbindingar eru fundnar með því að finna út erlent viðmiðunarverð (á viðmiðunarárum 1986–1988) og innlent heildsöluverð. Verðmunurinn er jafnaður með tollbindingunni, þ.e. hinn heimilaði hámarkstollur.

   Höfundar þessa frumvarps fara þá leið að beita samsettum tollum: Annars vegar 30% verðtolli og hins vegar magntolli sem er föst krónutala á kíló. Með því að gefa sér óraunhæfar viðmiðanir í báða enda fá þeir út himinháa krónutölujöfnun, þ.e. hinn svokallaða magntoll. Annars vegar er hið svokallaða „heimsmarkaðsverð" miklum mun lægra en raunverulegt viðskiptaverð sem íslenskir innflytjendur eiga kost á, sbr. töflur sem Hagkaup lagði fram í nefndinni. Hins vegar eru auglýst innlend heildsöluverð einokunaraðila sem í mörgum tilvikum eru hærri en raunverulegt smásöluverð stórmarkaða. Útkoman er tollur sem er nægilega hár til að útiloka innflutning. En ekki alveg svo hár að hann rekist upp í tollbindingarnar, þ.e. hámarksheimildina. Tilgangurinn með því er að losna við þá skyldu að lækka tollverndina um 36% (að lágmarki 15%) á sex ára aðlögunartímabilinu. Þessi aðferð frumvarpshöfunda er það sem sérfræðingar hafa kallað á erlendu máli „dirty tarification". Þessari aðferð er skilmerkilega lýst í umsögn Íslenskrar verslunar en þar segir svo:

5. „Samkvæmt tollviðauka 1, sem lagður er fram með framannefndu frumvarpi, er hagur neytenda algerlega fyrir borð borinn og íslenskum landbúnaði tryggð einokun um ókomna tíð. Hinir háu verndartollar, eða ofurtollar, sem þar er að finna, gera með öllu ómögulegt að halda hér uppi virkri samkeppni milli innlendra og innfluttra landbúnaðarafurða.

   Ofurtollar þessir eru réttlættir með því að þeir séu mismunur á heimsmarkaðsverði annars vegar og heildsöluverði innanlandsframleiðslu hins vegar.

   ÍSLENSK VERSLUN *hafnar þessari skýringu alfarið*. Hvort tveggja er að hið svokallaða heimsmarkaðsverð er bæði óskýrt og óskilgreint hugtak. Það brýtur gegn þeirri meginreglu samningsins að miðað skuli við viðskiptaverð í tolli. Þá er auk þess tilgreint í viðauka 5 við landbúnaðarsamning GATT 1994 að miða skuli við meðaltal cif-einingarverðs í innflutningi við umreikning yfir í tollígildi. Notkun heimsmarkaðsverðs er klárlega í andstöðu við það. Þá hafna samtökin með öllu að til sé nothæft og marktækt heildsöluverð í landbúnaði. Slíkt verð getur aldrei myndast nema í frjálsri samkeppni á markaði sem opinn er jafnt fyrir innlendan sem innfluttan varning. Slíkt verð getur aldrei myndast í skjóli einokunar og tollmúra."

6. Þessi dæmi sýna að fyrir höfundum frumvarpsins vakir að leggja á tolla sem útiloka viðskipti og þar með samkeppni og viðhalda óbreyttu kerfi í reynd. Þar með er það tækifæri, sem GATT-samningurinn gaf til að stíga fyrstu skrefin frá einokun til samkeppni í þágu bænda jafnt sem neytenda, misnotað. Stefna frumvarpsins er því enn eitt dæmið um óbilgjarna hagsmunavörslu í þágu ríkjandi einokunarkerfis. Höfundar hafna þeirri leið að veita framleiðendum og vinnsluaðilum eðlilega tollvernd í upphafi sem gæti þó opnað fyrir takmarkaðan innflutning. Það hefði orðið hvati til lækkunar kostnaðar, endurskipulagningar og hagræðingar í framleiðslu og vinnslu, en án slíks aðhalds frá samkeppni er engrar hagræðingar eða framleiðniaukningar að vænta. Ekkert samráð var haft við samtök neytenda eða viðskiptaaðila við undirbúning málsins.

7. Samband veitinga- og gistihúsa segir í umsögn sinni að „með þessum tollum [sé] fyrir fram verið að verðleggja erlendar vörur út af markaðnum". Skoðanakannanir meðal erlendra ferðamanna sem sækja Ísland heim sýna að hið ofurháa matarverð er aðalumkvörtunarefnið og það sem helst dregur úr aðsókn ferðamanna til landsins. Nú er svo komið að ferðaskrifstofur hafa máltíðir ekki innifaldar í tilboðum sínum til erlendra umboðsaðila í því skyni að reyna að lækka kostnað ferðamanna. Þetta kom fram í vitnisburði fulltrúa Sambands veitinga- og gistihúsa fyrir nefndinni. Í skriflegri umsögn sambandsins segir á þessa leið: „Veitingahúsin áttu sér þá von að eðlilegur innflutningur landbúnaðarvara mundi leiða til fjölbreyttara úrvals vörutegunda á lægra verði svo og leiða til þess að eðlilegt verð myndaðist á íslenskum landbúnaðarafurðum. Með samþykkt þessa frumvarps er sú von orðin að engu."
8. Samkvæmt GATT-samningunum er Ísland skuldbundið til að heimila svokallaðan lágmarksmarkaðsaðgang (3–5% markaðshlutdeild viðkomandi vöru) á lágum tollum. Þetta er hugsað sem trygging fyrir lágmarkssamkeppnisáhrifum, strax í upphafi. Frumvarpshöfundar fara með tolla í þessu tilviki upp í hæsta leyfilegt hámark (32% af tollbindingu). Þessir „lágu" tollar eru á bilinu frá *60 upp í 254%*. Þetta þýðir að smásöluverðið verður í nær öllum tilvikum umfram núverandi smásöluverð, t.d. í stórmörkuðum. Kjúklingar hafa verið nefndir sem hugsanleg undantekning en skýringin á því er sú að verðlagning þeirra innan lands er óeðlilega há fyrir. Til samanburðar er vert að hafa í huga að hæstu rauntollar í gildandi tollskrá eru um 30%, en að meðaltali eru þeir 3,7%. Að kalla tolla á bilinu 60–254% „lága" tolla flokkast því undir „gálgahúmor". Umræddur lágmarksaðgangur stendur því ekki undir nafni og er fremur sýnd veiði en gefin. Þessir tollar lækka heldur ekki á aðlögunartímanum. Þá ber að hafa í huga að um er að ræða fjarlægðarvernd gagnvart innflutningi til Íslands. Hana má meta frá ca. 10% upp í yfir 30% (t.d. blóm og grænmeti).
9. Samkvæmt 19. gr. frumvarpsins skal landbúnaðarráðherra úthluta tollkvótum til innflytjenda. Berist umsóknir um meiri innflutning en sem nemur tollkvóta vörunnar skal hlutkesti ráða úthlutun. Þetta getur orðið umtalsverður „lottóvinningur" fyrir heildsala. Verði einhver hvati í undantekningartilvikum til innflutnings munu innflytjendur bjóða vöruna sem næst markaðsverði. Það þýðir að neytendur munu ekki heldur njóta góðs af verðlækkunum. Fremur en láta hlutkesti ráða í slíku tilviki er eðlilegra að „rentan" af þessum viðskiptum gangi í ríkissjóð og þess vegna er lagt til að kvótarnir verði seldir á uppboði.
10. Því er haldið fram að þær aðferðir, sem höfundar frumvarpsins nota til að spenna tolla upp úr öllu valdi og komast hjá því að lækka þá á aðlögunartímanum, viðgangist líka hjá öðrum aðildarríkjum WTO. Sú fullyrðing stenst ekki. Þannig beitir ESB 20% verðtolli og magntolli, en með fjölmörgum undanþágum í mikilvægum flokkum sem vega þungt í neyslu almennings. T.d. fella þeir niður magntoll á nautakjöt; svínakjöt ber lágan magntoll og verðtollur er lækkaður niður í 3%. Kjúklingar eru að meginhluta til á núll-tolli; sömu sögu er að segja um þær ostategundir sem vega þyngst í neyslunni. Að því er varðar lágmarksmarkaðsaðgang miða þeir við 32% af *rauntollum* sem eru mjög lágir í samanburði við grunntaxta hámarkstollanna samkvæmt þessu frumvarpi. Verðtollurinn er síðan lækkaður á aðlögunartímanum úr 20% í 12,8%. Meira að segja Norðmenn, sem lengi hafa verið Íslendingum fyrirmynd um verndarstefnu, bjóða þær tollalækkanir sem áttu að koma til framkvæmda í lok aðlögunartímans strax í upphafi.

11. Þeim ósið er viðhaldið í þessu frumvarpi að ætla löggjafarvaldinu að framselja í hendur landbúnaðarráðherra ótæpilegar heimildir til úthlutunar á fémæti (innflutningsleyfi), ákvörðunar á gjöldum (eftirlitsgjald), ráðstöfunar fjármuna úr sjóðum o.s.frv. Allt flokkast þetta undir lagalegan óþrifnað en hefur lengi verið einkennandi fyrir íslenska landbúnaðarlöggjöf. Þetta viðgengst þrátt fyrir að fallið hafi hæstaréttardómar sem flokka slíkt undir stjórnarskrárbrot og lærðir lögfræðingar hafi gefið út heil rit með rækilega rökstuddri ádrepu á slíkt lagafúsk. Sömu sögu er að segja um þetta frumvarp þegar kemur að verkaskiptingu ráðuneyta. Tollskrá heyrir undir fjármálaráðherra. Í raun réttri ætti landbúnaðarráðherra ekkert að hafa með framkvæmd tolla að gera frekar en aðrir fagráðherrar (t.d. iðnaðarráðherra um tolla á iðnaðarvörum). Úthlutun kvóta er ævinlega af hinu illa eins og öll skömmtunarkerfi. Lengi getur þó vont versnað þegar landbúnaðarráðherra er ætlað að úthluta slíku fémæti, sem að réttu lagi heyrir undir viðskiptaráðuneytið. Í 21. gr. frumvarpsins, b-lið, er fellt niður ákvæði er mælti fyrir um nefnd þriggja manna landbúnaðarráðherra til ráðuneytis við álagningu verðjöfnunargjalda (nú tolla). Fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra áttu að tilnefna fulltrúa í nefndina. Hugmyndin var sú að þessum ráðuneytum væri betur treystandi til að gæta hagsmuna neytenda og viðskiptaaðila gagnvart einokunarkerfi landbúnaðarins, enda mætti skjóta ágreiningi ef upp kæmi til ríkisstjórnar. Hér er gerð tillaga um að þessi nefnd verði endurreist í von um að neytendur og viðskiptaaðilar eigi fremur eitthvert hald í embættisfærslu þessara ráðuneyta þegar landbúnaðarkerfið fer offari í hagsmunavörslu sinni.
12. Helstu breytingartillögur 1. minni hluta eru eftirfarandi:
    a. Við 2. gr. er sú breytingartillaga gerð að hámarkstollur (þegar tollbinding miðast bæði við verð og magn) miðist við þá bindingu sem *lægri álagningu leyfir.* Þetta þýðir í reynd að tollverndin mun lækka um 15% að meðaltali á sex ára aðlögunartíma eins og til var ætlast í GATT-samningunum.
    b. Að því er varðar *lágmarksmarkaðsaðgang* (tollkvóta í viðauka IIIA) skal tollurinn vera 32% *af þeim tolli sem lagður er á viðkomandi vörulið samkvæmt viðauka I, samkvæmt fyrri breytingartillögum.* Lágmarksmarkaðsaðgangurinn ber því toll sem er ákveðið hlutfall af *rauntolli* en ekki tollbindingu. Þetta er í samræmi við framkvæmdina um alla Evrópu (fyrir utan Noreg) þar sem viðmiðunin er rauntollur en ekki tollbinding. Þetta þýðir meiri líkur á að menn sjái sér hag í innflutningi samkvæmt lágmarksmarkaðsaðgangi. Því miður eru litlar líkur á að það komi neytendum til góða, en „rentan" mun þó skila sér í almannasjóð fremur en enda sem „lottóvinningur" hjá heildsölum (sbr. breytingartillögu við 19. gr.).
    c. Í 26. gr. er reynt að halda til haga því grundvallaratriði GATT-samningsins að ekki sé unnt að banna innflutning til landsins með vísan til t.d. heilbrigðislaga, nema *vísindalegar sannanir* séu lagðar á borðið um raunverulega smithættu. Tilgangurinn er með öðrum orðum að koma í veg fyrir að reynt sé að misnota heilbrigðislög sem viðskiptahindrun.
    d. *Magntollar í viðauka I eru lækkaðir um 23% og verðtollar úr 30 í 20% á sömu vörur í sömu köflum í viðauka I.* Eins og sýnt hefur verið fram á er útreikningur magntolla samkvæmt frumvarpinu ekki byggður á réttum forsendum, hvorki að því er varðar virkt innflutningsverð né innanlandsverð. Þrátt fyrir þessa breytingu verða innfluttar afurðir almennt séð dýrari en innlendar, auk þess sem við bætast áhrif fjarlægðar verndar á bilinu 10–30%. Um samkeppni gæti þó orðið að ræða á aðlögunartímanum á grundvelli gæða.

13. Það skal tekið fram að undirritaður styður fjölmargar breytingartillögur sem fram eru bornar af 2. minni hluta, svo sem um takmarkanir á heimildum landbúnaðarráðherra (20. gr., 21. gr., 23. gr.); um þriggja manna nefnd er geri tillögur til landbúnaðarráðherra m.a. um beitingu viðbótartolla skv. 74. gr. og um heimild til innflutnings skv. 10. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim (24. gr.); sem og ákvæði til bráðabirgða III um skipun nefndar sem í eigi sæti fulltrúar allra þingflokka og hagsmunaaðila til að fylgjast með framkvæmd laganna og vinna að heildarendurskipulagningu á núverandi landbúnaðarstefnu og landbúnaðarkerfi, enda hafa jafnaðarmenn staðfastlega beitt sér fyrir þeim löngu tímabæru umbótum áratugum saman.

Alþingi, 12. júní 1995.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Nefndarálitinu fylgdu eftirfarandi fylgiskjöl og vísast um þau til þingskjalsins (lausaskjalsins):

I. Fréttatilkynning frá Neytendasamtökunum: „GATT-frumvarpið þjónar ekki hagsmunum neytenda“ (1. júní 1995).
II. Umsögn Hagkaups (7. júní 1995).
III. Umsögn Íslenskrar verslunar (6. júní 1995).
IV. Umsögn Sambands veitinga- og gistihúsa (7. júní 1995).
V. Umsögn Samtaka iðnaðarins (7. júní 1995).
VI. Umsögn Bandalags háskólamanna (7. júní 1995).
VII. Greinargerð Björns G. Ólafssonar, Byggðastofnun: „Útreikningar á tollígildum“ (9. júní 1995).
VIII. Upplýsingablað Alþýðuflokksins: „Bættur hagur neytenda. — Matarkarfan — þú setur atkvæði þitt í hana.
IX. Grein Jóns Baldvins Hannibalssonar: „Breytt landbúnaðarstefna. Hugmyndir um afnám kvótakerfisins“ (Tíminn, 6. og 7. apríl 1995).
X. Umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (7. júní 1995).
XI. Punktar um GATT-samning frá ASÍ (7. júní 1995).

72. Breytingartillögur [27. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (JBH).

1. Við 2. gr. Í stað „hærri“ í 2. málsl. 3. efnismgr. komi: lægri.

2. Við 3. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni.
   a. Lokamálsliður 1. efnismgr. orðist svo: Tollur á þær vörur, sem fluttar eru inn samkvæmt tollkvótum í viðauka IIIA, skal vera 32% af þeim tolli sem lagður er á viðkomandi vörulið samkvæmt viðauka I.
   b. Í stað „grunntaxta viðkomandi vöruliðar eins og hann er tilgreindur í viðauka IIA með lögum þessum“ í lok síðari málsliðar 3. efnismgr komi: þeim tolli sem lagður er á viðkomandi vörulið samkvæmt viðauka I.
3. Við 19. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað „Landbúnaðarráðherra“ í upphafi 1. málsl. 1. efnismgr. komi: Viðskiptaráðherra.
   b. Í stað 4. málsl. 3. efnismgr. komi tveir málsliðir er orðist svo: Berist umsóknir um meiri innflutning en sem nemur tollkvóta vörunnar skal viðskiptaráðherra selja heimildir til tollkvóta á opinberu uppboði. Andvirðið renni í ríkissjóð.
   c. Í stað „Landbúnaðarráðherra“ í upphafi 5. efnismgr. komi: Viðskiptaráðherra.
4. Við 20. gr. Í stað „Landbúnaðarráðherra“ í upphafi 1. og 3. efnismgr. komi: Viðskiptaráðherra.
5. Við 24. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. 2. efnismgr. orðist svo:
      Nefndin skal vera ráðherra til ráðuneytis um neðangreind atriði:
      a. Viðskiptaráðherra við úthlutun tollkvóta skv. 53. gr. og 53. gr. A.
      b. Ákvörðun verðjöfnunargjalda við inn- og útflutning skv. 72. og 73. gr.
      c. Viðskiptaráðherra varðandi beitingu viðbótartolla skv. 74. gr.
      d. Heimild til innflutnings skv. 10. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.
   b. Í stað „landbúnaðarráðherra“ í 3. efnismgr. komi: ráðherra.
   c. Við bætist ný málsgrein er orðist svo:
      Náist ekki samkomulag í nefndinni skal ráðherra bera málið undir ríkisstjórn áður en ákvörðun verður tekin.
6. Við 26. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Við 1. málsl. 1. efnismgr. bætist: hafi ekki verið sannað að ekki berist með þeim smitefni er valda dýrasjúkdómum.
   b. 1. málsl. 2. efnismgr. orðist svo: Innflutningur á þeim vörum sem taldar eru upp í a–c-liðum er heimill að fengnum meðmælum yfirdýralæknis.
7. Við viðauka I. Magntollar í dálki A1 á vöru í köflum 2, 4 og 16 lækki um 23% og verðtollar lækki úr 30% í 20% á vöru í sömu köflum.

73. Nefndarálit [27. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

GATT-samningurinn er einn merkasti áfangi í samstarfi þjóða sem náðst hefur í sögunni. Hann stuðlar að frjálsari viðskiptaháttum og aukinni samkeppni. Sú stefna leiðir til aukinnar velmegunar víða um heim.

GATT heimilar innflutning erlendra landbúnaðarvara t.d. þannig að erlendar vörur verða í fyrstu einungis með 3–5% markaðshlutdeild. Hinn hluti markaðarins verður aðallega nýttur af innlendum framleiðendum og verður verndaður með tollum sem lækka smátt og smátt. Því er mjög mikilvægt að Íslendingar standi við fyrirheit um að starfa í anda framangreindrar stefnu. Í fyrirliggjandi frumvarpi vantar mikið á að kostir GATT-samningsins séu nýttir.

Meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar kýs að gera frumvarpið þannig úr garði að sáralítill innflutningur verði á landbúnaðarvörum. Tollar eru of háir í frumvarpinu. Vitaskuld verður að ríkja vernd fyrir íslenskan landbúnað í ljósi breyttra aðstæðna á aðlögunartímanum en ofverndun gerir landbúnaðinum engan greiða nema síður sé.

Við afgreiðslu frumvarpsins er mikilvægt að hafinn verði ferill endurbóta í landbúnaðarstefnunni sem miðar að því að tekjur bænda hækki og matarverði lækki.

Frumvarpið og tillögur meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar lúta að því að festa í sessi núverandi landbúnaðarstefnu sem er dýr og bæði neytendum og bændum óhagkvæm. Breytingartillögur meiri hlutans eru smávægilegar og ekki er gerð nein breyting á tollum. Við ákvörðun tolla í frumvarpinu er mikilvægt að þeir verði ekki svo háir að nær óbreytt ástand verði fyrir og eftir samþykkt frumvarpsins.

Eitt af vandkvæðum GATT-samningsins er að við útreikning tolla er miðað við heimsmarkaðsverð sem í fjölmörgum tilvikum er mjög erfitt að bera saman við raunverulegt verslunarverð vöru. Í frumvarpinu eru lagðir til grundvallar alþjóðlegir verðlistar sem eru notaðir í alþjóðlegum samningum en það verð er oft langt undir því verði sem vara er keypt og seld á í almennum viðskiptum fyrirtækja milli landa og innan landa.

Á fundum nefndarinnar kom m.a. fram það sjónarmið Neytendasamtakanna og forsvarsmanna Bónuss og Hagkaups að tollar í frumvarpinu væru það háir að nær enginn innflutningur mundi eiga sér stað. Vísuðu þessir aðilar til dæma um raunverulegt innkaupsverð á matvælum erlendis.

Sem dæmi um þetta verð er hér tilgreint fyrir nokkrar afurðir raunverulegt innkaupsverð Hagkaups erlendis svo og heimsmarkaðsverð sem útreikningar frumvarpsins byggja á. Þriðji dálkurinn sýnir heildsöluverð á innlendri framleiðslu til samanburðar. Miðað er við krónur á hvert kíló.

	Fob-verð Hagkaups á erlendri framleiðslu	Heimsmarkaðs verð miðað við frumvarpið	Verð á innanlands-framleiðslu
Svínakjöt í skrokkum	162	86	364
Svínakótelettur og hryggir	463	195	825
Svínalundir	637	328	1.389
Skinka, meira en 60% kjöt	463	243	1.029
Kjúklingar, heilir	88	81	505
Kalkúnar, heilir	183	119	740
Smjör	200	68	968
Egg	79	70	291

Til skýringar má benda á að efst í fyrsta dálki í töflunni er raunverulegt innkaupsverð og markaðsverð á svínakjöti í hálfum og heilum skrokkum eða 162 kr. hvert kg en yfirvöld hér gera ráð fyrir að hægt sé að fá vöruna á 86 kr. hvert kg sem er mjög vafasamt nema um mjög óvandaða vöru sé að ræða. Hér sést skýrt að verðhugmyndir í frum-

varpinu eru fjarri öllum veruleika. Í síðasta dálkinum sést hvað heildsöluverð á innlendu svínakjöti er hérlendis eða 364 kr. hvert kg.

Þessi tafla með einungis fáum dæmum sýnir ljóst hve mikill verðmunur er á landbúnaðarvörum hérlendis og erlendis. Það verður að hafa skýrt í huga að íslensk landbúnaðarframleiðsla er mjög góð og vitaskuld verður innflutningur að taka mið af gæðakröfum íslenskra neytenda.

Meginatriði breytingartillagna 2. minni hluta lúta að átta atriðum.

1. Lagt er til að tollur á lágmarksinnflutningi lækki um helming frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þrátt fyrir þessa verulegu breytingu munu ýmsar erlendar vörur verða nokkuð dýrari en innlend framleiðsla en lágmarksinnflutningur á ekki að nema meira en 3–5% af heildarneyslu. Tollar í frumvarpinu eru á fjölmörgum afurðum nálægt 200% og í flestum tilvikum vel yfir 100%.
2. Kveðið verði á um að tollar á viðbótarinnflutningi lækki í þrepum um 15 prósentustig á fimm árum. Þetta er í samræmi við GATT-samninginn en þar er kveðið á um lækkun tollabindinga en lækkun þeirra þarf ekki að þýða lækkun hinna raunverulegu tolla. Þess vegna er lagt til að ótvírætt verði kveðið á um slíka lækkun tolla.
3. Lagt er til heimildir til álagningar tolla við viðbótarinnflutning verði þrengdar en í frumvarpinu er gert ráð fyrir allt að 75% hlutdeild. Þessi hæsta hlutdeild yrði þar með lækkuð í 50%.
4. Lagt er til að dregið verði úr heimildum landbúnaðarráðherra sem eru mjög rúmar í frumvarpinu þannig að við mikilvægar ákvarðanir yrði hann að byggja á tillögum nefndar þriggja ráðuneyta, landbúnaðarráðuneytis, fjármálaráðuneytis og viðskiptaráðuneytis. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir þessari nefnd en þar er henni einungis ætlað samráðshlutverk. Með breytingartillögunum er nefndinni hins vegar veitt aukið vægi og skal hún gera tillögur við úthlutun kvóta, ákvörðun verðjöfnunargjalda, beitingu viðbótartolla og við ákvörðun um að heimila viðbótarinnflutning. Jafnframt er gerð tillaga um að nefndin skuli hafa samráð við Bændasamtök Íslands, Neytendasamtökin og aðra hagsmunaaðila við mótun tillagna sinna.
5. Lagt er til heimildir á kvótum til innflutnings verði seldar á opinberu uppboði en ekki úthlutað með hlutkesti eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Aðferð hlutkestis er í reynd óframkvæmanleg en búast má við að allir aðilar sem hafa heildsöluleyfi sæki um kvóta til að taka þátt í happdrættinu. Síðan munu þessi leyfi ganga kaupum og sölum með einum eða öðrum hætti og þá eru viðskiptahættir fortíðarinnar endurvaktir. Þar sem innflutningur er takmarkaður er mun eðlilegra að þessi verðmæti sem ríkisvaldið úthlutar séu seld fyrir opnum tjöldum og tekjurnar renni í ríkissjóð.
6. Lagt er til að kveðið verði á um skyldu landbúnaðarráðherra til að úthluta kvóta til að tryggja að jafnan sé á markaði nægilegt framboð af vörum á hæfilegu verði og stuðla að lágmarksinnflutningi samkvæmt samningum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Hér er ótvírætt kveðið á um það markmið að af lágmarksinnflutningi verði en það er ekki haft til hliðsjónar eins og lagt er til í tillögum meiri hlutans sem er vitaskuld marklaust ákvæði.
7. Lagt er til að kveðið verði á um að yfirdýralækni, sem hefur mjög mikið vald samkvæmt frumvarpinu, sé gert skylt að hafa samráð við aðrar sérfræðistofnanir, þ.e. Rannsóknastofnun landbúnaðarins og rannsóknastofnanir Háskóla Íslands, á viðkomandi fagsviði. Benda má á eina af tillögum meiri hlutans sem var lögð fram á síðustu stundu þar sem landbúnaðarráðherra er í reynd veitt heimild til að banna all-

an innflutning á dýrum og plöntum. Í stað þess að láta matvælalög ná yfir slík mál er það vilji ríkisstjórnarinnar að hafa heimildir til að beita tæknilegum viðskiptahindrunum en það er bannað samkvæmt GATT-samningnum.

8. Lagt er til að kveðið verði á um að nefnd verði skipuð sem fylgist með framkvæmd frumvarpsins og endurskoði búvörusamninginn. Nefndin yrði skipuð fulltrúum allra þingflokka og helstu hagsmunaaðila. Nefndinni yrði jafnframt falið að gera tillögur fyrir 1. janúar 1996 um að breyta greiðslum ríkisins til bænda þannig að þær yrðu óháðar framleiðslumagni, að unnið yrði með markvissum hætti að búháttarbreytingum, að afnuminn yrði framleiðslukvóti í sauðfjárrækt, að skattaleg skilyrði íslensks landbúnaðar yrðu sambærileg við þau í grannlöndunum, að markaðsstarfsemi fyrir útflutning landbúnaðarafurða yrði samræmd og að bændur ættu kost á viðunandi starfslokasamningum. Öll þessi atriði á verksviði nefndarinnar eru mjög mikilvæg í þeirri nýju landbúnaðarstefnu sem boðuð er í breytingartillögunum.

Með breytingartillögum 2. minni hluta er frumvarpið gert að markvissri löggjöf í anda GATT-samningsins. Tryggður er lágmarksinnflutningur á eðlilegum tollum en ekki er gerð tillaga um að breyta tollum frumvarpsins á viðbótarinnflutningi þótt þeir séu mjög háir. Þannig er tryggð veruleg vernd fyrir bændur en neytendum er jafnframt gert kleift að njóta takmarkaðs magns af erlendum vörum í eðlilegri samkeppni við innlenda framleiðslu.

Alþingi, 10. júní 1995.

Ágúst Einarsson.

74. Breytingartillögur [27. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (ÁE).

1. Við 2. gr. Við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Tollur sem er tilgreindur í tollskrá í viðauka I með lögum þessum á vörur úr 2., 4., 6., 7. og 16. kafla tollskrár skal lækka árlega á næstu fimm árum þannig að verðtollur lækki um 3 prósentustig á ári og magntollur um 3% af upphaflegum magntolli á ári í fyrsta sinn 1. janúar 1996.
2. Við 3. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað „32%“ í lokamálslið 1. og 3. efnismgr. komi: 16%.
   b. Í stað „75“ í síðari málslið 3. efnismgr. komi: 0 eða 50.
   c. Í stað „0, 25, 50 eða 75“ í 4. efnismgr. komi: 0, 25 eða 50.
3. Við 19. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Á eftir upphafsorðunum „Landbúnaðarráðherra úthlutar“ í 1. efnismgr. komi: að fengnum tillögum nefndar skv. 75. gr.
   b. 4. málsl. 3. efnismgr. orðist svo: Berist umsóknir um meiri innflutning en sem nemur tollkvóta vörunnar skal landbúnaðarráðherra selja heimildir um tollkvóta á opinberu uppboði.

4. Við 20. gr. 1. málsl. 1. efnismgr. orðist svo: Til að tryggja að jafnan sé á markaði nægilegt framboð af vörum á hæfilegu verði og til að stuðla að lágmarksinnflutningi samkvæmt samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina er landbúnaðarráðherra skylt, að fengnum tillögum nefndar skv. 75. gr., að úthluta tollkvótum fyrir landbúnaðarvörur samkvæmt viðaukum IVA og B við tollalög, nr. 55/1987, á þeim tollum sem tilgreindir eru í 6. gr. A í tollalögum.
5. Við 21. gr. Á eftir upphafsorðunum „Landbúnaðarráðherra er heimilt“ í a-lið komi: að fengnum tillögum nefndar skv. 75. gr.
6. Við 23. gr. Á eftir upphafsorðunum „Landbúnaðarráðherra getur ákveðið“ í efnismálsgrein komi: að fengnum tillögum nefndar skv. 75. gr.
7. Við 24. gr. *Eftirfarandi breytingar verði á greininni:*
   a. 1. málsl. 1. efnismgr. orðist svo: Á gildistíma samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina starfar þriggja manna nefnd sem landbúnaðarráðherra skipar.
   b. Í stað orðanna „vera landbúnaðarráðherra til ráðuneytis“ í 2. efnismgr. komi: gera tillögur til landbúnaðarráðherra.
   c. Við 2. efnismgr. bætist nýr stafliður, d-liður, er orðist svo: Heimild til innflutnings skv. 10. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.
   d. Við 3. efnismgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Áður en nefndin gerir tillögur samkvæmt framansögðu skal leita umsagna Bændasamtaka Íslands, Neytendasamtakanna og annarra hlutaðeigandi hagsmunaaðila.
8. Við 26. gr. 1. málsl. 3. efnismgr. orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er landbúnaðarráðherra heimilt, að fengnum tillögum nefndar skv. 75. gr., að leyfa innflutning á þeim vörum sem taldar eru upp í a–c-liðum, þó aðeins samkvæmt meðmælum yfirdýralæknis og að höfðu samráði við Rannsóknastofnun landbúnaðarins og rannsóknastofnanir Háskóla Íslands á viðkomandi fagsviðum, enda þyki vísindalega sannað að ekki berist smitefni með þeim er valda dýrasjúkdómum.
9. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

   Landbúnaðarráðherra skal skipa nefnd sem í eiga sæti meðal annars fulltrúar allra þingflokka og helstu hagsmunaðila sem fylgjast með framkvæmd þessara laga.

   Nefndin skal vinna að tillögum sem stuðla að því að greiðslur ríkisins til bænda verði óháðar framleiðslumagni, að unnið verði með markvissum hætti að búháttarbreytingum, að afnuminn verði framleiðslukvóti í sauðfjárrækt, að skattaleg skilyrði íslensks landbúnaðar verði sambærileg þeim í grannlöndunum, að markaðsstarfsemi fyrir útflutning landbúnaðarafurða verði samræmd og efld og að bændur eigi kost á viðunandi starfslokasamningum.

   Nefndin skal jafnframt endurskoða núgildandi búvörusamning.

   Tillögur þær sem um getur í 2. mgr. skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. janúar 1996.

75. Svar [18. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar og Margrétar Frímannsdóttur um eftirlit með innflutningi matvæla.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig ætla stjórnvöld að bæta eftirlit með innfluttum matvælum, m.a. innfluttum dýraafurðum til manneldis, með tilliti til mengunar af völdum lyfja, hormóna svo og sýkla í fóðri?

Af hálfu stjórnvalda er unnið að því að sérhæft innflutningseftirlit með matvælum verði sem mest á hendi eins aðila. Í frumvarpi til laga um matvæli, sem nú liggur fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir þessu, m.a. með samstarfsráði sem vinna skal að samræmingu á sviði matvælaeftirlits og gert er ráð fyrir því að með sérstöku samkomulagi geti hlutaðeigandi ráðherrar ákveðið að einn og sami aðili annist leyfisveitingar og eftirlit vegna tiltekinnar starfsemi. Í þessu felst mikil hagræðing fyrir opinbera eftirlitsaðila um leið og dregið er úr hættu á skörun á verksviði þeirra. Slík framkvæmd er einnig betri gagnvart innflytjendum og fyrir tollyfirvöld.

Ljóst er að aðstöðu til að sinna innflutningseftirliti hér á landi verður að styrkja. Sérstaklega á þetta við ef til koma ný verkefni vegna innflutnings búfjárafurða. Benda má á að innflytjendur eiga að koma upp innra eftirliti á grundvelli krafna í reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla. Þetta er mikilvægt, sérstaklega þegar viðkvæm matvæli eiga í hlut. Þessar kröfur eru styrktar mjög ef frumvarp það, sem nú liggur fyrir Alþingi, verður að lögum.

Reynt verður að samræma eftir megni starfsemi rannsóknastofnana og bæta eftir þörfum tækjabúnað til efnarannsókna, t.d. á tilteknum varnarefnum í grænmeti, ávöxtum og sláturafurðum, lyfjaleifum og vaxtaraukandi efnum. Það sama gildir um aukefni. Aðstaða til örverurannsókna er hins vegar þokkaleg og er t.d. hægt að bæta við verkefnum á því sviði hjá Hollustuvernd ríkisins án mikils stofnkostnaðar eða verulegrar fjölgunar starfsfólks.

Verið er að kanna hugsanlegan aukakostnað vegna aukins innflutnings matvæla og með hvaða hætti skuli standa undir kostnaði vegna eftirlits. Aukinn innflutningur hefur eðlilega aukinn kostnað í för með sér. Ljóst er að þessi kostnaður mun að stærstum hluta verða borinn af innflytjendum.

Lögð verður áhersla á að innfluttum matvælum fylgi ávallt vottorð um efnainnihald, örverufræðilega þætti og eftir því sem við á framleiðsluaðferðir. Tryggt verður eftir megni að eftirlitsaðili geti sannreynt vottorð í vissum tilvikum en meginreglan verður þó að vottorð verði tekin trúanleg. Það hefur komið í ljós í innflutningseftirliti Hollustuverndar ríkisins að þörf er á að sannreyna vottorð sem fylgja matvælum, og má ætla að þörf fyrir rannsóknir vegna þessa aukist með breyttum áherslum í innflutningi. Skoðað verður hvort framleiðsluskilyrði, hollustuhættir og þess háttar á framleiðslustað sé sambærilegt við þau ákvæði/kröfur sem eru í íslenskum lögum og reglugerðum.

Til að efla innflutningseftirlit og auka öryggi þess er gert ráð fyrir að auka þurfi áherslu í alþjóðlegu samstarfi. Hér má nefna þátttöku í fundum innan Codex (Alþjóðlega staðlaskrárráðið fyrir matvæli) og samstarfi við inn- og útflutningseftirlit. Meðal þess sem Codex vinnur að er stefnumótun og tillögur um notkun vottorða í milliríkjaviðskiptum með matvæli.

Umfang eftirlits verður að sjálfsögðu háð því hvaða vörur verða fluttar til landsins. Komið hefur fram að áhugi er á innflutningi á kjötvörum, mjólkurafurðum, eggjum, kartöflum og öðrum landbúnaðarafurðum. Einnig má gera ráð fyrir að áhugi verði á innflutningi kjúklinga og kalkúnakjöts. Örverufræðilegt eftirlit getur orðið verulegt við innflutning á kjúklinga- og kalkúnaafurðum vegna ýmissa gerla, einkum salmonella og kostnaður af því töluverður. Þá kemur eftirlit með aðskotaefnum til viðbótar við örverufræðilegt eftirlit og kostnaður mun aukast umtalsvert vegna rannsókna. Ætla má að lítill tilgangur sé í framkvæmd rannsókna á vaxtaraukandi efnum í unnum kjötvörum og mjókurvörum. Þar verður að treysta á eftirlit með hrávörum eins og heilum kjötskrokkum, hreinum óunnum kjötstykkjum og innyflum sem best er að framkvæma á framleiðslustað. Það verður því best gert með að framfylgja kröfum um upprunavottorð.

Landbúnaðarráðuneytið og yfirdýralæknir fara með yfirstjórn mála er varða innflutning og útflutning búfjárafurða, sbr. 3. gr. laga nr. 77/1981, um dýralækna. Gert er ráð fyrir óbreyttri skipan í frumvarpi til matvælalaga. Samkvæmt frumvarpi til breytinga á búvörulögum er landbúnaðarráðherra heimilað að banna innflutning á afurðum dýra og plantna sem gefin hafa verið vaxtaraukandi efni á framleiðsluskeiðinu eða kunna að fela í sér leifar lyfja og annarra aðskotaefna umfram það sem leyft er við framleiðslu hér á landi. Hliðstætt ákvæði er enn fremur lagt til í frumvarpi til laga um matvæli. Umhverfisráðuneytið og landbúnaðarráðuneytið munu því þurfa að samræma framkvæmd mála er varða innflutningseftirlit með búfjárafurðum til þess að tryggja hagkvæmt og virkt eftirlit. Framkvæmdin verður væntanlega á þann veg að yfirdýralæknir mun fara með fyrir hönd landbúnaðrráðuneytisins leyfisveitingar og kröfur um vottorð og önnur gögn áður en kemur til innflutnings búfjárafurða og gerir tillögur um sýnatöku og rannsóknir. Framkvæmd innflutningseftirlits eftir að varan er komin til landsins til dreifingar verður hins vegar í höndum Hollustuverndar ríkisins. Hér er átt við skoðun vörunnar, sýnatökur, greiningar og aðra nauðsynlega framkvæmd. Lögð verður sérstök áhersla á að óhagræði eða ómarkviss framkvæmd skapist ekki vegna skiptingar verkefna milli tveggja aðila. Vert er að hafa í huga að kröfur um leyfisveitingar, vottorð og önnur slík gögn vegna innflutnings á matvælum, svo sem unnum búfjárafurðum sem seldar eru í neytendaumbúðum, verða að samræmast ákvæðum EES- og GATT-samnings og íslenskri löggjöf sem sett er á þeim grundvelli.

Í tillögum Hollustuverndar ríkisins og yfirdýralæknis vegna fjárlaga 1996 er gert ráð fyrir auknu fjármagni til að byggja upp aðstöðu vegna innflutningseftirlits með matvælum og aukinnar starfsemi á vegum þessara stofnana.

Örverurannsóknir eru í vissum tilvikum mikilvægari en rannsóknir á vaxtaraukandi efnum eða lyfjaleifum í innfluttum viðkvæmum matvælum, ekki síst ef innflutningur búfjárafurða verður takmarkaður við unnar vörur. Eftirlit með vaxtaraukandi efnum í dýraafurðum er erfitt verkefni þar sem sum þeirra (hormónar) eru náttúruleg, bæði í mjólk og kjöti. Mikilvægt er þó að fylgjast með efnainnihaldi, bæði með kröfum um vottorð og sýnatöku og rannsóknum og mun verða lögð áhersla á það. Einnig verður að tryggja að innfluttar vörur séu rétt merktar og uppfylli íslenska matvælalöggjöf að öðru leyti. Eftirlit með innflutningi er því margþætt og verður ekki framkvæmt á viðunandi hátt

nema aðstaða til þess verði bætt verulega og mun ráðuneytið leita leiða til að bæta þann þátt eftir því sem mögulegt er og ástæða þykir til.

76. Frumvarp til laga [28. mál]

um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 12. júní.)

1. gr.

2. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 87/1994, orðast svo:

Falli veiðileyfi skips skv. 1. mgr. þessarar greinar niður má veita nýju eða nýkeyptu sambærilegu skipi veiðileyfi í þess stað enda hafi rétti til endurnýjunar ekki verið afsalað. Sé um að ræða endurnýjun báts, sem veiðar stundar með línu og handfærum með dagatakmörkunum skv. 1.–10. mgr. 6. gr., skal afkastageta hins nýja eða nýkeypta báts þó vera a.m.k. 50% minni en þess báts er veiðileyfi lætur. Ávallt skal nýr eða nýkeyptur bátur vera minni en 6 brúttótonn. Heimilt er að flytja veiðileyfi fleiri en eins skips til skips er veiðileyfi hlýtur. Þá er heimilt að veita fleiri en einu skipi veiðileyfi í stað skips er veiðileyfi lætur. Óheimilt er að gera breytingar á skipum sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni þannig að afkastageta þeirra aukist nema annað skip eða önnur skip láti veiðileyfi á móti. Þetta á þó ekki við um breytingar á skipum sem veiðar stunda með aflamarki og leyfi fengu til veiða í atvinnuskyni fyrir 1. janúar 1986, en ekki skulu slíkar breytingar lagðar til grundvallar við mat á afkastagetu við endurnýjun skipsins síðar. Ráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um endurnýjun fiskiskipa.

2. gr.

6. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 87/1994, orðast svo:

Bátar minni en 6 brl., sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum með dagatakmörkunum, krókabátar, skulu frá og með fiskveiðiárinu er hefst 1. september 1995 stunda veiðar með þeim takmörkunum er kveðið er á um í 2.–11. mgr. þessarar greinar. Þessum bátum er einungis heimilt að stunda veiðar með handfærum og línu. Þó er sjávarútvegsráðherra heimilt að veita þeim leyfi til að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf, svo sem plógum og gildrum og til hrognkelsaveiða í net.

Veiðar skulu bannaðar í desember og janúar sem og í sjö daga um páska og verslunarmannahelgi samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Veiðar skulu enn fremur bannaðar aðra og fjórðu helgi hvers mánaðar auk föstudaga á undan hvorri helgi. Falli banndagar þessir saman við banndaga um páska eða verslunarmannahelgi flytjast þeir fram sem því nemur. Á banndögum eru allar veiðar óheimilar. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu varðandi veiðar í sérhæfð veiðarfæri samkvæmt lokamálslið 1. mgr.

Krókabátum gefst frá og með fiskveiðiári því er hefst 1. september 1995 kostur á að velja milli þess að stunda veiðar með þorskaflahámarki skv. 4. mgr. og þess að stunda veiðar með viðbótarbanndögum eins og nánar er lýst í 5.–9. mgr.

Þorskaflahámark þeirra báta er þann kost velja skal samtals nema sama hlutfalli af 21.000 lestum, miðað við óslægðan fisk, og nam samanlagðri hlutdeild þessara báta í heildarþorskafla krókabáta á almanaksárinu 1994. Skal því skipt milli einstakra báta á grundvelli veiðireynslu viðkomandi báts almanaksárin 1992, 1993 og 1994. Skal við þá

skiptingu fyrst taka tvö bestu árin varðandi þorskafla hvers báts og reikna meðalþorskafla bátsins á þeim árum. Sá hluti þannig reiknaðs meðalafla fyrir hvern bát, sem umfram er 50 lestir, skal síðan margfaldaður með stuðlinum 0,7. Þannig umreiknaður meðalafli tveggja bestu áranna skal lagður til grundvallar hlutfallslegri skiptingu sameiginlegs þorskaflahámarks milli einstakra báta. Við ákvörðun þorskaflahámarks skal ekki tekið tillit til frátafa frá veiðum á viðmiðunartímabilinu.

Fyrir þá báta sem velja viðbótarbanndaga skal fiskveiðiárinu skipt upp í fjögur veiðitímabil og hámarksafli þeirra ákveðinn á hverju tímabili. Veiðitímabil eru sem hér segir:

1. tímabil 1. september til 30. nóvember.
2. tímabil 1. febrúar til 30. apríl.
3. tímabil 1. maí til 30. júní.
4. tímabil 1. júlí til 31. ágúst.

Sameiginlegur hámarksafli þeirra báta er þennan kost velja telst sama hlutfall af 21.000 lestum af þorski, miðað við óslægðan fisk, og nam samanlagðri hlutdeild þessara báta í heildarþorskafla krókabáta á almanaksárinu 1994 og skal honum skipt þannig milli veiðitímabila að á fyrsta tímabil falla 24%, á annað tímabil 11%, á þriðja tímabil 32% og á fjórða tímabil 33%.

Fari þorskafli þeirra báta er þennan kost velja á einhverju veiðitímabili fram úr fyrrgreindu hámarki skal banndögum á sama tímabili á næsta fiskveiðiári fjölgað, í fyrsta sinn á fiskveiðiári því sem hefst 1. september 1995. Í því sambandi skal reikna meðalafla á dag á umræddu veiðitímabili liðins fiskveiðiárs og finna viðbótarbanndaga með því að deila þeirri tölu í viðkomandi umframafla. Skal banndögum fjölgað um heila daga og broti sleppt. Hámarksafli skv. 6. mgr. á viðkomandi tímabili næsta fiskveiðiárs skal lækka sem umframaflanum nemur.

Viðbótarbanndagar skulu falla á þær helgar sem veiðar eru ekki bannaðar á skv. 2. mgr. á viðkomandi tímabili og síðan bætast framan við fasta banndaga á viðkomandi tímabili. Þeim skal skipt eins jafnt niður og unnt er. Þó skulu fyrstu sjö viðbótarbanndagarnir á fyrsta tímabili vera í lok tímabilsins, fyrstu sjö viðbótarbanndagarnir á öðru tímabili vera í upphafi þess og fyrstu sjö viðbótarbanndagarnir á þriðja tímabili vera dagarnir fyrir sjómannadag. Á viðbótarbanndögum eru allar veiðar óheimilar. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu varðandi veiðar í sérhæfð veiðarfæri samkvæmt lokamálslið 1. mgr. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að í stað viðbótarbanndaga samkvæmt þessari málsgrein sé útgerð heimill að eigin vali tiltekinn fjöldi sóknardaga innan hvers veiðitímabils. Skal fjöldi sóknardaga vera ákveðinn þannig að sókn sé heimil á 40% færri dögum á hverju tímabili en verið hefði með fastákveðnum viðbótarbanndögum. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um fyrirkomulag sóknardaga og eftirlit með þeim.

Sé einn maður í áhöfn krókabáts er óheimilt að róa með og eiga í sjó fleiri en 12 bala af línu en 20 bala séu tveir eða fleiri í áhöfn. Miðað er við að 420 krókar séu á línu í hverjum bala.

Fiskistofa skal fyrir 1. júlí 1995 senda útgerðum tilkynningu um reiknað þorskaflahámark hvers báts og forsendur þess og hafa útgerðir mánaðarfrest til að tilkynna um val milli þorskaflahámarks og viðbótarbanndaga og sama frest til að koma að athugasemdum. Velji útgerð ekki fyrir tilskilinn tíma skal bátnum ákvarðað þorskaflahámark. Skal Fiskistofa úrskurða um framkomnar athugasemdir eins fljótt og við verður komið. Sætti útgerðarmaður sig ekki við úrskurð Fiskistofu getur hann skotið málinu til sérstakrar

kærunefndar er ráðherra skipar. Skal hún skipuð þremur mönnum og skal formaður hennar fullnægja skilyrðum til að vera skipaður héraðsdómari. Úrskurðir kærunefndar eru fullnaðarúrskurðir innan stjórnkerfisins.

Heimilt er án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar í tómstundum til eigin neyslu. Slíkar veiðar er einungis heimilt að stunda með handfærum án sjálfvirknibúnaðar. Afla, sem veiddur er samkvæmt heimild í þessari málsgrein, er óheimilt að selja eða fénýta á annan hátt.

3. gr.

4. mgr. 12. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 87/1994, fellur niður.

4. gr.

Við 17. gr. laganna, sbr. 12. gr. laga nr. 36/1992, bætist ný málsgrein er verður 4. mgr. og orðast svo:

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að settur skuli, á kostnað útgerða, sjálfvirkur eftirlitsbúnaður til fjareftirlits um borð í fiskiskip.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við upphaf þess fiskveiðiárs er hefst 1. september 1995. Ákvæði 1. gr. koma þó þegar til framkvæmda. Hafi bindandi samningur verið gerður fyrir gildistöku laga þessara um kaup eða smíði á nýjum báti í stað krókabáts eða um breytingar á slíkum báti skulu eldri reglur um endurnýjun þó gilda um þann bát enda hafi hann fengið útgefið haffærisskírteini fyrir 31. ágúst 1995.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Á fiskveiðiárunum 1995/1996 til og með 1998/1999 skal árlega ráðstafa 5.000 lestum af þorski til jöfnunar samkvæmt þessu ákvæði. Aflaheimildir þessar miðast við óslægðan fisk og skulu þær dregnar frá leyfðum heildarafla þorsks áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar, sbr. 3. mgr. 7. gr.

Aflaheimildum skv. 1. mgr. skal árlega úthlutað til þeirra skipa sem orðið hafa fyrir mestri skerðingu við úthlutun aflamarks frá fiskveiðiárinu 1991/1992 til þess fiskveiðiárs er úthlutunin varðar. Skal úthlutunin framkvæmd eftir að ákvörðun hefur verið tekin um ráðstöfun aflaheimilda skv. 9. gr. og miðast við að skerðing umfram tiltekin mörk skuli að fullu bætt, þó þannig að ekkert skip fái meira en 10 lestir af þorski, miðað við slægðan fisk, í sinn hlut árlega. Skip sem leyfi hafa til fullvinnslu botnfiskafla um borð, sbr. lög nr. 54/1992, skulu ekki njóta bóta samkvæmt þessu ákvæði.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um úthlutun samkvæmt þessari grein. Skal hann m.a. kveða á um við hvaða tíma skuli miða aflahlutdeild. Þá er ráðherra heimilt að ákveða að litið skuli í heild á veiðiheimildir skipa í eigu sömu útgerðar varðandi bótaútreikning ef ástæða er til að ætla að reynt verði að hafa áhrif á bótaútreikning með millifærslu aflahlutdeildar milli skipa.

Á fiskveiðiárinu 1994/1995 skal úthluta sérstaklega til jöfnunar þeim hluta aflahámarks vegna línutvöföldunar skv. 6. mgr. 10. gr. sem ekki nýttist við línuveiðar í nóvember til febrúar. Skal þessum aflaheimildum úthlutað í samræmi við reglur 2. og 3. mgr. þessa ákvæðis eftir því sem við á og skal í þeim efnum miða við aflahlutdeild einstakra skipa 1. maí 1995.

Við ráðstöfun aflaheimilda skv. 9. gr. á því tímabili sem um getur í 1. mgr. þessa ákvæðis er heimilt að taka mið af breytingum í aflamarki sem orðið hafa á lengra tímabili en milli fiskveiðiára.

II.

Á fiskveiðiárunum 1995/1996 til og með 1998/1999 skal Byggðastofnun árlega hafa til ráðstöfunar þorskaflahámark er nemur 500 lestum miðað við óslægðan fisk. Skal Byggðastofnun árlega ráðstafa þessum aflaheimildum til krókabáta sem gerðir eru út frá byggðarlögum sem algjörlega eru háð veiðum slíkra báta og standa höllum fæti. Frá og með fiskveiðiárinu 1999/2000 skal sjávarútvegsráðherra með reglugerð ráðstafa þessum aflaheimildum til krókabáta.

III.

Sjávarútvegsráðherra skal með reglugerð ákveða að sóknardagar að eigin vali útgerðar komi í stað fyrir fram ákveðinna viðbótarbanndaga, sbr. 8. mgr. 6. gr., jafnskjótt og hann telur að tæknilegar og fjárhagslegar forsendur séu fyrir hendi til að hafa virkt eftirlit með nýtingu sóknardaga báta, sem krókaveiðar stunda, með sjálfvirkum búnaði til fjareftirlits eða öðru eftirliti sem ráðherra telur fullnægjandi. Skal ráðherra í því skyni tafarlaust láta fara fram sérstaka könnun á þeim kostum sem fyrir hendi eru varðandi búnað til eftirlits með fiskiskipum.

77. Frumvarp til laga [29. mál]

um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

(Eftir 2. umr., 12. júní.)

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna fellur niður.

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 6. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Bátar er veiðar stunda með línu og handfærum með dagatakmörkunum samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða skulu greiða gjald er miðast við landaðan afla viðkomandi báts á tímabilinu 1. ágúst til 31. júlí fyrir upphaf hvers fiskveiðiárs miðað við skráningu aflans í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu. Um gjald þetta gilda að öðru leyti ákvæði 6. gr. eftir því sem við á.

3. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Komi í ljós að fjárhagur sjóðsins leyfi ekki greiðslu úreldingarstyrkja skv. 1. mgr. þessarar greinar er ráðherra heimilt að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins að lækka þegar ákveðið styrkhlutfall ársins. Jafnframt er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða frestun á greiðslu styrkja ef hún telur að um tímabundinn skort á ráðstöfunarfé sé að ræða.

4. gr.

Í stað 8. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo:

Skilyrði fyrir veitingu loforðs um styrk vegna úreldingar fiskiskips er að eigandi þess lýsi því yfir að skipið verði tekið af skipaskrá, að réttur til endurnýjunar verði ekki nýttur og enn fremur að allar veiðiheimildir skipsins verði sameinaðar aflaheimildum annarra skipa. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. er heimilt að veita loforð um styrk til úreldingar ef því verður lýst yfir að skipinu verði ekki haldið til veiða í efnahagslögsögu Íslands eða það gert út sem fiskiskip frá Íslandi.

Óheimilt er að greiða úreldingarstyrk fyrr en fyrir liggur vottorð Siglingamálastofnunar ríkisins um afskráningu skipsins af skipaskrá eða að þinglýst hefur verið kvöð á skipið þess efnis að það hafi verið tekið varanlega úr fiskiskipastól Íslendinga og að því verði ekki haldið til veiða frá Íslandi. Þá skal liggja fyrir yfirlýsing Fiskistofu um að allar aflaheimildir skipsins hafi varanlega verið sameinaðar aflaheimildum annarra skipa og fallið hafi verið frá rétti til endurnýjunar skipsins. Þá er óheimilt að veita skipi leyfi til veiða í atvinnuskyni ef Þróunarsjóður hefur greitt styrk vegna úreldingar þess. Enn fremur er óheimilt að nýta fiskiskip er hlotið hefur úreldingarstyrk til fiskveiða í efnahagslögsögu Íslands eða gera það út sem fiskiskip frá Íslandi.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 4. gr. skulu þó eingöngu taka til styrkloforða sem gefin verða út eftir gildistöku laganna.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Til viðbótar ákvæði til bráðabirgða I bætist nýtt ákvæði er orðast svo:

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt á árinu 1995 að taka að láni og endurlána Þróunarsjóði sjávarútvegsins allt að 500 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi laganna.

II.

Í stað ákvæðis til bráðabirgða II kemur nýtt ákvæði er orðast svo:

Ákvæði 1. málsl. 2. mgr. 7. gr. um þriggja ára greiðsluskyldu á hvorki við um þau skip er fá úthlutað tiltekinni hlutdeild af heildarafla og voru skráð á skipaskrá fyrir 1. janúar 1994 né um báta 6 brl. og minni er veiðar stunda með línu og handfærum með dagatakmörkunum sem skráðir voru á skipaskrá fyrir 1. maí 1995.

III.

Sjávarútvegsráðherra er, þrátt fyrir ákvæði 7. gr., heimilt að ákveða að til ársloka 1995 skuli styrkur vegna úreldingar krókabáta vera hærra hlutfall af húftryggingarmati en gildir um önnur skip.

78. Lög [14. mál]

um breytingu á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

(Afgreidd frá Alþingi 12. júní.)

Samhljóða þskj. 14.

79. Lög [20. mál]

um breytingu á lögum nr. 117/1994, um skipulag ferðamála.

(Afgreidd frá Alþingi 12. júní.)

Samhljóða þskj. 68.

80. Nefndarálit [27. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

Frá 3. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nú er aðeins um hálfur mánuður þar til ákvæði Úrúgvæ-niðurstöðu GATT-samninganna eiga að taka gildi hér á landi. Enn eru til meðferðar á Alþingi lagabreytingar sem nauðsynlegar eru til þess að við Íslendingar getum fyrir okkar leyti fullnægt ákvæðum samningsins. Eru þar á ferðinni breytingar á tollalögum og búvörulögum o.fl.

Um leið er verið að taka pólitískar ákvarðanir og móta stefnu um beitingu tollverndunarheimilda í stað innflutningsbanna sem áður voru. Óþarft er að fjölyrða um hversu bagalegt er að þessar vandasömu og viðamiklu lagabreytingar og þessi ákvarðanataka sé nú loksins til afgreiðslu og tími af jafnskornum skammti og raun ber vitni. Fyrri ríkisstjórn var sem kunnugt er meira og minna óstarfhæf hvað landbúnaðarmál snerti eins og reyndar á mörgum fleiri sviðum. Núverandi ríkisstjórn er á handahlaupum að klastra saman stefnu þegar allt er komið í óefni og tímaþröng. Þessi vinnubrögð öll verður að átelja harðlega.

Íslenskur landbúnaður og GATT.

Óhjákvæmilegt er að setja þær breytingar, sem nú eru að ganga í gildi með tilkomu GATT-samninganna, í samhengi við það sem gerst hefur í íslenskum landbúnaði að öðru leyti á undanförnum árum. Með gerð búvörusamningsins 1991 urðu grundvallarbreytingar á starfsumhverfi landbúnaðar. Horfið var frá greiðslu útflutningsuppbóta, framleiðslan aðlöguð innanlandsmarkaði og dregið úr stuðningi hins opinbera við framleiðsluna. Þessar breytingar hafa haft í för með sér mikinn sparnað í ríkisútgjöldum til landbúnaðar en á hinn bóginn gert miklar kröfur til greinarinnar og hefur sú aðlögun á margan hátt reynst erfið. Einkum á það við um sauðfjárrækt þar sem sölusamdráttur hefur orð-

ið mikill á innanlandsmarkaði og vaxandi atvinnuleysi í landinu hefur gert mönnum erfiðara um vik en vonir stóðu til að skapa sér tekjur af annarri atvinnustarfsemi.

Meginskuldbindingarnar, sem þau ríki sem að GATT-samningunum standa taka á sig, eru þríþættar. Það er í fyrsta lagi að draga úr útflutningsbótum, draga úr stuðningi ríkisins við landbúnað innan lands og auka aðgengi innfluttrar vöru að markaðinum.

Í þessu frumvarpi er til umfjöllunar í reynd aðeins einn þáttur af þessum þremur sem skuldbindingar GATT-samningsins fela í sér, þ.e. aukinn markaðsaðgangur, og stafar það af því að búvörusamningurinn frá 1991 og þær aðgerðir og breytingar sem honum tengdust gera miklu meira en til þarf til að fullnægja skuldbindingum okkar hvað hitt snertir. Ísland gengur þar í reynd lengra en flest önnur ríki með því annars vegar að afnema með öllu útflutningsbætur og hins vegar að draga verulega úr innanlandsstuðningi við landbúnaðinn borið saman við það sem hann var á viðmiðunarárunum 1986–88.

Meginbreytingin felst sem sagt í því að í stað beinna innflutningstakmarkana eða banna á ýmsum vörum, sem ríkjum var áður í sjálfsvald sett að beita, skuli nú koma tollvernd en innflutningurinn vera frjáls innan þeirra marka, þó þannig að heimilt sé að beita raunverulegum heilbrigðisráðstöfunum til að tryggja heilbrigði manna, dýra eða plantna.

Sjónarmið neytenda.

Í málinu má segja að togist á tvö sjónarmið, þ.e. annars vegar það hversu mikla vernd og aðlögun sé nauðsynlegt að veita hinni innlendu framleiðslu og þeirri atvinnugrein í landinu sem á henni byggir, þ.e. framleiðslu, úrvinnslu og dreifingu innlendrar búvöru, en hins vegar hversu langt sé gerlegt að ganga til móts við eðlilegar óskir og sjónarmið neytenda um lækkað matvælaverð og aukið vöruúrval. Engin deila stendur um að ætlunin sé að viðhalda hér ströngum hollustu- og heilbrigðiskröfum og tryggja að gæði þeirrar matvöru, sem hér er á boðstólnum, séu fyrsta flokks.

Þær aðferðir, sem valdar eru í frumvarpinu, orka að sumu leyti tvímælis og þó einkum og sér í lagi þær reikningslegu forsendur sem lagðar eru til grundvallar ákvörðun tollverndar. Sanngjarnt og eðlilegt er að farið sé varlega gagnvart upphafsákvörðun tollverndar gagnvart almennum vöruinnflutningi. Vöruinnflutning til viðbótar lágmarksaðgangi og ríkjandi markaðsaðgangi sé eðlilegt að setja í nokkuð háan tollflokk fyrst um sinn meðan séð verður hvernig þessar breytingar ganga. Gegnum lágmarksmarkaðsaðganginn og ríkjandi markaðsaðgang mun hins vegar vöruúrval aukast og möguleikar neytenda á fjölbreyttari vöru koma til sögunnar. Verðlagning á þessum þáttum er hins vegar meira álitamál.

Heilbrigðisreglur.

Hvað hollustu- og heilnæmisþáttinn varðar hlýtur að vera eðlilegt að ekki verði gerðar á nokkurn hátt minni kröfur um hollustu og heilnæmi þeirrar vöru sem leyft verði að flytja til landsins en gerðar eru til innlendrar framleiðslu. Á hinn bóginn er ljóst að ekki er heimilt samkvæmt samningnum að breyta slíkum eðlilegum heimildum til varnar heilbrigði manna og dýra í tæknilegar viðskiptahindranir. Það verða því að standa rök fyrir þeim ákvörðunum sem teknar eru hverju sinni í þessu samhengi.

Garðyrkja.

Nokkrar áhyggjur hafa risið vegna stöðu garðyrkjubænda, en ljóst virðist að sú grein landbúnaðarins nýtur minni verndar en aðrar. Garðyrkjubændur búa við innflutning hluta af árinu á mörgum mikilvægum framleiðsluvörum sínum á grundvelli landbúnaðarvið-

auka EES-samninganna en þar er opnað fyrir umtalsverðan tollfrjálsan innflutning á nokkrum tegundum garðyrkjuafurða. Einnig kemur þar til að garðyrkjan er í nokkurri sérstöðu hvað það snertir að hafa á undanförnum árum verið að auka stórlega hlutdeild sína á innlendum markaði og lengja framleiðslutíma sinn. Standa á bak við það tækninýjungar og umtalsverðar fjárfestingar. Innflutningur var því meiri á ýmsum tegundum framleiðsluvöru garðyrkjunnar á viðmiðunartímabilinu 1986–88 en verið hefur nú upp á síðkastið. Þetta þýðir að ákvæði um ríkjandi markaðsaðgang koma verr við þessa grein en aðrar.

Ástæða er því til að huga að málefnum garðyrkjunnar sérstaklega og fylgjast með því hvernig henni reiðir af í þessu nýja umhverfi og grípa þá til ráðstafana sem okkur eru heimilar gagnvart starfsgrundvelli og samkeppnisskilyrðum greinarinnar til þess að tryggja að hún fái staðist þessa samkeppni.

Lágmarksmarkaðsaðgangur.

Hvað þennan þátt málsins varðar telur 3. minni hluti mesta óvissu ríkja og að mörgu leyti hvað óljósastar forsendur liggja til grundvallar honum við afgreiðslu málsins. Ljóst virðist að flestar vörur muni verða a.m.k. jafndýrar og í mörgum tilfellum dýrari en innlend framleiðsla og því hlýtur veruleg óvissa að ríkja um það hvort til umtalsverðs innflutnings komi þrátt fyrir ákvæði samningsins þar um.

Ljóst virðist að vísu að samningsskuldbindingar okkar standa ekki til þess að tryggja í sjálfu sér tiltekið magn vöru inn á markaðinn, heldur hitt að bjóða upp á tiltekin viðskiptakjör fyrir vörumagn sem nemur þeim 3–5% sem þarna eiga í hlut. Ákvörðun tollverndarinnar á þessum þætti hefur sætt langmestri gagnrýni og telur 3. minni hluti að þar sé að ýmsu leyti byggt á veikum forsendum. Þriðji minni hluti treystir sér því ekki til að bera ábyrgð á þessum þætti málsins og mun ekki greiða þeim ákvæðum frumvarpsins atkvæði.

Sama á við um þá vandræðalegu tilhögun sem viðhafa á gagnvart því að ráðstafa leyfum til innflutnings á þeim vörum sem falla undir ákvæði um lágmarksmarkaðsaðgang. Þar er ætlunin að nota hlutkesti til að velja úr hópi umsækjenda um innflutningsleyfi. Þriðji minni hlutinn telur að hugleiða hefði átt aðrar aðferðir í þessu sambandi svo sem að velja með rökstuðningi tiltekna aðila sem eðlilegt teldist að önnuðust þennan innflutning og/eða auglýsa eftir áhugasömum aðilum eða hreinlega bjóða út heimildir til að annast um slíkan innflutning.

Þriðji minni hluti telur sjálfgefið að Íslendingar gerist aðilar að þessu alþjóðlega viðskiptaferli og studdi á sínum tíma staðfestingarfrumvarp um aðild okkar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Sama á við í þessu tilviki að deila getur tæplega orðið um það að við hljótum að taka á okkur og uppfylla þær beinu samningsskuldbindingar sem við höfum undirgengist. Spurningin er fyrst og fremst um hvernig að því er staðið. Í því sambandi verður að leita sanngjarnar málamiðlunar milli ólíkra sjónarmiða, annars vegar að tryggja innlendri framleiðslu og úrvinnslu eðlilegan aðlögunartíma og samkeppnisskilyrði gagnvart í mörgum tilvikum niðurgreiddri og ríkisstyrktri framleiðslu, hins vegar að ávinningur neytenda af þessum breytingum verði nokkur í formi aukins vöruúrvals og lækkandi matvælaverðs á komandi árum. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að mikill árangur hefur þegar náðst innan lands í formi minni tilkostnaðar fyrir þjóðarbúið við landbúnaðarframleiðsluna og verulegur árangur hefur náðst í lækkuðu matvælaverði innlendrar matvöru á undanförnum árum á sama tíma og matvælaverð umhverfis okkur hefur farið hækkandi. Það hefur því dregið mjög saman með matvælaverði á Íslandi og í ná-

grannalöndunum og á það að geta auðveldað okkur að ganga í gegnum þessar breytingar ef rétt verður á málum haldið.

Margt er óljóst í sambandi við reikningslegar forsendur þessa máls, svo sem varðandi raunverulegt verð, innkaupsverð. Reynslan ein getur í mörgum tilvikum skorið úr um það hver útkoman verður. Með hliðsjón af því telur 3. minni hluti eðlilegt að farið verði yfir þessi mál í heild sinni í ljósi reynslunnar að hæfilegum tíma liðnum, t.d. tveimur árum. Mun 3. minni hluti flytja breytingartillögu um endurskoðunarákvæði þar að lútandi við 3. umræðu.

Alþingi, 12. júní 1995.

Steingrímur J. Sigfússon.

81. Breytingartillaga [28. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá Árna R. Árnasyni.

Í stað „2.–11. mgr.“ í 1. efnismgr. 2. gr. komi: 2.–10. mgr.

Greinargerð.

Hér er einungis verið að leiðrétta misvísandi tilvísun í 2. gr. frumvarpsins.

82. Frumvarp til laga [41. mál]

um greiðsluaðlögun.

Flm.: Ólafur Ragnar Grímsson, Jóhanna Sigurðardóttir,
Össur Skarphéðinsson, Kristín Ástgeirsdóttir.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Með greiðsluaðlögun samkvæmt lögum þessum er átt við að skuldari verði fyrir sitt leyti leystur að hluta undan fjárhagslegum skuldbindingum sínum. Greiðsluaðlögun nær þó ekki til allra fjárhagslegra skuldbindinga, sbr. 2. mgr. 4. gr.

Greiðsluaðlögun verður aðeins ákvörðuð af sýslumanni en kröfuhafi getur þó kært ákvörðun sýslumanns til héraðsdóms, sbr. ákvæði VI. kafla. Kröfuhafi er bundinn af greiðsluaðlögun þegar hún hefur verið ákveðin.

Ef beiðni um greiðslustöðvun eða gjaldþrotaskipti á búi skuldara eða beiðni um nauðasamninga liggur fyrir hjá héraðsdómi þegar umsókn um greiðsluaðlögun berst verður umsóknin ekki tekin til umfjöllunar fyrr en meðferð þessara beiðna er lokið. Ef slíkar beiðnir koma fram af hálfu kröfuhafa á meðan sýslumaður hefur greiðsluaðlögun til meðferðar skulu þær látnar bíða þar til meðferð málsins er lokið hjá sýslumanni.

Á meðan umsókn um greiðsluaðlögun er til meðferðar hjá sýslumanni verður eignum skuldara ekki ráðstafað með nauðungarsölu.

II. KAFLI
Skilyrði greiðsluaðlögunar.

2. gr.

Einstaklingur, sem á lögheimili á Íslandi og stundar ekki atvinnurekstur, á rétt á greiðsluaðlögun ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

0. Hann er í varanlegum greiðsluerfiðleikum og ekki fyrirsjáanlegt að hann geti staðið við greiðsluskuldbindingar sínar.
1. Bú hans er hvorki undir gjaldþrotaskiptum né hefur hann fengið heimild til greiðslustöðvunar eða nauðasamninga.
2. Að greiðsluaðlögun teljist sanngjörn með tilliti til aðstæðna skuldara og lánardrottna.

Við mat skv. 3. tölul. 1. mgr. skal taka tillit til hvar og hvenær til skuldarinnar hefur stofnast, til hvaða ráðstafana skuldarinn hefur gripið til að standa við skuldbindingar sínar og hvort hann hafi sjálfur reynt að ná samkomulagi við kröfuhafa.

3. gr.

Óheimilt er að veita einstaklingi greiðsluaðlögun oftar en einu sinni nema sérstakar ástæður mæli með því.

III. KAFLI
Fjárkröfur sem greiðsluaðlögun nær til.

4. gr.

Undir greiðsluaðlögun falla allar fjárkröfur á hendur skuldara sem stofnast hafa fram að þeim tíma að greiðsluaðlögun er ákveðin, sbr. þó 2. mgr.

Greiðsluaðlögun tekur ekki til:

1. Veðkrafna að því leyti sem eign stendur undir kröfu.
2. Krafna sem orðið hafa til eftir að umsókn um greiðsluaðlögun er lögð fram.
3. Krafna sem yrði fullnægt með skuldajöfnuði ef bú skuldara væri tekið til gjaldþrotaskipta.
4. Krafna sem ágreiningur er um.

5. gr.

Allar kröfur skv. 1. mgr. 4. gr. eru jafnréttháar. Þetta á þó ekki við ef:

1. Kröfuhafi samþykkir að krafa hans sé réttlægri en aðrar.
2. Upphæð kröfu er það lág að sérstakar ástæður mæla með því að hún sé greidd að fullu áður en til greiðsluaðlögunar kemur.

IV. KAFLI
Umsókn um greiðsluaðlögun.

6. gr.

Umsókn um greiðsluaðlögun skal rituð á eyðublað sem sýslumaður lætur í té og beint til sýslumanns í því umdæmi þar sem skuldari á lögheimili. Umsókn, sem ekki er beint í rétt umdæmi, skal framsend af sýslumanni á réttan stað.

Umsókn skal undirrituð af skuldara.

Með umsókn skulu fylgja staðfest endurrit af síðasta skattframtali skuldara.

7. gr.

Eftirfarandi atriði skulu koma fram í umsókn:

1. Nafn skuldara, kennitala og heimili, svo og nöfn fyrirsvarsmanna, ef því er að skipta, og heimili þeirra.
2. Vottorð um lögheimili hér á landi.
3. Upplýsingar um eignir og skuldir ásamt nöfnum kröfuhafa, kennitölu þeirra, heimilisfangi og símanúmeri, enn fremur hverjir eru ábyrgðarmenn fyrir skuldara.
4. Upplýsingar um tekjur og útgjöld.
5. Upplýsingar um persónulegar og fjárhagslegar aðstæður skuldara og fjölskyldu hans sem hafa þýðingu fyrir mat á greiðsluaðlögun.

Framangreindar upplýsingar skulu gefnar að viðlögðum drengskap.

V. KAFLI
Málsmeðferð hjá sýslumanni.

8. gr.

Þegar sýslumanni hefur borist umsókn um greiðsluaðlögun skal hann kanna hvort hún fullnægi formskilyrðum skv. 7. gr. Sýslumaður skal benda umsækjanda á atriði sem áfátt er í umsókn og gera honum jafnframt grein fyrir að henni kunni að verða hafnað verði ekki bætt úr þeim.

Sýslumaður skal vísa frá umsókn um greiðsluaðlögun reynist ekki unnt að leggja hana til grundvallar athugun málsins og skuldari hefur ekki farið eftir tilmælum sýslumanns um að bæta úr annmörkum. Skal hann tilkynna skuldara og þekktum kröfuhöfum þá ákvörðun sína.

9. gr.

Þegar fullnægjandi umsókn liggur fyrir skal sýslumaður afla upplýsinga um persónulegar og fjárhagslegar aðstæður skuldara eftir því sem tilefni er til. Sýslumaður getur ef hann kýs frekar falið skuldara að útvega þessar upplýsingar.

Sýslumanni er heimilt að kalla skuldara til viðtals vegna umsóknar hans. Þar skal skuldari veita þær viðbótarupplýsingar sem sýslumann vantar til að geta tekið ákvörðun í málinu. Boð um viðtal skal sent á lögheimili skuldara. Í því skal gerð grein fyrir af hverju skuldari er kallaður til viðtals og að umsókn hans um greiðsluaðlögun kunni að verða hafnað ef hann mætir ekki. Ef ástæða þykir til skal sýslumaður einnig boða kröfuhafa eða aðra aðila sem veitt geta upplýsingar um málið til viðtals.

10. gr.

Fullnægi skuldari ekki skilyrðum greiðsluaðlögunar, sbr. 2. og 3. gr., skal sýslumaður hafna umsókn. Skal hann rökstyðja þá ákvörðun sína og tilkynna skuldara og þekktum kröfuhöfum.

11. gr.

Fullnægi skuldari skilyrðum greiðsluaðlögunar skal sýslumaður, í samráði við skuldara, leggja fram tillögu að greiðsluaðlögun. Hún skal ávallt lögð fram í stöðluðu formi. Í tillögu að greiðsluaðlögun skal koma fram:

1. Hvaða fjárkröfur skv. 4. gr. falli undir greiðsluaðlögunina og hvort þær séu allar jafnréttháar.

2. Sú upphæð sem kemur til skipta milli kröfuhafa og hversu há upphæð stendur eftir af kröfum sem ekki fást greiddar. Fram skulu koma heildarfjárhæðir og sundurliðað yfirlit yfir einstakar kröfur.
3. Greiðsluáætlun sem sýnir hvenær og hvernig eftirstöðvar skulda verða greiddar kröfuhafa.

Við mat á greiðslugetu skuldara, sem fram kemur í greiðsluáætlun skv. 3. tölul. 1. mgr., skal taka tillit til allra tekna skuldara að frádregnum framfærslukostnaði hans og fjölskyldu hans. Ef um hjón eða sambúðaraðila er að ræða skal einnig líta til tekna maka.

Greiðsluáætlun skv. 3. tölul. 1. mgr. skal vera til fimm ára nema sérstakar ástæður mæli með lengri eða skemmri tíma.

12. gr.

Tillögu að greiðsluaðlögun skv. 11. gr. skal senda til allra kröfuhafa sem lagt er til að sæti lækkun eða brottfalli á kröfu og ábyrgðarmanna skuldara og þeir hvattir til að gera athugasemdir um fyrirliggjandi tillögur innan tveggja vikna. Þar skal einnig koma fram að það hindri ekki ákvörðun um greiðsluaðlögun þó að athugasemdir berist ekki fyrir tilsettan tíma.

13. gr.

Sýslumaður skal taka afstöðu til þeirra athugasemda sem fram koma á grundvelli 12. gr. svo fljótt sem kostur er. Ef hann telur þörf á að breyta tillögunni skal sýslumaður tilkynna um það með þeim hætti sem segir í 12. gr. Þá skal sýslumaður senda öllum kröfuhöfum bréf þar sem fram kemur hvort talin er ástæða til að breyta tillögunni eða ekki á grundvelli athugasemda viðkomandi kröfuhafa ásamt rökstuðningi fyrir þeirri niðurstöðu.

Kröfuhafi, sem að liðnum fresti hefur ekki gert athugasemdir á grundvelli 12. gr., telst hafa samþykkt tillöguna.

Eftir að sýslumaður hefur tekið afstöðu til athugasemda á grundvelli 1. mgr. eða ef allir kröfuhafar lýsa sig samþykka tillögu að greiðsluaðlögun og hún samræmist þeim skilyrðum sem sett eru í lögum þessum skal sýslumaður taka ákvörðun um að greiðsluaðlögun skuli ná fram að ganga.

14. gr.

Þegar ákvörðun um greiðsluaðlögun hefur verið tekin skal birta tilkynningu þar um í Lögbirtingablaðinu ásamt áskorun til allra kröfuhafa um að lýsa kröfum sínum í síðasta lagi einum mánuði frá birtingu. Ef ástæða þykir til getur sýslumaður ákveðið að tilkynning skuli einnig birt í einu eða fleiri dagblöðum. Sýslumaður getur einnig framlengt innköllunarfrestinn upp í tvo mánuði ef sérstök ástæða þykir til.

15. gr.

Eftir að innköllunarfrestur skv. 14. gr. er liðinn skal sýslumaður birta tilkynningu í Lögbirtingablaðinu um að greiðsluaðlögun sé komin til framkvæmda. Tekur greiðsluaðlögun þá gildi frá þeim tíma sem birtingin fer fram.

VI. KAFLI
Kæruheimildir.

16. gr.

Skuldari eða kröfuhafi geta krafist úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumanns um greiðsluaðlögun með því að tilkynna það sýslumanni innan viku frá því að þeim verður sú ákvörðun kunn.

Skuldari getur krafist úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumanns um að vísa umsókn um greiðsluaðlögun frá á grundvelli 2. mgr. 8. gr. eða hafna umsókn með vísan í 10. gr. og skal hann þá tilkynna sýslumanni þar um með sama hætti og getur í 1. mgr.

Ef krafist er úrlausnar á grundvelli 1. eða 2. mgr. skal sýslumaður bóka nákvæmlega hver sú ákvörðun er sem krafist er úrlausnar héraðsdómara um og hverjar kröfur aðilar gera. Skulu jafnframt bókaðar í stuttu máli röksemdir sem þeir færa fyrir kröfum sínum. Síðan skal sýslumaður framsenda málið til héraðsdóms sem hefur dómsvald í umdæmi hans.

17. gr.

Dóminum ber að ógilda ákvörðun sýslumanns ef forsendur fyrir greiðsluaðlögun samkvæmt lögunum eru ekki uppfylltar eða ef skuldari mætir ekki til boðaðs þinghalds.

Að öðru leyti skulu ákvæði 86.–91. gr. laga nr. 90/1989, um aðför, gilda um málsmeðferð fyrir héraðsdómi.

18. gr.

Ef héraðsdómur úrskurðar skuldara í vil getur skuldari borið málið aftur undir sýslumann sem ber þá að taka málið til meðferðar að nýju. Sama gildir ef héraðsdómur hnekkir ákvörðun sýslumanns á grundvelli kæru kröfuhafa nema úrskurður héraðsdóms hafi byggst á því að umsókn skuldara fullnægi ekki skilyrðum II. kafla eða að fjárkröfur viðkomandi kröfuhafa falli undir 2. mgr. 4. gr.

Úrskurðir héraðsdóms eru fullnaðarúrskurðir.

Sýslumanni ber að tilkynna kröfuhöfum og ábyrgðarmönnum ef héraðsdómur hnekkir ákvörðun sýslumanns á grundvelli kæru skv. 1. mgr. 16. gr. Hann skal jafnframt láta birta slíkan úrskurð héraðsdóms í Lögbirtingablaði.

VII. KAFLI
Réttaráhrif greiðsluaðlögunar.

19. gr.

Birting ákvörðunar um greiðsluaðlögun skv. 15. gr. leysir skuldara undan greiðsluskyldu á þeim skuldum sem greiðsluaðlögun nær til. Við greiðsluaðlögun er skuldari jafnframt leystur undan ábyrgð á greiðslu krafna sem voru óþekktar þegar erindi um greiðsluaðlögun var til umfjöllunar en hefðu fallið undir greiðsluaðlögunina. Þetta gildir þó ekki um kröfur sem falla undir 2. tölul. 4. gr.

Vextir af skuldum skv. 1. og 2. málsl. 1. mgr. falla niður frá sama tíma.

Greiðsluaðlögun, sem komin er til framkvæmda, hefur engin áhrif á rétt kröfuhafa til að krefjast gjaldþrotaskipta á grundvelli krafna sem stofnast hafa eftir birtingu skv. 15. gr. eða krafna sem ekki féllu undir greiðsluaðlögunina á grundvelli 2. mgr. 4. gr. Hún hefur heldur ekki áhrif á rétt kröfuhafa gegn ábyrgðarmönnum.

VIII. KAFLI
Endurmat greiðsluaðlögunar.

20. gr.

Að beiðni kröfuhafa, sem á kröfu er fellur undir greiðsluaðlögun samkvæmt þessum lögum, getur sýslumaður fellt greiðsluaðlögun úr gildi, eða ef 5. tölul. þessarar málsgreinar á við endurmetið greiðsluaðlögun, ef:

1. skuldari hefur á fölskum forsendum fengið kröfuhafa til að samþykkja greiðsluaðlögun,
2. skuldari hefur í umsókn sinni um greiðsluaðlögun eða við meðferð málsins látið kröfuhafa í té rangar upplýsingar um stöðu sína eða annað sem ætla má að skipt hafi máli við mat kröfuhafa á því hvort hann ætti að samþykkja greiðsluaðlögun,
3. skuldari hefur gefið rangar upplýsingar til sýslumanns eða héraðsdóms eða látið hjá líða að veita upplýsingar sem hann er skyldugur til að gefa og þessar röngu upplýsingar hafa orðið til þess að ákvörðun um greiðsluaðlögun reynist ekki í samræmi við raunverulega stöðu skuldara,
4. skuldari fylgir ekki greiðsluáætluninni, nema um lítils háttar frávik sé að ræða,
5. fjárhagsstaða skuldara batnar verulega eftir að greiðsluaðlögun er hafin.

Kröfuhafi verður að leggja fram beiðni um endurmat innan árs frá því að tilkynning um greiðsluaðlögun var birt skv. 15. gr. Beiðni um endurmat á grundvelli 4. eða 5. tölul. má þó leggja fram hvenær sem er á þeim tíma sem greiðsluaðlögun nær til.

Sýslumaður skal gefa skuldara, kröfuhöfum og ábyrgðarmönnum kost á að tjá sig um beiðni um endurmat samkvæmt þessari grein, sbr. 12. gr.

21. gr.

Að beiðni skuldara getur sýslumaður breytt ákvörðun sinni um greiðsluáætlun, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 11. gr., ef aðstæður hafa breyst verulega eftir að tilkynning um greiðsluáætlun var birt.

Sýslumaður skal gefa kröfuhöfum og ábyrgðarmönnum kost á að tjá sig um beiðni um endurmat samkvæmt þessari grein, sbr. 12. gr.

22. gr.

Heimilt er sýslumanni að afturkalla eða breyta að eigin frumkvæði fyrri ákvörðun um heimild til greiðsluaðlögunar ef einhverjar upplýsingar koma fram sem hefðu leitt til höfnunar á greiðsluaðlögun.

23. gr.

Ef sýslumaður ákveður að endurskoða fyrri ákvörðun um greiðsluaðlögun skal sú ákvörðun rökstudd og birt skuldara og öðrum aðilum á þann hátt sem mælir fyrir um í 15. gr. Endurákvörðun telst komin til framkvæmda við birtingu í Lögbirtingablaði.

Um kæru endurákvörðunar gilda ákvæði VI. kafla.

IX. KAFLI
Önnur ákvæði.

24. gr.

Ef skuldari deyr telst umsókn um greiðsluaðlögun sjálfkrafa fallin niður.

25. gr.

Ef skuldari afturkallar umsókn um greiðsluaðlögun skal meðferð málsins samstundis hætt.

26. gr.

Samkomulag sem skuldari eða þriðji maður gerir þar sem einhverjum kröfuhafa sem fellur undir greiðsluaðlögunina er lofað hærri greiðslum en greiðsluaðlögunin segir til um telst ógilt.

27. gr.

Einstaklingum sem lögaðilum er skylt að veita sýslumanni og héraðsdómi allar þær upplýsingar sem óskað er um persónulega og fjárhagslega stöðu skuldara og nauðsynlegar teljast til að geta tekið afstöðu til umsóknar um greiðsluaðlögun.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1995.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi af þingflokki Framsóknarflokksins og var fyrsti flutningsmaður Finnur Ingólfsson. Í 1. mgr. þeirrar greinargerðar sem þá fylgdi með frumvarpinu var sagt „að neyðarástand [hefði] skapast á þúsundum heimila í landinu þar sem gjaldþrot [blasti] við mörgum þeirra". Var frumvarpið flutt á lokavikum þingsins fyrr á þessu ári til þess að knýja á um skjótar aðgerðir í þessum efnum.

Í umræðum um húsnæðismál nú á vorþinginu óskaði núverandi félagsmálaráðherra Páll Pétursson eftir því að þingmenn veittu honum liðsinni til þess að hægt væri að grípa til aðgerða í þágu þess mikla fjölda fólks sem á við erfiðleika að glíma í húsnæðismálum. Þess vegna hefur verið ákveðið að flytja þetta frumvarp Framsóknarflokksins að nýju svo að hægt sé nú á vorþinginu að lögfesta það og leggja þannig grundvöll að brýnum aðgerðum í húsnæðismálum. Í lokagrein frumvarpsins, eins og það var lagt fram fyrr á þessu ári, var kveðið á um að lögin tækju gildi 1. júlí 1995. Það gefst því enn tími til þess að lögfesta frumvarpið fyrir þá dagsetningu.

Miðað við afstöðu Framsóknarflokksins og vilja annarra þingflokka er tvímælalaust meiri hluti á Alþingi til að samþykkja frumvarpið nú. Þingmenn hafa ótvíræðar skyldur gagnvart þeim þúsundum fjölskyldna og einstaklinga sem búa við neyðarástand vegna greiðsluerfiðleika. Frumvarpið er flutt til að sýna í verki vilja til að koma til móts við ósk félagsmálaráðherra um samvinnu ríkisstjórnarinnar og þings um aðgerðir í þessum efnum.

Þegar frumvarpið var lagt fram á síðasta þingi var í upphafi greinargerðarinnar að finna eftirfarandi almennan rökstuðning:

„Tilgangur þessa frumvarps er að gefa þeim einstaklingum sem eru í alvarlegum og viðvarandi greiðsluerfiðleikum möguleika á því að ná stjórn á fjármálum sínum því að neyðarástand hefur skapast á þúsundum heimila í landinu þar sem gjaldþrot blasir við mörgum þeirra. Það hefur skapað margvísleg félagsleg vandamál, lagt auknar byrðar á félagsmálastofnanir, aukið örvæntingu einstaklinga og fjölskyldna og skapað sár í þjóðfélaginu sem seint munu gróa. Tvær meginástæður eru fyrir greiðsluerfiðleikum heimilanna, í fyrsta lagi húsnæðismálin sem birtast í göllum húsbréfakerfisins, styttri lánstíma, hærri vöxtum og þar af leiðandi aukinni greiðslubyrði og í öðru lagi vaxandi at-

vinnuleysi, stórhækkaðir skattar, auknar álögur í formi þjónustugjalda, lækkun barna- og vaxtabóta og vaxandi kjaraskerðing.

Til að koma í veg fyrir þá holskeflu gjaldþrota sem nú blasir við og gera mun þúsundir fjölskyldna heimilislausar þarf að grípa til björgunaraðgerða til að aðstoða fólk við að greiða úr skuldavandamálum heimilanna, vandamálum sem þegar eru orðin svo mikil að heimilin ráða ekki við þau. Margt þarf að koma til, svo sem greiðsluaðlögun, lenging lána, félagsleg aðstoð og veiting greiðsluerfiðleikalána.

Í frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði reglur um greiðsluaðlögun þar sem skuldurum verði hjálpað til að komast út úr mesta svartnættinu. Markmiðið með greiðsluaðlögun er að skuldari fái lánskjörum breytt þannig að greiðslubyrði verði léttari. Breyting á lánskjörum getur falið í sér að vöxtum og/eða lánstíma sé breytt eða skuld lækkuð eða fryst um tíma á meðan fólk leitar lausna á tímabundnum erfiðleikum, t.d. vegna atvinnuleysis, veikinda og fleira. Greiðsluaðlögun kemur aðeins til greina hafi hún í för með sér ávinning fyrir skuldara, lánardrottna og samfélagið í heild. Ávinningur fyrir skuldarana verði sá að þeir geti staðið í skilum með skuldina, ávinningur fyrir lánardrottnana verði sá að líkur á endurgreiðslu aukist og ávinningur samfélagsins verði sá að færri þurfi að leita á náðir félagsmálastofnananna.

Til að ná sem víðtækastri samstöðu um þau markmið sem frumvarp þetta um greiðsluaðlögun snýst um er mikilvægt að greiðsluaðlögun nái jafnt til skulda við ríki, innlánsstofnanir, lífeyrissjóði og verkalýðshreyfingu sem og húsnæðisskulda."

Hér á eftir fylgja síðan þær athugasemdir við einstakar greinar og kafla frumvarpsins sem fylgdu því á síðasta þingi.

Athugasemdir við einstakar greinar og kafla frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með hugtakinu greiðsluaðlögun í lögum þessum er átt við að hægt verði að leysa skuldara að hluta undan fjárhagslegum skuldbindingum sem hann hefur tekist á hendur. Vissar kröfur eru þó ávallt undanþegnar greiðsluaðlögun, sbr. 2. mgr. 4. gr.

Gert er ráð fyrir að málsmeðferð í tengslum við umsókn um greiðsluaðlögun verði á einni hendi, þ.e. hjá sýslumanni, en heimilt er að kæra vissar ákvarðanir sýslumanns til héraðsdóms, sbr. VI. kafla. Kröfuhafi er bundinn af úrskurði um greiðsluaðlögun þegar hún hefur verið ákveðin. Hann getur þó í vissum tilvikum óskað eftir endurmati á ákvörðuninni, sbr. VIII. kafla.

Ekki þykir eðlilegt að fjallað verði um umsókn um greiðsluaðlögun meðan héraðsdómur hefur málefni skuldara til meðferðar á grundvelli laga um gjaldþrotaskipti, nr. 21/1991. Hins vegar er nauðsynlegt að frysta beiðnir um greiðslustöðvun, gjaldþrotaskipti eða nauðasamninga sem koma fram meðan umsókn um greiðsluaðlögun er til meðferðar hjá sýslumanni.

Um skýringu á 4. mgr. vísast í skýringar á 2. mgr. 40. gr. laga um gjaldþrotaskipti.

Um II. kafla.

Hér er mælt fyrir um þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi til að greiðsluaðlögun komi til greina. Hafa verður í huga að þessi skilyrði verða aldrei afmörkuð að fullu í lögum þar sem ávallt hlýtur að verða að meta hvert tilvik fyrir sig.

Um 2. gr.

Grunnforsendur fyrir því að greiðsluaðlögun sé heimil eru annars vegar að skuldari eigi lögheimili hér á landi og hins vegar að hann stundi ekki atvinnurekstur. Með atvinnurekstri er hér átt við atvinnurekstur í skilningi skattalaga. Ef þessar forsendur eru uppfylltar á skuldari rétt á greiðsluaðlögun ef skilyrðum 1.–3. tölul. er fullnægt. Nokkuð auðvelt á að vera að ganga úr skugga um hvort skilyrðum 1. og 2. tölul. er fullnægt, þ.e. hvort sýnt sé að samanlagðar tekjur dugi ekki til að standa undir fjárhagslegum skuldbindingum og hvort bú skuldara sé nokkuð í greiðslustöðvun, undir gjaldþrotaskiptum eða nauðasamningar komist á. Skilyrði 3. tölul. um hvort greiðsluaðlögun teljist sanngjörn með tilliti til persónulegra og fjárhagslegra aðstæðna skuldara er hins vegar mjög matskennt. Í 2. mgr. kemur fram hvað beri að hafa í huga við mat á því hvort þetta skilyrði er uppfyllt. Tilgangurinn með þessum lögum er að veita þeim einstaklingum, sem stofnað hafa til skuldbindinga sem þeir ráða ekki við, kost á niðurfellingu þeirra skulda að hluta. Aðeins í þeim tilvikum þar sem ólíklegt er að skuldari hafi, þegar til hinna fjárhagslegu skuldbindinga var stofnað, átt að geta séð fyrir mjög breyttar aðstæður í framtíðinni hlýtur greiðsluaðlögun að teljast sanngjörn en ekki ef líklegt er að skuldara hafi mátt vera ljóst þegar til lánanna var stofnað að hann mundi ekki standa undir greiðslubyrði á þeim lánum. Því miður er nokkuð ríkjandi í okkar íslenska þjóðfélagi að menn fari út í alls konar fjárfestingar án þess að hafa reiknað dæmið til fulls með það að leiðarljósi að þetta hljóti að reddast einhvern veginn. Það væri engan veginn sanngjarnt með tilliti til þeirra sem fara ekki út í fjárfestingar nema hafa eftir bestu getu reiknað út að þeir séu borgunarmenn fyrir þeim skuldum sem stofnað er til að fyrrnefndi hópurinn gæti treyst á að redda sér fyrir horn ef dæmið gengur ekki upp með því að óska eftir greiðsluaðlögun. Þær aðstæður eru samt alltaf að koma upp að menn sem töldu sig hafa allt sitt á þurru þegar til tiltekinna fjárfestinga var stofnað eru skyndilega ekki lengur borgunarmenn fyrir skuldum sínum, t.d. vegna þess að þeir hafa óvænt misst vinnu sína eða jafnvel að ríkið hefur verið að bæta á einhverjum álögum sem ekki voru fyrir hendi þegar þeir gerðu sína útreikninga í upphafi. Það er fyrst og fremst í þessum tilvikum sem greiðsluaðlögun getur talist sanngjörn skv. 3. tölul. þessarar greinar.

Um 3. gr.

Þau úrræði, sem frumvarp þetta mælir fyrir um, hljóta alltaf að vera alger undantekningarúrræði sem ekki er gripið til fyrr en allar aðrar dyr virðast lokaðar. Því er ekki eðlilegt að hver einstakur aðili eigi rétt á greiðsluaðlögun nema einu sinni. Þó er gert ráð fyrir að víkja megi frá þessu í sérstökum tilvikum ef sýslumaður metur það svo, en þá undanþágu verður að skýra mjög þröngt.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er mælt fyrir um hvaða kröfur falla undir greiðsluaðlögun og um réttháð þeirra.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. kemur fram sú meginregla að allar fjárkröfur á hendur skuldara geti fallið undir greiðsluaðlögun, en í 2. mgr. eru taldar upp undantekningarnar frá þessari meginreglu.

Ekki þykir eðlilegt að kröfur, sem tryggðar eru með veðrétti í eign skuldara, falli undir greiðsluaðlögun enda er þar um kröfur að ræða sem almennt njóta forgangsréttar í réttarfarsframkvæmd. Það er líka skilyrði til að kröfur geti fallið undir greiðsluaðlögun að þær séu gjaldfallnar. Í 3. tölul. er sambærileg regla við ákvæði í 5. tölul. 1. mgr. 28. gr. laga um gjaldþrotaskipti. Loks þykir ekki eðlilegt að greiðsluaðlögun nái til krafna sem ágreiningur er uppi um.

Um 5. gr.

Almenna reglan er sú að allar kröfur sem greiðsluaðlögun lýtur að eru jafnréttháar, en þó er gerð undantekning í tveimur tilvikum. Annars vegar þegar um það er að ræða að kröfuhafi samþykkir að aðrar kröfur gangi framar hans eigin og hins vegar þegar upphæð kröfu er mjög lág með tilliti til annarra krafna og sérstakar ástæður mæla með því að viðkomandi kröfuhafi fái sína kröfu greidda að fullu. Þessi síðarnefnda heimild er sett inn til einföldunar á framkvæmd greiðsluaðlögunar auk þess kröfuhafar væru lítt betur settir þó slíkar smákröfur yrðu teknar með. Það er lagt á sýslumann að meta hvenær krafa telst það lág að rétt sé að greiða hana að fullu.

Um IV. kafla.

Hér eru settar fram reglur um meðferð og form umsóknar um greiðsluaðlögun.

Um 6. gr.

Umsókn um greiðsluaðlögun skal vera skrifleg og beint til sýslumanns í réttu umdæmi. Til að einfalda alla málsmeðferð er gert að skilyrði að hún sé útfyllt á staðlað eyðublað sem sýslumaður lætur í té. Þannig er tryggt að samræmi verði milli umsókna og sýslumaður ætti því að eiga mun hægara um vik að taka afstöðu til hvers einstaks máls.

2. og 3. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Hér eru talin upp þau atriði sem fram þurfa að koma í umsókn. Þessar upplýsingar eiga að vera þessi eðlis að sýslumaður eigi auðvelt með að meta hvort yfir höfuð sé ástæða til frekara framhalds málsins eða ekki. Jafnframt eiga þær að flýta fyrir allri vinnu við málið. Ekki er ástæða til að skýra nákvæmlega alla töluliðina en þó skal tekið fram að 5. tölul. er hafður með fyrst og fremst til að skuldari geti reynt að sannfæra sýslumann um raunverulega þörf hans á að fá að njóta þeirrar skuldaniðurfærslu sem lögin mæla fyrir um.

Um V. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um málsmeðferðina hjá sýslumanni. Rétt er að geta þess að um sérstakt hæfi sýslumanns gilda ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Um 8. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um leiðbeiningarskyldu sýslumanns gagnvart skuldara og sýslumanni jafnframt gert að vísa umsókn um greiðsluaðlögun frá ef formskilyrðum er enn ekki fullnægt eftir að hann hefur leiðbeint skuldara um hverju var áfátt.

Um 9. gr.

Hér er mælt fyrir um heimildir sýslumanns til upplýsingaöflunar við meðferð máls. Hann getur bæði leitað eftir upplýsingum um aðstæður skuldara hjá bönkum og opinberum stofnunum, sbr. 27. gr., eða kallað skuldara eða aðra til viðtals.

Um 10. gr.

Ef skuldari fullnægir ekki þeim skilyrðum sem sett eru í 2. og 3. gr. laganna ber sýslumanni skylda til að hafna umsókn. Um rökstuðning og tilkynningu slíkrar höfnunar fer samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

Um 11. gr.

Þessi grein inniheldur ákvæði um form tillögu að greiðsluaðlögun sem sýslumaður leggur fram í samráði við skuldara. Þar skal í fyrsta lagi tekið fram hvaða kröfur muni falla undir greiðsluaðlögunina og hvort einhverjar þeirra séu rétthærri en aðrar. Í öðru lagi þarf að koma skýrt fram hver sú upphæð er sem kemur til skipta milli kröfuhafa og einnig heildarupphæð þeirra krafna sem lagt er til að falli niður. Í þriðja lagi skal tillagan innihalda greiðsluáætlun sem segir til um hvenær og hvernig eftirstöðvar skulda skv. 2. tölul. verða greiddar til kröfuhafa.

Greiðsluáætlun hlýtur ávallt að byggjast á mati á greiðslugetu skuldara. Greiðslugetan miðast við tekjur skuldara að frádregnum föstum framfærslukostnaði. Eðlilegt er að tekið sé tillit til heildartekna beggja aðila ef um hjón eða sambúðaraðila er að ræða.

Lagt er til að meginreglan verði sú að greiðsluáætlun nái til fimm ára nema sérstakar ástæður mæli til annars. Ætla má að slíkar sérstakar ástæður geti helst leitt til þess að rök séu fyrir að skuldari fái að greiða skuldir sínar niður á lengri tíma.

Um 12. gr.

Eftir að tillaga að greiðsluaðlögun hefur verið lögð fram er nauðsynlegt að kröfuhafar fái ráðrúm til að kynna sér hana og taka afstöðu til þess hvort þeir geti sætt sig við viðkomandi tillögu. Sýslumanni er samkvæmt þessari grein gert skylt að sjá til þess að öllum kröfuhöfum sem vitað er um sé send tillagan. Til að tryggja að tilkynningin skili sér er eðlilegt að sýslumaður sendi hana í ábyrgðarpósti til móttakenda. Tveggja vikna fresturinn byrjar að líða frá þeim tíma sem kröfuhafar áttu kost á að kynna sér tillöguna. Til að allir sem eiga hagsmuni af því hvort greiðsluaðlögun kemst á eða ekki séu meðvitaðir um þróun mála ber sýslumanni einnig að senda tillöguna með sama hætti til allra þeirra sem sett hafa sig í ábyrgð fyrir skuldara.

Um 13. gr.

Svo fljótt sem kostur er eftir að sá frestur, sem um getur í 12. gr., er liðinn skal sýslumaður taka afstöðu til þeirra athugasemda sem borist hafa. Kröfuhöfum skal kynnt bréflega á rökstuddan hátt hver afstaða var tekin til athugasemda þeirra. Hér gæti t.d. verið um það að ræða að tiltekinn kröfuhafi hafi talið sig eiga fleiri kröfur á skuldarann en fram koma í tillögu að greiðsluaðlögun en sýslumaður bendi honum á það að þær kröfur falli ekki undir greiðsluaðlögun skv. III. kafla. Ef sýslumaður sér ástæðu til að breyta tillögu á grundvelli innsendra athugasemda skal tilkynnt um það á sama hátt og gert var í upphaflegri tilkynningu, nema ekki skal þá gefinn frestur til að skila inn frekari athugasemdum.

2. og 3. mgr. þarfnast ekki sérstakrar skýringar.

Um 14. og 15. gr.

Eftir að sýslumaður hefur tekið ákvörðun um greiðsluaðlögun á grundvelli 3. mgr. 13. gr. skal sú ákvörðun birt í Lögbirtingablaði ásamt áskorun til kröfuhafa um að lýsa kröfum sínum. Þannig á öllum þeim sem telja sig eiga kröfu á hendur viðkomandi skuldara að gefast kostur á að lýsa þeim. Ekki er víst að allir hafi gefið sig fram eftir tilkynningu skv. 12. gr. því þar er sýslumanni aðeins ætlað að senda tillögu að greiðsluaðlögun til þeirra skuldara sem vitað er um. Sýslumaður getur einnig skv. 14. gr. ákveðið að ákvörðunin skuli birt í dagblöðum auk Lögbirtingablaðs ef hann hefur ástæðu til að ætla að auglýsing í Lögbirtingablaði einu saman nái ekki til allra skuldara. Eftir að innköllunarfrestur er liðinn skal sýslumaður aftur birta tilkynningu í Lögbirtingablaði og telst greiðsluaðlögun komin til framkvæmda frá þeim degi sem sú birting fer fram. Ef hins vegar eftir birtingu skv. 14. gr. koma fram kröfur sem ekki voru þekktar áður og sýslumaður telur ástæðu til að taka tillit til frestast birting skv. 15. gr. þangað til endanleg ákvörðun hefur verið tekin.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla er gert ráð fyrir að bæði skuldari og kröfuhafi geti kært ákvörðun sýslumanns til héraðsdóms.

Um 16. gr.

Kæruheimild kröfuhafa er bundin við það eitt að hann uni ekki ákvörðun sýslumanns um greiðsluaðlögun en skuldari getur einnig skotið einstökum ákvörðunum sýslumanns í tengslum við málsmeðferðina til héraðsdóms, sbr. 2. mgr. 16. gr.

Um 17. gr.

Um málsmeðferð fyrir héraðsdómi gilda ákvæði aðfararlaga. Héraðsdómur getur þannig aðeins tekið afstöðu til þeirrar kæru sem undir hann er borin og á þeim grunni jafnvel hnekkt ákvörðun sýslumanns en dómurinn getur hins vegar ekki tekið sjálfstæða ákvörðun um að greiðsluaðlögun skuli heimiluð.

Um 18. gr.

Héraðsdómur úrskurðar í kærumálum og verða þeir úrskurðir ekki bornir undir æðra dómsstig. Eftir að héraðsdómur hefur fellt úrskurð sinn getur skuldari farið með málið að nýju fyrir sýslumann svo framarlega sem úrskurður dómsins hefur ekki verið þess efnis að umsókn skuldara fullnægi ekki skilyrðum II. og III. kafla.

Um 19. gr.

Við birtingu skv. 15. gr. telst greiðsluaðlögun komin til framkvæmda. Þá fellur jafnframt niður greiðsluskylda skuldara á öllum kröfum sem falla undir greiðsluaðlögunina og ekki eiga að fást greiddar samkvæmt henni. Þetta á einnig við um kröfur sem ekki var vitað um þegar málið var til meðferðar og kröfuhafi lýsir ekki á grundvelli 14. gr.

Á sama tíma falla einnig niður allir vextir af þeim kröfum sem um getur í 1. mgr. Vextir falla hins vegar ekki niður af þeim kröfum sem skuldara er eftir sem áður gert að greiða.

Eins og fram kemur í 1. mgr. eru þeir kröfuhafar, sem falla undir greiðsluaðlögunina, bundnir við þá niðurfærslu á kröfum þeirra sem greiðsluaðlögunin segir til um eftir birtingu skv. 15. gr. Allar nýjar kröfur, sem stofnast eftir það tímamark, sem og kröfur sem ekki féllu undir greiðsluaðlögunina skv. 2. mgr. 4. gr., eru hins vegar óháðar þessum réttaráhrifum og kröfuhafar geta því á grundvelli þeirra neytt allra úrræða sem lög veita þeim til að ná fram sínum rétti. Ákvörðun um greiðsluaðlögun leysir ábyrgðarmenn ekki undan skuldbindingum sínum enda væri það ekki sanngjarnt gagnvart kröfuhöfum. Þó má reikna með því að með greiðsluaðlögun aukist líkur á því að skuldari geti greitt einhvern hluta af þeim lánum sem aðrir eru í ábyrgð fyrir.

Um VIII. kafla.

Samkvæmt þessum kafla getur sýslumaður breytt eða fellt greiðsluaðlögun úr gildi eftir að hún er komin til framkvæmda, ýmist af sjálfsdáðum eða samkvæmt beiðni kröfuhafa eða skuldara. Þessar heimildir eru óháðar kærufresti VI. kafla og koma fyrst og fremst til ef forsendur hafa breyst verulega frá því að ákvörðun um greiðsluaðlögun var tekin og það stafar annaðhvort frá skuldara sjálfum eða breyttum ytri aðstæðum.

Um 20. gr.

Um skýringu á 1. og 2. tölul. þessarar greinar vísast að nokkru til III. kafla samningalaga, nr. 7/1936. Með orðalaginu „á fölskum forsendum“ í 1. tölul. er meðal annars átt við ef skuldari hefur sviksamlega þagað yfir upplýsingum sem ætla má að hefðu haft áhrif á ákvörðun kröfuhafa um hvort hann ætti að fallast á tillögu um greiðsluaðlögun. Það að láta vísvitandi í té rangar upplýsingar, sbr. 2. tölul., er sambærilegt við svikahugtak III. kafla samningalaga eins og það hefur verið skýrt. Um skýringu á 3. tölul. vísast í skýringu á 2. tölul. og einnig er rétt að hafa XV. kafla almennra hegningarlaga í huga í þessu sambandi. Skv. 4. tölul. getur kröfuhafi lagt fram beiðni um endurmat ef skuldari hefur ekki greitt honum í samræmi við það sem fram kemur í greiðsluáætlun. Orðin „lítils háttar frávik“ í þessu sambandi verður að skýra þröngt. Ætla má að 5. tölul. hafi að geyma það úrræði sem kröfuhafar munu helst notfæra sér af þeim sem greinin kveður á um.

Beiðni um endurmat skv. 1.–3. tölul. verður skv. 2. mgr. að koma fram innan árs frá því að greiðsluaðlögun kom til framkvæmda enda er þar um atriði að ræða sem líklegt er að komi fljótt upp á yfirborðið en þau atriði sem um getur í 4. og 5. tölul. eru þess eðlis að ekki er víst að á þau fari að reyna fyrr en líða tekur á greiðsluaðlögunartímann.

Eðlilegt er að öllum hlutaðeigandi aðilum sé gefinn kostur á að tjá sig um endurmatsbeiðni.

Um 21. gr.

Með þessu ákvæði er skuldara veitt heimilt til að óska eftir endurmati ef aðstæður hafa breyst verulega eftir að greiðsluaðlögun kom til framkvæmda. Fyrst og fremst er hér verið að vísa í þau tilvik þar sem aðstæður skuldara hafa versnað til muna frá því að greiðsluaðlögun átti sér stað, en þó gæti skuldari einnig óskað eftir endurmati á grundvelli þessarar greinar ef staða hans hefði batnað það mikið að hann sæi sér fært að greiða stærri hluta af skuldum sínum en greiðsluaðlögunin gerir ráð fyrir. Með orðunum „veruleg breyting“ er átt við að augljóst sé að aðstæður skuldara hafi versnað það mikið að eðlilegt sé að draga enn frekar úr greiðslubyrði hans ef greiðsluaðlögunin á að ná þeim tilgangi sínum að hjálpa skuldaranum yfir erfiðasta hjallann.

Um skýringu á 2. mgr. vísast í skýringu á 3. mgr. 20. gr.

Um 22. gr.

Hér er sýslumanni veitt heimild til að endurmeta ákvörðun um greiðsluaðlögun ex officio. Skilyrði fyrir því að hann geti gert það er að einhverjar upplýsingar hafi komið fram sem hefðu leitt til höfnunar á greiðsluaðlögun í upphafi ef þær hefðu þá legið fyrir.

Um IX. kafla.

Hér eru talin upp nokkur ákvæði í lokin svo sem um í hvaða tilvikum meðferð máls skuli hætt, um að samkomulag, sem gert er utan við greiðsluaðlögunina þar sem einhverjum kröfuhafa er lofað hærri greiðslum, sé ógilt og um upplýsingaskyldu aðila sem sýslumaður eða héraðsdómur leitar til vegna greiðsluaðlögunarmáls.

Um 24. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 25. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 26. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 27. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 28. gr.

Eins og fram kemur í almennri greinargerð er ástand á mörgum heimilum í landinu orðið mjög slæmt og því brýnt að bregðast skjótt við. Hins vegar er nauðsynlegt að framkvæmdin sé sem tryggust og því þarf að veita stjórnvöldum ákveðinn undirbúningstíma áður en jafnviðamiklar breytingar koma til framkvæmda.

83. Frumvarp til laga [42. mál]

um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 119. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Setja skal á fót nefnd er hafi það hlutverk að ákveða fiskverð sem nota skal við uppgjör á aflahlut áhafnar einstakra skipa svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Í nefndinni eiga sæti sjö menn, einn tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, einn af Sjómannasambandi Íslands, einn af Vélstjórafélagi Íslands, þrír af Landssambandi íslenskra útvegsmanna og formaður sem sjávarútvegsráðherra skipar að höfðu samráði við framangreind samtök sjómanna og útvegsmanna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

Úrskurðarnefnd ræður starfsfólk eða semur við aðra aðila um að annast starfsemi fyrir nefndina eftir því sem hagkvæmt þykir.

2. gr.

Úrskurðarnefnd skal afla ítarlegra gagna um fiskverð. Skal hún með skipulögðum hætti vinna úr upplýsingunum sundurliðað yfirlit um fiskverð á einstökum landsvæðum. Nefndin skal reglulega birta upplýsingar um fiskverð þannig að þær gagnist útvegsmönnum og sjómönnum sem best. Þá skal nefndin afla gagna um afurðaverð og horfur um þróun þess.

3. gr.

Takist ekki samningar milli útgerðar og áhafnar fiskiskips um fiskverð, sem nota skal við uppgjör á aflahlut þegar afli skipsins er afhentur eða seldur aðila sem telst skyldur útgerðinni, geta þau heildarsamtök sjómanna og útvegsmanna sem standa að tilnefningu úrskurðarnefndar skv. 1. gr. hvor um sig skotið málinu til úrlausnar nefndarinnar, í samræmi við ákvæði kjarasamninga aðila þar að lútandi.

Á sama hátt geta heildarsamtök sjómanna skotið til nefndarinnar ákvörðun fiskverðs í viðskiptum útgerðar við aðila sem ekki telst skyldur útgerðinni ef samningar um slíkt verð hafa ekki tekist innan viku frá því að áhöfn skips óskaði slíkra samninga.

Útgerð og viðskiptaaðili hennar teljast skyld í þessu sambandi ef þau eru í eigu eða rekstri sama aðila, eða ef sami aðili á meiri hluta beggja fyrirtækjanna, svo sem meiri hluta stofnfjár eða hlutafjár eða fer með meiri hluta atkvæðisréttar í þeim báðum eða hefur með öðrum hætti raunveruleg yfirráð þeirra beggja. Sama á við ef annað fyrirtækið hefur raunveruleg yfirráð yfir hinu með eignaraðild, atkvæðisrétti eða með öðrum hætti.

4. gr.

Úrskurðarnefnd skal ákvarða fiskverð til uppgjörs á aflahlut sjómanna í þeim tilvikum sem til hennar er skotið skv. 3. gr. Gildir ákvörðunin eingöngu um fiskverð gagnvart áhöfn þess skips sem málskotið varðar en ekki gagnvart áhöfnum annarra skipa sömu útgerðar. Ákvörðun nefndarinnar um fiskverð í viðskiptum milli óskyldra aðila, sbr. 3. gr., gildir um verð í öllum slíkum viðskiptum á gildistíma ákvörðunar.

Ákvörðun nefndarinnar nær til verðs fyrir afla sem landað er eftir að málinu var skotið til hennar ef ákvörðun varðar viðskipti milli skyldra aðila, en til verðs fyrir afla sem landað er eftir að ákvörðun nefndarinnar er tilkynnt aðilum ef hún varðar viðskipti milli óskyldra aðila. Nefndin ákveður sjálf hversu lengi ákvörðun hennar skuli gilda. Þó skal hún aldrei gilda lengur en í þrjá mánuði.

Ákvörðun nefndarinnar um fiskverð, hvort sem hún varðar viðskipti milli skyldra aðila eða óskyldra, gildir ekki þegar afli er seldur á innlendum eða erlendum uppboðsmörkuðum.

5. gr.

Úrskurðarnefnd skal við ákvörðun sína taka mið af upplýsingum sem safnað hefur verið á hennar vegum skv. 2. gr.

Nefndin skal við ákvörðun sína taka mið af því fiskverði sem algengast er við sambærilega ráðstöfun afla. Skal í því sambandi tekið mið af verði í nærliggjandi byggðarlögum fyrir sambærilegan fisk að stærð og gæðum. Þá skal nefndin taka tillit til líklegrar þróunar afurðaverðs. Varði ákvörðun nefndarinnar fiskverð í skiptum óskyldra aðila skal og taka tillit til heildarráðstöfunar á afla skips.

6. gr.

Úrskurðarnefnd skal leita upplýsinga hjá útgerð og áhöfn um öll þau atriði er máli kunna að skipta varðandi úrlausn í tilteknu máli. Er þessum aðilum svo og þeim aðilum sem hafa átt viðskipti með afla við útgerðina skylt að veita nefndinni allar þær upplýsingar er máli geta skipt og aðgang að öllum gögnum sem þýðingu hafa.

7. gr.

Þegar eftir að máli er skotið til úrskurðarnefndar skulu þeir nefndarmenn sem tilnefndir eru af heildarsamtökum sjómanna og útvegsmanna taka málið til umfjöllunar. Nái þeir ekki samkomulagi um ákvörðun fiskverðs innan 14 daga skal málið tekið fyrir í fullskipaðri nefnd og skal hún kveða upp úrskurð innan 7 daga.

Samkomulagi nefndarinnar um fiskverð skulu fylgja forsendur þess en úrskurður fullskipaðrar nefndar skal vera rökstuddur.

8. gr.

Ákvörðun úrskurðarnefndar um fiskverð hvort sem hún byggir á samkomulagi eða úrskurði er bindandi gagnvart útgerð og allri áhöfn skips á gildistíma hennar og er óheimilt að semja um annað fiskverð við einstaklinga í áhöfn. Skal ákvörðun nefndarinnar lögð til grundvallar fyrir dómi, nema svo sé ástatt sem um er rætt í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 53/1989, um samningsbundna gerðardóma. Hafi skip landað afla hjá aðila er telst skyldur útgerð eftir að máli var skotið til nefndarinnar en áður en úrskurður er upp kveðinn getur nefndin úrskurðað um aflahlut áhafnar vegna þess afla. Er sá úrskurður aðfararhæfur, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 53/1989.

9. gr.

Þegar úrskurður er kveðinn upp ræður afl atkvæða úrslitum í úrskurðarnefnd. Um hæfi nefndarmanna til meðferðar einstaks máls og málsmeðferð að öðru leyti fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, eftir því sem við getur átt.

10. gr.

Nefndarmönnum er óheimilt að skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þeir komast að í störfum sínum.

11. gr.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Þó skulu heildarsamtök útvegsmanna og sjómanna hver um sig bera kostnað af þeim fulltrúum sem hlutaðeigandi samtök hafa tilnefnt til setu í nefndinni.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi 1.–9. gr. laga nr. 79 19. maí 1994, um samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna og um breytingu á lögum nr. 24 7.

maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 25. maí sl. hófst verkfall á fiskiskipaflotanum utan Vestfjarða. Meðal þess sem deilan snerist um var ákvörðun fiskverðs til viðmiðunar við hlutaskipti þegar fiskur er ekki seldur á uppboðsmarkaði innan lands eða erlendis. Samningaviðræður gengu erfiðlega en aðilar náðu þó efnislega samkomulagi um mörg þeirra atriða sem um var deilt, þar á meðal um ákvörðun skiptaverðs. Að kvöldi 9. júní lagði ríkissáttasemjari síðan fram miðlunartillögu í deilunni. Hafði hún að geyma alla þá þætti sem samkomulag hafði náðst um í viðræðum aðila en fjallar ekki um önnur atriði. Er miðlunartillagan birt sem fskj. I með frumvarpi þessu. Tillagan verður borin undir atkvæði sjómanna mánudaginn 12. þessa mánaðar.

Í þriðja kafla miðlunartillögunnar eru ákvæði um skiptaverð og sölu afla. Er þar gert ráð fyrir því að sé fiskur seldur aðila sem telst skyldur útgerð skuli útgerð og áhöfn gera með sér samning um fiskverð. Þá er gert ráð fyrir því að áhöfn geti krafist að samningur sé gerður við útgerð varðandi fisk sem seldur er óskyldum aðila, enda sé hann ekki seldur á innlendum eða erlendum uppboðsmarkaði. Náist ekki samkomulag um fiskverð í framangreindum tilvikum má skjóta málinu til sérstakrar úrskurðarnefndar er ákveður fiskverð eftir nánar tilgreindum viðmiðunum. Aðilar að kjaradeilunni höfðu eins og að framan getur náð samkomulagi um þessi atriði þegar miðlunartillagan var flutt og byggir hún alfarið á því samkomulagi. Telja samtök útvegsmanna og sjómanna að nauðsynlegt sé að skjóta lagastoðum undir störf úrskurðarnefndarinnar og fóru þess á leit við sjávarútvegsráðherra að hann flytti frumvarp um það efni ef kjarasamningar tækjust á þessum grundvelli. Er með flutningi frumvarps þessa orðið við þeirri ósk og hefur texti frumvarpsins verið saminn í samráði við heildarsamtök sjómanna og útvegsmanna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að í úrskurðarnefndinni eigi sæti sjö manns er ráðherra skipar. Skulu heildarsamtök sjómanna hver um sig tilnefna einn mann en Landssamband íslenskra útvegsmanna þrjá. Ráðherra skipar nefndinni formann, án þess að fá til þess tilnefningar, en samráð skal haft við heildarsamtök sjómanna og útvegsmanna áður en formaður er skipaður. Varamenn yrðu skipaðir með sama hætti og aðalmenn.

Um 2. gr.

Í þessari grein er lögð sú skylda á nefndina að leita viðeigandi upplýsinga, vinna úr þeim með skipulögðum hætti og birta upplýsingar um fiskverð. Er greinin hliðstæð ákvæðum 2. gr. laga nr. 79/1994, um samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna og um breytingu á lögum nr. 24 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, með síðari breytingum. Í lögum nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, eru lagðar margvíslegar hömlur á skráningu og vinnslu upplýsinga með skipulögðum hætti. Orðalag 2. gr. felur í sér að þar sem þörf er á ganga ákvæði laga þessara framar ákvæðum tilvitnaðra laga frá 1989.

Um 3. gr.

Samkvæmt miðlunartillögu sáttasemjara skulu útgerðarmaður og áhöfn gera sín í milli

samning um fiskverð þegar útgerð selur afla til eigin vinnslu, þ.e. í viðskiptum milli skyldra aðila. Er í I-lið 3.0 tölul. miðlunartillögunnar kveðið nánar á um hvernig að gerð slíks samnings skuli staðið. Ef samkomulag næst ekki milli útgerðar og sjómanna um slíkan samning geta þau heildarsamtök sjómanna og útvegsmanna er standa að tilnefningu úrskurðarnefndarinnar hvor um sig skotið málinu til úrlausnar nefndarinnar.

Í III-lið 3.0 tölul. miðlunartillögu sáttasemjara er kveðið á um ráðstöfun afla í skiptum milli óskyldra aðila. Er þar kveðið á um að sé afli seldur til óskyldra aðila án milligöngu uppboðsmarkaðar geti áhöfn krafist samnings um uppgjörsverð fyrir þann afla. Takist slíkir samningar ekki innan viku geta fyrrnefnd heildarsamtök sjómanna skv. 2. mgr. greinarinnar skotið málinu til úrlausnar úrskurðarnefndarinnar.

Í 3. mgr. er leitast við að skilgreina hvenær útgerð og viðskiptaaðili hennar teljist skyld í merkingu laganna. Er þar m.a. leitað fyrirmynda í 2. gr. laga nr. 34/1991.

Um 4. gr

Í 1. mgr. er kveðið á um gildissvið einstakra ákvarðana úrskurðarnefndar. Hver ákvörðun nefndarinnar gildir einungis um fiskverð gagnvart áhöfn þess skips sem málskotið varðar en ekki gagnvart áhöfnum annarra skipa sömu útgerðar. Því er vel hugsanlegt t.d. að samkomulag náist um fiskverð í viðskiptum milli útgerðar og áhafnar eins skips útgerðar en að ákvörðun nefndarinnar komi ekki til gagnvart áhöfn á öðru skipi útgerðar. Þá getur nefndin t.d. úrskurðað um viðskipti milli óskyldra aðila gagnvart skipi þar sem þegar hefur gengið ákvörðun um viðskipti milli skyldra aðila og tvær ákvarðanir nefndarinnar því verið í gildi samtímis um fiskverð milli útgerðar og áhafnar tiltekins skips. Ákvörðun sem nefndin tekur um fiskverð milli óskyldra aðila gildir hins vegar að sjálfsögðu um verð í öllum slíkum viðskiptum á gildistíma ákvörðunarinnar.

Í 2. mgr. er kveðið á um gildistíma ákvörðunar. Í samræmi við sáttatillöguna er upphaf gildistíma mismunandi eftir því hvort ákvörðunin varðar viðskipti milli skyldra eða óskyldra aðila. Nefndin ræður sjálf gildistíma ákvörðunar sem þó skal að hámarki vera þrír mánuðir.

Um 5. gr.

Hér eru tilgreind hin almennu atriði sem úrskurðarnefnd skal taka mið af við ákvarðanir sínar. Er í þeim efnum byggt á II-lið í 3.0 tölul. miðlunartillögunnar.

Um 6. gr.

Hér er lögð sú skylda á úrskurðarnefnd að leita upplýsinga hjá útgerð og áhöfn um þau atriði er máli skipta við úrskurð nefndarinnar. Jafnframt er kveðið á um aðgang nefndarinnar að upplýsingum er máli skipta.

Um 7. gr.

Gengið er út frá því að ákvörðun úrskurðarnefndar geti ýmist verið í formi samkomulags eða úrskurðar. Ákvörðun í samkomulagsformi er því aðeins gild að allir þeir sex nefndarmenn, sem tilnefndir eru af hálfu samtaka sjómanna og útvegsmanna, séu henni sammála. Ef slíkt samkomulag næst ekki innan 14 daga frá því máli er skotið til nefndarinnar skv. 3. gr. frumvarpsins skal nefndin öll fjalla um málið og kveða upp úrskurð innan sjö daga þaðan í frá, þ.e. innan þriggja vikna frá því málið barst nefndinni.

Forsendur skulu fylgja samkomulagi, ef það næst, og rökstuðningur skal fylgja úr-

skurði nefndarinnar. Um efni rökstuðnings vísast til 22. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, sbr. 9. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Ákvörðun úrskurðarnefndar er bindandi fyrir þá útgerð og áhöfn sem í hlut á hvort sem hún byggir á samkomulagi eða úrskurði. Samningur sem kynni að hafa verið gerður um annað verð við uppgjör á aflahlut áhafnar væri því ógildur. Venjulegast lyti ákvörðun nefndarinnar aðeins að því viðmiðunarverði sem aflahlutir einstakra skipverja yrðu reiknaðir út frá. Slík ákvörðun væri bindandi fyrir báða aðila á sama hátt og gerðardómsúrskurður ef til dómsmáls kæmi, t.d. vegna ágreinings um útreikning á aflahlut eða vegna vanefnda á greiðslu hlutar. Um atvik sem gætu leitt til þess að úrskurði nefndarinnar yrði hnekkt fyrir dómi vísast til 12. gr. laga nr. 53/1989, um samningsbundna gerðardóma, en þau gætu t.d. verið vanhæfi nefndarmanna eða verulegir ágallar á málsmeðferð.

Í því tilviki að skip hafi landað afla hjá skyldum aðila eftir að máli hefur verið skotið til nefndarinnar, en áður en úrskurður er upp kveðinn, er nefndinni þó veitt heimild til að kveða upp úrskurð um tiltekinn aflahlut áhafnar. Slíkur úrskurður er aðfararhæfur skv. 1. gr. laga nr. 90/1989, um aðför, á sama hátt og þegar gerðardómur hefur kveðið upp aðfararhæfan úrskurð.

Um 9. gr.

Ef skoðanir eru skiptar meðal nefndarmanna í úrskurðarnefnd gildir sama regla og í fjölskipuðum dómi, þ.e. að afl atkvæða ráði niðurstöðu. Ef ekki næst samstaða um tiltekið verð meðal meiri hluta nefndarmanna og þeir standa að þremur eða fleiri sérálitum skal byggja á áliti þeirra fjögurra eða fleiri sem hæst verð vilja ákveða, þó þannig að miðað sé við það verð sem lægst er meðal þeirra sem mynda þannig meiri hluta. Þetta skýrist best með dæmi: Ef þrír nefndarmanna vilja ákveða verð 100 krónur, fjórði nefndarmaðurinn 90 krónur og þrír nefndarmanna 80 krónur, þá mynda þeir fjórir fyrsttöldu meiri hlutann og niðurstaða nefndarinnar yrði 90 krónur.

Þar eð nefndin er skipuð af ráðherra er eðlilegt að um hæfi nefndarmanna til meðferðar einstakra mála og málsmeðferð að öðru leyti fari eftir ákvæðum stjórnsýslulaga eftir því sem við getur átt. Það þýðir m.a. að gefa skal aðilum kost á að tjá sig fyrir nefndinni sem væntanlega yrði gert um leið og leitað væri eftir upplýsingum hjá þeim skv. 6. gr. frumvarpsins.

Um 10. gr.

Þetta ákvæði um þagnarskyldu nefndarmanna þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Lagt er til að heildarsamtök útvegsmanna og sjómanna beri hvor um sig kostnað af þeim fulltrúum sem þau tilnefna í nefndina, en að öðru leyti greiðist kostnaður úr ríkissjóði.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Miðlunartillaga ríkissáttasemjara til lausnar kjaradeilu.

Sjómannasambands Íslands vegna aðildarfélaga þess, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands vegna aðildarfélaga þess, Vélstjórafélags Íslands

og

Vinnuveitendasambands Íslands vegna Landssambands íslenskra útvegsmanna vegna aðildarfélaga þess

lögð fram 9. júní 1995

Ofangreindum félögum er falin framkvæmd skriflegrar, leynilegrar atkvæðagreiðslu þar með talin samning kjörskrá og fjölföldun atkvæðaseðla skv. meðfylgjandi formi. Atkvæðagreiðsla má hefjast laugardaginn 10. júní eftir nánari ákvörðun hlutaðeigandi félaga og skal henni lokið eigi síðar en kl. 18:00 mánudaginn 12. júní n.k. Atkvæðum skal koma í lokuðum kjörkassa á skrifstofu ríkissáttasemjara fyrir kl. 22:00 mánudaginn 12. júní 1995 en þar fer talning fram og verður talið sameiginlega. Hverjum kjörkassa skal fylgja skilagrein þar sem fram kemur nafn viðkomandi félags, fjöldi á kjörskrá og fjöldi þeirra sem greiddu atkvæði. Sameiginlegt atkvæðamagn ræður úrslitum um samþykkt eða synjun. Þó er heimilt í samráði við ríkissáttasemjara að telja atkvæði á kjörstað og senda niðurstöður (fjöldi á kjörskrá, fjöldi greiddra atkvæða og úrslit) með símbréfi árituðu af trúnaðarmanni til skrifstofu ríkissáttasemjara nr. 562 2106. Að öðru leyti fer um framkvæmd og afgreiðslu miðlunartillögu skv. ákvæðum l. nr. 33/1978 um sáttastörf í vinnudeilum.

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS fyrir hönd Sjómannafélags Reykjavíkur, Sjómanna- og vélstjóradeilda Verkalýðsfélags Akraness, Sjómannadeildar Verkalýðsfélagsins Aftureldingar, Hellissandi, Verkalýðsfélagsins Jökuls Ólafsvík, Verkalýðsfélagsins Stjörnunnar, Grundarfirði, Verkalýðsfélags Stykkishólms, Verkalýðsfélags Skagastrandar, sjómannadeildar vlf. A-Húnvetninga, Verkalýðsfélagsins Hvatar, Hvammstanga, Verkalýðsfélagsins Fram, Sauðárkróki, Verkalýðsfélagsins Vöku, Siglufirði, Sjómannafélags Ólafsfjarðar, Sjómannafélags Eyjafjarðar, Verkalýðsfélags Húsavíkur, Verkalýðsfélags Raufarhafnar, Verkalýðsfélags Þórshafnar, Verkalýðsfélagsins Jökuls, Höfn Hornafirði, Sjómannafélagsins Jötuns, Vestmannaeyjum, Verkalýðsfélagsins, Bárunnar, Eyrarbakka, Verkalýðsfélagsins Bjarma Stokkseyri, Verkalýðs- og Sjómannafélags Sandgerðis, Verkalýðsfélagsins Þórs Selfossi, Verkalýðsfélagsins Boðans, Þorlákshöfn, Sjómanna- og Vélstjórafélags Grindavíkur, Verkalýðs- og sjómannafélags Gerðahrepps, Verkalýðs og sjómannafélags Keflavíkur og nágr., Sjómannafélags Hafnarfjarðar, Matsveinafélags Íslands, Sjómannad. vlf. Árvakurs, Eskifirði, Verkalýðsfélags Norðfirðinga, Neskaupstað, Sjómannad.vlf. Vopnafjarðar, Vopnafirði, Verkalýðsfélags Fáskrúðsfjarðar, Fáskrúðsfirði, Verkalýðsfélags Stöðvarfjarðar, Stöðvarfirði, Verkamannafélagsins Fram, Seyðisfirði, Verkalýðsfélags Reyðarfjarðar, Reyðarfirði, Verkalýðsfélags Djúpavogs, Djúpavogi og Verkalýðsfélags Breiðdalsvíkur.

FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBANDS ÍSLANDS fyrir hönd Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi, Skipstjóra- og stýrimannafélags Norðlendinga, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Vísis, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Hafþórs og Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Kára.

VÉLSTJÓRAFÉLAGS ÍSLANDS, Vélstjórafélags Suðurnesja og Vélstjórafélags Vestmannaeyja.

VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS V/ LANDSSAMBANDS ÍSL. ÚTVEGSMANNA fyrir hönd Útvegsmannafélags Reykjavíkur, Útvegsmannafélags Akraness, Útvegsmannafélags Snæfellsness, Útvegsmannafélags Norðurlands, Útvegsmannafélags Austfjarða, Útvegsmannafélags Hornafjarðar, Útvegsbændafélags Vestmannaeyja, Útvegsmannafélags Þorlákshafnar, Útvegsmannafélags Suðurnesja og Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar.

1.0. Kauptrygging og kaupliðir.

Kauptrygging verður sem hér segir:

Skipstjóri, 1.stýrimaður og yfirvélstjóri:	kr. 105.942.-
1. og 2. vélstjóri, vélavörður, 2. stýrimaður netamaður, bátsmaður og matsveinn:	kr. 88.284.-
Háseti:	kr. 70.629.-

Einstakir kaupliðir hækka um 3,3 % og fæðispeningar um 3,0 %.

1. janúar 1996 hækkar kauptrygging og aðrir kaupliðir um 3,0%.

Samkomulag um tímakaup

	dagvinna	yfirvinna	vikukaup
Skipstjóri	535.-	963.-	21400.-
1.stýrimaður	535.-	963.-	21400.-
2. stýrimaður	535.-	963.-	21400.-
Yfirvélstjóri	655.-	1180.-	26200.-
1. vélstjóri	548.-	986.-	21903.-
2. vélstjóri	548.-	986.-	21903.-
Vélavörður	548.-	986.-	21903.-
Undirmenn	366.-	659.-	14640.-

1. janúar 1996 hækkar tímakaup um 3,0 %

Breyting á hlífðarfatapeningum.

Ákvæði um orlofs- og desemberuppbót falli niður. Í þess stað skulu hlífðarfatapeningar vera sem hér segir frá gildistöku samningsins:

Hlífðarfatapeningar undirmanna	kr.	2.400 á mánuði
Hlífðarfatapeningar yfirmanna	kr.	2.005 á mánuði
Hlífðarfatapeningar vélstjóra og vélavarða innan SSÍ	kr.	2.036 á mánuði
Hlífðarfatapeningar dekkmanna á frystiskipum	kr.	3.120 á mánuði

2.0. Um skiptaverð þegar siglt er með aflann.

Þegar fiskiskip siglir með ísfisk til sölu í erlendri höfn skal skiptaverðmæti aflans til hlutaskipta, aflaverðlauna og aukaaflaverðlauna breytast sem hér segir sbr. ákvæði greinar 1.25 í kjarasamningi:

Frá staðfestingu samnings skal skiptaverð til hlutaskipta, aflaverðlauna og aukaaflaverðlauna vera 65,8% af því heidarverðmæti sem útgerðin fær fyrir aflann. Þann 1. janúar 1996 skal skiptaverðið vera 66,0% af heildarverðmæti aflans.

3.0. Um skiptaverð og sölu aflans.

I. Almennt.

Útgerðarmaður hefur með höndum sölu aflans og hefur til þess umboð áhafnar að því er aflahlut hennar varðar. Hann skal tryggja skipverjum hæsta gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en útgerðarmaður fær, þar með talin hrogn, lifur og bein. Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla kostnað vegna kaupa á veiðiheimildum, sbr. 1. gr. laga nr. 24/1986, sbr. 10. gr. laga nr. 79/1994 um breytingu á lögum nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun með síðari breytingum.

Eftirfarandi ákvæði eiga ekki við í þeim tilvikum, þegar afli er seldur á innlendum eða erlendum uppboðsmarkaði.

Útgerðarmaður skal hafa samráð við fulltrúa, sem kjörinn er af áhöfn í einfaldri kosningu, um áformaða sölu aflans fyrir a.m.k. mánuð í senn, og gera honum grein fyrir fyrirliggjandi upplýsingum um sölu og fiskverð.

Útgerðarmaður og áhöfn skulu gera sín í milli samning um fiskverð, þegar útgerð selur afla til eigin vinnslu, þ.e.a.s. í viðskiptum milli skyldra aðila. Til að slíkur samningur öðlist gildi, skal hann staðfestur í leynilegri atkvæðagreiðslu áhafnar og að því loknu undirritaður af fulltrúum áhafnar og útgerðar. Samningurinn skal vera í stöðluðu formi, þar sem fram komi m.a. verð einstakra fisktegunda, gildistími, uppsagnarákvæði o.s.frv.

Telji meirihluti áhafnar sig ekki eiga kost á samningi um sanngjarnt fiskverð samkvæmt framanskráðu, skal leita úrskurðar nefndar, sem samtök sjómanna og útvegsmanna koma sér saman um að skipuð verði. Með skyldum aðilum er átt við að útgerð og vinnsla séu í ráðandi eigu sömu aðila.

II. Úrskurðarnefnd.

Úrskurðarnefndin skal skipuð þremur fulltrúum frá hvorum aðila og oddamanni sem skipaður er af sjávarútvegsráðherra að höfðu samráði við samningsaðila. Nefndin skal láta í té rökstutt álit á því hvort tillaga útgerðar að fiskverði víki frá því sem algengast er við sambærilega ráðstöfun aflans. Skal þá taka tillit til fiskverðs í nærliggjandi byggðalögum fyrir sambærilegan fisk að stærð og gæðum svo og horfa um þróun afurðaverðs og þá m.a. styðjast við tiltækar upplýsingar um fiskverð sem unnar eru fyrir samningsaðila (verðskrár Samstarfsnefndar sjómanna og útvegsmanna).

Náist ekki samkomulag milli fulltrúa samtaka sjómanna og útvegsmanna í úrskurðarnefndinni innan 14 daga frá því mál er lagt fyrir hana, skal kveðinn upp úrskurður innan 7 daga og gildir hann þá frá því nefndinni barst málið til úrlausnar. Samkomulag eða úrskurður nefndarinnar skal gilda í allt að 3 mánuði eftir nánari ákvörðun hennar. Samkomulag eða úrskurður nefndarinnar er bindandi fyrir aðila á gildistímanum og skal lúta almennum réttarfarsreglum um samningsbundna gerðardóma, sbr. lög nr. 53/1989.

III Um ráðstöfun afla í skiptum milli óskyldra aðila.

Þegar afli er seldur milli óskyldra aðila, skal skipt úr því verði sem fyrir aflann fæst hverju sinni, sbr. 1. mgr. I. kafla. Ef afli er seldur beint milli óskyldra aðila án milligöngu innlendra eða erlendra fiskmarkaða, getur áhöfn krafist samnings um uppgjörsverð fyrir þann afla.

Kjósi áhöfn að kalla eftir slíkum samningi, skal það gert með minnst einnar viku fyrirvara og skal samningstími að jafnaði ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Náist ekki samkomulag um uppgjörsverð milli meirihluta áhafnar og útgerðar, skal vísa málinu til úrskurðar nefndar, skv. II. kafla, og skal þá taka tillit til heildarráðstöfunar aflans. Fiskverð skv. þessu skal gilda frá því úrskurður fellur.

Bráðabirgðaákvæði:

Samningum við sjómenn skv. framangreindu skal lokið eigi síðar en 30 dögum eftir að kjarasamningur þessi öðlast gildi.

BÓKUN

með kjarasamningi LÍÚ og sjómannasamtakanna.

Undirrituð samtök sjómanna og útvegsmanna hafa í tengslum við lausn á yfirstandandi kjaradeilu orðið ásátt um að leita í sameiningu samkomulags á vettvangi Verðlagsráðs sjávarútvegsins um ákvörðun grunnverðs á einstökum fisktegundum eftir því sem tilefni er til.

Samtökin telja að fullt tilefni geti verið til að ákvarða formlegt grunnverð með tímabundnum hætti og á einstökum fisktegundum til að koma í veg fyrir óeðlilega verðmyndun á fiski sem grafið geti undan frjálsu fiskverði.

Samtökin telja að dæmi séu um að verðlagning á þorski víki með óeðlilegum og ósanngjörnum hætti frá því sem almennt er og hafa því þegar sammælst um að leita eftir ákvörðun um grunnverð á slægðum þorski með haus fyrir þriggja mánaða tímabilið júní - ágúst 1995.

Komi síðar fram rökstutt tilefni til að styðja með hliðstæðum hætti við forsendur frjáls fiskverðs munu samtökin leita eftir hliðstæðu samkomulagi um setningu tímabundins grunnverðs. Þetta gildir einkum um verðmyndun á þorski en getur með sama hætti átt við um aðrar kvótabundar tegundir.

4.0. Grein 1.18 5. mgr. orðist þannig:

Matsveini ber að halda hreinum matsal skipsins og eldhúsi.

5.0. Grein 1.18, 6. mgr. orðist þannig:

Allir fæðisreikningar skulu viðurkenndir af matsveini. Matsveini er skylt að sjá til þess að innkaup á matvörum séu gerð með sem hagkvæmustum hætti.

6.0. Við grein 2.07 í kjarasamningi SSÍ og sambærilegar greinar í kjarasamningum FFSÍ og VSFÍ bætist ný málsgrein, um kostnað vegna beitu og orðist svo:

Þegar veitt er með haukalóð skal útgerðin sjá skipshöfn fyrir beitu henni að kostnaðarlausu, eins og gildir almennt á línuveiðum. Sé eigin afli notaður í beitu skal reikna andvirði aflans til hlutaskipta.

7.0. Um jóla- og áramótafrí, 1. maí og sjómannadag.

Ákvæði um frí 1. maí fellur út úr samningum aðila.

Öll fiskiskip skulu liggja í höfn um sjómannadag og hafa komið til hafnar eigi síðar en kl. 12.00 á hádegi á laugardegi fyrir sjómannadag og láta ekki úr höfn fyrr en kl. 12.00 á hádegi næsta mánudag. Samfellt frí í tengslum við sjómannadag skal þó vera 72 klst.og telst það til innunnina fría skv. samningi þessum. Skipverjar skulu ekki vera skyldir til vinnu á framangreindu tímabili nema öryggi skipsins sé í hættu. Að öðru leyti fer um frí á sjómannadaginn eftir því sem segir í lögum nr. 20/1987.

Á skipum sem stunda veiðar eftir samningi þessum skal skipverjum tryggt hafnarfrí frá kl. 12.00 á hádegi á Þorláksmessu til kl. 24.00 annan í jólum og frá kl. 16.00 á gamlársdag. til kl. 24.00 á nýjársdag. Hafnarfrí um jól er heimilt að telja sem 30 klst. í lágmarkshafnarfríum samkvæmt kjarasamningi en áramótafríið skal vera viðbót við lágmarkshafnarfrí samkvæmt kjarasamningi.

Ákvæðin um frí um sjómannadagshelgina og um jól og áramót eru frávíkjanleg ef um er að ræða skip sem ætlað er að sigla með afla sinn á erlendan markað, enda sé skipshöfn kunn sú fyrirætlan áður en veiðiferð hefst. Sé siglt á sjómannadegi eða jólum skulu skipverjar fá 36 klst. frí til viðbótar samningsbundnu lágmarksfríi að siglingu lokinni.

Tvær síðustu málsgreinar 7. mgr. og 8. mgr. í grein 9.05 um hafnarfrí á rækjuveiðum falla niður.

8.0. Hafnarfrí á skuttogurum og vinnsluskipum.

Hafnarfrí skal vera 1 klst. fyrir hverjar 6 1/2 klst. af útivistartíma skips. Hafnarfrí skal þó aldrei vera skemmri tími en 30 klst. að lokinni útivist hverju sinni.

Útivist skipsins skal reiknast frá því skipið leggur af stað úr höfn í veiðiferð til þess tíma sem skip kemur til hafnar og hafnarfrí hefst.

Um skiptimannakerfi á vinnsluskipum

Heimilt er, ef 2/3 áhafnar samþykkir í leynilegri atkvæðagreiðslu, að taka upp fast skiptimannakerfi á skipum sem vinna aflann um borð, þannig að skipverjar fari tvær veiðiferðir og eigi frí þá þriðju. Samningur um slíkt skiptimannakerfi skal gilda að minnsta kosti til eins árs í senn og skulu þá hafnarfrí tekin sem hér segir:

Taki útivist skemmri tíma en 33 sólarhringa skal hafnarfrí vera að lágmarki 72 klst. að útivist lokinni. Fyrir hvern byrjaðan sólarhring sem útivist er lengri en 33 sólarhringar skal hafnarfrí lengjast um 4 klst. Útivist skal þó aldrei vera lengri en 40 sólarhringar.

3. mgr. greinar 5.15 í samningi SSÍ falli niður og með sama hætti í öðrum samningum.

9.0. Um hafnarfrí o.fl. á skipum sem stunda veiðar utan íslenskrar fiskveiðilögsögu og landa í erlendri höfn.

Um hafnarfrí.

Veita skal skipverjum 48 klst. hafnarfrí í þeirri höfn sem landað er. Útgerðarmaður greiðir skipverjum þeim sem fara tvær samliggjandi veiðiferðir kr. 2.820 á dag í dagpeninga fyrir þá daga sem skipið stoppar í hafnarfríi.

Um ferðakostnað.

Útgerðarmaður sér skipverjum sem frí hefur verið veitt fyrir fari til heimahafnar ásamt fæði og gistingu þann tíma sem ferðin tekur.

Um jóla- og áramótafrí.

Útgerðarmönnum skipa sem stunda veiðar sem að framan greinir er skylt að gefa áhöfn skipsins frí í heimahöfn frá kl. 12:00 á Þorláksmessu til kl. 24:00 á nýársdag.

10.0. Um róðrarfrí á landróðrarbátum og helgarfrí.

Á netabátum skal vera helgarfrí aðra hverja helgi frá upphafi til loka netavertíðar.

1.og 2. mgr. 3.08 í kjarasamningi SSÍ og sambærilegar greinar í kjarasamningum FFSÍ og VSFÍ orðist svo:

Helgarfrí skal vera laugardagur og sunnudagur og aldrei teljast minna en tveir sólarhringar eftir að allri vinnu við skipið er lokið.

11.0. Um frystitogara.

Grein 5.21 í kjarasamningi SSÍ og sambærileg grein í kjarasamningum yfirmanna orðist svo:

5.21 Togari sem frystir aflann um borð, þ.m.t. síld og rækja.

12.0 Um fiskvinnsluvélar.

5.24. Um laun skipverja sem annast fiskvinnsluvélar.

Þeir tveir hásetar, sem hafa yfirumsjón og eftirlit með fiskvinnsluvélum, skulu hafa 1 1/16 hásetahlut hvor.

Þetta ákvæði gildir hvort heldur skipið stundar eingöngu bolfiskveiðar eða stundar bæði bolfiskveiðar og rækjuveiðar í sömu veiðiferð.

Stundi skipið eingöngu rækjuveiðar greiðast þessir aukahlutir ekki.

13.0. Um álag og aflahlut.

5.27 Greiða skal 10% álag á aflahlut hvers og eins í áhöfn.

14.0. Um rækjuveiðar þegar aflinn er unninn um borð.

Grein 9.11 í kjarasamningi S.S.Í. og sambærileg grein í kjarasamningum yfirmanna orðist svo:

9.11. Um skiptakjör á rækjuveiðum, þegar aflinn er unninn um borð.

Á skipum 100 - 240 rúml. 31,5% miðað við 15 menn

Á skipum 241 rúml. og stærri 30,5% miðað við 15 menn
31,8% miðað við 16 menn
32,3% miðað við 17 menn
32,8% miðað við 18 menn
33,3% miðað við 19 menn
33,6% miðað við 20 menn
33,9 % miðað við 21menn
34,3% miðað við 22 menn

Séu fleiri menn á skipi í veiðiferð en tilgreint er hér að framan skal skiptaprósentan hækka um 0,5% fyrir hvern mann sem fleiri eru í áhöfn skips.

15.0. Um togara sem salta fisk um borð.

Skiptakjör.

Skipverjar skulu fá í sinn hlut eftirtalinn hundraðshluta af skiptaverðmæti:

29,0% miðað við 14 menn
29,0% miðað við 15 menn
29,5% miðað við 16 menn
30,0% miðað við 17 menn
30,5% miðað við 18 menn
31,0% miðað við 19 menn
31,5% miðað við 20 menn
31,5% miðað við 21 menn
31,5% miðað við 22 menn

Séu fleiri menn á skipi í veiðiferð en tilgreint er hér að framan skal skiptaprósentan hækka um 0,5% fyrir hvern mann sem fleiri eru í áhöfn skips.

Skilgreining skiptaverðmætis.

Þegar seldur er afli fiskiskips, sem saltar afla um borð, skal draga frá fob - verðmæti framleiðslunnar kostnað í landi við frekari vinnslu og frágang aflans til útflutnings, áður en skiptaverð er reiknað. Í þessu sambandi telst kostnaður vera vegna launa og tengdra gjalda, salts, orku, húsa-og tækjanotkunar, snyrtingar, ormahreinsunar, umsöltunar, stæðaraflokkunar, gæðamats og pökkunar.

Framangreindur frádráttur skal vera fyrir flattan og flakaðan fisk sem hér segir:

1) Kr. 45,- hvert kg. saltfisks, sem pakkað er í öskjur sem nema 50 kg. eða minna.
2) Kr. 40,- hvert kg. saltfisks, sem pakkað er í aðrar pakningar en tilgreint er í lið 1.
3) Ef um flökun og söltun er að ræða, þá hækka kr. 45 í kr. 52,- og úr kr. 40,- í kr. 47,-

Ef umsaltað er um borð skal frádráttarupphæðin vera 6 kr/kg lægri en að framan greinir fyrir þann afla sem umsaltaður er. Krónutöluliðir breytast í sama hlutfalli og kauptrygging og kaupliðir.

Af fob - verðmæti að frádregnum framangreindum kostnaði reiknast síðan sama skiptaverðmætisprósenta og gildir á hverjum tíma fyrir afla seldan innanlands

16.0. Samningur fyrir dragnótabáta, sem frysta afla um borð.

1. **Skiptakjör.**

   33,5% miðað við 12 menn.

   Séu fleiri menn á skipinu en að ofan greinir skal skiptaprósentan hækka um 0,5 fyrir hvern mann sem fleiri eru í áhöfn en að ofan greinir.

2. **Um skiptaverðmæti.**

   Um skiptaverð fer skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 24/1986 með síðari breytingum, sbr. lög nr. 21/1987 og kjarasamning aðila frá 24. nóvember 1990.

3. **Um uppgjör.**

   Hver veiðiferð skal teljast sérstakt kauptryggingartímabil. Við komu skips úr veiðiferð, skal liggja fyrir endanlegt uppgjör fyrri veiðiferðar, þó ekki síðar en 15 dögum eftir lok veiðiferðar. Trúnaðarmaður skipverja skal fá í hendur afrit af sölunótum afurða, þegar hann óskar þess.

4. **Um hlífðarföt.**

   Útgerð skal sjá áhöfn fyrir hlífðarfatnaði vegna vinnu í frystilest. Að öðru leyti gildi almenn ákvæði um hlífðarfatapeninga.

5. **Um löndunarfrí.**

Skipverjar skulu eiga frí við löndun frystra afurða. Heimilt skal að skipverjar landi ísuðum afla, enda fái þeir greiðslu fyrir.

6. **Um hafnarfrí.**

Hafnarfrí skal vera 1 klst. fyrir hverjar 6 1/2 klst. af útvistartíma skips. Hafnarfrí skal vera a.m.k. 24 klst. að lokinni útivist.

Útivist skipsins skal reiknast frá því skipið leggur úr höfn í veiðiferðina til þess tíma sem skip kemur til hafnar úr veiðiferð og hafnarfrí er gefið.

7. **Um vinnulaun við útbúnað skips og veiðarfæra.**

Hlutamenn, sem vinna við útbúnað skips eða veiðarfæra í byrjun vertíðar eða að vertíð lokinni, skulu fá þá vinnu greidda með tímakaupi samkvæmt launatöflu.

Fari vinna þessi fram utan heimahafnar skipsins, greiðir útgerðin auk þess uppihald og ferðir skipverja.

Útgerðarmaður skilar alltaf öllum veiðarfærum fullbúnum að skipi eða í veiðarfærahús bátsins og lætur koma matvælum fyrir undir þiljum en skipverjar taka við þeim og koma þeim fyrir í skipinu, skipta um uppstillingu á þilfari og slá undir dragnót, án sérstakrar greiðslu, enda sé það gert um leið og veiðar byrja. Sama gildir um að skila veiðarfærum í vertíðarlok. Ennfremur að taka í land í vertíðarlok uppstillingu og áhöld á þilfari og þvo lest.

8. **Um gildissvið.**

Að öðru leyti skulu ákvæði almennu bátakjarasamninganna um dragnótaveiðar gilda.

17.0. Um frystingu loðnu um borð í frystiskipi sem liggur við bryggju þegar aflinn er keyptur af öðru veiðiskipi.

Skilgreining skiptaverðmætis.

Frá fob verðmæti frystra afurða skal draga kostnað við hráefniskaup til vinnslunnar, miðað við loðnuna komna að skipshlið, áður en skiptaverð er reiknað.

Skilgreining á vinnu.

Áhöfnin tekur að sér að koma hráefni um borð í skipið frá bryggju, annað hvort með dælu eða í körum með krana skipsins. Áhöfnin tekur að sér að koma úrgangsloðnu á flutningstæki við skipshlið og fullunnum vörum annað hvort í frystilest skipsins eða í frystigám á bryggju ef henta þykir. Meðan á framleiðslu stendur skal reglulega taka sýni af framleiðslunni og skrá niðurstöður á þar til gert eyðublað.

Uppgjör.

Skipverji skal fá greidda kauptryggingu vikulega að frádregnum venjulegum gjöldum. Eigi síðar en 2 dögum eftir að vinnslu er lokið skulu skipverjar fá greitt 80% af áætluðum aflahlut. Endanlegt uppgjör skal fara fram strax og endanlegt söluverð liggur fyrir og úttekt á framleiðslunni hefur farið fram.

Önnur atriði.

Ef 18 menn eða færri eru á skipinu skal skiptaprósentan vera 29,5%. Skiptaprósentan skal vera 30,0% ef 19 menn eru á skipinu.

Að öðru leyti en að framan greinir skulu laun reiknuð samkvæmt samningi um frystiskip, nema frystiálag reiknast 5%.

18.0 Kjarasamningur fyrir línuveiðar með beitningavél og netaveiðar þegar aflinn er saltaður, frystur eða hluti ísaður um borð.

Skiptakjör:

Skipverjar skulu fá í sinn hlut eftirtalinn hundraðshluta af skiptaverðmæti:

29,5% miðað við 16 menn
29,5% miðað við 17 menn
30,5% miðað við 18 menn
30,5% miðað við 19 menn
30,5% miðað við 20 menn

Séu fleiri menn á skipinu en að ofan greinir skal skiptaprósentan hækka um 1,3 fyrir hvern mann sem umfram er.

Skilgreining skiptaverðmætis.

Þegar seldur er afli fiskiskips, sem saltar afla um borð, skal draga frá fob-verðmæti framleiðslunnar kostnað í landi við frekari vinnslu og frágang aflans til útflutnings, áður en skiptaverð er reiknað. Kostnaður vegna fullvinnslu aflans í landi er vegna launa og tengdra gjalda, salts, orku umbúða og húsa- og tækjanotkunar.

Framangreindur frádráttur skal vera sem hér segir:

1. 12% af fob verðmæti saltfisks, sem pakkað er í öskjur sem rúma 50 kg. eða minna.

2. 10% af fob verðmæti saltfisks, sem pakkað er í aðrar pakningar en tilgreint er í lið 1.

Af fob-verðmæti að frádregnum framangreindum kostnaði reiknast síðan skiptaverð samkvæmt kjarasamningi. Af frystum afurðum reiknast skiptaverð samkvæmt kjarasamningi.

Um álag á aflahlut.

Greiða skal 10% álag á aflahlut af flökuðum og flöttum afurðum sem eru frystar eða saltaðar.

Um hafnarfrí.

Hafnarfrí skal vera 1 klst. fyrir hverjar 6 1/2 klst. af útivistartíma skips. Hafnarfrí skal þó aldrei vera skemmra en 30 klst. að lokinni útivist.

Útivist skipsins skal reiknast frá því skipið leggur af stað úr höfn í veiðiferð, til þess tíma sem skip kemur til hafnar og hafnarfrí hefst.

Heimilt er, ef 2/3 áhafnar samþykkir í leynilegri atkvæðagreiðslu, að taka upp fast skiptimannakerfi á skipum sem vinna aflann um borð, þannig að skipverjar fari tvær veiðiferðir og eigi frí þá þriðju. Samningur um slíkt skiptimannakerfi skal gilda til að minnsta kosti eins árs í senn og skulu þá hafnarfrí tekin sem hér segir:

Taki útivist skemmri tíma en 33 sólarhringa skal hafnarfrí vera að lágmarki 72 klst. Fyrir hvern byrjaðan sólarhring sem útivist er lengri en 33 sólarhringar skal hafnarfrí lengjast um 4 klst. Útivist skal þó aldrei vera lengri en 40 sólarhringar.

Hlífðarfatakostnaður.

Hlífðarfatakostnaður þeirra er starfa á dekki skal vera 30% hærri en almennir hlífðarfatapeningar. Hér er átt við greiðslu fatapeninga sem greiðast án tillits til aflahlutar og kauptryggingar.

Um uppgjör og kauptryggingartímabil.

Hver veiðiferð skal vera sérstakt kauptryggingartímabil. Skipverjar skulu fá 90% áætlaðs aflahlutar í lok hverrar veiðiferðar. Endanlegt uppgjör skal fara fram eigi síðar en 30 dögum eftir lok veiðiferðarinnar. Trúnaðarmaður skal fá í hendur sölunótur afurða þegar hann óskar þess.

Um hvíldartíma.

Skipverjar skulu hafa minnst 8 klst. hvíld á sólarhring til svefns og matar.

Um löndunarfrí.

Skipverjar skulu eiga frí við löndun úr skipinu.

Önnur ákvæði.

Að öðru leyti en að framan greinir skulu ákvæði almennu bátakjarasamninganna gilda.

VSFÍ, VSFS OG VSFV

19.0. 2. vélstjóri á vinnsluskipum.

2. vélstjóri á vinnsluskipi, skal hafa 1 1/5 hásetahlut, enda hafi hann vélstjóraréttindi til að leysa af 1. vélstjóra.

20.0. Um samningsforsendur.

Forsenda samnings þessa er yfirlýsing ríkisstjórnarinnar sem fylgir samningi þessum. Þá er jafnframt á því byggt að verðlagsþróun á samningstímanum í heild verði áþekk því sem gerist í helstu samkeppnislöndum, þannig að stöðugleikinn í efnahagslífinu verði tryggður. Aðilar eru ennfremur sammála um mikilvægi þess að auka framleiðni og verðmætasköpun í atvinnulífinu til þess að standa undir raunverulegum og varanlegum kjarabótum. Þeir munu því beita áhrifum sínum til þess að efla rannsóknir, þróunar- og markaðsstarf, svo og samstarf hagsmunaaðila sem stuðli að þessu markmiði.

21.0. Um launanefnd.

Á samningstímabilinu skal starfa sérstök launanefnd skipuð þremur fulltrúum frá landssamböndum ASÍ annars vegar og vinnuveitendum hins vegar og skal hún á samningstímanum fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og gera tillögur um viðbrögð til samtakanna og stjórnvalda eftir því sem aðstæður krefjast á hverjum tíma. Nefndin og samtökin sem að henni standa munu beita sér fyrir umfjöllun og aðgerðum til þess að auka framleiðni í atvinnulífinu í samræmi við markmið samningsins. Hvorum aðila er heimilt að segja samningum lausum með minnst mánaðar fyrirvara ef marktæk frávik hafa orðið á samningsforsendum skv. gr. 20.0. Komi til uppsagnar samningsins skv. framanskráðu tekur hún gildi 31. desember 1995.

22.0. Um gildistíma.

Allir síðast gildandi kjarasamningar aðila framlengjast til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í miðlunartillögu þessari felast og falla þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga
um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði á fót sérstök úrskurðarnefnd er hafi það hlutverk að ákveða fiskverð sem nota skal við uppgjör á aflahlut áhafna einstakra skipa. Nefndin verður alls skipuð sjö mönnum og sjö til vara, þremur frá samtökum sjómanna, jafnmörgum frá útvegsmönnum og oddamanni skipuðum af sjávarútvegsráðherra. Nefndin skal ráða starfsfólk eða semur við aðra um að annast starfsemi fyrir nefndina.

Samkvæmt 11. gr. skal greiða kostnað af störfum nefndarinnar úr ríkissjóði. Þó skuli heildarsamtök sjómanna og útvegsmanna hvor um sig bera kostnað af þeim fulltrúa sem hlutaðeigandi samtök hafa tilnefnt til setu í nefndinni.

Þegar lagt er mat á kostnað er það haft til hliðsjónar að fjárveiting til forvera úrskurðarnefndarinnar, skiptaverðsnefndar, sem jafnframt er lögð niður skv. 12. gr. nemur 8 m.kr. í fjáraukalögum 1994 og rúmum 15 m.kr. á fjárlögum 1995. Bókaður kostnaður af starfi skiptaverðsnefndar nam 2,6 m.kr. árið 1994 og 900 þús. kr. það sem af er á þessu ári. Sjálf nefndarlaunin verða lítil; aðeins formaður mun fá nefndarlaun úr ríkissjóði. Kostnaður við gagnasöfnun og feril úrskurða kann hins vegar að verða nokkuð umfangsmikill. Af þessu verður að ætla að kostnaður ríkissjóðs við hina nýju nefnd muni rúmast vel innan þeirrar fjárveitingar sem nú er ætluð skiptaverðsnefnd.

84. Frumvarp til laga [43. mál]

um breytingar á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992, með síðari breytingum, og lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 119. löggjafarþingi 1995.)

I. KAFLI
Um breytingu á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992, með síðari breytingum.

1. gr.

1. málsl. ákvæðis til bráðabirgða, sbr. lög nr. 36/1995, verður svohljóðandi: Á árunum 1995–99, eða vegna fimm næstu iðgjaldaára, skal innheimta 20% álag á iðgjöld skv. 10. gr.

II. KAFLI
Um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, með síðari breytingum.

2. gr.

1. tölul. 10. gr. verður svohljóðandi: 5% af árlegum heildariðgjaldatekjum Viðlagatryggingar Íslands. Á árunum 1995–99, eða vegna fimm næstu iðgjaldaára, verða þær þó

20% aukaálag á iðgjöld viðlagatrygginga samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992, með síðari breytingum, og 35% af árlegum heildariðgjaldatekjum Viðlagatryggingar Íslands.

III. KAFLI
Gildistaka.
3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ljóst er að hörmungunum í Súðavík mun fylgja mun meiri kostnaður en ráð var fyrir gert er ákveðið var að leggja 10% álag á iðgjöld vegna viðlagatryggingar með lögum nr. 36/1995. Að auki hefur víðar orðið tjón þennan vetur eins og öllum er í fersku minni.

Því er talið nauðsynlegt, til þess að mæta þessum aukna kostnaði, að leggja til við Alþingi að breytt verði lögum um Viðlagatryggingu Íslands og lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum á þann veg að næstu fimm árin verði lagt álag á viðlagatryggingariðgjald sem nemur 20%, auk þess sem hlutur Viðlagatryggingar Íslands í ofanflóðasjóði verði aukinn úr 5% af heildariðgjaldatekjum í 35%.

Er gert ráð fyrir að fyrirkomulag verði með þeim hætti að næst þegar innheimt verður samkvæmt nýjum vátryggingasamningum, sem eru andlag iðgjalda viðlagatryggingar, eða eldri samningar koma til endurnýjunar, verði álag jafnframt lagt á. Standi iðgjaldaauki vegna álagsins í fimm iðgjaldaár. Er vonast til að þessar auknu álögur komi til með að skila rúmum 500 milljónum króna á næstu fimm árum.

Til þess að efla snjóflóðavarnir og minnka þannig líkur á því að greiða þurfi tjónabætur síðar vegna snjóflóða er ekki talið óeðlilegt að hlutur ofanflóðasjóðs í heildariðgjaldatekjum Viðlagatryggingar Íslands sé aukinn eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Miðað við núverandi heildariðgjaldatekjur Viðlagatryggingar Íslands er þannig gert ráð fyrir að hlutur ofanflóðasjóðs í þeim verði um 177 milljónir króna á ári eða sem nemur 885 milljónum króna á næstu fimm árum.

Þannig er alls gert ráð fyrir að ofanflóðasjóður hafi til ráðstöfunar á næstu fimm árum um 1.400 milljónir króna miðað við að bein framlög úr ríkissjóði haldist óbreytt.

85. Tillaga til þingsályktunar [44. mál]

um veiðileyfagjald.

Flm: Ágúst Einarsson, Svanfríður Jónasdóttir,
Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að taka beri upp veiðileyfagjald í sjávarútvegi. Sjávarútvegsráðherra skal skipa nefnd til að undirbúa löggjöf um þetta efni. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar frá öllum þingflokkum og helstu samtökum útgerða, sjómanna og fiskvinnslu. Nefndin kanni

hvaða form veiðileyfagjalds er heppilegast með tilliti til áhrifa m.a. á eftirtalin atriði: fjárhagslega stöðu sjávarútvegs, fiskveiðistjórnun, viðskipti með veiðileyfi, hagstjórn hérlendis, byggðaþróun, samkeppnisstöðu atvinnuvega og ríkisfjármál. Nefndin skal leita ráðgjafar hjá sérfræðingum á sviði fiskihagfræði og kynna sér fyrirkomulag í öðrum löndum.

Nefndin skili áliti fyrir marslok 1996 og verði frumvarp um veiðileyfagjald lagt fyrir Alþingi á vorþingi 1996.

Greinargerð.

Grundvöllur veiðileyfagjalds er sú staðreynd að fiskstofnarnir kringum landið eru eign allrar þjóðarinnar. Þótt nauðsynlegt sé að koma upp stýrikerfi til að stjórna veiðum, þ.e. til að hindra ofnýtingu fiskstofna og nýta þá á hagkvæman hátt breytir það því ekki hverjir eiga fiskinn í sjónum.

Eignarréttur þjóðarinnar á fiskimiðunum og fiskstofnunum er ótvíræður þótt útgerðin fái tímabundinn afnotarétt til að draga þann fisk úr sjó. Þessi tímabundni afnotaréttur felst í úthlutun veiðileyfa. Það gildir um veiðileyfi eins og annað sem er af skornum skammti að þau eru ávísun á verðmæti. Þar sem ekki er unnt að hafa frjálsar veiðar hér við land eins og var á árum áður vegna hættu á ofveiði og óhagkvæmum útgerðarháttum verður ríkisvaldið að úthluta veiðiheimildum eða stýra veiðum eftir öðru fastmótuðu skipulagi.

Þessi úthlutun verðmæta af hálfu ríkisins hefur verið án gjaldtöku hingað til þótt vísi að slíku gjaldi megi finna í lögum um Þróunarsjóð Íslands. Veiðileyfagjald mundi staðfesta þjóðareign á fiskimiðunum og slík skipan stuðlar einnig að skynsamlegri framþróun í efnahagsmálum.

Rök fyrir veiðileyfagjaldi.

Rök fyrir veiðileyfagjaldi eru margs konar.

Í fyrsta lagi er ein helsta röksemdin fyrir veiðileyfagjaldi réttlætissjónarmið. Hér er átt við að það særir réttlætiskennd manna að verslað sé með veiðiheimildir og þeir sem fengu þær úthlutaðar upphaflega geti hagnast verulega með því að selja þær eða leigja. Þeir hafi ekkert greitt fyrir þær, hvorki við úthlutun í upphafi né árlegt leigugjald.

Í öðru lagi er nefnt sem röksemd fyrir veiðileyfagjaldi að annars safnist mikill hagnaður saman innan útgerðar þegar fram líða stundir, hagnaður sem ætti að dreifast meðal landsmanna allra. Undanfarna áratugi hefur þetta verið „leyst" þannig að gengið var tiltölulega hátt skráð sem leiddi til þess að innflutningur varð ódýrari. Þetta er ástæðan fyrir því að oft er sagt að útgerðin hafi í reynd alltaf greitt nokkurs konar auðlindagjald eða veiðileyfagjald.

Þannig hefur afrakstri af sjávarútvegi verið veitt inn í hagkerfið öllum til hagsbóta. Sjávarútvegur hefur þó síðustu ár frekar orðið almenningseign með tilkomu stórra almenningshlutafélaga. Nú eru flest stærstu fyrirtækin í sjávarútvegi almenningshlutafélög með dreifða eignaraðild, m.a. lífeyrissjóða. Þetta hefur leitt til þess að mun fleiri landsmenn eru á beinan hátt þátttakendur í sjávarútvegi en áður. Aðrar atvinnugreinar hafa hins vegar þurft að sætta sig við það gengisstig sem hentar sjávarútveginum hverju sinni og hefur það einkum komið illa niður á iðnaðinum. Þegar illa hefur gengið í sjávarútvegi hefur gengið verið lækkað með afleiðinum sem allir þekkja. Þetta á ekki lengur við þegar gengisstefnan er sú að halda gengi sem stöðugustu, verðbólgu sem lægstri og freista þess að aðrar atvinnugreinar byggist upp við hlið sjávarútvegs. Veiðileyfa-

gjald í sjávarútvegi er því eðlilegt og rökrétt framhald þessarar þjóðarsáttar um jafnvægi og stöðugleika í efnahagsmálum.

Í þriðja lagi halda ýmsir því fram sem rökum fyrir veiðileyfagjaldi að með álagningu þess sé hægt að draga úr óhagkvæmri sókn vegna kostnaðaraukans af gjaldinu fyrir útgerðina. Þannig væri skattlagning veiðiheimilda liður í fiskveiðistjórnunarkerfi. Innan fiskihagfræðinnar er talið að slík skattlagning sé erfið í framkvæmd sem stýritæki og erfitt sé að hitta á rétt skatthlutfall til að tryggja hagkvæmni. Þessi aðferð getur þó verið þáttur í öðrum aðgerðum þótt skattlagning sem kostnaðaraukning leiði sjaldnast til hagkvæmustu sóknar fiskiskipa.

Það er grundvallaratriði í stýrikerfi veiðanna að útgerðaraðilar geti framselt heimildir sín í milli og þannig tryggt hagkvæmni í útgerðarháttum. Frjáls viðskipti með veiðiheimildir eru jafnaðlilegar og að fyrirtæki gangi kaupum og sölum. Í núverandi kerfi eru reyndar ákveðnar takmarkanir á framsali sem þyrfti að skerpa en í raun er ekki hægt að kenna framsalsréttinum um óréttlæti gagnvart sjómönnum, byggðum og fiskvinnslufyrirtækjum.

Ef sú regla væri tekin upp að allur afli færi um fiskmarkaði mundu ýmis vandamál leysast af sjálfu sér. Það leiddi til samkeppni á jafnræðisgrundvelli þar sem dugnaður og nálægð við fiskimið og sérþekking fengju að njóta sín í samkeppni um fisk til vinnslu. Helsti galli framsals við núverandi aðstæður er að hægt er að hagnast á viðskiptum með eign annarra án þess að greiða nokkuð til eigandans.

Í fjórða lagi getur veiðileyfagjald verið leið til sveiflujöfnunar í sjávarútvegi en sveiflur innan þeirrar atvinnugreinar vegna verðbreytinga á erlendum mörkuðum hafa oft verulega áhrif á hagstjórn hérlendis.

Þannig eru fjölmörg rök fyrir veiðileyfagjaldi bæði hagræns eðlis, svo sem að styrkja annan atvinnurekstur, og réttlætissjónarmið gagnvart þjóðinni.

Umræðan um kvótakerfið er í reynd tvíþætt. Annars vegar er rætt um fiskveiðistjórnunarkerfið, t.d. hvort notað er aflamark eða sóknarmark, takmarkanir á einstök veiðarfæri, svæðalokanir eða takmarkanir á einstakar gerðir fiskiskipa, framsalsmöguleikar, verðmyndun o.fl. þess háttar. Hins vegar er svo umræðan um veiðileyfagjald sem tengist réttlæti, öðrum atvinnurekstri og tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Þessu er oft blandað saman í opinberri umræðu og er það miður. Í þingsályktunartillögunni er aðeins fjallað um veiðileyfagjald en ekki stýringu veiðanna og önnur atriði sjávarútvegsmála.

Hvernig ber að leggja á veiðileyfagjald?

Ýmsir möguleikar eru við útfærslu veiðileyfagjalds og fer afstaða manna eðlilega eftir stjórnmálalegum grundvallarsjónarmiðum og þeim hagsmunum sem menn vilja taka tillit til. Ekki er líklegt að nein ein aðferð yrði ofan á í hreinu formi enda þarf m.a. að gæta að fiskveiðistjórnun við útfærslu veiðileyfagjalds. Einnig þarf að ákveða hvernig tekjum af veiðileyfagjaldi er varið og kemur t.d. til greina að verja því til að greiða kostnað hins opinbera við sjávarútveg, svo sem hafrannsóknir o.fl. Hér á eftir eru raktir helstu möguleikar við álagningu veiðileyfagjalds.

Í fyrsta lagi gæti ríkisvaldið selt veiðileyfi á opinberu uppboði, annaðhvort veiðileyfi fyrir allan fiskafla eða hluta hans. Við slíkt uppboð gæti útgerðarmynstur í landinu raskast verulega og ýmsir staðir gætu orðið mjög afskiptir vegna fjárhagslegra veikleika. Ef stofnaður yrði sjóður til að styrkja slík byggðarlög er hætt við að uppboðið gæfi ekki rétta mynd af raunverulegu framboði og eftirspurn.

Í öðru lagi er hægt að láta útgerðina greiða í eitt skipti gjald fyrir veiðileyfi og yrði afnotarétturinn þá eign í þeim skilningi að vildu stjórnvöld breyta kerfinu yrði að taka þennan rétt eignarnámi og greiða bætur þar sem aðilar hefðu þegar greitt fyrir réttinn. Þetta kerfi er til langs tíma. Þess má geta að hugmyndir Árna Vilhjálmssonar, stjórnarformanns Granda, eru í þessa átt. Einna eftirtekarverðast í þessu sambandi er að áhrifamaður í sjávarútvegi hefur tekið undir sjónarmið um veiðileyfagjald.

Í þriðja lagi er hægt að dreifa veiðileyfum milli allra landsmanna og leyfa þeim að versla með þau þannig að útgerðarmenn yrðu að kaupa þau á markaði í líkingu við hlutafjármarkað til að geta haldið til veiða. Þetta kerfi gæti reynst nokkuð erfitt í framkvæmd og ekki yrði stöðugleiki í verði sem er nauðsynlegur til að skapa festu við áætlanangerð.

Í fjórða lagi er hægt að skattleggja sjávarútvegsfyrirtæki sérstaklega í tekjuskattskerfinu. Þá væri sjávarútvegsfyrirtækjum gert að greiða hærri tekjuskatt en önnur fyrirtæki vegna þess að þau nýta sameiginlega auðlind til að mynda þennan hagnað. Þessi aðferð hefur þann kost að ekki er skattlagt nema hagnaður sé til staðar og fiskveiðistjórnunarkerfið á að leiða til hagnaðar í greininni. Þessi aðferð þekkist víða erlendis.

Í fimmta lagi er hægt að leggja árlegt gjald á hvert úthlutað þorskígildi. Kvóta yrði úthlutað eins og nú til langs tíma sem hlutdeildarkvóta. Þetta er líklega einfaldasta leiðin í framkvæmd. Gjaldið gæti runnið til hafrannsókna og uppbyggingar m.a. í sjávarútvegi og til eflingar byggða í landinu. Framsal veiðiheimila yrði vitaskuld leyfilegt eins og nú en þá greiddu menn fyrir afnotaréttinn ef þeir sæju ástæðu til að leigja frá sér kvóta annaðhvort varanlega eða innan ársins.

Í sjötta lagi er hægt leggja á veiðileyfagjald, lækka síðan gengið sem styrkir stöðu annars útflutningsiðnaðar og nota veiðileyfagjaldið til að lækka t.d. virðisaukaskatt þannig að almenningur verði ekki fyrir miklu tekjutapi vegna gengislækkunar. Sjávarútvegurinn stæði í sömu stöðu og áður en aðrir hefðu hagnast. Þessi aðferð er mjög einföld í orði en ekki á borði. Þessi útfærsla gæti þýtt nokkra kjaraskerðingu í byrjun. Hins vegar er nauðsynlegt við álagningu veiðileyfagjalds að fikra sig í þessa átt til að skapa betri skilyrði fyrir annan atvinnurekstur í ljósi vaxandi erlendrar samkeppni.

Í sjöunda lagi er hægt að blanda saman einhverjum af þessum aðferðum. Það er hægt að skapa svigrúm og auðvelda aðgang nýliða með því að hafa annars vegar árlegt gjald og hins vegar uppboð eða sérúthlutun, t.d. þannig að hver útgerðarmaður ætti árlega rétt á að leigja á ný 90% af heimildum fyrra árs en yrði að nálgast umframheimildir á uppboði þar sem allir ættu rétt á að bjóða. Þannig mundi skapast minni hætta á kapphlaupi um sem mestar heimildir þar sem á hverju ári væri hægt að bæta við sig ef menn teldu þörf á.

Þannig eru til margs konar leiðir við að leggja á veiðigjald og nefndin mun fjalla um þessar og aðrar aðferðir. Meginatriðið við veiðigjald er að því verði komið á. Skynsamlegt er að í byrjun sé um tiltölulega lágar greiðslur að ræða sem gætu hækkað eftir því sem sjávarútvegurinn hefur burði til að greiða. Ef genginu væri jafnframt beitt til að auðvelda sjávarútveginum greiðslu gjaldsins mundi annar útflutningsiðnaður styrkjast. Þá er hér komin efnahagsstefna sem skilar auknum hagvexti á næstu árum, eflir sjávarútveginn og er fylgt fram í samræmi við réttlætiskennd þjóðarinnar, eiganda fiskimiðanna.

86. Frumvarp til laga [27. mál]

um breytingar á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

(Eftir 2. umr., 13. júní.)

I. KAFLI

Um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Á 1. gr. laganna verða eftirfarandi breytingar:

Við lista skilgreininga orða og orðasambanda í 1. mgr. bætist eftirfarandi:

Tollabinding: Hámark tolla samkvæmt hinum almenna samningi um tolla og viðskipti 1994 í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar er undirrit aður var af Íslands hálfu 15. apríl 1994, sbr. viðauka II við lög þessi.

Tollkvóti: Tiltekið magn vöru sem flutt er inn á lægri tollum en getið er um í 4. gr.

2. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Af vörum, sem fluttar eru inn á tollsvæði ríkisins, skal greiða toll eins og mælt er fyrir í tollskrá í viðauka I með lögum þessum sem hefur lagagildi. Tollur skal lagður sem verðtollur á tollverð vöru eða sendingar eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum 8.–10. gr. og sem magntollur á vörumagn eftir því sem í tollskrá í viðauka I greinir. Aðra tolla og gjöld, sem mismuna innlendum og innfluttum framleiðsluvörum, má eigi leggja á vöruna við innflutning.

Ákvæði 1. mgr. skulu eigi koma í veg fyrir álagningu verðjöfnunargjalda samkvæmt ákvæðum fríverslunar- og milliríkjasamninga, sbr. 120. gr. laga þessara eða 72. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, enda rúmist slík gjaldtaka innan tollabindinga, sbr. 3. mgr.

Tollur á vörur frá aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar má eigi vera hærri en þær tollabindingar sem tilgreindar eru í viðaukum IIA og IIB með lögum þessum. Miðist tollabinding bæði við verð og magn skal hámarkstollur miðast við þá bindingu sem hærri álagningu leyfir. Þó er heimilt að víkja frá ákvæðum um tollabindingar þegar ákvörðun er tekin um álagningu undirboðs- og jöfnunartolla skv. 115.–119. gr. og viðbótartolla skv. 120. gr. laga þessara, sbr. 74. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

3. gr.

Við III. kafla laganna bætist ný grein, er verður 6. gr. A, er orðast svo:

Tollkvótar.

Í viðaukum IIIA og B eru tilgreindir tollkvótar samkvæmt skuldbindingum Íslands í samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar vegna innflutnings á því magni sem tilgreint er fyrir hvert áranna 1995 til og með 2000. Um úthlutun þeirra fer skv. 53. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Tollur á þær vörur, sem fluttar eru inn samkvæmt tollkvótum í viðauka IIIA, skal vera 32% af grunntaxta viðkomandi vöruliðar eins og hann er tilgreindur í viðauka IIA með lögum þessum.

Tollur á þær vörur, sem fluttar eru inn samkvæmt tollkvótum í viðauka IIIB, skal vera 30% en þó eigi hærri en í viðaukanum greinir. Við innflutning á fóðurvörum og hráefnum í þær í 10., 11., 12., 17. og 23. kafla tollskrár skulu þó gilda þeir tolltaxtar sem tilgreindir eru í tollskrá í viðauka I.

Í viðaukum IVA og B eru tilgreindir tollkvótar sem landbúnaðarráðherra úthlutar skv. 53. gr. A laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Tollur á þær vörur, sem fluttar eru inn samkvæmt þeim tollkvótum sem tilgreindir eru í viðauka IVA, skal vera 50 eða 75 hundraðshlutar af þeim magntolli sem lagður er á viðkomandi vörulið eins og hann er tilgreindur í tollskrá eða 32% af grunntaxta viðkomandi vöruliðs eins og hann er tilgreindur í viðauka IIA með lögum þessum.

Tollur á þær vörur, sem tilgreindar eru í viðauka IVB, skal vera 0, 25, 50 eða 75 hundraðshlutar af þeim tolli sem lagður er á viðkomandi vörulið eins og hann er tilgreindur í tollskrá.

4. gr.

10. gr. laganna verður svohljóðandi:

Ráðherra getur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum sett nánari reglur um ákvörðun tollverðs er taki mið af samningnum um framkvæmd VII. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti 1994. Reglurnar skulu m.a. tilgreina hvernig tollverð skal ákvarðað í þeim tilvikum sem ekki er hægt að ákvarða tollverð innflutningsvöru skv. 8. gr. og það sem bæta skal við tollverð samkvæmt ákvæðum 9. gr.

Ráðherra er með sama hætti heimilt að setja reglur um mat á vörum til tollverðs og málsmeðferðarreglur þegar ástæða þykir til að draga í efa sannleiksgildi vörureiknings og annarra þeirra atriða sem um ræðir í 8. gr. og þess sem bæta skal við tollverð samkvæmt ákvæðum 9. gr.

5. gr.

2. mgr. 12. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 96/1987, fellur niður.

6. gr.

Í VII. kafla laganna kemur ný grein, 50. gr. A, er verður svohljóðandi:

Ef grunur leikur á að innflutningur eigi sér stað á vöru sem brýtur gegn hugverkaréttindum er tollstjóra heimilt, að beiðni rétthafa, að fresta tollafgreiðslu vörunnar á meðan rétthafi leitar bráðabirgðaaðgerða hjá þar til bærum yfirvöldum og í framhaldi af þeim hefur málarekstur fyrir dómstólum. Eftirfarandi skilyrði eru fyrir heimild tollstjóra:

a. að rétthafi leggi fram skriflega beiðni til tollstjóra um að tollafgreiðslu verði frestað og skuldbindi sig til að greiða þann kostnað sem leiðir af aðgerðum tollyfirvalda,
b. að rétthafi leggi fram fullnægjandi gögn þess efnis að hugverkaréttindi njóti verndar hér á landi, að hann sé handhafi þess réttar og að innflutningur vörunnar muni brjóta á rétti hans; hann skal jafnframt leggja fram nógu nákvæma lýsingu á vörunni til að tollyfirvöld geti borið kennsl á hana,
c. að rétthafi leggi fram tryggingu í formi fjárgreiðslu, eða með öðrum þeim hætti er tollstjóri telur fullnægjandi, er nægi til að bæta rétthafa, eiganda eða innflytjanda vörunnar það tjón eða kostnað sem óréttmæt frestun tollafgreiðslu kann að hafa í för með sér.

Hafi fullnægjandi gögn verið lögð fram er tollstjóra heimilt að fresta tollafgreiðslu vörunnar í allt að 10 virka daga. Hann skal þegar í stað tilkynna bæði rétthafa og eiganda vörunnar eða innflytjanda um ákvörðun sína. Hafi rétthafi eigi innan framagreinds frests hafist handa við að leita réttar síns hjá þar til bærum yfirvöldum, og tilkynnt tollyfirvöldum slíkt skriflega, er heimilt að tollafgreiða sendinguna. Heimilt er að framlengja framangreindan frest um 10 virka daga ef sérstakar ástæður mæla með því.

Tollstjóri getur að eigin frumkvæði ákveðið frestun tollafgreiðslu þegar hann hefur í höndum sönnun þess að varan brjóti gegn hugverkaréttindum. Skal hann tilkynna rétthafa um ákvörðun sína með skriflegum hætti þegar í stað og gefa honum frest í þrjá virka daga frá móttöku bréfs til að fara fram á frestun tollafgreiðslu skv. 1. mgr. Geri rétthafi ekki tímanlega kröfu um frestun er heimilt að tollafgreiða vöruna.

Ef beiðni um bráðabirgðaaðgerð er synjað eða dómstóll hafnar því að um brot á hugverkarétti sé að ræða skal tollstjóri afturkalla ákörðun sína um frestun tollafgreiðslu. Nú er með dómi kveðið á um að um brot á hugverkarétti sé að ræða og í dóminum er eigi mælt fyrir um ráðstöfun vörunnar og er þá tollyfirvaldi heimilt að farga vörunni eða að ráðstafa henni á annan þann hátt sem ekki brýtur á rétti rétthafa. Hafi dómi verið áfrýjað skal fresta förgun eða ráðstöfun vöru þar til niðurstöður liggja fyrir.

Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um vörur í litlu magni í farangri ferðamanna eða litlar vörusendingar, enda sé ekki um innflutning í viðskiptaskyni að ræða. Einnig eru undanskildar vörur sem settar hafa verið á markað í öðru landi af rétthafa eða með hans samþykki og vörur í umflutningi.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um frestun tollafgreiðslu. Hann getur jafnframt gert rétthafa að greiða geymslukostnað og þann kostnað sem tollyfirvöld hafa af framangreindum ráðstöfunum. Ráðherra getur ákveðið að framangreind ákvæði taki til útflutnings á vörum.

7. gr.

120. gr. laganna verður svohljóðandi:

Þegar svo stendur á er greinir í 5. gr. samningsins um landbúnað í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar varðandi einhverjar af þeim vörum sem tilgreindar eru í viðauka IIA við lög þessi og þar eru merktar SSG að:

a. innflutt magn fer yfir mörk þau er tilgreind eru í 5. gr. tilvitnaðs samnings um landbúnað; eða, en þó ekki á sama tíma,
b. innflutningsverð vörunnar fellur niður fyrir tiltekin mörk, sbr. skilgreiningu í 5. gr. samningsins um landbúnað,

skal, þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. mgr. 4. gr., tollur á viðkomandi vöru vera hámarkstollur samkvæmt tollabindingu í viðauka IIA að viðbættum viðbótartolli skv. 5. mgr. 5. gr. samningsins um landbúnað.

Viðbótartollar skulu að öðru leyti taka mið af skilyrðum 5. gr. samningsins um landbúnað. Tollur samkvæmt þessari grein kemur aðeins til framkvæmda að landbúnaðarráðherra hafi ákveðið að beita 5. gr. samningsins um landbúnað og gefið út reglugerð þar að lútandi.

8. gr.

Á 120. gr. A laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 18/1993, verða eftirfarandi breytingar:

a. 2. málsl. 1. mgr. fellur niður.
b. Í 2. mgr. breytist tilvísun í 1. málsl. 1. mgr. í tilvísun í 1. mgr.

9. gr.

Framan við 122. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar. Aðrar málsgreinar færast til sem því nemur og tilvísanir þeirra í 1. mgr. verða tilvísanir í 1. og 3. mgr. Hinar nýju málsgreinar verða svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að setja almennar upprunareglur er gildi við innflutning og útflutning vöru.

Við setningu upprunareglna skal samráð eftir atvikum haft við iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti og utanríkisráðuneyti. Reglurnar skulu grundvallaðar á eftirfarandi meginreglum:

a. Þegar viðmiðun um breytingu á tollflokkun er beitt skal tilgreina nákvæmlega undirliði og vöruliði þeirrar tollnafnaskrár sem notuð er.
b. Þegar miðað er við hundraðshluta af verðmæti skal tilgreina reikningsaðferðir.
c. Þegar miðað er við framleiðslu eða aðvinnsluaðferðir skal skýra nákvæmlega frá aðferðum sem gefa til kynna uppruna viðkomandi vöru.

Upprunareglur skal birta með reglugerð. Ráðherra er jafnframt heimilt að kveða á um að tollyfirvöld veiti innflytjendum, útflytjendum og aðilum sem hagsmuna eiga að gæta bindandi álit um uppruna vöru. Álitið skal veita eins fljótt og hægt er og eigi síðar en 150 dögum eftir að beiðni var lögð fram. Slíku áliti má skjóta til ríkistollanefndar.

10. gr.

Á tollskrá í viðauka I við tollalög verða breytingar eins og greinir í viðauka I með lögum þessum.

11. gr.

Við lögin bætist nýr viðauki, viðauki II, tollabindingar, er skiptist í A- og B-hluta og er hann að finna í viðauka II með lögum þessum.

12. gr.

Við lögin bætist nýr viðauki, viðauki III, er skiptist í A- og B-hluta, yfir tollkvóta sem skylt er að úthluta og er hann að finna í viðauka III með lögum þessum.

13. gr.

Við lögin bætist nýr viðauki, viðauki IV, er skiptist í A- og B-hluta, yfir tollkvóta sem heimilt er að úthluta og er hann að finna í viðauka IV með lögum þessum.

II. KAFLI

Um breyting á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

14. gr.

Eftirfarandi ákvæði falla niður:

1. C- og d-liðir 1. mgr. 30. gr.
2. 2. mgr. og 3. mgr. 30. gr.

15. gr.

31. gr. laganna orðast svo:

Andvirði tolla af innfluttu fóðri og hráefnum í það í 10., 11., 12., 17. og 23. kafla tollskrár í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, skal renna í sérstakan sjóð, fóðursjóð, sem skal vera í vörslu landbúnaðarráðherra.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að greiða innflytjendum eða kaupendum fóðurs fé úr fóðursjóði sem samsvarar tollum þeim sem þeir hafa greitt við innflutning vörunnar eða fóðurkaup. Þá er enn fremur heimilt að greiða framleiðendum búvara fé úr fóðursjóði eftir afurðamagni. Ráðherra getur falið Framleiðsluráði landbúnaðarins að annast greiðslur samkvæmt þessari grein og skal þá Ríkisendurskoðun endurskoða reikninga sjóðsins.

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi fóðursjóðs og tilhögun greiðslna.

16. gr.

32. gr. laganna fellur niður.

17. gr.

33. gr. laganna orðast svo:

Eftirstöðvar tekna fóðursjóðs eftir greiðslur samkvæmt ákvæðum 31. gr. skulu renna í Framleiðnisjóð landbúnaðarins.

Framleiðnisjóður skal, að fenginni staðfestingu landbúnaðarráðherra, ráðstafa umræddu fé sem lánum eða framlögum til eflingar nýjum viðfangsefnum í landbúnaði og til stuðnings við búgreinar og breytingar búskaparhátta á lögbýlum.

18. gr.

52. gr. laganna orðast svo:

Innflutningur landbúnaðarvara frá ríkjum, sem staðfest hafa aðild sína að samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, skal vera óheftur nema önnur lög takmarki. Með þeim takmörkunum sem leiðir af ákvæðum fríverslunar- og annarra milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að er landbúnaðarráðherra heimilt að takmarka innflutning landbúnaðarvara frá ríkjum utan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar á vörum þeim er greinir í viðaukum I og II með lögum þessum.

Landbúnaðarráðherra er einnig heimilt að banna innflutning á afurðum dýra og plantna sem gefin hafa verið vaxtaraukandi efni á framleiðsluskeiðinu eða kunna að fela í sér leifar lyfja og annarra aðskotaefna umfram það sem leyft er við framleiðslu hér á landi og geta verið hættuleg heilsu manna. Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð á hvern hátt hagað skuli eftirliti með innflutningi afurðanna, sýnatöku og rannsóknum.

19. gr.

53. gr. laganna verður svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra úthlutar tollkvótum fyrir landbúnaðarvörur samkvæmt viðaukum IIIA og B við tollalög, nr. 55/1987, á þeim tollum sem tilgreindir eru í 6. gr. A í tollalögum.

Úthlutun tollkvóta skal, eftir því sem við getur átt, vera í samræmi við samninginn um málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa sem birtur er í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Umsókn um tollkvóta má aðeins taka til greina að umsækjandi hafi heildsöluleyfi. Heimilt er að skipta tollkvótum upp í einingar. Tollkvótum skal úthlutað til ákveðins tíma, allt að einu ári í senn. Berist umsóknir um meiri innflutning en sem nemur tollkvóta vörunnar skal hlutkesti ráða úthlutun nema sérstakar ástæður mæli með öðru. Endurúthluta má tollkvótum sem ekki eru nýttir innan þess frests sem tilgreindur er við úthlutun kvótans. Heimilt er í stað úthlutunar á tollkvóta að veita almenna heimild til innflutnings á þeim tollum sem um tollkvótana gilda.

Um viðurlög við misnotkun tollkvóta í því skyni að fá ívilnun í tolli eða sköttum við innflutning á vörum sem ekki falla undir tollkvótann skal fara skv. XIV. kafla tollalaga, nr. 55/1987. Heimilt er að synja þeim um úthlutun tollkvóta sem gerst hefur sekur um misnotkun.

Landbúnaðarráðherra birtir í reglugerð þær reglur sem gilda um úthlutun tollkvóta samkvæmt þessari grein þar sem m.a. komi fram úthlutunarkvóti, innflutningstímabil, tollataxtar, viðurlög við misnotkun og aðrir skilmálar sem um innflutninginn skulu gilda.

20. gr.

Við bætist ný grein sem verður 53. gr. A laganna, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að úthluta tollkvótum fyrir landbúnaðarvörur samkvæmt viðaukum IVA og B við tollalög, nr. 55/1987, á þeim tollum sem tilgreindir eru í 6. gr. A í tollalögum. Getur hann ákveðið hverju sinni hvaða tolltöxtum 3. og 4. mgr. tilvitnaðs ákvæðis er beitt. Úthlutun tollkvóta skal eftir því sem við getur átt fara eftir ákvæðum 53. gr.

Ráðherra getur ákveðið að tollkvóti í viðauka IVB, sem við úthlutun ber lægri toll en kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr. A tollalaga, komi til frádráttar tollkvóta í viðauka IIIB. Skerðir þá kvótinn ekki úthlutunarheimildir samkvæmt þessari grein.

Við úthlutun tollkvóta hefur ráðherra hliðsjón af því hvort nægilegt framboð af viðkomandi vörum á hæfilegu verði er til staðar og hvort innflutningsmagn í tollkvótum IIIA og IIIB hafi náð þeim mörkum sem þar eru sett.

Landbúnaðarráðherra birtir í reglugerð þær reglur sem gilda um úthlutun tollkvóta samkvæmt þessari grein þar sem m.a. komi fram úthlutunarkvóti, innflutningstímabil, tolltaxtar, viðurlög við misnotkun, sbr. 4. mgr. 53. gr., og aðrir skilmálar sem um innflutninginn skulu gilda.

21. gr.

Á 72. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 34/1994, verða eftirfarandi breytingar:

a. 1. mgr. orðast svo:

Landbúnaðarráðherra er heimilt, til þess að jafna samkeppnisstöðu innlendra og innfluttra vara, að leggja verðjöfnunargjöld á innfluttar vörur úr viðaukum I og II með lögum þessum, sem unnar eru úr landbúnaðarhráefnum, sem jafnframt eru framleiddar hér á landi og sem heimilt er að leggja verðjöfnunargjöld á samkvæmt ákvæðum í fríverslunar- og öðrum milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

b. 7. mgr. fellur brott.

22. gr.

2. mgr. 73. gr. laganna fellur brott.

23. gr.

Við lögin bætist ný grein, 74. gr., sem orðast svo:

Landbúnaðarráðherra getur ákveðið að lagður verði á tollur samkvæmt ákvæðum 120. gr. tollalaga við innflutning á þeim vörum sem vísað er til í 1. mgr. 5. gr. samningsins um landbúnað í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar og merktar eru SSG í viðauka IIA í tollalögum. Ráðherra setur reglugerð þar sem m.a. skal kveðið á um þær vörur sem álagningin tekur til, viðmiðanir um verð og magn skv. a- og b-liðum 1. mgr. 5. gr. samningsins um landbúnað.

24. gr.

Við lögin bætist ný grein, 75. gr., sem orðast svo:

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna nefnd sem skal vera til ráðuneytis um ákvæði laga þessara um inn- og útflutning landbúnaðarvara. Einn skal skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar, annar skal tilnefndur af fjármálaráðherra og sá þriðji skal tilnefndur af viðskiptaráðherra. Varamenn skal skipa með sama hætti.

Nefndin skal vera landbúnaðarráðherra til ráðuneytis um neðangreind atriði:

a. Úthlutun tollkvóta skv. 53. gr. og 53. gr. A.
b. Ákvörðun verðjöfnunargjalda við inn- og útflutning skv. 72. og 73. gr.
c. Beitingu viðbótartolla skv. 74. gr.

Nefndin skal afla allra upplýsinga um verð á viðkomandi landbúnaðarvörum innan lands og utan, framleiðslumagn, innflutning og útflutning og annað sem nauðsynlegt er vegna starfa hennar og gera tillögur til landbúnaðarráðherra um þau verkefni sem henni eru falin með lögum þessum.

III. KAFLI
Um breyting á lögum nr. 51/1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.

25. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna, sbr. lög nr. 59/1990, verður svohljóðandi:

Til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með plöntum samkvæmt lögum þessum er ráðherra heimilt að láta innheimta eftirlitsgjald vegna innflutnings á plöntum og vegna dreifingar innan lands og útflutnings á innlendum plöntum. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gjaldskyldu, innheimtu, gjalddaga, lögvernd og annað er lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldsins.

IV. KAFLI
Um breyting á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993.

26. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Til að hindra að dýrasjúkdómar berist til landsins er óheimilt að flytja til landsins eftirtaldar vörutegundir:

a. Hey, hálm, alidýraáburð, gróðurmold og rotmassa blandað alidýraáburði, hráar og lítt saltaðar sláturafurðir, unnar og ósunnar, ósótthreinsuð hrá skinn og húðir, kjötmjöl, beinamjöl, fóðurvörur unnar úr afurðum eða úrgangi spendýra og fugla sem ekki hafa hlotið viðeigandi hitameðferð, blóð og blóðvatn, ógerilsneydda mjólk eða vörur unnar úr henni og hrá egg.

b. Ull, notaða poka eða aðrar umbúðir, óhreinan fatnað og tuskur, fiður, fjaðrir, dún, stráteppi, strákörfur og óunnið dýrahár, enn fremur notaðan reiðfatnað, reiðtygi og annað sem notað hefur verið við geymslu og flutninga á dýrum og dýraafurðum.
c. Hvers konar notaðan búnað til stangveiði.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er landbúnaðaráðherra heimilt að leyfa innflutning á vörum þeim sem taldar eru upp í a–c-liðum að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, enda þyki sannað að ekki berist smitefni með þeim er valda dýrasjúkdómum. Um framkvæmd þessarar greinar fer eftir ákvæðum samningsins um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Heimilt er landbúnaðarráðherra, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, að leyfa í rannsóknarskyni innflutning á vörutegundum sem upp eru taldar í a-lið 1. mgr. Ef hey eða hálmur er notað sem pökkunarefni fyrir aðra vöru sem flutt er inn og ekki er háð sérstöku leyfi má flytja heyið eða hálminn inn án leyfis ef telja má að slíkt pökkunarefni hafi ekki smithættu í för með sér. Þá getur ráðherra ákveðið með reglugerð að ákvæði 1. mgr. skuli ekki gilda fyrir einstakar vörutegundir sem þar eru taldar upp ef varan sótthreinsast við tilbúning eða sérstök sótthreinsun er framkvæmd fyrir innflutning og vörunni fylgir vottorð um uppruna, vinnslu og sótthreinsun.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að banna með auglýsingu innflutning á öðrum vörum sem hætta telst á að smitefni geti borist með.

V. KAFLI
Önnur ákvæði.

27. gr.

Lög um tilbúning og verslun með smjörlíki o.fl., nr. 32/1933, falla úr gildi.

28. gr.

Lög um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk og þurrmjólk, nr. 88/1949, falla úr gildi.

29. gr.

Ákvæði 2. gr. og ákvæði til bráðabirgða í lögum um innflutning, nr. 88/1992, falla úr gildi.

VI. KAFLI
Gildistaka.

30. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1995. Ákvæði þeirra skulu taka til allra þeirra vara sem þá eru ótollafgreiddar, þó ekki vara sem afhentar hafa verið með bráðabirgðatollafgreiðslu.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Úthluta skal tollkvótum samkvæmt lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. viðauka IIIA við tollalög, nr. 55/1987, í fyrsta sinn frá og með gildistöku laga þessara, í hlutfalli við þann tíma sem eftir er af árinu 1995. Að svo miklu leyti sem innflutningur samkvæmt tollkvóta fer fram á tilteknum tímabilum þá skal telja

innflutning frá og með þeirri dagsetningu sem ákveðin er skv. 4. mgr. 53. gr. búvörulaga. Tollkvótar skulu auglýstir lausir til umsóknar fyrir 1. ágúst 1995 og skal fyrsta úthlutun fara fram fyrir 15. september 1995.

II.

Fóðurgjald, sem innheimt hefur verið skv. 30. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, og hefur við gildistöku laga þessara ekki verið ráðstafað, skal renna í fóðursjóð, sbr. 31. gr. tilvitnaðra laga. Þessi ráðstöfun skal þó eigi skerða endurgreiðslurétt þeirra aðila sem eiga rétt á endurgreiðslum vegna fóðurs sem tollafgreitt var fyrir gildistöku laganna.

VIÐAUKAR

Viðauki I: Breytingar á tollskrá í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, með áorðnum breytingum á þskj. 70, 7. tölul.

Viðauki IIA: Viðauki IIA við tollalög, nr. 55/1987, með áorðnum breytingum á þskj. 70, 8. tölul.: Tollabindingar á landbúnaðarvörum og vörum framleiddum úr landbúnaðarafurðum.

Viðauki IIB: Viðauki IIB við tollalög, nr. 55/1987: Tollabindingar á iðnaðarvörum.

Viðauki IIIA: Viðauki IIIA við tollalög, nr. 55/1987, með áorðnum breytingum á þskj. 70, 9. tölul.: Tollkvótar sem skylt er að leyfa innflutning á.

Viðauki IIIB: Viðauki IIIB við tollalög, nr. 55/1987: Tollkvótar sem skylt er að leyfa innflutning á.

Viðauki IVA: Viðauki IVA við tollalög, nr. 55/1987: Tollkvótar sem heimilt er að leyfa innflutning á.

Viðauki IVB: Viðauki IVB við tollalög, nr. 55/1987: Tollkvótar sem heimilt er að leyfa innflutning á.

87. Breytingartillaga [3. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með síðari breytingum.

Frá Ögmundi Jónassyni og Steingrími J. Sigfússyni.

Í stað 1.–6. gr. komi ný grein er orðist svo:

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Komi fram ósk um að tiltekin tegund áfengis eða tóbaks verði flutt til landsins má eigi synja þeim tilmælum nema með vísun til annarra laga en þessara enda hafi sá er tilmælin bar fram tryggt að Áfengis- og tóbaksverslunin fái andvirði vörunnar greitt.

Greinargerð.

Eftirlitsnefnd EFTA með framkvæmd EES-samningsins hefur gert athugasemdir við fyrirkomulag það sem Íslendingar hafa á sölu áfengis í landi sínu. Gagnrýni nefndarinnar hefur aðallega beinst að því að samkvæmt ákvæðum gildandi laga um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sé unnt með ákvörðun stjórnvalds að hindra innflutning áfengis til landsins með sama hætti og væri ef bannlög giltu. Með breytingartillögu þessari, sem nú er flutt, er tryggt að einkarétti til innflutnings á áfengi verði ekki beitt sem banni. Framvegis yrði ÁTVR að flytja inn vöru væri hennar óskað. Þessi breyting hefur þó ekki áhrif á umboð annarra aðila, t.d. Hollustuverndar, til að banna innflutning á vöru innihaldi hún efni sem eigi má nota í áfenga drykki.

Að þessu frumvarpi samþykktu verða engin ákvæði í íslenskum lögum er geri handhöfum einkasöluréttar á áfengi kleift að útiloka neytanda frá því að fá það áfengi sem hann óskar að kaupa,

Við innkaup á áfengi er fylgt reglum staðfestum af fjármálaráðuneytinu. Reglur þessar hafa verið birtar í B-deild Stjórnartíðinda, nr. 158/1995. Val á áfengi til sölu í reynsluflokki, kjarna og mánaðaflokki er bundið föstum reglum og ræður markaður hvaða tegundir veljast í þessa flokka. Vín í sérvalsflokki er samkvæmt huglægu mati.

Nefndar reglur um innkaup áfengis voru bornar undir eftirlitsnefnd EFTA og gerði nefndin engar athugasemdir við þær.

Með breytingu af þessu tagi telja flutningsmenn allan vafa tekinn af um það að starfsemi ÁTVR samræmist ekki skuldbindingum gagnvart EES. Á þennan hátt er því komið til móts við það sjónarmið að nauðsynlegt sé að tryggja með lögum að við stöndum við skuldbindingar okkar án þess að gefinn sé eftir rétturinn til að viðhalda þessum dreifingarmáta á áfengi sem víðtæk samstaða er um í samfélaginu og er það í samræmi við þau fyrirheit sem gefin voru við gerð EES-samningsins.

88. Frumvarp til laga [45. mál]

um breytingu á lögum nr. 147/1994, um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

1. tölul. 52. gr. laganna orðast svo: Gjafir, þó ekki tækifærisgjafir í fríðu til starfsmanna eða viðskiptavina þegar verðmæti þeirra er ekki meira en gerist um slíkar gjafir almennt.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Í stað „a-, b-, c-, f-, g-, h-, i- og j-liðar 7. gr.“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: a-, b-, c-, e-, f-, g-, h-, i- og j-liðar 7. gr.
b. Í stað „d- og e-liðar 7. gr.“ í lokamálslið 1. mgr. kemur: d-liðar 7. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt til þess að leiðrétta villur sem vegna mistaka urðu til við breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, er lögfestar voru á 118. löggjafarþingi.

Annars vegar er tekin út komma á eftir orðunum „í fríðu“ í 5. gr. laga nr. 147/1994, um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, sem slæddist inn í þingskjal eftir 2. umr. sem samþykkt var við atkvæðagreiðslu við 3. umr. málsins en var ekki í upphaflegu frumvarpi, en nefndin gerði engar breytingar á greininni.

Hins vegar er um að ræða breytingu á vaxtabótaákvæði laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Á 118. löggjafarþingi voru tvívegis samþykktar breytingar á því ákvæði. Með lögum nr. 147/1994 felldi Alþingi ákvæði um húsnæðissamvinnufélög brott úr ákvæðinu og skapaði þannig grundvöll fyrir aðgangi búseturétthafa að húsaleigubótakerfinu þar sem rétthafar vaxtabóta geta ekki jafnframt verið rétthafar húsaleigubóta. Sú breyting kemur ekki til framkvæmda fyrr en við álagningu skatta árið 1996 á tekjur ársins 1995. Þessi breyting tók þó ekki á vanda þeirra búseturétthafa sem eru í almenna kaupleigukerfinu. Því var með lögum nr. 30/1995, um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, bætt inn í umrætt ákvæði texta um að þessir aðilar ættu rétt á vaxtabótum að vissum skilyrðum uppfylltum. Þeirri breytingu var ætlað að taka gildi við ákvörðun bóta á árinu 1995. Við breytinguna láðist samt að taka tillit til þess að framangreindar breytingar með lögum nr. 147/1994 koma ekki til framkvæmda fyrr en við álagningu skatta á næsta ári. Það ákvæði kemur því að óbreyttu í veg fyrir að þessi síðasta breyting komist til framkvæmda. Því er hér lagt til að þessu verði breytt í þá veru sem ætlunin var.

89. Breytingartillaga [28. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Á eftir 2. gr. komi ný grein er orðist svo:

4. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Þá er heimilt að veiða allt að 5% umfram aflamark hverrar botnfisktegundar og úthafsrækju og 3% umfram aflamark innfjarðarrækju, enda dregst sá umframafli frá við úthlutun aflamarks næsta fiskveiðiárs á eftir.

Greinargerð.

Sjávarútvegsnefnd leggur til að heimild til að veiða 5% umfram aflamark hverrar botnfisktegundar eigi auk þess við um úthafsrækju. Einnig verði heimilt að veiða 3% umfram aflamark innfjarðarrækju.

Hingað til hefur mátt geyma til næsta árs sama hlutfall af úthlutuðu aflamarki úthafsrækju og botnfisktegunda. Því þykir nefndinni eðlilegt að hið sama gildi einnig um veiðar umfram aflamark. Einnig telur sjávarútvegsnefnd rétt að veitt verði nokkurt svigrúm við veiðar innfjarðarrækju.

90. Breytingartillögur [27. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 6. gr. Í stað orðsins „sönnun þess“ í 1. málsl. 3. efnismgr. komi: fullnægjandi gögn þess efnis.
2. Við 9. gr. 2. efnismgr. verði 2. og 3. málsl. 1. efnismgr.
3. Við 19. gr. 4. málsl. 3. efnismgr. orðist svo: Berist umsóknir um meiri innflutning en sem nemur tollkvóta vörunnar skal heimilt að láta hlutkesti ráða úthlutun eða leita tilboða í heimildir til innflutnings samkvæmt tollkvótum og skal andvirðið þá renna í ríkissjóð.

Greinargerð.

Þar sem efasemdir eru um að lækkað verð vegna lægri tolltaxta skili sér til neytenda þykir nefndinni rétt að ráðherra eigi kost á að leita tilboða í heimildir til innflutnings samkvæmt tollkvótum. Jafnframt eru hér lagðar til tvær tæknilegar breytingar á frumvarpinu sem á engan hátt snerta efni þess.

91. Frumvarp til laga [3. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 14. júní.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Innflutningur til landsins á vínanda og áfengi, sem í er meira en 2,25% af vínanda að rúmmáli, fer eftir ákvæðum áfengislaga.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja inn frá útlöndum tóbak, hvort heldur er unnið eða óunnið og til hvers sem það er ætlað.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast innflutning og innkaup á vínanda, áfengi og tóbaki samkvæmt lögum þessum og dreifingu þessara vara undir yfirstjórn fjármálaráðherra. Þess skal gætt að jafnræði gildi gagnvart öllum birgjum.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal einni heimil starfræksla tóbaksgerðar.
c. 3. mgr. orðast svo:
   Fjármálaráðherra veitir leyfi til innflutnings og heildsölu á áfengi, svo og til framleiðslu áfengra drykkja, enda sé slík framleiðsla, sala eða innflutningur ætluð til sölu samkvæmt ákvæðum áfengislaga. Leyfi til heildsölu á áfengi má veita innflytjanda áfengis, svo og öðrum þeim sem hyggjast endurselja áfengi frá framleiðanda eða innflytjanda.
d. 4. mgr. orðast svo:
   Fjármálaráðherra er heimilt að setja skilyrði fyrir því að leyfi sé veitt til framleiðslu áfengis og kveða á um eftirlit.
e. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:
   Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um veitingu leyfis skv. 3. mgr. Skal þar m.a. kveðið á um skilyrði fyrir leyfisveitingu, gildistíma leyfis, afturköllun þess, um auðkenni á áfengi sem látið er af hendi og eftirlit með starfsemi leyfishafa.

3. gr.

Á eftir 1. málsl. 3. gr. laganna kemur nýr málsliður svohljóðandi: Verð í smásöluverslunum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á hverri vöru fyrir sig skal vera það sama hvar sem er á landinu.

4. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal starfa í tveimur deildum er séu aðgreindar rekstrarlega og fjárhagslega. Skal önnur deildin hafa með höndum innflutning og heildsölu áfengis en hin skal annast smásölu áfengis. Fjármálaráðherra skal skipa Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins stjórn og setja með reglugerð nánari ákvæði um skipulag hennar.

5. gr.

1. málsl. 5. gr. laganna orðast svo: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins selur áfengi innan lands, sbr. 11. gr. áfengislaga.

6. gr.

7. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Leggja skal hald á vörur þær sem lög þessi taka til og inn eru fluttar eða framleiddar í heimildarleysi. Innfluttar vörur skulu afhentar Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins til ráðstöfunar.

8. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um verslun með áfengi og tóbak**.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1995.

92. Breytingartillaga [27. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Við bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða III:

Ákvæði laga þessara skulu tekin til endurskoðunar fyrir árslok 1996.

93. Lög [39. mál]

um breytingu á útvarpslögum, nr. 68/1985, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. júní.)

Samhljóða þskj. 52.

94. Framhaldsnefndarálit [28. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fengið málið aftur til umfjöllunar að lokinni 2. umræðu. Á fund nefndarinnar um málið komu fulltrúar Landssambands smábátaeigenda.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið eins og það liggur fyrir eftir 2. umræðu verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirtaldar:

1. Lagt er til að lagfærð verði tilvísun í frumvarpstextanum. 11. mgr. 2. gr. frumvarpsins fjallar um tómstundaveiðar en þær eru ekki háðar þeim takmörkunum sem almennt gerist með veiðar smábáta.
2. Lagt er til að í lok fiskveiðiársins 1995/1996 gefist þeim útgerðum báta, sem völdu veiðar með þorskaflahámarki, kostur á að velja í þess stað sóknardaga (róðrardaga). Þorskaflahámark þeirra sem velja sóknardaga flyst þá og bætist við sameiginlegt þorskaflahámark sóknardagabáta og skiptist á veiðitímabil fiskveiðiársins 1996/1997.
3. Lagt er til að sóknardagakerfi (róðrardagakerfi) að eigin vali útgerða taki gildi 1. febrúar 1996 og falli þá niður viðbótarbanndagar.
4. Lagt er til að hlutfall sóknardaga verði 34% í stað 40% minna en orðið hefði með viðbótarbanndögum.
5. Þá er lagt til að heimilt verði að flytja sóknardaga frá fyrsta og öðru veiðitímabili hvers fiskveiðiárs yfir til þriðja og fjórða veiðitímabils, þ.e. til sumarveiða. Þá skal umreikna sóknardaga með stuðli sem miðaður er við núverandi mismun veiði milli veiðitímabila. Jafnframt er lagt til að ráðherra geti með reglugerð leyft flutning milli annarra veiðitímabila.
6. Lögð er til leiðrétting á fjölda króka á línu í hverjum bala til samræmis við þá framkvæmd sem ríkir í þessum efnum.
7. Loks er í breytingum á ákvæði til bráðabirgða III lagt til að ráðherra skuli þegar láta kanna kosti til fjareftirlits með fiskiskipum með sjálfvirkum búnaði og stefnt að því að það kerfi hafi eftirlit með nýtingu sóknardaga. Takist það ekki fyrir 1. febrúar 1996 skal ráðherra með reglugerð kveða á um tilkynningarskyldu eða eftirlit með öðrum hætti.

Með þeim breytingartillögum sem hér eru lagðar til mun sóknardagakerfi verða fest í sessi sem meginstjórnkerfi fyrir veiðar smábáta.

Alþingi, 14. júní 1995.

Árni R. Árnason, frsm. Stefán Guðmundsson. Einar Oddur Kristjánsson.

Hjálmar Árnason. Guðmundur Hallvarðsson.

95. Breytingartillögur [28. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar (ÁRÁ, StG, EOK, HjÁ, GHall).

1. Við 2. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
   a. Í stað „2.–11. mgr.“ í 1. efnismgr. komi: 2.–10. mgr.
   b. Við 6. efnismgr. bætist tveir nýir málsliðir er orðist svo: Útgerðum báta er velja að stunda veiðar með þorskaflahámarki skv. 3. mgr. gefst kostur á að endurskoða val sitt í lok fiskveiðiársins 1995/1996 og velja í stað þess sóknardaga fyrir síðari fiskveiðiár enda tilkynni útgerð þá ákvörðun fyrir 1. ágúst 1996. Hækkar þá sameiginlegur hámarksafli samkvæmt þessari málsgrein sem nemur hlutdeild þeirra báta sem endurvalið tekur til í heildarþorskafla krókabáta á almanaksárinu 1994 og skal þorskafli þessara báta á einstökum tímabilum fiskveiðiársins 1995/1996 talinn með við ákvörðun sóknardaga á einstökum tímabilum fiskveiðiársins 1996/1997.
   c. 6. málsl. 8. efnismgr. orðist svo: Frá og með því veiðitímabili er hefst 1. febrúar 1996 skal útgerð heimill að eigin vali tiltekinn fjöldi sóknardaga innan hvers veiðitímabils í stað viðbótarbanndaga samkvæmt þessari málsgrein.
   d. Í stað „40%“ í 7. málsl. 8. efnismgr. komi: 34%.
   e. Í stað 8. málsl. 8. efnismgr. komi sjö nýir málsliðir er orðist svo: Heimilt er að flytja sóknardaga frá fyrsta og öðru veiðitímabili yfir á þriðja og fjórða veiðitímabil sama fiskveiðiárs, enda verði bátum ekki haldið til veiða á því veiðitímabili sem sóknardagar eru fluttir frá. Sóknardagar, sem fluttir eru á þennan hátt, skulu margfaldaðir með stuðlinum 0,5 og broti sleppt. Þannig umreiknuðum sóknardögum skal skipt jafnt milli þriðja og fjórða veiðitímabils. Útgerðir skulu tilkynna Fiskistofu um flutning á sóknardögum fyrir upphaf þess veiðitímabils sem sóknardagar eru fluttir frá. Annað veiðitímabil fiskveiðiársins 1996/1997 er fyrsta veiðitímabil sem heimilt er að flytja sóknardaga frá. Við útreikning á sóknardögum á hverju tímabili á næsta fiskveiðiári skal hlutfall afla, sem er jafnt hlutfall fluttra sóknardaga af heildarfjölda sóknardaga á tímabilinu, reiknast til afla þess tímabils sem sóknardagar voru fluttir frá. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um fyrirkomulag sóknardaga, eftirlit með þeim og hvernig tilkynnt skuli um flutning á sóknardögum. Ráðherra getur á sama hátt með reglugerð leyft flutning milli annarra tímabila.
   f. Í stað „420“ í 9. efnismgr. komi: 500.
   g. 2. málsl. 10. efnismgr. orðist svo: Velji útgerð ekki fyrir tilskilinn tíma skulu bátnum ákvarðaðir viðbótarbanndagar.
2. Ákvæði til bráðabirgða III orðist svo:

   Sjávarútvegsráðherra skal tafarlaust láta fara fram könnun á þeim kostum sem fyrir hendi eru til fjareftirlits með sjálfvirkum búnaði með fiskiskipum. Skal að því stefnt að kerfi er hafi virkt eftirlit með nýtingu sóknardaga báta sem krókaveiðar stunda verði komið á fyrir 1. febrúar 1996. Takist það ekki skal ráðherra með reglugerð kveða á um tilkynningarskyldu og eftirlit með þessum veiðum með öðrum hætti sem hann telur fullnægjandi.

96. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Frá stjórnarskrárnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem er samhljóða frumvarpi sem samþykkt var á seinasta þingi, en er nú flutt að nýju, sbr. 79. gr. stjórnarskrárinnar.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Guðmundur Árni Stefánsson og Jón Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. júní 1995.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Geir H. Haarde.	Ólafur Örn Haraldsson.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Svanfríður Jónasdóttir.	Tómas Ingi Olrich.
	Sólveig Pétursdóttir.	

97. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, með síðari breytingum.

Frá stjórnarskrárnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem er samhljóða frumvarpi sem samþykkt var á seinasta þingi, en er nú flutt að nýju, sbr. 79. gr. stjórnarskrárinnar.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Guðmundur Árni Stefánsson og Jón Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. júní 1995.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Geir H. Haarde.	Ólafur Örn Haraldsson.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Svanfríður Jónasdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.
	Tómas Ingi Olrich.	

98. Nefndarálit [37. mál]

um till. til. þál. um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1995.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk á sinn fund til viðræðna um málið Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra, Þorstein Pálsson sjávarútvegsráðherra, Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra í sjávarútvegsráðuneytinu, Helga Ágústsson, formann starfshóps um úthafsveiðar, og Magnús K. Hannesson sendiráðsritara.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt. Jafnframt leggur nefndin áherslu á mikilvægi samstöðu allra þingflokka um framhaldsstefnumótun og málsmeðferð í þessu brýna hagsmunamáli. Í því skyni er mikilvægt að ríkisstjórn og utanríkismálanefnd hafi fullt samráð um framhald málsins.

Þrír nefndarmanna skrifa undir álitið með fyrirvara og munu gera grein fyrir honum við umræðu málsins.

Gunnlaugur M. Sigmundsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. júní 1995.

Geir H. Haarde, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Tómas Ingi Olrich.
Hjálmar Jónsson.	Hjálmar Árnason.	Ólafur Ragnar Grímsson, með fyrirvara.
Össur Skarphéðinsson, með fyrirvara.		Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.

99. Nefndarálit [32. mál]

um till. til þál. um mótmæli til breskra stjórnvalda gegn förgun olíupallsins Brent Spar.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna, sem flutt er af umhverfisnefnd þingsins, og fékk á sinn fund til viðræðna um hana Magnús K. Hannesson sendiráðsritara og Davíð Egilsson frá Hollustuvernd ríkisins.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að mótmæla harðlega þeirri ákvörðun breskra stjórnvalda að veita Shell-olíufélaginu leyfi til að sökkva olíupallinum Brent Spar með margvíslegum eiturefnum í Atlantshafið. Skorar þingið á bresk stjórnvöld að endurskoða ákvörðun sína og

koma í veg fyrir að olíumannvirkjum á bresku yfirráðasvæði í Norðursjó verði fargað með þessum hætti.

Gunnlaugur M. Sigmundsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. júní 1995.

Geir H. Haarde, form.	Tómas Ingi Olrich, frsm.	Ólafur Ragnar Grímsson.
Össur Skarphéðinsson.	Árni R. Árnason.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Hjálmar Árnason.		Hjálmar Jónsson.

100. Breytingartillögur [28. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá Sighvati Björgvinssyni, Össuri Skarphéðinssyni og Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

1. Framan við 1. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur nýr málsliður er orðast svo: Ákvörðun um heildarafla krókabáta, sbr. 4. mgr. 6. gr., og fjöldi sóknardaga, sbr. 5. mgr. 6. gr., skulu taka hlutfallslegu sömu breytingu og heildaraflamark, sbr. ákvörðun ráðherra.
2. Við 2. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
   a. Í stað „2.–11. mgr.“ komi: ákvæðum.
   b. Í stað „viðbótarbanndögum eins og nánar er lýst í 5.–9. mgr.“ í 3. efnismgr. komi: sóknardögum að eigin vali eins og nánar er kveðið á um í 5. mgr. þessarar greinar.
   c. Í stað „21.000“ í 1. málsl. 4. efnismgr. komi: 31.500.
   d. 5. efnismgr. orðist svo:
      Fyrir þá báta, sem velja sóknardaga, skulu þeir á fiskveiðiárinu 1995–96 miðast við 95 daga á hvern krókabát. Útgerðaraðilar krókabáta skulu sjálfir ákveða hvenær báturinn nýtir sóknardaga sína. Á fiskveiðiárinu 1995–96 skal draga frá sóknardögum samkvæmt þessari málsgrein þann fjölda daga sem þeim er haldið til veiða á á tímabilinu frá 1. september 1995 til 1. febrúar 1996.
   e. 6. efnismgr. orðist svo:
      Sameiginlegur hámarksafli þeirra báta er þennan kost velja telst sama hlutfall af 31.500 lestum af þorski, miðað við óslægðan fisk, og nam samanlagðri hlutdeild þessara báta í heildarþorskafla krókabáta á almanaksárinu 1994.
   f. 7. efnismgr. orðist svo:
      Fari þorskafli þeirra báta er þennan kost velja fram úr fyrrgreindu hámarki skal banndögum á næsta fiskveiðiári fjölgað, í fyrsta sinn á fiskveiðiári því sem hefst 1. september 1995. Í því sambandi skal reikna meðalafla á dag liðins fiskveiðiárs og finna viðbótarbanndaga með því að deila þeirra tölu í viðkomandi umframafla. Skal banndögum fjölgað um heila daga og broti sleppt.

g. 8. efnismgr. orðist svo:

Viðbótarbanndagar skulu falla á þær helgar sem veiðar eru ekki bannaðar á skv. 2. mgr. á viðkomandi tímabili og síðan bætast við fasta banndaga. Þeim skal skipt eins jafnt niður og unnt er. Á viðbótarbanndögum eru allar veiðar óheimilar. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu varðandi veiðar í sérhæfð veiðarfæri samkvæmt lokamálslið 1. mgr. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að í stað viðbótarbanndaga samkvæmt þessari málsgrein sé útgerð heimill að eigin vali tiltekinn fjöldi sóknardaga innan hvers veiðitímabils.

101. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um matvæli.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á fund sinn Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóra í umhverfisráðuneytinu, Jón Gíslason og Franklín Georgsson frá Hollustuvernd ríkisins, Guðmund Einarsson frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar, Hörð Lárusson, deildarstjóra í menntamálaráðuneytinu og Brynjólf Sandholt yfirdýralækni.

Nefndin flytur ýmsar breytingartillögur við frumvarpið ýmist efnislegar eða til lagfæringar og skýringar á orðalagi. Er gerð tillaga um breytingarnar á sérstöku þingskjali.

Nefndin telur æskilegt að umhverfisráðuneytið beiti sér fyrir því að unnið verði að samræmingu þessara laga og skyldrar löggjafar sem fyrst, svo sem laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Árni M. Mathiesen var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. júní 1995.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Tómas Ingi Olrich.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Hjörleifur Guttormsson.	Kristín Halldórsdóttir.	Gísli S. Einarsson.
Ísólfur Gylfi Pálmason.		Einar Oddur Kristjánsson.

102. Breytingartillögur [15. mál]

við frv. til l. um matvæli.

Frá umhverfisnefnd.

1. Orðið „alhliða“ í 1. gr. falli brott.
2. 3. gr. orðist svo:

Þannig skal staðið að framleiðslu og dreifingu matvæla að þau valdi ekki heilsutjóni og að ekki sé beitt blekkingum í viðskiptum með þau.

3. Við 4. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
   a. Ný málsgrein komi í upphafi greinarinnar, svohljóðandi:
      Í lögum þessum hafa eftirtalin hugtök svofellda merkingu:
   b. Orðin „samkvæmt lögum þessum“ í 1. mgr. falli brott.
   c. 2. málsl. 2. mgr. orðist svo: Hér er einnig átt við húsnæði, störf, hreinlæti og heilbrigði starfsfólks og annað sem tengist framleiðslu, svo og efni og hluti sem geta komist í snertingu við matvæli, sbr. ákvæði IV. kafla þessara laga.
   d. Í stað „til“ í 6. mgr. komi: við.
   e. Í stað „Þau“ í 9. mgr. komi: og.
   f. Í stað orðanna „berast í matvæli“ í 11. mgr. komi: sett eru í matvæli, berast í þau. Þá bætist nýr málsliður við 11. mgr., svohljóðandi: Hér er m.a. átt við vaxtaraukandi efni og lyfjaleifar.
4. 2. málsl. 6. gr. verði svohljóðandi: Eftirfarandi svið falla undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra:
   a. innflutningur og útflutningur búfjárafurða,
   b. smitsjúkdómar búfjár,
   c. meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum,
   d. heilbrigðisskoðun eldisfisks.
5. Orðið „þeirra“ í 7. gr. falli brott.
6. Við 8. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
   a. Orðið „laga“ í upphafi 1. mgr. falli brott.
   b. Í stað orðanna „ráðherrum sem fara“ í 1. mgr. komi: ráðherra sem fer.
   c. Orðið „allar“ í 2. mgr. falli brott.
7. Í stað orðanna „eða dreifa matvælum“ í 1. mgr. 9. gr. komi: matvæli eða dreifa þeim.
8. Við 10. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðanna „eða dreifa matvælum“ í 1. mgr. komi: matvæli eða dreifa þeim.
   b. Í stað orðanna „þannig að þau skorti ekki eðlilega hollustu eða geti valdið heilsutjóni“ í 1. mgr. komi: í samræmi við almenna hollustuhætti og tryggja að matvæli valdi ekki heilsutjóni.
   c. 2. mgr. orðist svo:
      Starfsfólk, sem starfar við framleiðslu matvæla eða dreifir þeim, skal gæta ýtrasta hreinlætis og þrifnaðar við störf sín. Það skal hafa þekkingu á meðferð matvæla. Matvælaframleiðendur og dreifendur bera ábyrgð á að fræðsla fari fram.
9. Við 11. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Óheimilt er að hafa matvæli á boðstólum eða dreifa þeim þannig að þau blekki kaupanda að því er varðar uppruna, tegund, gæðaflokkun, samsetningu, magn, eðli eða áhrif.
   b. 2. mgr. orðist svo:
      Ráðherra skal með reglugerð setja ákvæði um með hvaða hætti hafa má matvæli á boðstólum eða dreifa á annan hátt þannig að gefið sé í skyn að varan sé sérstaklega ætluð tilteknum hópum, með vísan til aldurs, sjúkdóma eða annarra ástæðna.
10. 1. málsl. 2. mgr. 12. gr. orðist svo: Á sama hátt skulu efni, hlutir og annað, sem tengist framleiðslu matvæla, talin notuð við framleiðslu ef þau er að finna á framleiðslustað.

11. Við 13. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
    a. 1. mgr. orðist svo:
    Matvæli skal geyma þannig að þau verði ekki fyrir skemmdum eða spillist á annan hátt. Geymsluskilyrði skulu vera í samræmi við ákvæði sem sett eru með reglugerðum um geymslu matvæla og er framleiðandi eða eftir atvikum dreifandi ábyrgur fyrir geymslu vörunnar.
    b. Orðið „flutningstækis“ í 2. mgr. verði: flutningatækis.
12. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
    Matvælaumbúðir skulu merktar með nafni og heimilisfangi framleiðanda matvælanna eða dreifanda þeirra. Þá skal heiti vörunnar koma fram ásamt upplýsingum um innihald, geymsluskilyrði, geymsluþol og nettóþyngd eða lagarmál.
    Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um umbúðamerkingar þar sem m.a. koma fram kröfur um að á umbúðum séu upplýsingar um styrk einstakra efna, næringarefnagildi, ástand vöru og þá meðhöndlun sem vara hefur fengið í framleiðslu. Enn fremur er ráðherra heimilt að undanþiggja tilteknar vörutegundir eða vöruflokka einstökum ákvæðum um umbúðamerkingar.
13. Við 17. gr. bætist ný málsgrein:
    Óheimilt er að nota vaxtaraukandi efni til framleiðslu á matvælum, nema til þess hafi verið veitt sérstök undanþága í reglugerð.
14. Við 18. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
    a. Í stað orðanna „stuðla að“ í upphafi ákvæðisins komi: tryggja.
    b. Í stað orðanna „setja ráðherrar reglugerðir“ komi: setur hlutaðeigandi ráðherra reglugerð.
15. Í stað orðanna „skóla sem undir það heyra“ í upphafi 2. mgr. 19. gr. komi: eftir því sem við á.
16. Við 20. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
    a. Í stað „heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga“ í 1. mgr. komi: heilbrigðisnefndar.
    b. Í stað „sé“ í 2. mgr. komi: hafi verið.
17. Í stað orðanna „heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga“ í 1. mgr. 22. gr. komi: svæðisnefndir á heilbrigðiseftirlitssvæðum.
18. Við 23. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
    a. Í stað „Ráðherrum“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: Hlutaðeigandi ráðherra.
    b. Í stað orðanna „lagasetningu og framkvæmd mála“ í 3. mgr. komi: undirbúning lagafrumvarpa og reglugerða.
19. 2. mgr. 24. gr. orðist svo:
    Eftirlitsaðilar eru bundnir þagnarskyldu um atriði er varða framleiðslu- og verslunarleynd er þeir kunna að komast að við leyfisveitingar, sbr. VIII. kafla, og framkvæmd eftirlits.
20. Í stað orðanna „skulu ráðherrar setja gjaldskrár“ í 1. mgr. 25. gr. komi: skal hlutaðeigandi ráðherra setja gjaldskrá.
21. Á eftir orðunum „notkunar aukefna eða“ í síðari málslið 26. gr. komi: vegna.
22. 27. gr. orðist svo:
    Heimilt er að gera kröfu um að hlutaðeigandi framleiðandi eða dreifandi greiði nauðsynlegan rannsóknarkostnað. Til að slík krafa verði höfð uppi þarf rökstuddur grunur að leika á að vara eða starfsemi uppfylli ekki ákvæði laga eða reglugerða settra samkvæmt þeim og ekki mega liggja fyrir vottorð faggiltra aðila sem sýna annað.

23. 2. málsl. 28. gr. orðist svo: Skal ráðherra, eftir því sem við á, hafa samráð við landlækni, Hollustuvernd ríkisins, yfirdýralækni eða Fiskistofu áður en til slíkra aðgerða er gripið.
24. Við 29. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
    a. Í stað „eða“ í 3. mgr. komi: og.
    b. Orðin „allt eftir eðli málsins“ falla brott.
25. Fyrirsögn XI. kafla verði: **Valdsvið**.
26. Við 31. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
    a. Á eftir orðunum „útvegun sýna, rannsóknum“ komi: á þeim.
    b. Í stað orðsins „því“ komi: broti.
27. Í stað orðanna „taka gildi 1. júlí 1995“ í 32. gr. komi: öðlast þegar gildi.
28. Ákvæði til bráðabirgða falli brott.

103. Nefndarálit [43. mál]

um frv. til l. breyt. á l. um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992, með síðari breytingum, og lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á fund til sín Ólaf Davíðsson frá forsætisráðuneyti og Kjartan Gunnarsson frá viðskiptaráðuneyti.

Eftir að hafa rætt málið hefur nefndin ákveðið að leggja til að þær breytingar verði gerðar á frumvarpinu að hætt verði við að innheimta 20% aukaálag á iðgjöld viðlagatryggingar næstu fimm árin. Álagið mun því áfram vera 10% út árið 1999, sbr. lög nr. 36/1995, og ætti að gefa samtals 255 millj. kr. í ofanflóðasjóð á næstu fimm árum. Þess í stað leggur nefndin til að hlutur Viðlagatryggingar í ofanflóðasjóði verði aukinn um 3 prósentustig af heildariðgjaldatekjum umfram það sem frumvarpið gerir ráð fyrir og að sú ráðstöfun standi í sex ár en ekki fimm. Þetta ætti að gefa 192 millj. kr. á ársgrundvelli eða samtals um 1.152 millj. kr. á næstu sex árum. Ofanflóðasjóður fær 6,5 millj. kr. á ári samkvæmt fjárlögum. Því má áætla að þessar tillögur nefndarinnar leiði til þess að heildartekjur sjóðsins á næstu sex árum verði um 1.446 millj. kr. Gerð er tillaga um þær breytingartillögur nefndarinnar sem hér hafa verið raktar á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. júní 1995.

Sólveig Pétursdóttir, frsm.	Ágúst Einarsson.	Jón Baldvin Hannibalsson.
Pétur H. Blöndal.	Steingrímur J. Sigfússon.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Einar Oddur Kristjánsson.		Magnús Stefánsson.

104. Breytingartillögur [43. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992, með síðari breytingum, og lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. I. kafli falli brott.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   1. tölul. 10. gr. verður svohljóðandi: 5% af árlegum heildariðgjaldatekjum Viðlagatryggingar Íslands. Á árunum 1995–99, eða vegna fimm næstu iðgjaldaára, verða þær þó 10% aukaálag á iðgjöld viðlagatrygginga samkvæmt lögum nr. 36/1995 og á árunum 1995–2000, eða vegna sex næstu iðgjaldaára, 38% af heildariðgjaldatekjum Viðlagatryggingar Íslands.
3. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, með síðari breytingum.

105. Breytingartillögur [28. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Á eftir 2. gr. komi tvær nýjar greinar er orðist svo:
   a. (3. gr.)
      2. tölul. 3. mgr. 7. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 87/1994, fellur brott.
   b. (4. gr.)
      6. mgr. 10. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 87/1994, fellur brott.
2. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:
   Reikna skal sérstaka viðbótaraflahlutdeild til handa skipum sem stundað hafa línuveiðar á fiskveiðiárunum 1992/1993, 1993/1994 og 1994/1995 í mánuðunum nóvember, desember, janúar og febrúar þar sem afli var aðeins að hálfu talinn til aflamarks skv. 6. mgr. 10. gr. Skal samanlögð viðbótaraflahlutdeild þessara skipa vera jöfn hlutfallinu milli hálfs línuafla þeirra á þessum þremur árum í framangreindum mánuðum af hverri tegund annars vegar og úthlutaðs heildaraflamarks af sömu tegund á sömu árum að viðbættum samanlögðum hálfum línuafla í framangreindum mánuðum á sömu árum hins vegar. Skal aflahlutdeild allra skipa endurreiknuð að teknu tilliti til þessa.
   Viðbótaraflahlutdeild línuskipa af hverri tegund skv. 1. mgr. skal skiptast milli þeirra í hlutfalli við þann afla af tegundinni sem ekki taldist til aflamarks vegna reglna um línutvöföldun á framangreindum þremur fiskveiðiárum.

106. Nefndarálit [31. mál]

um frv. til l. um breyt. á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Jón Þórðarson og Kristján P. Guðmundsson frá Apótekarafélagi Íslands, Hafrúnu Friðriksdóttur og Mími Arnórsson frá Lyfjafræðingafélagi Íslands, Einar Pál Svavarsson, framkvæmdastjóra Domus Medica, og Alfreð Ó. Ísaksson frá Lyfjabúðinni Iðunni.

Meiri hluti nefndarinnar er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Siv Friðleifsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. júní 1995.

Guðni Ágústsson, frsm.	Ögmundur Jónasson.	Guðmundur Hallvarðsson.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Sólveig Pétursdóttir.
	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	

107. Frumvarp til laga [46. mál]

um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 47/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

1. gr.

Á eftir 16. gr. laganna kemur ný fyrirsögn, **Landslagsvernd**, og sjö nýjar greinar og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það. Hinar nýju greinar orðast svo:

a. (17. gr.)

Eftirtaldar landslagsgerðir skulu njóta almennrar verndar og má ekki raska þeim nema samkvæmt ákvörðun skipulagsyfirvalda að fenginni umsögn Náttúruverndarráðs:

a. gosmyndanir frá nútíma, eldstöðvar, gervigígar og eldhraun;
b. aðrar sérstæðar jarðmyndanir, samkvæmt reglugerð er umhverfisráðherra setur;
c. stöðuvötn og tjarnir yfir 100 fermetrar að flatarmáli;
d. náttúrulegir vatnsfarvegir, ár og lækir;
e. votlendi, mýrar og flóar, yfir 1 hektari að flatarmáli;
f. fjörur, strendur og leirusvæði.

Þá skal þess gætt við ræktunarframkvæmdir, svo sem túnrækt, skógrækt, landgræðslu og skjólbeltagerð, að þær raski ekki sérstæðum náttúruminjum og falli sem best að heildarsvipmóti lands.

b. (18. gr.)

Óheimilt er að breyta landslagi varanlega með jarðraski, meiri háttar efnistöku, mannvirkjagerð eða á annan hátt nema í samræmi við staðfest skipulag og að undangengnu mati á umhverfisáhrifum, sbr. lög nr. 63/1993.

Ekki skal heimila efnistöku ef hætta er á að hún raski sérkennilegu landslagi, merkum náttúruminjum eða vistkerfum. Þá má efnistakan hvorki ganga í berhögg við ákvæði laga þessara um friðlýsingu náttúruminja né staðfesta skipulagsáætlun.

c. (19. gr)

Á landi í einkaeign er eiganda að teknu tilliti til ákvæða 18. gr. heimil efnistaka hafi sveitarstjórn samþykkt áætlun um hana, sbr. 2. mgr., að fenginni jákvæðri umsögn viðkomandi náttúruverndarnefndar og skipulagsstjóra ríkisins. Skjóta má ákvörðun sveitarstjórnar til umhverfisráðherra er úrskurðar um málið að fenginni umsögn Náttúruverndarráðs. Óheimilt er að hefja efnistöku áður en endanlegur úrskurður liggur fyrir.

Áður en efnistaka hefst skv. 1. mgr. skal sá sem ætlar að framkvæma verkið senda sveitarstjórn áætlun um hana með ósk um leyfi til efnistöku. Þar skal tilgreint magn og gerð efnis, fyrirhugaður tími efnistöku og frágangur að henni lokinni.

Sá er óskar leyfis til efnistöku skal áður en það er veitt leggja fram fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu vegna frágangs, sbr. 22. gr., og sem nemur áætluðum úrbótakostnaði verði eigi staðið við sett skilyrði.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er landeiganda heimil lítils háttar efnistaka á landi sínu til eigin nota, enda sé gætt ákvæða 2. mgr. 18. gr., svo og 22. gr. um frágang.

d. (20. gr.)

Jarðefnanám í afréttum og almenningum er bannað hafi ekki verið ráð fyrir því gert á staðfestu skipulagi, nema fyrir liggi leyfi umhverfisráðherra og jákvæð umsögn Náttúruverndarráðs um áætlun um efnistöku, sbr. 1. mgr. 19.gr.

Eigi má hefja jarðefnanám í landi sem er í eigu sveitarfélags, nema fyrir liggi jákvæð umsögn Náttúruverndarráðs og skipulagsstjóra ríkisins. Unnt er að skjóta ágreiningi sem rísa kann vegna þessa til umhverfisráðherra.

e. (21. gr.)

Valdi fyrirhuguð mannvirkjagerð hættu á að því að landið breyti varanlega um svip, að merkum náttúruminjum verði spillt eða hættu á mengun lofts eða lagar er skylt að leita álits Náttúruverndarráðs á frumstigi framkvæmdaundirbúnings.

Ef það er vanrækt getur Náttúruverndarráð krafist atbeina lögreglustjóra til að varna því að verk verði hafið eða því fram haldið.

Virkjanir, verksmiðjur og önnur stór mannvirki skulu hönnuð í samráði við Náttúruverndarráð. Sama gildir um vegalagningu að slíkum mannvirkjum.

f. (22.gr.)

Hafi jarðrask orðið við efnistöku, mannvirkjagerð eða á annan hátt af manna völdum skal þeim er valdið hefur skylt að ganga frá því á snyrtilegan hátt og þannig að sem best falli að umhverfi. Náttúruverndarráð getur sett fyrirmæli um hvernig við skuli skilið og m.a. sett mönnum ákveðinn frest til að ljúka frágangi. Skal þessi frestur aldrei vera lengri en eitt ár. Sveitarstjórn skal ganga frá efnistökustað, þar með talið loka efnisnámum og græða upp jarðvegssár á kostnað viðkomandi, ef sýnt þykir að ekki verði sinnt fyr-

irmælum um frágang. Óheimilt er að láta efnistökustað standa ófrágenginn um lengri tíma enda þótt frekara efnisnám sé fyrirhugað síðar.

Bannað er að fleygja eða farga rusli eða öðru óskyldu efni í efnisnámur, nema það sé liður í samþykktum frágangi þeirra enda sé þá gætt ákvæða í lögum og reglugerðum um mengunarvarnir.

g. (23. gr)

Umhverfisráðherra setur nánari fyrirmæli um framkvæmd landslagsverndar og efnistöku skv. 17.–22. gr.

2. gr.

29. gr. laganna fellur brott og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umhverfisráðuneyti skal vegna frágangs eftir efnistöku og jarðrask, sem átt hefur sér stað fyrir gildistöku laga þessara, láta gera áætlun um úrbætur í samvinnu við sveitarstjórnir. Í því skyni fari fram skipuleg könnun og flokkun á efnistökustöðum og öðru áberandi jarðraski vegna mannvirkjagerðar og fylgi tillögur um hversu frá skuli gengið og hverjir skuli bera kostnað af viðhlítandi frágangi.

Greinargerð.

Umhverfis- og náttúruverndarmál hafa á undanförnum áratugum hlotið aukið vægi. Augu margra beinast að þeim verðmætum sem fólgin eru í ósnortinni náttúru og þeirri staðreynd að víða er verið að vinna óbætanlegt tjón á náttúruverðmætum.

Mikið starf er óunnið hér á landi við heimildasöfnun og rannsóknir á náttúru landsins til að skapa traustan grunn að löggjöf á ýmsum sviðum umhverfismála og til að byggja á eftirlit og eðlilega varúð. Þetta á m.a. við um löggjöf varðandi hvers konar landnotkun og skipulag þar sem brýnna úrbóta er þörf vegna vaxandi umsvifa, breyttrar búsetu og tækniþróunar.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, varðar afmörkuð atriði á sviði náttúruverndar sem brýnt er að kveða á um í lögum með mun ákveðnari og skýrari hætti en verið hefur. Þar er um að ræða víðtæk, almenn ákvæði um landslagsvernd og frekari skorður við efnistöku og jarðraski en settar eru í gildandi löggjöf. Valin er sú leið með frumvarpinu að fella nýjan kafla inn í lög nr. 47/1971 undir heitinu Landslagsvernd, setja þar inn nýmæli og breytt ákvæði um efnistöku, en þau er að finna í gildandi lögum um náttúruvernd undir kaflaheitinu „Aðgangur almennings að náttúru landsins og umgengni.“

Í gildandi löggjöf um náttúruvernd vantar tilfinnanlega tengsl við lög um skipulag að því er varðar ákvarðanir um ráðstöfun lands til mismunandi nota. Sú aðferð að friðlýsa þurfi með formlegum hætti landsvæði og einstakar náttúrumyndanir til að koma í veg fyrir óeðlilega röskun er allsendis ófullnægjandi, ekki síst þegar almenn ákvæði um efnistöku og annað jarðrask eru jafnopin og lítils megandi út frá náttúruverndarsjónarmiði og raun ber vitni.

Við setningu laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, gerðist það að ákvæði um efnistöku urðu mun veigaminni en þau sem var að finna í því frumvarpi sem lá til grundvallar lagasetningunni. Má segja að lögin hafi í reynd orðið haldlaus þar eð ekki hafi tekist að fylgja annars veikum ákvæðum þeirra eftir. Afleiðingin blasir við sjónum manna í öllum byggðum landsins og víða í óbyggðum þar sem eru ófrágengnar efnisnámur og annað jarðrask. Þrátt fyrir óbrúkleg lagaákvæði hefur í sumum tilvikum tekist allgott samstarf milli Náttúruverndarráðs og framkvæmdaraðila eða sveitarstjórna um efnistökustaði og frágang að lokinni efnistöku. Dæmi um þetta er samvinna milli eftirlitsaðila Náttúruverndarráðs og Vegagerðar ríkisins sem lagður var grunnur að á árunum 1972–73.

Efnisnám verður æ stórtækara, einkum nærri þéttbýli, og hafinn er útflutningur í allríkum mæli á lausum gosefnum án þess að fyrir liggi heildstætt mat á hvar slík efnistaka sé réttlætanleg. Oft er ráðist í framkvæmdir af bráðræði án þess að fram hafi farið nauðsynlegar rannsóknir og aflað hafi verið þekkingar á gerð og gæðum jarðefnanna. Efnistaka er hins vegar nauðsynleg og sjálfsögð til brýnna verkefna en þarf að byggjast á þekkingu, athugun og mati á eðlilegri landnotkun. Góður frágangur lands að efnisnámi loknu verður að vera óaðskiljanlegur hluti framkvæmda.

Ólífræn náttúra landsins er ein af auðlindum þess, enda Ísland alþekkt vegna fjölbreyttra landslagsgerða og gosmyndana sem óvíða í veröldinni eru jafnsýnilegar og aðgengilegar og hérlendis. Fyrir allan almenning hefur náttúra landsins ómetanlegt gildi og hver kynslóð ber ábyrgð á að hún sé varðveitt fyrir ókomnar kynslóðir. Íslendingar bera jafnframt ábyrgð á því gagnvart heimsbyggðinni að þessar jarðmyndanir séu varðveittar, m.a. vegna vísindarannsókna.

Þá ber einnig að hafa í huga að náttúra landsins, landslag og jarðfræði hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn, innlenda sem erlenda. Sé þessum gæðum spillt af gáleysi og skammsýni mun það fyrr en varir draga úr áhuga náttúruskoðara á að ferðast um Ísland. Skipulagsleysi í mannvirkjagerð og hömlulítil umferð vélknúinna tækja um landið ásamt gapandi sárum eftir efnistöku er vísasti vegurinn til að gera að engu viðleitni til að byggja upp ferðaþjónustu sem atvinnuveg. Fari sem horfir í þessum efnum verða Íslendingar fljótlega og því miður með réttu frægir að endemum fyrir ómenningu í samskiptum við eigið land.

Mótuð er með frumvarpinu stefna um almenna verndun tiltekinna landslagsgerða og farin svipuð leið og mörkuð er í danskri náttúruverndarlöggjöf. Þannig eru allar gosmyndanir frá jarðsögulegum nútíma felldar undir slíka vernd og aðrar sérstæðar jarðmyndanir frá síðasta jökulskeiði eða eldri samkvæmt nánari reglum er ráðherra umhverfismála setur. Stöðuvötn og tjarnir eru felld undir sömu ákvæði, svo og náttúrulegir vatnsfarvegir og votlendi miðað við ákveðið flatarmál. Ekki er seinna vænna að setja inn slík almenn ákvæði um votlendisvernd svo mjög sem hefur verið gengið á mýrar og annað votlendi með framræslu undangengin 50 ár. Með stefnubreytingu af þessu tagi á að tryggja að náttúrufari og landslagi verði ekki breytt hugsunarlítið heldur verði ákvarðanir um breytta landnotkun teknar að athuguðu máli og af þar til bærum aðilum. Slíkar almennar takmarkanir ganga ekki að mati flutningsmanns gegn eignarréttarákvæðum þótt þröngt væru túlkuð og eru þau sjónarmið sem að baki liggja stöðugt að vinna á í alþjóðarétti.

Með frumvarpinu er lögð áhersla á það sem meginreglu að landið sér verndað fyrir breytingum og raski, nema ákvarðanir séu teknar um annað í staðfestu skipulagi eða á þær fallist af skipulags- og náttúruverndaryfirvöldum. Lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, eiga að tryggja að áður en tekin er ákvörðun um framkvæmdir sem kunna

að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag liggi fyrir slíkt mat og verði það fastur liður í gerð skipulagsáætlana. Í 5. gr. laganna eru taldar upp framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum, þar á meðal vatnsorku- og jarðvarmavirkjanir, lagning háspennulína, ýmsar verksmiðjur, förgunarstöðvar fyrir úrgang og efnistökustaðir, allt innan tiltekinna stærðarmarka. Umhverfisráðherra hefur hins vegar heimild til að víkja frá þeim mörkum og bæta við hliðstæðum skilyrðum um mat vegna annarra framkvæmda. Almenna reglan að því er varðar efnistökustaði (malarnám) á landi er 50.000 fermetrar eða stærra eða yfir 150 þúsund rúmmetrar að umfangi. Þessi stærðarmörk þarfnast endurskoðunar við þar eð þau virðast of há miðað við íslenskar aðstæður. Þá þyrfti og að tryggja að ákvæði laganna taki einnig til efnisnáms á hafsbotni.

Um efnistöku eru í frumvarpinu auk framangreindra meginreglna sett fram nánari ákvæði með hliðsjón af því hver telst hafa eignar- eða umráðarétt yfir landinu. Í þeim felast almennar takmarkanir eða skilyrði sem uppfylla verður áður en ráðist er í efnistöku þannig að ekki hljótist af spjöll á landi og náttúruminjum eða varanlegar breytingar á landslagi sem ekki hefur verið ráð fyrir gert samkvæmt staðfestu skipulagi. Ákvæði þessi varða fyrst og fremst sölu eða ígildi sölu á jarðefnum en undanþegin er lítils háttar efnistaka landeiganda til eigin nota, enda valdi hún ekki landskemmdum og vel sé gengið frá efnistökustað.

Sett eru inn fyllri ákvæði en nú eru í gildi um viðhlítandi frágang eftir efnistöku og annað jarðrask og fjárhagslega tryggingu fyrir því að við sett skilyrði verði staðið af hálfu framkvæmdaraðila. Einnig er mælt svo fyrir að ekki megi nota efnisnámur til að fleygja eða farga þar rusli eða öðru óskyldu efni, en að því eru mikil brögð til enn frekari lýta en fylgja ófrágengnum efnisnámum auk þess sem slíkur úrgangur getur torveldað frágang.

Ófrágengnar efnisnámur skipta hundruðum ef ekki þúsundum í heild á landinu. Athugun á fjölda efnisnáma á Austurlandi, sem gerð var af eftirlitsmanni Náttúruverndarráðs á árinu 1987, leiddi í ljós að efnisnámur í Múlasýslum væru um 400 talsins fyrir utan smærri efnistökustaði bænda og einstaklinga. Stærsti hlutinn var í umsýslu Vegagerðar ríkisins sem eðlilega hefur mikla þörf fyrir efnistöku.

Í greinargerð Einars Þórarinssonar, eftirlitsmanns Náttúruverndarráðs, segir m.a. í skýrslu um efnisnám á Austurlandi sem dagsett er 8. febrúar 1995: „Ljóst er að drjúgur hluti þessara náma er ófrágenginn og sumar valda verulegu lýti í umhverfinu. Taka ber fram að VR hefur í seinni tíð lagt metnað sinn í að ganga sómasamlega frá öllum stærri námum að notkun lokinni og sama gildir um Landsvirkjun. Ég tel mikla þörf á að gera samræmda úttekt á stöðu þessara mála í fjórðungnum og leggja mat á hvað gera þurfi til að ástandið komist í viðunandi horf. Sem eftirlitsmaður Náttúruverndarráðs tel ég nauðsynlegt að endurskoða þau lög sem taka til efnisnáms og samræma þau ákvæði sem stangast á svo sem í náttúruverndarlögum og námalögum. Tel ég það algjöra forsendu fyrir að hægt verði í framtíðinni að vinna skipulega og skynsamlega að efnistökumálum í landinu."

Með ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu er reynt að taka á því hvernig staðið verði að frágangi eftir efnistöku og jarðrask sem átt hefur sér stað fyrir gildistöku þessa frumvarps. Þar er verk að vinna og ekki seinna vænna að leggja á ráðin um úrbætur.

Brýnt er að auka eftirlit með að ákvæði náttúruverndarlaga séu virt, þar á meðal um efnistöku. Á þessu sviði blasa við verkefni um allt land og þarf að gera eftirlit í senn einfalt og skilvirkt. Til álita ætti að koma að sameina vissa eftirlitsþætti á sviði umhverfismála og skipta landinu í svæði eða umdæmi í þessu skyni. Það eftirlit, sem Náttúru-

verndarráð hefur haldið uppi allt frá árinu 1973 að telja, er góðra gjalda vert, en það hefur verið takmarkað af þröngum fjárhag og yfirleitt verið unnið sem hlutastarf. Náttúrustofur, sem nú eru að rísa í kjördæmum í krafti nýrra lagaákvæða, gætu verið eðlilegur aðili til að taka að sér svæðisbundið eftirlit af þeim toga sem hér um ræðir.

Frumvarp þetta er nú flutt til kynningar þannig að alþingismönnum sem öðrum gefist kostur á að hugleiða efni þess og eftir atvikum að koma athugasemdum á framfæri við flutningsmann. Fyrirhugað er að taka málið upp að nýju í ljósi viðbragða og endurflytja það á næsta Alþingi. Í því sambandi er einnig nauðsynlegt að horfa til annarra laga er varða skyld efni, svo sem námulaga, nr. 24/1973, og laga nr. 123/1940, um bann við jarðraski, og fella ákvæði þeirra að þessu frumvarpi þannig að réttarstaðan verði sem ljóst. Jafnframt er æskilegt að taka tillit til ákvæða frumvarpsins við endurskoðun skipulags- og byggingarlaga þannig að fyllsta samræmis sé gætt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Rétt þykir að skipta ákvæðum sem falla undir kaflann „Aðgangur almennings að náttúru landsins og umgengni" í tvo kafla og beri hinn síðari heitið Landslagsvernd. Það heiti lýsir nokkuð vel inntaki þeirra ákvæða sem færð eru undir hann samkvæmt frumvarpinu.

Um a-lið (17. gr.).

Í ákvæðinu eru taldar upp ákveðnar landslagsgerðir og kveðið á um að þær njóti almennrar verndar. Í henni felst að ekki má raska náttúrufyrirbærum af þessum gerðum nema þá samkvæmt ákvörðun skipulagsyfirvalda að fenginni umsögn Náttúruverndarráðs.

Um landslagsgerðir var höfð hliðsjón af danskri löggjöf (Lov 1992-01-03 nr. 9 om naturbeskyttelse) um umhverfisvernd, m.a. að því er varðar stærðamörk tjarna skv. c-lið. Þegar talað er um gosmyndanir „frá nútíma" er átt við tímann frá lokum síðasta jökulskeiðs fyrir 10–12 þúsund árum. Þessar gosmyndanir eru flestar auðgreindar frá öðrum og eldri jarðmyndunum, svo sem jökulurðum og blágrýtishraunlögum frá fyrri jarðsöguskeiðum.

Um b-lið (18. gr.).

Í greininni eru dregnar fram helstu almennar takmarkanir við jarðraski og efnistöku. Meginreglan er að í staðfestu skipulagi sé gert ráð fyrir framkvæmdum sem jarðrask fylgir sem og efnistöku. Þá er vísað til laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, en falli framkvæmd utan ramma þeirra ber engu að síður að fylgja skipulagsákvörðun þegar framkvæmd getur haft varanlegar breytingar á landslagi í för með sér.

Í 2. mgr. eru taldar upp frekari takmarkanir við efnistöku þegar hún snertir sérkennilegt landslag, merkar náttúruminjar eða vistkerfi. Efnistaka má ekki ganga gegn ákvæðum um friðlýsingu að náttúruverndarlögum né heldur gegn staðfestum skipulagsáætlunum. Er þá m.a. haft í huga svæðaskipulag eða aðrar skipulagsáætlanir er varða landnotkun.

Um c-lið (19. gr.).

Í greininni eru settar fram vinnureglur um leyfi fyrir efnistöku á landi í einkaeign. Gert er ráð fyrir að sá er hyggst nema efni leggi fyrir sveitarstjórn áætlun um efnisnámið og leiti hún umsagnar viðkomandi náttúruverndarnefndar og skipulagsstjóra ríkisins um hvort leyfa skuli. Jákvæð umsögn þessara aðila er skilyrði fyrir því að sveitarstjórn megi veita umbeðið leyfi en eðlilegt er að rökstuðningur fylgi synjun. Sá er sækir um leyfi skal áður en það er veitt leggja fram fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu vegna frágangs og úrbóta á landi að lokinni efnistöku.

Þá er landeigendum samkvæmt síðustu málsgrein heimiluð lítils háttar efnistaka á landi sínu til eigin nota, enda raski hún ekki náttúruverðmætum eða gangi í berhögg við friðlýsingar og virt séu ákvæði um góðan frágang.

Um d-lið (20. gr.).

Efni greinarinnar varðar jarðefnanám í afréttum og almenningum og á landi í eigu sveitarfélaga. Í fyrra tilvikinu ber að fara eftir staðfestu skipulagi, en ella sé farið að ákvæðum 19. gr. um að framkvæmdaraðili sæki um leyfi til umhverfisráðherra um efnistöku samkvæmt áætlun um verk og frágang. Tilskilið er að Náttúruverndarráð fallist fyrir sitt leyti á áætlun um efnistöku.

Sé land í eigu sveitarfélags er eðlilegt að Náttúruverndarráð og skipulagsstjóri fjalli um umsókn um efnistöku í stað sveitarstjórnar, en umhverfisráðherra úrskurði um hugsanlegan ágreining.

Um e-lið (21. gr.).

Greinin er að stofni til byggð á gildandi 29. gr. náttúruverndarlaga. Gerð er sú breyting að fellt er niður hugtakið jarðrask í 1. mgr. sem þannig breytt vísar almennt til mannvirkjagerðar. Er sem áður skylt að leita álits Náttúruverndarráðs en nú á frumstigi framkvæmdaundirbúnings sem er ekki aðeins „áður en framkvæmdir hefjast". Þá er talið fullnægjandi að heimild um að setja „nánari fyrirmæli" um ákvæði samkvæmt greininni falli undir almenna heimild laganna til ráðherra um að hann setji reglugerð um framkvæmd þeirra.

Um f-lið (22. gr.).

Greinin kveður á um frágang eftir jarðrask sem hlotist hefur við efnistöku eða mannvirkjagerð og gerir framkvæmdaraðila skylt að ganga frá því á viðhlítandi hátt og þannig að sem best falli að umhverfi. Er miðað við að þessi regla gildi einnig þó að halda eigi efnisnámi áfram á sama stað síðar. Náttúruverndarráð getur gefið fyrirmæli um frágang og sett mönnum frest til að ljúka honum innan árs. Sinni viðkomandi ekki fyrirmælum um frágang skal sveitarstjórn sjá um að verkið sé unnið á hans kostnað.

Síðari málsgreinin þarfnast ekki skýringa.

Um g-lið (23. gr.).

Með ákvæðum greinarinnar er umhverfisráðherra gert að setja nánari fyrirmæli um landslagsvernd og efnistöku.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að 29. gr. laganna falli brott en hún er í aðalatriðum samhljóða hinni nýju 21. gr. í frumvarpinu.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Arnþór Garðarsson,
formaður Náttúruverndarráðs:

Bréf til þeirra sem málið varðar.
Vinnsla lausra gosefna.
(9. janúar 1995.)

Undanfarnar vikur hefur vinnsla á vikri, gjalli og sambærilegum gosefnum verið til umræðu hjá Náttúruverndarráði. Ráðið samþykkti á fundi sínum 21. desember sl. að kynna sér afstöðu nokkurra stofnana sem standa að rannsóknum á jarðfræði landsins til vinnslu lausra gosefna, bæði hvað varðar efnistöku úr eldri námum og nývinnslu. Einnig ákvað ráðið að kanna afstöðu náttúruverndar- og umhverfisnefnda, svo og samtaka á sviði ferðamennsku og náttúruverndar.

Hér með er þess farið á leit við yður að þér látið Náttúruverndarráði í té álit á þessu vandamáli. Æskilegt er að svar berist Náttúruverndarráði eigi síðar en 10. febrúar nk.

Með þessu bréfi kynnir Náttúruverndarráð einnig stefnumörkun sína í þessum málaflokki og þau lagaákvæði sem það byggir starf sitt á.

Náttúruverndarráð leggur áherslu á að:
— leitað verði leiða til þess að einfalda stofnun náttúruvætta þannig að friðlýsa megi helstu landslagsfyrirbæri landsins með einfaldri upptalningu í lögum (sbr. friðlýsingu dropsteina),
— sett verði sérstök lög til verndar nokkrum stórum landsvæðum þar sem rekast á náttúruverndarsjónarmið og aðrir hagsmunir,
— vernda sérstaklega jarðmyndanir sem eru sjaldgæfar eða óvenjulegar og jafnframt einkenni landsins, svo sem dyngjur, eldborgir og gígaraðir,
— banna yfirborðsvinnslu hrauna,
— jarð- og líffræðirannsóknir í þágu náttúruverndar verði efldar.

Greinargerð Náttúruverndarráðs.

Efnistaka úr eldvörpum og gervigígum hefur á undanförnum árum að mestu leyti verið bundin við eldvörp í nágrenni þéttbýlis. Stærstu námurnar á Suðurlandi hafa verið í gígþyrpingum á Reykjanesskaga (Arnarsetur við Grindavík, Óbrynnishólar við Hafnarfjörð, Rauðhólarnir við Reykjavík) og í Grímsnesi (Seyðishólar). Einnig hefur gjall verið unnið úr stökum eldvörpum á þessu svæði, svo sem úr Litlu-Eldborg undir Geitahlíð og nú síðast Eldborg við Tröllladyngju. Sem dæmi um námur í öðrum landhlutum má nefna að súr vikur er unninn á Heklusvæðinu og umhverfis Snæfellsjökul en sú vinnsla er með nokkuð öðrum hætti.

Á síðastliðnum árum hefur ferðamannaþjónusta verið einn helsti vaxtarbroddur í íslensku atvinnulífi og hafa stjórnvöld bent á ferðamannaþjónustu sem vænlegustu leið okkar til nýsköpunar. Eldfjöllin draga til sín erlenda ferðamenn sem koma til þess að njóta ósnortinnar náttúru og fræðast um jarðfræðilega þróun landsins. Að „gera út á" íslenska náttúru er meira í anda sjálfbærrar þróunar en að selja eldvörp í erlenda vegi.

Fjölbreytileiki íslenskra eldvarpa er eitt af einkennum landsins. Eldfjallaeyjan Ísland á engan sinn líka hvað varðar landslag, gosmyndanir og bergfræði. Þrátt fyrir ungan jarðfræðilegan aldur og tíða eldvirkni eru margar jarðmyndanir hérlendis mjög fágætar, einnig á alþjóðlegan mælikvarða. Og þó að við Íslendingar teljum okkur vera rík af þeim eldvörpum sem skópu landið í aldanna rás þá verðum við að minnast þess að margar þessar jarðmyndanir eru afar sjaldgæfar og jafnvel einstakar, svo sem Eldborg í Hnappadal. Samkvæmt upplýsingum frá Hauki Jóhannessyni hjá Náttúrufræðistofnun verða goshrinur á Reykjanesskaga á um þúsund ára fresti. Í hverri hrinu verða gos í flestum gosreinum á skaganum og hrinan varir í um 200–300 ár. Síðasta goshrinan gekk yfir á árunum 950–1240 en síðast runnu hraun á Reykjanesskaga árið 1226, þar má nefna Arnarseturshraun, Leitahraun og Eldvarpahraun.

Gervigígamyndanir eru enn sjaldgæfari. Rauðhólarnir, Seyðishólarnir og Skútustaðagígar í Mývatnssveit mynduðust löngu fyrir landnám og eru taldir 4–5 þúsund ára gamlir. Einu þekktu gervigígarnir sem myndast hafa eftir landnám eru Landbrots- og Álftavershólarnir í Eldgjárhrauninu sem rann um árið 934 og nokkrir gígar í Skaftáreldahrauninu frá 1783. Um Skútustaðagíga skrifar Sigurður Þórarinsson (1972) í skýrslu til Náttúruverndarráðs þegar unnið var að friðlýsingu þeirra: „Skútustaðagígar eru óumdeilanlega fyrirbæri sem er markvert á heimsmælikvarða. Þetta er fallegasta gervigígaþyrping Íslands og þar með veraldarinnar því að gervigígar eru fyrirbæri fremur sjaldgæft utan Íslands og langtilkomumestu gígaþyrpingarnar er hérlendis að finna. Hefði fyrir löngu átt að vera búið að friðlýsa Skútustaðagíga sem náttúruvætti." Sigurður segir enn fremur: „Eru spjöllin á Skútustaðagígum ein hin hörmulegustu náttúruspjöll sem framin hafa verið hérlendis. Um þau tjáir þó ei lengur að sakast, en verða mættu þau víti til varnaðar svo áberandi og augljós sem þau eru öllum sem þarna fara um."

Í stefnuyfirlýsingu Náttúruverndarráðs eru eftirfarandi ályktanir varðandi verndun jarðmyndana:

Friðlýsingar.

— Leita þarf leiða til þess að einfalda stofnun náttúruvætta. T.d. mætti friðlýsa helstu landslagsfyrirbæri landsins með einfaldri upptalningu í lögum (á sama hátt og fuglar eru friðaðir) eða auglýsingu (sbr. friðun sjaldgæfra plöntutegunda og friðun dropsteina).

— Athuga ber hvort rétt sé að setja sérstök lög til verndar nokkrum stórum landsvæðum þar sem rekast á hagsmunir og verndarsjónarmið. Slík lög eru í gildi um verndun Mývatns og Laxár og hliðstæð lög mætti setja um hluta hálendisins.

Almenn náttúruvernd.

— Nokkrar landslagsgerðir, m.a. hraunbreiður, ber að vernda með almennum ákvæðum. Yfirborðsvinnslu hrauna á að banna. Enn fremur ber að leggja áherslu á að sérstæðum jarðmyndunum verði ekki spillt né sérstökum steintegundum og steingervingum. Hið sama gildir um ýmsar jökulmenjar og tiltekin vatna- og jarðhitasvæði.

— Í stöku tilfellum ætti að setja svæðisbundnar reglur um vernd landslags. Slíkar reglur þurfa að ná til bygginga, vega línulagna, skógræktar, framræslu og jafnvel girðinga.
— Efla þarf líf- og jarðfræðirannsóknir í þágu náttúruverndar.

Alþjóðlegar skyldur Íslands.
— Íslendingum ber skylda til að vernda sérstaklega jarðmyndanir sem eru sjaldgæfar eða óvenjulegar á heimsmælikvarða, svo sem dyngjur, eldborgir og gígaraðir.
— Íslendingum ber að vernda fagurt landslag og sérstæð fyrirbæri sem eru óvenjuleg í þessum heimshluta, t.d. hraun, víðáttur, fossa og hverasvæði.

Fylgiskjal II.

Svar Hins íslenska náttúrufræðifélags.
(17. janúar 1995.)

Stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags fjallaði um mál þetta á fundi sínum 17. janúar 1995.

Hér á eftir fara helstu niðurstöður þeirrar umfjöllunar.

Erindi tilvísaðs bréfs er einkum tvennt:
— Leitað er álits viðkomandi aðila á téðu vandamáli.
— Kynning á stefnumörkun Náttúruverndarráðs á þessum málaflokki.

Stjórn HÍN hefur kynnt sér atriði þau sem Náttúruverndarráð leggur áherslu á í tilvísuðu bréfi. Varðandi álit HÍN á umræddu vandamáli vill stjórn HÍN leggja áherslu á eftirfarandi atriði:
— HÍN hefur í umsögnum um stefnu og lagasetningu vegna náttúruverndar ítrekað lagt áherslu á nauðsyn þess að vernda ólífræna náttúru landsins, ekki síður en þá lífrænu. Einnig hefur HÍN ítrekað vakið athygli á því ófremdarástandi sem ríkir í málum efnistöku hér á landi.
— HÍN hefur ítrekað bent á að eina virka og altæka leiðin til að vernda ólífræna náttúru landsins sé sú stefna og það viðhorf að náttúra landsins sé sem slík friðuð og vernduð nema annað sé ákveðið eða tekið fram á almennan eða sértækan hátt. Þetta er sambærilegt viðhorf og kemur fram í nýlegum lögum um vernd og veiðar fugla og ýmissa annarra villtra dýra.

  Því kann að verða borið við að þetta viðhorf stangist á við sjónarmið einkaeignarréttarins og beri í sér bótaskylda eignaskerðingu og takmörkun á umráðafrelsi landeigenda yfir eigum sínum. Bent skal þó á fordæmi fyrrnefndra laga og eins að eignarsjónarmiðið, sem lægi að baki framangreindum viðbárum, er ekki óumdeilanlegt og raunar má líta svo á að það stangist á við margt í fornlögum Íslendinga. Þar virðist oft miðað við afnotaréttareign en ekki eign á landi eins og í Rómarétti en sá réttur hefur aldrei gilt né verið lög hér á landi.

— HÍN hefur ítrekað vakið athygli á því að auðlindanýtingu, þar á meðal efnistöku, og náttúruvernd beri og verði að samhæfa á skipulagsgrunni. Á óskipulögðum svæðum skuli landið og náttúra þess njóta friðhelgi nema annað sé sérstaklega til tekið. Eyddir gígar og gosefni verða ekki með nokkru móti endurheimt. Þau eru glötuð að eilífu. Hins vegar er efnistaka möguleg meðan efnið er til staðar. Meginreglan sé því að öðru jöfnu sú að verndin njóti vafans. Setja verður skýrar og ákveðnar reglur um viðmiðanir og það eftir hverju skuli farið við ákvarðanir um efnistöku eða varðveislu. Þar sé byggt á skynsamlegri nauðsyn efnistöku en þá á skipulegan hátt en einnig á nauðsyn náttúruverndar og þá á grundvelli skýrra markmiða.
— Varðandi verndun eldstöðva og annarra gosrænna menja, þar á meðal lausra gosefna, er vert að minna á meginmarkmið heimsókna ferðamanna til landsins eins og þau birtast í ferðabókum fram á miðja þessa öld. Þau markmið voru tvö: Að skoða söguslóðir Íslendingasagna og að skoða jarðfræði landsins. Öll önnur markmið voru minni háttar. Í samræmi við þetta ber að leggja sérstaka áherslu á verndun eldstöðva og gosmenja, jafnt þeirra sem eru sérlega áhugaverð frá vísindalegu sjónarhorni sem og þeirra sem eru einkennandi fyrir hið gosræna landslag landsins og setja mestan svip á það.
— Í þessu augnamiði þarf að stórauka jarðfræðirannsóknir í þágu náttúruverndar hérlendis, en þær hafa verið nokkur hornreka bæði gagnvart öðrum jarðfræðirannsóknum og gagnvart öðrum rannsóknum í þágu náttúruverndar. Minnt skal í því sambandi á að jarðfræðileg fyrirbrigði og landslag eru tvennt ólíkt sem ekki hefur náttúruverndargildi á sama hátt og má ekki rugla saman í umfjöllun.

Að lokum leggur HÍN áherslu á að hlutaðeigandi stjórnvöld bregðist við sem fyrst og sem skörulegast til að skjóta loku fyrir óskipulega og óþarfa efnistöku, ekki síst á lausum gosefnum og þá sérstaklega með varðveislu þeirra eldstöðva, gíga og gígarústa fyrir augum sem hafa mest vísindalegt gildi og setja mestan svip á hið gosræna landslag Íslands.

Fylgiskjal III.

Svar Raunvísindastofnunar Háskólans.
(7. febrúar 1995.)

Vinnsla lausra gosefna.

Laus jarðlög og þar með talin laus gosefni eru aðalbyggingarefni Íslendinga og hafa því verið grundvöllur þess að hér hefur verið unnt að byggja upp nútímaþjóðfélag á seinustu áratugum. Laus jarðlög eru nýtt til margvíslegrar mannvirkjagerðar og eru gerðar mjög mismunandi kröfur um gæði efnanna með tilliti til styrks og endingar mannvirkjanna. Mjög brýna nauðsyn ber því til að allt efnisnám fari fram af viti og þekkingu um gerð, gæði og magn jarðefnanna en ekki vegna stundarhagsmuna né á grundvelli skyndiákvarðana. Laus jarðlög hafa einnig að geyma dýrmætar upplýsingar um jarðsögu landsins og sögu loftslags og sjávarstrauma í Norður-Atlantshafi í lok síðasta jökulskeiðs. Friðun jarðefnanna og landforma þeirra kemur af þeim sökum mjög til álita.

Forsenda verndunar og hagkvæmrar nýtingar lausra gosefna, sem og annarra lausra jarðlaga, er þekking á tilurð jarðefnanna, svo og á gerð þeirra og gæðum í hagnýtum skilningi. Þeirrar þekkingar verður best aflað með enn auknum rannsóknum á íslenskri náttúru og nákvæmri kortlagningu þeirrar auðlindar sem laus jarðlög landsins eru. Á þann veg fæst vitneskja um magn efnanna og útbreiðslu en þá fyrst er hægt að skipuleggja vinnslu þeirra og tryggja hámarksvirðisaukningu — það að efnin séu ætíð nýtt á þann veg að sem mest verðmæti skapist við notkun þeirra. Þekking af þessu tagi gerir okkur einnig kleift að meta hvort notkun ákveðinna jarðefna sé hagkvæm nú eða hvort magn þeirra og gæði réttlæti að þau séu geymd til síðari tíma notkunar. Kortlagning lausra jarðlaga er einnig forsenda skipulags og þar með allra landsnytja. Of oft hafa hagnýt jarðefni lent undir mannvirkjum og útilokað reynst að nýta efnin síðar. Við val á sorpurðunarstöðum er gjarnan leitað eftir þykkum lausum jarðlögum, en áður en til urðunar kemur verður að kanna gerð, gæði og magn efnanna til að koma í veg fyrir að hagnýtum jarðefnum sé að nauðsynjalausu spillt.

Við mat á verndargildi er einnig nauðsynlegt að taka mið af því hve algengt efnið eða landformið er í næsta nágrenni fyrirhugaðrar efnisnámu í viðkomandi landshluta eða á landinu öllu. Í vissum tilvikum er nauðsynlegt að taka mið af því hvort efni og/eða landform af ákveðinni gerð er þekkt í öðrum löndum eða einungis á Íslandi. Gígar og önnur sambærileg landform eru óaðskiljanlegur hluti hins gosræna landslags á Íslandi en það er ein helsta ástæða þess að erlendir ferðamenn flykkjast nú um stundir til landsins.

Niðurstaða

Vinnsla lausra gosefna: Með tilliti til þess sem að framan greinir er hægt að taka ákvörðun um að vernda efni og landform þess, geyma það um sinn eða vinna núna, hvort heldur er til notkunar innan lands eða til útflutnings.

Eldri námur: Um efnistöku úr eldri námum gildir það sem að framan greinir að nýting þeirra umfram friðun verður að vera vel rökstudd. Efnistaka úr eldri námum getur líka verið liður í síðbúnum frágangi og betrumbótum á útliti námusvæðisins og næsta nágrenni þess.

Nýnám: Ekki verði stofnað til nýnáms lausra gosefna nema að undangengnu mati á verndargildi efnisins og landformi þess. Forsenda þess að efnisnám hefjist er að birgðamat efnis af viðkomandi gerð og gæðum hafi farið fram og að sýnt hafi verið fram á einhverja lágmarksvirðisaukningu efnisins með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar þess.

Raunvísindastofnun Háskólans setur sig ekki almennt á móti vinnslu lausra gosefna enda er efnanna þörf við margs konar mannvirkjagerð. Raunvísindastofnun leggur áherslu á að áður en vinnsla efnanna hefst hafi rækilega verið gengið úr skugga um:

a. Verndargildi.

i. Vegna vísindalegrar þýðingar efnis og landforms.
ii. Vegna þess að efni og landform eru hluti heildar sem myndar hið gosræna landslag Íslands.
iii. Vegna sjónrænnar þýðingar landformsins.

b. Notkunarhæfni.

i. Gerð og gæði efnanna.
ii. Magn (birgðamat).
iii. Virðisaukning.

108. Nefndarálit [31. mál]

um frv. til l. um breyt. á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

Frá minni hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Jón Þórðarson og Kristján P. Guðmundsson frá Apótekarafélagi Íslands, Hafrúnu Friðriksdóttur og Mími Arnórsson frá Lyfjafræðingafélagi Íslands, Einar Pál Svavarsson, framkvæmdastjóra Domus Medica, og Alfreð Ó. Ísaksson frá Lyfjabúðinni Iðunni.

Fulltrúar Félags lyfjafræðinga lögðust eindregið gegn frekari frestun VII. og XIV. kafla gildandi lyfjalaga. Fulltrúar Félags apótekara töldu aftur á móti brýna nauðsyn á frestun, en hins vegar kom skýrt fram að sá frestur, sem lagður er til í 2. gr. frumvarpsins, er að þeirra dómi fjarri því að vera nægur. Samkvæmt því er frumvarpið þeim til lítils gagns.

Framkvæmdastjórar Domus Medica og Iðunnarapóteks greindu frá því að dæmi væru um að eigendur lyfjaverslana hefðu lagt í verulegan kostnað til undirbúnings gildistöku fyrrnefndra kafla. Minni hlutinn telur því að samþykkt frumvarpsins kynni að baka ríkisvaldinu skaðabótaábyrgð og því væri óskynsamlegt að samþykkja frumvarpið án lögfræðilegrar skoðunar á þessu atriði.

Því leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 14. júní 1995.

Össur Skarphéðinsson,
form.

Fylgiskjal.

Umsögn Einars Páls Svavarssonar, framkvæmdastjóra Domus Medica hf., og Alfreðs Ómars Ísakssonar, yfirlyfjafræðings í Iðunnarapóteki.

(12. júní 1995.)

Vorið 1994 tóku ný lyfjalög gildi. Rétt er að undirstrika að allir kaflar laganna tóku gildi. Í ákvæðum til bráðabirgða sagði hins vegar: „Ákvæði VII. kafla og XIV. kafla koma þó eigi til framkvæmda fyrr en 1. nóvember 1995“, þ.e. kaflinn um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi annars vegar og kaflinn um lyfjaverð hins vegar.

Ástæðan fyrir frestun á framkvæmdatíma þessara tveggja kafla var mikill ágreiningur milli stjórnar og stjórnarandstöðu í þinginu við lokaafgreiðslu frumvarpsins. Sá ágreiningur var jafnaður með því að fresta því um eitt og hálft ár að þessir tveir kaflar kæmu til framkvæmda. Einnig var skipuð þverpólitísk nefnd með fulltrúum frá þingflokkunum og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og var nefndinni ætlað að fylgjast með breytingum vegna EES og gera tillögur að hugsanlegum breytingum á lögunum áður en ákvæði um nýjar úthlutunarreglur lyfsöluleyfa og nýjar verðlagsreglur taka gildi.

Áhrif nýrrar löggjafar og þverpólitíska nefndin.

Aðdragandi þessarar lagasetningar er líklega einn sá lengsti í sögu Alþingis. Yfir nokkurra ára tímabil kom málið fyrir heilbrigðis- og tryggingaefnd á tugum funda og tæplega er til nokkur sá hagsmunaaðili sem ekki fékk að tjá sig við nefndina í löngu máli, bæði munnlega og skriflega. Niðurstaðan var hins vegar lög nr. 93/1994.

Óhætt er að fullyrða að þegar hafi framangreind löggjöf haft víðtæk áhrif til hins betra hvað varðar þjónustu við viðskiptavini. Þá fyrst og fremst í þá veru að mörg apótek hafa hafið undirbúning að frekari samkeppni sín á milli, ekki aðeins með því að færa apótekin á nýja og betri staði, heldur og með því að laga verslanir og innréttingar að auknu og betra þjónustuhlutverki apótekanna. Má í því sambandi nefna flutning Iðunnarapóteks í Domus Medica, flutning Holtsapóteks í Glæsibæ, viðbyggingu og endurbætur á apóteki Keflavíkur sem og áform margra apóteka um að gera umfangsmiklar breytingar á apótekum sínum til þess að mæta aukinni samkeppni. Þá hafa margir apótekarar stofnað hlutafélög sem ætlað er að taka við rekstrinum eftir 1. nóvember 1995. Með þeim hætti er hægt að fá nýtt hlutafé inn í apótekin eins og önnur fyrirtæki og þar með að treysta grundvöll þeirra til frekari samkeppni. Allar þessar framkvæmdir eru stórstígar á skömmum tíma miðað við þá kyrrstöðu sem ríkti mörg ár þar á undan. Tíminn frá því að lögin tóku gildi og fram til 1. nóvember 1995 er tvímælalaust nægjanlegur til þess að apótekin fái að laga sig að aukinni samkeppni. Og vart þarf að minna á að með þessum lögum steig Alþingi mjög mikilvægt skref í þá veru að afnema óeðlileg viðskiptaleg sérréttindi og breyta rekstrarumhverfi apóteka til samræmis við það sem aðrir þegnar landsins búa við án þess þó að fórna á neinn hátt faglegum kröfum sem gera þarf til lyfsölu.

Á því rúmlega ári sem liðið er síðan lögin tóku gildi hefur hin þverpólitíska nefnd ekki séð neina ástæðu til þess að gera athugasemdir við framkvæmd laganna. Ekkert í störfum nefndarinnar hefur gefið tilefni til þess að ætla að framkvæmdatími VII. og XIV. kafla yrði annar en 1. nóvember. Á þessum grundvelli hafa ýmsir tekið veigamiklar ákvarðanir sem byggjast á gildandi lyfjalögum, nr. 93/1994.

Þá hafa ekki komið fram opinberlega haldbærar röksemdir sem mæla með því að fresta framkvæmdatímanum þó svo að EES-ákvæði laganna hafi oftast verið nefnt til sögunnar. Er þar annars vegar um að ræða rýmkun á möguleikum til auglýsinga og hins vegar samhliða innflutning.

Varðandi rýmkun á möguleikum til auglýsinga má nefna að bæði apótek og innflytjendur hafa farið sér mjög hægt í því máli, jafnvel þó að heimildin hafi legið fyrir frá gildistöku laganna. Engin ástæða er til að ætla annað en að svo verði áfram og mætti ætla að nægjanlegir möguleikar yfirvalda til að takmarka auglýsingar séu til staðar í 18. gr. laganna, takmarkanir sem þegar hafa komið fram í nýlegri reglugerð um lyfjaauglýsingar sem fljótlega tekur gildi og kynnt var í síðasta tölublaði Tímarits um lyfjafræði. Þá er nánast útilokað að samkeppni í verðlagningu geti hafist fyrr en XIV. kafli laganna kemur til framkvæmda þar sem hann er forsenda fyrir slíkri samkeppni. Þá hafa ekki heldur komið fram nein haldbær rök sem mæla með því að úthlutun lyfsöluleyfa verði í framtíðinni með öðrum hætti en þeim sem nýju lögin gera ráð fyrir, enda er þar um að ræða grundvallarþátt í endurskipulagningu smásöluverslunar með lyf til mun betri vegar þar sem þjónustuþátturinn er settur í öndvegi án þess að gerð sé nokkur tilslökun er varðar faglega þætti.

Varðandi samhliða innflutning er t.d. ljóst af reynslu Dana að lyfjakostnaður mun óhjákvæmilega lækka. Ákvæði í reglum um viðskiptahætti Evrópusambandsins og þar með á því svæði er EES-samningurinn nær til hafa þegar brotið upp dreifingarkerfi stórra lyfjaframleiðenda og opnað fyrirtækjum möguleika á að kaupa upprunaleg lyf á lægra verði á ódýrari svæðum. Engin ástæða er til að ætla annað en að Íslendingar muni notfæra sér þessa möguleika. Vilji Alþingi hins vegar skoða þessi áhrif ein og sér gæti rannsókn á þeim tíma sem fresturinn stendur, þ.e. til 1. júlí 1996, gefið ákveðnar vísbendingar. Hins vegar eru ákvæði þeirra kafla sem hugmyndin er að fresta óhjákvæmilega nátengd framþróuninni í samhliða innflutningum.

Iðunnarapótek og flutningur í Domus Medica.

Við flutning Iðunnarapóteks í Domus Medica voru gerðar ýmsar ráðstafanir sem byggjast í öllum atriðum á nýju lögunum. Það var gert þrátt fyrir þá fyrirvara sem Alþingi setti með stofnun hinnar þverpólitísku nefndar, enda töldu flestir sem að málinu komu að engar blikur væru á lofti. Gildandi lög mundu standa og stjórnmálamenn mundu tryggja stöðugleika um eigin ákvarðanir.

Í meginatriðum voru stofnuð tvö hlutafélög. Annað félagið sá um kaup á tölvubúnaði, innréttingar og breytingar á hinu nýja húsnæði í Domus Medica og mun hafa með höndum smásölu á snyrti-, hjúkrunar- og barnavörum. Það félag var stofnað af Kjartani Gunnarssyni apótekara (85% eignarhlutur) og Alfreð Ómari Ísakssyni yfirlyfjafræðingi (15% eignarhlutur). Í samkomulagi, sem gert var milli Domus Medica hf. og Kjartans Gunnarssonar, var ákveðið að Domus Medica hf. mundi kaupa hlutafé Kjartans á þriggja ára tímabili. Eigendur Domus Medica hf. hafa síðan sett sig í samband við fjölda aðila sem hafa áhuga á að kaupa hlutabréfin þegar fram í sækir og hefur þegar endurselt 25% hlut, m.a. til lyfjafræðings sem starfar við apótekið og ætlar að starfa þar í framtíðinni. Hitt hlutafélagið er einnig stofnað af þeim Alfreð Ómari Ísakssyni (85% eignarhlutur) og Kjartani Gunnarssyni (15% eignarhlutur). Því félagi er ætlað að taka við lyfsölunni 1. nóvember 1995 og mun þá Alfreð Ómar Ísaksson taka við lyfsöluleyfinu. Þessi málsmeðferð var kynnt heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu áður en farið var af stað og var staðfest í bréfi ráðuneytisins til Kjartans Gunnarssonar að hún væri í samræmi við gildandi lög (sbr. hjálagt bréf ráðuneytisins frá 23. desember 1994). Þó er rétt að fram komi að ráðuneytið benti á áðurnefndan fyrirvara um hina þverpólitísku nefnd.

Að þessum flutningi hafa margir aðilar komið og á mörgum mánuðum myndað með sér samstarf um flutning á apóteki sem er liður í endurbyggingu læknastöðvarinnar Domus Medica. Þessum flutningi hefur verið sérlega vel tekið af öllum sem við húsið starfa og ekki hvað síst sjúklingum sem þangað leita. Vart þarf að tíunda þau þægindi sem þetta hefur í för með sér fyrir eldra fólk og fólk sem sækir þjónustu til sérfræðinga utan af landi. Í dag líður vart sá dagur í Domus Medica að fjöldi fólks lýsi ekki ánægju sinni með þetta fyrirkomulag, en þessi flutningur var mögulegur vegna nýju laganna. Hann grundvallast, eins og áður sagði, á nánu samstarfi fjölmargra aðila sem koma beint að málinu.

Með frestun á gildistöku áðurnefndra kafla er þessu samstarfi stefnt í alvarlegan voða, m.a. vegna þess að þá gilda áfram gömlu úthlutunarreglurnar og ráðuneytið mun því senda þann apótekara sem er á réttum stað í gömlu goggunarröðinni inn í samstarf sem hann hefur ekkert haft með að gera en Kjartan Gunnarsson hefur leyfið til 1. nóvember 1995. Þá gæti orðið snúið að semja við nýja aðila á grundvelli þess fyrirkomulags sem hér hefur verið sett upp þar sem hann kemur inn í samstarfið á grundvelli gömlu lag-

anna en allt er sett upp á grundvelli nýju laganna. Þá er auðvitað ósvarað þeirri spurningu hvort sá apótekari, sem verður sendur inn í þetta samstarf með ráðherrabréf, ætli að hafa þá lyfjafræðinga sem þegar hafa fjárfest í nýju hlutafélögunum í vinnu. Einnig er ósvarað þeirri spurningu með hvaða hætti sá apótekari ætti að kaupa af Kjartani Gunnarssyni þar sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið setti það sem skilyrði fyrir framlengingu á lyfsöluleyfi Kjartans Gunnarssonar um eitt ár að honum væri „skylt að starfrækja lyfjabúðina til 1. nóvember 1995 samkvæmt lyfjalögum, nr. 93/1994“ en afsalaði sér „um leið þeim rétti sem er að finna í eldri lögum“ (sbr. hjálagt bréf ráðuneytisins frá 6. september 1994). Með tilvísan til þessarar setningar var Iðunnarapótek selt með allt öðrum hætti en hingað til hefur verið gert á grundvelli gömlu laganna.

Aðgerðir ef af frestun verður.

Af framansögðu má ljóst vera að gildistaka lyfjalaga, nr. 93/1994, skapaði ákveðna umgjörð um flutning Iðunnarapóteks yfir í Domus Medica, bæði stjórnsýslulega og viðskiptalega. Á grundvelli laganna tók hópur fólks ákvarðanir um samstarf sem hefur lukkast sérlega vel í alla staði. Má þar nefna lyfjafræðinga í versluninni, eigendur hússins, einstaklinga og verktaka sem tóku þátt í framkvæmdinni. Margra mánaða viðræður um fyrirkomulag flutningsins leiddu til þeirrar niðurstöðu sem að framan getur og auk framangreindra aðila átti viðskiptabanki apóteksins og Domus Medica, Búnaðarbanki Íslands, stóran þátt í að gera þetta mögulegt með nauðsynlegri lánafyrirgreiðslu upp á þriðja tug milljóna. Frekari frestun, að ekki sé talað um breytingu á inntaki áðurnefndra kafla laganna fram yfir 1. nóvember, getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

Verði það hins vegar niðurstaða Alþingis að nauðsynlegt sé að fresta framkvæmdatíma framangreindra kafla er þess farið á leit við heilbrigðis- og tryggingaefnd Alþingis að hún beiti sér fyrir því að þeir aðilar, sem hafa staðið að flutningi Iðunnarapóteks á grundvelli gildandi laga, verði ekki fyrir fjárhagslegum skakkaföllum vegna óvæntra breytinga á lögum. Förum við þess á leit við nefndina að frestun á gildistöku VII. og XIV. kafla verði ekki lengri en til 1. júlí 1996 og að nefndin tryggi að þessir tveir kaflar og þar með allir kaflar laga nr. 93/1994 komi sannarlega til framkvæmda 1. júlí 1996 og að ekki verði unnið að stefnumarkandi breytingum á lögunum fram að þeim tíma.

Þá viljum við óska eftir því við nefndina að á grundvelli þess sem sagt hefur verið hér að framan um flutning Iðunnarapóteks beini hún þeim tilmælum til ráðuneytisins:

1. Að Kjartan Gunnarsson fái framlengingu á lyfsöluleyfi til 1. júlí 1996.
2. Að ráðherra staðfesti ráðningu Alfreðs Ómars Ísakssonar sem forstöðumanns Iðunnarapóteks fyrir tímabilið 1. nóvember 1995 til 1. júlí 1996. Þessi tilhögun er gerð á grundvelli 13. gr. laga nr. 76/1982.
3. Að ráðherra samþykki að hlutafélaginu Iðunnarapóteki hf. verði heimilt að reka apótekið í samráði við lyfsöluleyfishafa frá 1. nóvember 1995.

Í sambandi við þriðja liðinn má benda á að í gegnum marga áratugi hefur sú undantekning verið á lyfjalögum að tvær lyfjabúðir hafa verið reknar sem deildir í samvinnufélögum. Ekki er annað vitað en að sá rekstur hafi verið aðstandendum kaupfélaganna á Akureyri og Selfossi til sóma. Þá er athyglisvert að með breytingum á lögum um samvinnufélög frá 1991 skapaðist sá möguleiki að gefa út ný hlutabréf í samvinnufélögum í formi B-deildarskírteina. Í dag er þannig hægt að kaupa hlutabréf í KEA og þar með í Stjörnuapóteki á Akureyri. Þannig hefur apótekið á Akureyri í raun og veru verið rekið sem deild í hlutafélagi, a.m.k. í skattalegum skilningi, þrátt fyrir að kaflarnir í lögum nr. 76/1982, um rekstur lyfjabúða, séu enn í gildi.

Fskj. 1.

Bréf heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis til Kjartans Gunnarssonar apótekara í Lyfjabúðinni Iðunni.
(6. september 1994.)

Með tilvísun til umsóknar yðar, dags. 20. júlí 1994, um framlengingu lyfsöluleyfis yðar skal eftirfarandi tekið fram.

Lyfjalög, nr. 93/1994, tóku gildi 1. júlí sl. Alþingi ákvað þó að fresta gildistöku ákvæða hinna nýju lyfjalaga er varða nýjar úthlutunarreglur lyfsöluleyfa og nýjar verðlagsreglur til 1. nóvember 1995.

Samkomulag varð milli stjórnar og stjórnarandstöðu um að fresta umræddum ákvæðum nýju lyfjalaganna þar sem mikill ágreiningur varð um þau ákvæði og því útlit fyrir að frumvarpið yrði tafið í þinginu og nauðsynleg ákvæði, m.a. varðandi EES, næðu þar af leiðandi ekki fram. Til að greiða fyrir þessu samkomulagi féllst ráðherra jafnframt á að skipa þverpólitíska nefnd með fulltrúum frá þingflokkum og ráðuneytinu til að fylgjast með breytingum vegna EES og gera tillögur að hugsanlegum breytingum á lögunum áður en ákvæði um nýjar úthlutunarreglur lyfsöluleyfa og nýjar verðlagsreglur taka gildi.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, og 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 112/1994, um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, fellur lyfsöluleyfi niður í lok þess árs sem leyfishafi verður sjötugur. Samkvæmt 2. tölul. ákvæða til bráðabirgða í lyfjalögum, nr. 93/1994, segir að þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, geti ráðherra framlengt lyfsöluleyfi þar til ákvæði VII. kafla taki gildi.

Með tilvísun til 2. tölul. ákvæða til bráðabirgða í lyfjalögum, nr. 93/1994, er lyfsöluleyfi yðar til að starfrækja Lyfjabúðina Iðunni, Laugavegi 40a, Reykjavík, framlengt til 1. nóvember 1995. Þar með er yður skylt að starfrækja lyfjabúðina til 1. nóvember 1995 samkvæmt lyfjalögum, nr. 93/1994, en afsalið yður um leið þeim rétti sem er að finna í eldri lögum, þ.e. lögum um lyfjadreifingu, nr. 76/1982.

Yður hefur jafnframt á fundi í ráðuneytinu 28. ágúst sl. verið gerð grein fyrir þeirri óvissu sem fram undan er um fyrirkomulag lyfsöluleyfa en á þessari stundu er ekki hægt að segja til um hvort ákvæði nýju lyfjalaganna um lyfsöluleyfi nái óbreytt fram að ganga 1. nóvember 1995 þar sem stjórnarandstaðan lagði á það mikla áherslu að fresturinn yrði hafður fram yfir næstu þingkosningar þannig að öruggt væri að ný ríkisstjórn og nýtt þing yrði komið saman áður en hann rynni út og því gæfist e.t.v. tími til að breyta þessum reglum.

Sighvatur Björgvinsson.
Páll Sigurðsson.

Fskj. 2.

Bréf heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis til Kjartans Gunnarssonar apótekara í Lyfjabúðinni Iðunni.
(23. desember 1994.)

Vísað til erindis, dags. 29. nóvember 1994, varðandi fund sem haldinn var í ráðuneytinu miðvikudaginn 19. október 1994 vegna flutnings lyfjabúðarinnar Iðunnar í Domus Medica. Fram kemur í erindinu að heimild hefur fengist til flutnings lyfjabúðarinnar og að stofnað hefur verið hlutafélagið Lyfjabúðin Iðunn hf.

Í erindinu eru gerðar eftirfarandi fyrirspurnir til ráðuneytisins:

a. Gerir ráðuneytið athugasemd við það að framangreint hlutafélag taki við rekstri Lyfjabúðarinnar Iðunnar frá og með 1. janúar 1995 í samstarfi við undirritaðan lyfsöluleyfishafa?
b. Er það rétt skilið að samkvæmt lyfjalögum, nr. 93/1994, sé hlutafélaginu Lyfjabúðin Iðunn hf. heimilt að reka lyfjaverslun í samstarfi við þann lyfjafræðing sem verður handhafi lyfsöluleyfis Lyfjabúðarinnar Iðunnar frá 1. nóvember 1995?
c. Er það rétt skilið að lyfjafræðingur, sem gert hefur samning við hlutafélagið Iðunni hf. og eigendur hlutafélagsins velja, geti tekið við lyfsöluleyfi Lyfjabúðarinnar Iðunnar frá 1. nóvember 1995 þegar lyfsöluleyfi undirritaðs fellur úr gildi að því gefnu að hann uppfylli þau þrjú skilyrði sem sett eru fyrir slíkri leyfisveitingu í 20. gr. laga nr. 93/1994?

Vegna þessa vill ráðuneytið taka eftirfarandi fram:

a. Nýtt fyrirkomulag lyfsöluleyfa, skv. VII. kafla lyfjalaga, nr. 93/1994, tekur gildi 1. nóvember 1995 en þangað til gilda ákvæði í II., III. og VI. kafla laga um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, 2.–6. gr., 9.–13. gr. og 27.–34. gr. er fjalla um stofnun lyfjabúða, lyfsöluleyfi og undirstofnanir lyfjabúða. Fram til þessa hefur ekki verið heimilt að reka lyfjabúð á hlutafélagsformi. Ráðuneytið telur sér ekki fært að veita heimild til hlutafélagsreksturs lyfjabúðarinnar fyrr en nýtt fyrirkomulag lyfsöluleyfa, skv. VII. kafla lyfjalaga, nr. 93/1994, hefur tekið gildi.
b. Þetta er rétt skilið svo framarlega sem engar breytingar verða gerðar á VII. kafla lyfjalaga, nr. 93/1994. Á umræddum fundi í ráðuneytinu 19. október var lögfræðileg hlið málsins rædd og gestunum gerð grein fyrir þeirri óvissu sem væri til staðar um endanlega niðurstöðu lagaákvæða um lyfsöluleyfi. Lyfjalög, nr. 93/1994, tóku gildi 1. júlí sl. Alþingi ákvað þó að fresta gildistöku ákvæða hinna nýju lyfjalaga er varða nýjar úthlutunarreglur lyfsöluleyfa og nýjar verðlagsreglur til 1. nóvember 1995. Samkomulag varð milli stjórnar og stjórnarandstöðu um að fresta umræddum ákvæðum nýju lyfjalaganna þar sem mikill ágreiningur varð um þau ákvæði og því útlit fyrir að frumvarpið yrði tafið í þinginu og nauðsynleg ákvæði, m.a. varðandi EES, næðu þar af leiðandi ekki fram. Til að greiða fyrir þessu samkomulagi féllst ráðherra jafnframt á að skipa þverpólitíska nefnd með fulltrúum frá þingflokkum og ráðuneytinu til að fylgjast með breytingum vegna EES og gera tillögur að hugsanlegum breytingum á lögunum áður en ákvæði um nýjar úthlutunarreglur lyfsöluleyfa og nýjar verðlagsreglur taka gildi. Nefndin á að skila skýrslu til ráðherra fyrir 1. september 1995. Nefndinni er ætlað að meta hvort ástæða er til hugsanlegra breytinga á lögunum áður en fresturinn rennur út. Á þessari stundu er því erfitt að segja til um hvernig úthlutun lyfsöluleyfa verður framkvæmd eftir 1. nóvember 1995.

Núverandi ríkisstjórn hefur stefnt að því að gefa lyfsöluleyfin frjáls en fallist á ákveðnar takmarkanir og í raun frestað að taka endanlega afstöðu til málsins. Með því að fresta málinu hlýtur það að verða í verkahring næstu ríkisstjórnar og næsta heilbrigðisráðherra að ákveða hvernig þessum málum verði skipað.

c. Þetta er rétt skilið svo framarlega sem engar breytingar verða gerðar á VII. kafla lyfjalaga, nr. 93/1994.

Páll Sigurðsson.
Einar Magnússon.

109. Nefndarálit [36. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um það Ara Teitsson, formann Bændasamtakanna, Sigurgeir Þorgeirsson, forstjóra Bændasamtakanna, Guðmund Sigþórsson, skrifstofustjóra í landbúnaðarráðuneytinu, Gísla Karlsson frá Framleiðsluráði landbúnaðarins og Ingólf Bender, hagfræðing á fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Í stað 1. gr. komi nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:
   Til að jafna skilaverð til framleiðenda fyrir afurðir sem seldar eru á erlendum mörkuðum samkvæmt samkomulagi sem kveðið er á um í 62. gr. laganna getur landbúnaðarráðherra heimilað innheimtu á verðjöfnunargjaldi sem má nema allt að 10% af því verði sem kemur til skila við útflutning (fob) hjá hverri afurðastöð. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um innheimtu og ráðstöfun verðmiðlunargjaldsins. Ákvæði þetta gildir til 15. október 1996.
2. Við 3. gr. Í stað orðanna „1. mars 1996“ komi: 1. nóvember 1995.
3. Á eftir 3. gr., er verði 2. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Breyting nefndarinnar felur í sér að efnisákvæði núverandi 1. gr. frumvarpsins um verðmiðlunargjald verði flutt í ákvæði til bráðabirgða og jafnframt verði í bráðabirgðaákvæðinu kveðið á um að það gildi til 15. október 1996. Þá er sú breyting gerð á 3. gr. að heimild til frestunar á ákvörðun heildargreiðslumarks verðlagsársins 1996–1997 miðast við 1. nóvember 1995 í stað 1. mars 1996 og er það gert til að hvetja til sem skjótastrar lausnar á vanda sauðfjárbænda.

Landbúnaðarráðherra mun hafa samráð við nefndina um setningu þeirrar reglugerðar sem kveðið er á um að sett verði samkvæmt hinu nýja bráðabirgðaákvæði um innheimtu og ráðstöfun verðmiðlunargjaldsins.

Kristín Ástgeirsdóttir sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Alþingi, 14. júní 1995.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.	Hjálmar Jónsson.
Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.	Árni M. Mathiesen, með fyrirvara.	Guðjón Guðmundsson.
Magnús Stefánsson.	Ágúst Einarsson, með fyrirvara.	Egill Jónsson.

110. Þingsályktun [37. mál]

um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1995.

(Afgreidd frá Alþingi 14. júní.)

Samhljóða þskj. 43.

111. Lög [28. mál]

um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. júní.)

1. gr.

2. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 87/1994, orðast svo:

Falli veiðileyfi skips skv. 1. mgr. þessarar greinar niður má veita nýju eða nýkeyptu sambærilegu skipi veiðileyfi í þess stað enda hafi rétti til endurnýjunar ekki verið afsalað. Sé um að ræða endurnýjun báts, sem veiðar stundar með línu og handfærum með dagatakmörkunum skv. 1.–10. mgr. 6. gr., skal afkastageta hins nýja eða nýkeypta báts þó vera a.m.k. 50% minni en þess báts er veiðileyfi lætur. Ávallt skal nýr eða nýkeyptur bátur vera minni en 6 brúttótonn. Heimilt er að flytja veiðileyfi fleiri en eins skips til skips er veiðileyfi hlýtur. Þá er heimilt að veita fleiri en einu skipi veiðileyfi í stað skips er veiðileyfi lætur. Óheimilt er að gera breytingar á skipum sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni þannig að afkastageta þeirra aukist nema annað skip eða önnur skip láti veiðileyfi á móti. Þetta á þó ekki við um breytingar á skipum sem veiðar stunda með aflamarki og leyfi fengu til veiða í atvinnuskyni fyrir 1. janúar 1986, en ekki skulu slíkar breytingar lagðar til grundvallar við mat á afkastagetu við endurnýjun skipsins síðar. Ráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um endurnýjun fiskiskipa.

2. gr.

6. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 87/1994, orðast svo:

Bátar minni en 6 brl., sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum með dagatakmörkunum, krókabátar, skulu frá og með fiskveiðiárinu er hefst 1. september 1995 stunda veiðar með þeim takmörkunum er kveðið er á um í 2.–10. mgr. þessarar greinar. Þessum bátum er einungis heimilt að stunda veiðar með handfærum og línu. Þó er sjávarútvegsráðherra heimilt að veita þeim leyfi til að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf, svo sem plógum og gildrum og til hrognkelsaveiða í net.

Veiðar skulu bannaðar í desember og janúar sem og í sjö daga um páska og verslunarmannahelgi samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Veiðar skulu enn fremur bannaðar aðra og fjórðu helgi hvers mánaðar auk föstudaga á undan hvorri helgi. Falli banndagar þessir saman við banndaga um páska eða verslunarmannahelgi flytjast þeir fram sem því nemur. Á banndögum eru allar veiðar óheimilar. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu varðandi veiðar í sérhæfð veiðarfæri samkvæmt lokamálslið 1. mgr.

Krókabátum gefst frá og með fiskveiðiári því er hefst 1. september 1995 kostur á að velja milli þess að stunda veiðar með þorskaflahámarki skv. 4. mgr. og þess að stunda veiðar með viðbótarbanndögum eins og nánar er lýst í 5.–9. mgr.

Þorskaflahámark þeirra báta er þann kost velja skal samtals nema sama hlutfalli af 21.000 lestum, miðað við óslægðan fisk, og nam samanlagðri hlutdeild þessara báta í heildarþorskafla krókabáta á almanaksárinu 1994. Skal því skipt milli einstakra báta á grundvelli veiðireynslu viðkomandi báts almanaksárin 1992, 1993 og 1994. Skal við þá skiptingu fyrst taka tvö bestu árin varðandi þorskafla hvers báts og reikna meðalþorskafla bátsins á þeim árum. Sá hluti þannig reiknaðs meðalafla fyrir hvern bát, sem umfram er 50 lestir, skal síðan margfaldaður með stuðlinum 0,7. Þannig umreiknaður meðalafli tveggja bestu áranna skal lagður til grundvallar hlutfallslegri skiptingu sameiginlegs þorskaflahámarks milli einstakra báta. Við ákvörðun þorskaflahámarks skal ekki tekið tillit til frátafa frá veiðum á viðmiðunartímabilinu.

Fyrir þá báta sem velja viðbótarbanndaga skal fiskveiðiárinu skipt upp í fjögur veiðitímabil og hámarksafli þeirra ákveðinn á hverju tímabili. Veiðitímabil eru sem hér segir:

1. tímabil 1. september til 30. nóvember.
2. tímabil 1. febrúar til 30. apríl.
3. tímabil 1. maí til 30. júní.
4. tímabil 1. júlí til 31. ágúst.

Sameiginlegur hámarksafli þeirra báta er þennan kost velja telst sama hlutfall af 21.000 lestum af þorski, miðað við óslægðan fisk, og nam samanlagðri hlutdeild þessara báta í heildarþorskafla krókabáta á almanaksárinu 1994 og skal honum skipt þannig milli veiðitímabila að á fyrsta tímabil falla 24%, á annað tímabil 11%, á þriðja tímabil 32% og á fjórða tímabil 33%. Útgerðum báta er velja að stunda veiðar með þorskaflahámarki skv. 3. mgr. gefst kostur á að endurskoða val sitt í lok fiskveiðiársins 1995/1996 og velja í stað þess sóknardaga fyrir síðari fiskveiðiár enda tilkynni útgerð þá ákvörðun fyrir 1. ágúst 1996. Hækkar þá sameiginlegur hámarksafli samkvæmt þessari málsgrein sem nemur hlutdeild þeirra báta sem endurvalið tekur til í heildarþorskafla krókabáta á almanaksárinu 1994 og skal þorskafli þessara báta á einstökum tímabilum fiskveiðiársins 1995/1996 talinn með við ákvörðun sóknardaga á einstökum tímabilum fiskveiðiársins 1996/1997.

Fari þorskafli þeirra báta er þennan kost velja á einhverju veiðitímabili fram úr fyrrgreindu hámarki skal banndögum á sama tímabili á næsta fiskveiðiári fjölgað, í fyrsta sinn á fiskveiðiári því sem hefst 1. september 1995. Í því sambandi skal reikna meðalafla á dag á umræddu veiðitímabili liðins fiskveiðiárs og finna viðbótarbanndaga með því að deila þeirri tölu í viðkomandi umframafla. Skal banndögum fjölgað um heila daga og broti sleppt. Hámarksafli skv. 6. mgr. á viðkomandi tímabili næsta fiskveiðiárs skal lækka sem umframaflanum nemur.

Viðbótarbanndagar skulu falla á þær helgar sem veiðar eru ekki bannaðar á skv. 2. mgr. á viðkomandi tímabili og síðan bætast framan við fasta banndaga á viðkomandi tímabili. Þeim skal skipt eins jafnt niður og unnt er. Þó skulu fyrstu sjö viðbótarbanndagarnir á fyrsta tímabili vera í lok tímabilsins, fyrstu sjö viðbótarbanndagarnir á öðru tímabili vera í upphafi þess og fyrstu sjö viðbótarbanndagarnir á þriðja tímabili vera dagarnir fyrir sjómannadag. Á viðbótarbanndögum eru allar veiðar óheimilar. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu varðandi veiðar í sérhæfð veiðarfæri samkvæmt lokamálslið 1. mgr. Frá og með því veiðitímabili er hefst 1. febrúar 1996 skal útgerð heimill að eigin vali tiltekinn fjöldi sóknardaga innan hvers veiðitímabils í stað viðbótarbanndaga samkvæmt þessari málsgrein. Skal fjöldi sóknardaga vera ákveðinn þannig að sókn sé heimil á 34% færri dögum á hverju tímabili en verið hefði með fastákveðnum viðbótarbanndögum. Heimilt er að flytja sóknardaga frá fyrsta og öðru veiðitímabili yfir á þriðja og fjórða veiðitímabil sama fiskveiðiárs, enda verði bátum ekki haldið til veiða á því veiðitímabili sem sóknardagar eru fluttir frá. Sóknardagar, sem fluttir eru á þennan hátt, skulu margfaldaðir með stuðlinum 0,5 og broti sleppt. Þannig umreiknuðum sóknardögum skal skipt jafnt milli þriðja og fjórða veiðitímabils. Útgerðir skulu tilkynna Fiskistofu um flutning á sóknardögum fyrir upphaf þess veiðitímabils sem sóknardagar eru fluttir frá. Annað veiðitímabil fiskveiðiársins 1996/1997 er fyrsta veiðitímabil sem heimilt er að flytja sóknardaga frá. Við útreikning á sóknardögum á hverju tímabili á næsta fiskveiðiári skal hlutfall afla, sem er jafnt hlutfall fluttra sóknardaga af heildarfjölda sóknardaga á tímabilinu, reiknast til afla þess tímabils sem sóknardagar voru fluttir frá. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um fyrirkomulag sóknardaga, eftirlit með þeim og hvernig tilkynnt skuli um flutning á sóknardögum. Ráðherra getur á sama hátt með reglugerð leyft flutning milli annarra tímabila.

Sé einn maður í áhöfn krókabáts er óheimilt að róa með og eiga í sjó fleiri en 12 bala af línu en 20 bala séu tveir eða fleiri í áhöfn. Miðað er við að 500 krókar séu á línu í hverjum bala.

Fiskistofa skal fyrir 1. júlí 1995 senda útgerðum tilkynningu um reiknað þorskaflahámark hvers báts og forsendur þess og hafa útgerðir mánaðarfrest til að tilkynna um val milli þorskaflahámarks og viðbótarbanndaga og sama frest til að koma að athugasemdum. Velji útgerð ekki fyrir tilskilinn tíma skulu bátnum ákvarðaðir viðbótarbanndagar. Skal Fiskistofa úrskurða um framkomnar athugasemdir eins fljótt og við verður komið. Sætti útgerðarmaður sig ekki við úrskurð Fiskistofu getur hann skotið málinu til sérstakrar kærunefndar er ráðherra skipar. Skal hún skipuð þremur mönnum og skal formaður hennar fullnægja skilyrðum til að vera skipaður héraðsdómari. Úrskurðir kærunefndar eru fullnaðarúrskurðir innan stjórnkerfisins.

Heimilt er án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar í tómstundum til eigin neyslu. Slíkar veiðar er einungis heimilt að stunda með handfærum án sjálfvirknibúnaðar. Afla, sem veiddur er samkvæmt heimild í þessari málsgrein, er óheimilt að selja eða fénýta á annan hátt.

3. gr.

4. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Þá er heimilt að veiða allt að 5% umfram aflamark hverrar botnfisktegundar og úthafsrækju og 3% umfram aflamark innfjarðarrækju, enda dregst sá umframafli frá við úthlutun aflamarks næsta fiskveiðiárs á eftir.

4. gr.

4. mgr. 12. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 87/1994, fellur niður.

5. gr.

Við 17. gr. laganna, sbr. 12. gr. laga nr. 36/1992, bætist ný málsgrein er verður 4. mgr. og orðast svo:

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að settur skuli, á kostnað útgerða, sjálfvirkur eftirlitsbúnaður til fjareftirlits um borð í fiskiskip.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við upphaf þess fiskveiðiárs er hefst 1. september 1995. Ákvæði 1. gr. koma þó þegar til framkvæmda. Hafi bindandi samningur verið gerður fyrir gildistöku laga þessara um kaup eða smíði á nýjum báti í stað krókabáts eða um breytingar á slíkum báti skulu eldri reglur um endurnýjun þó gilda um þann bát enda hafi hann fengið útgefið haffærisskírteini fyrir 31. ágúst 1995.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Á fiskveiðiárunum 1995/1996 til og með 1998/1999 skal árlega ráðstafa 5.000 lestum af þorski til jöfnunar samkvæmt þessu ákvæði. Aflaheimildir þessar miðast við óslægðan fisk og skulu þær dregnar frá leyfðum heildarafla þorsks áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar, sbr. 3. mgr. 7. gr.

Aflaheimildum skv. 1. mgr. skal árlega úthlutað til þeirra skipa sem orðið hafa fyrir mestri skerðingu við úthlutun aflamarks frá fiskveiðiárinu 1991/1992 til þess fiskveiðiárs er úthlutunin varðar. Skal úthlutunin framkvæmd eftir að ákvörðun hefur verið tekin um ráðstöfun aflaheimilda skv. 9. gr. og miðast við að skerðing umfram tiltekin mörk skuli að fullu bætt, þó þannig að ekkert skip fái meira en 10 lestir af þorski, miðað við slægðan fisk, í sinn hlut árlega. Skip, sem leyfi hafa til fullvinnslu botnfiskafla um borð, sbr. lög nr. 54/1992, skulu ekki njóta bóta samkvæmt þessu ákvæði.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um úthlutun samkvæmt þessari grein. Skal hann m.a. kveða á um við hvaða tíma skuli miða aflahlutdeild. Þá er ráðherra heimilt að ákveða að litið skuli í heild á veiðiheimildir skipa í eigu sömu útgerðar varðandi bótaútreikning ef ástæða er til að ætla að reynt verði að hafa áhrif á bótaútreikning með millifærslu aflahlutdeildar milli skipa.

Á fiskveiðiárinu 1994/1995 skal úthluta sérstaklega til jöfnunar þeim hluta aflahámarks vegna línutvöföldunar skv. 6. mgr. 10. gr. sem ekki nýttist við línuveiðar í nóvember til febrúar. Skal þessum aflaheimildum úthlutað í samræmi við reglur 2. og 3. mgr. þessa ákvæðis eftir því sem við á og skal í þeim efnum miða við aflahlutdeild einstakra skipa 1. maí 1995.

Við ráðstöfun aflaheimilda skv. 9. gr. á því tímabili sem um getur í 1. mgr. þessa ákvæðis er heimilt að taka mið af breytingum í aflamarki sem orðið hafa á lengra tímabili en milli fiskveiðiára.

II.

Á fiskveiðiárunum 1995/1996 til og með 1998/1999 skal Byggðastofnun árlega hafa til ráðstöfunar þorskaflahámark er nemur 500 lestum miðað við óslægðan fisk. Skal Byggðastofnun árlega ráðstafa þessum aflaheimildum til krókabáta sem gerðir eru út frá byggðarlögum sem algjörlega eru háð veiðum slíkra báta og standa höllum fæti. Frá og með fiskveiðiárinu 1999/2000 skal sjávarútvegsráðherra með reglugerð ráðstafa þessum aflaheimildum til krókabáta.

III.

Sjávarútvegsráðherra skal tafarlaust láta fara fram könnun á þeim kostum sem fyrir hendi eru til fjareftirlits með sjálfvirkum búnaði með fiskiskipum. Skal að því stefnt að kerfi er hafi virkt eftirlit með nýtingu sóknardaga báta sem krókaveiðar stunda verði komið á fyrir 1. febrúar 1996. Takist það ekki skal ráðherra með reglugerð kveða á um tilkynningarskyldu og eftirlit með þessum veiðum með öðrum hætti sem hann telur fullnægjandi.

112. Lög [29. mál]

um breytingu á lögum nr. 92 24. maí, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Alþingi 15. júní.)

Samhljóða þskj. 77.

113. Lög [30. mál]

um breytingu á lögum nr. 93 20 nóvember 1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, með síðari breytingu.

(Afgreidd frá Alþingi 15. júní.)

Samhljóða þskj. 34.

114. Lög [27. mál]

um breytingu á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

(Afgreidd frá Alþingi 15. júní.)

Samhljóða þskj. 86.

115. Frumvarp til laga [47. mál]

um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað.

Flm.: Geir H. Haarde, Ólafur Örn Haraldsson, Svavar Gestsson, Össur Skarphéðinsson, Kristín Ástgeirsdóttir.

I. KAFLI

Þingfararkaup.

1. gr.

Greiða skal alþingismanni mánaðarlega þingfararkaup úr ríkissjóði. Þingfararkaup greiðist frá fyrsta degi eftir kjördag og til síðasta dags þess mánaðar er kjörtímabili eða þingsetu lýkur. Kaupið greiðist fyrsta hvers mánaðar fyrir fram.

2. gr.

Forseti Alþingis nýtur sömu launa- og starfskjara og ráðherrar.

3. gr.

Varaforsetar Alþingis skulu fá greitt 15% álag á þingfararkaup.

4. gr.

Alþingismaður á rétt á leyfi frá opinberu starfi, sem hann gegnir, í allt að fimm ár. Afsali hann sér starfinu eftir fimm ára leyfi á hann að öðru jöfnu forgang í allt að fimm ár frá þeim tíma að sambærilegri stöðu hjá hinu opinbera.

Nú gegnir alþingismaður starfi hjá ríki eða ríkisstofnun með þingmennsku og skal hann þá njóta launa fyrir það starf samkvæmt mati viðkomandi ráðuneytis, þó aldrei hærri en 50%.

5. gr.

Ráðherra, sem er ekki alþingismaður, fær greitt þingfararkaup, sbr. 51. gr. stjórnarskrár.

II. KAFLI
Þingfararkostnaður.

Húsnæðis- og dvalarkostnaður.

6. gr.

Greiða skal alþingismanni fyrir kjördæmi utan Reykjavíkur og Reykjaness mánaðarlega húsnæðis- og dvalarkostnað til þess að hafa dvalarstað í Reykjavík eða grennd, eigi hann heimili utan Reykjavíkur eða nágrennis, eða til þess að hafa starfs- eða dvalaraðstöðu í kjördæmi sínu eigi hann heimili utan kjördæmisins.

Alþingismaður, sem á heimili utan Reykjavíkur eða nágrennis en fer að jafnaði milli heimilis og Reykjavíkur um þingtímann, á rétt á að fá endurgreiddan ferðakostnað, auk þriðjungs af greiðslu skv. 1. mgr. mánaðarlega.

Haldi alþingismaður, sem á aðalheimili utan Reykjavíkur eða nágrennis, annað heimili í Reykjavík er heimilt, meðan svo stendur, að greiða honum álag, allt að 40%, á fjárhæð skv. 1. mgr.

Ferðakostnaður.

7. gr.

Alþingismaður fær mánaðarlega fjárhæð til greiðslu kostnaðar við ferðalög innan kjördæmis hans. Enn fremur skal endurgreiða alþingismanni ferðakostnað milli heimilis eða starfsstöðvar og Reykjavíkur.

Endurgreiða skal alþingismanni kostnað við aðrar ferðir er hann þarf að fara innan lands í tengslum við störf sín, svo og gisti- og dvalarkostnað í þeim ferðum. Heimilt er að ákveða að kostnaður við ferðir umfram tiltekna vegalengd frá heimili eða starfsstöð innan kjördæmis verði endurgreiddur þrátt fyrir ákvæði 1. mgr.

8. gr.

Alþingi greiðir kostnað við ferðir sem alþingismaður fer á vegum þingsins til útlanda.

Almennur starfskostnaður.

9. gr.

Alþingi leggur alþingismanni til almenna skrifstofuaðstöðu og nauðsynlegan búnað og greiðir kostnað af því. Endurgreiða skal alþingismanni símakostnað.

Endurgreiða skal alþingismönnum annan starfskostnað samkvæmt reglum sem forsætisnefnd setur. Heimilt er að greiða starfskostnað samkvæmt þessari málsgrein sem fasta fjárhæð í stað endurgreiðslu samkvæmt reikningum.

III. KAFLI
Önnur starfskjör.

Forföll alþingismanna og greiðslur til varaþingmanna.

10. gr.

Nú þarf alþingismaður að vera fjarverandi vegna starfa á vegum ríkisstjórnar, sem fulltrúi Alþingis eða í öðrum opinberum erindum, í a.m.k. fimm daga eða lengur, og varamaður tekur sæti hans á Alþingi á meðan, sbr. 2. mgr. 53. gr. þingskapa, og skal hann þá eigi að síður halda þingfararkaupi og öðrum föstum greiðslum meðan forföll vara. Forsætisnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og er þá heimilt að víkja frá ákvæðum þessarar málsgreinar um lágmarkstíma fjarveru ef sérstaklega stendur á og fyrir liggur beiðni þingflokks þar að lútandi.

Hverfi þingmaður af þingi um sinn vegna slyss eða veikinda fær hann þingfararkaup og aðrar fastar greiðslur samkvæmt lögum þessum eigi að síður allt að einu ári.

Nú er þingmaður forfallaður af öðrum ástæðum en getur í 1. og 2. mgr. og varamaður tekur sæti hans á þingi, og missir hann þá þingfararkaups og annarra kjara þann tíma sem hann er fjarverandi.

11. gr.

Varaþingmaður fær greitt þingfararkaup skv. 1. gr. meðan hann situr á Alþingi og endurgreiddan þingfararkostnað samkvæmt lögum þessum eftir nánari reglum sem forsætisnefnd setur.

Fæðingarorlof og tryggingar.

12. gr.

Alþingismaður á rétt á fæðingarorlofi þann tíma sem lög eða kjarasamningar opinberra starfsmanna ákveða. Tekur varamaður þá sæti á meðan en þingmaðurinn skal einskis í missa af launum og föstum greiðslum samkvæmt lögum þessum meðan á fæðingarorlofi stendur.

Alþingismaður nýtur slysa- og ferðatrygginga.

Biðlaun.

13. gr.

Alþingismaður á rétt á biðlaunum er hann lætur af þingmennsku. Biðlaun jafnhá þingfararkaupi skv. 1. gr. skal þá greiða í þrjá mánuði. Eftir þingsetu í tvö kjörtímabil eða lengur skal þó greiða biðlaun í sex mánuði.

IV. KAFLI
Ákvörðun þingfararkaups og þingfararkostnaðar.

14. gr.

Kjaradómur ákveður þingfararkaup skv. 1. gr., sbr. lög nr. 120/1992.

Forsætisnefnd Alþingis ákveður aðrar greiðslur samkvæmt lögum þessum og setur nánari reglur um þær.

15. gr.

Skrifstofa Alþingis úrskurðar um reikninga þá sem alþingismanni skulu endurgreiddir samkvæmt lögum þessum. Vilji alþingismaður ekki una úrskurði skrifstofunnar getur hann skotið honum til forsætisnefndar sem fellir endanlegan úrskurð.

Ef vafi leikur á um rétt alþingismanns samkvæmt lögum þessum sker forsætisnefnd úr.

16. gr.

Greiðsla þingfararkostnaðar skv. 6., 7. og 9. gr. er framtalsskyld, sbr. lög um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, en ekki skattskyld. Um greiðslur skv. 8. gr. fer eftir þeim reglum sem ríkisskattstjóri setur.

V. KAFLI
Gildistaka.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1995. Frá þeim tíma falla úr gildi lög nr. 75/1980. Úrskurðir byggðir á þeim lögum halda gildi sínu þangað til forsætisnefnd hefur sett nýjar reglur skv. 6. og 7. gr., sbr. 2. mgr. 14. gr.

Í stað orðanna „þingfararkaup og önnur starfskjör alþingismanna skv. 12. gr. laga nr. 75/1980, um þingfararkaup alþingismanna“ í 2. gr. laga nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd, kemur: þingfararkaup samkvæmt lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er gerð tillaga um heildarendurskoðun laganna um þingfararkaup. Lögin eru að stofni til þrjátíu ára gömul en þar er að finna ýmis ákvæði sem í reynd eru mun eldri. Margt rekur á eftir endurskoðun laganna nú:

a. Alþingi starfar nú í einni málstofu og hafa þingmenn starfsskyldur í nefndum allt árið.
b. Skyldur þingmanna eru miklu fjölþættari en áður. Ferðir í kjördæmi eru tíðari en fyrr, ekki síst vegna bættra samgangna, fundir fleiri og skyldur þingmanna við kjósendur eru einnig margbreytilegri en áður.
c. Gerðar eru meiri kröfur til þingmanna um þátttöku í alþjóðlegu samstarfi.
d. Ný samskiptatækni skapar nýja möguleika en líka ný verkefni án þess að eldri verkefni hafi fallið niður.

M.a. af þessum ástæðum hefur um nokkra hríð verið unnið að endurskoðun laga um þingfararkaup. Markmið endurskoðunarinnar var:

— að draga skýr mörk annars vegar milli kostnaðar sem eðlilegt er að Alþingi greiði á hverjum tíma og telja verður kostnað við starfsemi þingsins og hins vegar launa alþingismanna,
— að sníða lögin að nútímaaðstæðum og skapa forsætisnefnd aðstöðu til að bregðast við nýjum verkefnum jafnóðum og þau falla til.

Frumvarpið skiptist í fimm efniskafla. Í þeim fyrsta er fjallað um þingfararkaupið. Það hefur verið og verður áfram samkvæmt frumvarpinu ákveðið af Kjaradómi. Í lögum um Kjaradóm segir að hann skuli halda þannig á málum að þingmenn hafi laun „í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar“ (5. gr.). Í því sambandi hlýtur að verða að hafa í huga hlutverk Alþingis gagnvart öðrum stoðum ríkisvaldsins, dómsvaldi og framkvæmdarvaldi, sem og sveitarfélögum og hagsmunasamtökum í þjóðfélaginu. Er því eðlilegt til samanburðar um kjör þingmanna að líta m.a. til héraðsdómara, ráðuneytis- og skrifstofustjóra í Stjórnarráðinu, forsvarsmanna almannasamtaka og yfirmanna ýmissa bæjarfélaga. Frumvarp þetta fjallar hins vegar ekki um laun þingmanna heldur fyrst og fremst um önnur starfskjör þeirra.

Í öðrum kafla frumvarpsins er fjallað um „þingfararkostnað“ en það er nýtt heiti í lögunum. Með þingfararkostnaði er átt við eftirfarandi þætti:

1. Húsnæðis- og dvalarkostnað sem kveðið er á um í 6. gr. Þessi ákvæði snerta aðallega kostnað þeirra þingmanna sem kjörnir eru utan Reykjavíkur og Reykjaness. Jafnframt eru felldar niður svokallaðar fæðispeningagreiðslur til þessara þingmanna sem hafa verið 1.700 kr. á dag um þingtímann. Þær greiðslur þykja ekki lengur vera í takt við tímann.

2. Ferðakostnað sem kveðið er á um í 7. gr. Breytast þær reglur talsvert þar sem tryggja á að Alþingi borgi allan nauðsynlegan ferðakostnað þingmanna innan kjördæma þeirra en það er breyting frá því sem verið hefur. Margir þingmenn hafa nú verulegan kostnað af fundum og ferðum í kjördæmum sínum sem eru þó óumdeilanlega hluti af starfsskyldum þingmanna og er eðlilegt að þingið greiði slíkan kostnað frekar en einstakir þingmenn.
3. Annan starfskostnað en húsnæðis- og ferðakostnað má einnig endurgreiða samkvæmt sérstökum reglum sem forsætisnefnd setur. Forsætisnefnd getur ákveðið fasta upphæð sem greidd yrði öllum þingmönnum mánaðarlega samkvæmt þessu ákvæði þannig að greiðsla fari ekki fram úr fyrir fram ákveðnum mörkum. Gera verður ráð fyrir því að þessar reglur verði endurskoðaðar a.m.k. einu sinni á ári.

Þá er miðað við að Alþingi greiði skrifstofukostnað þingmanna, svo sem póstkostnað og kostnað af síma, tölvum og þess háttar, eins og verið hefur.

Miðað er við að skattaleg meðferð greiðslna þeirra sem um ræðir í kaflanum um þingfararkostnað verði sú sama og verið hefur en settar um það skýrari reglur.

Almennar athugasemdir.

Lög um þingfararkaup alþingismanna eru eins og áður segir að stofni til þrjátíu ára gömul, voru sett snemma árs 1964. Þau lög komu í kjölfar mikillar breytingar á kjördæmaskipuninni 1959. Með þeim lögum varð gerbreyting á launakjörum alþingismanna. Horfið var frá því aldargamla fyrirkomulagi að greiða alþingismönnum dagkaup meðan Alþingi var að störfum. Í stað þess var tekið upp árskaup og litið svo á að störf alþingismanna væru heilsársstörf. Þótt hér væri um mikla breytingu að ræða fyrir alþingismenn, einkum þá sem ekki höfðu önnur föst störf, voru laun þeirra lág. Voru þau í fyrstu miðuð við laun gagnfræðaskólakennara. Allmikil breyting varð svo um sjö árum síðar þegar ákveðið var að miða kaup alþingismanna við launaflokk æðri embættismanna í þjónustu ríkisins. Jafnframt voru þá sett ákvæði um að alþingismenn gætu aðeins fengið hluta launa fyrir önnur störf hjá hinu opinbera. Með því var staðfest að starf alþingismanna væri eigi aðeins heilsársstarf heldur líka aðalstarf.

Árið 1980 voru lög um þingfararkaup síðast endurskoðuð. Þá var sú breyting gerð að þingfararkaupsnefnd, sem ákveðið hafði þingfararkaup og annan starfskostnað, var lögð niður og ákvörðun um laun og starfskjör alþingismanna færð undir Kjaradóm. Jafnframt voru þá tekin inn í þingfararkaupslögin ákvæði sem sett höfðu verið á árinu 1978 um biðlaun alþingismanna. Hins vegar hafa ekki verið ákvæði í lögunum sem tryggja þingmönnum ýmis samningsbundin réttindi launþega, svo sem orlof, fæðingarorlof og ýmsar uppbætur, t.d. desemberuppbót.

Síðan gildandi lög um þingfararkaup voru sett hefur orðið mjög mikil breyting á störfum alþingismanna, eins og rakið er í inngangi greinargerðarinnar. Þau hafa aukist verulega, þingtíminn lengst og gerðar eru vaxandi kröfur til alþingismanna um önnur störf, t.d. þátttöku í fundum og ráðstefnum, auk ferðalaga bæði hér á landi og til útlanda. Þá gefur afnám deildaskiptingarinnar og sú breyting að Alþingi starfar nú allt árið, auk nefndarstarfa utan hefðbundins þingtíma, tilefni til að endurskoða þingfararkaupslögin. Mörg ákvæði laganna taka ekki mið af breyttum aðstæðum, svo sem því að langflestir þingmenn utan þéttbýlisins verða vegna aukinna umsvifa að hafa tvöfalt heimili, annaðhvort aðalheimili í kjördæmi og dvalarstað í Reykjavík eða aðalheimili í Reykjavík og dvalarheimili, eða starfsaðstöðu, í kjördæmi.

Vegna breytinga á starfsháttum Alþingis, svo og vegna almennra þjóðfélagsbreytinga, hefur skrifstofu þingsins reynst erfitt að setja skýrar reglur um starfskostnað alþingismanna á grundvelli núgildandi laga. Sem dæmi má nefna að æ fleiri þingmenn, sem búsettir eru í sveitarfélögum á suðvesturhorni landsins, aka milli heimilis og þingstaðar, æ færri þingmenn utan af landi búa einir í Reykjavík um þingtímann, fjarri fjölskyldum sínum, o.s.frv. Enn fremur verður að hafa í huga að eftir því sem á þingsetu utanbæjarmanna líður verður algengara að þeir komi sér upp aðstöðu í Reykjavík eða nágrenni sem verður í raun aðalheimili þeirra meginhluta ársins þótt þeir hafi líka aðstöðu í kjördæmi sínu. Gildandi ákvæði um lögheimili alþingismanna eru því ekki lengur eðlileg til viðmiðunar um húsnæðis- og dvalarkostnað þeirra um þingtímann.

Á árinu 1992 voru samþykkt ný lög um Kjaradóm og kjaranefnd. Samkvæmt þeim lögum ákveður Kjaradómur þingfararkaup alþingismanna og hefur í því efni hliðsjón af vinnutíma, starfsskyldum og ábyrgð. Ekki stendur til að gera breytingu að þessu leyti, en Kjaradómur hefur ekki enn kveðið upp úrskurð um þingfararkaup eftir að hin nýju lög tóku gildi. Hins vegar felst í þessu frumvarpi sú breyting að starfskostnaður alþingismanna, þingfararkostnaður, og önnur starfskjör verða í höndum forsætisnefndar Alþingis en samkvæmt lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, 10. gr., ber forsætisnefnd að gera fjárhagsáætlun fyrir Alþingi og setja almennar reglur um rekstur þingsins. Því er talið eðlilegt að forsætisnefndin geti sett reglur um endurgreiðslur á kostnaði sem þingmenn þurfa að inna af hendi við störf sín.

Frumvarp þetta er samið á vegum skrifstofu Alþingis á grundvelli hugmynda sem ræddar hafa verið í hópi formanna þingflokka undanfarin missiri. Hliðsjón hefur verið höfð af fyrirkomulagi á greiðslu starfskostnaðar hjá þingum í nágrannalöndum, svo og skýrslum og álitsgerðum sem unnar hafa verið að beiðni þingforseta á undanförnum árum.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru þessi:

1. Forseti Alþingis njóti sömu launakjara og ráðherrar.
2. Varaforsetar fái 15% álag á þingfararkaup.
3. Reglur um húsnæðiskostnað verði einfaldaðar þannig að allir þingmenn utan Reykjavíkur og Reykjaness fái greiddan húsnæðiskostnað, án tillits til lögheimilis, ýmist til þess að kosta dvalarheimili í Reykjavík eða til þess að hafa starfs- og dvalaraðstöðu í kjördæmi. Þeir alþingismenn, sem þurfa að halda tvö heimili, eiga jafnframt rétt á viðbótargreiðslu.
4. Dagpeningagreiðslur (svokallaðir fæðispeningar), sem þingmenn með lögheimili utan Reykjavíkur og Reykjaness fá um þingtímann, verði felldar niður.
5. Ferðakostnaðarreglur í kjördæmi verði rýmkaðar þannig að alþingismenn fái endurgreiddan kostnað við lengri ferðir til fundahalda innan kjördæmis.
6. Alþingismenn fái greiddan sérstakan starfskostnað til að mæta tilgreindum útgjöldum, svo sem til bóka-, blaða- og tímaritakaupa, námskeiðs- og ráðstefnugjalda og fleira þess háttar.
7. Settar verði skýrar reglur um leyfi alþingismanna frá opinberum störfum þegar þeir eru kosnir á Alþingi.
8. Alþingismenn fái að jafnaði því aðeins greitt þingfararkaup meðan þeir sinna opinberum erindum, einkum erlendis, og taka inn varamann að för þeirra standi í a.m.k. fimm daga. Er vonast til að þessi breyting dragi úr kostnaði við þingsetu varamanna.
9. Almennar reglur um fæðingarorlof og tryggingar gildi um alþingismenn.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá ákvæðum gildandi laga að öðru leyti en því að greiðsla þingfararkaups hefst daginn eftir kjördag. Þróunin hefur orðið sú á síðari árum að nýkjörnir þingmenn eru kallaðir til margvíslegra starfa þegar að loknum kosningum og því þykir eðlilegt að kaupgreiðslur hefjist strax en ekki frá og með næstu mánaðamótum eins og segir í gildandi lögum.

Um 2. gr.

Greinin er nýmæli. Eðlilegt er, með hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar voru á skipulagi Alþingis árið 1991 og til viðurkenningar á stöðu forseta Alþingis sem er einn af handhöfum forsetavalds í fjarveru forseta Íslands, að hann hafi sömu launakjör og oddvitar framkvæmdarvaldsins. Því er gert ráð fyrir að forsetinn njóti sömu launa- og starfskjara og ráðherrar.

Um 3. gr.

Greinin er nýmæli. Eins og kunnugt er hafa varaforsetar Alþingis enga sérstaka greiðslu fyrir störf sín við skipulagningu og stjórn þingsins. Víðast hvar í nágrannalöndunum fá varaforsetar aukagreiðslu fyrir þessi störf.

Um 4. gr.

Í fyrri málsgrein er sett nýtt ákvæði um rétt alþingismanna til leyfis frá störfum sem þeir gegna hjá hinu opinbera er þeir eru kjörnir til þings. Um þetta atriði er ekki ákvæði í lögum. Eðlilegt þykir að alþingismaður geti fengið leyfi frá störfum fram á annað kjörtímabil sitt, þ.e. að hann verði að sleppa starfinu ef hann er kosinn á Alþingi í annað sinn í röð. Sanngjarnt þykir líka að þingmaður, sem þannig verður að velja milli opinbers starfs og þingmennsku, hafi tryggingu fyrir hliðstæðu starfi hjá hinu opinbera í nokkurn tíma, fimm ár, ef hann afsalar sér því starfi sem hann er skipaður eða ráðinn í. Áherslu ber að leggja á í þessu sambandi að um lágmarksrétt alþingismanns er að ræða samkvæmt greininni og ekkert er því til fyrirstöðu að hann njóti rýmri réttar ef stofnun ákveður svo, en dæmi eru um að það, m.a. í Háskóla Íslands. Loks ber að nefna að í 48. gr. stjórnarskrárinnar voru ákvæði hliðstæð þessu, þ.e. að embættismenn, sem kosnir eru til Alþingis, þurfi ekki „leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna". Málsgreinin, 2. mgr. 48. gr., var hins vegar felld brott með stjórnarskipunarlögum 1991.

Síðari málsgrein greinarinnar er samhljóða gildandi ákvæðum um launagreiðslur til alþingismanna sem starfa hjá ríki eða ríkisstofnun samhliða þingmennsku. Til greina kom að fella niður ákvæði þessarar málsgreinar þar sem fátítt er nú orðið að þingmenn gegni öðrum launuðum störfum hjá hinu opinbera en frá því var horfið, m.a. vegna þess að ákvæðið getur tryggt rétt varamanna sem koma inn á Alþingi um stuttan tíma en gegna að einhverju leyti störfum sínum utan þings þann tíma.

Um 5. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá ákvæðum gildandi laga. Ráðherra, sem ekki er alþingismaður, á skv. 51. gr. stjórnarskrárinnar sæti á Alþingi.

Um 6. gr.

Greinin felur í sér talsverðar breytingar frá ákvæðum gildandi laga um húsnæðis- og dvalarkostnað alþingismanna. Greiðsla húsnæðis- og dvalarkostnaðar verður einfölduð frá því sem nú er og fæðiskostnaður meðan á þingtíma stendur felldur niður. Þykir sú greiðsla ekki lengur vera í takt við tímann. Samkvæmt greininni eiga allir þingmenn svokallaðra landsbyggðarkjördæma, kjördæma utan Reykjavíkur og Reykjaness, rétt til að fá greiddan mánaðarlega húsnæðis- og dvalarkostnað. Eðlilegt er að miða hann við leigu- og rekstrarkostnað meðalíbúðar í Reykjavík. Greiðsla þessi gengur líka til þeirra þingmanna landsbyggðarkjördæma sem eiga heimili í Reykjavík og kemur í stað greiðslu samkvæmt gildandi lögum fyrir dvalarkostnað í kjördæmi. Með þessu móti eiga alþingismenn utan Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis val um það hvort þeir fá greitt fyrir að koma sér upp dvalarstað í Reykjavík eða flytja þangað heimili sitt meðan á þingsetu stendur og koma sér í staðinn upp dvalarstað í kjördæmi sínu án þess að það hafi áhrif á greiðslur til þeirra. Það er ljóst að þeir þingmenn, sem eru búsettir í Reykjavík, eða eiga þar lögheimili, þurfa að hafa starfs- eða dvalarstöð a.m.k. á einum stað í því kjördæmi sem þeir eru fulltrúar fyrir. Fylgir ekki síður mikill kostnaður dvöl þingmanns í kjördæmi um lengri eða skemmri tíma en hann á ekki rétt á greiðslu dagpeninga þegar svo stendur á og er því hluta fjárhæðarinnar ætlað að standa undir þeim kostnaði.

Ekki verður lengur miðað við hvar þingmenn eiga lögheimili eins og nú er. Þótt þingmenn eigi lögheimili á þeim stað þar sem þeir bjuggu er þeir voru fyrst kjörnir til þingsetu hafa margir þeirra komið sér upp öðru heimili nálægt þingstaðnum, þ.e. í Reykjavík, svo sem eðlilegt er, en halda enn, að meira eða minna leyti, aðstöðu sinni þar sem þeir bjuggu áður sem starfs- eða dvalaraðstöðu. Er sanngjarnt að þeir fái kostnað sem af þessu leiðir endurgreiddan samkvæmt því sem áður segir.

Í 2. mgr. er nokkurt nýmæli. Færst hefur í vöxt á undanförnum árum, m.a. vegna bættra samgangna, að þingmenn, sem búsettir eru í Vesturlands-, Suðurlands- og Reykjaneskjördæmi, aki frá heimili sínu til Reykjavíkur um þingtímann. Um sérstöðu þessara þingmanna hafa ekki gilt neinar lagareglur fram að þessu. Margir þessara þingmanna hafa þó komið sér upp einhverri aðstöðu í Reykjavík til þess að eiga þar athvarf ef þingfundir standa fram á kvöld eða nótt, svo og í ófærð yfir vetrarmánuði; aðrir gista þá á hótelum. Samkvæmt frumvarpinu eiga þessir þingmenn kost á því að fá þriðjung húsnæðis- og dvalarkostnaðar eins og hann er ákvarðaður skv. 1. mgr., auk endurgreiðslu ferðakostnaðar frá heimili að þingstað.

Í 3. mgr. eru sérákvæði um þá alþingismenn sem halda tvö heimili, annað í kjördæmi sínu en hitt í Reykjavík. Kostnaður, sem þessir þingmenn þurfa að bera, er meiri en svo að greiðsla skv. 1. mgr. nægi. Tímabundinni dvöl utan aðalheimilis fylgir óhjákvæmilega allnokkur dvalarkostnaður auk rekstrarkostnaðar íbúðar sem greiðsla skv. 1. mgr. á að ganga upp í. Því er lagt til að þeir eigi rétt á viðbótargreiðslu, allt að 40%, til að mæta þessum kostnaði. Er gert ráð fyrir að forsætisnefnd setji skýrar reglur um þetta atriði.

Um 7. gr.

Fyrri málsliður fyrri málsgreinar er efnislega óbreyttur frá ákvæðum gildandi laga um ferðalög innan kjördæmis. Hér er hins vegar ekki gert ráð fyrir mismunandi hárri greiðslu milli kjördæma. Þar sem í síðari málsgrein er ákvæði um að heimilt verði að endurgreiða lengri ferðir innan kjördæma þykir eðlilegast að þessi fjárhæð verði sú sama fyrir alla alþingismenn. Síðari málsliður er samhljóða fyrri málsgrein 3. gr. gildandi laga.

Í síðari málsgrein eru nýmæli. Þingmenn hafa orðið fyrir talsverðum kostnaði, mismunandi eftir kjördæmum, þegar þeir ferðast frá heimili sínu eða dvalarstað til funda annars staðar í kjördæmi þeirra. Sú greiðsla, sem þeim er ætluð til að standa undir ferðum innan kjördæmis, hefur ekki verið nægilega rúm í öllum tilvikum. Kostnaður af þessu tagi er einnig mjög mismunandi eftir árstíma, eftir kjördæmum og þingmönnum. Frumvarpið gerir því ráð fyrir að þingmenn fái greidda fasta upphæð, eins og kveðið er á um í fyrri málsgrein, til styttri ferðalaga innan kjördæma en lengri ferðir verði greiddar eins og aðrar ferðir sem þingmenn þurfa að fara annars staðar á landinu til funda og annars sem af starfi þeirra leiðir. Með þessu móti ræðst það meira af þörf hvað hver þingmaður fær endurgreitt af slíkum ferðum. Forsætisnefnd hefur þó heimild til þess að setja nánari reglur um endurgreiðslur samkvæmt þessari grein, þar á meðal um hámark þeirra. Reiknað er með að forsætisnefnd setji reglur um hvað teljist lengri ferðir, en við undirbúning frumvarpsins hefur verið miðað við að það gætu verið ferðir umfram 20 km frá heimili eða starfsstöð og að með ferðakostnaði teldist einnig óhjákvæmilegur dvalarkostnaður sem þingmenn verða fyrir á slíkum ferðum.

Um 8. gr.

Greinin er nýmæli í lögunum en aðeins staðfesting á langri framkvæmdarvenju. Ákvæðið tekur til ferða á vegum alþjóðanefnda þingsins, ferða forseta og annarra ferða sem forsætisnefnd ákveður sérstaklega í hvert sinn.

Um 9. gr.

Fyrri málsgrein er efnislega samhljóða gildandi ákvæðum. Þó er bætt við greinina ákvæði um að alþingismenn fái vinnuaðstöðu og að Alþingi greiði kostnað af henni. Hér er verið að staðfesta það skipulag sem gilt hefur um starfsaðstöðu þingmanna. Miklar framfarir hafa orðið í alls kyns skrifstofubúnaði og er með orðalagi greinarinnar verið að veita forsætisnefnd heimild til þess að greiða kostnað af ýmsum tækjum sem nú þykja nauðsynlegur búnaður, eins og farsíma, faxtæki, tölvum o.fl., bæði á skrifstofum og utan. Til skrifstofukostnaðar telst einnig allur póstkostnaður sem leiðir af starfi þingmanna og þingflokka og því þykir ekki ástæða til að tiltaka hann sérstaklega. Alþingismenn fá enn fremur endurgreiddan kostnað af heimasíma samkvæmt nánari reglum sem forsætisnefnd setur.

Í síðari málsgrein er hins vegar um nýmæli að ræða. Ljóst er að alþingismenn hafa ýmsan kostnað, auk ferða- og dvalarkostnaðar, við störf sem af þeim er krafist. Nægir þar að nefna kostnað við kaup á tímaritum, bókum og blöðum, þátttöku í ráðstefnum og námskeiðum og ýmiss konar risnu, t.d. á fundum sem þeir þurfa að standa fyrir sem þingmenn, svo að eitthvað sé nefnt. Fram að þessu hafa þingmenn greitt kostnað af þessu tagi af launum sínum, að mestu leyti, en samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því að alþingismenn fái kostnað af þessu tagi endurgreiddan. Er forsætisnefnd veitt heimild til þess að greiða alþingismönnum mánaðarlega fasta fjárhæð til að standa straum af slíkum kostnaði. Fyrirkomulag líkt þessu er viðhaft í þingum nágrannalandanna enda þykir eðlilegt að þingmenn hafi sjálfdæmi innan ákveðins ramma um hvernig fé er ráðstafað í starfskostnað en eigi það ekki undir ákvörðunum embættismanna þingsins eða stjórnarráðsins.

Beiti forsætisnefnd heimild samkvæmt greininni til að greiða starfskostnað sem jafna mánaðarlega fjárhæð er gert er ráð fyrir að hún verði hin sama til allra alþingismanna, einnig til þeirra sem jafnframt gegna ráðherrastörfum.

Um 10. gr.

Greinin er að meginefni samhljóða ákvæðum gildandi laga. Þó eru í henni settar nokkrar skorður við því að þingmaður haldi kaupi sínu meðan hann er fjarverandi í opinberum erindum taki varamaður sæti hans á meðan. Nú eru ekki í lögum nein ákvæði um þetta, en samkvæmt greininni skal lágmarksfjarvera vera fimm dagar, eða í raun ein starfsvika þingsins. Varamenn sitja að jafnaði a.m.k. tvær vikur og er talið hæfilegt að aðalmaður haldi launum sínum þurfi hann að vera fjarverandi í a.m.k. helming þess tíma.

Nauðsynlegt þykir hins vegar að hafa ákvæði í lögunum um að víkja megi frá þessum reglum ef sérstaklega stendur á, t.d. ef stjórnarflokkar hafa mjög nauman meiri hluta og hætta er á að vægi fylkinga raskist nema inn komi varamaður.

Í 1. málsl. 1. mgr. greinarinnar er tilgreint hvaða ástæður þurfa að vera fyrir hendi til þess að alþingismaður geti kallað til varamann en þó haldið þingfararkaupi og öðrum greiðslum samkvæmt lögum þessum. Við ákvæði gildandi laga þar sem tilgreindar eru tvær ástæður, opinber erindi á vegum ríkisstjórnar eða sem fulltrúi Alþingis, hefur verið bætt orðunum „í öðrum opinberum erindum". Með því er verið að auka svigrúm forsætisnefndar til að heimila alþingismönnum, einkum forustumönnum flokka og þeim sem eru í trúnaðarstörfum á vegum alþjóðasamtaka sem alþingismenn, að kalla til varamenn þegar þeir þurfa að sinna slíkum starfsskyldum.

Um 11. gr.

Greinin er efnislega samhljóða gildandi ákvæðum, en forsætisnefnd hefur heimild samkvæmt frumvarpinu til að setja nánari reglur um greiðslur til varamanna meðan þeir sitja á þingi, einkum um greiðslur þingfararkostnaðar þann tíma.

Um 12. gr.

Greinin er nýmæli. Sjálfsagt og eðlilegt þykir að taka í lög um þingfararkaup hliðstæð ákvæði og gilda um rétt starfsmanna ríkisins til fæðingarorlofs. Konum, sem sæti hafa átt á Alþingi, hefur fram að þessu verið veittur þessi réttur án beinnar lagastoðar en með ákvæðum greinarinnar eru tekin af tvímæli um þetta efni, svo og rétt feðra, rétt vegna ættleiðingar o.s.frv.

Í síðari málsgrein eru ákvæði um tryggingar alþingismanna en slík ákvæði hafa ekki verið fyrir hendi.

Um 13. gr.

Greinin svarar til 8. gr. gildandi laga. Á henni hafa verið gerðar tvær efnisbreytingar. Hin fyrri er sú að hver sem tekið hefur fast sæti á Alþingi, þ.e. hefur orðið alþingismaður, á rétt á biðlaunum, en í gildandi lögum segir að þeir þingmenn, sem setið hafa eitt kjörtímabil, eigi þennan rétt. Greinin hefur reyndar verið túlkuð svo að allir alþingismenn eigi þennan lágmarksrétt enda hefði önnur túlkun leitt til ósanngjarnrar niðurstöðu. Síðari breytingin felst í því að þingmenn fá rýmri rétt, sex mánaða biðlaun, hafi þeir setið á Alþingi tvö kjörtímabil. Samkvæmt gildandi ákvæðum er markið nú 10 ár.

Á undanförnum árum hafa komið fram tillögur um að skerða biðlaunarétt þeirra sem hverfa til annarra starfa þegar að lokinni þingmennsku. Var allmikið um það rætt við undirbúning málsins hvort breyta ætti ákvæðum greinarinnar þannig að biðlaun yrðu ekki greidd, eða aðeins hluti þeirra ef fyrrverandi þingmaður tekur við öðru starfi, annaðhvort í þjónustu ríkis, sveitarfélaga, hjá opinberri stofnun eða fyrirtæki eða hjá einka-

fyrirtækjum. Þá var einnig rætt í þessu sambandi hvort jafnframt skyldi lengja biðlaunatímann. Að vandlega athuguðu máli var horfið frá því. Hafa ber í huga í þessu sambandi að samkvæmt lögunum eiga þingmenn rétt til biðlauna en þau eru ekki sjálfkrafa launagreiðsla. Það er því komið undir hverjum og einum sem á þennan rétt hvort til biðlaunagreiðslu kemur.

Um 14. gr.

Haldið er þeirri reglu að Kjaradómur ákveði þingfararkaup samkvæmt þeim lögum sem um dóminn gilda, en þau eru frá árinu 1992. Eins og áður er rakið verður gerð sú breyting að forsætisnefnd ákveður aðrar greiðslur til þingmanna fyrir þingfararkostnað. Stór hluti þessa kostnaðar, svo sem ferðakostnaður, símakostnaður o.fl., hefur verið úrskurðaður og endurgreiddur af skrifstofu Alþingis en Kjaradómur hefur ákveðið húsnæðiskostnað, dvalarkostnað um þingtímann og fastan ferðakostnað í kjördæmi. Þessar greiðslur verða nú ákvarðaðar af forsætisnefnd þingsins sem hefur umsjón með fjárreiðum þess og ber að setja almennar reglur um rekstur Alþingis samkvæmt þingsköpum. Byggir hún þá á upplýsingum frá skrifstofu þingsins eða á öðrum almennum viðmiðunum.

Í síðari málsgreininni er ákvæði um að forsætisnefnd setji nánari reglur um greiðslur samkvæmt lögunum. Er þá átt við allar kostnaðargreiðslur. Lögð er áhersla á að þær reglur verði skýrar og öllum aðgengilegar.

Um 15. gr.

Skrifstofa Alþingis skal samkvæmt greininni úrskurða um reikninga frá alþingismönnum en þeim úrskurði má vísa til forsætisnefndar ef þingmaður unir honum ekki og fellir nefndin þá endanlegan úrskurð um ágreiningsefnið. Ákvæði þetta er hliðstætt 13. gr. gildandi laga.

Þá þykir eðlilegt að í greininni séu ákvæði sem heimili forsætisnefnd að skera úr um vafatilvik og setja reglur um aðstæður sem ekki verða séðar fyrir að öllu leyti við setningu nýrra ákvæða um þingfararkostnað.

Um 16. gr.

Nauðsynlegt er að skýrar reglur gildi um skattalega meðferð á þingfararkostnaði. Margir alþingismenn þurfa að halda tvö heimili eða hafa starfsaðstöðu í kjördæmi séu þeir ekki búsettir þar. Sömuleiðis þurfa þeir að ferðast mikið á eigin bifreiðum. Eiga þeir þá að jafnaði ekki val um hvort þeir nota eigin bifreið, bifreið stofnunar eða t.d. bílaleigubíl. Fastar greiðslur húsnæðis- og dvalarkostnaðar og ferðakostnaðar í kjördæmi eru ákvarðaðar samkvæmt mati á hvað megi teljast hóflegt eða meðaltal kostnaðar. Með hliðsjón af því þykir eðlilegast að kostnaður sem af þessu leiðir, þ.e. húsnæðis- og dvalarkostnaður, ferðakostnaður innan lands og annar starfskostnaður, sé ekki skattskyldur. Greiðslur þessar verða þó framtalsskyldar samkvæmt almennum reglum. Húsnæðis-, dvalar- og fastur ferðakostnaður hefur fram að þessu verið skattfrjáls samkvæmt úrskurði ríkisskattstjóra. Hér er því ekki um efnislega breytingu að ræða frá því fyrirkomulagi sem nú er. Hér liggur enn fremur það almenna sjónarmið til grundvallar að þær greiðslur, sem löggjafarvaldið telur hæfilegan starfskostnað þingmanna, séu ekki háðar skattalegu mati embættismanna framkvæmdarvaldsins frekar en almennur rekstrarkostnaður Alþingis. Á þessu sjónarmiði er líka byggt í mörgum nágrannaríkjum okkar að því er varðar starfskostnað þingmanna.

Um 17. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. júlí nk. Ekki liggur fyrir að forsætisnefnd muni fyrir þann tíma setja nýjar reglur um þingfararkostnað skv. II. kafla og því er nauðsynlegt að eldri úrskurðir Kjaradóms gildi þangað til, þ.e. um húsnæðis- og dvalarkostnað og um fastan ferðakostnað í kjördæmi.

Loks er nauðsynlegt að fella brott úr lögunum um Kjaradóm þau ákvæði að Kjaradómur ákveði „önnur starfskjör alþingismanna" til samræmis við ákvæði þessa frumvarps um að slíkar ákvarðanir verði framvegis í höndum forsætisnefndar Alþingis.

116. Frumvarp til laga [15. mál]

um matvæli.

(Eftir 2. umr., 15. júní.)

I. KAFLI

Tilgangur og gildissvið.

1. gr.

Tilgangur laganna er að tryggja, svo sem kostur er, gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi. Þessu skal ná með fræðslu og upplýsingamiðlun, rannsóknum og eftirliti.

2. gr.

Lög þessi taka til framleiðslu og dreifingar matvæla. Lögin taka ekki til meðferðar matvæla á einkaheimilum nema þar fari fram framleiðsla matvæla til dreifingar utan heimilisins. Lögin ná þó til allra efna og hluta sem ætlað er að koma í snertingu við matvæli á einkaheimilum.

Lyf, sbr. lyfjalög, tóbak, sbr. lög um tóbaksvarnir, og vímuefni, önnur en áfengi, sbr. lög um ávana- og fíkniefni, eru undanþegin ákvæðum þessara laga. Það sama gildir um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum samkvæmt lögum þar um.

3. gr.

Þannig skal staðið að framleiðslu og dreifingu matvæla að þau valdi ekki heilsutjóni og að ekki sé beitt blekkingum í viðskiptum með þau.

II. KAFLI

Skilgreiningar.

4. gr.

Í lögum þessum hafa eftirtalin hugtök svofellda merkingu:

Matvæli eru hvers konar vörur sem ætlaðar eru mönnum til neyslu, þar með talið neysluvatn, sbr. þó einnig 2. mgr. 2. gr.

Framleiðsla er meðferð hráefnis, vinnsla, pökkun og matreiðsla. Hér er einnig átt við húsnæði, störf, hreinlæti og heilbrigði starfsfólks og annað sem tengist framleiðslu, svo og efni og hluti sem geta komist í snertingu við matvæli, sbr. ákvæði IV. kafla þessara laga.

Dreifing er hvers konar flutningur, framboð og afhending, þar með talið innflutningur, útflutningur og sala. Hér er einnig átt við geymslu og annað sem tengist dreifingu, sbr. ákvæði IV. kafla þessara laga.

Efni og hlutir eru allar umbúðir, ílát, áhöld, tækjabúnaður, borðbúnaður og öll efni sem slíkir hlutir eru samsettir úr og geta komist í snertingu við matvæli.

Umbúðir eru allar umbúðir sem umlykja eða hafa að geyma matvæli eða efni sem notuð eru við framleiðslu matvæla.

Örverur eru lífverur sem geta valdið skemmdum í matvælum eða verið heilsuspillandi vegna neyslu þeirra, en einnig eru tilteknar örverur notaðar við framleiðslu matvæla.

Hráefni eru öll efni, önnur en bætiefni, aukefni, bragðefni og varnarefni, sem notuð eru við framleiðslu matvæla.

Aukefni eru efni sem notuð eru við tilbúning matvæla til að hafa áhrif á geymsluþol, lit, lykt, bragð eða aðra eiginleika þeirra.

Bragðefni eru efni sem notuð eru til að hafa áhrif á bragðeiginleika matvæla og teljast ekki til aukefna.

Bætiefni eru vítamín, steinefni, þar með talin snefilefni, og lífsnauðsynlegar fitu- og amínósýrur.

Aðskotaefni eru efni sem sett eru í matvæli, berast í þau eða myndast í þeim og breyta eiginleikum, samsetningu, gæðum eða hollustu þeirra. Hér er m.a. átt við vaxtaraukandi efni og lyfjaleifar.

Varnarefni eru efni sem notuð eru m.a. gegn illgresi, sveppum og meindýrum við framleiðslu og við geymslu matvæla.

Opinbert eftirlit er eftirlit á vegum stjórnvalda í þeim tilgangi að tryggja að framfylgt sé ákvæðum laga og reglna um matvæli og stuðla að fræðslu og upplýsingamiðlun.

Innra eftirlit er eftirlit á vegum framleiðanda eða dreifanda í þeim tilgangi að tryggja gæði, öryggi og hollustu vörunnar.

Faggilding er formleg staðfesting á því að starfsemi rannsóknastofa (prófunarstofa), vottunarstofa og eftirlitsaðila fari fram samkvæmt settum reglum. Markmiðið er að sannreyna hæfni, kunnáttu og áreiðanleika viðkomandi.

III. KAFLI
Stjórn og skipan.

5. gr.

Umhverfisráðherra, í lögum þessum nefndur ráðherra, fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum, að svo miklu leyti sem hún er ekki falin öðrum ráðherrum. Hollustuvernd ríkisins er ráðherra til ráðgjafar.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála er varða eftirlitsstörf dýralækna. Eftirfarandi svið falla undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra:

a. innflutningur og útflutningur búfjárafurða,
b. smitsjúkdómar búfjár,
c. meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum,
d. heilbrigðisskoðun eldisfisks.

Yfirdýralæknir er ráðgjafi landbúnaðarráðherra um þessi mál.

7. gr.

Sjávarútvegsráðherra fer með yfirstjórn mála er varða meðferð, flutning, geymslu og vinnslu sjávarafurða vegna útflutnings. Fiskistofa er sjávarútvegsráðherra til ráðgjafar um þessi mál.

8. gr.

Samstarfsráð skal vinna að samræmingu reglna og fyrirmæla um matvæli og matvælaeftirlit og fjalla um framkvæmd matvælaeftirlits, sbr. IX. kafla laganna. Ráðið skipa einn fulltrúi tilnefndur af Hollustuvernd ríkisins, annar af Fiskistofu og sá þriðji tilnefndur af yfirdýralækni og skulu varamenn tilnefndir af sömu aðilum. Ráðið skiptir með sér verkum og setur sér starfsreglur sem skulu staðfestar af ráðherra sem fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Ráðið gerir tillögu um úrlausn ágreiningsmála sem varða framkvæmd laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Jafnframt skal ráðið fá til umsagnar tillögur að lögum og reglugerðum um matvæli og matvælaeftirlit.

Samstarfsráð gerir árlega skýrslu um störf sín á liðnu starfsári og skal hún kynnt ráðherrum, opinberum eftirlitsaðilum og samtökum hagsmunaaðila sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla.

IV. KAFLI
Framleiðsla og dreifing.

9. gr.

Þeir sem framleiða matvæli eða dreifa þeim skulu tilkynna um starfsemi sína til fyrirtækjaskrár Hagstofu Íslands og hafa starfsleyfi frá viðkomandi eftirlitsaðila, sbr. 20. gr.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja ákvæði um tilkynningarskyldu þeirra sem framleiða eða flytja inn umbúðir fyrir matvæli og efni eða efnablöndur sem nota á við framleiðslu og dreifingu matvæla.

10. gr.

Þeir sem framleiða matvæli eða dreifa þeim skulu haga starfsemi sinni í samræmi við almenna hollustuhætti og tryggja að matvæli valdi ekki heilsutjóni. Jafnframt skal þess gætt að matvælin óhreinkist ekki eða spillist á annan hátt.

Starfsfólk, sem starfar við framleiðslu matvæla eða dreifir þeim, skal gæta ýtrasta hreinlætis og þrifnaðar við störf sín. Það skal hafa þekkingu á meðferð matvæla. Matvælaframleiðendur og dreifendur bera ábyrgð á að fræðsla fari fram.

